Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2005.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	9
3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum 2005-2008	14
4. Yfirlit þjóðhagsspár	20
Fylgiskjal: Töfluviðauki	23

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og kynntar helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins – síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Kröftug uppsveifla í þjóðarbúskapnum

Mikill uppgangur er nú á flestum sviðum þjóðarbúskaparins og fátt sem bendir til annars en að framhald verði á þessari þróun næstu árin. Þannig eru horfur á að hagvöxtur aukist um nær fjórðung á árunum 2003–2007 og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist um 15%. Verðbólga mun verða vel innan marka verðbólgumarkmiðs Seðlabankans og störfum fjölga umtalsvert. Framkvæmdir við uppbyggingu stóriðju ráða miklu um hagvöxtinn en einnig aukin einkaneysla og íbúðafjárfesting. Við þessar aðstæður er mikilvægt að beita ríkisfjármálunum til að hamla gegn innlendri eftirspurn á næstu árum þegar framkvæmdirnar eru sem mestar.

Hagvöxtur



Verulega aukið aðhald í ríkisfjármálum næstu árin

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 endurspeglar þessar áherslur. Þar er gert ráð fyrir rúmlega 11 milljarða króna tekjuafgangi eða sem nemur 1¼% af landsframleiðslu. Þetta er 3,4 milljörðum króna meira en síðustu áætlanir fyrir árið 2004 benda til og 17,4 milljörðum meira en árið 2003 en það endurspeglar verulega aukið aðhald í ríkisfjármálum á árunum 2004 og 2005.

Stefnumörkun til næstu fjögurra ára

Í fjárlagafrumvarpinu er jafnframt, annað árið í röð, lögð fram stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Slík stefnumörkun styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Rauði þráðurinn í þessari stefnumörkun er líkt og

í fyrri langtímaáætlun að ríkisfjármálunum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst og að sama skapi til að örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum 2005–2008 eru eftirfarandi:

- Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2½% að raungildi.
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða króna árið 2005 og 2 milljarða árið 2006. Framkvæmdir verði aftur auknar um 2 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008.
- Á árunum 2005–2007 verði verulegum fjármunum varið til skattalækkana í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og til forgangsverkefna.

Ýtrasta aðhald í ríkisútgjöldum ...

Þessi stefnumörkun kallar á ýtrasta aðhald í almennum rekstri, bæði í launamálum og öðrum rekstrarútgjöldum. Svipaða sögu er að segja af ýmsum tilfærsluútgjöldum sem hafa aukist mjög mikið á undanförnum árum. Jafnframt er nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum á vegum ríkisins á næstu tveimur árum þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst. Framkvæmdir verða síðan auknar á árunum 2007 og 2008 þegar hægir á hagvexti.

... er ein af forsendum skattalækkunar

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum næstu árin heldur einnig fyrir framgang skattalækkunaráforma í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að meginþungi skattalækkananna komi til framkvæmda á árinu 2007. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi lækkunar tekjuskatts einstaklinga komi til framkvæmda. Annar áfanginn tekur gildi árið 2006 auk þess sem eignarskattar einstaklinga og lögaðila verða þá felldir niður. Lokaáfangi tekjuskattslækkunar verður svo árið 2007 auk endurskoðunar virðisaukaskatts.

Gjörbreytt skipulag efnahags-lífsins styrkir stöðu heimila og atvinnulífs ...

Skattalækkanirnar eru liður í þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að gera efnahagsumhverfi heimila og fyrirtækja hér á landi eins gott og helst betra en þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum þannig að menn þurfi ekki að leita til annarra landa til að bæta lífskjörin. Árangur þessarar stefnu sést glöggt í þeirri miklu grósku sem er í atvinnulífinu, meðal annars vegna þeirra skipulagsbreytinga sem orðið hafa á umgjörð efnahagslífsins á undanförnum árum, í skatta- og ríkisfjármálum, á fjármála- og peningamarkaði, með einkavæðingu ríkisfyrirtækja sem og á öðrum sviðum. Jafnframt hefur kaupmáttur heimilanna stóraukist. Nýlegar breytingar á íbúðalánamarkaði, þar sem almenningi gefst nú kostur á hagstæðum íbúðalánum hjá bönkunum, eru mikilvæg viðbót á þessum markaði og er bein afleiðing þessarar stefnu, ekki síst einkavæðingar bankanna.

... og skapar grundvöll fyrir breyttar áherslur í hagstjórn

Breytt skipulag efnahagslífsins hefur ekki einungis bætt stöðu heimila og fyrirtækja heldur einnig skapað grundvöll fyrir breyttar áherslur í hagstjórn. Þannig hefur skapast almennur skilningur á því að ábyrg stefna í ríkisfjármálum og traust staða þeirra er mikilvæg forsenda stöðugleika í efnahagsmálum. Sama gildir um mikilvægi sjálfstæðrar peningamálastjórnar Seðlabankans. Þessar áherslubreytingar í hagstjórn hafa stuðlað að stöðugra efnahagsumhverfi hér á landi en áður hefur þekkst og munu án efa auðvelda hagstjórnarhlutverk stjórnvalda á næstu árum.

Aukin útgjöld til mikil-vægra mála-flokka

Enn fremur hefur bætt staða ríkisfjármála skapað skilyrði til þess að stórauka greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega, mennta-, menningar-, samgöngu- og félagsmála, hækka atvinnuleysisbætur og auka framlög til þróunaraðstoðar.

Sterk staða Íslands í alþjóðlegum samanburði

Flestir efnahagslegir mælikvarðar sýna sterka stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Hagvöxtur er meiri hér en annars staðar. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Staða ríkisfjármála er einnig mun betri og sama gildir um skuldastöðuna. Verðbólga er einnig svipuð þótt hún sé nær efri mörkum en það stafar alfarið af því að hagvöxtur er hér mun meiri en annars staðar. Þegar horft er lengra fram í tímann kemur í ljós að staða okkar er einnig betri en víðast hvar annars staðar. Þannig er lífeyrissjóðakerfið mun öflugra hér á landi þar sem það er að verulegu leyti byggt á sjóðssöfnun en ekki gegnumstreymi. Þetta þýðir að ekki

þarf að grípa til sérstakra ráðstafana hér á landi til þess að mæta hlutfallslegri fjölgun ellilífeyrisþega, hvorki með hækkun skatta eða skerðingu lífeyrisréttinda.

Áframhaldandi stöðugleiki í efnahagsmálum

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarps og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna innlenda eftirspurn meðal annars vegna breyttra aðstæðna á íbúðalánamarkaði. Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum, sem hér er gengið út frá, skapar enn fremur svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Mikilvæg forsenda þessa er að fylgt verði aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu eins og lýst er hér að framan.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2004

Afkoma ríkissjóðs batnar

Tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa verið endurmetin í ljósi þróunarinnar það sem af er ári. Er áætlað að tekjur verði 8,2 milljörðum hærri en áætlað var í fjárlögum og að útgjöldin verði 7,1 m.kr. hærri. Tekjuafgangur var áætlaður 6,7 milljarðar í fjárlögum 2004 en er nú áætlaður 7,8 milljarðar kr. Lánsfjárafgangur er áætlaður 16,9 milljarðar í stað 14 milljarða í fjárlögum og verður honum ráðstafað til að lækka skuldir ríkissjóðs og til greiðslu viðbótarframlaga til LSR.

Tekjur ríkissjóðs aukast

Samkvæmt fjárlögum ársins 2004, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 282 milljarðar króna. Þessi áætlun byggðist að meginhluta á niðurstöðu ríkisreiknings 2002, innheimtuþróun á árinu 2003 og spá um þróun helstu hagstærða á árinu 2004. Við endurskoðun á tekjuáætlun 2004 hefur verið tekið tillit til innheimtuþróunar á yfirstandandi ári og breytinga á almennum efnahagsforsendum. Endurskoðuð áætlun gerir nú ráð fyrir að heildartekjur ársins verði rúmlega 290 milljarðar króna eða 8 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má einkum rekja til meiri umsvifa í efnahagslífinu en áður var gengið út frá.

Útgjöld til velferðarmála vaxa

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð 275,3 milljarðar í fjárlögum fyrir árið 2004. Er nú áætlað að útgjöldin verði rúmlega 7 milljörðum hærri, þar af er áætlað að rekstrargjöld verði 3,3 milljarða kr. umfram heimildir og neyslu- og rekstrartilfærslur 3,8 milljarða umfram fjárlög. Frávik rekstrargjalda skýrist einkum af útgjöldum sjúkrahúsa og af fjölgun nemenda í framhaldsskólum. Þá verður löggæsla efld í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu og loks eru aukin útgjöld vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Helstu skýringar á hækkun neyslu- og rekstrartilfærslna umfram fjárlög eru aukin útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna hækkunar bóta umfram áætlun fjárlaga og meira atvinnuleysis en spáð var. Þá verða vaxtabætur 600 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og sjúkratryggingar 555 m.kr. hærri en heimildir fjárlaga, einkum vegna aukins lyfjakostnaðar. Loks verða útgjöld Ábyrgðasjóðs launa 300 m.kr. umfram áætlanir og útgjöld almannatrygginga eru umfram fjárlög vegna meiri fjölgunar örorkulífeyrisþega en forsendur fjárlaga byggðust á. Stofnkostnaður vegagerðarinnar hækkar um 375 m.kr. vegna jarðganga undir

Almannaskarð en á móti lækka stofnkostnaðartilfærslur um 460 m.kr. vegna þess að hætt verður að greiða gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Aukin lækkun skulda

Tekjuafgangur verður 7,8 milljarðar samkvæmt áætluninni og lánsfjárafgangur er áætlaður 16,9 m.kr. Er það nokkru betri staða en reiknað var með í fjárlögum og skýrist af hækkun tekna og betri innheimtu vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu en spáð var. Auknum lánsfjárafgangi verður varið til að greiða niður lán um 7 milljarða króna sem er 3 milljörðum meira en ráð var fyrir gert í fjárlögum auk þess sem staðan við Seðlabanka verður rúmlega 700 m.kr. betri í árslok en gert var ráð fyrir. Áform um að greiða 7 milljarða viðbótarframlög til LSR eru óbreytt frá fjárlögum.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005

Tekjuafkoma styrkist enn 2005

Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2005 er áætlaður 11,2 milljarðar kr. í frumvarpinu og styrkist staðan nokkuð frá áætlaðri útkomu þessa árs og verulega miðað við ríkisreikning 2003. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir tekjum af söluhagnaði eignarhluta í fyrirtækjum og í tekjuáætlun er reiknað með minni tekjum af tekjuskatti einstaklinga þar sem fyrstu skrefin í lækkun skatta eru tekin í frumvarpinu. Bætta stöðu ríkissjóðs má því rekja til aukinna tekna vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu og aðhaldi að gjaldahlið frumvarpsins. Gert er ráð fyrir 3 milljarða lækkun útgjalda frá því sem annars hefði orðið í samræmi við langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Lánsfjárafgangur styrkist þó ekki eins mikið og tekjuafkoman og skýrist það að mestu af því að handbært fé frá rekstri er minna árið 2005 vegna þess að stórir flokkar spariskírteina verða á gjalddaga það ár. Það veldur auknum vaxtagreiðslum umfram gjaldfærða vexti. Er því reiknað með 4 milljarða króna lánsfjárafgangi á næsta ári.

Afkoma ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Tekjur	273,9	282,0	290,2	305,8
Gjöld	280,0	275,3	282,4	294,6
Tekjujöfnuður	**-6,1**	**6,7**	**7,8**	**11,2**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-10,8	-8,5	-5,5	-10,9
Handbært fé frá rekstri	**-16,9**	**-1,8**	**2,3**	**0,3**
Fjármunahreyfingar [2]	32,2	15,8	14,6	3,7
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**15,3**	**14,0**	**16,9**	**4,0**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Tekjur vaxa

Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir áframhaldandi auknum umsvifum í efnahagslífinu og að hagvöxtur haldist áfram stöðugur. Spáð er að hagvöxtur verði um 5% á árinu 2005 og verðbólgan um 3½%. Einkaneyslan er talin munu aukast um 5% og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 3¼%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs muni hækka um rúmlega 6% frá fyrra ári og fara í rúmlega 280 milljarða króna. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar verða tæplega 306 milljarðar króna.

Útgjöld nær óbreytt

Áætlað er að heildargjöld verði 294,6 milljarðar kr. á næsta ári og standi í stað að raungildi miðað við áætluð útgjöld á þessu ári. Rekstrargjöld hækka lítils háttar að raungildi, eða um 0,5%, og stafar það einkum af auknum framlögum til menntamála, styttingu biðlista eftir sambýlum fyrir fatlaða og auknu framboði hjúkrunarrýma. Þá eru framlög til þróunarmála aukin um 500 m.kr. Á móti kemur að gerð er 1% hagræðingarkrafa til flestra stofnana ríkisins. Tekjutilfærslur hækka nokkuð að raungildi, einkum vegna fjölgunar öryrkja og aukinna framlaga til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna fjölgunar nemenda. Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 9% að raungildi vegna áforma um 2 milljarða kr. frestun framkvæmda.

Endurskoðun langtíma-áætlunar

Í langtímaáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir 3 milljarða kr. frestun framkvæmda árið 2005. Þessi áform hafa nú verið endurskoðuð í ljósi stöðunnar á vinnumarkaði og er nú gert ráð fyrir 2 milljarða króna frestun framkvæmda og 1 milljarðs króna lækkun annarra útgjalda ríkissjóðs. Frestun framkvæmda er annars vegar 1.900 m.kr. frá vegáætlun og hins vegar 100 m.kr. í endurbótum menningarbygginga. Lækkun annarra útgjalda felst í að gerð er 1% hagræðingarkrafa á rekstur stofnana að frátöldum stóru sjúkrahúsunum tveimur í Reykjavík og á Akureyri og að frátöldum rekstri hjúkrunarheimila. Áætlað er að sú aðgerð skili 800 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda. Loks er gert ráð fyrir að vaxtabætur verði 200 m.kr. lægri en annars hefði orðið vegna áforma um að greiddar bætur verði 95% af reiknuðum bótum samkvæmt gildandi lögum.

Tekjuafgangur án óreglulegra gjalda og tekna

	Reikn. 2001	Reikn. 2002	Reikn. 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frv. 2005
Tekjur umfram gjöld	**8,6**	**-8,1**	**-6,1**	**6,7**	**7,8**	**11,2**
Óregluleg gjöld	9,0	26,3	14,4	8,7	8,7	8,8
Óreglulegar tekjur	1,1	11,7	9,9	0,1	0,1	0,1
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**16,5**	**6,5**	**-1,6**	**15,3**	**16,4**	**19,9**

Hert aðhald í ríkis-fjármálum

Í töflunni að ofan er sýnd afkoma ríkissjóðs þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum. Með óreglulegum tekjum er talinn hagnaður af sölu eignarhluta í fyrirtækjum og endurmat sem færist um tekjuhlið. Með óreglulegum gjöldum er meðal annars átt við gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Á þennan mælikvarða koma áhrif reglulegrar starfsemi skýrar fram og áhrif hagsveiflunnar á ríkisfjármálin sjást betur. Árið 2003 var tímabundinn tekjuhalli og stafar hann að mestu af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í atvinnu- og byggðamálum á því ári. Árið 2004 er síðan gripið til aðhaldsaðgerða á sama tíma og hagvöxtur er mikill og heldur sú þróun áfram á næsta ári. Á þennan mælikvarða styrkist tekjuafkoman um rúma 20 milljarða frá árinu 2003 til ársins 2005 og er það til marks um að ríkisfjármálunum verði beitt til aðhalds á meðan stóriðjuframkvæmdir standa yfir.

Sterkari skuldastaða ríkissjóðs

Gangi þessi áform eftir verður samanlagður lánsfjárafgangur frá 1998 til ársins 2005 rúmlega 68 milljarðar króna og er honum ráðstafað til að bæta stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, bæta stöðuna við Seðlabanka Íslands og til að halda aftur af skuldum ríkissjóðs. Þannig lækka skuldir ríkissjóðs úr 41,5% af landsframleiðslu árið 1998 í 27,6% árið 2005. Á sama tíma lækka hreinar skuldir ríkissjóðs, það er heildarskuldir að frádregnum endurlánum og kröfum á aðra, úr 26,5% í 17,2%. Verði af sölu á Landssíma Íslands er möguleiki á að lækka skuldirnar enn frekar. Á meðfylgjandi mynd eru vaxtagjöld ríkissjóðs sýnd sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Vaxtagjöld ríkissjóðs, hlutfall af VLF



Hefur hlutfallið lækkað úr 2,8% af VLF árið 1998 í 1,9% samkvæmt ríkisreikningi 2003 og verður að óbreyttu 1,6% á næsta ári. Ef hlutfallið héldist óbreytt frá 1998 yrðu vaxtagjöld á næsta ári rúmum 11 milljörðum króna hærri en áætlað er í frumvarpinu.

3 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum 2005-2008

3.1 Inngangur

Stefnumarkandi áætlun

Við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum hefur í vaxandi mæli verið horft til lengri tíma en eins árs í senn. Hún styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Sérstaklega er kveðið á um stefnumörkun af þessu tagi í lögum um fjárreiður ríkisins sem tóku gildi 1997 en þar segir í 28. grein:

> „Langtímaáætlun. Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlun endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar."

Þessu ákvæði var fylgt eftir með sérstakri umfjöllun í fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1998–2003. Sú umfjöllun var þó almenns eðlis fremur en að þar hafi verið gerð ítarleg grein fyrir þróun einstakra þátta á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar. Síðastliðið haust var hins vegar stigið mikilvægt skref fram á við í þessum efnum þegar ríkisstjórnin samþykkti með formlegum hætti stefnumörkun í ríkisfjármálum fyrir tímabilið 2004–2007, þ.e. fjárlagaárið 2004 og næstu þrjú ár þar á eftir. Þessi stefnumörkun byggðist á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar eru helstu markmið efnahagsstefnunnar skilgreind svo:

> „Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
>
> Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins. Ríkisfjármál munu gegna lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum og nauðsynlegt er að stefnumótun verði sveigjanleg með tilliti til þróunar efnahagsmála. Umbótum í ríkisrekstri verði haldið áfram til þess að draga úr kostnaði og verklag við fjárlagagerð þróað áfram til þess að styrkja afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga. Mikilvægt er í þessu samhengi að horft verði til lengri tíma en eins árs í senn.
>
> Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum."

3.2 Markmið stefnunnar í ríkisfjármálum

Skýr markmið í ríkisfjármálum

Til að tryggja framgang þeirrar stefnu sem mörkuð er í stefnuyfirlýsingunni hefur ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum fyrir árin 2005–2008:

- Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2½% að raungildi.
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða króna árið 2005 og 2 milljarða árið 2006. Framkvæmdir verði aftur auknar um 2 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008.
- Á árunum 2005–2007 verði verulegum fjármunum varið til skattalækkana í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og til forgangsverkefna.

3.3 Helstu forsendur langtímaáætlunar

Á grundvelli þessarar stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar hefur fjármálaráðuneytið lagt mat á horfur í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2005–2008.

Umfangsmiklar skattalækkanir

Í samræmi við fyrri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er í forsendum langtímaáætlunar á tekjuhlið gert ráð fyrir að verulegar skattalækkanir komi til framkvæmda á árunum 2005–2007. Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga, afnámi eignarskatts og endurskoðun virðisaukaskattskerfisins. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að meginþungi skattalækkananna komi til framkvæmda á árinu 2007. Árið 2005 er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi lækkunar tekjuskatts einstaklinga komi til framkvæmda. Annar áfangi komi til framkvæmda árið 2006 auk þess sem eignarskattar á einstaklinga og lögaðila verði þá afnumdir. Árið 2007 komi lokaáfangi lækkunar tekjuskatts til framkvæmda ásamt endurskoðun virðisaukaskatts. Til viðbótar má nefna að nú þegar hefur verið lögfest helmings lækkun á erfðafjárskatti.

Aukið aðhald í ríkisútgjöldum

Á útgjaldahlið er gengið út frá þeim meginforsendum að gætt verði aðhalds í almennum rekstri ríkissjóðs og að gripið verði til aðgerða til að mæta frávikum frá markaðri stefnu. Þá er mikilvæg forsenda að launabreytingar opinberra starfsmanna verði ekki hærri en gerist í sam-

Dregur úr vexti samneyslu

keppnisgreinunum en kjarasamningar við starfsmenn ríkisins verða lausir í lok nóvember 2004. Í áætluninni er miðað við að dregið verði úr vexti samneyslu ríkisins frá því sem verið hefur þannig að árlegur vöxtur nemi um 2% að raungildi á tímabilinu eða 1% undir meðalvexti undanfarinna ára. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er það m.a. gert með því að gera hagræðingarkröfu til reksturs stofnana. Mestur vöxtur í rekstrarútgjöldum er til menntamála í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og einnig eru framlög til heilbrigðismála aukin. Í áætluninni er gert ráð fyrir umtalsverðum samdrætti í framkvæmdum á vegum ríkisins á næstu tveimur árum eða um 2 milljarða króna árið 2005 og 2 milljarða árið 2006. Framkvæmdir verða aftur auknar um 2 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008. Tilfærsluútgjöld munu aukast nokkuð á næstu árum í samræmi við óbreytt lög, meðal annars vegna fjölgunar fólks á lífeyrisaldri. Á móti kemur að samkvæmt áætluninni dregur úr atvinnuleysi. Þá vaxa útgjöld næstu ár vegna stefnu stjórnvalda um að auka verulega fjármagn til þróunaraðstoðar. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að tilfærsluútgjöld aukist að meðaltali um 2½% árlega enda verði ekki ráðist í kostnaðarsamar breytingar nema því verði mætt með auknu aðhaldi á öðrum sviðum.

Helstu þættir ríkisfjármála

Milljarðar króna	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Heildartekjur	305,8	319,4	316,5	328,1
Þar af skatttekjur	280,6	292,1	288,3	298,7
Heildargjöld	294,6	308,4	328,4	345,4
Rekstrargjöld	137,7	145,7	152,9	160,4
Fjármagnskostnaður	15,5	15,6	15,9	17,0
Tilfærsluútgjöld	122,3	128,7	138,0	146,0
Viðhald	4,6	4,8	5,0	5,1
Fjárfesting	14,5	13,6	16,6	16,9
Tekjuafkoma ríkissjóðs	11,2	11,0	-11,9	-17,3
Lánsfjárjöfnuður	4,0	11,2	-10,9	-18,2
Hreinar skuldir ríkissjóðs	166,7	162,5	179,5	202,6
% af landsframleiðslu				
Heildartekjur	32,0	30,9	29,6	29,7
Þar af skatttekjur	29,4	28,2	27,0	27,1
Heildargjöld	30,8	29,8	30,7	31,3
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,2	1,1	-1,1	-1,6
Lánsfjárjöfnuður	0,4	1,1	-1,0	-1,6
Hreinar skuldir ríkissjóðs	17,5	15,7	16,8	18,4

Framlög til menntamála vaxa áfram

Almennt er í áætluninni miðað við framreikning útgjalda í ljósi gildandi laga og núverandi umfang þjónustu. Annars vegar er miðað við almennar forsendur um þróun útgjalda, t.d. um 1% árlegan raunvöxt útgjalda til stjórnsýslu og hins vegar hagrænar spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í árgangi í framhalds- og háskólum o.fl. Þannig er reiknað með nokkuð meiri vexti útgjalda til mennta- og heilbrigðismála á tímabilinu eða á bilinu 2–4% að raungildi árlega. Gert er ráð fyrir að meðan á stóriðjuframkvæmdunum stendur verði gætt aðhalds í vexti samneyslu með virkari útgjaldastýringu og að dregið verði úr sjálfvirkum vexti útgjalda.

Þær efnahagsforsendur, sem langtímaáætlunin byggist á, taka meðal annars mið af spám alþjóðastofnana um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptalöndunum. Spár um þróun mannfjölda og vinnuafls taka mið af spám fjármálaráðuneytisins með hliðsjón af virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum. Jafnframt er horft til líklegrar þróunar útflutningsframleiðslu þar sem gengið er út frá tilteknum forsendum um fiskafla á næstu árum.

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum aðgerðum á sviði peningamála í samræmi við þau meginmarkmið sem áætlunin byggist á. Þannig er gengið út frá að Seðlabankinn haldi áfram að hækka stýrivexti og að þeir nái hámarki árið 2006. Aukið aðhald í ríkisfjármálum mun hins vegar halda hækkun vaxta í lágmarki.

3.4 Niðurstöður langtímaáætlunar

Kaupmáttur vex

Meginniðurstaða langtímaáætlunar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna innlenda eftirspurn, meðal annars vegna breyttra aðstæðna á íbúðalánamarkaði. Gert er ráð fyrir umtalsverðum hagvexti 2005 og 2006 en hægari vexti árin 2007 og 2008. Mikill innflutningur vegna framkvæmdanna leiðir óhjákvæmilega til umtalsverðs halla á viðskiptum við útlönd en verulega dregur úr honum þegar framkvæmdum lýkur og álútflutningur nýrrar verksmiðju segir til sín. Búast má við að verðbólga aukist lítillega þegar framkvæmdirnar eru í hámarki en lækki aftur þegar þeim er lokið. Kaupmáttur mun aukast verulega og atvinnuleysi minnka fyrri hluta tímabilsins. Á síðari hlutanum hægir á kaupmáttaraukningunni og atvinnuleysi vex.

Helstu þjóðhagsstærðir

Magnbreytingar, %	Áætlun 2004	Frv. 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Einkaneysla	7	5	5	1¼	1¾
Samneysla	1½	2	2	2	2
Fjárfesting	17¼	18	9¼	-19¾	-18¾
Þjóðarútgjöld alls	8¼	7½	5½	-4¼	-2¾
Útflutningur vöru og þjónustu	6	4	5¾	12½	9¼
Innflutningur vöru og þjónustu	12¾	10½	8½	-3¾	-3
Landsframleiðsla	5½	5	4½	2	2½
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-7¼	-11	-13½	-8½	-4½
Tekju- og verðlagsbreytingar, %					
Ráðstöfunartekjur á mann	4½	6¾	7¼	4	3½
Launabreytingar	4¾	5¼	4½	3	3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1½	3¼	4,0	1¾	1½
Vísitala neysluverðs	3	3½	3¼	2¼	2
Gengisvísitala, stig	122	125	128	129	130
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	3	2¾	2¼	3¾	3¾

Ríkisfjármálum beitt við hagstjórn

Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum, sem hér er gengið út frá, skapar svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Þannig verður umtalsverður afgangur á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar eru í hámarki á árunum 2005–2006 sem nemur um 1¼% af landsframleiðslu. Jafnframt lækka skuldir ríkissjóðs. Samkvæmt framreikningunum er hins vegar gert ráð fyrir nokkrum halla árin 2007 og 2008 enda dragast þjóðarútgjöld þá beinlínis saman og verulega hægir á hagvexti.

Rétt er að hafa í huga að hér er verið að setja fram spá um hugsanlega þróun efnahagsmála allt að fjögur ár fram í tímann þar sem gengið er út frá fjölmörgum óvissum forsendum, bæði um innlenda og erlenda þætti. Þess vegna ber að taka þeim tölum, sem hér eru birtar, með þeim fyrirvara að þær gefi í besta falli vísbendingu um hvert stefnir í efnahags- og ríkisfjármálum. Sérstaklega ríkir mikil óvissa um efnahagsleg áhrif þeirra miklu skattkerfisbreytinga sem gengið er út frá. Þetta gildir ekki síst um áhrif lækkunar tekjuskatts einstaklinga sem gæti leitt til þess að fleiri sæki út á vinnumarkaðinn sem aftur dregur úr eftirspurnarþrýstingi og gæti jafnvel lækkað útgjöld til atvinnuleysisbóta og aukið skatttekjur ríkissjóðs sem aftur bætir afkomu ríkissjóðs. Líklegustu áhrif niðurfellingar eignarskatts eru að sparnaður aukist sem dregur úr innlendum eftirspurnaráhrifum og þar með bæði

verðbólgu og viðskiptahalla. Lækkun virðisaukaskatts mun leiða til minni verðbólgu og þar með aukins kaupmáttar. Á móti vega áhrif aukinnar eftirspurnar.

Tekjur af eignasölu

Í þessu samhengi er líka mikilvægt að hafa í huga að í forsendum langtímaáætlunar er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu Landssímans. Hér ráða varfærnissjónarmið ferðinni eins og eðlilegt er í slíkri áætlanagerð. Það verður hins vegar að teljast líklegt að Landssíminn verði seldur á kjörtímabilinu, að hluta eða að öllu leyti. Það mun skila umtalsverðum sölutekjum í ríkissjóð og gefur færi á lækkun skulda umfram það sem hér er gert ráð fyrir. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins mun því geta lækkað umtalsvert en það bætir afkomu ríkissjóðs. Að öllu samanlögðu má ætla að afkoma ríkissjóðs verði að jafnaði þó nokkru betri á framreikningstímabilinu en hér er sýnt.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd þróun ríkisútgjalda eftir einstökum málaflokkum miðað við fyrrnefndar forsendur á grundvelli núgildandi laga og spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í hverjum árgangi, samninga o.fl.

Útgjöld helstu málaflokka

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Spá 2006	Spá 2007	Spá 2008
Almenn opinber þjónusta	15.970	16.160	16.644	16.768
Löggæsla og öryggismál	12.385	12.316	12.451	12.516
Fræðslumál	28.624	29.623	30.432	31.259
Heilbrigðismál	79.168	80.906	83.092	85.489
Almannatr. og velferðarmál	67.674	68.603	72.265	73.500
Húsn.-, skipul.- og hreinsunarmál	3.549	3.708	3.456	3.563
Menningar- og kirkjumál	11.332	11.236	11.249	11.291
Eldsneytis- og orkumál	2.219	2.194	2.201	2.213
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.076	14.150	14.230	14.283
Iðnaðarmál	1.272	1.396	1.445	1.452
Samgöngumál	20.378	19.725	19.201	19.321
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.763	4.687	4.724	4.765
Önnur útgjöld ríkissjóðs	35.181	36.821	37.046	38.899
Frestun framkvæmda	-2.000	-2.000	2.000	2.000
Launa-, verðlags- og vaxtabr.o.fl.		8.790	18.031	28.029
Samtals	**294.591**	**308.315**	**328.467**	**345.348**

Tölur fyrir einstaka málaflokka eru á áætluðu verðlagi 2005 en áhrif af launa-, verðlags- og vaxtabreytingum eru sett fram í sérstökum lið þannig að heildarútgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

4 Yfirlit þjóðhagsspár

Nýtt hagvaxtarskeið er hafið

Nýjustu hagtölur staðfesta fyrri spár ráðuneytisins um að nýtt hagvaxtarskeið hafi hafist árið 2003 enda mældist þá yfir 4% hagvöxtur. Samkvæmt nýrri spá er gert ráð fyrir framhaldi á þessari þróun. Þannig er spáð 5½% hagvexti árið 2004, 5% árið 2005 og 4½% árið 2006. Þótt heldur dragi úr hagvexti á árunum 2007–2010 er hann þó talinn verða um 2½% að meðaltali. Gangi þessi spá eftir yrði hér um að ræða eitthvert lengsta hagvaxtarskeið sem hér hefur mælst.

Hlutdeild í hagvexti



Umfangsmiklar framkvæmdir

Litlar breytingar hafa orðið á framvindu stóriðjuframkvæmda á næstu árum frá síðustu spá í maí. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er talinn nema 235 milljörðum króna á verðlagi ársins 2003. Gert er ráð fyrir að erlend kostnaðarhlutdeild vegna virkjunarframkvæmda verði um 55% og 62% vegna byggingar álveranna. Hlutdeild erlends vinnuafls við virkjunar- og álversframkvæmdirnar er talin nema um 50% á framkvæmdatímanum, heldur hærra en í síðustu spá. Reiknað er með að fjöldi ársverka vegna framkvæmdanna verði um 7.000 og að 1½% af vinnuaflinu verði að störfum í þessum framkvæmdum þegar þær standa sem hæst árin 2005 og 2006. Hins vegar er að svo stöddu hvorki reiknað með seinni áfanga stækkunar Norðuráls né byggingu rafskautaverksmiðju á Katanesi.

Hóflegar launahækkanir tryggja verðstöðugleika

Í forsendum þjóðhagsspár er gert ráð fyrir að meðalgengi krónunnar verði sem næst óbreytt frá því sem nú er og að gengisvísitalan verði að meðaltali um 122 stig árið 2004 en hækki síðan í 125 stig árið 2005 sem þýðir um 2½% lækkun íslensku krónunnar. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að íslenska krónan muni veikjast stig af stigi og er þá tekið mið af minnkandi gjaldeyrisinnflæði á næstu árum. Þessu til viðbótar ber að hafa í huga að með vaxandi viðskiptahalla myndast aukinn þrýstingur á krónuna til lækkunar. Önnur mikilvæg forsenda er að nýgerðir kjarasamningar samtaka launþega og atvinnurekenda muni einnig gilda í megindráttum fyrir þau stéttarfélög sem ekki hafa endurnýjað kjarasamninga sína. Á þessum forsendum er spáð áframhaldandi kaupmáttaraukningu og hóflegum verðhækkunum.

Yfirlit þjóðhagsspár

	ma.kr. 2003	Bráðab. 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Einkaneysla	450,0	6,6	7	5	5
Samneysla	213,6	3,3	1½	2	2
Fjármunamyndun	172,4	17,6	17¼	18	9¼
Birgðabreytingar [1]	-1,5	-0,1	0	0	0
Þjóðarútgjöld alls	834,6	8	8¼	7½	5½
Útflutningur vöru og þjónustu	287,8	0,3	6	4	5¾
Innflutningur vöru og þjónustu	311,5	9,7	12¾	10½	8½
Landsframleiðsla	810,8	4,3	5½	5	4½
Þjóðartekjur	802,9	4,4	5½	3¾	3¼
Viðskiptakjaraáhrif [2]	-	-1,7	-¾	0	-½
Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum	-	2,7	4½	3¾	2¾
Viðskiptajöfnuður	-32,8	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-4,1	-7¼	-11	-13½
Breyting kaupm. ráðstöfunart./mann (%)	-	4,7	1½	3¼	4
Breyting neysluverðs (%)	-	2,1	3	3½	3¼

[1] Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs, reiknað á föstu verði.

Mótvægisaðgerðir í peninga- og ríkisfjármálum

Auk framangreindra forsendna er gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum stjórnvalda bæði á sviði peningamála og ríkisfjármála til að styrkja stöðugleika í verðlagsmálum. Í spánni er gengið út frá því að stýrivextir Seðlabankans verði hækkaðir stig af stigi í 7½% fram til ársins 2006 en fari síðan lækkandi. Á sviði ríkisfjármála eru mótvægisaðgerðir þegar hafnar með fjárlögum ársins 2004 þar sem haldið er aftur af vexti samneyslu- og tilfærsluútgjalda og verulega dregið úr opinberum

framkvæmdum. Reiknað er með framhaldi á þessari þróun út framreikningstímabilið.

Aukinn viðskipta-halla má einkum rekja til stóriðju-framkvæmda

Spáð er rúmlega 8% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2004. Hér munar mestu um 17% aukningu í fjárfestingu sem skiptist þannig að fjárfesting atvinnuveganna eykst um tæplega 30% og íbúðafjárfesting um 12½%. Á móti vegur að fjárfesting hins opinbera dregst saman um liðlega 18%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 7% og samneysla um 1½%. Viðskiptahalli er talinn verða 7¼% af landsframleiðslu árið 2004, vaxa síðan hratt og ná hámarki árið 2006 í 13½% af landsframleiðslu. Aukinn viðskiptahalla má að verulegu leyti rekja til beinna og óbeinna áhrifa vegna stóriðjuframkvæmdanna. Áætluð bein áhrif skýra upp undir 40% af viðskiptahallanum þegar framkvæmdirnar standa sem hæst árin 2005 og 2006. Til marks um þetta má nefna að fjárfesting atvinnuveganna er talin munu aukast um 130% að raungildi á árunum 2003–2006.

Áfram búist við slaka á vinnu-markaði og hóflegri verðbólgu

Reiknað er með að atvinnuleysi verði að jafnaði um 3% af mannafla árið 2004 en fari síðan hægt lækkandi á næstu tveimur árum. Gert er ráð fyrir að framleiðsluslaki í efnahagslífinu hverfi á árinu 2004. Hins vegar er áfram reiknað með slaka á vinnumarkaði, þ.e. mismunur á mældu atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla og nálgun við svokallað jafnvægisatvinnuleysi. Með auknum umsvifum í efnahagslífinu er búist við að nokkuð dragi úr atvinnuleysi á næsta og þar næsta ári og að það minnki úr 3% af mannafla árið 2004 í 2¾% árið 2005 og 2¼% árið 2006. Gangi þessi spá eftir mun framleiðsluslakinn breytast í framleiðsluspennu en atvinnuleysi verða nálægt jafnvægisstöðu á árinu 2005. Samhliða þessu er gert ráð fyrir heldur meiri verðbólgu eða um 3½% árið 2005 og 3¼% árið 2006.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	25
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	26
3.	Skipting ríkissjóðstekna	27
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	28
5.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	29
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	30
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	31
8.	Lánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða	32
9.	Veitt og tekin lán ríkissjóðs	33
10.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	34
11.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar	35
12.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr.	36

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Skatttekjur	**220.510**	**238.859**	**254.617**	**264.335**	**280.557**
Skattar á tekjur einstaklinga	61.290	65.222	72.900	75.000	75.700
Skattar á tekjur lögaðila	8.807	12.212	8.900	11.300	13.500
Tryggingagjöld	23.397	26.315	29.007	29.707	31.724
Eignarskattar	11.001	8.666	8.710	9.208	8.970
Virðisaukaskattur	76.271	80.940	88.021	91.521	101.400
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	37.469	42.147	44.839	45.379	46.967
Skattar ótaldir annars staðar	2.275	3.357	2.241	2.221	2.296
Aðrar rekstrartekjur	**25.782**	**20.741**	**25.721**	**24.221**	**23.704**
Arðgreiðslur	3.095	3.382	3.726	4.165	3.457
Vaxtatekjur og eignatekjur	15.629	10.352	15.121	12.921	12.452
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	7.058	7.007	6.874	7.135	7.795
Sala eigna	11.722	11.954	540	540	540
Fjárframlög	1.196	2.322	1.143	1.143	1.006
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	0	0	0	0
Tekjur samtals	**259.210**	**273.876**	**282.021**	**290.240**	**305.807**
Æðsta stjórn ríkisins	2.596	2.490	2.468	2.536	2.642
Forsætisráðuneyti	1.444	1.445	1.176	1.301	1.134
Menntamálaráðuneyti	30.173	32.835	33.326	34.030	35.950
Utanríkisráðuneyti	5.489	5.335	5.526	5.823	6.668
Landbúnaðarráðuneyti	11.610	12.096	11.713	11.908	12.240
Sjávarútvegsráðuneyti	2.883	3.292	3.104	2.645	2.512
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13.883	14.723	15.051	15.267	15.841
Félagsmálaráðuneyti	20.695	24.832	23.376	25.487	26.099
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	96.361	105.818	110.543	113.101	119.031
Fjármálaráðuneyti	41.963	32.486	26.240	27.178	28.980
Samgönguráðuneyti	15.902	18.411	18.274	18.685	17.936
Iðnaðarráðuneyti	2.891	4.732	3.460	3.467	3.733
Viðskiptaráðuneyti	1.468	1.419	1.459	1.368	1.342
Hagstofa Íslands	500	649	542	556	601
Umhverfisráðuneyti	3.469	4.198	3.899	3.949	4.429
Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.005	15.256	15.140	15.140	15.450
Gjöld samtals	**267.332**	**280.015**	**275.296**	**282.441**	**294.586**
Tekjujöfnuður	**-8.122**	**-6.139**	**6.726**	**7.798**	**11.221**

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur 2002	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Handbært fé frá rekstri	**-12,3**	**-16,9**	**-1,8**	**2,3**	**0,3**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	12,0	5,7	15,7	14,5	3,6
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	0,0	26,5	0,1	0,1	0,1
Fjármunahreyfingar samtals	**12,0**	**32,2**	**15,8**	**14,6**	**3,7**
Afföll af teknum lánum	3,5				
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**-3,8**	**15,3**	**14,0**	**16,9**	**4,0**
Framlag til LSR	**-10,9**	**-8,6**	**-7,5**	**-7,5**	**-4,0**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [1]	-14,7	6,7	6,5	9,4	0,0
Fjármögnun	**13,5**	**-6,3**	**-4,0**	**-7,0**	**-3,7**
Greiðsluafkoma	**-1,2**	**0,4**	**2,5**	**2,4**	**-3,7**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	-1,6	-2,1	-0,2	0,3	0,0
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-0,5	1,9	1,6	1,9	0,4
Greiðsluafkoma	-0,2	0,0	0,3	0,3	-0,4

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun [1] 2004	Frumvarp 2005
I Skatttekjur	**220.510**	**238.859**	**254.617**	**264.335**	**280.557**
Skattar á tekjur og hagnað	71.569	80.141	83.220	87.695	90.620
Einstaklingar	61.290	65.222	72.900	75.000	75.700
Tekjuskattur einstaklinga	53.976	56.518	65.900	65.900	66.700
Sérstakur tekjuskattur	1.077	1.480	1.400	1.400	1.200
Skattur á fjármagnstekjur	6.237	7.224	5.600	7.700	7.800
Lögaðilar	8.807	12.212	8.900	11.300	13.500
Ótalið annars staðar	1.472	2.707	1.420	1.395	1.420
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	721	1.860	500	500	500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	751	847	920	895	920
Tryggingagjöld	23.397	26.315	29.007	29.707	31.724
Eignarskattar	11.001	8.666	8.710	9.208	8.970
Skattar á vörur og þjónustu	113.740	123.087	132.860	136.900	148.367
Virðisaukaskattur	76.271	80.940	88.021	91.521	101.400
Almenn vörugjöld	11.461	12.496	16.622	16.527	19.208
Vörugjald af ökutækjum	2.804	4.525	4.540	5.540	5.587
Almennt vörugjald af bensíni	1.890	1.924	2.157	2.157	2.040
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.493	5.540	5.871	5.871	6.289
Aðrir sértækir veltuskattar	6.700	7.946	4.581	4.612	5.062
Bifreiðagjald	2.916	3.003	3.060	3.160	3.222
Þungaskattur	4.704	5.042	5.573	5.573	3.323
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.501	1.671	2.434	1.939	2.236
Aðrir skattar	803	650	821	826	876
II Aðrar rekstrartekjur	**25.782**	**20.741**	**25.721**	**24.221**	**23.704**
Arðgreiðslur	3.095	3.382	3.726	4.165	3.457
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	15.629	10.352	15.121	12.921	12.452
Neyslu- og leyfisgjöld	6.313	5.967	5.912	6.173	6.784
Annað	745	1.040	962	962	1.011
III Sala eigna	**11.722**	**11.954**	**540**	**540**	**540**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**1.196**	**2.322**	**1.143**	**1.143**	**1.006**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	-	-	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs.	**259.210**	**273.876**	**282.021**	**290.240**	**305.807**
Sjóðshreyfing	**244.338**	**265.137**	**267.140**	**278.357**	**293.411**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Rekstrargjöld					
Laun	71.456	78.160	78.027	79.986	84.579
Lífeyrisskuldbindingar	16.321	3.395	4.704	4.704	4.798
Önnur gjöld	50.038	48.142	62.273	63.356	68.452
Sértekjur	-21.040	-19.628	-18.902	-18.601	-20.091
Rekstrargjöld samtals	**116.775**	**110.070**	**126.102**	**129.445**	**137.737**
Fjármagnskostnaður	**16.005**	**15.256**	**15.140**	**15.140**	**15.450**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	22.190	26.122	28.939	29.236	31.397
Sjúkratryggingar	12.695	13.926	14.452	15.007	15.584
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.718	7.261	7.310	7.450	7.726
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.800	6.553	6.427	6.676	7.100
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	6.240	7.057	5.865	6.211	6.577
Fæðingarorlofssjóður	4.654	5.580	5.826	5.826	5.967
Barnabætur	4.756	5.357	5.430	5.430	5.430
Vaxtabætur	5.117	5.756	4.505	5.105	4.900
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.002	4.286	3.420	4.470	4.171
Afskriftir skattkrafna	9.811	8.696	4.000	4.000	4.000
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.645	2.951	3.412	3.412	3.750
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.426	2.620	2.739	2.739	2.863
Ríkisútvarpið	2.248	1.854	2.298	2.405	2.516
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	23.312	30.777	19.213	19.707	20.349
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**112.614**	**128.796**	**113.835**	**117.674**	**122.329**
Viðhald					
Vegakerfi	4.399	4.248	2.307	2.307	2.625
Annað	1.737	2.018	1.813	1.863	1.968
Viðhald samtals	**6.136**	**6.266**	**4.120**	**4.170**	**4.593**
Fjárfesting					
Vegakerfi	5.354	8.404	7.220	7.595	6.318
Heilbrigðisstofnanir	1.159	1.565	1.896	1.896	1.905
Hafnarframkvæmdir	1.586	466	1.072	1.072	1.138
Háskólar og framhaldskólar	1.130	2.154	1.062	1.062	1.247
Flugvellir	455	396	287	287	336
Annað	6.119	6.644	4.562	4.101	3.532
Fjárfesting samtals	**15.803**	**19.627**	**16.099**	**16.013**	**14.476**
Gjöld samtals	**267.333**	**280.015**	**275.296**	**282.441**	**294.586**

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Almenn opinber þjónusta	15.092	15.439	14.851	15.269	15.970
Löggæsla og öryggismál	11.513	12.521	11.599	11.755	12.384
Fræðslumál	22.652	25.639	25.833	26.298	28.624
Heilbrigðismál	66.242	69.868	73.868	75.815	79.168
Almannatryggingar og velferðarmál	53.896	63.873	62.364	65.120	67.673
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	2.228	2.858	3.263	3.279	3.549
Menningar- og kirkjumál	9.951	10.511	11.031	11.290	11.232
Eldsneytis- og orkumál	1.959	2.187	2.170	2.170	2.219
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.040	14.873	14.353	14.090	14.076
Iðnaðarmál	1.039	1.751	1.067	1.074	1.272
Samgöngumál	16.091	18.340	18.497	19.097	18.477
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.789	5.616	4.485	4.723	4.764
Önnur útgjöld ríkissjóðs	47.842	36.540	31.914	32.463	35.181
Samtals	**267.332**	**280.015**	**275.296**	**282.441**	**294.586**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2005**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	440	0	30	0
Ríkisútvarpið	0	0	150	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	0	0	0	0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	15	0	105	40
Ratsjárstofnun	0	0	8	0
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins	287	170	105	0
Íslenskar orkurannsóknir	20	0	55	0
Rafmagnsveitur ríkisins	202	210	1.610	1.000
Samtals	**965**	**380**	**2.063**	**1.040**

Tafla 7 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2005**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.329	7.040	60	4.700
Lánasjóður landbúnaðarins	71	1.548	0	800
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-55	0	0	0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.699	0	13	0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-310	16.500	1	18.271
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-120	7.000	1	8.687
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam.	174	0	4	0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	773	55.290	1	60.745
Orkusjóður	0	28	0	0
Byggðastofnun	7	2.700	0	2.700
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-103	0	1	0
Samtals	**4.465**	**90.106**	**81**	**95.903**

Tafla 8 Lánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða

Í milljónum króna	Horfur 2004 Innlent	Erlent	Samtals	Frumvarp 2005
Lántökur	**98.288**	**34.000**	**132.288**	**158.203**
Ríki	98.288	14.000	112.288	132.203
A-hluti	**12.000**	**14.000**	**26.000**	**40.000**
Þar af endurlánað:	5.200		5.200	4.740
Lánasjóði íslenskra námsmanna	4.400		4.400	4.700
Ríkisútvarpinu	200		200	0
Alþjóðaflugþjónustunni	200		200	-
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	0		0	40
Landsvirkjun	400		400	0
Aðrar lántökur í B- og C-hluta	**86.288**		**86.288**	**92.203**
Rafmagnsveitur ríkisins	75		75	1.000
Íbúðalánasjóður [1]	83.853		83.853	87.703
Lánasjóður landbúnaðarins	800		800	800
Byggðastofnun	1.560		1.560	2.700
Landsvirkjun	**0**	**20.000**	**20.000**	**26.000**
Afborganir	**50.752**	**28.754**	**79.506**	**91.040**
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2005. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir áframhaldandi auknum umsvifum í efnahagslífinu og að hagvöxtur haldist áfram stöðugur. Spáð er að hagvöxtur verði um 5% á árinu 2005 og verðbólgan um 3½%. Einkaneyslan er talin munu aukast um 5% og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 3¼%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs muni hækka um rúmlega 6% frá fyrra ári og fara í rúmlega 280 milljarða króna. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar verða tæplega 306 milljarðar króna.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2004

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun vegna ársins 2004 gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 290 milljarðar króna, 8 milljörðum hærri en í fjárlögum 2004. Skatttekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 264 milljarðar króna, tæplega 10 milljörðum hærri en í fjárlögum. Hér á eftir verður fjallað um helstu frávik frá fjárlögum.

Skattar á tekjur og hagnað. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila verði tæplega 87,7 milljarðar króna eða tæpum 4,5 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær eingöngu rekja til aukinna tekna af fjármagnstekjuskatti einstaklinga og tekjuskatti lögaðila. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 7,7 milljarðar króna og hækkar um 2,1 milljarð frá fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila nemi 11,3 milljörðum króna eða 2,4 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Útkoma í ríkisreikningi 2003 af skatttekjum lögaðila er 12,2 milljarðar króna sem er um 4,4 milljarða króna hækkun frá

fyrra ári. Álagning lögaðila liggur þó ekki fyrir fyrr en í október og því gæti þessi áætlun breyst eitthvað.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun [1] 2004	Frumvarp 2005
I Skatttekjur	**220.510**	**238.859**	**254.617**	**264.335**	**280.557**
Skattar á tekjur og hagnað	71.569	80.141	83.220	87.695	90.620
Einstaklingar	61.290	65.222	72.900	75.000	75.700
Tekjuskattur einstaklinga	53.976	56.518	65.900	65.900	66.700
Sérstakur tekjuskattur	1.077	1.480	1.400	1.400	1.200
Skattur á fjármagnstekjur	6.237	7.224	5.600	7.700	7.800
Lögaðilar	8.807	12.212	8.900	11.300	13.500
Ótalið annars staðar	1.472	2.707	1.420	1.395	1.420
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	721	1.860	500	500	500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	751	847	920	895	920
Tryggingagjöld	23.397	26.315	29.007	29.707	31.724
Eignarskattar	11.001	8.666	8.710	9.208	8.970
Skattar á vörur og þjónustu	113.740	123.087	132.860	136.900	148.367
Virðisaukaskattur	76.271	80.940	88.021	91.521	101.400
Almenn vörugjöld	11.461	12.496	16.622	16.527	19.208
Vörugjald af ökutækjum	2.804	4.525	4.540	5.540	5.587
Almennt vörugjald af bensíni	1.890	1.924	2.157	2.157	2.040
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.493	5.540	5.871	5.871	6.289
Aðrir sértækir veltuskattar	6.700	7.946	4.581	4.612	5.062
Bifreiðagjald	2.916	3.003	3.060	3.160	3.222
Þungaskattur	4.704	5.042	5.573	5.573	3.323
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.501	1.671	2.434	1.939	2.236
Aðrir skattar	803	650	821	826	876
II Aðrar rekstrartekjur	**25.782**	**20.741**	**25.721**	**24.221**	**23.704**
Arðgreiðslur	3.095	3.382	3.726	4.165	3.457
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	15.629	10.352	15.121	12.921	12.452
Neyslu- og leyfisgjöld	6.313	5.967	5.912	6.173	6.784
Annað	745	1.040	962	962	1.011
III Sala eigna	**11.722**	**11.954**	**540**	**540**	**540**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**1.196**	**2.322**	**1.143**	**1.143**	**1.006**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	-	-	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs	**259.210**	**273.876**	**282.021**	**290.240**	**305.807**
Sjóðshreyfing	**244.338**	**265.137**	**267.140**	**278.357**	**293.411**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tryggingagjöld. Forsendur fjárlaga fyrir árið 2004 fyrir tekjur af tryggingagjaldi eru að mestu óbreyttar. Engu að síður er gert ráð fyrir 700 m.kr. tekjuaukningu.

Eignarskattar. Áætlaðar tekjur af eignarskatti hækka um tæplega 500 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar alfarið af auknum tekjum af stimpilgjöldum frá áætlun fjárlaga sem stefnir í 850 m.kr. Aftur á móti lækkar þróunarsjóðsgjald á aflamark um 510 m.kr.

Skattar á vöru og þjónustu. Áætlaðar tekjur af sköttum og þjónustu eru um 137 milljarðar króna og hækka um rúma 4 milljarða frá áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má einkum rekja til aukinna einkaneysluútgjalda heimilanna. Áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti eru taldar aukast um 3,5 milljarða. Enn fremur hefur innflutningur bifreiða aukist töluvert það sem af er árinu og er gert ráð fyrir að fluttir verði inn rúmlega 15.000 bílar en árið 2003 voru þeir rúmlega 12.600.

Aðrar rekstrartekjur. Þessar tekjur eru áætlaðar rúmlega 24 milljarðar króna og lækka um 1½ milljarð frá fjárlögum. Áætlaðar tekjur af arðgreiðslum ríkisfyrirtækja hækka um 440 m.kr. og er þar meðal annars greiðsla frá ÁTVR upp á 500 m.kr. Í kjölfar niðurstöðu í ríkisreikningi fyrir árið 2003 lækka áætlaðar tekjur vegna dráttarvaxta af tekjum ríkissjóðs um 1 milljarð króna frá fjárlögum. Einnig lækka áætlaðar tekjur af vaxtatekjum ríkissjóðs um 1,2 milljarða króna, meðal annars vegna lægra vaxtastigs.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2005

Yfirlit. Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2005 eru áætlaðar 305,8 milljarðar króna og hækka um 15,7 milljarða. Skatttekjur ríkissjóðs eru áætlaðar um 280,5 milljarðar og hækka um rúma 16 milljarða frá 2004. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Í tekjuáætlun er talið að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila geti numið rúmlega 90 milljörðum króna en það er 3 milljarða króna hækkun frá áætlun 2004.

Skattar á tekjur og hagnað

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Einstaklingar	65.222	72.900	75.000	75.700
Tekjuskattur einstaklinga	56.518	65.900	65.900	66.700
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	1.480	1.400	1.400	1.200
Fjármagnstekjuskattur	7.224	5.600	7.700	7.800
Lögaðilar	12.212	8.900	11.300	13.500
Ótalið annars staðar	2.707	1.420	1.395	1.420
Samtals	**80.141**	**83.220**	**87.695**	**90.620**

Tekjuskattar einstaklinga. Þessi spá byggist á að almenn laun hækki um 5¼% og að skattgreiðendum fjölgi um 1½%. Miðað við þessar forsendur og stöðuna á vinnumarkaði er gert ráð fyrir að tekjuskattar einstaklinga nemi um 68 milljörðum króna eða um tæplega 1% hærra en á síðasta ári. Í áætlun um tekjuskatta einstaklinga er gert ráð fyrir að almennur tekjuskattur lækki um 1% eða úr 25,75% í 24,75%. Einnig er skatthlutfall sérstaks tekjuskatts lækkað úr 5% í 4% samkvæmt ákvörðun Alþingis. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 7,8 milljarðar króna eða um 1,3% hækkun frá yfirstandandi ári.

Tekjuskattar lögaðila. Áætlun um tekjuskatt lögaðila gerir ráð fyrir að hann geti numið 13,5 milljörðum árið 2005. Nokkur óvissa er um þessa áætlun, meðal annars vegna þess að álagning lögaðila liggur ekki fyrir fyrr en í október. Almennt efnahagsástand hefur einnig áhrif og tekur áætlunin mið af afkomuhorfum fyrirtækja í þjóðhagsspánni.

Tryggingagjöld. Heildartekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum og launasköttum eru áætlaðar 31,7 milljarðar króna eða 2 milljarða króna hækkun frá yfirstandandi ári.

Eignarskattar. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum nema tæplega 9 milljörðum króna. Það er lækkun um 240 m.kr. frá yfirstandandi ári. Ástæða þessarar lækkunar er að umsýslugjald til fasteignamats ríkisins hefur verið lagt niður. Einnig er gert ráð fyrir að leggja niður þróunarsjóðsgjald á skip og þróunarsjóðsgjald á aflamark. Veiðigjald á aflaheimildir kemur í stað þessara gjalda. Ný lög um erfðafjárskatt voru lögfest á síðasta þingi og lækkar áætlun vegna tekna ríkissjóðs af erfðafjárskatti um 300 m.kr. frá liðnu ári.

Eignarskattar

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Eignarskattar einstaklinga	1.729	1.810	1.900	2.250
Eignarskattar lögaðila	1.184	1.330	1.400	1.480
Erfðafjárskattur	735	800	800	500
Stimpilgjöld	3.755	3.648	4.498	4.600
Sértækir eignarskattar	1.263	1.122	610	140
Samtals	**8.666**	**8.710**	**9.208**	**8.970**

Skattar á vöru og þjónustu. Gert er ráð fyrir að skattar af vöru og þjónustu skili um 148,3 m.kr. á árinu 2005 eða rúmlega 11 milljörðum króna meira en árið 2004.

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkissjóðs og skilar rúmlega þriðjungi af skatttekjum hans. Áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti fyrir árið 2005 nema rúmlega 101 milljarði króna og er það rúmlega 10% hækkun frá árinu 2004. Við áætlun

virðisaukaskatts er í meginatriðum stuðst við forsendur um breytingu á einkaneyslu og áætlaðar verðbreytingar. Spáð er að einkaneysla aukist um 5% bæði 2005 og 2006.

Skattar á vörur og þjónustu

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Virðisaukaskattur	80.940	88.021	91.521	101.400
Vörugjöld	24.485	26.677	27.582	29.396
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.308	2.177	2.177	2.249
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	702	732	732	770
Vörugjöld af ökutækjum	4.525	4.540	5.540	5.587
Vörugjald af bensíni	1.924	2.157	2.157	2.040
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.540	5.871	5.871	6.289
Flutningsjöfnunargjöld	647	646	551	481
Áfengisgjald	6.324	7.056	7.056	7.402
Ýmis vörugjöld	2.515	3.498	3.498	4.579
Tóbaksgjald	3.545	3.045	3.045	3.694
Tollar og innflutningsgjöld	2.680	2.516	2.516	3.269
Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1.720	1.534	1.564	1.827
Bifreiðaskattar	8.045	8.633	8.733	6.545
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	1.671	2.434	1.939	2.236
Samtals	**123.086**	**132.860**	**136.900**	**148.367**

Vörugjöld af ökutækjum. Innflutningur á ökutækjum hefur aukist mikið á árinu 2004. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir svipuðum innflutningi eða sem nemur 15.100 ökutækjum. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum eru áætlaðar um 5,5 milljarðar króna.

Vörugjöld af bensíni/olíugjald. Síðastliðið vor voru á Alþingi samþykkt lög um olíugjald og kílómetragjald. Breytingin felst fyrst og fremst í því að tekið er upp olíugjald á dísileldsneyti og núverandi þungaskattskerfi er lagt niður. Jafnframt er tekið upp sérstakt kílómetragjald á ökutæki þyngri 10 tonn og þyngri, önnur en ökutæki til fólksflutninga. Olíugjaldið er 45 krónur á hvern seldan dísillítra. Þessi lög taka gildi um mitt ár 2005. Áætlaðar tekjur af olíugjaldi á árinu 2005 eru um 1.870 m.kr.. Olíugjaldið er markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Vörugjöld á hvern seldan bensínlítra eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald af bensíni sem er 11,35 krónur og rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt bensíngjald sem er 30,90 krónur og rennur til Vegagerðarinnar. Við upptöku olíugjalds verður breyting á þessum fjárhæðum. Almenna vörugjaldið af bensíni lækkar um 2,06 krónur á hvern seldan lítra og sérstaka vörugjaldið af bensíni hækkar um sömu fjárhæð. Þessi breyting er gerð til að koma í veg fyrir að Vegagerðin verði fyrir tekjutapi vegna þessarar kerfisbreytingar. Gert er ráð fyrir að áætlaðar tekjur af bensíni verði rúmlega 8,3 milljarðar króna. Í tekjuáætlun er auk þess gert ráð fyrir að hækkun gjalda muni skila 350 m.kr. í viðbótartekjum í ríkissjóð á árinu 2005.

Bifreiðagjöld og þungaskattur. Þungaskattskerfið í núverandi mynd verður lagt niður á miðju ári 2005. Eins og fram hefur komið verður þó áfram lagt kílómetragjald á þyngri bifreiðar. Þetta gjald er markaður tekjustofn til Vegagerðarinnar. Áætlaðar tekjur af þungaskatti eru rúmlega 3,3 milljarðar króna. Bifreiðagjald miðast við þyngd bifreiðar og leggst á bifreiðar sem skráðar eru hér á landi. Áætlað er að bifreiðagjald skili rúmlega 3,2 milljörðum króna árið 2005.

Áfengis- og tóbaksgjald. Gert er ráð fyrir að tekjur af áfengisgjaldi muni nema um 7,4 milljörðum króna og tekjur af tóbaksgjaldi um 3,7 milljörðum.

Aðrir skattar. Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Gert er ráð fyrir að þessir liðir skili rúmlega 2 milljörðum króna í ríkissjóð sem er rúmlega 250 m.kr. hækkun frá yfirstandandi ári.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlaðar rekstrartekjur ríkisins fyrir árið 2005 eru tæpir 23,7 milljarðar króna og lækka um rúmar 500 m.kr. frá árinu 2004.

Sala eigna. Í tekjuáætlun er einungis gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna vegna jarða- og fasteignasölu og eru áætlaðar tekjur af sölu eigna 540 m.kr. eða sama fjárhæð og á yfirstandandi ári. Ekki er að svo stöddu gert ráð fyrir tekjum af sölu Símans en ljóst er að sú ráðstöfun myndi skila umtalsverðum viðbótartekjum í ríkissjóð og þar með stuðla að lækkun skulda ríkisins.

Fjárframlög. Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði rúmlega milljarður króna eða sama fjárhæð og á yfirstandandi ári.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta árið 2005, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málefnaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu frávik frá fjárlögum skýrð. Gerð er grein fyrir forsendum fyrir framreikningi útgjalda næstu árin og útgjaldastefnu ríkisstjórnarinnar. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2005 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun verðlags og efnahagsmála. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 3,5% frá árinu 2004 til 2005 og að gengisvísitalan verði að meðaltali 125 stig. Í samræmi við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði er miðað við að laun hækki um 3% í upphafi árs 2005. Þann fyrirvara verður að gera að kjarasamningar við flest félög ríkisstarfsmanna eru lausir í byrjun desember næstkomandi. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar er gert ráð fyrir að bætur hækki almennt um 3,5% í upphafi næsta árs. Til viðbótar við almennar launa- og verðlagsforsendur er gert ráð fyrir 2.700 m.kr. framlagi á fjárlagalið fjármálaráðuneytis til að mæta hugsanlegum breytingum í forsendum frumvarpsins.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2005 eru áætluð 294,6 milljarðar og hækka um 19,3 milljarða króna frá fjárlögum eða um 7%. Það jafngildir 2,6% hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Að teknu tilliti til áætlaðra útgjalda árið 2004 og að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum standa útgjöldin nánast í stað að raungildi frá áætlun þessa árs. Rekstrargjöld ríkissjóðs hækka aðeins um 0,5% að raungildi frá áætluðum útgjöldum árið 2004, einkum vegna þess að gerð er almenn 1% hagræðingarkrafa til reksturs flestra stofnana ríkisins. Mest vaxa útgjöld til reksturs menntakerfisins, löggæslu og stofnana fatlaðra. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun nýrra hjúkrunarrýma. Loks eru framlög til þróunarmála hækkuð um 500 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1,2% að raungildi frá áætlun 2004, mest til lífeyristrygginga vegna fjölgunar öryrkja, þá til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna fjölgunar lánþega og loks hækka framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við auknar tekjur. Viðhald og stofnkostnaður lækkar að raungildi um tæp 9% en þar munar mestu um áformaða frestun framkvæmda er nemur 1,9 milljörðum króna. Loks lækka vaxtagjöld ríkissjóðs um 1,4% að raungildi milli ára. Alls er í frumvarpinu gert ráð fyrir aðgerðum sem skila 3 milljarða króna lækkun útgjalda frá því sem annars hefði orðið. Í fyrsta lagi er gerð 1% hagræðingarkrafa til reksturs

stofnana ríkisins að frátöldum stóru sjúkrahúsunum tveimur og hjúkrunarheimilum. Áætlað er að sú aðgerð skili um 800 m.kr. lækkun útgjalda. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 200 m.kr. lækkun vaxtabóta vegna áforma um að greiddar bætur nemi 95% af reiknuðum vaxtabótum skv. lögum. Loks er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum er nema 2.000 m.kr. Þar af er 1.900 m.kr. frestun frá vegáætlun og 100 m.kr. í endurbótum menningarbygginga.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 292,5 milljarðar króna en heildargjöld á rekstrargrunni 294,6 milljarðar kr. Mismunur á útgjöldum og greiðslum er aðeins 2,1 milljarður og skýrist af því að í fyrsta lagi eru afskrifaðar áætlaðar skattkröfur að upphæð 4 milljarðar kr. færðar til gjalda en koma ekki til greiðslu úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á gjaldfærðum og greiddum lífeyrisskuldbindingum rúmlega hálfur milljarður. Loks er í þriðja lagi gert ráð fyrir að greiddir vextir verði tæplega 2,7 milljarðar umfram gjaldfærða vexti vegna þess að stórir flokkar spariskírteina koma á gjalddaga á næsta ári. Kemur síðasttalda hreyfingin á móti hinum tveimur. Aðrar viðskiptahreyfingar eru minni og stafa að mestu af lánahreyfingum, svo sem afborgunum Vegagerðarinnar af ferjulánum.

Framsetning gjaldahliðar. Heildarútgjöld ríkissjóðs skiptast í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar almennum rekstrargjöldum er sá hluti sem fjármagnaður er með sértekjum. Tvær breytingar eru gerðar á framsetningu gjaldahliðar til samræmis við færslu í ríkisreikningi. Framlög til þróunaraðstoðar, sem áður voru færð sem tilfærsluútgjöld, samtals 536,3 m.kr., eru í frumvarpinu færð sem rekstrargjöld og laun. Einnig eru 980 m.kr. útgjöld Úrvinnslusjóðs, sem áður voru færð sem tilfærsluútgjöld, nú færð sem önnur rekstrargjöld. Samtals hækka því rekstrargjöldin um 1.516,3 m.kr. og tilfærsluútgjöld lækka um sömu fjárhæð. Leiðrétt er fyrir þessum breytingum í töflum og í umfjöllun um breytingar á milli ára.

Í séryfirlitum á bls. 248 og 254 er gerð grein fyrir mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum auk þess sem gerð er grein fyrir ráðstöfun þeirra til stofnana og verkefna. Þá er á bls. 259 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum útgjöldum er að finna í fjárlagafrumvörpum fyrri ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Áætlun 2004	Breytt framsetning	Frumvarp 2005	Breyting 2004-2005
Rekstrargjöld					
Laun	78.160	79.986	159	84.579	4.434
Lífeyrisskuldbindingar	3.395	4.704		4.798	94
Önnur gjöld	48.142	63.356	1.358	68.452	3.738
Sértekjur	-19.628	-18.601		-20.091	-1.490
Rekstrargjöld samtals	**110.070**	**129.445**	**1.516**	**137.737**	**6.776**
Fjármagnskostnaður	**15.256**	**15.140**	**0**	**15.450**	**310**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	26.122	29.236		31.397	2.161
Sjúkratryggingar	13.926	15.007		15.584	577
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.261	7.450		7.726	276
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	6.553	6.676		7.100	424
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	7.057	6.211		6.577	366
Fæðingarorlofssjóður	5.580	5.826		5.967	141
Barnabætur	5.357	5.430		5.430	0
Vaxtabætur	5.756	5.105		4.900	-205
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.286	4.470		4.171	-299
Afskriftir skattkrafna	8.696	4.000		4.000	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.951	3.412		3.750	338
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.620	2.739		2.863	124
Ríkisútvarpið	1.854	2.405		2.516	111
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	30.777	19.707	-1.516	20.349	2.159
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**128.796**	**117.674**	**-1.516**	**122.329**	**6.172**
Viðhald					
Vegakerfi	4.248	2.307		2.625	318
Annað	2.018	1.863		1.968	105
Viðhald samtals	**6.266**	**4.170**	**0**	**4.593**	**423**
Fjárfesting					
Vegakerfi	8.404	7.595		6.318	-1.277
Heilbrigðisstofnanir	1.565	1.896		1.905	9
Hafnarframkvæmdir	466	1.072		1.138	67
Háskólar og framhaldskólar	2.154	1.062		1.247	185
Flugvellir	396	287		336	50
Annað	6.644	4.101		3.532	-569
Fjárfesting samtals	**19.627**	**16.013**	**0**	**14.476**	**-1.536**
Gjöld samtals	**280.015**	**282.441**	**0**	**294.586**	**12.145**

Horfur árið 2004. Áætlað er að útgjöld árið 2004 verði 282,4 milljarðar króna eða rúmlega 7 milljarðar kr. umfram fjárlög. Fjárlög fyrir árið 2004 voru samþykkt á Alþingi 5. desember 2003 og var í þeim áætlað að heildarútgjöld næmu 275,3 milljörðum króna. Áætlað er að rekstrargjöld, það er laun og annar rekstrarkostnaður stofnana og verkefna,

verði 3,3 milljarðar kr. umfram áætlun. Munar þar mestu um aukin útgjöld sjúkrastofnana, fjölgun nemenda í framhaldsskólum og eflingu löggæslu. Loks hækka rekstrargjöldin vegna áhrifa kjarasamninga aðila á almennum vinnumarkaði, einkum vegna ófaglærðs starfsfólks á sjúkrastofnunum. Áætlað er að neyslu- og rekstrartilfærslur verði 3,8 milljarðar kr. umfram áætlun fjárlaga. Munar þar mestu um auknar bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs eða rúmlega einn milljarð króna. Stafar það af meira atvinnuleysi en forsendur fjárlaga miðuðu við og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka bæturnar sérstaklega í yfirlýsingu vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þá hafa vaxtabætur verið endurskoðaðar í ljósi álagningar og hækka um 600 m.kr. Áætlað er að útgjöld lífeyristrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar verði 640 m.kr. umfram áætlun og útgjöld sjúkratrygginga rúmlega 550 m.kr. umfram áætlun. Framlög til Ábyrgðasjóðs launa verða 300 m.kr. meiri en áætlað var í fjárlögum og framlög í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 250 m.kr. meiri. Viðhald og stofnkostnaður verður tæplega 480 m.kr. umfram fjárlög og munar þar mestu um 375 m.kr. útgjöld vegna jarðganga um Almannaskarð og 100 m.kr. til að ljúka framkvæmdum við Þjóðminjasafn. Á móti kemur að fjármagnstilfærslur lækka um 510 m.kr. vegna þess að Þróunarsjóður sjávarútvegsins hætti starfsemi frá og með 1. september sl. Nánari skýringar á frávikum frá fjárlögum 2004 er að finna í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2005. Ríkisstjórnin ákvað í byrjun apríl sl. útgjaldaramma og markmið í ríkisfjármálum fyrir árið 2005. Jafnframt var ákveðið að lækka útgjöld um 3 milljarða króna. Var ákvörðunin byggð á langtímastefnumörkun í ríkisfjármálum. Ráðuneytin unnu að forgangsröðun verkefna innan rammans og í ágúst voru forsendur endurmetnar í ljósi þróunar í atvinnu- og efnahagsmálum og lokaákvarðanir um útgjöld og viðnámsaðgerðir teknar.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vöru og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Rekstrargjöld eru áætluð 137,7 milljarðar króna og hækka um 5,2% frá áætlun þessa árs. Að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum er hækkun að raungildi 0,5%. Mest hækka útgjöld til menntamála vegna fjölgunar nemenda í framhalds- og háskólum og hækka útgjöld til fræðslumála um 8,8% frá áætlun þessa árs. Þá vaxa útgjöld til stofnana fatlaðra þar sem sérstöku átaki í að stytta biðlista eftir þjónustu lýkur á næsta ári. Framlög til reksturs hjúkrunarheimila vaxa einnig verulega og framlög til löggæslu eru aukin vegna eflingar sérsveitarinnar. Loks hækka útgjöld til þróunaraðstoðar eins og nánar er vikið að síðar í greinargerðinni. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir hagræðingarkröfu er nemur 1% af rekstrargjöldum stofnana að frátöldum sjúkrahúsunum tveimur, Landspítala - háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og að frátöldum hjúkrunarheimilum. Samtals lækka rekstrargjöld stofnana og verkefna um 800 m.kr. vegna hagræðingarkröfunnar.

Sértekjur eru greiðslur fyrir veitta þjónustu eða vörur sem ríkisstofnanir í A-hluta selja. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta. Samtals eru sértekjur áætlaðar 20 milljarðar kr. og hækka um tæplega 1,5 milljarða kr. frá áætlun þessa árs. Skýringar á hækkun sértekna eru einkum þessar: Í fyrsta lagi er gerð breyting á framsetningu Alþjóðaflugþjónustunnar og hækka sértekjur um 254 m.kr. vegna þess. Í öðru lagi er hluti af auknum yfirflugsgjöldum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli færð sem kaup stofnunarinnar á þjónustu frá Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, samtals 125 m.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að hækka skrásetningargjöld í háskólum sem skila á 150 m.kr. auknum tekjum og loks er áformað að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar sem eiga að skila 50 m.kr. tekjum. Aðrar breytingar eru vegna verðlagsbreytinga og vegna þess að sértekjur stofnana hafa verið endurskoðaðar í samræmi við bókfærðar tekjur í ríkisreikningi.

Launagjöld í A-hluta ríkissjóðs eru áætluð tæplega 84,7 milljarðar. Þar af er einn og hálfur milljarður kr. færður á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytisins. Hækkun launaútgjalda frá áætlun þessa árs er 5,5% en er 4,3% að frádregnum launa- og verðlagslið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almennri 3% hækkun launa ríkisstarfsmanna og áhrif kjarasamninga á almennum markaði, sem gerðir voru á þessu ári, hafa verið reiknuð á fjárveitingar stofnana. Kjarasamningar við flest stéttarfélög ríkisstarfsmanna eru lausir í byrjun desember nk. og er því óvissa um endanlegar launabreytingar á einstaka stofnanir og um þróun lífeyrisskuldbindinga.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan lið falla almannatryggingar, niðurgreiðslur á búvöru og önnur framlög til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana utan A-hluta ríkissjóðs. Samtals er áætlað að neyslu- og rekstrartilfærslur verði 122,3 milljarðar kr. og hækki um tæplega 6,3 milljarða kr., eða 5,3%, frá áætlun þessa árs. Mest hækka framlög til almannatrygginga, það er lífeyristrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar, eða um 2,5 milljarða kr. en það er rúmlega 7% hækkun frá áætlun þessa árs. Hækkun umfram verðlagsbreytingar má nær alfarið rekja til fjölgunar öryrkja og bóta tengdum þeim. Útgjöld sjúkratrygginga aukast um 577 m.kr. og til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 420 m.kr. Þá hækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 338 m.kr. eða um 9,9%. Loks hækka framlög til þróunarsjóðs EFTA um 246 m.kr. í samræmi við samkomulag þar um og framlög á nýjum fjárlagalið *Jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku* eru 230 m.kr. Aðrar breytingar eru minni og skýrast m.a. af verðlagsbreytingum.

Fjármagnskostnaður. Gert er ráð fyrir að áfallnir gjaldfærðir vextir ríkissjóðs nemi tæplega 15,5 milljörðum króna og hækki um rúmar 300 m.kr. frá þessu ári eða um 2%. Er áætlunin miðuð við að almennt verðlag hækki um 3,5% á milli ára og að gengisvísitalan verði óbreytt frá forsendum gildandi fjárlaga eða 125 stig. Áætlað er að greiddir vextir verði

nokkru hærri en gjaldfærðir eða 18,1 milljarður kr. og skýrist það af því að stórir flokkar ríkisbréfa verði á gjalddaga á næsta ári. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði niður langtímalán er nemi 3,7 milljörðum kr.

Viðhaldsverkefni. Áætlað er að viðhald nemi samtals 4,6 milljörðum kr. og hækki um rúmlega 400 m.kr. frá áætlun þessa árs eða um 10%. Munar þar mestu um 318 m.kr. hækkun á viðhaldi vega og er það í samræmi við þróun undanfarin ár og að viðhald þeirra mannvirkja, sem fyrir eru, fari vaxandi. Annað viðhald hækkar um rúmar 100 m.kr. og munar þar mestu um 60 m.kr. til viðhalds á sjálfseignarstofnunum hjá heilbrigðisráðuneyti. Aðrar breytingar eru minni.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur nemi tæplega 14,5 milljörðum króna og lækki um rúmlega 1,5 milljarða kr. frá áætlun þessa árs eða um tæplega 13% að raungildi. Mestu munar um að framkvæmdir í vegamálum lækka um 1,3 milljarða kr. þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði 1.900 m.kr. lægri en gert er ráð fyrir í vegáætlun. Á móti kemur að framkvæmdir við framhaldsskóla aukast um 280 m.kr., framkvæmdir Ofanflóðasjóðs aukast um 170 m.kr., framkvæmdir Alþjóðaflugþjónustunnar eru áætlaðar 150 m.kr. og færast úr B-hluta í A-hluta. Fjármagnstilfærslur til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, samtals 742 m.kr., falla niður. Aðrar breytingar eru minni og eru ýmist til hækkunar eða lækkunar en eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að draga úr framkvæmdum um 100 m.kr. við endurbætur menningarbygginga.

3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin

Í þessum kafla er fjallað um helstu forsendur útgjaldaáætlunar í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Fjallað er um langtímaáætlunina í heild í 3. kafla fyrra heftis fjárlagafrumvarpsins, það er tekjur, gjöld og afkomu. Einnig er fjallað ítarlegar um útgjaldaspárnar í upphafi hvers ráðuneytiskafla hér á eftir. Útgjaldaáætlanirnar hafa verið endurmetnar frá þeim áætlunum sem birtar voru í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 og tekið tillit til breyttra forsendna og nýrra ákvarðana. Í ljósi meira atvinnuleysis en gert var ráð fyrir hafa áform um frestun framkvæmda verið endurskoðuð og dregið úr þeim en í staðinn hafa framlög til reksturs stofnana og vaxtabóta verið lækkuð þannig að staðið er við markmið um 3 milljarða lækkun útgjalda frá því sem annars hefði orðið. Heildarútgjöld fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 eru 294,6 milljarðar kr. en voru áætluð 284,7 milljarðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Mismunurinn, eða tæplega 10 milljarðar kr., skýrist að meginhluta af þrennu. Í fyrsta lagi hækkuðu útgjöld við 2. umr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 um 2,2 milljarða króna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um 6,3 milljarða króna í fjáraukalögum fyrir árið 2004 eins og rakið er að framan. Loks er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 gert ráð fyrir sérstakri 2,7 milljarða kr. fjárheimild á

launa- og verðlagslið fjárlaga til að mæta ófyrirséðum breytingum á forsendum. Er það hækkun um 2,2 milljarða frá fjárlögum 2004. Útgjaldaáætlunin byggist á niðurstöðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 og tekur því breytingum ef frumvarpinu verður breytt. Miðast áætlunin við áform ríkisstjórnarinnar um að fylgt verði aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu þannig að vöxtur samneyslu fari ekki umfram 2% árlega að raungildi og tilfærsluútgjöld vaxi ekki umfram 2,5% árlega að raungildi. Þá er miðað við að dregið verði úr framkvæmdum er nemur 2 milljörðum frá því sem annars hefði orðið, t.d. miðað við samgönguáætlanir og önnur fyrirliggjandi áform. Í meðfylgjandi áætlunum um útgjaldaþróun er við það miðað að þessi áform gangi eftir. Nokkuð mismunandi er þó eftir málaflokkum hve mikið útgjöldin breytast.

Langtímaáætlunin styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins þar sem sett er fram spá um útgjaldaþróun að óbreyttu, þ.e. miðað við gildandi lög og þær forsendur og ákvarðanir stjórnvalda sem liggja fyrir við undirbúning frumvarpsins. Nær reikniverkið til allra viðfangsefna í frumvarpinu og byggjast útgjaldabreytingar þeirra milli ára aðallega á hagrænum eða kerfislægum forsendum, s.s. um mannfjölda, nemendafjölda og atvinnuleysi, samningum, t.d. búvörusamningum, fyrirliggjandi áætlunum, t.d. um framkvæmdir og tímabundin verkefni, og að hluta á reynslutölum um útgjaldaþróun. Af helstu forsendum má nefna að miðað er við að útgjöld við rekstur stjórnsýslustofnana og almennrar þjónustu vaxi um 1% árlega á föstu verðlagi. Í sumum málaflokkum er gert ráð fyrir talsvert meiri vexti, s.s. um 2-5% í mennta-, félags- og heilbrigðismálum sem fer hæst í 7% í lyfjakostnaði sjúkratrygginga. Einnig má nefna að reiknað er með umtalsverðum vexti í þróunaraðstoð. Þá getur verið nokkur munur á því innan hvers málaflokks hver útgjaldaþróun einstakra liða er, t.d. á milli skólastiga og flokka heilbrigðisþjónustu. Ýmis smærri framlög og styrkir sem ráðast af ákvörðun stjórnvalda eru látnir haldast óbreyttir í krónutölu nema annað liggi fyrir. Stofnkostnaðarframlög eru framreiknuð miðað við fyrirliggjandi framkvæmdaáform og samgönguáætlun fyrir árin 2003 til 2006 að teknu tilliti til ákvarðana um frestun framkvæmda. Þar sem samgönguáætlun lýkur árið 2006 er gert ráð fyrir að sá fjárfestingarkostnaður haldist óbreyttur árin þar á eftir, árin 2007 til 2008, fyrir utan verkefni sem koma til framkvæmda þá þar sem þeim er frestað árin á undan. Loks er fjármagnskostnaður ríkissjóðs reiknaður samkvæmt áætlun reiknilíkansins um árlega afkomu, lánahreyfingar og skuldastöðu.

Útgjaldaþróun helstu málaflokka ríkissjóðs samkvæmt áætluninni kemur fram í töflunni hér á eftir sem sýnir breytingar á föstu verðlagi ársins 2005 auk áætlaðra verðlags- og launabreytinga og áform um frestun framkvæmda. Frekari skiptingu á málaflokka er að finna í sérstökum kafla í umfjöllun um hvert ráðuneyti.

Útgjöld helstu málaflokka

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Árleg breyting
Almenn opinber þjónusta	15.970	16.160	16.644	16.768	1,6
Löggæsla og öryggismál	12.385	12.316	12.451	12.516	0,4
Fræðslumál	28.624	29.623	30.432	31.259	3,0
Heilbrigðismál	79.168	80.906	83.092	85.489	2,6
Almannatryggingar og velferðarmál	67.674	68.603	72.265	73.500	2,8
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.549	3.708	3.456	3.563	0,1
Menningar- og kirkjumál	11.332	11.236	11.249	11.291	-0,1
Eldsneytis- og orkumál	2.219	2.194	2.201	2.213	-0,1
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.076	14.150	14.230	14.283	0,5
Iðnaðarmál	1.272	1.396	1.445	1.452	4,5
Samgöngumál	20.378	19.725	19.201	19.321	-1,8
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.763	4.687	4.724	4.765	0,0
Önnur útgjöld ríkissjóðs	35.181	36.821	37.046	38.899	3,4
Frestun framkvæmda	-2.000	-2.000	2.000	2.000	
Laun og verðlag, vaxtabreytingar, upps. frá 2005		8.790	18.031	28.029	
Samtals	**294.591**	**308.315**	**328.467**	**345.348**	

3.3 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis, enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefni á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af

viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri, en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár en ekki hefur þótt nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefur í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.245,8	2.284,7	2.454,3	7	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	56,8	56,8	56,8	0	0
Stofnkostnaður og viðhald	187,1	126,9	130,9	3	-30
Samtals	**2.489,7**	**2.468,4**	**2.642,0**	**7**	**6**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.468,4	2.642,0	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**2.468,4**	**2.642,0**	**7**	-

Heildargjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 2005 eru áætluð 2.662 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 20 m.kr. en þær nema 0,8% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 2.642 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.454 m.kr. og hækka um 169 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 40 m.kr. framlag vegna þings Norðurlandaráðs í Reykjavík, 22 m.kr. hækkun á framlögum til embættis forseta Íslands og 15 m.kr. hækkun á framlögum til Ríkisendurskoðunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna er 57 m.kr. og er það óbreytt frá fjárlögum ársins í ár.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 131 m.kr. sem er 4 m.kr. hækkun milli ára.

Í útgjaldaramma æðstu stjórnar ríkisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 12 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna sem alls nema um 182 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka æðstu stjórnar ríkisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Embætti forseta Íslands	154	156	157	158
Alþingi og stofnanir þess	2.184	2.089	2.109	2.125
Ríkisstjórn	197	199	201	203
Hæstiréttur	107	108	109	110
Samtals	**2.642**	**2.552**	**2.576**	**2.596**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni, sem eiga sérstaklega við um málaflokka æðstu stjórnar ríkisins og fela í sér mestar

breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins og skýra lækkun útgjalda hjá Alþingi milli áranna 2005 og 2006, eru þær að reiknað er með að á árinu 2006 falli niður alls um 115 m.kr. tímabundnar fjárveitingar. Munar þar mest um 60 m.kr. fjárveitingu til viðhalds á Alþingishúsinu og 40 m.kr. fjárveitingu vegna þings Norðurlandaráðs sem haldið verður á Íslandi á næsta ári.

Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum þeirra stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	156,8	128,5	154,4	20,2	-1,5
Alþingi	1.614,0	1.672,3	1.775,3	6,2	10,0
Framkvæmdir á Alþingisreit	36,6	0,0	5,0	-	-86,3
Ríkisstjórn	183,9	191,0	196,7	3,0	7,0
Hæstiréttur	97,3	103,6	106,7	3,0	9,7
Umboðsmaður Alþingis	73,8	78,3	80,9	3,3	9,6
Ríkisendurskoðun	327,3	294,7	323,0	9,6	-1,3
Samtals	**2.489,7**	**2.468,4**	**2.642,0**	**7,0**	**6,1**

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 154,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári sem er hækkun um 25,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 20,8 m.kr. Lagt er til að fjárveiting á viðfang *1.01 Yfirstjórn* hækki um 20,2 m.kr. Undanfarin ár hefur nokkru munað á fjárveitingum til embættisins og niðurstöðutölum útgjalda úr ríkisreikningi og hefur sú skekkja verið leiðrétt í fjáraukalögum. Óskað er eftir að fjárveiting á viðfang *1.81 Opinberar heimsóknir* hækki um 1,6 m.kr., aðallega vegna áforma um heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja til Íslands. Erfitt hefur jafnan reynst að meta með fullri vissu fjárþörf vegna opinberra heimsókna enda er aðdragandi einatt skammur. Þá hafa vinnuheimsóknir forseta og forsetahjóna orðið sífellt veigameiri þáttur innan þessa liðar undanfarinn áratug. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum auk 1% hagræðingarkröfu á rekstur.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 1.775,3 m.kr. og hækka um 103 m.kr. frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 59,1 m.kr. Niður falla fjárveitingar sem veittar voru tímabundið, alls 69,2 m.kr., gerðar eru tillögur um ný framlög að fjárhæð 135,9 m.kr. en á móti kemur 7,6 m.kr. lækkun vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Framlög til rekstrarverkefna nema 1.656,2 m.kr. og hækka um 64,1 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fjárveiting á

viðfang *1.01 Alþingiskostnaður* hækkar um 16,5 m.kr. Annars vegar er lögð til 10 m.kr. fjárveiting vegna 50% álags á þingfararkaup þeirra alþingismanna sem eru formenn stjórnmálaflokka en eru ekki jafnframt ráðherrar, sbr. lög nr. 141/2003. Hins vegar er gert ráð fyrir 6,5 m.kr. fjárveitingu til að mæta útgjöldum við varamenn vegna veikinda og annarra ófyrirséðra aðstæðna. Fjárveiting á viðfang *1.04 Alþjóðasamstarf* hækkar um 43,8 m.kr. Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag vegna þings Norðurlandaráðs sem haldið verður í Reykjavík næsta haust og 9 m.kr. tímabundið framlag vegna fundar stjórnarnefndar NATO-þingsins en á móti fellur niður 4,2 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2004 vegna aukaþings Norðurlandaráðs. Fjárveiting á viðfang *1.06 Almennur rekstur* hækkar um 3,1 m.kr. vegna beins og óbeins launakostnaðar. Fjárveiting á viðfang *1.07 Sérverkefni* hækkar um 2 m.kr. Lagt er til að 9,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til skönnunar eldri árganga Alþingistíðinda framlengist og verði 11,5 m.kr. Fyrirséð er að verkefnið er mun umfangsmeira en áætlað var í fyrstu. Ekki hefur verið gerð áætlun um hve langan tíma verkefnið muni taka en lagt er til að fjárveiting hækki um 2 m.kr. í samræmi við leiðrétta kostnaðaráætlun þar til nánari tímaáætlun liggur fyrir. Framlög til viðhaldsverkefna á viðfangi *5.20* verða 84 m.kr. og hækka um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að veitt verði 60 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár svo að unnt verði að halda áfram vinnu við viðhald og endurbætur á Alþingishúsinu. Ólokið er viðgerð á útveggjum norður- og vesturhliðar hússins sem og viðgerðum á 3. hæð og þaki. Einnig á eftir að ljúka við loftræsti- og hitakerfi hússins. Á móti falla niður tvö framlög sem veitt voru tímabundið á fjárlögum 2004, þ.e. 15 m.kr. til framkvæmda við endurbætur og endurnýjun húsbúnaðar á 1. og 2. hæð og 30 m.kr. til breytinga og lagfæringa á 2. hæð. Framlög til stofnkostnaðarverkefna á viðfangi *6.01* verða 35,1 m.kr. og lækka um 20 m.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem niður falla tvö framlög sem veitt voru tímabundið á fjárlögum 2004, þ.e. 18 m.kr. framlag til að ljúka endurgerð upplýsingakerfa Alþingis og 2 m.kr. til kaupa á fjarfundabúnaði.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Lögð er til 5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna vinnu við skipulagningu og frumhönnun á Alþingisreitnum.

301 Ríkisstjórn. Laun ráðherra, að undanskildu þingfararkaupi, og laun aðstoðarmanna ráðherra eru greidd af þessum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 196,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins.

401 Hæstiréttur. Laun hæstaréttardómara eru greidd af þessum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 106,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 80,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er 2,6 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 323 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 28,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 13,1 m.kr. Lögð er til 12 m.kr. fjárveiting til hækkunar á launagrunni til að stofnunin geti sinnt óbreyttu umfangi. Einnig er lagt til að veitt verði 3,6 m.kr. fjárveiting vegna annarra rekstrargjalda, s.s. vegna aðkeyptrar erlendrar sérfræðiþjónustu í tengslum við ýmis verkefni á sviði stjórnsýsluendurskoðunar, aukins útgáfukostnaðar og ferðakostnaðar innanlands. Niður fellur 2,5 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á tækjum og búnaði í aðstöðu Ríkisendurskoðunar á Akureyri. Loks er lögð til 4 m.kr. millifærsla af rekstri á stofnkostnað til að fella fjárveitingar betur að reikningshaldi stofnunarinnar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum auk 1% hagræðingarkröfu á rekstur.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	744,3	660,8	650,8	-2	-13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	361,1	345,9	358,0	3	-1
Stofnkostnaður og viðhald	339,1	168,8	124,8	-26	-63
Samtals	**1.444,5**	**1.175,5**	**1.133,6**	**-4**	**-22**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.175,5	1.133,6	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**1.175,5**	**1.133,6**	**-4**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 1.160 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 26 m.kr. en þær nema 2,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.134 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 651 m.kr. og lækka um 10 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækka framlögin um 30,4 m.kr. Munar þar mest um að niður falla 49 m.kr. framlög vegna

aldarafmælis heimastjórnar á Íslandi og 14,4 m.kr. framlag vegna ritunar sögu Stjórnarráðsins en á móti kemur að veitt er 11,5 m.kr. framlag til endurskoðunar almannavarna og björgunarmála, 11 m.kr. framlag til Evrópunefndar og 10 m.kr. til framkvæmdar á nýlega endurskoðaðri stefnu ríkisstjórnarinnar á sviði upplýsingatæknimála.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 12 m.kr. og verður 358 m.kr. en er 346 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur 12 m.kr. hækkun á framlagi til Vesturfarasetursins á Hofsósi og 13 m.kr. hækkun á framlagi til norrænu ráðherranefndarinnar en niður fellur 7 m.kr. framlag til Norðurlandaskrifstofu tengt formennsku Íslands árið 2004 og 6,4 m.kr. framlag til ritunar Sögu Íslands.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 125 m.kr. og er það 44 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 70 m.kr. lækkun framlaga til Fasteigna Stjórnarráðsins, 10 m.kr. hækkun til Fasteigna forsætisráðuneytis, 10 m.kr. hækkun til Minningarsafns um Halldór Laxness og 11 m.kr. hækkun til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 6,5 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema um 105 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	435	424	417	419
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir	100	0	0	0
Annað	598	580	575	580
Samtals	**1.133**	**1.004**	**992**	**999**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi, eins og tilgreint er í töflunni hér fyrir neðan, um uppbyggingu á þorpskjarnanum á Hofsósi og þjónustu á sviði menningartengsla milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Vesturfarasetrið á Hofsósi		16,0	22,0	22,0	12,0	12,0
Samtals		**16,0**	**22,0**	**22,0**	**12,0**	**12,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	186,7	205,4	220,1	7,2	17,9
Ýmis verkefni	399,3	243,8	210,2	-13,8	-47,4
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**586,0**	**454,2**	**435,3**	**-4,2**	**-25,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 27,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Mest munar um að niður falla ýmsar tímabundnar fjárveitingar, alls tæpar 77 m.kr., en á móti kemur 12 m.kr. hækkun á samningi við Vesturfarasetrið á Hofsósi, 11,5 m.kr. til endurskoðunar almannavarna- og björgunarmála, 11 m.kr. vegna starfsemi Evrópunefndar og 10 m.kr. til framkvæmdar á stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 220,1 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 14,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 7,8 m.kr. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins. Um er að ræða eitt viðbótarstöðugildi hjá upplýsingasamfélaginu og kostnað sem tengist framkvæmd á nýlega endurskoðaðri stefnu ríkisstjórnarinnar á sviði upplýsingatæknimála. Á móti kemur 2,2 m.kr. lækkun vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 210,2 m.kr. og lækki að raungildi um 35,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á framlögum til liðarins eru: Niður fellur 6,4 m.kr. framlag á viðfang *1.13 Saga Íslands, Hið Íslenska bókmenntafélag* og 14,4 m.kr. framlag á viðfang *1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins* þar sem þessum verkefnum, eins og þau voru skilgreind, er nú lokið. Á viðfang *1.16 Evrópunefnd*, sem er nýtt viðfang í fjárlögum, er tillaga um 11 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við störf Evrópunefndar. Nefndin er skipuð af forsætisráðherra og er henni ætlað að skerpa og skýra hvaða atriði þarf að ræða í Evrópumálum og hver ekki. Evrópunefndinni er, auk upplýsingaöflunar, ætlað að greina aðalatriði mála og helstu staðreyndir til að auðvelda umræður á réttum eða skynsamlegum forsendum um Evrópumálin. Nefndarmenn eru alls níu. Gert er ráð fyrir starfsmanni í hálfu starfi auk kostnaðar við aðkeypta sérfræðivinnu. Á viðfangi *1.23 Hrafnseyri* fellur niður 2 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2004 til að hefja frumathugun og áætlanagerð á umhverfisskipulagi að Hrafnseyri og til undirbúnings 200 ára afmælishátíðar Jóns Sigurðssonar forseta en á móti er gerð tillaga um að veitt verði 2,5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til viðhaldsverkefna skv. viðhaldsáætlun og

kostnaðar við viðgerðir á ofnalögn vegna leka á sl. ári. Um er að ræða ýmislegt viðhald á íbúðarhúsinu Hrafnseyri, safni Jóns Sigurðssonar, kapellu og burstabæ. Á viðfangi *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag á ári næstu fjögur ár vegna endurnýjunar á samningi, frá 25. nóvember 1999, við Vesturfarasetrið. Framlaginu skal m.a. varið til frekari uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi vegna þjónustu og afþreyingar fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Jafnframt er sótt um 6 m.kr. framlag vegna samningsins í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 og nemur heildarframlag vegna endurnýjunar samningsins því 54 m.kr. yfir fimm ára tímabil. Á viðfangi *1.90 Ýmis verkefni* er tillaga um 11,5 m.kr. tímabundið framlag vegna endurskoðunar almannavarna og björgunarmála. Um er að ræða endurskoðun laga um almannavarnir og vinnu við samhæfingu á stjórn og skipulagi leitar- og björgunarmála í einni miðstöð í Skógarhlíð. Verkefnið varir árin 2004 og 2005 og sótt er um jafnháa fjárveitingu til verksins í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2004. Loks falla niður 49 m.kr. tímabundin framlög sem veitt voru á fjárlögum 2004 til að minnast aldarafmælis heimastjórnar á Íslandi. Aðrar breytingar á liðnum skýrast af launa- og verðlagsbótum auk 1% hagræðingarkröfu á rekstur.

Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 303 Kristnihátíðarsjóður.

303 Kristnihátíðarsjóður. Á þennan fjárlagalið er nú í fimmta og síðasta sinn fært 100 m.kr. árlegt framlag sem veitt var til 5 ára á fjárlögum 2001 samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum sem haldinn var í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini; 261 Óbyggðanefnd: 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	53,2	56,9	67,7	19,0	27,3
Fasteignir Stjórnarráðsins	199,3	95,0	25,0	-73,7	-87,5
Norræna ráðherranefndin	124,6	132,3	140,8	6,4	13,0
Umboðsmaður barna	24,9	25,2	25,8	2,4	3,6
Þjóðmenningarhúsið	77,4	75,2	76,8	2,1	-0,8
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	83,0	9,9	9,9	0,0	-88,1
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	14,9	25,0	35,4	41,6	137,6
Óbyggðanefnd	62,8	65,8	67,2	2,1	7,0
Ríkislögmaður	47,4	50,4	51,4	2,0	8,4
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	74,6	70,6	72,3	2,4	-3,1
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	15,0	26,0	73,3	-
Samtals	**762,1**	**621,3**	**598,3**	**-3,7**	**-21,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 34,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbætur. Helstu breytingar eru þær að niður fellur tímabundið 70 m.kr. framlag til endurbóta á fasteignum Stjórnarráðsins og 13,5 m.kr. vegna formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2004. Á móti er gert ráð fyrir 13 m.kr. hækkun á framlagi Íslands til norrænu ráðherranefndarinnar, 11 m.kr. hækkun á fé til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins, 10 m.kr. hækkun á viðhaldsfé til Fasteigna forsætisráðuneytis og 10 m.kr. til endurbóta á húsi og frágangi lóðar að Gljúfrasteini. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 67,7 m.kr. og hækki að raungildi um 9,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbætur nema 1,3 m.kr. Lagt er til að áfram verði veitt 2,5 m.kr. fjárveiting á viðfang *1.01* til reksturs íbúðarhúsnæðis í Aðalstræti 12 sem tekið var á leigu fyrir færeyska embættismenn sem komu hingað til lands í starfsþjálfun samkvæmt samkomulagi forsætisráðherra og formanns færeysku landstjórnarinnar. Upphafleg fjárveiting var á sínum tíma veitt á fjárlögum 2003, tímabundin til tveggja ára og hefði að óbreyttu fallið niður. Þá lækkar framlag til liðarins um 0,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Á viðfangi *5.29* er lögð til 10 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til viðhaldsverkefna en fyrir eru 5 m.kr. á liðnum til verkefnisins. Í fjárlögum 2004 var samþykkt tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag á þriggja ára tímabil til seinni áfanga viðhaldsverkefna á vegum Fasteigna forsætisráðuneytis sem um langt skeið hefur verið brýnt að ráðast í. Gert var ráð fyrir að fjárveitingin yrði áfangaskipt þannig: 5 m.kr. árið 2004, 15 m.kr. árið 2005 og 10 m.kr. árið 2006.

203 ***Fasteignir Stjórnarráðsins.*** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar verður 25 m.kr. á næsta ári og lækkar um 70 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 70 m.kr. tímabundin fjárveiting sem tengdist flutningi ráðuneyta og veitt var á fjárlögum 2004 til endurbóta á Skuggasundi 3, Lindargötu 9 og Arnarhvoli.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 140,8 m.kr. og hækki að raungildi um 7,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Launa- og verðlagsbætur eru 0,8 m.kr. Niður falla tvö tímabundin framlög sem veitt voru á fjárlögum 2004, þ.e. 6,5 m.kr. vegna formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni og 7 m.kr. vegna aukins ferðakostnaðar ráðuneyta sökum formennskunnar. Lagt er til að veitt verði 8,5 m.kr. tímabundið framlag í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið verður í Reykjavík haustið 2005. Á viðfangi *1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar* er lögð til 13 m.kr. hækkun fjárveitingar. Áætlað er að heildarframlag norrænu ríkjanna til norrænu ráðherranefndarinnar árið 2005 verði tæpar 820 m.dkr. Hlutur Íslands er 1,1%, eða um 9 m.dkr., sem svarar til um 106 m.kr. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum auk 1% hagræðingarkröfu á rekstur.

255 ***Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.*** Gert er ráð fyrir 35,4 m.kr. fjárveitingu til safnsins sem er 9,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar á árinu 2005 við að ljúka endurbótum á Gljúfrasteini og frágangi lóðar. Kostnaður við lagfæringar og endurbætur hefur orðið meiri en ráð var fyrir gert í upphafi. Hefur því orðið að fresta til næsta árs ýmsum frágangsverkefnum við húsnæðið og lóð. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum auk 1% hagræðingarkröfu á rekstur.

996 ***Íslenska upplýsingasamfélagið.*** Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 100 m.kr. sérstöku framlagi. Í hlut forsætisráðuneytisins koma 26 m.kr. vegna sameiginlegra verkefna ráðuneyta og er það hækkun um 11 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlagið skiptist þannig: rafræn stjórnsýsla 10 m.kr., umræðutorg 3 m.kr., yfirlit yfir rafræna þjónustu sem er í boði 3 m.kr. og rafræn þjónustuveita 10 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
01-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	20.291,2	21.230,3	23.372,3	10	15
Neyslu- og rekstrartilfærslur	9.120,7	10.102,3	10.739,9	6	18
Stofnkostnaður og viðhald	3.423,5	1.993,2	1.837,7	-8	-46
Samtals	**32.835,4**	**33.325,8**	**35.949,9**	**8**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	-	30.096,9	32.350,8	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	3.228,9	3.599,1	11	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**33.325,8**	**35.949,9**	**8**	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 38.986 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.036 m.kr. en þær nema 7,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 35.950 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 32.351 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.599 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Gjöld umfram sértekjur hækka um 2.624 m.kr. frá fjárlögum 2004 en sé áætluð launa- og verðlagshækkun dregin frá nemur hækkunin 1.759 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 23.372 m.kr. og hækka um 2.142 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 843 m.kr. hækkun vegna nemendafjölgunar í framhaldsskólum, 295 m.kr. vegna nemendafjölgunar í háskólum, 232 m.kr. vegna rannsókna, 150 m.kr. vegna áforma um að hækka skrásetningargjöld í háskólum til að mæta auknum útgjöldum þeirra, 121 m.kr.

vegna leiðréttingar á vantöldum ríkistekjum háskólanna í fjárlögum með hliðsjón af ríkisreikningi, 60 m.kr. vegna námsorlofa, sérkennslu og stúdentsprófa í framhaldsskólum og að lokum 50 m.kr. vegna millifærslu stofnkostnaðarframlags yfir á rekstur vegna húsaleigu til Fasteigna ríkisins. Á móti kemur að 30 m.kr. tímabundin framlög falla niður og að hækkun rekstrarútgjalda er að hluta til mætt með 1% lækkun rekstrarframlags á nánast alla fjárlagaliði til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum og nemur lækkunin alls 227 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 638 m.kr. og verður 10.740 m.kr. en er 10.102 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur 300 m.kr. hækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 218 m.kr. hækkun til Ríkisútvarpsins í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af afnotagjöldum og 95 m.kr. hækkun í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að efla samkeppnissjóði í rannsóknum. Launa- og verðlagsbreytingar skýra 94 m.kr. hækkun. Á móti kemur að niður falla tímabundin framlög að fjárhæð 139 m.kr., aðallega til íþrótta-, æskulýðs- og annarra menningarmála. Hækkanir til lista og menningarmála skýra að mestu þær 70 m.kr. sem þá standa eftir.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.838 m.kr. og er það 156 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingar til hækkunar eru 320 m.kr. til framkvæmda vegna framhaldsskóla og 50 m.kr. til að bæta aðstöðu fyrir áhorfendur á Laugardalsvelli. Á móti kemur að 244 m.kr. tímabundin framlög falla niður, aðallega framlög til endurbóta á gömlum húsum og minjum. Þá lækkar stofnkostnaður Háskóla Íslands um 135 m.kr. í samræmi við áætlun um hagnað af rekstri Happdrættis Háskóla Íslands og 50 m.kr. framlag til endurbóta á húsnæði menningarstofnana er breytt í rekstrarframlag vegna húsaleigugreiðslna fjögurra safna til Fasteigna ríkissjóðs. Að síðustu lækkar stofnkostaður um 100 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar nema 3 m.kr. samtals til lækkunar.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld menntamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	469	474	479	484
Háskólar og rannsóknir	11.185	11.576	11.946	12.282
Framhaldsskólar	12.594	13.026	13.333	13.685
Grunnskólar	499	504	509	514
Námsaðstoð	4.264	4.382	4.503	4.628
Söfn, listastofnanir o.fl.	6.393	6.384	6.354	6.374
Annað	646	647	648	626
Samtals	**36.050**	**36.993**	**37.772**	**38.593**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka menntamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Forsendur eru hinar sömu og í langtímaáætlun í fjárlagafrumvarpi 2004. Í fyrsta lagi er í spánni miðað við að framlög til háskóla aukist um 4% milli ára. Í öðru lagi er miðað við að svigrúm sé til að auka framlag til rannsókna og annarra verkefna háskóla að raungildi um 2% milli ára. Þetta er til viðbótar við þá hækkun sem ráðherrar í Vísinda- og tækniráði munu beita sér fyrir en hún er áætluð 80 m.kr. árið 2006 og 53 m.kr. árið 2007. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að framlög til framhaldsskóla aukist um liðlega 3% á ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að útgjöld til sérkennslu í framhaldsskólum, á óskiptum lið, hækki um 5% milli ára. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að framlög til framkvæmda við húsnæði framhaldsskólanna hækki árið 2006 um 100 m.kr. Í sjötta lagi er spáð 3% raunaukningu útgjalda til námslána vegna fjölgunar lánþega. Í sjöunda lagi má nefna að tímabundnar fjárveitingar falla niður. Að lokum er reiknað með að útgjöld til safnastarfsemi aukist um 1% milli ára.

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.058 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Aðrar fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	70,0	80,0	90,0	90,0	90,0
Háskólinn í Reykavík, háskólanám	A	418,0	498,0	498,0	498,0	498,0
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	426,0	442,0	442,0	442,0	442,0
Stoðþjónusta, viðhald og leiga lönsk. í Hafnarf.	A	85,0	77,0	77,0	77,0	77,0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	156,2	178,6	178,6	178,6	178,6
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	562,0	657,0	657,0	657,0	657,0
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	38,0	39,0	39,0	39,0	39,0
Íslenska óperan	B	160,0	167,0	167,0	167,0	167,0
Menningarsamstarf í 16 austfirskum sv.fél.	B	34,0	34,0	34,0	34,0	34,0
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, rekstur	C	3,0	3,0	4,0	4,0	4,0
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, stofnk.	C	30,0	30,0	30,0	35,0	35,0
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	25,0	25,0	30,0	30,0	30,0
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli, stofnk.	C	0,0	50,0	50,0	50,0	50,0
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	5,0	5,0	5,0	-	-
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	C	62,0	63,0	63,0	63,0	63,0
Háhraðanet framh.sk. og símenntunarmiðst.	C	147,0	147,0	147,0	37,0	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	154,0	159,0	159,0	159,0	159,0
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	11,0	12,0	12,0	12,0	-
Hraðbraut, framhaldsskóli	C	107,0	156,0	156,0	156,0	156,0
Húsavíkurskólinn Hallormsstað, framh.skóli	C	17,0	18,0	18,0	18,0	18,0
Húsavíkurskólinn í Reykjavík, framh.skóli	C	23,0	25,0	25,0	25,0	25,0
Humbolt háskóli, lektorsstaða í íslensku	C	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Listahátíð í Reykjavík	C	34,0	31,0	31,0	31,0	31,0
Lundur, nemendagarðar	C	25,0	26,0	26,0	26,0	26,0
Lyfjaeftirlit með íþróttamönnum	C	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Menntafélagið ehf, Vélskóli og Stýrimannaskóli	C	205,0	220,0	220,0	220,0	220,0
Menningarhús á Ísafirði, stofnkostnaður	C	40,0	40,0	36,0	-	-
OECD, samanburðarrannsóknir á vegum PISA	C	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0
Síldarminjasafn á Siglufirði, stofnkostnaður	C	35,0	35,0	-	-	-
Símenntunarmiðstöðvar á 9 stöðum	C	81,0	81,0	81,0	81,0	81,0
Snorrastofa í Reykholti	C	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0
Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	C	14,0	10,0	10,0	-	-
Umsýsla sveinsprófa og samninga	C	37,0	37,0	37,0	37,0	37,0
Upplýsingakerfi framh.skóla, þrír samningar	C	31,0	27,0	10,0	-	-
Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms	C	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Samtals		**3.058,2**	**3.395,6**	**3.355,6**	**3.189,6**	**3.140,6**

Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.717 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 232 m.kr. Að lokum eru 1.109 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 3,4 milljarðar króna bundnir árlega vegna framangreindra verkefna. Endanleg niðurstaða samninga kann að verða önnur en fram kemur í töflunni.

Unnið er að endurnýjun samninga við Háskólann í Reykjavík, Listaháskóla Íslands, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Snorrastofu vegna stofnkostnaðar, Hafnarfjarðarleikhúsið og Listahátíð í Reykjavík. Þá eru í undirbúningi samningar við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og vegna stofnkostnaðar menningarhúss í Skagafirði.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarútgjöld nema 468,9 m.kr. og hækka um 5,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs ef launa- og verðlagsbreytingar eru frátaldar. Til hækkunar kemur 10 m.kr. framlag til að efla stjórnsýslu rannsóknarmála í ráðuneytinu en á móti kemur 4,4 m.kr. lækkun framlags til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniháskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknamiðstöð Íslands; 235–239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir og 985 Alþjóðleg samskipti.

Heildargjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 13.134 m.kr. sem er 827 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 6,7%. Sértekjur eru áætlaðar 1.948 m.kr. sem er 63 m.kr. hækkun.

Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 11.185,4 m.kr. og hækka um 465,3 m.kr. frá fjárlögum 2004 auk hækkunar vegna launa- og verðlagsbreytinga og er það 4,2% hækkun. Þyngst vegur 295,2 m.kr. hækkun vegna fjölgunar nemenda. Í öðru lagi hækka framlög til rannsókna um 232 m.kr. Þar af eru 132 m.kr. til að hækka grunnfjárveitingu háskóla en 100 m.kr. fara til rannsóknarsjóða. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að ríkisháskólarnir nýti sér heimild sem menntamálaráðherra áformar að beita sér fyrir til að hækka skrásetningargjöld í 45.000 kr. Gert er ráð fyrir að hækkunin skili 150 m.kr. tekjum og gefi skólunum svigrúm til að auka útgjöld um sömu fjárhæð og efla þjónustu sína. Að lokum eru

rekstrarútgjöld, sem fjármögnuð eru með ríkistekjum sem skólarnir innheimta af skráningargjöldum, leiðrétt til hækkunar um 121 m.kr. með hliðsjón af ríkisreikningi 2002 og er því ekki um aukna gjaldtöku að ræða.

Á móti kemur í fyrsta lagi að stofnkostnaður sem fjármagnaður er með ríkistekjum af Happdrætti Háskóla Íslands lækkar um 140 m.kr. í samræmi við áætlun happdrættisins í B-hluta frumvarpsins. Í öðru lagi lækka framlög til rekstrarútgjalda stofnana um 1% eða sem nemur 89,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum og að lokum falla niður 26,8 m.kr. tímabundin útgjöld.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	5.358,6	4.530,2	4.820,0	6,4	-10,1
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	128,3	128,3	131,1	2,2	2,2
Raunvísindastofnun Háskólans	230,4	215,6	220,0	2,0	-4,5
Stofnun Sigurðar Nordals	21,4	19,6	20,0	2,0	-6,5
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	95,0	103,2	105,3	2,0	10,8
Orðabók Háskólans	31,2	26,0	26,5	1,9	-15,1
Íslensk málstöð	16,5	17,9	18,2	1,7	10,3
Örnefnastofnun Íslands	18,0	16,1	15,0	-6,8	-16,7
Háskólinn á Akureyri	768,0	684,1	819,0	19,7	6,6
Tækniháskóli Íslands	545,1	550,8	674,3	22,4	23,7
Kennaraháskóli Íslands	1.080,5	1.166,7	1.301,1	11,5	20,4
Námsmatsstofnun	18,0	20,1	20,7	3,0	15,0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	127,9	156,2	178,6	14,3	39,6
Háskólinn í Reykjavík	442,3	418,3	498,0	19,1	12,6
Listaháskóli Íslands	388,1	426,2	441,8	3,7	13,8
Rannsóknamiðstöð Íslands	67,5	93,9	96,1	2,3	42,4
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	93,6	112,7	116,1	3,0	24,0
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	220,7	85,0	90,0	5,9	-59,2
Rannsóknasjóður	202,6	415,0	500,0	20,5	146,8
Tækjasjóður	80,4	115,0	110,0	-4,3	36,8
Rannsóknarnámssjóður	56,3	50,0	60,0	20,0	6,6
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	194,4	170,0	170,0	0,0	-12,6
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	85,4	383,9	236,8	-38,3	177,3
Alþjóðleg samskipti	448,5	516,2	516,8	0,1	15,2
Samtals	**10.718,7**	**10.421,0**	**11.185,4**	**7,3**	**4,4**

Eins og í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir rekstri kennsluþáttarins í starfsemi háskólanna með hliðsjón af reglum nr. 646/1999, um fjárveitingar til háskóla, og reiknilíkani sem skiptir fjárveitingum milli skólanna í samræmi við samninga menntamálaráðuneytisins við þá eða ákvörðun ráðuneytisins liggi samningur ekki fyrir. Samkvæmt samningum við skólana er fjárveiting til kennsluþáttarins ákveðin fyrir hvert ár, m.a. á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda á verðflokka náms. Að árinu loknu eru útreikningarnir endurteknir með rauntölum ársnemenda. Skólinn heldur

fjárveitingu sinni ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af henni en á ekki rétt á viðbótarfjárveitingu þótt útreikningar gefi hærri niðurstöðutölu. Sé niðurstaðan lægri skal skerða fjárveitinguna, samanber umfjöllun um óskipt framlag á lið *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*. Verðflokkar náms eru á bilinu frá 395 þús.kr. til 2.095 þús.kr. á ársnemanda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld til skólanna þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum. Til þessa hefur aðeins verið áætlað í fjárlögunum fyrir þeim hluta tekna af gjöldunum sem koma til frádráttar en í frumvarpinu er hinn hluta teknanna og útgjöldin, sem þau standa undir, einnig sýnd.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð þús.kr.	Verðhlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	395	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	625	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	668	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	703	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	899	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.254	3,2
Nám í tannlækningum	2.095	5,3

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Áætlað er að framlög á ársnemanda í Listaháskólanum séu á bilinu 668 þús.kr. til 2.600 þús.kr. og eru framlög til rannsókna og þróunarstarfs innifalin.

Haustið 2003 voru 15.390 skráðir í háskóla sem fá framlög með hliðsjón af reiknilíkani háskóla og hafði þeim fjölgað um nálægt 5.450 frá árinu 2000 og er það 54,8% fjölgun á fjórum árum. Fjölgunin er áberandi mest í fjarnámi. Sé fjöldi skráðra nemenda borinn saman við ársnemendafjölda í skólunum kemur í ljós að hlutfall prófaðra nemenda hefur verið á bilinu 64–70% á tímabilinu. Hlutfallið er vísbending um virkni nemenda í námi. Haustið 2003 voru um 40% háskólanemenda á aldrinum 20–24 ára og hefur hlutfallið farið stöðugt lækkandi. Fjöldi stúdenta sem brautskráðir eru úr framhaldsskólunum hefur breyst tiltölulega lítið á síðustu árum.



	Í dag-skóla	Í kvöld-skóla	Í fjar-námi	Alls í skóla	Hlutfall prófaðra	Fjöldi 20-24 ára	Alls í skóla sem % af 20-24 ára	Ný-stúdentar
2000	9.140	0	800	9.940	70	21.697	46	2.189
2001	10.543	158	1.293	11.994	65	22.019	54	2.160
2002	11.539	373	1.907	13.819	64	22.235	62	2.246
2003	13.008	372	2.010	15.390	66	22.093	70	-

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 10.779 ársnemendur í háskólum. Þetta er fjölgun um 331 ársnemanda frá forsendum fjárlaga 2004 sé tekið tillit til þess að framlag vegna 384 ársnemenda í fjárlögum 2004 var sett í rannsóknir og önnur verkefni háskólanna.

Ársnemendur	HÍ	KHÍ	HA	HR	THÍ	VHB	LHÍ	Áætlað 2005	Áætlað 2004
Félags- og mannvísindi	3.400	0	360	650	270	363	0	5.043	4.690
Tölvufræði og stærðfræði	185	0	40	290	0	0	0	515	635
Kennaranám o.þ.h.	90	1.450	380	60	0	0	30	2.010	1.880
Hjúkrunarfræði	400	0	235	0	0	0	0	635	600
Verk-, tækni-, efnafræði	1.000	0	75	0	450	0	36	1.561	1.421
Læknisfræði	330	0	0	0	0	0	0	330	350
Tannlækningar	45	0	0	0	0	0	0	45	45
Listnám	0	0	0	0	0	0	278	278	277
Framhaldsskólastig	0	0	0	0	185	37	0	222	210
Óskiptur liður	0	0	0	0	0	0	0	140	340
Samtals 2005	**5.450**	**1.450**	**1.090**	**1.000**	**905**	**400**	**344**	**10.779**	**10.448**
Áætlað 2004	**5.200**	**1.400**	**1.010**	**930**	**855**	**370**	**343**		
Meðal verðhlutfall	1,5	1,7	1,5	1,2	1,6	1,0	3,3		

Rekstraráætlanir skólanna árið 2004 gera ráð fyrir hallalausum rekstri og í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna er kveðið á um það hvernig brugðist skuli við ef nemendafjöldi reynist annar en fjárlögin gera ráð fyrir.

1 Háskóli Íslands og stofnanir hans. Hér er fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum sem eru Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum; Raunvísindastofnun Háskólans; Stofnun Sigurðar Nordals; Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi; Orðabók Háskóla Íslands; Íslensk málstöð og Örnefnastofnun Íslands.

Heildargjöld framantalinna stofnana eru áætluð 6.984,9 m.kr. og þar af er áætlað að 1.628,8 m.kr. séu fjármagnaðar með sértekjum eða 23%. Að frátöldum sértekjum nema gjöldin 5.356,1 m.kr. og hækka um 140,9 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Hefur þá verið tekið tillit til 1% lækkunar á rekstrargjöldum stofnananna til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum, samtals 47 m.kr. Hækkunin skiptist þannig að rekstrargjöld hækka um 275,5 m.kr. en á móti kemur 135 m.kr. lækkun stofnkostnaðar.

Rekstrargjöld á *1.01 Kennsla* hjá Háskóla Íslands hækka í fyrsta lagi um 120,4 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og breyttrar samsetningar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skólinn nýti heimild til að innheimta hærri skrásetningargjöld sem menntamálaráðherra áformar að beita sér fyrir og það gefi skólanum svigrúm til að auka útgjöld um 100 m.kr. Í þriðja lagi eru bæði útgjöld og ríkistekjur af skrásetningagjöldum leiðrétt til hækkunar um 85 m.kr. með hliðsjón af ríkisreikningi 2002. Á móti kemur 30,2 m.kr. lækkun rekstrarframlags til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. *1.02 Rannsóknir og önnur verkefni* hækka um 20 m.kr. vegna rannsókna í samræmi við samkomulag menntamálaráðuneytisins við skólann þar að lútandi og lækkar óskiptur liður 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi um sömu fjárhæð. Á móti kemur 11,6 m.kr. lækkun vegna aðhalds í ríkisútgjöldum og að niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á kúamjólk sem staðið hefur í nokkur ár. *1.13 Háskólasjóður* hækkar um 4 m.kr. vegna hækkunar á meðaltekjuskattsstofni milli ára og nemur áætlað framlag í sjóðinn 94 m.kr. Tekjurnar koma af óskiptum tekjuskatti vegna fólks sem stendur utan trúfélaga. Samkvæmt stofnskrá Háskólasjóðs skal fé hans meðal annars varið til að efla menningarstarfsemi innan Háskólans, svo sem útgáfustarfsemi, fyrirlestrahald fyrir almenning og tónleikahald. Viðfangsefnaliðirnir *5.50 Fasteignir* og *6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup* eru fjármagnaðir með tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Fyrri liðurinn er óbreyttur en sá síðari lækkar um 135 m.kr. í samræmi við áætlun happdrættisins í B-hluta. Þess skal getið að einnig er áætlað fyrir viðhaldi og kaupum á búnaði í rekstrarframlagi allra háskóla.

Framlag til *208 Örnefnastofnun* lækkar um 1,6 m.kr. einkum vegna þess að tímabundið framlag til að gefa út örnefnamyndir af Íslandi í samstarfi við IWW ehf. fellur niður.

2 Aðrir háskólar. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Tækniháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

Útgjöld ríkisins vegna skólanna eru áætluð 3.912,8 m.kr. og hækka að raungildi um 384,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Mestu munar um 180,5 m.kr. til rannsókna og 169,3 m.kr. vegna nemendafjölgunar. Hluti af hækkuninni kemur af safnlið á *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ríkisháskólarnir nýti sér heimild til að hækka skrásetningargjöld sem menntamálaráðherra áformar að beita sér fyrir og það gefi skólunum svigrúm til að auka útgjöld um 50 m.kr. Í þriðja lagi eru bæði útgjöld og ríkistekjur af skrásetningagjöldum leiðrétt til hækkunar um 36 m.kr. með hliðsjón af ríkisreikningi 2002. Á móti kemur að rekstrarframlög á alla fjárlagaliði lækka um 1% til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum og nemur lækkunin samtals 31,8 m.kr. Þá fellur niður 20,3 m.kr. tímabundið framlag til biðlauna fyrrverandi starfsmanna Tækniskóla Íslands.

210 Háskólinn á Akureyri hækkar um 108,8 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun og að teknu tilliti til lækkunar vegna aðhalds. Til hækkunar koma 55 m.kr. vegna rannsókna og annarra verkefna, 32,1 m.kr. vegna nemendafjölgunar, 16 m.kr. vegna áforma um hækkun á

skrásetningargjöldum og 10 m.kr. vegna leiðréttingar á tekjum af skrásetningagjöldum. Í fjárlögum yfirstandandi árs er miðað við að 1,9 m.kr. útgjöld vegna rannsókna séu greidd af ríkistekjum en samkvæmt frumvarpinu verða þau greidd úr ríkissjóði.

211 Tæknihäskóli Íslands hækkar um 101,8 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun og að teknu tilliti til aðhaldsaðgerða. Til hækkunar koma 61 m.kr. vegna nemendafjölgunar, 55 m.kr. til rannsókna og annarra verkefna, 10 m.kr. vegna áforma um hækkun á skrásetningargjöldum og 2 m.kr. vegna leiðréttingar á tekjum af skrásetningagjöldum. Á móti kemur að 20,3 m.kr. framlag vegna biðlauna fellur niður.

215 Kennaraháskóli Íslands hækkar um 92,7 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun og að teknu tilliti til aðhalds. Til hækkunar koma 31,9 m.kr. vegna nemendafjölgunar, 25 m.kr. til rannsókna, 24 m.kr. vegna áforma um hækkun á skrásetningargjöldum og 24 m.kr. vegna leiðréttingar á tekjum af skrásetningargjöldum.

225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst hækkar um 16,6 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun og að teknu tilliti til aðhalds. Hækkunin skýrist af 13 m.kr. vegna nemendafjölgunar og 5,2 m.kr. til rannsókna.

227 Háskólinn í Reykjavík hækkar um 63,5 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun og að teknu tilliti til aðhalds. Til hækkunar koma 40 m.kr til rannsókna og 31,3 m.kr. vegna nemendafjölgunar.

228 Listaháskóli Íslands hækkar um 4 m.kr. vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á samningi við skólann og um 1,1 m.kr. að auki vegna nemendafjölgunar og er þá miðað við að allar deildir skólans séu fullskipaðar og námsframboð óbreytt.

3 Rannsóknarsjóðir. Hér verður fjallað í einu lagi um Rannsóknamiðstöð Íslands, Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora, Markáætlanir á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð. Liðurinn Markáætlanir á sviði vísinda og tækni hét áður Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum.

Heildargjöld á þessum liðum eru áætluð 972,2 m.kr. sem er 95 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2004 og er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og Vísinda- og tækniráðs um að efla samkeppnissjóði sem veita styrki til rannsókna.

231 Rannsóknamiðstöð Íslands lækkar um 0,9 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni fær 90 m.kr. framlag sem er hækkun um 5 m.kr. frá fjárlögum 2004. Auglýst hefur verið eftir hugmyndum um nýja áætlun sem tekur við af áætlun um rannsóknir og þróun í upplýsingamálum sem lýkur í árslok 2004.

236 Rannsóknasjóður hækkar um 85 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að efla samkeppnissjóð og nemur framlag í sjóðinn þá 500 m.kr.

238 Tækjasjóður lækkar um 5 m.kr. í samræmi við rekstraráætlun Happdrættis Háskóla Íslands en sjóðurinn fær tekjur af einkaleyfisgjaldi sem það greiðir. Gert er ráð fyrir að hann hafi samtals 110 m.kr. til ráðstöfunar. Sjóðurinn veitir háskólum og öðrum rannsóknarstofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og sérhæfðum búnaði til rannsókna.

239 Rannsóknarnámssjóður hækkar um 10 m.kr. og nemur þá framlag í hann 60 m.kr. á árinu 2005. Í stefnu Vísinda- og tækniráðs er gert ráð fyrir að hlutverk sjóðsins verði endurskoðað með tilliti til þess að bæta skilyrði nemenda í framhaldsnámi til doktorsgráðu.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag til fjárlagaliðarins nemur 170 m.kr. eins og í fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af eru 40 m.kr. ætlaðar í viðhald og 130 m.kr. í stofnkostnað. Áformað er að skipta fjárhæðinni sem hér segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005
Háskólinn á Akureyri, nýbygging	90,0
Kennaraháskóli Íslands, lóð o.fl.	45,0
Íþróttamiðstöð á Laugarvatni o.fl.	15,0
Viðhald, óskipt	20,0
Samtals	**170,0**

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Útgjöld á liðnum eru áætluð 236,8 m.kr. og lækka að raungildi um 153,1 m.kr. Eftirtalið skýrir breytinguna. Í fyrsta lagi hækkar framlag á *1.61 Norræna eldfjallamiðstöðin* um 15 m.kr. en Háskóli Íslands hefur yfirtekið verkefni hennar og eru þau rekin í sérstakri stofnun innan skólans. Tilgangur framlagsins er að efla stofnunina til að kynna Ísland sem miðstöð alþjóðlegra jarðvísindarannsókna og til að afla erlendra rannsóknarstyrkja. Í öðru lagi hækkar *1.73 Reykjavíkurakademían* um 2 m.kr. og nemur framlag á liðinn 12 m.kr. Í þriðja lagi lækkar framlag á *1.91 Háskólar, óskipt* um 169,6 m.kr. og hefur menntamálaráðuneytið skipt þeirri fjárhæð á milli skóla til að efla rannsóknir og mæta nemendafjölgun í þeim. Þá standa 121 m.kr. eftir á liðnum sem áformað er að menntamálaráðuneytið millifæri yfir á háskóla eftir að það hefur lokið samningum við þá um kennslu, rannsóknir og uppgjör vegna nemendafjölda á fyrri árum. Fjárhæðin samsvarar framlagi fyrir nálægt 200 ársnemendur en í töflu hér að framan um fjölda ársnemenda er miðað við 140 ársnemendur þótt ekki liggi endanlega fyrir hvernig framlaginu verður skipt. Miðað er við að menntamálaráðuneytið millifæri framlög af liðnum yfir á háskóla, sem eiga að fá hærra framlag á grundvelli nemendafjölda, samkvæmt samningum við þá og á sama hátt af háskólum yfir á liðinn eigi þeir að fá lægra framlag.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309; 350–365; 505–551 og 581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarkennsla og 563–564 Listaskólar.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 13.215 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um

1.713 m.kr. eða 14,9%. Áætlað er að sértekjur standi undir 621 m.kr. sem er hækkun um 226 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og er einkum um að ræða leiðréttingu með tilliti til ríkisreiknings 2002.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	351,9	320,2	385,2	20,3	9,5
Menntaskólinn á Akureyri	343,1	296,5	335,1	13,0	-2,3
Menntaskólinn að Laugarvatni	129,8	90,5	115,9	28,1	-10,7
Menntaskólinn við Hamrahlíð	499,5	458,5	517,1	12,8	3,5
Menntaskólinn við Sund	321,5	294,9	337,5	14,4	5,0
Menntaskólinn á Ísafirði	170,5	156,8	185,0	18,0	8,5
Menntaskólinn á Egilsstöðum	177,1	163,5	176,9	8,2	-0,1
Menntaskólinn í Kópavogi	519,7	468,2	586,1	25,2	12,8
Kvennaskólinn í Reykjavík	237,7	215,3	249,3	15,8	4,9
Fasteignir framhaldsskóla	76,6	66,0	67,3	2,0	-12,1
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	444,7	422,0	742,0	75,8	66,9
Framhaldsskólar, almennt	488,8	1.250,9	771,6	-38,3	57,9
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	668,9	641,8	704,2	9,7	5,3
Fjölbrautaskólinn Ármúla	433,2	400,6	500,5	24,9	15,5
Flensborgarskóli	291,5	247,8	292,2	17,9	0,2
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	386,2	341,6	457,8	34,0	18,5
Fjölbrautaskóli Vesturlands	324,2	296,5	334,1	12,7	3,1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	133,8	124,9	135,6	8,6	1,3
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	222,1	183,0	242,0	32,2	9,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	423,7	383,6	433,3	13,0	2,3
Verkmenntaskóli Austurlands	140,2	117,9	134,1	13,7	-4,4
Verkmenntaskólinn á Akureyri	650,1	626,2	695,6	11,1	7,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	360,7	288,6	341,6	18,4	-5,3
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	58,4	63,9	79,9	25,0	36,8
Framhaldsskólinn á Húsavík	92,1	77,8	101,5	30,5	10,2
Framhaldsskólinn á Laugum	102,3	82,4	90,9	10,3	-11,1
Borgarholtsskóli	530,4	468,3	584,0	24,7	10,1
Snæfellsskóli	-	25,6	82,7	223,0	-
Menntaskólinn Hraðbraut	-	107,6	155,7	44,7	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	166,9	153,6	158,6	3,3	-5,0
Símenntun og fjarkennsla	97,0	175,8	179,1	1,9	84,6
Vélskóli Íslands	156,5	144,6	155,8	7,7	-0,4
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	60,1	60,5	64,1	6,0	6,7
Iðnskólinn í Reykjavík	995,5	855,6	1.016,8	18,8	2,1
Iðnskólinn í Hafnarfirði	343,0	369,6	418,2	13,1	21,9
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	19,0	23,1	25,1	8,7	32,1
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	16,5	17,0	18,3	7,6	10,9
Tónlistarskólinn í Reykjavík	13,2	6,6	6,7	1,5	-49,2
Listdansskólinn	69,7	56,5	59,2	4,8	-15,1
Sjómannaskólahúsið	23,0	0,0	0,0	-	-
Verslunarskóli Íslands	508,1	562,2	657,1	16,9	29,3
Samtals	**11.047,2**	**11.106,5**	**12.593,7**	**13,4**	**14,0**

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 12.593,7 m.kr. og hækka um 1.094,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Það er 9,8% hækkun umfram verðlag. Þar af er 136,4 m.kr. hækkun gjalda fjármögnuð með ríkistekjum vegna skráningagjalda fleiri nemenda og leiðréttingar með hliðsjón af ríkisreikningi 2002.

Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld framhaldsskóla hækki um 842,9 m.kr. vegna nemendafjölgunar, 22,3 m.kr. eru til að halda samræmd stúdentspróf, 20,2 m.kr. eru vegna forfallakennslu, 20 m.kr. vegna kennaraorlofa og 20 m.kr. vegna sérkennslu. Á móti kemur 1% lækkun á rekstrarframlögum, samtals 111,6 m.kr., til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Stofnkostnaðarframlög aukast um 280 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna framkvæmda við skólabyggingar.

Áætlun um útgjöld vegna kennslu í öllum framhaldsskólum nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra er byggð á reiknilíkani og samningum menntamálaráðuneytisins við skólana. Gerðar hafa verið breytingar á líkaninu frá því það var notað við fjárlög 2004, meðal annars til að skipta hluta af 600 m.kr. hækkun við 2. umræðu fjárlaga 2004. Að auki er nú áætlað fyrir útgjöldum vegna reksturs öldungadeilda og kvöldskóla með reiknilíkaninu.

Útgjöld að frádregnum sértekjum á viðfangsefnalið *1.01 Almennur rekstur/kennsla* hjá skólunum hækka um 1.550,8 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkun að teknu tilliti til 1% lækkunar á rekstrarframlögum til að mæta aðhaldi í ríkisútgjöldum. Af þessari fjárhæð eru 157,6 m.kr. vegna öldungadeilda og kvöldskóla sem fram til þessa hefur verið áætlað fyrir á *1.09 Önnur verkefni*. Útgjöld á viðfangsefnalið *1.09 Önnur verkefni* hjá skólunum lækka um 243 m.kr. að mestu vegna breytinga á reiknilíkani og áætlanagerð öldungadeilda og kvöldskóla en einnig er gert ráð fyrir 18,4 m.kr. hækkun til sérdeildar hjá *351 Fjölbrautaskólinn Ármúla.*

Haustið 2003 voru 21.008 skráðir í framhaldsskóla sem fá framlög með hliðsjón af reiknilíkaninu og hafði þeim fjölgað um 1.849 frá haustinu 2000 og er það 9,7% fjölgun á fjórum árum. Nemendum, sem eru eldri en tvítugt, hefur fjölgað um 2.858 á tímabilinu en þeim sem voru 16-19 ára fækkaði um 1.009 eða 5,8%. Margt getur skýrt þessa breytingu, m.a. verkfall framhaldsskólakennara á árslok 2000, atvinnuástand, breytingar á námsframboði og almennt aukinn áhugi á námi.

	Í dag-skóla	Í kvöld-skóla	Í fjar-námi	Utan skóla	Alls í skóla	Hlutfall prófaðra	Fjöldi 16-19 ára	Alls í skóla sem % af 16-19 ára	Hlutfall 16 ára af fjölda á fyrsta ári
2000	16.416	2.182	446	115	19.159	78	17.289	90	90
2001	16.773	2.073	539	88	19.473	80	16.804	86	90
2002	17.187	1.948	1.158	78	20.371	81	16.324	80	91
2003	17.778	2.141	1.052	37	21.008	83	16.280	78	92

Framreikningur Hagstofu Íslands á mannfjöldatölum bendir til þess að það fjölgi árið 2004 um 450 í aldursárgangi 16 ára frá árinu 2003, síðan fækki um 127 til ársins 2005 en fjölgi aftur árið 2006 um 300. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands fóru 92% þeirra sem urðu 16 ára á árinu 2003 í framhaldsskóla á því hausti. Strax að loknu fyrsta ári framhaldsskólans dregur mjög úr skólasókn og var hún 83% hjá 17 ára en 75% hjá 18 ára ungmennum. Skólasókn hefur aukist í öllum árgöngum. Þannig hefur meðaltalsskólasókn 16–19 ára ungmenna aukist úr 74% haustið 2000 í 80% haustið 2003. Nánast allir 16 ára nemendur, sem skrá sig í framhaldsskóla, fara í dagskóla. Því eldri sem nemendur eru því fleiri nýta sér kvöldskóla eða fjarnám. Mörkin á milli dagskóla, kvöldskóla og fjarnáms eru hins vegar orðin óskýr vegna breytinga á þjónustu skólanna og það sama er að segja um mörkin á milli grunnmenntunar og endurmenntunar.

Síðustu tölur um fjölda brautskráðra á framhaldsskólastigi eru frá skólaárinu 2001–2002 en það ár voru 4.905 brautskráðir. Árin sex þar á undan voru að meðaltali 4.512 brautskráðir. Fjölgunin skýrist að mestu af hæfnisprófum úr stuttu starfsmiðuðu námi. Taka ber fram að þótt nemandi útskrifist af námsbraut getur hann haldið áfram í námi í framhaldsskóla og útskrifast á sama ári af annarri braut. Samtals luku 2.246 stúdentsprófi á skólaárinu 2001–2002 eða 46% af fjölda brautskráðra en það eru álíka margir og árin á undan.

Fjölgun eldri nemenda og aukin þátttaka nemenda í prófum hefur leitt til þess að það er mun erfiðara en áður að spá fyrir um fjölda ársnemenda. Ársnemendafjöldi er mælikvarði á prófþátttöku nemenda og ein veigamesta forsendan í reiknilíkani framhaldsskóla. Ein af ástæðum þess að framlög til skóla taka mið af prófþátttöku er sú að talið var að þá fengju þeir fjárhagslega hvatningu til að draga úr brottfalli nemenda. Tölur um hlutfall prófaðra nemenda benda til hækkunar úr 78% árið 2000 í 83% árið 2003. Hækkun hlutfallsins skýrir liðlega 1.000 ársnemenda fjölgun milli þessara ára eða um þriðjung fjölgunar og um það bil 530 m.kr. hækkun samkvæmt reiknilíkaninu.



Fjárveitingu er skipt á milli skólanna samkvæmt reiknilíkani miðað við 18.011 ársnemendur árið 2005. Þá er framlag fyrir allt að 190 ársnemendur á óskiptum fjárlagalið og byggjast útreikningar í frumvarpinu því á 18.200 ársnemendum. Það er 10,4% fjölgun frá fjárlögum 2004 en 7,1% sé tekið tillit til þess að sótt er um 250 m.kr. í fjáraukalögum 2004 vegna nemendafjölda. Tölur um nemendafjölda verða endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Talning ársnemenda hefur þróast frá því hún var tekin upp fyrir nokkrum árum og

nemendatölur verið að breytast þannig að ekki er hægt að bera þær í öllum tilvikum saman á milli ára. Frá og með árinu 2004 eru kvöldskólanemendur teknir með við talningu á ársnemendum. Ástæðan er sú að skipting nemenda á milli dagskóla, kvöldskóla og fjarnáms er ekki í öllum tilvikum skýr því að sífellt fleiri nemendur nýta sér fleiri en eitt þessara kennsluforma. Leitast er við að taka tillit til þessara breytinga í eftirfarandi töflu.

	Reiknaðir ársnem. 2002	Reiknaðir ársnem. 2003	Áætlaðir ársnem. 2004	Áætlaðir ársnem. 2005	Áætlað hlutfall bóknáms	Framlag á lið 1.01, m.kr.	Þús. kr. á ársnemanda
Menntaskólinn á Laugarvatni	137	148	120	161	98,1	102,1	634
Framhaldsskólinn á Laugum	114	108	90	101	97,9	77,1	763
Kvennaskólinn í Reykjavík	500	512	500	531	97,5	249,3	469
Menntaskólinn við Hamrahlíð	966	982	920	1.041	97,1	495,4	476
Menntaskólinn á Egilsstöðum	325	293	280	305	97,0	161,6	530
Snæfellsskóli	0	0	50	121	97,0	82,7	683
Menntaskólinn við Sund	687	695	690	721	96,9	337,5	468
Menntaskólinn í Reykjavík	760	806	750	830	96,8	385,2	464
Menntaskólinn á Akureyri	630	630	610	645	96,2	316,4	491
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	90	88	85	106	95,5	79,3	748
Menntaskólinn Hraðbraut	0	0	210	331	95,0	155,7	470
Framhaldsskólinn á Húsavík	121	134	120	140	94,3	101,5	725
Flensborgarskóli	543	561	530	573	94,1	292,2	510
Verslunarskóli Íslands	1.056	1.068	1.215	1.317	93,8	585,2	444
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	592	642	600	670	92,7	341,6	510
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	208	205	190	201	91,8	127,6	635
Menntaskólinn í Kópavogi	818	898	830	1.041	90,5	557,1	535
Fjölbrautaskólinn Ármúla	920	850	800	905	88,7	468,7	518
Menntaskólinn á Ísafirði	229	272	230	280	88,0	167,0	596
Fjölbrautaskóli Suðurlands	736	722	720	735	87,6	390,5	531
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	628	731	630	810	85,8	445,9	550
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	334	326	300	351	84,5	214,1	610
Fjölbrautaskóli Vesturlands	552	565	510	540	83,8	313,0	580
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.010	1.075	1.010	1.063	81,3	656,9	618
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.031	1.086	1.030	1.208	78,1	672,4	557
Verkmenntaskóli Austurlands	131	132	130	145	74,4	124,1	856
Borgarholtsskóli	729	859	750	898	67,8	567,3	632
Vélskóli Íslands	165	177	190	180	58,9	145,7	809
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	80	75	80	90	58,9	56,7	630
Iðnskólinn í Reykjavík	1.229	1.338	1.200	1.391	55,2	995,4	716
Iðnskólinn í Hafnarfirði	447	493	470	490	49,8	418,2	853
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	40,0	18,7	779
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	24	24	24	40,0	17,2	717
Listdansskólinn	42	42	42	42	8,2	52,2	1.243
Framhaldsskólar almennt, v/nem.fj.	-	-	560	190	-	112,8	594
Framhaldsskólar alm, sameiginlegt	-	-	-	-	-	617,5	-
Kvöldskólanemendur	516	525	-	-	-	-	-
Framhaldsskólar, aukafjárveiting	-	-	500	-	-	-	-
Samtals	**16.374**	**17.086**	**16.990**	**18.201**	**83,7**	**10.901,8**	**599**

Á vegum menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis er unnið að endurskoðun á aðferðum við nemendaspár og breytingu á reiknilíkani framhaldsskóla í þeim tilgangi meðal annars að fella notkun þess betur að leikreglum rammafjárlagagerðar. Miðað er við að breytingarnar taki gildi fyrir næsta skólaár og er markmiðið að útgjöld skólanna verði í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum.

Á fjárlagalið *563 Tónlistarskólinn í Reykjavík* er áætlað fyrir 6,7 m.kr. útgjöldum vegna tónlistarkennslu framhaldsskólanemenda. Viðræður um hugsanlegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarfræðslu í landinu standa nú yfir.

316 ***Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 742 m.kr. sem er 320 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárhæðin skiptist þannig að 724 m.kr. eru til byggingaframkvæmda en 18 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu á milli skóla. Hefur þá verið tekið tillit til allra samninga við sveitarfélög um stofnframkvæmdir vegna framhaldsskóla.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005
Framhaldsskólar í Reykjavík	150,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
Flensborgarskóli	90,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10,0
Menntaskólinn í Kópavogi	49,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	54,0
Snæfellsskóli, tæki og búnaður	25,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	70,0
Framhaldsskólinn á Laugum	30,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	23,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	81,0
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	8,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	18,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	74,0
Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Samtals	**742,0**

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem menntamálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Heildargjöld liðarins eru áætluð 771,6 m.kr. og lækka um 532,4 frá gildandi fjárlögum þegar hækkun vegna launa- og verðlagsbóta er sleppt. Helstu breytingar eru sem hér segir: Framlag á lið *1.12 Orlof kennara* hækkar um 20 m.kr. vegna námsorlofa. Liður *1.13 Forfallakennsla* hækkar um 20,2 m.kr. Liður *1.14 Sérkennsla* hækkar um 20 m.kr.

Framlag á liðinn *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* nemur 136,8 m.kr. og lækkar að raungildi um 532,4 m.kr. frá fjárlögum 2004. Aðalskýringin er sú að framlög hafa verið millifærð yfir á skóla, m.a. 600 m.kr. framlag sem ákveðið við 2. umræðu fjárlaga 2004 til að hækka stikur í reiknilíkani og til að koma á móts við áætlaða nemendafjölgun. Miðað er við að skipta þeirri fjárhæð sem er á liðnum í frumvarpinu þannig: 24 m.kr. verði varið til að halda samræmd stúdentspróf í þremur greinum ásamt endurtektarprófum og menntamálaráðuneytið geti millifært 112,8 m.kr. yfir á skóla sem eiga að fá hærra framlag á grundvelli ársnemendafjölda og á sama hátt sé millifært af skólum yfir á liðinn eigi þeir að fá lægra framlag. Þetta samsvarar framlagi fyrir um það bil 190 ársnemendur.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	151,1	150,8	154,9	2,7	2,5
Námsgagnastofnun	331,2	333,7	344,1	3,1	3,9
Samtals	**482,3**	**484,5**	**499,0**	**3,0**	**3,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 1,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að til hækkunar koma 2,5 m.kr. á lið *725 Námsgagnastofnun* sem eru fluttar til baka af lið *14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis með Umhverfisstofnun á yfirstandandi ári. Á móti kemur 3,3 m.kr. lækkun til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. *720 Grunnskólar, almennt* lækkar einnig af sömu ástæðu um 0,4 m.kr.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.951,1	3.412,0	3.750,0	9,9	27,1
Jöfnun á námskostnaði	506,9	496,6	514,0	3,5	1,4
Samtals	**3.458,0**	**3.908,6**	**4.264,0**	**9,1**	**23,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 300 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa-, verðlags- og gengisbreytingar. Skýringin er áætluð fjölgun lánþega hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 901–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingarsjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	41,5	36,6	40,4	10,4	-2,7
Þjóðminjasafn Íslands	231,6	252,0	347,5	37,9	50,0
Þjóðskjalasafn Íslands	128,6	123,3	134,0	8,7	4,2
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	465,1	459,5	468,6	2,0	0,8
Listasafn Einars Jónssonar	9,4	11,0	14,4	30,9	53,2
Listasafn Íslands	78,0	90,2	116,7	29,4	49,6
Kvikmyndasafn Íslands	19,5	43,1	46,2	7,2	136,9
Blindrabókasafn Íslands	52,1	57,6	60,0	4,2	15,2
Safnasjóður	55,1	66,0	66,0	0,0	19,8
Söfn, ýmis framlög	190,2	137,5	77,3	-43,8	-59,4
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	494,7	318,5	114,7	-64,0	-76,8
Ríkisútvarpið	1.854,3	2.298,0	2.516,0	9,5	35,7
Íslenski dansflokkurinn	70,7	71,6	83,2	16,2	17,7
Þjóðleikhúsið	493,4	487,1	504,8	3,6	2,3
Sinfóníuhljómsveit Íslands	306,1	257,2	265,4	3,2	-13,3
Menningarsjóður	15,4	13,0	13,0	0,0	-15,6
Höfundarréttargjöld	109,7	96,8	96,8	0,0	-11,8
Listasjóðir	235,7	261,9	269,8	3,0	14,5
Húsafriðunarnefnd	82,4	131,6	37,1	-71,8	-55,0
Listskreytingasjóður	6,5	7,2	7,2	0,0	10,8
Kvikmyndamiðstöð Íslands	327,2	372,7	373,9	0,3	14,3
Listir, framlög	524,8	606,4	640,1	5,6	22,0
Samtals	**5.792,0**	**6.198,8**	**6.293,1**	**1,5**	**8,7**

Útgjöld málefnaflokksins nema 6.293,1 m.kr. og hækka um 8,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Gerðar eru töluverðar innbyrðis breytingar þannig að viðhald og stofnkostnaður lækkar um 290 m.kr. en tilfærslur hækka á móti um 219,4 m.kr. og rekstrarútgjöld um 79,4 m.kr. Helstu breytingar á verkefnum eru í fyrsta lagi þær að gert er ráð fyrir að tilfærsluframlag hækki um 218 m.kr.

vegna aukinna ríkistekna Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum. Í öðru lagi hækkar rekstrarframlag safna um 50 m.kr. vegna leigugreiðslna. Í þriðja lagi kemur til 23,7 m.kr. viðbótarframlag vegna Tónlistarsjóðs. Í fjórða lagi er 16,3 m.kr. hækkun samkvæmt samningi við Akureyrarbæ um menningarmál. Í fimmta lagi er veitt 15 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar á Núpsstöðum. Í sjötta og síðasta lagi hækkar framlag á aðra liði samtals um 45,4 m.kr. Á móti kemur í fyrsta lagi að niður falla 197,6 m.kr. tímabundin framlög á ýmsum liðum. Í öðru lagi lækkar framlag til endurbóta menningarbygginga um 145 m.kr. Í þriðja lagi lækka framlög til rekstrar stofnana samtals um 16,8 m.kr. í samræmi við markmið um aðhald í ríkisútgjöldum og að lokum skýrist 9 m.kr. lækkun með millifærslu á aðra málefnaflokka.

Söfn

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðum 901–919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Framlag úr ríkissjóði nemur 1.371,1 m.kr. og hækkar um 58,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Mestu munar um millifærslu á 55 m.kr. framlagi til endurbóta á gömlum húsum til Þjóðminjasafnsins af *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður og* 50 m.kr. millifærslu af sama fjárlagalið yfir á fjárlagaliði Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Einars Jónssonar, Listasafns Íslands og Kvikmyndasafns Íslands vegna húsaleigugreiðslna vegna áforma um að Fasteignir ríkisins taki að sér umsjón og viðhald húsa þessara safna. Þá hækka rekstrarframlög flestra safna samtals um 44,2 m.kr. en á móti kemur að tímabundin framlög að fjárhæð 75,3 m.kr. falla niður, rekstrarframlög lækka um samtals 10,5 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum og 4,7 m.kr. eru millifærðar yfir á *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*

901 Fornleifavernd ríkisins hækkar um 2,6 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds.

902 Þjóðminjasafn Íslands hækkar um 83,8 m.kr. að teknu tilliti til lækkunar vegna aðhalds. Mestu munar að 55 m.kr. framlög til endurbóta á gömlum húsum í vörslu safnsins eru millifærð af *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* og áætlað er fyrir 31 m.kr. útgjöldum vegna leigugreiðslna til Fasteigna ríkisins. Þá er áætlað fyrir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til uppbyggingar á Núpsstað í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar að veita alls 60 m.kr. til þessa verkefnis á næstu fjórum árum að því tilskildu að samningar við eigendur og heimamenn takist. Gert er ráð fyrir að rekstur staðarins verði að uppbyggingu lokinni í höndum heimamanna en Þjóðminjasafnið leggi til lágmarksframlag. Á móti kemur að niður fellur tímabundið 6 m.kr. framlag til rannsókna og kynninga á Gásum, 4 m.kr. til rannsókna við Kolkuós og 2 m.kr. til breytinga á Verslun Haraldar Júlíussonar á Sauðarkróki.

903 Þjóðskjalasafn Íslands hækkar um 6,2 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds. Hækkunin er vegna húsnæðiskostnaðar og afritunar skjala "Islandske Departement" frá tímabilinu 1849–1904 á örfilmur í samræmi við samning menntamálaráðherra Íslands og Danmerkur frá 9. apríl 2003.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn lækkar um 4,4 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Safnið fær 8 m.kr. framlag vegna hlutdeildar safnsins í kostnaði við rekstur Landskerfis bókasafna. Á móti kemur að niður fellur 8 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag vegna móttöku, skráningar og varðveislu efnis sem er skilaskylt samkvæmt lögum um skilaskyldu til bókasafna. Samtals nam stofnkostnaðarframlag til þessa verkefnis 16 m.kr. á tveimur árum. Að lokum lækkar rekstrarframlag um 4,4 m.kr. í samræmi við markmið um aðhald í ríkisútgjöldum og skýrir það heildarbreytinguna hjá safninu.

906 Listasafn Einars Jónssonar fær 2,9 m.kr. framlag vegna leigugreiðslna til Fasteigna ríkisins þegar tekið hefur verið tillit til lækkunar vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

907 Listasafn Íslands hækkar um 22,8 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds í ríkisútgjöldum. Hækkun vegna leigugreiðslna til Fasteigna ríkisins nemur 13,7 m.kr og 10 m.kr. eru vegna rekstrarkostnaðar og útgáfu á íslenskri listasögu á 20. öld sem miðað er við að komi út í fjórum bindum.

908 Kvikmyndasafn Íslands hækkar um 2 m.kr. vegna húsaleigugreiðslna til Fasteigna ríkisins að teknu tilliti til lækkunar vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

909 Blindrabókasafn Íslands hækkar um 0,4 m.kr. sem skýrist af 1 m.kr. hækkun vegna aukinnar námsefnisgerðar fyrir blind börn en á móti kemur lækkun vegna aðhalds.

919 Söfn, ýmis framlög. Liðurinn lækkar samtals um 60,2 m.kr. Mestu munar að niður fellur tímabundin 48,3 m.kr. fjárveiting til að hækka safnlið en einnig fellur niður 7 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar galdrasýningar á Ströndum. Þá eru 4,7 m.kr. millifærðar á lið *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.* Stofnaður er nýr viðfangsefnaliður *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* og þangað millifærðar 10,5 m.kr. af *1.90 Söfn, ýmis framlög.* Af þeirri fjárhæð eru miðað við að 6 m.kr. fari til að standa straum af kostnaði við að undirbúa að þjóðgarðarnir í Skaftafelli og á Þingvöllum fari á Heimsminjaskrá UNESCO en Þingvallaþjóðgarðurinn fór nýlega á skrána. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið úthluti þeim 4,5 m.kr. sem þá standa eftir samkvæmt umsóknum frá söfnum sem ekki eru á verksviði Safnasjóðs.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag á þennan fjárlagalið nemur 114,7 m.kr. en það er lækkun um 203,8 m.kr. Lækkunin skýrist einkum af þrennu: Í fyrsta lagi er stofnkostnaður lækkaður um 100 m.kr. í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi eru 55 m.kr. millifærðar yfir á *902 Þjóðminjasafn* vegna endurbóta gamalla húsa í eigu safnsins. Í þriðja lagi eru samtals 50 m.kr. millifærðar yfir á rekstrarútgjöld fjögurra safna vegna áforma um að Fasteignir ríkisins hafi með höndum umsjón og viðhald húsnæðis þeirra. Í fjórða og

síðasta lagi lækkar samningsbundið framlag á *6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík* um 3,5 m.kr. og nemur það 10 m.kr. í frumvarpinu. Á móti kemur 5 m.kr. hækkun á óskiptu framlagi. Áformað er að skipta þeim 104,7 m.kr. sem eru á *6.21 Endurbætur menningarstofnana* milli eftirfarandi framkvæmda:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005
Menningarhús á Ísafirði	40,0
Byggðasöfn	24,7
Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
Þjóðleikhúsið	10,0
Viðhald, óskipt	10,0
Samtals	**104,7**

971 Ríkisútvarpið. Framlag á liðinn hækkar um 218 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af afnotagjöldum. Afnotagjöld hækkuðu síðast um 7% hinn 1. maí 2004 og skila því einnig meiri tekjum á yfirstandandi ári en áætlað er í fjárlögum 2004. Sótt er um hækkaða útgjaldaheimild vegna þessa í fjáraukalögum 2004. Fjallað er um rekstur Ríkisútvarpsins í B-hluta frumvarpsins.

972 Íslenski dansflokkurinn. Rekstrarframlag hækkar um 9 m.kr. að teknu tilliti til lækkunar vegna aðhalds í ríkisrekstri.

973 Þjóðleikhúsið. Framlag lækkar um 4,9 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

979 Húsafriðunarnefnd. Framlag til styrkja lækkar um 95 m.kr. auk lækkunar rekstrarframlags vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Mestu munar að niður falla eftirtalin tímabundin framlög til endurbóta og viðhalds gamalla mannvirkja samtals að fjárhæð 88 m.kr.: 7 m.kr. til Þingeyrarkirkju í Dýrafirði, 7 m.kr. til Norska hússins í Stykkishólmi, 7 m.kr. til Kaupvangs á Vopnafirði, 7 m.kr. til gamla kaupfélagshússins á Breiðdalsvík, 7 m.kr. til Duus-húss í Reykjanesbæ, 7 m.kr. til Bjarmaness á Skagaströnd, 5 m.kr. til Tryggvaskála á Selfossi, 5 m.kr. til Skjaldborgar á Patreksfirði, 4 m.kr. til Stúkuhússins á Akranesi, 4 m.kr. til Pakkhússins í Ólafsvík, 4 m.kr. til félagsheimilisins á Hólmavík, 4 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar Brydebúðar, 3 m.kr. til Syðstabæjarhússins í Hrísey, 3 m.kr. til Gamla spítala á Akureyri, 2,2 m.kr. til Bryggjuhúsanna á Wathne-torfunni, 2 m.kr. til Pakkhússins í Borgarnesi, 2 m.kr. til gufubaðsins og smíðahússins á Laugarvatni, 2 m.kr. til Flateyrarkirkju, 1,5 m.kr. til Hvítasunnukirkjunnar á Vopnafirði, 1 m.kr. til pakkhúss í Englendingavík í Borgarnesi, 1 m.kr. til Hraunsréttar í Aðaldal, 1 m.kr. til gamalla bygginga á Stað í

Reykhólasveit, 1 m.kr. til bakhúss við Húsið á Eyrarbakka, 0,3 m.kr. til Kaldalækjar í Ólafsvík. Að lokum lækkar liðurinn um 6,8 m.kr. vegna framlags sem fært er yfir á aðra liði.

981 ***Kvikmyndamiðstöð Íslands.*** Lækkar um 0,4 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

982 ***Listir, framlög.*** Framlag á liðinn er 640,1 og hækkar um 27,2 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkun. Eftirfarandi breytingar eru gerðar: Í fyrsta lagi hækkar *1.15 Þýðingarsjóður* um 3,9 m.kr. og nemur framlag 12,5 m.kr. í frumvarpinu. Hlutverk sjóðsins er að veita útgefendum styrki eða lán til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, einkum skáldrita og viðurkenndra fræðirita. Í öðru lagi hækkar *1.16 Bókmenntakynningarsjóður* um 3,5 m.kr. og nemur 10 m.kr. Sjóðnum er ætlað að kynna íslenskar forn- og nútímabókmenntir erlendis, m.a. með því að veita þýðingarstyrki, útbúa kynningarefni og veita styrki til ferðalaga milli landa. Í þriðja lagi er veitt 18 m.kr. framlag á nýjan lið *1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar*. Annars vegar er um að ræða 5,4 m.kr. nýtt fé og hins vegar millifærslu á 14,6 m.kr. framlögum til myndlistarmála í fjárlögum yfirstandandi árs af *1.90 Listir, framlög*. Miðað er við að gera samning um að Kynningarmiðstöðin taki m.a. að sér kynningu á íslenskri myndlist, umsýslu ferða- og verkefnastyrkja og umsjón með þátttöku í Feneyjatvíæringnum. Í fjórða lagi hækkar framlag til *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* um 6,2 m.kr. og er miðað við að gera samning við Hafnarfjarðarleikhúsið skv. heimild í leiklistarlögum. Í fimmta lagi er veitt 23,7 m.kr. nýtt framlag á *1.25 Tónlistarsjóður* en þessi nýi sjóður sem stofnaður var með lögum fyrr á yfirstandandi ári fær að auki 5,5 m.kr. sem voru fyrir á liðnum og 20,8 m.kr. sem eru ætlaðar til tónlistarmála á *1.90 Listir*. Hefur Tónlistarsjóður þá 50 m.kr. til ráðstöfunar á fyrsta starfsári sínu. Í sjötta lagi hækkar framlag til *1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin* um 0,2 m.kr. til að ljúka við að koma safni miðstöðvarinnar á tölvutækt form og til að auka kynningu á íslenskri tónlist erlendis. Miðstöðin er með tímabundið 0,8 m.kr. framlag í fjárlögum yfirstandandi árs sem átti að falla niður og heldur því áfram. Í sjöunda lagi hækkar framlag til *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* um 16,3 m.kr. og nemur 80 m.kr. í frumvarpinu. Á nýjum viðfangsefnalið *1.98 Listir, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* er áætlað fyrir 37 m.kr. framlagi sem menntamálaráðuneyti skiptir. Af þeirri fjárhæð koma 19,7 m.kr. af *1.90 Listir*, 15 m.kr. af viðfangsefnaliðnum Samningur við menningarborgarsjóð í fjárlögum yfirstandandi árs sem fellur þar með niður og 2,3 m.kr. af framlagi til *1.80 Listahátíð í Reykavík*.

Auk framangreindra breytinga fellur niður 30 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum til menningarkynningar í Frakklandi á árinu 2004.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt. Liðurinn 995 Tungutækni í fjárlögum 2004 fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	34,0	24,7	29,2	18,2	-14,1
Kvikmyndaskoðun	12,2	9,2	9,1	-1,1	-25,4
Ýmis fræðistörf	43,4	47,0	52,4	11,5	20,7
Norræn samvinna	15,8	13,0	13,0	0,0	-17,7
Æskulýðsmál	114,8	124,5	121,4	-2,5	5,7
Ýmis íþróttamál	246,8	307,4	273,7	-11,0	10,9
Uppb. menntunar og menningar á landsbyggðinni	53,5	0,0	0,0	-	-100,0
Tungutækni	35,8	13,5	0,0	-100,0	-100,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	217,2	87,5	106,0	21,1	-51,2
Ýmislegt	107,7	129,9	41,0	-68,4	-61,9
Samtals	**881,2**	**756,7**	**645,8**	**-14,7**	**-26,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 113,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Útgjöld hækka um 50 m.kr. vegna framlags til uppbyggingar á áhorfendaaðstöðu á Laugardalsvelli í Reykjavík og um 24,8 m.kr. samtals vegna annarra verkefna. Á móti kemur að tímabundin framlög að fjárhæð 187,9 m.kr falla niður.

988 Æskulýðsmál. Framlag á liðinn nemur 121,4 m.kr. sem er lækkun um 3,1 m.kr. Eftirtaldar breytingar eru gerðar: *1.12 Ungmennafélag Íslands* lækkar um 5 m.kr. vegna átaks í skákkennslu á árinu 2004 og er framlagið fært yfir á safnliði ráðuneytisins. Af 52 m.kr. framlagi á liðnum er miðað við að 10 m.kr. séu vegna árlegs Unglingalandsmóts UMFÍ sem er haldið til skiptis á ýmsum stöðum á landinu. *1.18 Æskulýðsrannsóknir* hækkar um 1,5 m.kr. vegna fyrirhugaðrar rannsóknar á þátttöku barna og ungmenna í íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi. Stofnað er nýtt viðfangsefni *1.19 Æskulýðssjóður* sem fær 10 m.kr. framlag. Þar af koma 9 m.kr. af framlagi á viðfangsefnalið 1.90 Æskulýðsmál í fjárlögum yfirstandandi árs en 1 m.kr. er nýtt fé. Samkvæmt reglum um sjóðinn tekur Æskulýðsráð ríkisins á móti umsóknum í sjóðinn og gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir. *1.90 Æskulýðsmál* lækkar um 16,1 m.kr. þar af um 13 vegna millifærslna yfir á aðra viðfangsefnaliði og 3,1 m.kr. þar sem tímabundin hækkun fellur niður. Á nýjum lið *1.98 Æskulýðsmál, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* er áætlað fyrir 6,5 m.kr. framlagi. Þar af koma 4 m.kr. af safnliðnum 1.90 Æskulýðsmál og 2,5 m.kr. af 1.12 Ungmennafélag Íslands.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag á liðinn nemur 273,7 m.kr. og lækkar um 34,1 m.kr. að raungildi. Til hækkunar koma 54,5 m.kr. sem skiptast þannig: Í fyrsta lagi er 50 m.kr. tímabundið framlag á nýju viðfangsefni *6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík.* Er það í samræmi við samþykki ríkisstjórnarinnar við að menntamálaráðherra geri samning við Knattspyrnusambands Íslands um að ríkið veiti allt að 50 m.kr. fjárstuðning á ári til uppbyggingar á aðstöðu fyrir áhorfendur árin 2005–2008, samtals 200 m.kr. Einungis verður veittur stuðningur til framkvæmda við áhorfendaaðstöðu en ríkið kemur ekki að rekstri mannvirkisins á neinn hátt. Í öðru lagi er á nýjum viðfangsefnalið *1.98 Íþróttamál, ýmis framlög menntamálaráðuneytis* áætlað fyrir 12,4 m.kr. framlagi. Þar af eru 7,9 m.kr. millifærðar af 1.90 Ýmis íþróttamál en 2,5 m.kr. koma af 988-1.12 Ungmennafélag Íslands og 2 m.kr. eru nýtt framlag. Menntamálaráðuneytið áætlar að skipta framlaginu sem hér segir: 7 m.kr. til samnings um lyfjaeftirlit og til alþjóðlegs starfs sem því tengist; 1,5 m.kr. vegna öryggisreglna og vefs um íþróttamannvirki; 1 m.kr. í rannsóknir og kannanir; 1 m.kr. í ráðstefnur; 1 m.kr. í samnorræn verkefni og 0,9 m.kr. í aðildar- og þátttökugjöld og annað. Á móti kemur að tímabundin framlög að fjárhæð 88,5 m.kr. falla niður auk 0,1 m.kr. lækkunar vegna aðhalds í ríkisútgjöldum sem skiptist þannig: 30 m.kr. til Knattspyrnusambands Íslands til að gera sparkvelli; 20 m.kr. til framkvæmda við frjálsíþróttavöll á Sauðárkróki, 15 m.kr. vegna þátttöku í sumarólympíuleikum á árinu 2004, 7 m.kr. til framkvæmda á skíðasvæðinu í Skarðsdal, 7 m.kr. til framkvæmda á skíðasvæðum í Tungudal og Seljalandsdal, 7 m.kr. til framkvæmda á Gaddastaðavöllum og 2,5 m.kr. vegna þátttöku í Ólympíuleikum fatlaðra á árinu 2004.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 100 m.kr. sérstöku framlagi. Koma 22 m.kr. í hlut menntamálaráðuneytisins vegna þriggja verkefna. Er það hækkun um 5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að auki leggur ráðuneytið til að minnsta kosti 22 m.kr. til verkefnanna þannig að 44 m.kr. verði til ráðstöfunar og skiptist þannig: stafrænt námsefni 12 m.kr., skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns 5 m.kr. og stafræn endurgerð menningarefnis 5 m.kr. Auk framlaga til framangreindra þriggja verkefna eru 62 m.kr. á liðnum. Þar af eru 13,5 m.kr. millifærðar af 995 Tungutækni í fjárlögum yfirstandandi árs vegna yfirlýsingar um að hugbúnaður á íslensku skuli njóta forgangs og fellur sá fjárlagliður þar með niður. Menntamálaráðuneytið mun ráðstafa hinu óskipta framlagi til upplýsingatækniverkefna.

999 Ýmislegt. Framlag á fjárlagaliðinn nemur 41 m.kr. og lækkar um 88,9 m.kr. Lækkunin skýrist að mestu af niðurfellingu tímabundinna framlaga að fjárhæð 89,3 m.kr. sem

skiptast þannig: 64,5 m.kr. til ýmissa styrkja á safnliðnum 6.90 Ýmislegt, ýmis stofnkostnaður sem þar með fellur niður, 25,8 m.kr. til ýmissa styrkja á safnliðnum *1.90 Ýmis framlög*, 5 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Hestamiðstöðvar Íslands og 4 m.kr. til Snorrastofu vegna frágangs fornleifa í Reykholti. Á nýjum viðfangsefnalið *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* er áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi og lækkar 1.90 Ýmis framlög um þá fjárhæð til viðbótar við það sem áður er greint frá að fellur niður á liðnum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá háskólastofnunum.
02-299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	Sameiginleg verkefni háskóla- og rannsóknarstofnana.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.13	Forfallakennsla	Forfallakennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
02-982-1.90	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.
02-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.406,2	3.756,4	3.791,7	1	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.700,6	1.694,7	2.691,9	59	58
Stofnkostnaður og viðhald	227,7	74,5	184,1	147	-19
Samtals	**5.334,5**	**5.525,6**	**6.667,7**	**21**	**25**
Greitt úr ríkissjóði	-	4.624,7	5.414,6	17	-
Innheimt af ríkistekjum	-	900,9	1.253,1	39	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**5.525,6**	**6.667,7**	**21**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 7.014 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 346 m.kr. en þær nema 4,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 6.668 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 5.415 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.253 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.792 m.kr. og hækka um 35 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um ósk um 125 m.kr. framlagi til að styrkja og hraða uppbyggingu íslensku friðargæslunnar ásamt 34 m.kr. framlagi til eflingar þróunarmála. Á móti hækka sértekjur vegna hækkunar á öryggisgjaldi um 125 m.kr. Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 34 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 461 m.kr. og verður 2.692 m.kr. en er 1.695 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur í fyrsta lagi 471 m.kr. framlag til eflingar þróunarmála. Í öðru lagi 255 m.kr. vegna hærri tekna af öryggisgjaldi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem færast sem tilfærslur yfir í B-hluta. Í þriðja lagi er ósk um 246 m.kr. framlag til Þróunarsjóðs EFTA.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 184 m.kr. og er það 110 m.kr. hækkun milli ára. Stærsta breytingin er framlag til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín að fjárhæð 112 m.kr.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	881	869	849	857
Keflavíkurflugvöllur	1.336	1.359	1.382	1.405
Sendiráð og fastanefndir	1.696	1.600	1.615	1.631
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	2.475	2.871	3.290	3.304
Útflutningsmál	279	282	285	288
Samtals	**6.667**	**6.981**	**7.421**	**7.485**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2004, eru í fyrsta lagi að nú er gert ráð fyrir að framlög til málaflokksins *Sendiráð og fastanefndir* lækki á milli áranna 2005 og 2006 um 5,7% í stað 1% aukningar í fyrri spá. Skýrist það af 111,6 m.kr. fjárveitingu vegna byggingar nýs sendiherrabústaðar í Berlín sem fellur niður 2006. Í öðru lagi er ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins Þróunarmál og alþjóðastofnanir aukist að meðaltali um 15,3 m.kr. á ári milli áranna 2005 og 2007. Skýrist það af tillögu utanríkisráðherra um aukningu á framlögum til þróunarmála fram til ársins 2007. Í langtímaáætlun fyrra árs var hins vegar ekki gert ráð fyrir þessari aukningu. Að öðru leyti eru forsendur fyrir langtímaáætlun þær sömu og kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga 2004.

Verkefni og árangursmælingar – Opinber þróunarsamvinna

Markmið verkefna á sviði opinberrar þróunarsamvinnu er að stuðla að félagslegum og efnahagslegum framförum í fátækum þróunarríkjum. Opinberri þróunarsamvinnu er gjarnan skipt í tvíhliða samvinnu, frá einu landi til annars, og marghliða samvinnu, sem er samstarf og stuðningur við verkefni alþjóðaþróunarstofnana. Opinber þróunarsamvinna er í höndum utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ). ÞSSÍ er eingöngu í verkefnum sem um eru gerðir tvíhliðasamningar á milli ÞSSÍ og þróunarríkis. Samningar eru við fjögur ríki, Namibíu, Mósambik, Malaví og Úganda. Allt fram til ársins 2000 fjármagnaði stofnunin nær eingöngu fiskveiðiverkefni. Hin síðari ár hafa verkefni á sviði heilsugæslu, menntamála, fullorðinsfræðslu og jarðhitarannsókna bæst við. Helstu verkefni utanríkisráðuneytisins eru samstarf við alþjóðastofnanir, s.s. stofnanir SÞ og alþjóðafjármálastofnanir, enduruppbygging í löndum sem verið hafa stríðshrjáð, Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Háskóla SÞ Mannúðarmál og neyðaraðstoð eru einnig stór hluti þróunarverkefna ráðuneytisins og má þar nefna samstarf við íslensk félagasamtök og framlög til einstakra verkefna hjá alþjóðastofnunum og sjóðum.



Veruleg aukning hefur verið á opinberum framlögum til þróunarmála á síðustu árum. Framlög á verðlagi hvers árs hafa nær þrefaldast á fimm árum eða úr 583 m.kr. árið 1999 í 1.644 m.kr. árið 2004. Framlög til þróunarsamvinnu eru reiknuð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF). Viðmið alþjóðasamfélagsins, sem samþykkt var af allsherjarþingi SÞ árið 1970, gerir ráð fyrir að ríkar þjóðir leggi 0,7% af VLF til þróunarmála. Framlag Íslands, mælt sem hlutfall af VLF, hefur hækkað úr 0,09% árið 1999 í 0,19% árið 2004. Samkvæmt frumvarpinu til fjárlaga fer þetta hlutfall upp í 0,21% árið 2005. Á þessu tímabili var mest aukning til verkefna við enduruppbyggingu löndum sem verið hafa stríðshrjáð en verkefni undir þeim málaflokki jukust verulega með stofnun Íslensku friðargæslunnar árið 2000. Á sama tíma rúmlega tvöfölduðust framlög til ÞSSÍ. Einnig vega þungt í hækkun framlaga til þróunarmála sérstök framlög Íslands síðastliðin tvö ár til enduruppbyggingar og neyðaraðstoðar í Afganistan og Írak.

Útgjöld til þróunarsamvinnu og hlutfall af VLF



Miklu skiptir að þróunarsamvinna skili varanlegum árangri. Í kjölfar þess að ríki heims samþykktu hin svokölluðu þúsaldarmarkmið um þróun árið 2000 var komið á samstarfi milli alþjóðastofnana um fyrirkomulag og mat á árangri þeirra markmiða sem sett voru í þúsaldaryfirlýsingunni.

Erfitt er að meta árangur einstakra framlaga til marghliða þróunarsamvinnu þar sem margar stofnanir og þjóðir vinna saman. Ein leið er þó að skoða þær upplýsingar sem alþjóðastofnanir hafa um efnahags- og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum.

Ef litið er til síðustu áratuga hafa mörg þróunarríki náð árangri í baráttunni við fátækt og hungur. Það hafa þau gert af eigin rammleik og með mikilli aðstoð alþjóðastofnana og tvíhliða þróunarstofnana. Á síðustu 40 árum hafa lífslíkur í þróunarlöndum hækkað um 20 ár. Á tímabilinu 1970 til 2000 lækkaði barnadauði í heiminum úr 96 í 56 á hverja 1000 íbúa. Á síðustu 30 árum hefur ólæsi í þróunarlöndum lækkað úr 47% í 25% á meðal full-

orðinna. Í einstökum löndum hefur náðst verulegur árangur. Í Víetnam hefur fátæku fólki fækkað um helming á síðustu 15 árum og í Kína hefur fjöldi fátækra í dreifbýli lækkað úr 250 milljónum í 34 milljónir á tveimur áratugum. Úganda, sem er eitt af samstarfslöndum ÞSSÍ, hefur náð góðum árangri í baráttunni við fátækt en samkvæmt rannsókn, sem gerð var á fimm ára tímabili á tíunda áratug síðustu aldar, lækkaði hlutfall fátækra í landinu um sem nemur 2,4% á ári og er talið að um þriðjungi þessa árangurs, eða 0,7% lækkun fátæktar á ári, megi þakka aðstoð þróunarstofnana.

Í kjölfar aukinna framlaga Íslands til marghliða þróunarsamvinnu er hafin þróun á verkefnakerfi hjá utanríkisráðuneytinu sem hefur það að markmiði að efla undirbúning, áætlanagerð, eftirlit og árangursmat með þróunarsamvinnu Íslands sem fer um hendur alþjóðastofnana.

Frá stofnun ÞSSÍ, með lögum árið 1981, hefur fengist mikil reynsla af þróunarstarfi. Á sama tíma hafa vinnubrögð stofnunarinnar þróast og þá sérstaklega hin síðari ár með auknum framlögum til málaflokksins. Rúmlega 200 starfsmenn koma að starfi og verkefnum ÞSSÍ og þar af eru milli 20–30 íslenskir sérfræðingar sem starfa í samstarfslöndunum sem og á aðalskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík.

Árangur starfsins er nú metinn reglulega með úttektum óvilhallra aðila á einstökum verkefnum. Í september 2003 kom út skýrsla á vegum utanríkisráðuneytisins, „Ísland og þróunarlöndin, Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana“. Í þeirri skýrslu er að finna óháða samantekt á starfsemi ÞSSÍ í fjórum samstarfslöndum stofnunarinnar. Í álitsgerðinni kemur meðal annars fram að unnið hefur verið skipulega að breytingum á starfsemi stofnunarinnar í samræmi við tillögur fyrri álitsgerðar frá árinu 1997. Undirbúningi verkefna og samningum um þau hefur verið komið í skipulegt og fast form. Árangursmat í formi úttekta óháðra aðila er nú samningsbundið í öllum verkefnum stofnunarinnar. Þessar úttektir eru teknar fyrir í stjórn stofnunarinnar sem og sendar Ríkisendurskoðun til skoðunar. Á síðustu þremur árum voru gerðar 12 óháðar úttektir á þróunarverkefnum ÞSSÍ. Allar úttektir sýndu góðan árangur og að fjármunum var ráðstafað eins og ætlast var til af verkefnaáætlun.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	825,0	811,3	834,9	2,9	1,2
Ýmis verkefni	32,8	44,5	36,9	-17,1	12,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	8,0	4,0	-50,0	-
Samtals	**857,8**	**868,8**	**880,8**	**1,4**	**2,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 14,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 834,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2004. Gjöld á viðfangsefninu *1.10 Yfirstjórn* hækka um 41,6 m.kr. og nema 710,6 m.kr. Í fyrsta lagi er sótt um 20 m.kr. fjárveitingu til að styrkja launagrunn aðalskrifstofu. Í öðru lagi er lagt til að 14 m.kr. af 500 m.kr. framlagi til þróunarmála verði fært á aðalskrifstofu til styrkingar starfsemi á sviði þróunarsamvinnu. Fjárveitingin tengist verkefnum um marghliða þróunarsamvinnu Íslands, m.a. stefnumótun og umsjón með samskiptum Íslands við þróunarstofnanir SÞ og aðrar þróunarsamvinnustofnanir. Í þriðja lagi er sótt um 5 m.kr. fjárveitingu til að fjölga um einn fulltrúa á alþjóðaskrifstofu. Þörf er á að efla verulega þátttöku Íslands í starfsemi SÞ vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands til öryggisráðsins haustið 2008. Gera má ráð fyrir að kostnaður af einu stöðugildi nemi um 8 m.kr. og mun þessi fjárveiting fjármagna stöðuna að hluta. Í fjórða lagi er sótt um 4 m.kr. fjárveitingu til að ráða flutningsskyldan háskólamenntaðan fulltrúa á almenna skrifstofu ráðuneytisins. Kostnaður við flutningsskyldan háskólamenntaðan fulltrúa er um 6 m.kr. á ári og mun þessi fjárveiting fjármagna stöðugildið að hluta. Í fimmta lagi er sótt um 3,6 m.kr. tímabundna fjárveitingu vegna formennsku Íslands í Eystrasaltsráðinu frá haustinu 2005 til vors 2007. Kostnaður vegna formennskunnar er samtals áætlaður 18,7 m.kr. sem skiptist þannig að 3,6 m.kr. fellur til árið 2005 og 15,1 m.kr. árið 2006. Í sjötta lagi fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag á fjárlögum 2004 vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Kostnaður við formennsku í ráðinu frá september 2002 fram á haust 2004 nam 70 m.kr. sem skiptist þannig að 20 m.kr. voru veittar árið 2002, 30 m.kr. á árinu 2003 og 20 m.kr. á árinu 2004. Á viðfangsefni *1.53 Þýðingamiðstöð* fellur niður 20 m.kr. tímabundin fjárveiting í fjárlögum 2004 vegna þýðinga á reikningsskilastaðli sem er fylgifiskur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002. Loks fellur niður 7,1 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2004 vegna ráðherrafundar EFTA á Íslandi vorið 2004. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags og áforma um hagræðingu í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Framlag til þessa liðar lækkar um 7,6 m.kr. og verður 36,9 m.kr. Annars vegar fellur niður 10 m.kr. framlag í fjárlögum 2004 til að styðja við markaðssetningu á dilkakjöti erlendis. Hins vegar er lagt til að veita 1,9 m.kr. til Lögbergs – Heimskringlu, blaðaútgáfu Vestur-Íslendinga í Kanada. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags ásamt hagræðingu í starfsemi.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna utanríkisráðuneytis lækkar um 4 m.kr. og verður samtals 4 m.kr.

Keflavíkurflugvöllur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld málefnaflokksins nema 1.336,4 m.kr. og hækka um 215,7 m.kr. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

201 Sýslumaðurinn í Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld verða 418,7 m.kr. og lækka um 111,5 m.kr. Á viðfangsefni *1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli* er gert ráð fyrir að sértekjur embættisins hækki um 26,4 m.kr. og á viðfangsefni *1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli* er gerð tillaga um að sértekjur embættisins hækki um 98,6 m.kr. vegna útseldrar þjónustu við öryggisþjónustu og vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi og greiðir kostnaðinn með tekjum af öryggisgjaldi. Sótt um 10 m.kr. til að efla í sérsveit lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. En gert er ráð fyrir fjölgun um tvo sérsveitarmenn. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða auk launa- og verðlagsbreytinga.

211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Áætlað er að ríkistekjur af lendingargjöldum og öryggisgjaldi, áður vopnaleitargjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, verði samtals 917,7 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að tekjur af öryggisgjaldi hækki um 254,7 m.kr. og verði 402,7 m.kr. í kjölfar breytinga skv. lögum nr. 88/2004. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkistekjur af lendingargjaldi vegna millilandaflugs hækki um 71,5 m.kr. og verði 530 m.kr. í kjölfar breytinga skv. lögum nr. 88/2004. Framlag, sem rennur til stofnunarinnar í B-hluta fjárlaga, hækkar því um 326,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar í umfjöllun um B-hluta fyrirtæki.

Sendiráð og fastanefndir

Heildarframlög til málefnaflokksins nemur 1.696,3 m.kr. og hækkar um 143,6 m.kr. Framlag til sendiráða og fastanefnda verður 1.530 m.kr. og hækkar um 30 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Stofnkostnaður hækkar 132,5 m.kr. milli ára og munar þar mest um 111,6 m.kr. tímabundið framlag vegna byggingar nýs sendiherrabústaðar í Berlín.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	1.690,9	1.552,7	1.696,3	9,2	0,3
Samtals	**1.690,9**	**1.552,7**	**1.696,3**	**9,2**	**0,3**

Helstu breytingar á framlögum á liðnum eru eftirfarandi: Á viðfangsefninu *1.01 Sendiráð Íslands* er í fyrsta lagi er sótt um 20 m.kr. fjárveitingu til styrkingar fastanefnda gagnvart SÞ og undirstofnunum þeirra sem er liður í aukinni áherslu Íslands á samstarf við stofnanir SÞ og eflingar þróunarsamvinnu. Í öðru lagi er sótt um 18 m.kr. fjárveitingu til að fjölga um einn fulltrúa hjá fastanefnd Íslands í New York. Fastanefndin var styrkt um einn starfsmann í maí 2001 og um annan haustið 2002. Nauðsynlegt er að huga að frekari eflingu fastanefndarinnar vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands til öryggisráðs SÞ á tímabilinu 2009–2010. Framboð Íslands til öryggisráðsins þarf að eiga sér langan aðdraganda og byggja þarf upp starfsemi fastanefndarinnar jafnt og þétt. Í þriðja lagi er sótt er um 13 m.kr. fjárveitingu vegna hækkaðrar húsaleigu sendiráðs Íslands í Brussel. Í framhaldi af því að EFTA, ESA og sendiráð Íslands misstu húsnæði sitt að Rue de Treves þarf sendiráðið að flytja. Reiknað er með að húsaleiga á nýjum stað á ársgrundvelli nemi um 32 m.kr. sem er 13 m.kr. hækkun frá því sem nú er. Í fjórða lagi er sótt um 4 m.kr. framlag til að fjölga um staðarráðinn ritara við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Sendiráðið flutti í nýtt húsnæði í Norðurbryggju í nóvember 2003 og er nýja húsnæðið mun stærra en það húsnæði sem hafði hýst sendiráðið í áratugi. Þetta aukna húsnæðisrými krefst fleira starfsfólks, s.s. til að manna móttöku o.fl. Mun ódýrara er að ráða staðarráðinn ritara en útsendan ritara við sendiráðið og því er sú leið valin. Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.25 Sendiherrabústaður í Berlín* er sótt um 111,6 m.kr. fjárveitingu í eitt ár vegna byggingar nýs sendiherrabústaðar á lóð íslenska ríkisins í Berlín. Lóðin fékkst á hagstæðu verði miðað við markaðsaðstæður, 83,2 m.kr. Samkvæmt grein 7.2.31 í fjárlögum ársins 1999 var ákveðið að söluandvirði sendiherrabústaðarins í Bonn rynni til byggingar nýs bústaðar í Berlín en það nam 68,4 m.kr. Þá fékkst 50 m.kr. fjárveiting til byggingarinnar á fjárlögum ársins 2000. Uppsöfnuð fjárheimild nemur því 118,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður við bygginguna nemi 230 m.kr. og er sótt um 111,6 m.kr. sem er sú fjárveiting sem upp á vantar. Miðað er við að bústaðurinn verði tekinn í notkun 1. ágúst 2005. Að lokum er sótt um samtals 2 m.kr. framlag til aukins stofnkostnaðar og viðhalds vegna hlutfallslegrar fjölgunar sendiskrifstofa. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða auk launa- og gengisbreytinga samtals lækkun um 25,3 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	72,4	73,4	74,5	1,5	2,9
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	62,8	70,9	74,9	5,6	19,3
Sendiráð Íslands í London	84,0	86,4	87,8	1,6	4,5
Sendiráð Íslands í Moskvu	70,7	71,9	73,3	1,9	3,7
Sendiráð Íslands í Ósló	60,5	55,2	56,7	2,7	-6,3
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	92,4	92,2	93,5	1,4	1,2
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	46,7	40,8	42,4	3,9	-9,2
Sendiráð Íslands í Washington	85,9	102,4	103,5	1,1	20,5
Fastanefnd og aðalræðismaður í New York	153,1	160,5	199,5	24,3	30,3
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	110,6	110,9	125,3	13,0	13,3
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	76,4	76,5	77,9	1,8	2,0
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	75,9	71,0	72,4	2,0	-4,6
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	56,3	50,8	52,2	2,8	-7,3
Sendiráð Íslands í Peking	72,6	58,5	60,8	3,9	-16,3
Sendiráð Íslands í Ottawa	57,2	53,1	54,5	2,6	-4,7
Sendiráð Íslands í Tókíó	53,9	61,9	63,2	2,1	17,3
Sendiráð Íslands í Helsinki	48,4	43,6	45,8	5,0	-5,4
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	33,1	29,6	30,0	1,4	-9,4
Sendiráð Íslands í Mapútó	23,0	19,1	24,5	28,3	6,5
Samtals	**1.335,9**	**1.328,7**	**1.412,7**	**6,3**	**5,7**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	434,3	519,2	695,8	34,0	60,2
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	271,2	176,4	398,6	126,0	47,0
Alþjóðastofnanir	712,3	1.018,4	1.380,4	35,5	93,8
Samtals	**1.417,8**	**1.714,0**	**2.474,8**	**44,4**	**74,6**

Fjárveiting til málefnaflokksins nemur 2.474,8 m.kr. og hækkar um 760,8 m.kr. Helstu breytingarnar eru þær að framlag til eflingar þróunarmála eykst um 471,1 m.kr. og á tímabundið framlag til Þróunarsjóðs EFTA hækkar um 246,1 m.kr. Launa- og gengisbreytingar lækka framlag til málefnaflokksins um 69,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Útgjöld nema 695,8 m.kr. og hækka um 176,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* hækkar framlag um 29,7 m.kr., úr 36,1 m.kr. í fjárlögum 2004 í 65,8 m.kr. í frumvarpinu. Lagt er til að

millifært verði 28,2 m.kr. framlag af viðfangsefninu þróunaraðstoð á almennan rekstur til að leiðrétta misræmi sem hefur orðið við skiptingu útgjalda. Á stofnkostnaðarviðfangsefni *1.11 Þróunaraðstoð* hækkar framlag um 146,9 m.kr., úr 483,1 m.kr. í fjárlögum 2004 í 630 m.kr. Sótt er um 225 m.kr. fjárveitingu til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem er liður í að efla þróunarsamvinnu. Stefnt er að gerð samstarfssamnings við tvö ný samstarfslönd og framkvæmd nýrra verkefna á sviði jarðhitamála og fiskimála í núverandi og nýjum samstarfslöndum. Þá verður lögð aukin áhersla á kynningarmál. Samfara þessu verður starfsemi ÞSSÍ í höfuðstöðvum styrkt. Þá verður einnig aukning í framlögum til verkefna í núverandi samstarfslöndum. Á móti kemur 28,2 m.kr. lækkun vegna áðurnefndrar millifærslu á yfirstjórn stofnunarinnar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiða.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlag til þessa liðar nemur 398,6 m.kr. og hækkar um 222,2 m.kr. Í fyrsta lagi er sótt um 139,2 m.kr. fjárveitingu til almennra framlaga á sviði þróunarmála. Um er að ræða framlög til alþjóðastofnana, sjóða og verkefna á sviði þróunarsamvinnu, m.a. framlög til Alþjóðaumhverfissjóðsins, Alþjóðasjóðs til þróunar landbúnaðar, íslenska styrktarsjóðsins fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda í smáeyþróunarríkjum, verkefni á sviði sjálfbærra fiskveiða og framlag vegna kostnaðar í tengslum við störf íslenskra sérfræðinga hjá alþjóðaþróunarstofnunum. Í öðru lagi er sótt um 52,2 m.kr. til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á viðfangsefni *1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð*. Í þriðja lagi er sótt um 17,7 m.kr. vegna fjölgunar nema, hækkunar húsaleigu og jarðhitanámskeiða í Afríku á viðfangsefni *1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna*. Í fjórða lagi er sótt um 13 m.kr. til Sjávarútvegsskóla SÞ. Fyrirhugað er að auka umsvif skólans og fjölga nemendum, sem hljóta fulla styrki, úr 16 í 18 á ári. Einnig kemur til aukinn launa- og rekstrarkostnaður vegna aukinna umsvifa. Þá er stefnt að því að styrkja tvo nemendur til MSc-náms við Háskóla Íslands og þátttöku í námskeiðahaldi erlendis. Í fimmta lagi er sótt um 10,5 m.kr. til Hjálparstarfs SÞ fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Í samstarfi við UNIFEM á Íslandi er fyrirhugað að auka stuðning við verkefni á sviði kvenréttinda í þróunarríkjum. Í sjötta lagi er sótt um 7,6 m.kr. fjárveitingu til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar UNICEF. Framlagið er veitt sem liður í aukinni áherslu Íslands á samstarf við stofnanir SÞ í þróunarsamvinnu. Markmiðið er að vinna að bættum hag barna, ungmenna og kvenna í þróunarlöndum. Í sjöunda lagi er sótt um 3,8 m.kr. fjárveitingu til Þróunaraðstoðar SÞ, UNDP. Framlagið er veitt sem liður í aukinni áherslu Íslands á samstarf við stofnanir SÞ í þróunarsamvinnu. Markmiðið er að draga úr fátækt með því að stuðla að félagslegri og efnahagslegri þróun í þróunarríkjunum og vinna þannig að framgangi þúsaldarmarkmiðanna. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til Alþjóðastofnana nemur 1.380,4 m.kr. og hækkar um 362 m.kr. Á viðfangsefni *1.73 Þróunarsjóður EFTA* er lagt til að útgjöld hækki um 246,1 m.kr. í samræmi við samkomulag við ESB um aukin framlög til sjóðsins. Sjóðnum er ætlað að starfa í 5 ár frá 1. maí 2004 til 30. apríl 2008. Á þeim tíma er sjóðnum heimilt að styrkja verkefni en ætla má að greiðslur úr sjóðnum dreifist yfir lengri tíma þar sem þær eru háðar framkvæmdahraða samþykktra verkefna. Greiðslur Íslands í sjóðinn geta að hámarki orðið 6 milljónir evra á ári en þó þannig að ónýtt svigrúm flyst milli ára. Í fjárlögum 2004 var gert ráð fyrir að fjárheimild vegna samkomulagsins yrði 253,9 m.kr. þar sem ljóst þótti að tafir yrðu á að verkefni hæfust og fjárheimild fyrsta starfsárs nýja sjóðsins yrðu því ekki nýtt að fullu það ár. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að sjóðurinn taki að fullu til starfa og framlag verði 500 m.kr. næstu fjögur árin. Á viðfangsefni *1.87 Íslensk friðargæsla* er sótt um 125 m.kr. fjárveitingu til íslensku friðargæslunnar. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum hinn 24. október 2002 að flýta fjölgun friðargæsluliða þannig að þeir verði orðnir 50 árið 2006 í stað 2008 eins og áður var gert ráð fyrir. Áætlaður kostnaðarauki vegna þessa er um 125 m.kr. árlega árin 2004 og 2005 en 55 m.kr. árið 2006. Þannig er gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna íslensku friðargæslunnar verði um 550 m.kr. árið 2006 og að þá verði 50 friðargæsluliðar við störf erlendis. Að lokum er lagt til að framlag til átaks í lækkun skulda þróunarríkjanna (HIPC) lækki um 3 m.kr.. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga ásamt áformum um hagræðing í rekstri.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð er eini liður þessa málaflokks. Framlag til ráðsins nemur 279,4 m.kr. árinu 2005 og er það jafnt tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 10 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
03-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.984,3	2.162,8	2.287,7	6	15
Neyslu- og rekstrartilfærslur	9.541,5	9.038,1	9.516,7	5	0
Stofnkostnaður og viðhald	570,2	512,3	435,9	-15	-24
Samtals	**12.096,0**	**11.713,2**	**12.240,3**	**5**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	10.179,7	10.665,2	5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.533,5	1.575,1	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**11.713,2**	**12.240,3**	**5**	-

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 12.982 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 742 m.kr. en þær nema 6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 12.240 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.665 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.575 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.288 m.kr. og hækka um 125 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um aukin framlög til landgræðslu og skógræktar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 479 m.kr. og verður 9.517 m.kr. en er 9.038 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vega samningsbundnar greiðslur til sauðfjár- og mjólkurframleiðslu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 436 m.kr. og er það 76 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru að fasteignarekstur Landbúnaðarháskóla Íslands færist undir Fasteignir ríkissjóðs sem munu framvegis innheimta leigu af skólanum. Leigan bókfærist sem rekstrarkostnaður en á móti fellur stofnkostnaður að mestu leyti niður.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 22,8 m.kr. Miðast það við 1% af rekstrarkostnaði ráðuneytisins og skiptist hlutfallslega jafnt á allar undirstofnanir þess. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 334,4 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	289	291	293	290
Landbúnaðarstofnanir	1.194	1.249	1.252	1.263
Skógrækt og landgræðsla	1.178	1.189	1.200	1.211
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.726	7.771	7.817	7.834
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.854	1.845	1.842	1.844
Samtals	**12.241**	**12.345**	**12.404**	**12.442**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknifors-

endur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka landbúnaðarráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Greiðslur vegna búvöruframleiðslu aukist að jafnaði um 0,6% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með hækkun á framleiðslumarki mjólkur um 1 milljón lítra á ári. Að öðru leyti miðast samningsbundnar upphæðir við uppfærslu vísitölu neysluverðs. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir málefnaflokkinn Skógrækt og landgræðsla, vaxi árlega um 0,9% að meðaltali en þar er landgræðslu- og skógræktaráætlun höfð til hliðsjónar. Gert er ráð fyrir raunlækkun á uppreikningi málefnaflokksins Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar þar sem nokkur tímabundin framlög falla niður. Þar má nefna niðurgreiðslur á loðdýrafóðri en einnig renna út á tímabilinu samningar við Stofnfisk um fiskeldisrannsóknir og samningur við Hólaskóla um bleikjueldi.

Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.791 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	3.990,0	4.152,0	4.152,0	4.152,0	4.152,0
Sauðfjársamningur	B	2.670,3	2.765,0	2.765,0	2.765,0	2.765,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	597,5	609,8	609,8	604,8	604,8
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	280,0	294,5	294,5	264,5	264,5
Plöntukaup vegna Norðurlandsskóga	C	39,0	42,8	0,0	0,0	0,0
Plöntukaup vegna Héraðsskóga	C	34,8	42,9	0,0	0,0	0,0
Plöntukaup vegna Suðurlandsskóga	C	33,6	39,6	0,0	0,0	0,0
Stofnfiskur	B	24,0	24,0	24,0	0,0	0,0
Plöntukaup vegna Vesturlandsskóga	C	22,6	24,8	0,0	0,0	0,0
Landgræðsluskógar	B	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Bleikjurækt við Hólaskóla	B	15,7	15,7	15,7	15,7	0,0
Plöntukaup vegna Skjólskóga	C	15,8	16,3	0,0	0,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	B	15,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hrossaræktarfélög, átaksverkefni	B	10,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aksturskostnaður dýralækna	C	8,2	8,2	8,2	8,2	8,2
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin	A	5,3	5,3	5,3	5,3	5,3
Skógræktarfélag Íslands, rekstrarframlag	C	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
Plöntukaup vegna Austurlandsskóga	C	3,8	10,4	0,0	0,0	0,0
Samtals		**7.791,1**	**8.076,8**	**7.900,0**	**7.841,0**	**7.825,3**

Samningar sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna

þeirra áætlaður 602,8 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 7.025 m.kr. Að lokum eru 163,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem landbúnaðarráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Einnig hafa verið gerðir alls 472 samningar við skógræktarbændur um skógrækt á um 40.000 hekturum. Gera má ráð fyrir að flestir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 8.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Verkefni og árangursmælingar – Búvöruframleiðsla

Hlutverk verkefna á sviði málaflokksins er að styrkja innlenda búvöruframleiðslu með það að markmiði að lækka verð til neytenda og auka gæði framleiðslunnar en jafnframt treysta tekjugrundvöll bændanna. Málefnaflokkurinn skiptist í þrennt: Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu, greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Nánari umfjöllun um fjárreiður þessara verkefna á næsta ári er aftar í þessum kafla. Hér er leitast við að draga fram þróun málaflokksins yfir lengra tímabil og hvernig meta megi áhrif ríkisstuðnings. Hér að neðan er sýnd þróun útgjalda ríkissjóðs til málefnaflokksins á verðlagi ársins 2004 miðað við upplýsingar úr ríkisreikningi 1995–1993, fjárlög og fjáraukalög 2004 og fjárlagafrumvarpi 2005.



Útgjöld til mjólkurframleiðslu hafa vaxið um 2,4% að jafnaði á ári á föstu verðlagi undanfarin tíu ár. Útgjöld ríkisins eru 47,1% af grundvallarverði mjólkur sem endurspegla á framleiðslukostnað hvers lítra. Heildarkostnaður miðast við greiðslumark á ári sem ræðst af neyslu innanlands. Greiðslumarkið hefur aukist að meðaltali um 1% á ári sem er í samræmi við fólksfjölgun. Grundvallarverð hefur hækkað í takt við neysluvöruvísitölu frá árinu 2000 en hækkaði aðeins umfram hana áður. Kúabúum

fækkaði úr 1.410 árið 1994 í 933 árið 2003 eða til jafnaðar um 5% á ári. Heildarframleiðslumagn mjólkur jókst á sama tíma úr 103 milljónum lítra á verðlagsárinu 1993–1994 í 110 milljón lítra fyrir verðlagsárið 2002–2003. Framleitt magn á bú hefur að meðaltali aukist úr 73.000 lítrum árið 1994 í 118.000 lítra árið 2003. Beinar greiðslur úr ríkisjóði til mjólkurbænda í frumvarpi til fjárlaga árið 2005 eru 4.152 m.kr. eða sem nemur um 4,5 m.kr. að meðaltali fyrir hvert mjólkurbú.

Mjólkurframleiðsla



Heimild: Bændasamtök Íslands

Útgjöld til sauðfjárframleiðslu hafa lækkað um 1,1% að jafnaði á ári á föstu verðlagi undanfarin tíu ár. Stærsti hluti niðurgreiðslu ríkisins eru beinar greiðslur til bænda sem miðast við ærgildi, er það samsvarandi 18,2 kg kjöts þegar vegið er inn í sláturhús. Beingreiðsluupphæðin miðast í dag við um 358.000 ærgildi eða um 6.500 tonn af kjöti þegar búið er að taka tillit til uppkaupa og byggðaverkefna. Framleiðslan er hins vegar mun meiri eða 8.759 tonn kjöts sem skýrist meðal annars af framleiðslu til útflutnings. Árið 1994 voru sauðfjárbú 2.907 með þriggja tonna meðalframleiðslu (sem samsvarar 166 ærgildum). Árið 2003 hafði búum fækkað í 2.208 með 4 tonna meðalframleiðslu (sem samsvarar 217 ærgildum) en heildarframleiðsla hefur þó haldist nokkuð stöðug þessi 10 ár. Á sama tíma hefur meðalneysla kindakjöts innanlands fallið úr 30,7 kg á mann (alls 7.814 tonn) árið 1993 í 21,9 kg árið 2003 (alls 6.499 tonn). Það sem ekki hefur selst innanlands er flutt til sölu erlendis. Verð til bænda fyrir útflutt kindakjöt er mun lægra en fyrir það sem er selt innanlands og er meðalverð til hvers bónda skert til að fjármagna útflutninginn. Ef heildarniðurgreiðslu ríkissjóðs er deilt niður á selt magn innanlands var hvert kg af kindakjöti niðurgreitt um 398 kr. árið 1993 og 454 kr. árið 2003 sem er 14% hækkun á þessum 10 árum á föstu verðlagi 2004. Beinar greiðslur úr ríkisjóði til sauðfjárbænda (*1.01 Beinar greiðslur til bænda, 1.02 jöfnunargreiðslur,*

1.04 álagsgreiðslur vegna gæðastýringar og *1.05 niðurgreiðslur á ull*) í frumvarpi til fjárlaga árið 2005 eru áætlaðar 2.390 m.kr. eða sem nemur um 1,1 m.kr. fyrir hvert sauðfjárbú að meðaltali.



Heimild: Bændasamtök Íslands

Stærsti hluti stuðnings ríkisins við grænmetisframleiðendur eða um 70% af heildarupphæðinni eru beinar greiðslur til framleiðenda tómata, gúrku og papriku samkvæmt aðlögunarsamningi við garðyrkjubændur frá 12. mars 2002. Við upphaf samningsins voru 34 gúrkubændur sem seldu innanlands 589 tonn eða að meðaltali 17,3 tonn fyrir hvern bónda. Paprikubændur voru 26 og seldu 36 tonn eða sem nam 1,4 tonni á hvern bónda. Árið 2002 voru tómatabændur 32 talsins og seldu 555 tonn eða 17,3 tonn að meðaltali. Ári síðar hafði gúrkubændum fækkað um 3 en selt magn fyrir hvern bónda hafði aftur á móti aukist um 75% milli ára og varð alls 30,2 tonn. Paprikubændum fækkaði um 8 en meðalsala fyrir hvern bónda, sem eftir var, jókst um 214,% og fór í 4,4 tonn. Tómatabændum fækkaði um 5 en selt magn á hvern bónda hækkaði úr 17,3 tonnum í 39,7 tonn árið 2003 og er það hækkun um 129%. Ástæða þessarar fækkunar í stéttinni er að margir hafa nýtt ákvæði samningsins um úreldingu gróðurhúsa en alls var gert ráð fyrir 150 m.kr. í það verkefni.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	182,7	180,4	192,5	6,7	5,4
Ýmis verkefni	138,2	101,5	90,4	-10,9	-34,6
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	0,0
Samtals	**320,9**	**287,9**	**288,9**	**0,3**	**-10,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 4,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

101 ***Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Farið er fram á 6,4 m.kr. framlag til að styrkja starfsemi ráðuneytisins.

190 ***Ýmis verkefni.*** Liðurinn lækkar um alls 11,3 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi fellur niður tímabundin 7,3 m.kr. hækkun safnliðar á viðfanginu *1.90 Ýmis verkefni*. Í öðru lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegrar ráðstefnu Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar sem haldin var hér á landi á árinu. Aðrar breytingar skýrast af hagræðingarkröfu.

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 221 Veiðimálastofnun, 222 Veiðimálastjóri, 233 Yfirdýralæknir, 236 Aðfangaeftirlit ríkisins, 262 Landbúnaðarháskóli Íslands, 271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Niður falla fjárlagaliðirnir: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði og 283 Garðyrkjuskóli ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	208,4	200,9	0,0	-100,0	-100,0
Veiðimálastofnun	41,4	55,5	49,2	-11,4	18,8
Veiðimálastjóri	21,2	26,1	26,6	1,9	25,5
Yfirdýralæknir	373,4	362,8	377,0	3,9	1,0
Aðfangaeftirlit ríkisins	26,5	45,8	45,2	-1,3	70,6
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	231,9	193,3	0,0	-100,0	-100,0
Landbúnaðarháskóli Íslands	0,0	0,0	509,3	-	-
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	187,7	174,4	167,3	-4,1	-10,9
Garðyrkjuskóli ríkisins	95,1	96,1	0,0	-100,0	-100,0
Hagþjónusta landbúnaðarins	17,4	18,8	19,1	1,6	9,8
Samtals	**1.203,0**	**1.173,7**	**1.193,7**	**1,7**	**-0,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 16 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til Landbúnaðarháskóla Íslands hækki um 28 m.kr. Annars vegar vegna aukins kostnaðar við húsaleigu en Fasteignir ríkissjóðs munu taka yfir rekstur á fasteignum skólans. Hins vegar til styrkingar á rekstri skólans. Loks falla niður tímabundin framlög, annars vegar 35 m.kr. framlag vegna fjósbyggingar á Hvanneyri og hins vegar 10 m.kr. framlag til að reisa reiðskemmu á Hólum.

211 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Fjárlagaliðurinn fellur niður og allar fjárheimildir stofnunarinnar, alls 200,9 m.kr., færast yfir á nýjan fjárlagalið 262 Landbúnaðarháskóli Íslands. Markmið sameiningarinnar er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með samþættingu fræðslu-, leiðbeiningar- og rannsóknarstarfs.

221 Veiðimálastofnun. Tímabundið 7 m.kr. framlag vegna rannsókna á laxi í sjó fellur niður.

233 Yfirdýralæknir. Alls hækkar liðurinn um 1,0 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar vegur þyngst 5 m.kr. hækkun endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af gjaldi vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum og áformum um hagræðingu í rekstri stofnunarinnar.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Fjárlagaliðurinn fellur niður. Allar fjárheimildir skólans, alls 158,3 m.kr., færast yfir á nýjan fjárlagalið 262 Landbúnaðarháskóli Íslands. Niður fellur tímabundið 35 m.kr. framlag til fjósbyggingar.

262 Landbúnaðarháskóli Íslands. Háskólinn er stofnaður vegna sameiningar þriggja stofnana Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Samanlagðar fjárveitingar þessara stofnana árið 2004 voru alls 490,3 m.kr. og færast að mestu yfir á fjárlagalið Landbúnaðarháskóla Íslands. Tvö frumvörp, sem samþykkt voru á vorþingi, liggja að baki stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands. Þau eru frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum og frumvarp til laga breytingar á lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, með síðari breytingum. Markmið þessara frumvarpa er að sameina starfsemi, eignir og rekstur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins undir einni nýrri stofnun sem Landbúnaðarháskóla Íslands. Sameiningin er gerð með það að markmiði að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með samþættingu fræðslu-, leiðbeiningar- og rannsóknarstarfs. Farið er fram á 20 m.kr. varanlegt framlag vegna viðhaldsverkefna sem áformað er að verði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs

sem tekur yfir rekstur og viðhald fasteigna Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Loks er farið fram á 12,8 m.kr. til að styrkja starfsemi hins nýja Landbúnaðarháskóla. Aðrar breytingar skýrast af hagræðingarkröfu til reksturs og launa- og verðlagsbreytingum.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Tímabundið 10 m.kr. framlag vegna byggingar reiðskemmu fellur niður.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins. Fjárlagaliðurinn fellur niður. Allar fjárheimildir skólans á árinu 2004 alls 96,1 m.kr. færast yfir á nýjan fjárlagalið: 262 Landbúnaðarháskóli Íslands.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 311 Landgræðsla ríkisins, 321 Skógrækt ríkisins, 331 Héraðsskógar og 343 Landshlutabundin skógrækt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	443,3	450,2	477,0	6,0	7,6
Skógrækt ríkisins	217,4	242,9	230,7	-5,0	6,1
Héraðsskógar	103,2	107,0	103,9	-2,9	0,7
Landshlutabundin skógrækt	299,7	325,5	366,2	12,5	22,2
Samtals	**1.063,6**	**1.125,6**	**1.177,8**	**4,6**	**10,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 13 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til landshlutabundinna skógræktarverkefna hækki um 27,2 m.kr. og framlög til Landgræðslu ríkisins hækki um 13,3 m.kr. Á móti falla niður 19 m.kr. tímabundin framlög til Skógræktar ríkisins og einnig fellur niður tímabundið 8 m.kr. framlag til Héraðsskóga sem fór í gerð gagnagrunns um skógrækt.

311 Landgræðsla ríkisins. Farið er fram á 16,7 m.kr framlag til að stefna að markmiðum þingsályktunar frá 30. apríl 2002 um landgræðsluáætlun sem nær til ársins 2014. Aðrar breytingar skýrast af áformum um hagræðingu í rekstri stofnunarinnar og af verðlags- og launabreytingum.

321 Skógrækt ríkisins. Alls lækkar liðurinn um 21 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi fellur niður tímabundið 17 m.kr. framlag vegna tækjakaupa. Í öðru lagi lækka fjárheimildir stofnunarinnar um 2 m.kr. vegna tímabundins 8 m.kr. framlags frá árinu 2002 í kjölfar úrskurðar Samkeppnisstofnunar um að Skógræktinni væri ekki lengur heimilt að selja

plöntur. Samkvæmt samkomulagi milli fjármála- og landbúnaðarráðherra mun framlagið lækka um 2 m.kr. á ári til ársins 2005. Aðrar breytingar skýrast af áformum um hagræðingu og launa- og verðlagsbreytingum.

331 Héraðsskógar. Farið er fram á 2,4 m.kr. framlag til ræktunar Héraðsskóga. Niður fellur 8 m.kr. tímabundið framlag vegna gagnagrunns um skógrækt.

343 Landshlutabundin skógrækt. Alls hækkar liðurinn um 27,2 m.kr. að raungildi. Þar af hækkar framlag til Suðurlandsskóga um 13,4 m.kr. Framlag til Austurlandsskóga hækkar um 7,3 m.kr. Norðurlandsskógar hækka um 5,4 m.kr. Vesturlandsskógar hækka um 2,5 m.kr. og Skjólskógar á Vestfjörðum hækka um 2,4 m.kr. Aðrar breytingar skýrast um 1% hagræðingarkröfu og af verðlags- og launabreytingum.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu, 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.361,2	4.420,0	4.588,0	3,8	5,2
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.642,1	2.610,0	2.843,0	8,9	7,6
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	258,4	280,0	294,5	5,2	14,0
Samtals	**7.261,7**	**7.310,0**	**7.725,5**	**5,7**	**6,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 184,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Alls hækkar liðurinn um 42,6 m.kr. að raungildi vegna hækkunar á greiðslumagni til framleiðslu mjólkur úr 105 í 106 milljón lítra á verðlagsárinu 2004 til 2005 sem tekur gildi frá og með 1. september. 2004. Við þessa breytingu aukast beinar greiðslur til bænda um 41 m.kr. og framlag í lífeyrissjóð hækkar einnig um 1,6 m.kr. en framlagið miðast við 4% af beinum greiðslum til bænda.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Farið er fram á 130,3 m.kr. framlag í samræmi við samninga um greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að tímabundið falli niður 129 m.kr. framlag til álagsgreiðslna vegna uppkaupa á greiðslumarki. Samkvæmt breytingum á lögum 99/1993, um framleiðslu,

verðlagningu og sölu á búvörum, sem tóku gildi í lok ársins 2002, er gert ráð fyrir að umræddri fjárhæð skuli varið til álags á gæðastýrða framleiðslu. Gert er ráð fyrir sömu upphæð í frumvarpi til fjáraukalaga 2004. Einnig hækkar í kjölfarið framlag ríkisins í lífeyrissjóð bænda um 5,2 m.kr, en framlagið miðast við 4% af beinum greiðslum til bænda.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Alls hækkar liðurinn um 4,6 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið er fram á 9 m.kr. framlag í samræmi við ákvæði í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið hljóðar upp á 1,08 kr./kWst. niðurgreiðslu raforku til grænmetisframleiðslu. Í upphafi var gert ráð fyrir 25 m.kr. niðurgreiðslu. Notkunin hefur þó reynst meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Einnig er gert ráð fyrir 16,4 m.kr. framlags í fjáraukalögum vegna uppgjörs fyrir síðustu þrjú ár. Á móti lækkar liðurinn um 4,4 m.kr. vegna 2,5% hagræðingarkröfu í samningi. Þar af lækkar viðfangið *1.01 Beinar greiðslur til bænda* um 3 m.kr. Viðföngin *1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum* og *1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt* lækka hvort um sig um 0,5 m.kr. Loks lækkar viðfangið *1.08 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu* um 0,4 m.kr. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsákvæðum í samningi sem uppfærist miðað við vísitölu neysluverðs.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands, 818 Búnaðarsjóður, 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins, 823 Lánasjóður landbúnaðarins, 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara, 827 Fóðursjóður, 831 Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins, 841 Fiskirannsóknir, 843 Fiskiræktarsjóður, 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	408,5	420,7	433,0	2,9	6,0
Búnaðarsjóður	323,0	242,0	260,0	7,4	-19,5
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	187,4	185,0	185,0	0,0	-1,3
Lánasjóður landbúnaðarins	182,7	136,0	146,0	7,4	-20,1
Verðmiðlun landbúnaðarvara	118,0	101,6	101,6	0,0	-13,9
Fóðursjóður	556,1	520,0	520,0	0,0	-6,5
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	116,8	72,0	82,0	13,9	-29,8
Fiskeldisrannsóknir	21,9	24,0	27,7	15,4	26,5
Fiskræktarsjóður	18,5	17,7	17,1	-3,4	-7,6
Greiðslur vegna riðuveiki	36,1	52,0	52,0	0,0	44,0
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	272,1	25,0	30,0	20,0	-89,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	20,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**2.241,1**	**1.816,0**	**1.854,4**	**2,1**	**-17,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 41,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 30 m.kr. framlagi til að niðurgreiða loðdýrafóður. Þá hækka ýmsar ríkistekjur um 38 m.kr. Á móti kemur að 25 m.kr. tímabundið framlag til stuðnings við hrossarækt fellur niður. Ekki er úthlutað til ráðuneytisins af framlagi Íslenska upplýsingasamfélagsins fyrir árið 2005.

811 Bændasamtök Íslands. Alls lækka framlögin um 5 m.kr. að raungildi. Um er að ræða samningsbundna lækkun í samræmi við ákvæði í samningi um rekstrarframlög frá 6. mars 2002. Liðurinn *1.01 Leiðbeiningarstarfsemi, landþjónusta* lækkar um 2 m.kr. Framlag til viðfanganna *1.92 Leiðbeiningarstarfsemi, héraðsþjónusta, 1.93 Búrekstraráætlanir* og *1.96 Búfjárrækt* lækka öll um 1 m.kr.

818 Búnaðarsjóður. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af búnaðargjaldi gerir ráð fyrir 28 m.kr. hækkun milli ára. Þar af renna 18 m.kr. til Búnaðarsjóðs og 10 m.kr. til Lánasjóðs landbúnaðarins.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Framleiðnisjóður breytist frá því að vera C-hluta stofnun, sem eru lánastofnanir á vegum ríkisins, yfir í að vera A-hluta ríkisstofnun. Á síðustu árum hafa lánveitingar Framleiðnisjóðs verulega dregist saman og eru nú hverfandi. Þykir því réttari framsetning að færa starfsemi sjóðsins yfir í A-hluta. Sjóðurinn fær 185 m.kr. árlegt framlag úr ríkissjóði í samræmi við samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands frá 6. mars 2002. Að auki er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi af tekjum Fóðursjóðs. Loks er gert ráð fyrir 12 m.kr. vaxtatekjum af innstæðum og eldri veittum lánum sjóðsins.

831 Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af afgjöldum ríkisjarða gerir ráð fyrir að tekjurnar hækki um 10 m.kr. og verði 42 m.kr. á árinu 2005.

841 Fiskeldisrannsóknir. Farið er fram á tímabundið 3,7 m.kr. framlag vegna uppgjörs samnings við Stofnfisk en samningurinn er bundin lánskjaravísitölu með 2% árlegri hagræðingarkröfu.

843 Fiskiræktarsjóður. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur Fiskiræktarsjóðs gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 0,6 m.kr. og verði alls 17,1 m.kr.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Í fyrsta lagi er farið fram á tímabundið 30 m.kr. framlag til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Tillagan er í samræmi við álit nefndar frá maí

2004 um bráðan rekstrarvanda loðdýraræktarinnar. Gert er ráð fyrir að upphæðin lækki í 22 m.kr. og haldist óbreytt til ársins 2008. Í öðru lagi falla niður 25 m.kr. tímabundnar fjárveitingar til átaks í hrossarækt.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.976,1	2.025,9	1.989,0	-2	1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	250,8	259,2	468,2	81	87
Stofnkostnaður og viðhald	1.064,9	818,7	55,0	-93	-95
Samtals	**3.291,8**	**3.103,8**	**2.512,2**	**-19**	**-24**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.902,1	2.387,5	26	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.201,7	124,7	-90	-
Samtals	-	**3.103,8**	**2.512,2**	**-19**	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 3.344 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 832 m.kr. en þær nema 25% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.512 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.387 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 125 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.989 m.kr. og lækka um 37 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um niðurfellingu á ýmsum tímabundnum verkefnum.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 209 m.kr. og verður því 468,2 m.kr. en er 259 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur tvöföldun á framlagi ríkisins í rannsóknarsjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 55 m.kr. og er það 764 m.kr. lækkun milli ára sem er að stærstum hluta niðurfelling á tekjum og gjöldum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingarkröfu á rekstur sem nemur 20,6 m.kr. Miðast það við 1% af rekstrarkostnaði ráðuneytisins og skiptist hlutfallslega jafnt á stofnanir þess. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 140,3 m.kr. Nánar er vikið að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	326	329	332	335
Rannsóknir og eftirlit	2.186	2.204	2.223	2.242
Samtals	**2.512**	**2.533**	**2.555**	**2.577**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa, 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	143,3	153,2	168,0	9,7	17,2
Ýmis verkefni	199,8	188,2	155,3	-17,5	-22,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	0,0
Samtals	**343,1**	**344,4**	**326,3**	**-5,3**	**-4,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 23,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að ýmis tímabundin framlög falli niður svo sem mælingar á eiturefnum í sjávarafurðum og uppbygging gagnagrunns um ástand og nýtingu fiskistofna. Þess má geta að Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins mun hefja verkefni sem eru skyld þeim sem falla niður.

101 Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa. Alls hækkar liðurinn um 9,3 m.kr. að raungildi. Annars vegar er farið fram á 5 m.kr. framlag vegna ráðningar starfsmanns í hálfa stöðu innan ráðuneytisins til að sinna verkefnum sem áður voru unnin af Þjóðhagsstofnun. Þar á meðal er umfjöllun um ákveðna þætti í efnahagslegu umhverfi sjávarútvegs. Hins vegar er um að ræða millifærða 6,0 m.kr. fjárheimild af fjárlagaliðnum 190 Ýmis verkefni vegna breyttrar forgangsröðunar innan fjárlagaramma. Aðrar breytingar skýrast af 1% hagræðingarkröfu á rekstur og af launa- og verðlagsbreytingum.

190 Ýmis verkefni. Alls lækkar liðurinn um 32,4 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi fellur niður tímabundin 25,7 m.kr. fjárveiting vegna tveggja verkefna á viðfanginu *1.90 Ýmislegt.* Annars vegar vegna 14 m.kr. tímabundins verkefnis við að mæla díoxin og önnur eiturefni í sjávarafurðum og hins vegar vegna 11,7 m.kr. tímabundins verkefnis til að búa til gagnagrunn um ástand og nýtingu fiskistofna. Í öðru lagi breytast fjárveitingar á eftirfarandi viðfangsefnum vegna breyttrar forgangsröðunar innan fjárlagaramma: *1.21 Fiskifélag, sjóvinnukennsla* lækkar um 8,0 m.kr., *1.49 Úrskurðanefndir* um 4,3 m.kr., *1.51 Norður-Atlantshafsspendýraráðið, NAMMCO* um 0,8 m.kr. og *190 Ýmislegt* lækkar um 6 m.kr. Á móti hækkar viðfangsefnið *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* um 12,0 m.kr. Ráðuneytið telur nauðsynlegt að rýmka fjárveitingar til þessara þátta í starfsemi sinni vegna eftirtalinna verkefna: Á árinu 2005 verður haldin alþjóðleg sjávarútvegssýning í Kópavogi sem ráðuneytið og stofnanir þess munu taka þátt í. Jafnhliða sýningunni verður haldin ráðstefna þar sem boðsgestir verða sjávarútvegsráðherrar nokkurra megin fiskveiðiþjóða víðs vegar að úr heiminum. Endurnýja þarf upplýsingaefni ráðuneytisins sem er orðið gamalt og úr sér gengið. Þörf er á að endurskrifa og gefa út bækling sem lýsir stjórnkerfi fiskveiða á Íslandi. Mikil eftirspurn er eftir þessu efni. Ekki síst þarf að uppfæra, endurskoða og gefa út talnaefni sem ráðuneytið hefur gefið út í bæklingaformi. Þá hefur ráðuneytið axlað skyldur við hagsmunagæslu Útflutningsráðs og hefur ráðherra farið fyrir mörgum viðskiptasendinefndum, sem fulltrúar atvinnulífsins hafa tekið þátt í, til að kanna og treysta viðskiptasambönd á nýjum mörkuðum. Á viðfangsefni 1.90 Ýmislegt eru um 18,6 m.kr. Af þeim er gert ráð fyrir að verja 3,0 m.kr. í að rannsaka ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks og 9,6 m.kr. til að standa undir kostnaði af margvíslegri hagsmunagæslu Íslands á alþjóðavettvangi og í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Loks er varið 6,0 m.kr. til að kosta íslenskan sérfræðing í fiskimáladeild Evrópusambandsins. Aðrar breytingar skýrast af hagræðingarkröfu og af launa- og verðbreytingum.

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin, 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, 204 Fiskistofa, 207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 213 Verðlagsstofa skiptaverðs, 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins, 801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Liðurinn 811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.184,1	973,1	1.005,9	3,4	-15,0
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	144,7	169,6	196,5	15,9	35,8
Fiskistofa	601,4	637,1	653,6	2,6	8,7
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	67,8	35,0	35,0	0,0	-48,4
Verðlagsstofa skiptaverðs	20,6	22,8	23,3	2,2	13,1
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	12,5	10,4	10,4	0,0	-16,8
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	0,0	100,0	200,0	100,0	0,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	822,1	742,0	0,0	-100,0	-100,0
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	59,4	59,4	61,2	3,0	3,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	10,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**2.912,6**	**2.759,4**	**2.185,9**	**-20,8**	**-25,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 640,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að 742 m.kr. framlag af Þróunarsjóðsgjaldi, sem rennur til Þróunarsjóðs, falli niður þar sem hætt hefur verið að innheimta gjald í sjóðinn. Á móti eykst framlag til rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs um 100 m.kr. og jafnframt er veitt 30 m.kr. framlag til að auka öryggi útflutningstekna af sjávarfangi sem er verkefni á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

*202 **Hafrannsóknastofnunin.*** Alls lækkar framlag til stofnunarinnar um 5,7 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið fram á 10,3 m.kr. framlag til að styrkja veiðafærarannsóknir og til eflingar útibús á Ísafirði. Í öðru lagi færist 2,5 m.kr. framlag fyrir árið 2004 frá Íslenska upplýsingasamfélagsinu vegna byggingar á samskiptaneti við þjónustuaðila en því verkefni er nú lokið. Í þriðja lagi fellur niður tímabundið 9 m.kr. rannsóknarframlag til að kanna skyldleika úthafs- og djúphafskarfa. Í fjórða lagi lækkar framlög stofnunarinnar um 9,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

*203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Alls hækka framlög til stofnunarinnar um 22 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið fram á 30 m.kr. framlag til að auka öryggi útflutningstekna af sjávarfangi. Á undanförnum árum hafa ítrekað komið upp mál á alþjóðlegum matvælamörkuðum sem varða öryggi og heilnæmi matvæla vegna fjölgunar fæðuborinna sýkinga og mengandi efna sem hafa heilsuspillandi áhrif. Því er nauðsynlegt að afla upplýsinga um heilnæmi og öryggi sjávarfangs. Áhættumat er viðurkennd vísindaleg aðferð til að sýna hvernig heilnæmi matvæla er háttað. Er hér lagt til að stofnuninni verði falið að koma upp nýju starfssviði sem taki til þessara verkefna og framkvæmi áhættumat er grundvallist á öflugri gagnaöflun um aðskotaefni, örverur og veirur í sjávarfangi og um heilnæmisþætti almennt. Stefnt er að því að sú aukna starfsemi, sem af þessu leiðir, fari fram í útibúinu á Akureyri og er þá gert ráð fyrir að þar fari einkum fram tilteknar áhættumælingar og heilnæmisrann-

sóknir. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 6,4 m.kr. framlag vegna endurskipulagningar stofnunarinnar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 1,6 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

204 ***Fiskistofa.*** Í fyrsta lagi breytist fjármögnun stofnunarinnar samkvæmt breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, sem samþykkt var á vorþingi 2004. Fellur veiðieftirlitsgjald niður frá 1. september 2004 eða frá sama tíma og veiðigjald verður tekið upp sem rennur beint í ríkissjóð. Falla því niður 335 m.kr. ríkistekjur af veiðieftirlitsgjaldinu sem fóru áður til Fiskistofu. Í staðinn er lagt til að bein greiðsla til stofnunarinnar úr ríkissjóði hækki um sömu fjárhæð. Í öðru lagi færist 2,5 m.kr. framlag fyrir árið 2004 frá Íslenska upplýsingasamfélaginu vegna byggingar á samskiptaneti við þjónustuaðila en því verkefni er nú lokið. Loks eru áform um 6,3 m.kr. hagræðingu í rekstri stofnunarinnar.

207 ***Verkefnasjóður sjávarútvegsins.*** Á síðasta ári var gerð breyting á lögum um stjórn fiskveiða þannig að ákveðið var að andvirði svonefnds hafrannsóknarafla skyldi renna í sama sjóð og gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða er heimilt að ákveða að allt að 5% af afla skips reiknist ekki til aflamarks skipsins en andvirðið renni í þennan sérstaka sjóð. Andvirði þessa afla hafði fyrir lagabreytingu runnið sem sértekjur til Hafrannsóknastofnunarinnar. Var nafni sjóðsins breytt úr Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla í Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Jafnframt var hlutverk sjóðsins víkkað þannig að ráðstöfun fjár úr honum takmarkaðist ekki við hafrannsóknir og eftirlit heldur yrði heimilt að ráðstafa fé til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs auk eftirlits með fiskveiðum. Stjórn sjóðsins gerir tillögur til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun fjárins. Áætlað er að á árinu 2005 renni í sjóðinn um 35 m.kr. vegna gjaldtöku af ólögmætum sjávarafla og um 121 m.kr. í sértekjur af svonefndum 5% afla.

801 ***Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.*** Lagt er til að framlag til sjóðsins verði aukið um 100 m.kr. og verði því alls 200 m.kr. á árinu 2005. Sjóðurinn var stofnaður á síðasta ári í samræmi við þingsályktunartillögu sjávarútvegsráðherra um fimm ára átak til að auka verðmæti sjávarfangs.

811 ***Þróunarsjóður sjávarútvegsins.*** Fjárlagaliðurinn fellur niður. Samkvæmt breytingum á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt voru á vorþingi 2004, verður hætt að innheimta þróunarsjóðsgjalds frá og með 1. september 2004. Falla því niður á árinu 2005 tekjur til sjóðsins sem nema 742 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir niðurfellingu 512 m.kr. tekna og samsvarandi gjaldaheimildar fyrir árið 2004 í frumvarpi til fjáraukalaga 2004.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
05-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	11.611,5	11.804,3	12.438,0	5	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.773,4	2.973,0	3.098,0	4	12
Stofnkostnaður og viðhald	337,8	273,4	304,7	11	-10
Samtals	**14.722,7**	**15.050,7**	**15.840,7**	**5**	**8**
Greitt úr ríkissjóði	-	14.995,1	15.781,1	5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	55,6	59,6	7	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**15.050,7**	**15.840,7**	**5**	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 16.509 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 668 m.kr. en þær nema um 4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 15.841 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 15.781 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og um 60 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.438 m.kr. og hækka um 633,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru launa- og verðlagshækkanir um 403 m.kr. Mest munar um 147,5 m.kr. hækkun vegna eflingar sérsveitar en þar af renna 92,5 m.kr. til embættis ríkislögreglustjóra og 55 m.kr. til lögreglunnar í Reykjavík en þar verða ráðnir nýir lögreglumenn í kjölfar brotthvarfs sérsveitarinnar. Í öðru lagi hækkar framlag um 76,5 m.kr. vegna viðbótarsamnings ríkisins við Tetra Ísland ehf. í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins. Í þriðja lagi hækkar rekstrargrunnur Fang-

elsismálastofnunar ríkisins um 77 m.kr. en þar af eru um 60 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi sölu númeraplatna sem hefur ekki áhrif á umsvif embættisins. Framlag til fjölgunar lögreglumanna hækkar um 55 m.kr. og munar þar mest um 25 m.kr. framlag til lögreglunnar í Reykjavík en einnig er gert ráð fyrir fjölgun á Seyðisfirði, Eskifirði, Selfossi og í Kópavogi. Í fimmta lagi hækka áætluð útgjöld héraðsdómstóla um 25 m.kr. Þá hafa rekstrarfjárveitingar stofnana, sem heyra undir ráðuneytið, verið lækkaðar alls um nærri 110 m.kr. vegna markmiða í frumvarpinu um aðhald í rekstrarkostnaði.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 125 m.kr. og verður 3.098 m.kr. Er þar aðallega um að ræða hækkun lögboðinna framlaga til sókna en þau fylgja hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli ára og fólksfjölgun. Einnig hækkar framlag til kirkjugarða en þar er um að ræða breyttar forsendur fyrir framlaginu. Felldar eru niður tímabundnar fjárveitingar, 20 m.kr. vegna björgunarbáta Landsbjargar og 3 m.kr. vegna endurskoðunar Biblíutextans frá 1912. Á móti hækkar framlag um 19 m.kr. vegna nýrrar eftirlitsnefndar félags fasteignasala á grundvelli nýrra laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa en það er fjármagnað með gjaldtöku á þá sem aðild eiga að félaginu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 304,7 m.kr. og er það um 31 m.kr. hækkun milli ára. Framlag til viðhaldssjóðs Landhelgisgæslunnar hækkar um 20 m.kr. og framlag til Hallgrímskirkju og Langholtskirkju hækkar um 6 m.kr. til hvorrar kirkju. Þá fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 6 m.kr. til byggingar aðstöðuhúss við Þingeyrarklausturskirkju.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	450	462	495	458
Dómsmál	1.329	1.342	1.355	1.368
Löggæslustofnanir og öryggismál	4.917	4.948	4.985	5.032
Sýslumenn	4.311	4.353	4.396	4.426
Fangelsismál	751	758	765	773
Kirkjumál	4.084	4.106	4.148	4.191
Samtals	**15.842**	**15.969**	**16.144**	**16.248**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Útgjaldaspáin fyrir málaflokka dóms- og kirkjumálaráðuneytisins byggist á þeim forsendum að því undanskildu að reiknað er með að framlög til málaflokksins *Ráðuneyti* hækki nokkru meira árin 2006 og 2007. Skýrist það af því að útgjöld við kosningar tilheyra þessum málaflokki og er tekið mið af því að sveitarstjórnarkosningar verða á árinu 2006 og alþingiskosningar á árinu 2007.

Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.500 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2004, eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	1.190,4	1.231,5	1.231,5	1.231,5	1.231,5
Fasteignamt ríkisins, Landskrá fasteigna	B	30,0	31,0	0,0	0,0	0,0
Skálholtsskóli	B	8,1	8,4	8,4	8,4	8,4
Neyðarlínan hf.	C	118,6	122,2	122,2	122,2	122,2
Tetra fjarskiptaþjónusta fyrir lögreglu	C	70,8	106,1	106,1	106,1	106,1
Hagstofa Íslands, aðgangur að þjóðskrá	C	5,2	5,3	5,3	5,3	5,3
Almannavarna- og björgunarskóli Gufuskálum	C	12,2	12,6	12,6	12,6	12,6
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	50,3	51,9	51,9	51,9	51,9
Vakstöð siglinga	C	25,1	25,1	25,1	25,1	25,1
Samtals		**1.510,7**	**1.594,1**	**1.563,1**	**1.563,1**	**1.563,1**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 1.271 m.kr. á næsta ári. Að lokum eru um 323 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningur við Neyðarlínu er þríþættur, í fyrsta lagi grunnsamningur um þjónustu, í öðru lagi samningur um samstarf við Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og að lokum þjónusta vegna reksturs vaktstöðvar siglinga. Samningur um Tetra fjarskiptaþjónustu er fyrir löggæsluembætti og er þar um að ræða sameiginleg þjónustukaup með Reykjavíkurborg fyrir fleiri öryggisaðila eins og slökkvilið. Samningur við Rauða kross Íslands um fólk er leitar hælis á Íslandi sem flóttamenn rann út í árslok 2003. Málefni þetta er á forræði Útlendingastofnunar sem hefur gert samning við Reykjanesbæ um þjónustuna. Í kjölfar breyttrar verkaskiptingar milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hefur dómsmálaráðuneytið yfirtekið tvo samninga en þeir munu koma til endurskoðunar á vegum ráðuneytisins og er hér um að ræða Almannavarna- og björgunarskóla að Gufuskálum og samning við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Dómsmálaráðherra hefur staðfest samning Neyðarlínunnar, Landhelgisgæslu Íslands, Landsbjargar og Siglingastofnunar um þjónustu um rekstur vaktstöðvar siglinga en hann gildir til ársloka 2011. Að frátöldum samningi um Landskrá fasteigna, sem rennur út á árinu 2005, má gera ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þannig má ætla að að jafnaði verði um 1.550–1.600 m.kr. skuldbundnar árlega.

Verkefni og árangursmælingar – Landhelgisgæsla Íslands

Umfjöllun um fjárreiður þessara verkefna á næsta ári samkvæmt frumvarpinu kemur fram aftar í þessum kafla en hér er leitast við að draga fram þróun málaflokksins yfir lengra tímabil og hvernig meta má kostnaðarskilvirkni og þjónustustig. Samkvæmt lögum um Landhelgisgæslu Íslands er hlutverk stofnunarinnar m.a. að annast löggæslu á hafinu,

björgun, veita aðstoð, eyða sprengjum o.fl. mætti þar nefna. Grafið hér á eftir sýnir þróun útgjalda Landhelgisgæslunnar á tímabilinu 1996 til 2005 á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs. Á tímabilinu hafa heildarútgjöld aukist um 14% að raungildi og eru áætluð um 1.220 m.kr. á næsta ári. Eins og sjá má á útgjöldunum árið 2001 í grafinu geta stærri viðhaldsskoðanir og viðgerðir á skipum og flugfarkostum valdið talsverðum tímabundnum sveiflum í kostnaði.



Hjá Landhelgisgæslunni starfa um 125 manns og er rúmlega 80% af útgjöldum stofnunarinnar varið til reksturs skipa og flugvéla. Landhelgisgæslan gerir út þrjú varðskip, einn sjómælingabát, tvær þyrlur og eina flugvél.

Hlutdeild skipasviðs í árlegum rekstrarkostnaði er rúmlega 41% eða um 444 m.kr. Skipasviðið sinnir m.a. vöktun lögsögunnar, búnaðar- og fiskveiðieftirliti, björgun á hafi og einnig umhverfis- og mengunareftirliti. Á tímabilinu 1996 til 2005 voru skip Landhelgisgæslunnar að meðaltali 571 daga á ári að störfum við verkefni á sjó. Breytt framsetning frá og með fjárlögum 2000, þar sem sjóður fyrir óreglubundin stærri viðhaldsverkefni er aðskilinn frá öðrum útgjöldum, auðveldar greiningu á rekstrarkostnaði skipanna. Á grafinu hér á eftir er sýndur árlegur dagafjöldi á sjó og rekstrarkostnaður skipanna á hvern dag. Kostnaður á hvern sjódag er að meðaltali 938 þús.kr. á árabilinu 2000 til 2005. Þess ber þó að geta að hlutfall fastakostnaðar í rekstri er hátt og því kemur fækkun í sjódögum fram í hærri einingarkostnaði á hvern sjódag.



Við skyndiskoðanir skipa eru margvíslegir þættir athugaðir, s.s. afli, veiðarfæri, búnaður skipsins, lögskráning og réttindi manna. Athugasemdir Landhelgisgæslunnar við skyndiskoðanir gefa vísbendingar um almennt ástand mála. Hefur athugasemdum farið fækkandi og má því segja að ástand fari batnandi.



Hlutdeild flugsviðs í árlegum rekstrarkostnaði er um 40% eða um 430 m. kr. Á tímabilinu 2000 til 2005 voru flugfarkostir Landhelgisgæslunnar að meðaltali 964 tíma á flugi á ári. Kostnaður við hvern flugtíma hefur aukist um 15% á þessu tímabili en á sama tíma hafa flugtímar dregist saman um 7,5%. Kröfur til flugreksturs hafa aukist á undanförnum árum, einkum hvað varðar öryggi áhafna og véla. Kostnaði vegna aukinna krafna hefur að einhverju leyti verið mætt með hagræðingu og minni notkun á flugkosti

Landhelgisgæslunnar. Þróun flugtíma og kostnaðar á hvern flugtíma hefur verið eins og sýnt er í grafinu hér á eftir.

Flugtímar og einingakostnaður



Verkefni flugsviðs Landhelgisgæslunnar er margþætt, allt frá eftirlitsflugi til leitar og björgunar. Eftirfarandi er yfirlit um kostnað við helstu verkefni flugsviðsins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	2000	2001	2002	2003	2004*	2005*
Sjúkraflug inn á land	19,0	12,0	16,0	11,0	11,0	11,0
Neyðarflug - bílslys o.fl.	50,0	48,0	30,0	47,0	49,0	49,0
Neyðarflug út á sjó	10,0	9,0	20,0	32,0	25,0	25,0
Samtals	**79,0**	**69,0**	**66,0**	**90,0**	**85,0**	**85,0**

*Áætlun

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Fjárveiting til málefnaflokksins lækkar um liðlega 61 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Lækkunina er að rekja til niðurfellingar nokkurra tímabundinna fjárveitinga en þar vega þyngst 26 m.kr. framlag til kosninga og 20 m.kr. framlag vegna björgunarbáta Landsbjargar. Auk þessa leiða breytingar á fyrirkomulagi við útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs til um 31 m.kr. lækkunar útgjalda. Þá er gert ráð fyrir 2,8 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna áforma í frumvarpinu um aðhald í rekstrarkostnaði. Við bætist nýtt viðfangsefni fyrir eftirlitsnefnd félags fasteignasala á grundvelli nýrra laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa og er fjárheimild þess 19 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	240,2	263,9	273,8	3,8	14,0
Stjórnartíðindi	22,6	4,3	-11,1	-	-
Lagasafn	3,2	0,0	0,0	0,0	-
Lögbirtingablað	31,9	26,7	10,6	-60,3	-66,8
Kosningar	48,5	26,7	0,7	-97,4	-98,6
Ýmis verkefni	72,6	167,1	163,2	-2,3	124,8
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	3,0	4,5	50,0	-
Samtals	**419,0**	**499,7**	**449,7**	**-10,0**	**7,3**

101 ***Aðalskrifstofa.*** Fjárveiting er 273,8 m.kr. og hækkar um 1,6 m.kr. að raungildi. Til hækkunar koma 4,3 m.kr. vegna millifærslu af viðfangsefninu *06-190-1.10 Fastanefndir* yfir á aðalskrifstofuna. Ákveðið hefur verið að eftirleiðis verði ekki greitt sérstaklega fyrir setu í nefndum heldur að færa slíkar greiðslur inn í heildarlaun starfsmanna. Við þá breytingu falla útgjöldin til hjá aðalskrifstofu í stað viðkomandi nefnda. Um er að ræða m.a. náðunarnefnd, sifjalaganefnd, refsiréttarnefnd o.fl. Þá lækkar fjárveitingin um 2,7 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri ráðuneytisins.

102 ***Stjórnartíðindi.*** Útgjöld Stjórnartíðinda á næsta ári eru áætluð 13,9 m.kr. og tekjur 25 m.kr. Í framhaldi af tillögum nefndar um birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla er stefnt að breyttu fyrirkomulagi á útgáfu Stjórnartíðinda. Samkvæmt lagafrumvarpi sem dómsmálaráðherra flutti á sl. vorþingi er lagt til að heimilað verði að birta Stjórnartíðindi á rafrænu formi frá 1. janúar 2005. Þó er gert ráð fyrir að unnt verði að kaupa prentaða útgáfu af Stjórnartíðindum fyrir þá sem þess óska. Verði útgáfan rafræn mun núverandi prent- og dreifingarkostnaður falla niður en á móti kemur nokkur kostnaður við miðlun efnisins á Netinu. Stjórnartíðindi glíma við nokkurn uppsafnaðan rekstrarvanda auk þess sem leggja þarf í stofnkostnað til að hefja rafræna birtingu efnisins. Þegar jafnvægi hefur verið náð í rekstrinum er áformað að gjaldskrá fyrir birtingar í Stjórnartíðindum lækki til samræmis við lægri útgáfukostnað en gert er ráð fyrir að það verði eftir 2–3 ár.

105 ***Lögbirtingablað.*** Fjárheimild Lögbirtingablaðsins á næsta ári er 10,6 m.kr. Á grundvelli lagaheimildar um rafræna birtingu Lögbirtingablaðsins hefur verið unnið að því að breyta útgáfuformi þess. Gert er ráð fyrir að eftir næstu áramót verði blaðið eingöngu birt með rafrænum hætti nema þess sé sérstaklega óskað að fá það á prentuðu formi. Við þessa breytingu lækka útgjöld nokkuð, m.a. vegna lægri prentkostnaðar. Gjaldskrá verður óbreytt þar til jafnvægi í rekstri hefur verið náð en lækkar þá til samræmis við útgjöld. Gert er ráð fyrir að það verði í árslok 2005.

111 Kosningar. Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 0,7 m.kr. í frumvarpinu en er 26,7 m.kr. í gildandi fjárlögum þar sem forsetakosningar fóru fram á þessu ári. Á næsta ári eru hvorki fyrirhugaðar sveitarstjórnarkosningar né Alþingiskosningar. Sú fjárheimild sem eftir stendur á fjárlagaliðnum er ætluð til að standa undir kostnaði við landskjörstjórn sem starfar einnig milli kosninga.

190 Ýmis verkefni. Heildarfjárveiting til verkefna sem falla undir þennan lið í frumvarpinu er 163,2 m.kr. að frádregnum sértekjum en það er um 7 m.kr. raunlækkun miðað við fjárlög þessa árs. Stofnað er nýtt viðfangsefni með 19 m.kr. fjárheimild, *1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala*, á grundvelli nýrra laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Nefndinni er ætlað að fylgjast með eignarhaldi á fasteignasölum, ábyrgðartryggingum, skjalagerð fasteignasala, meðferð fjármuna í eigu viðskiptamanna o.fl. Löggiltir fasteignasalar munu greiða 100 þús.kr. eftirlitsgjald á ári til að standa undir kostnaði við starfrækslu nefndarinnar. Tekjurnar eru áætlaðar 19 m.kr. og færast þær á tekjuhlið ríkissjóðs. Í annan stað hækkar fjárveiting til viðfangsefnisins *1.47 Íslensk ættleiðing* um 1,5 m.kr. Framlagið er ætlað til að gera þessum félagssamtökum betur kleift að veita kjörfjölskyldum þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum. Á móti framangreindum hækkunum fellur í fyrsta lagi niður 20 m.kr. tímabundin fjárveiting til að stækka og efla björgunarbátaflota Landsbjargar. Í öðru lagi eru millifærðar 4,3 m.kr. af viðfangsefni fastanefnda yfir á aðalskrifstofu vegna breytts fyrirkomulags við greiðslu fyrir nefndasetu. Að lokum er fellt niður tímabundið framlag að fjárhæð 3 m.kr. á *1.82 Biblíuþýðingar* sem ætlað var til vinnu við heildarendurskoðun Biblíutextans frá 1912. Þá er heiti viðfangsefnisins *1.45 Mannréttindaskrifstofa* breytt og verður *Mannréttindamál*. Framlag að fjárhæð 4 m.kr. er óbreytt en fyrirhugað er að það verði veitt til verkefna á sviði mannréttindamála.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Fjárheimild þessa liðar verður 4,5 m.kr. á næsta ári og hækkar um 1,5 m.kr. Fyrirhugað er að gera ítarlega úttekt á stöðu upplýsingatæknimála hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og marka stefnu til lengri tíma um þau málefni.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	68,5	73,4	81,4	10,9	18,8
Héraðsdómstólar	703,2	712,7	753,0	5,7	7,1
Málskostnaður í opinberum málum	273,9	281,5	284,9	1,2	4,0
Opinber réttaraðstoð	146,3	104,8	110,6	5,5	-24,4
Bætur brotaþola	30,8	40,0	40,0	0,0	29,9
Persónuvernd	46,4	57,9	59,1	2,1	27,4
Samtals	**1.269,1**	**1.270,3**	**1.329,0**	**4,6**	**4,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um tæplega 19 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar vegur þyngst 25 m.kr. hækkun til rekstrar héraðsdómstóla en auk þess hækkar framlag til Hæstaréttar um 6 m.kr. vegna fjölgunar aðstoðarmanna um einn. Á hinn bóginn lækka fjárheimildir dómstóla samtals um 12,5 til að mæta markmiðum frumvarpsins um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins.

201 ***Hæstiréttur.*** Fjárveiting hækkar um 5,2 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar og eru verður 81,4 m.kr. Fyrirhugað er að ráða löglærðan aðstoðarmann og er gert ráð fyrir að kostnaður við það nemi 6 m.kr. Málum hefur fjölgað umtalsvert fyrir Hæstarétti í seinni tíð og þau ágreiningsmál sem skotið er til dómstóla verða sífellt flóknari og viðameiri. Er nú svo komið að nauðsynlegt þykir að ráða fjórða aðstoðarmanninn til réttarins. Með því hefur rétturinn á að skipa einum aðstoðarmanni fyrir hverja tvo hæstaréttardómara. Þá lækkar framlag um 0,8 m.kr. vegna áforma um rekstrarsparnað.

210 ***Héraðsdómstólar.*** Fjárveiting til héraðsdómstóla er 753 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 17,7 m.kr. til viðbótar við launa- og verðlagsbreytingar. Hefur þá jafnframt verið gert ráð fyrir að dregið verði úr rekstrarkostnaði sem nemur 7,3 m.kr. í samræmi við markmið frumvarpsins. Dómstólarnir hafa átt við rekstrarvanda að stríða um nokkurt skeið sem að mestu er að rekja til fjölgunar mála. Gerð var úttekt á rekstrarstöðu dómstóla í upphafi þessa árs og var talið að rekstrarfjárveiting þyrfti að hækka miðað við núverandi umfang rekstrarins. Þar að auki væri lítið svigrúm vegna veikinda og annarra óreglubundinna þátta í rekstri dómstólanna.

231 ***Málskostnaður í opinberum málum.*** Gert er ráð fyrir að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði 284,9 m.kr. á næsta ári. Fjárheimildin er óbreytt frá gildandi fjárlögum að því frátöldu að 3,4 m.kr. eru millifærðar á fjárlagalið opinberrar réttaraðstoðar vegna kostnaðar sem gjaldfærður er þar. Auk þess er gert ráð fyrir að útgjöldin verði lækkuð um 2,8 m.kr. með hagræðingu. Útgjöld á þessum fjárlagalið hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár en á hann færist sakarkostnaður, s.s. útgjöld vegna rannsóknar og

meðferðar sakamála, þóknun verjanda sakbornings og réttargæslumanns brotaþola, kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, birtingagjöld o.fl. Unnið er að setningu reglna sem hafa það m.a. að markmiði að stemma stigu við aukningu þessara útgjalda.

232 Opinber réttaraðstoð. Fjárveiting til opinberrar réttaraðstoðar er 110,6 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 3,4 m.kr. vegna millifærslu af lið málskostnaðar í opinberum málum sem getið er um hér að framan. Jafnframt er gert ráð fyrir aðhaldi í útgjöldum sem nemur 1 m.kr. Útgjöld á þessum fjárlagalið hafa aukist verulega á undanförnum árum en lagabreytingar og fjölgun dómsmála hefur ásamt öðrum þáttum gert það að verkum að gjafsóknarmálum hefur fjölgað mikið, m.a. á sviði sifjamála. Útgjaldavöxtinn má einnig rekja til aukningar í málum þar sem dýrar sérfræðiálitsgerðir og matsgerðir eru hluti af málinu. Má í því sambandi nefna forsjármál en einnig mál vegna líkamstjóna, galla í fasteignum o.fl. Unnið er að tillögum í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um leiðir til að hefta aukningu þessara útgjalda og er fyrirhugað að þær verði til umfjöllunar á haustdögum.

Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 325 Neyðarsímsvörun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	81,7	83,8	92,6	10,5	13,3
Ríkislögreglustjóri	650,5	652,2	850,2	30,4	30,7
Lögregluskóli ríkisins	143,0	151,3	154,6	2,2	8,1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.959,5	1.984,7	2.067,0	4,1	5,5
Almannavarnir ríkisins	21,4	0,0	0,0	0,0	-
Neyðarsímsvörun	96,8	84,1	88,6	5,4	-8,5
Áfengis- og fíkniefnamál	0,5	93,1	20,0	-78,5	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	50,2	97,2	158,0	62,6	214,7
Húsnæði löggæslustofnana	42,3	10,0	10,0	0,0	-76,4
Landhelgisgæsla Íslands	1.050,0	1.151,5	1.219,0	5,9	16,1
Landhelgissjóður Íslands	35,7	0,0	0,0	0,0	-
Schengen-samstarf	40,8	54,4	56,3	3,5	38,0
Útlendingastofnun	160,7	188,6	200,6	6,4	24,8
Samtals	**4.333,1**	**4.550,9**	**4.916,9**	**8,0**	**13,5**

Fjárveiting til stofnana og verkefna á sviði löggæslu- og öryggismála hækkar alls um 366 m.kr. frá fjárlögum 2004. Þar af eru launa- og verðlagshækkanir 170,2 m.kr. og nemur hækkunin því 195,8 m.kr. að raungildi en þá hefur jafnframt verið tekið tillit til áforma um að draga úr rekstrarútgjöldum sem nemur 45,7 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisstarfseminni. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sérsveitar leiðir til 88 m.kr. millifærslu frá lögreglunni í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra en framlag til þess síðarnefnda hækkar að auki um 92,5 m.kr. vegna eflingar sveitarinnar. Fjárveiting til lögreglunnar í Reykjavík hækkar um 55 m.kr. vegna fjölgunar um tíu lögreglumenn sem leiðir af brotthvarfi sérsveitarinnar og hækkar einnig um 25 m.kr. vegna fjölgunar lögreglumanna sem sinna hverfalöggæslu o.fl. Auk þessa er 76,5 m.kr. hækkun til að standa undir fjárhagslegum áhrifum á stofnanir vegna viðbótarsamnings um rekstur Tetra fjarskiptakerfisins. Á móti framangreindum hækkunartilefnum lækkar framlag um 25 m.kr. vegna millifærslna af fjárlagalið áfengis- og fíkniefnamála til embætta sýslumanna. Auk þess er fyrirhugað að lækka útgjöld um 20 m.kr. með breyttu fyrirkomulagi við innheimtu sekta.

Tilfærsluframlög í þessum málefnaflokki hækka að raungildi um 1,3 m.kr. Um er að ræða hækkun framlags til slysatrygginga björgunarsveitarmanna í kjölfar nýrra laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar hækkar um 20,3 m.kr. og rennur að mestu í viðhaldssjóð Landhelgisgæslu Íslands.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

301 ***Ríkissaksóknari.*** Fjárveiting til embættis ríkissaksóknara er 92,6 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 6,1 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar að teknu tilliti til áforma um aðhald í rekstrarkostnaði. Hækkun fjárveitingarinnar er til að mæta kostnaði við að ráða einn saksóknara en viðfangsefni hans verða aðallega meðferð kærumála á hendur lögreglu fyrir refsiverð brot í starfi og verkefni tengd eftirliti með framkvæmd ákæruvalds hjá lögreglustjórum ásamt umsjón með almennum leiðbeiningum til ákærenda.

303 ***Ríkislögreglustjóri.*** Fjárheimild embættisins nemur 850,2 m.kr. á næsta ári og hækkar að raungildi um 84,2 m.kr. og að auki um 87,9 m.kr. sem millifærðar eru frá öðrum fjárlagaliðum. Í fyrsta lagi hækkar fjárheimildin um 180,5 m.kr. vegna sérsveitarinnar en þar af eru millifærðar 88 m.kr. frá lögreglunni í Reykjavík. Sérsveitin verður framvegis stoðdeild undir forsjá ríkislögreglustjórans og flytjast 16 lögreglumenn á milli embættanna. Fyrirhugað er að fjölga sérsveitarmönnum um níu á næsta ári og er jafnframt við það miðað að 2–4 lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli verði gerðir að sérsveitarmönnum. Einnig er gert ráð fyrir 2,5 m.kr. hækkun til rekstrar vaktbifreiðar fyrir sérsveitina. Í öðru lagi hækkar framlag um samtals 8,5 m.kr. vegna millifærslu af safnlið áfengis- og fíkniefnamála en þar af eru 5 m.kr. vegna starfs fíkniefna-

lögreglumanns og 3,5 m.kr. vegna kostnaðar við spor- og leitarhunda. Á undanförnum árum hefur heildarframlag til átaks í fíkniefnalöggæslu verið vistað á safnlið. Stór hluti þeirra fjárhæðar hefur í upphafi árs verið millifærður yfir á nokkur embætti til að standa undir kostnaði við fíkniefnalögreglumenn. Að fenginni reynslu hefur verið ákveðið að millifæra stærstan hluta fjárheimildarinnar varanlega í frumvarpinu. Á móti framangreindum hækkunum er 8,6 m.kr. framlag fært til lögreglunnar í Reykjavík vegna flutnings á tæknirannsóknum milli embættanna. Millifærslan samsvarar 1,5 stöðugildi lögreglufulltrúa. Að lokum er gert ráð fyrir að útgjöld lækki 8,2 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana. Þá eru gerðar nokkrar innbyrðis breytingar milli útgjaldategunda hjá stofnuninni. Þeirra stærst er breyting vegna uppsagnar Vegagerðarinnar á samstarfssamningi við ríkislögreglustjórann um umferðareftirlit. Samkvæmt samningnum greiddi Vegagerðin framlag til að standa undir fjórum stöðum lögreglumanna í umferðardeild. Þrír hafa verið staðsettir í Reykjavík og einn á Akureyri. Í árslok 2003 sagði Vegagerðin upp umræddum samningi vegna tilflutnings umferðarmála frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Vegna þessa lækka bæði gjöld og tekjur um 23,4 m.kr.

*311 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Heildarframlag til embættisins nemur 2.067 m.kr. og hækkar um 59,8 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar að frátöldum 39,4 m.kr. sem millifærðar eru frá embættinu til annarra fjárlagaliða. Fyrst má nefna að framlagið hækkar um 55 m.kr. til að standa undir launum tíu nýrra lögreglumanna. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að efla sérsveit lögreglunnar á næstu árum. Á árinu 2004 voru 16 sérsveitarmenn fluttir frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra og var jafnframt ákveðið að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík um 10 í almennri deild til að mæta þeim tilflutningi. Í annan stað eru millifærðar til stofnunarinnar 40 m.kr. af átaki í fíkniefnalöggæslu eða sem nemur störfum átta fíkniefnalögreglumanna. Enn fremur er gert ráð fyrir 25 m.kr. til að fjölga lögreglumönnum í almennri deild um 4–5. Með því verður unnt að efla löggæslu og öryggi í hverfum borgarinnar. Lögreglumenn verða staðkunnugir í hverfinu, bæði hvað varðar almenna löggæslu og umferðarlöggæslu. Einnig er fyrirhugað að auka eftirlit með afbrotamönnum með það að markmiði að fyrirbyggja afbrot og draga úr hættu á innbrotum. Að lokum eru 8,6 m.kr. millifærðar frá embætti ríkislögreglustjóra vegna flutnings á tæknirannsóknum milli embættanna. Millifærslan samsvarar 1,5 stöðugildi lögreglufulltrúa. Á móti framangreindum hækkunartilefnum lækkar framlag um samtals 95 m.kr. og er tilefnið tvíþætt. Annars vegar eru millifærðar 88 m.kr. til embættis ríkislögreglustjóra vegna breytinga á fyrirkomulagi rekstrar sérsveitar lögreglunnar. Hins vegar er gert ráð fyrir að útgjöld verði lækkuð um 20,2 m.kr. í samræmi við markmið um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins.

*341 **Áfengis- og fíkniefnamál.*** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar lækkar um 73,7 m.kr. og verður 20 m.kr. Lækkunin á rætur að rekja til millifærslna yfir á aðra fjárlagaliði. Á undanförnum árum hefur heildarframlag til átaks í fíkniefnalöggæslu verið vistað á þessum safnlið. Stór hluti þeirrar fjárhæðar hefur í upphafi árs verið millifærður yfir á nokkur embætti til að standa undir kostnaði við fíkniefnalögreglumenn og við spor- og leitarhunda. Að fenginni reynslu hefur verið ákveðið að millifæra fjárheimildir fyrir þessum kostnaði varanlega í frumvarpinu. Alls eru millifærðar 70 m.kr. til löggæslustofnana vegna starfa 14 fíkniefnalögreglumanna, átta í Reykjavík og sex sem starfa hjá embætti ríkislögreglustjóra og hjá sýslumönnunum á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Seyðisfirði og Hafnarfirði. Einnig eru millifærðar 3,5 m.kr. til embættis ríkislögreglustjóra vegna kostnaðar við spor- og leitarhunda. Það sem eftir stendur af framlagi til sérstaks átaks í fíkniefnalöggæslu er ætlað til að koma til móts við kostnað embætta af rannsókn meiri háttar fíkniefnamála og til annarra styrkveitinga á þessu sviði. Auk framangreindra breytinga er viðfangsefnið *1.20 Fíkniefnamál* fellt niður og framlag að fjárhæð 1,5 m.kr. fært yfir á viðfangsefnið *1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála.*

*390 **Ýmis löggæslu- og öryggismál.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar um 56,5 m.kr. að raungildi og verður 158 m.kr. Lögð er til 76,5 m.kr. hækkun vegna viðbótarsamnings ríkisins við Tetra Ísland ehf. um kaup á fjarskiptaþjónustu fyrir lögreglu í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins og óháðrar úttektar á því að ekki væri unnt að reka kerfið á grundvelli óbreyttra greiðslna. Það var mat ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem kaupa þessa þjónustu sameiginlega, að skynsamlegasti kosturinn, bæði frá fjárhagslegu sjónarmiði og öryggissjónarmiði, væri að gera umræddan viðbótarsamning. Enn liggur ekki fyrir skipting á einstakar stofnanir og er framlagið því fært til bráðabirgða á þennan safnlið. Í annan stað lækka útgjöld um 20 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi sektarinnheimtu. Sá ferill þykir vera frekar dýr og hefur nefnd verið að störfum með það að markmiði að leita leiða til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Vonast er til að sparnaður geti jafnvel orðið meiri og að það komi þá viðkomandi stofnunum til góða. Fjárhæðin er í bili færð á þennan safnlið þar sem áætlanir um sparnaðinn hjá einstökum stofnunum liggja ekki fyrir á þessu stigi. Í þriðja lagi hækkar framlagið um 1,3 m.kr. vegna slysatryggingar björgunarsveitarmanna í kjölfar samkomulags við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu þar um. Að lokum leiða áform um rekstrarhagræðingu til 1,1 m.kr. lækkunar.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Fjárheimild næsta árs hækkar um 10,1 m.kr. að raungildi og verður 1.219 m.kr. Hefur þá verið tekið tillit til þess að gert er ráð fyrir 10,8 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar vegna áforma um í frumvarpinu um aðhald með útgjöldum. Gert er ráð fyrir 1,3 m.kr. hækkun til að standa undir kostnaði við æfingar og nám-

skeiðshald vegna nýlegra laga um siglingavernd. Framlag til viðhaldssjóðs Landhelgisgæslunnar hækkar um 20 m.kr. og verður 100 m.kr. Sjóðnum er ætlað að mæta kostnaði við viðhald auk búnaðarkaupa og endurbóta. Unnið er að undirbúningi flutnings Landhelgisgæslunnar í nýtt húsnæði. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir framlagi vegna flutningsins en í heimildagrein fjárlaga er að finna ákvæði þess efnis að verja hluta af söluandvirði núverandi húsnæðis til að standa undir þeim kostnaði.

398 Útlendingastofnun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag stofnunarinnar verði 200,6 m.kr. á næsta ári og hækki um 5,7 m.kr. til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir. Hefur þá verið gert ráð fyrir 5,7 m.kr. kostnaðarauka vegna vegabréfsáritunarmiða og dvalarleyfiskorta sem skylt er að taka upp í júní 2005 samkvæmt reglugerðum ESB og Schengen-samkomulaginu. Fjárheimildin hækkar einnig um 2 m.kr. til að standa undir aukinni vinnu hjá stofnuninni vegna erlendra starfsmanna við framkvæmdir á Austurlandi. Á móti lækkar fjárheimildin um 2 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	3.714,6	3.804,1	3.960,7	4,1	6,6
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	195,8	303,9	302,9	-0,3	54,7
Húsnæði og búnaður	64,4	47,0	47,0	0,0	-27,0
Samtals	**3.974,8**	**4.155,0**	**4.310,6**	**3,7**	**8,4**

Rekstrargjöld sýslumannsembætta hækka um 25,3 m.kr. að raungildi. Framlag til embættanna á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Seyðisfirði og Hafnarfirði hækkar um 5 m.kr. vegna starfa fíkniefnalögreglumanna. Störfum fjölgar einnig á Seyðisfirði, Eskifirði, Selfossi og í Kópavogi. Rekstrarframlag embættisins í Vík í Mýrdal hækkar um 4 m.kr. til að standa undir óbreyttum rekstri. Þá er framlag hækkað um 1 m.kr. hjá embættinu á Búðardal til að gera embættinu kleift að nýta héraðslögreglumenn embættisins betur til starfa á álagstímum. Breytingar á tollalögum, sem leiddu til þess að Grundartangi og Vopnafjörður urðu að aðaltollhöfnum, hafa í för með sér samtals 2,6 m.kr. lækkun tekna af tollgæslu hjá embættunum í Borgarnesi og á Seyðisfirði. Þá fellur niður 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til sýslumannsembættisins í Vestmannaeyjum sem ætluð var til fíkniefnavarna. Framlag til safnliðar, *490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta*, lækkar um 7 m.kr. vegna millifærslu til sýslumannsembættisins í Reykjavík en embættinu hefur verið falin

umsýsla sérfræðiráðgjafar til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna. Loks er gert ráð fyrir að dregið verði úr rekstrarkostnaði embættanna sem nemur samtals 41,5 m.kr. vegna áforma í frumvarpinu um útgjaldaaðhald.

Framlag til stofnkostnaðar er óbreytt milli ára, 47 m.kr., en gerð er breyting milli viðfangsefna. Framlag að fjárhæð 15 m.kr. til sýslumannsembættisins í Stykkishólmi fellur niður þar sem byggingu lögreglustöðvar í Ólafsvík er lokið. Stofnað er nýtt viðfangsefni með 15 m.kr. framlagi sem ætlað er til viðbyggingar hjá sýslumannsembættinu á Eskifirði.

Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík. Fjárveiting til embættisins hækkar um 9,4 m.kr. að raungildi og verður heildarframlag 262,6 m.kr. á næsta ári. Embættinu hefur verið falin umsýsla sérfræðiráðgjafar til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna og hafa verið millifærðar 7 m.kr. til embættisins af þeim sökum. Í annan stað hækkar framlag um 5 m.kr. vegna stöðu aðfararmála hjá sýslumanninum í Reykjavík. Fjárnámsbeiðnum hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík hefur fjölgað verulega á síðustu árum, eða úr tæplega 17 þúsund beiðnum árið 2000 í tæplega 29 þúsund beiðnir árið 2003. Hefur þetta skapað vandkvæði í aðfarardeild embættisins þrátt fyrir auknar fjárveitingar til embættisins í heild á undanförnum árum. Þá lækkar fjárheimild um 2,6 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði. Rekstrarframlag næsta árs nemur 160,8 m.kr. og hækkar um 10 m.kr. til viðbótar við launa- og verðlagsbreytingar frumvarpsins. Framlagið hækkar um 11 m.kr. vegna tveggja starfa. Almennum lögreglumönnum fjölgar um einn þar sem verkefni embættisins hafa aukist mikið vegna framkvæmda á Austurlandi. Samhliða þessu er einnig fyrirhuguð fjölgun starfa hjá sýslumannsembættinu á Eskifirði og er gert ráð fyrir miklu samstarfi þessara tveggja embætta á sviði toll- og löggæslu. Þá eru millifærðar til embættisins 5 m.kr. af fjárlagalið áfengis- og fíkniefnamála vegna starfs fíkniefnalögreglumanns. Tekjur lækka um 0,6 m.kr. þar sem heimild til að innheimta gjald fyrir tollþjónustu féll niður þegar Vopnafjörður var gerður að aðaltollhöfn á árinu 2002. Að lokum er fyrirhugað að lækka rekstrarkostnað að öðru leyti um 1,6 m.kr.

428 Sýslumaðurinn á Eskifirði. Fjárheimild næsta árs nemur 170,8 m.kr. og hækkar um 10,4 m.kr. að raungildi vegna tveggja nýrra starfa. Annars vegar er um að ræða tollvörð vegna mikillar aukningar í umfangi tollgæslu á svæðinu. Gert er ráð fyrir að staðan verði að verulegu leyti samnýtt með Seyðisfirði vegna aukins umfangs við bílferjuna Norrönu en vikulegar vetrarsiglingar hennar til landsins hófust í byrjun árs 2004. Hins vegar fjölgar um eitt starf lögreglumanns við embættið. Fyrirsjáanlegt er að verkefnum lögreglu muni fjölga verulega þar sem hafin er hafnargerð við álverslóð í

Reyðarfirði til viðbótar við jarðgangagerð þar og innan tíðar verða reistar vinnubúðir fyrir allt að 1700-1800 manns í tengslum við byggingu álvers. Búast má við að málum muni fjölga með auknum umsvifum á svæðinu. Þá lækkar framlag um 1,6 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana.

433 Sýslumaðurinn á Selfossi. Rekstrarframlag embættisins á næsta ári er 270,6 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 5,3 m.kr. að raungildi. Fyrirhugað er að störfum fjölgi um tvö en íbúum hefur fjölgað mjög í umdæminu og þá sérstaklega í sumarhúsabyggðum. Málafjöldi hefur aukist að sama skapi. Gert er ráð fyrir að embættið forgangsraði framlaginu milli skrifstofunnar og löggæslu. Á hinn bóginn lækkar fjárheimild um 2,7 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

437 Sýslumaðurinn í Kópavogi. Heildarframlag til embættisins nemur 346,6 m.kr. en hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar er 1,6 m.kr. Í frumvarpinu er fjárheimild embættisins hækkuð um 5 m.kr. til að mæta auknum verkefnum í kjölfar fjölgunar íbúa í umdæminu. Gert er ráð fyrir að embættið forgangsraði framlaginu milli skrifstofunnar og löggæslu. Þá er gert ráð fyrir að dregið verði úr rekstrarútgjöldum að öðru leyti um 3,4 m.kr.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	630,4	658,3	750,6	14,0	19,1
Fangelsisbyggingar	26,7	0,0	0,0	0,0	-
Samtals	**657,1**	**658,3**	**750,6**	**14,0**	**14,2**

Framlag Fangelsismálastofnunar á næsta ári nemur 750,6 m.kr. og er það 69,6 m.kr. hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar af eru 60,6 m.kr. lækkun á sértekjum stofnunarinnar sem er afleiðing af breyttu fyrirkomulagi við öflun tekna með sölu á bílnúmeraplötum sem fangar framleiða. Fyrirhugað er að plöturnar verði seldar á kostnaðarverði til Umferðarstofu en mismunurinn á söluverðinu til bifreiðaeiganda verði eftirleiðis innheimtur með gjaldi samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og renni í ríkissjóð. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar verður óbreyttur eftir sem áður. Þá hækkar fjárheimild stofnunarinnar um 16,5 m.kr. til að mæta sveiflum í fjölda fanga en jafnframt til að undirbúa aukin meðferðarúrræði innan fangelsiskerfisins. Loks lækkar fjárheimildin um 7,2 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri stofnana.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.118,4	1.177,5	1.221,3	3,7	9,2
Kirkjumálasjóður	177,4	161,5	167,8	3,9	-5,4
Kristnisjóður	69,1	65,1	69,5	6,8	0,6
Kirkjugarðar	644,6	678,8	714,6	5,3	10,9
Sóknargjöld	1.479,0	1.569,0	1.636,0	4,3	10,6
Jöfnunarsjóður sókna	249,5	264,6	274,7	3,8	10,1
Samtals	**3.738,0**	**3.916,5**	**4.083,9**	**4,3**	**9,3**

701 ***Þjóðkirkjan.*** Framlag til þjóðkirkjunnar er 1.221,3 m.kr. á næsta ári. Þar af eru rekstrargjöld Biskups Íslands að frádregnum sértekjum áætluð 1.162 m.kr. í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Bæði gjöld og sértekjur hækka um 29,6 m.kr. til samræmis við rauntölur en breytingin hefur ekki áhrif á heildarframlag úr ríkissjóði. Stofnkostnaðarframlag til Hallgrímskirkju hækkar um 6 m.kr. til viðgerða á turni kirkjunnar en hann liggur undir skemmdum. Þá bætist við nýtt viðfangsefni með 6 m.kr. framlagi til frágangs á lóð Langholtskirkju. Þá er felld niður 6 m.kr. tímabundin fjárveiting til sóknarnefndar Þingeyraklausturskirkju til byggingar aðstöðuhúss við kirkjuna.

733 ***Kirkjugarðar.*** Framlag á næsta ári verður 714,6 m.kr. og hækkar um 35,8 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi á fjárveitingu til kirkjugarða þannig að í stað núverandi lögboðins framlags komi reiknað framlag á grundvelli reiknilíkans sem samstarfshópur forsvarsmanna kirkjugarða og fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis hefur komist að samkomulagi um. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga þess efnis á haustþinginu. Fjárveiting ríkisins til hvers kirkjugarðs hefur verið í mynd lögboðins framlags sem miðast við að greidd sé tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára eða eldri sem býr á viðkomandi svæði. Samkvæmt lögum hækkar fjárhæðin milli ára sem nemur hækkun á meðaltekjuskattstofni næstliðinna tveggja ára á undan gjaldaárinu. Með breyttu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að framlagið taki meira mið af grunnforsendum í rekstri kirkjugarða á þann veg að í reiknilíkani framlagsins verði byggt annars vegar á fjölda greftrana og hins vegar á stærð svæða í umhirðu. Auk þess er við það miðað að kirkjugarðaráð fái meira svigrúm til ráðstöfunar fjármagnsins til kirkjugarðasjóðs og einstakra kirkjugarða. Breytingin hefur ekki í för með sér teljandi breytingu á heildarframlaginu á næsta ári.

*735 **Sóknargjöld.*** Fjárveiting hækkar alls um 67 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verður 1.636 m.kr. á næsta ári. Lögboðið framlag hækkar í samræmi við áætlaða hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2003 og 2004. Framlög til *705 Kirkjumálasjóðs* og *736 Jöfnunarsjóðs sókna* taka mið af heildarfjárhæð sóknargjalda og hækka í samræmi við það.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-341-1.25	Áttak í löggæslu vegna fíkniefnamála	Til löggæslustofnana vegna átaks í fíkniefnamálum.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.
06-491-5.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna	Til viðhalds húseigna sýslumanna.
06-491-6.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður	Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna.
06-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	5.233,4	5.670,4	6.630,7	17	27
Neyslu- og rekstrartilfærslur	19.079,3	17.097,0	18.924,0	11	-1
Stofnkostnaður og viðhald	519,3	608,9	543,9	-11	5
Samtals	**24.832,0**	**23.376,3**	**26.098,6**	**12**	**5**
Greitt úr ríkissjóði	-	14.488,8	15.821,0	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	8.887,5	10.277,6	16	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**23.376,3**	**26.098,6**	**12**	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 26.775 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 676 m.kr. en þær nema 2,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 26.099 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 15.821 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 10.278 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 6.631 m.kr. og hækka um 960 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 487 m.kr. framlag til vinnumála sem að stærstum hluta skýrist af lækkun vaxtatekna Atvinnuleysistryggingasjóðs og 207 m.kr. til málefna fatlaðra og má þar nefna framlög til að efla stuðningsþjónustu og ný úrræði í búsetu fatlaðra í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða og er um að ræða lokaframlag vegna þessa átaks.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 1.827 m.kr. og verður 18.924 m.kr. en er 17.097 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur 702 m.kr. framlag til atvinnuleysisbóta og 433 m.kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 544 m.kr. og er það 65 m.kr. lækkun milli ára og skýrist það að mestu af lægra framlagi ríkissjóðs til niðurgreiðslu vaxta af lánum til leiguíbúða.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 68,4 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 1.849 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	270	262	263	265
Húsnæðismál	240	330	180	180
Stjórnsýslustofnanir	387	391	395	399
Málefni barna	668	673	680	687
Málefni fatlaðra	6.088	6.222	6.371	6.524
Sveitarfélög	7.100	6.919	6.911	6.999
Vinnumál	10.854	10.322	12.593	12.363
Annað	492	498	489	495
Samtals	**26.099**	**25.617**	**27.882**	**27.912**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og for-

gangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknifor-sendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málaefnaflokksins *Húsnæðismál* lækki á tímabilinu þar sem framlag í Varasjóð húsnæðismála mun falla niður. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *Málefni fatlaðra* vaxi árlega um 2,4% að meðaltali en þjónusta við fatlaða hefur aukist mikið á undanförnum árum vegna sérstaks átaks til að mæta eftirspurn eftir þjónustu sem lýkur í lok árs 2005. Í þriðja lagi er miðað við að framlög til sveitarfélaga fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er fjármagnaður með hlutfalli af skatttekjum og útsvarsstofni. Loks hækka framlög til mál-efnaflokksins *Vinnumál* síðari hluta tímabilsins þar sem gert er ráð fyrir því að atvinnuleysi aukist nokkuð við lok stóriðju- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi.

Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.190 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.886 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að, eru merktir með bókstafnum C og eru þær skuldbindingar áætlaðar 104 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 2.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að gerð samnings við Skálatúnsheimilið um þjónustu við fatlaða sem er áformað að taki gildi í ársbyrjun 2005.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	75,5	77,8	77,8	77,8	77,8
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	0,8	0,8	0,0	0,0	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	30,6	28,8	28,8	28,8	28,8
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	60,6	56,7	56,7	0,0	0,0
Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna	A	38,4	39,6	39,6	39,6	39,6
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	40,2	41,4	41,4	20,7	0,0
Torfastaðir, meðferð barna og ungmenna	A	26,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Handverkstæðið Ásgarður	A	17,5	18,0	0,0	0,0	0,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	13,1	13,5	13,5	0,0	0,0
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	14,4	14,8	14,8	0,0	0,0
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	14,3	14,7	14,7	0,0	0,0
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	448,3	473,8	473,8	0,0	0,0
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	214,3	220,8	220,8	0,0	0,0
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	509,2	557,8	557,8	0,0	0,0
Héraðsnefnd Þingeyinga, þjónusta við fatlaða	A	59,1	63,4	63,4	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	16,2	19,3	19,3	0,0	0,0
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	24,4	25,1	25,1	25,1	25,1
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	64,8	66,8	66,8	0,0	0,0
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	163,7	181,5	181,5	181,5	181,5
Árvellir, meðferð barna og ungmenna	C	67,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	30,0	30,9	15,5	0,0	0,0
Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða	A	54,0	55,6	55,6	55,6	0,0
Háskóli Íslands, lektor í fötlunarfræðum	C	2,0	4,0	4,0	4,0	4,0
Byggðastofnun	C	5,1	5,1	0,0	0,0	0,0
Samtals		**1.989,9**	**2.010,2**	**1.970,9**	**433,1**	**356,8**

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	182,3	178,1	197,3	10,8	8,2
Ýmis verkefni	40,5	51,8	67,4	30,1	66,4
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**222,8**	**234,9**	**269,7**	**14,8**	**21,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 27 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækki um 13 m.kr. og um 14 m.kr. til ýmissa verkefna. Á móti kemur að fjárveiting til málaflokksins er lækkuð um 3,4 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

101 Aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aðalskrifstofu nemi 197,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 13 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er lagt til að rekstrargrunnur aðalskrifstofu hækki 15 m.kr. en umfang ráðuneytisins hefur aukist mjög á ýmsum sviðum hin síðari ár og má þar nefna fjölmargar kærunefndir sem ráðuneytið ber ábyrgð á. Auk þess hafa alþjóðleg verkefni ráðuneytisins aukist til muna einkum í tengslum við samstarfið á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða.

190 Ýmis verkefni. Liðurinn hækkar um 14 m.kr. umfram verðlagsbreytingar. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundin fjárveiting á árinu 2005 vegna sameiginlegs átaks félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Að störfum við verkefnið eru auk verkefnisstjórnar tvær nefndir sem vinna annars vegar að sameiningu sveitarfélaga og hins vegar að endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga. Sérstakur verkefnisstjóri vinnur með öðrum starfsmönnum ráðuneytisins að verkefninu. Áætlað er að heildarkostnaður verkefnisins verði rúmar 40 m.kr. og hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þegar lagt verkefninu til 28 m.kr. Enn fremur er farið er fram á 4 m.kr. tímabundna fjárveitingu í samræmi við samning félagsmálaráðherra og Háskóla Íslands frá desember 2003 um tímabundið starf lektors í fötlunarfræðum. Samningur þessi gildir fram á mitt ár 2009. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 1,4 m.kr. tímabundinni fjárveitingu vegna samstarfs ráðuneytisins við rannsóknarsetur í húsnæðismálum við Háskólann á Bifröst. Markmið þessa samstarfs felst meðal annars í rannsóknum á húsnæðis- og fasteignamarkaði, gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga á sviði húsnæðismála og útgáfu rita um húsnæðismál. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	47,6	53,7	55,1	2,6	15,8
Jafnréttisstofa	43,6	33,1	36,7	10,9	-15,8
Vinnueftirlit ríkisins	343,7	286,7	295,6	3,1	-14,0
Samtals	**434,9**	**373,5**	**387,4**	**3,7**	**-10,9**

Fjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Á móti kemur að fjárveiting til málaflokksins er lækkuð um 0,5 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

*313 **Jafnréttisstofa.*** Farið er fram á 2,4 m.kr. hækkun á fjárheimild Jafnréttisstofu vegna aukins leigukostnaðar en ákveðið hefur verið að koma starfsemi Jafnréttisstofu fyrir í nýju húsnæði við Háskólann á Akureyri.

*331 **Vinnueftirlit ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 295,6 m.kr. á næsta ári og er það óbreytt framlag frá fjárlögum 2004. Breytingar verða hins vegar á fjármögnun rekstrarkostnaðar Vinnueftirlitsins 1. janúar 2005 í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2004. Í stað þess að vera fjármögnuð af hluta tryggingagjalds, eins og verið hefur, mun kostnaður af rekstri stofnunarinnar verða greiddur úr ríkissjóði og af öðrum tekjum hennar. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að breyting muni ekki hafa áhrif á tekjur til Vinnueftirlits ríkisins enda feli hún eingöngu í sér að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði framvegis greiddur úr ríkissjóði óháð tekjustofni tryggingagjaldsins. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að óbreyttur rekstur Vinnueftirlits verði að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði.

Málefni barna

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	0,0	640,3	668,3	4,4	-
Barnaverndarráð	6,7	0,0	0,0	-	-
Samtals	**0,0**	**640,3**	**668,3**	**4,4**	-

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 7,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Á móti kemur að fjárveiting til málaflokksins er lækkuð um 2 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

*400 **Barnaverndarstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 668,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 20,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlög til viðfangsefnisins *1.20 Heimili fyrir börn og unglinga* hækki um 7,5 m.kr. til frekari samningagerðar við einkaaðila um rekstur meðferðarheimila. Þá er farið fram á 2 m.kr. tímabundna hækkun á viðfangsefni *1.50 Meðferðarstöð ríkisins* vegna kostnaðar af völdum bruna sem varð á Stuðlum og efla brunavarnir í kjölfar hans. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700–722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	37,5	75,5	98,8	30,9	163,5
Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.429,6	1.524,0	1.637,7	7,5	14,6
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	984,7	1.133,3	1.182,1	4,3	20,0
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	183,5	178,0	188,6	6,0	2,8
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	117,1	127,4	133,9	5,1	14,3
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	209,6	215,4	221,9	3,0	5,9
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	559,5	569,4	622,3	9,3	11,2
Málefni fatlaðra, Austurlandi	196,6	202,7	215,4	6,3	9,6
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	314,5	348,7	375,4	7,7	19,4
Styrktarfélag vangefinna	433,7	448,3	473,8	5,7	9,2
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	201,9	208,8	247,0	18,3	22,3
Sólheimar í Grímsnesi	154,1	159,2	181,5	14,0	17,8
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	174,1	183,3	211,3	15,3	21,4
Framkvæmdasjóður fatlaðra	273,3	297,9	298,0	0,0	9,0
Samtals	**5.269,7**	**5.671,9**	**6.087,7**	**7,3**	**15,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 204,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir rúmlega 130 m.kr. hækkun framlaga til sambýla og nýrra búsetuúrræða fyrir fatlaða í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða og er um að ræða lokaframlag til hennar auk 30 m.kr. til að efla liðveislu og aðra stoðþjónustu. Enn fremur er tæplega 50 m.kr. hækkun framlaga til félaga og sjálfseignarstofnana sem annast þjónustu við fatlaða með samningi við félagsmálaráðuneyti og svæðisskrifstofur. Þá er 23 m.kr. framlag til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Á móti kemur að fjárveiting til málaflokksins er lækkuð um 44 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

*700 **Málefni fatlaðra.*** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins nemi um 98,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 20,4 m.kr. hækkun að raungildi á milli ára en áformað er að efla stoðþjónustu á vegum svæðisskrifstofa, svo sem þjónustu stuðningsfjölskyldna, skammtímavistun og liðveislu á vinnustöðum og ljúka gerð þjónustusamninga við félagasamtök sem annast þjónustu við fatlaða.

*701 **Málefni fatlaðra, Reykjavík.*** Heildarútgjöld liðarins samkvæmt frumvarpinu verður 1.637,7 m.kr. en eru 1.524 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 64,9 m.kr. hækkun þegar frá

eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar skýrast af áformum um 30 m.kr. framlag til rekstrar 10–12 nýrra úrræða í búsetu fatlaðra frá miðju ári 2005 í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða. Um er að ræða lokaáfanga þeirrar áætlunar. Þá er gert ráð fyrir að millifæra 27,9 m.kr. af Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Reykjanesi, til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Reykjavík, vegna reksturs sambýlis í tengslum við útskrift íbúa af Kópavogshæli. Í fjárlögum ársins 2004 er gert ráð fyrir að umrætt sambýli verði á Reykjanesi. Hentugra húsnæði fannst á hinn bóginn í Reykjavík og er því lagt til að sambýlið verið þar. Auk þess er farið fram á 24 m.kr. fjárveitingu til að ljúka heilsársfjármögnun til rekstrar tveggja nýrra sambýla en í fjárlögum 2004 fékkst heimild til að hefja rekstur þeirra frá miðju ári. Enn fremur er lagt til 5 m.kr. tímabundið framlag til að taka þátt í kostnaði Reykjavíkurborgar við lengda viðveru eldri barna við Öskjuhlíðarskóla. Gert er ráð fyrir að Svæðisskrifstofa Reykjavíkur standi að samkomulaginu við Reykjavíkurborg fyrir hönd félagsmálaráðuneytis. Á móti kemur að fellt er niður 2 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2004 til hjóna til að annast alvarlega veik börn sín. Loks lækkar liðurinn um 20 m.kr. vegna markmiða um aðhald í ríkisrekstri.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Heildarútgjöld liðarins samkvæmt frumvarpinu eru 1.182,1 m.kr. en eru 1.133,3 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 13,6 m.kr. hækkun þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingar á liðnum skýrast í fyrsta lagi af 30 m.kr. fjárheimild til rekstrar 10-12 nýrra úrræða í búsetu fatlaðra. Tillaga þessi er í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða. Um er að ræða lokaáfanga þeirrar áætlunar. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 24 m.kr. viðbótarfjárveitingu til rekstrar tveggja nýrra sambýla sem heimild fékkst fyrir í fjárlögum 2004 frá miðju því ári. Í þriðja lagi er 6,5 m.kr. hækkun á fjárheimild svæðisskrifstofunnar vegna flutnings í nýtt húsnæði. Svæðisskrifstofan flutti í nýtt húsnæði í árslok 2003 en hún hafði um langt skeið búið við mjög þröngan kost á tveimur stöðum í Kópavogi. Farið er fram á mismun þeirrar fjárhæðar sem skrifstofan hafði til ráðstöfunar í leigu og rekstur húsnæðis. Þá eru millifærðar 27,9 m.kr. af liðnum til svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík vegna reksturs sambýlis í tengslum við útskrift íbúa af Kópavogshæli. Að síðustu kemur til 19 m.kr. lækkun í frumvarpinu vegna markmiða um aðhald í ríkisrekstri.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Heildarútgjöld á þessum fjárlagalið samkvæmt frumvarpinu eru 188,6 m.kr. en eru 178 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 5 m.kr. hækkun þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar og er þeirri fjárheimild ætlað að renna til frekari liðveislu við fatlaða.

*704 **Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.*** Samkvæmt frumvarpinu eru heildarútgjöld á þessum lið 133,9 m.kr. en eru 127,4 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Raunhækkun á milli ára er 2,5 m.kr. sem verður varið til greiðslu leigugjalda fyrir dagvistun og hæfingu fatlaðra á Ísafirði. Starfsemi þessi var til húsa í Bræðratungu en það húsnæði hefur verið selt.

*706 **Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.*** Fjárheimild þessa fjárlagaliðar eru samkvæmt frumvarpinu 622,3 m.kr. en er 569,4 m.kr. í fjárlögum 2004. Raunhækkun á milli ára eru 12 m.kr. sem er ætlað til rekstrar nýs sambýlis á Akureyri. Tillagan er í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða og er um að ræða lokaframlag til hennar.

*707 **Málefni fatlaðra, Austurlandi.*** Heildarútgjöld liðarins er samkvæmt frumvarpinu 215,4 m.kr. en er 202,7 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 0,5 m.kr. hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist annars vegar af 2 m.kr. fjárheimild til frekari liðveislu við fatlaða í Sveitarfélaginu Hornafjörður og hins vegar áformum um 1,5 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta áformum um aðhald í ríkisrekstri.

*707 **Málefni fatlaðra, Suðurlandi.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar eru 375,4 m.kr. en eru 348,7 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 15,5 m.kr. hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingarnar skýrast í fyrsta lagi af 12 m.kr. framlagi til reksturs sambýlis sem heimild fékkst fyrir í fjárlögum 2004 frá miðju því ári. Í öðru lagi er farið fram á 2 m.kr. fjárheimild til frekari liðveislu við fatlaða. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 3 m.kr. framlagi vegna leigu og reksturs fyrir sameiginlegt rými og starfsmannaaðstöðu í sambýli annars vegar á Selfossi og hins vegar Þorlákshöfn. Loks er útgjöld lækkuð um 1,5 m.kr. til að mæta áformum um aðhald í ríkisrekstri.

*711 **Styrktarfélag vangefinna.*** Félagið er sjálfseignarstofnun og annast þjónustu við fatlaða samkvæmt ákvæðum þjónustusamnings félagsmálaráðuneytisins og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík frá 2001. Heildarframlög ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu eru 473,8 m.kr. og hækkar um 10 m.kr. að raungildi á milli ára sem skýrist alfarið af kostnaði við fjölgun rýma á sambýlum og dagvistarstofnunum félagsins.

*720 **Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ.*** Heildarframlög til heimilisins samkvæmt frumvarpinu hækka um 24,3 m.kr. á milli ára að raungildi en unnið er að gerð samnings milli Skálatúns og félagsmálaráðuneytisins sem gerir ráð fyrir aukinni þjónustu.

*722 **Sólheimar í Grímsnesi.*** Heildarframlög til Sólheima samkvæmt frumvarpinu hækka um 14,3 m.kr. á milli ára að raungildi en samningur er nú í gildi milli Sólheima og félagsmálaráðuneytisins sem gerir ráð fyrir aukinni þjónustu.

*750 **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar nemi 211,3 m.kr á næsta ári og jafngildir það um 21,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar skýrast af 8 m.kr. framlagi til að bæta ráðgjöf, eftirfylgni og þjónustu við einhverf börn en börnum sem greinast með einhverfu eða skyldar raskanir hefur fjölgað umtalsvert á undanförnum árum. Þá er gert ráð fyrir 7,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til að börn sem talið er að hafi þroskahömlun fái þjónustu innan sex mánaða en tilvísunum á greiningu og þjónustu stofnunarinnar hefur fjölgað meira en hún ræður við og biðin því lengst. Auk þess er farið fram á 5,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að bið grunnskólabarna með einhverfu eða skyldar raskanir eftir þjónustu stofnunarinnar geti orðið innan tilgreindra marka sem sett verða. Enn fremur er lögð til 2,6 m.kr. hækkun á fjárheimild Greiningarstöðvarinnar til að mæta kostnaði vegna viðbótarhúsnæðis sem stofnunin tók á leigu í ársbyrjun 2004. Aðrar breytingar stafa af aðhaldsmarkmiðum og launa- og verðlagsbreytingum.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	6.552,5	6.427,0	7.100,0	10,5	8,4
Samtals	**6.552,5**	**6.427,0**	**7.100,0**	**10,5**	**8,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 432,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar.

*801 **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*** Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

a. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs,

b. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Lögbundin framlög samkvæmt lið a eru áætluð 5.744 m.kr. og framlög samkvæmt lið b eru 1.356 m.kr. Lögbundin framlög í sjóðinn eru því samtals áætluð 7.100 m.kr.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlofssjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Vinnumálastofnun	180,2	171,7	200,7	16,9	11,4
Vinnumál	27,6	32,2	36,0	11,8	30,4
Ábyrgðasjóður launa	715,8	527,0	797,7	51,4	11,4
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.282,5	2.618,0	3.795,0	45,0	-11,4
Félagsmálaskóli alþýðu	23,5	23,9	24,4	2,1	3,8
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	9,7	16,8	22,8	35,7	135,1
Fæðingarorlof	5.682,1	5.826,0	5.967,0	2,4	5,0
Samtals	**10.931,4**	**9.225,6**	**10.853,6**	**17,6**	**-0,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.627 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru 1.177 m.kr. framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs og 270 m.kr. til Ábyrgðasjóðs launa. Á móti kemur að fjárveiting til málaflokksins er lækkuð um 8 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

980 Vinnumálastofnun. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar nemi um 200,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkun framlaga skýrist m.a. af 8 m.kr. framlagi til að efla umsýslu stofnunarinnar við útgáfu atvinnuleyfa en umfang þessa verkefnis hefur aukist mikið á undanförnum árum og fer enn vaxandi. Enn fremur er farið fram á 5,5 m.kr. fjárheimild til að efla starf svæðisvinnumiðlunar á Austurlandi til að hún geti sinnt lágmarksþjónustu við verktaka á Kárahnjúkasvæðinu, svo og þá atvinnuleitendur sem óska eftir upplýsingum um vinnu á starfssvæðinu auk þess að halda uppi óbreyttri almennri starfsemi. Þá er gert ráð fyrir 6 m.kr. til starfsemi Fjölsmiðjunnar sem er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Rauða krossins, menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að veita starfsþjálfun fyrir fólk á aldrinum 16-24 ára. Enn fremur er lögð til 4 m.kr. hækkun á fjárveitingu til *1.01 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit.* Vegna aukins atvinnuleysis ungs fólks er lögð áhersla á að unnið verði að stefnumótun og tillögugerð um vinnumarkaðsúrræði og frekari menntun og starfþjálfun þar sem stór hluti atvinnulausra ungmenna hefur aðeins grunnmenntun.

981 Vinnumál. Heildarframlag til liðarins er 36 m.kr. og hækkar um 3 m.kr. að raungildi á milli ára. Framlaginu er ætlað að standa undir kostnaði við þátttöku aðila vinnumarkaðarins í starfi vinnuverndarnefndar Evrópusambandsins annars vegar og þátttöku í samningaviðræðum heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu hins vegar. Fram til loka síðasta árs var þátttaka íslenskra fulltrúa í samningaviðræðum á Evrópuvísu greidd af Evrópusambandinu.

982 Ábyrgðasjóður launa. Útgjöld sjóðsins að frátöldum sértekjum eru áætluð 797,7 m.kr. en eru 527 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 270 m.kr. hækkun. Undanfarin tvö ár hefur verið mikil aukning á útgreiðslum úr Ábyrgðasjóði launa og árið 2003 voru þær 740 m.kr og útlit er fyrir að útgjöld verði svipuð árið 2004 og meginhluta árs 2005. Þá er gert ráð fyrir að vaxtatekjur af inneign Ábyrgðasjóðs launa hjá ríkissjóði lækki um 30 m.kr. frá fjárlögum 2004.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Útgjöld sjóðsins samkvæmt frumvarpinu eru áætluð 4.171 m.kr. en eru 3.420 m.kr. í fjárlögum ársins. Þar af nema útgjöld til atvinnuleysisbóta 3.498 m.kr. en eru 2.825 m.kr. í fjárlögum sem er um 670 m.kr. hækkun á milli ára. Í forsendum fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir 2,5% atvinnuleysi en samkvæmt spám fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði nokkuð hærra eða 2,7% og er áætlað að útgjöld á hvert stig verði 1.296 m.kr. m.kr. á verðlagi árs 2005. Hefur þá verið tekið tillit til 11,3% hækkunar atvinnuleysisbóta í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir 60 m.kr. hækkun framlaga til *1.41 Framlög og styrkir* og skýrist það annars vegar af 100 m.kr. tímabundnu framlagi í kjölfar samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2004 um að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Framlag sjóðsins til þessa verkefnis er áætlað 105 m.kr. árið 2006 og 110 m.kr. árið 2007 og fellur þá niður. Á móti kemur hins vegar að fellt er niður tímabundið framlag til starfsmenntunar sjómanna í fjárlögum 2004 að fjárhæð 40 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 7 m.kr. hækkun framlags til *1.31 Kjararannsóknarnefnd* en nefndin vinnur að umfangsmikilli launakönnun ásamt Hagstofu Íslands sem nær til flestra starfsgreina á vinnumarkaðnum. Í lok ársins 2003 urðu útgerðarfyrirtæki hluti af könnuninni og er stefnt að því að hún nái einnig til fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða á árinu 2004. Gildi könnunarinnar eykst mikið við aukið umfang sem hefur einnig í för með sér aukna gagnavinnslu. Loks eru sértekjur sjóðsins lækkaðar um samtals 426 m.kr. Munar þar mest um 416 m.kr. lækkun af vaxtatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði en þær eru áætlaðar 754 m.kr. í fjárlögum 2004. Jafnframt er gert ráð fyrir að afborganir og vaxtatekjur af verðbréfainneign árið 2005 verði 10 m.kr. sem er 38 m.kr. lækkun miðað við fjárlög 2004. Þá er gert ráð fyrir að aðrar tekjur hækki um 15 m.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að sértekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs verði 363 m.kr. sem er samtals 426 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2004.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	3.875,5	2.825,0	3.498,0	23,8	-9,7
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	64,0	60,0	62,0	3,3	-3,1
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	115,0	118,0	122,0	3,4	6,1
Styrkir til fiskvinnslustöðva	119,1	77,0	79,0	2,6	-33,7
Kjararannsóknarnefnd	34,6	34,0	42,0	23,5	21,4
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	224,3	112,0	112,0	0,0	-50,1
Framlög og styrkir	78,0	75,0	135,0	80,0	73,1
Starfsmenntasjóður	65,3	60,0	60,0	0,0	-8,1
Rekstur úthlutunarnefnda	94,0	59,0	61,0	3,4	-35,1
Vaxtatekjur	-412,5	-802,0	-376,0	-53,1	-8,8
Samtals	**4.257,3**	**2.618,0**	**3.795,0**	**45,0**	**-10,9**

987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Útgjöld sjóðsins að frátöldum sértekjum eru áætluð 22,8 m.kr. en eru 16,8 m.kr. í fjárlögum 2004 en það er 5 m.kr. hækkun að frátöldum áhrifum verðlagsbreytinga og skýrist breytingin að fullu af lækkun vaxtatekna sjóðsins.

989 Fæðingaorlofssjóður. Útgjöld sjóðsins eru áætluð 5.967 m.kr. en eru 5.826 m.kr. í fjárlögum 2004. Það er 150 m.kr. lækkun að raunvirði á milli ára. Lækkun framlagsins er í samræmi við kostnaðarmat lagafrumvarps sem samþykkt var á síðasta þingi og felur í sér ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum laga um fæðingar- og foreldaraorlof sem ætlað er að tryggja framkvæmd laganna í sessi. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar leiði til lækkunar á útgjöldum sjóðsins.

Önnur verkefni.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Hér er einnig gerð grein fyrir liðnum 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	150,0	240,0	180,0	-25,0	20,0
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	10,0	5,0	-50,0	-
Félagsmál, ýmis starfsemi	605,0	493,1	486,9	-1,3	-19,5
Samtals	**815,0**	**803,1**	**731,9**	**-8,9**	**-10,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 82,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð

fyrir 60 m.kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs til niðurgreiðslu vaxta af lánum til leiguíbúða sem byggðar eru í sérstöku tímabundnu átaki til að auka framboð þeirra. Auk þess lækkar framlag til *07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi* um 7 m.kr og framlög til *07-999 Íslenska upplýsingasamfélagið* um 5 m.kr. Fjárveiting til málaflokksins er einnig lækkuð um 10,5 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

205 Leiguíbúðir. Gert er ráð fyrir 60 m.kr. lækkun á framlagi ríkisins til greiðslu vaxtamunar lána sem veitt eru á sérstökum vaxtakjörum til tímabundins átaks um byggingu leiguíbúða. Á tímabilinu 2002 til 2005 mun Íbúðalánasjóður veita lán til 1.600 félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka á 3,5% vöxtum og 600 lán til almennra leiguíbúða á 4,5% vöxtum. Gert er ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði til greiðslu vaxtamunar þessara lána sem eiga að taka mið af inn- og útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs. Framlagið er lækkað þar sem dregið hefur úr vaxtamun á inn- og útlánum sjóðsins og er áætlað 180 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Heildarframlög til liðarins eru 48,6 m.kr. og lækka að raungildi um 17,5 m.kr. á milli ára. Skýrist það af niðurfellingu á 5 m.kr. tímabundnu framlagi í fjárlögum 2004 til verkefna í málefnum fatlaðra og 2 m.kr. framlagi til Fjölmenningarseturs á Ísafirði. Þá lækkar liðurinn um 10,5 m.kr. vegna markmiða um aðhald í rekstri. Auk þessa er lagt til að 21 m.kr. verði millifærð milli viðfangsefna innan liðarins á nýtt viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis*. Þar er annars vegar um að ræða 8 m.kr. framlag vegna leigugreiðslna á húsnæði sem Byrgið hefur afnot af að Efri-Brú, Grímsnesi, og hins vegar er um samtals 13 m.kr. framlag til ýmissa smærri verkefni sem félagsmálaráðuneytið hefur styrkt á undanförnum árum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.
07-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	45.363,1	56.992,1	61.197,4	7	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	58.372,8	51.004,0	55.315,2	8	-5
Stofnkostnaður og viðhald	2.081,8	2.546,5	2.518,3	-1	21
Samtals	**105.817,7**	**110.542,6**	**119.030,9**	**8**	**12**
Greitt úr ríkissjóði	-	89.614,0	96.417,4	8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	20.928,6	22.613,5	8	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**110.542,6**	**119.030,9**	**8**	-

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 122.497 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.466 m.kr. en þær nema 2,83% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 119.031 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 96.417 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 22.614 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 61.197 m.kr. og hækka um 4.205 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 500 m.kr. framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss, rúmlega 400 m.kr. til öldrunar- og endurhæfingarstofnana og rúmlega 330 m.kr. til heilbrigðisstofnana.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 4.311 m.kr. og verður 55.315 m.kr. en er 51.004 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur framlag til bóta almannatrygginga eða 2.894 kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.518 m.kr. og er það 28 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru lækkun tímabundinna framlaga til stofnbúnaðar í aðalskrifstofu ráðuneytisins og til endurnýjunar tölvukerfa hjá Tryggingastofnun ríkisins en á móti koma nú framlög aðallega til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri og til nýrrar heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 188,6 m.kr., þar af mun hækkun komugjalda heilsugæslu skila 46,8 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 4.489 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um

aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	420	413	417	421
Tryggingamál	55.335	57.372	59.475	61.691
Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	30.718	31.304	31.790	32.400
Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.	16.029	16.008	16.437	16.878
Heilsugæsla	5.525	5.603	5.708	5.815
Heilbrigðisstofnanir	9.070	9.270	9.474	9.682
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	823	818	815	822
Annað	1.110	1.118	1.126	1.134
Samtals	**119.030**	**121.906**	**125.242**	**128.843**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun

efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *Tryggingamála* aukist að jafnaði um 3,7% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að árleg fjölgun bótaþega lífeyrisbóta verði um 3% en fjölgun bótaþega félagslegrar aðstoðar verði 2,5%. Gert er þó ráð fyrir að árleg aukning sjúkratrygginga verði 5% á ári og árleg aukning lyfjaútgjalda verði 7% ári og er það í samræmi við auknar komur til sérgreinalækna utan sjúkrahúsa og aukið vægi lyfja í meðferð. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir málaflokkana *Sjúkrahús, Heilbrigðisstofnanir* og *Heilsugæslustöðvar* vaxi árlega um 2% að meðaltali. Í þriðja lagi er miðað við að árlegur vöxtur í málaflokknum *Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.* verði tæp 3%. Á árinu 2006 fellur hins vegar niður tímabundið framlag til byggingar hjúkrunarheimila frá árinu 2004 og það ár verður því ekki raunaukning á útgjöldum til þess málaflokks.

Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 5.412 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 5.412 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningur við Heimilislæknastöðina ehf. er útrunninn og er unnið að endurnýjun hans. Þá renna út samningar um heilbrigðisþjónustu í fangelsum og um sjúkraflutninga á Akureyri í árslok 2004 og er unnið að endurnýjun þeirra. Enn fremur er unnið að gerð samnings um rekstur sjúkrahótels. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 5.800 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	113,8	119,3	119,3	119,3	119,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	435,5	471,3	471,3	0,0	0,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	240,9	251,4	251,4	251,4	251,4
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	45,5	52,4	52,4	52,4	52,4
Víðines, Reykjavík	A	183,0	191,1	191,1	191,1	191,1
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	653,9	857,8	857,8	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	193,6	206,7	206,7	0,0	0,0
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	244,2	256,1	256,1	256,1	256,1
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	709,5	734,8	734,8	734,8	734,8
Gistiheimili RKÍ	A	64,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Reykjalundur	A	903,8	939,9	0,0	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	372,7	397,8	0,0	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, stofnkostn.	A	18,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	A	10,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, heilsugæsla fanga	A	1,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Heimilislæknastöðin ehf., rekstur heilsugæslu	A	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	200,2	219,2	219,2	219,2	0,0
Sjúkraflutningar í Árnessýslu	A	26,8	27,6	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	38,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	39,0	40,1	40,1	40,1	40,1
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	244,9	252,2	0,0	0,0	0,0
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	56,2	58,2	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflug á Vestfirði og suðursvæði	A	33,2	34,1	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Íslands - sjúkraflug á Norðursvæði	A	52,1	53,6	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	21,4	23,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	349,9	375,9	375,9	0,0	0,0
Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	79,2	86,3	86,3	0,0	0,0
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	80,5	92,8	103,0	113,3	123,5
Samtals		**5.412,0**	**5.741,6**	**3.965,4**	**1.977,7**	**1.768,7**

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 190 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	309,4	391,1	412,0	5,3	33,2
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**309,4**	**399,1**	**420,0**	**5,2**	**35,7**

Heildarfjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 8,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 23,9 m.kr. framlagi til að mæta auknum rekstrarkostnaði tengdum flutningi aðalskrifstofu í nýtt og stærra húsnæði. Til viðbótar þessu framlagi er gert ráð fyrir

að 30 m.kr., sem varið var til stofnkostnaðar í tengslum við flutning aðalskrifstofu á þessu ári, verði notaðar til að efla aðalskrifstofu ráðuneytisins. Á móti kemur að fellt er niður 8 m.kr. tímabundið framlag frá árinu 2003 sem ætlað var að mæta hluta kostnaðar við þátttöku Íslands í aðalstjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Loks eru framlög til aðalskrifstofu lækkuð um 7,5 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	882,2	905,3	905,3	0,0	2,6
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.088,8	5.865,0	6.577,0	12,1	-7,2
Lífeyristryggingar	27.064,1	28.939,0	31.397,0	8,5	16,0
Sjúkratryggingar	13.925,2	14.451,7	15.584,0	7,8	11,9
Slysatryggingar	628,1	672,9	683,5	1,6	8,8
Sjúklingatryggingar	12,6	28,1	28,1	0,0	123,0
Eftirlaunasjóður aldraðra	149,6	160,3	160,3	0,0	7,2
Samtals	**49.750,6**	**51.022,3**	**55.335,2**	**8,5**	**11,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.920 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þegar frá eru dregin rekstrarframlög til Tryggingastofnunar hækka bein framlög til tryggingamála um 2.946 m.kr. eða tæp 6%. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að 1.543 m.kr. hækkun lífeyristrygginga aðallega vegna fjölgunar öryrkja, 882 m.kr. hækkun vegna sjúkratrygginga og 520 m.kr. til félagslegrar aðstoðar.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum eru 905,3 m.kr. í frumvarpinu og lækka um 26 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Rekstrarliðir stofnunarinnar hækka um 43,2 m.kr. en á móti lækkar stofnkostnaður um 69,2 m.kr. Breyting rekstrarliða skýrist m.a. af 33 m.kr. framlagi til að tryggja betur áreiðanleika og réttmæti bótagreiðslna og til að koma á skilvirkri gæðastjórn og eftirliti með bóta- og samningsgreiðslum stofnunarinnar. Auk þess verður efld leiðbeining til heilbrigðisstétta sem m.a. gefa út vottorð og tilvísanir á þjónustu stofnunarinnar til að tryggja betur að hliðstæð tilvik fái rétta og sambærilega úrlausn. Þá verður greiningar- og rannsóknarstarfsemi efld til að tölfræðileg gögn stofnunarinnar nýtist betur til stefnumótunar og forsagna í útgjaldaþróun. Í öðru lagi er

lögð til 10 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lækkun sértekna vegna örorkumata fyrir lífeyrissjóði sem stofnunin vinnur ekki lengur. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 8 m.kr. framlagi til að mæta auknum umsýslukostnaði við afgreiðslu mála sem tengjast sjúklingatryggingu. Í fjórða lagi er tillaga um 8 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við framkvæmd almannatryggingarákvæða í samningi EES og samningi á milli Norðurlanda en umsýsla vegna þessara ákvæða hefur aukist mjög á undanförnum árum m.a. vegna aukinna ferðalaga, búferlaflutninga og tilflutnings fólks á vinnumarkaði. Í fimmta lagi eru millifærðar af lið *08-399 1.98 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* helmingur af 14,6 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum 2004 til að styrkja eftirlit með lyfjakostnaði og annast faglega úrvinnslu gagna úr gagnagrunni. Er lagt til að helmingur fjárhæðarinnar verði færður til landlæknis. Í sjötta lagi er 5,2 m.kr. framlag til að mæta rekstrarkostnaði lyfjagagnagrunns samkvæmt kostnaðarmati. Í sjöunda lagi eru 18 m.kr. millifærðar af liðnum á nýtt rekstrarviðfang *08-399 1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra* sem er fjárheimild nefndarinnar.

Í stofnkostnaði fellur niður 71 m.kr. sem var tímabundið framlag til smíði á nýju tölvukerfi lífeyristrygginga en á móti kemur 1,8 m.kr. framlag til að styrkja tækjakaupalið stofnunarinnar. Þá eru framlög til stofnunarinnar lækkuð um 10,3 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 6.577 m.kr. en eru 5.865 m.kr. í fjárlögum 2004 eða 520 m.kr. hækkun á milli ára að frátöldum verðlagsbreytingum sem er 8,9% raunhækkun á milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	284,3	309,0	330,0	6,8	16,1
Umönnunargreiðslur	896,3	958,0	1.035,0	8,0	15,5
Makabætur og umönnunarbætur	63,8	67,0	82,0	22,4	28,5
Dánarbætur	48,8	65,0	52,0	-20,0	6,6
Endurhæfingarlífeyrir	557,9	582,0	985,0	69,2	76,6
Barnalífeyrir vegna menntunar	83,9	82,0	109,0	32,9	29,9
Heimilisuppbót	2.106,7	2.256,0	2.369,0	5,0	12,5
Sérstök heimilisuppbót	32,0	0,0	0,0	-	-
Frekari uppbætur	2.647,3	1.342,0	1.391,0	3,7	-47,5
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	367,8	204,0	224,0	9,8	-39,1
Samtals	**7.088,8**	**5.865,0**	**6.577,0**	**12,1**	**-7,2**

Endurhæfingarlífeyrir verður samkvæmt frumvarpinu 985 m.kr. en er 582 m.kr. í fjárlögum 2004 og er það 374 m.kr. hækkun umfram verðlag á milli ára. Samkvæmt endurskoðaðri spá stefna útgjöld endurhæfingarlífeyris í að verða um 830 m.kr. í lok

árs 2004. Aukningin skýrist að mestu af mikilli fjölgun bótaþega undanfarið en í mars sl. fengu 665 einstaklingar greiddan endurhæfingarlífeyri en þeir voru um 450 í ársbyrjun 2003. Enn fremur er gert ráð fyrir að umönnunargreiðslur hækki um 47 m.kr. og verði 1.035 m.kr., barnalífeyrir vegna menntunar hækki um 24 m.kr. og verði 109 m.kr. og maka- og umönnunarbætur hækki um 13 m.kr. og verði 82 m.kr. Þá er lagt til að uppbætur vegna bifreiðakaupa verði 224 m.kr. en gert er ráð fyrir að útgjöld í árslok 2004 verði um 300 m.kr. eða 96 m.kr. umfram fjárlög og er gerð tillaga um það framlag í frumvarpi til fjáraukalaga. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 13,5 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar til þessa viðfangsefnis enda er gert ráð fyrir að í kjölfar breytinga á úthlutunarreglum bifreiðastyrkja, sem urðu á miðju þessu ári, lækki útgjöld á þessum lið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mæðra- og feðralaun hækki um 11 m.kr., frekari uppbætur um 8 m.kr. en dánarbætur lækki hins vegar um 15 m.kr.

*204 **Lífeyristryggingar.*** Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 31.397 m.kr. á árinu 2005 en eru 28.939 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 1.543 m.kr. hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem er 5,3% raunhækkun á milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	6.471,1	6.700,0	6.968,0	4,0	7,7
Örorkulífeyrir	2.780,4	3.955,0	4.609,0	16,5	65,8
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.569,8	9.381,0	9.662,0	3,0	12,7
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	5.141,9	4.869,0	5.582,0	14,6	8,6
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	678,8	953,0	948,0	-0,5	39,7
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	604,9	747,0	894,0	19,7	47,8
Vasapeningar ellilífeyrisþega	0,0	290,0	299,0	3,1	-
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	0,0	60,0	62,0	3,3	-
Örorkustyrkur	125,7	122,0	134,0	9,8	6,6
Barnalífeyrir	1.631,1	1.756,0	2.096,0	19,4	28,5
Annað	1.060,4	106,0	143,0	34,9	-86,5
Samtals	**27.064,1**	**28.939,0**	**31.397,0**	**8,5**	**16,0**

Helstu breytingar eru samtals 671 m.kr. hækkun tekjutryggingar og tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega, 520 m.kr. hækkun örorkulífeyris og 8 m.kr. hækkun örorkustyrks eða samtals um 1.200 m.kr. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir 279 m.kr. hækkun barnalífeyris en stærsti hluti þeirra greiðslna er vegna örorku foreldra. Í fjárlögum ársins til framangreindra liða sem að stærstum hluta tengjast örorku eru 11.509 m.kr. en útgjöldin á árinu stefna í tæplega 12.130 m.kr. eða 620 m.kr. umfram fjárlög. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2004 er gert ráð fyrir þessum útgjöldum. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir tæplega 13.380 m.kr. samtals til framangreindra liða eða

1.478 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar eða 7% hækkun frá áætluðum útgjöldum 2004 og 12,8% hækkun frá fjárlögum 2004. Helsta skýringin á auknum útgjöldum er fjölgun örorkulífeyrisþega. Aðrar breytingar eru þær að ellilífeyrir hækkar um 65 m.kr. og ýmsar greiðslur, sem falla undir *Annað,* hækka um 33 m.kr. en þar undir falla m.a. vinnusamningar öryrkja. Hins vegar lækkar tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega um 33 m.kr.

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 15.584 en eru 14.452 m.kr. í fjárlögum 2004. Hækkun á milli ára er 882 m.kr. ef frá eru taldar verðlagsbreytingar og áhrif gengis á einstaka liði. Raunhækkun nemur því 6,1%.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	3.107,1	3.100,7	3.438,0	10,9	10,6
Lyf	5.940,4	6.160,0	6.485,0	5,3	9,2
Hjálpartæki	1.413,8	1.367,0	1.600,0	17,0	13,2
Hjúkrun í heimahúsum	120,4	130,0	134,0	3,1	11,3
Þjálfun	1.161,1	1.206,0	1.373,0	13,8	18,2
Tannlækningar	1.096,3	1.196,0	1.263,0	5,6	15,2
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	180,9	193,0	199,0	3,1	10,0
Brýn meðferð erlendis	508,9	580,0	565,0	-2,6	11,0
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	93,4	133,0	129,0	-3,0	38,1
Sjúkradagpeningar	205,0	260,0	268,0	3,1	30,7
Annað	97,9	126,0	130,0	3,2	32,8
Samtals	**13.925,2**	**14.451,7**	**15.584,0**	**7,8**	**11,9**

Helstu breytingar á liðnum eru 300 m.kr. hækkun lyfjakostnaðar. Í fjárlögum 2004 eru 6.160 m.kr. til lyfjakostnaðar og miðast útgjöldin við að 450 m.kr. sparnaður náist á árinu. Til að ná fram þeirri lækkun á árinu 2004 áformaði heilbrigðisráðuneyti að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku notenda í lyfjakostnaði og lyf, sem talin eru hafa sambærilega virkni og ódýrari lyf, yrðu felld af greiðslulista eða færð milli greiðsluflokka. Þá gerði ráðuneytið m.a. ráð fyrir að færa lyfjaverð niður og til samræmis við lyfjaverð í nágrannalöndum. Í lok apríl var gert samkomulag við lyfjainnflytjendur í tengslum við frestun á gildistöku reglugerðar og viðmiðunarverðskrár lyfja með sambærileg meðferðaráhrif sem átti að taka gildi 1. maí sl. Var ákveðið að vinna að frekara samkomulagi og í lok ágúst sl. lýsti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra yfir að höfðu samráði m.a. við lyfjainnflytjendur að hrinda ætti í framkvæmd áformum um að lyfjaverð til neytenda á Íslandi verði sambærilegt við meðalverð í smásölu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hverju sinni með því að lækka álagningu í heildsölu og smásölu með jöfnum skrefum á næstu tveimur árum. Áhrif þessara ráðstafana gætir aðallega síðari hluta árs 2004 og stefnir því lyfjakostnaður í að vera 6.445

m.kr. eða 285 m.kr. umfram fjárlög 2004. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir að árleg aukning lyfjakostnaðar verði um 430 m.kr. að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa gengis eða tæp 7%. Á móti koma þá áhrif aðgerða sem hrint var í framkvæmd síðari hluta þessa árs og sem er áætlað að skili rúmlega 400 m.kr. lækkun lyfjaútgjalda sjúkratrygginga og þau verði í árlok 6.485 m.kr. Gert er ráð fyrir að lækniskostnaður verði 3.438 m.kr. sem er 237 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar. Þar af er m.a. gert ráð fyrir 2,5% magnaukningu frá útgjöldum þessa árs og nemur sú hækkun 80 m.kr. Einnig er þar gert ráð fyrir 7,3 m.kr. sem er flutningur eininga fyrir læknisverk meltingasérfræðinga samkvæmt samkomulagi sem gert var við Landspítala – háskólasjúkrahús. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að ná fram 90 m.kr. lækkun á þessu viðfangsefni sem hefur aðeins að hluta náð fram að ganga. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir 70 m.kr. framlagi til lækniskostnaðar til að mæta halla ársins. Útgjöld til hjálpartækja eru samkvæmt frumvarpinu 1.600 m.kr. og hækka um 186 m.kr. umfram verðlagsbreytingar en útgjöldin stefna í 1.500 m.kr. í lok þessa árs. Í fjárlögum þessa árs eru áform um 150 m.kr. lækkun útgjalda til hjálpartækja, sem hafa ekki náð að fram að ganga nema að hluta, þar sem þrengri skilyrði reglugerðar um úthlutun bifreiðakaupastyrkja, sem tók gildi á miðju þessu ári, tók aðeins yfir síðustu úthlutun styrkja þessa árs. Útgjöld til þjálfunar verða 1.373 m.kr. á árinu 2005 sem er 127 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar frá fjárlögum ársins. Á þessu ári stefna útgjöldin í 1.300 m.kr. en tilvísanir á þjónustu sjúkraþjálfara hafa aukist langt umfram það sem ætlað var. Loks er gert ráð fyrir að kostnaður vegna tannlækninga hækki um 30 m.kr. umfram verðlag og verði 1.263 m.kr. á árinu 2005 og skýrist hækkunin af fjölgun notenda.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	209,9	172,5	181,9	5,4	-13,3
Lýðheilsustöð	53,8	228,1	249,9	9,6	364,5
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	161,5	103,1	104,4	1,3	-35,4
Sjónstöð Íslands	70,2	71,0	75,9	6,9	8,1
Geislavarnir ríkisins	58,5	65,2	65,2	0,0	11,5
Lyfjastofnun	154,5	144,0	145,4	1,0	-5,9
Samtals	**708,4**	**783,9**	**822,7**	**4,9**	**16,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 18,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Fjallað er um einstaka liði málaflokksins fyrir neðan. Þá eru framlög til málaflokksins lækkuð um 17 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

301 ***Landlæknir.*** Heildarútgjöld embættisins eru 181,9 m.kr. en eru 172,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs og hækka um 3,8 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin skýrist af 7,3 m.kr. millifærslu af lið *399 Heilbrigðismál, almennt* til að styrkja eftirlit landlæknis með lyfjanotkun og úrvinnslu gagna úr lyfjagagnagrunni en fjárhæðin er hluti fjárveitingar sem samþykkt var í fjárlögum 2004. Aðrar breytingar skýrast af áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

305 ***Lýðheilsustöð.*** Heildargjöld liðarins eru 249,9 m.kr. sem skiptist þannig að 164,2 m.kr. er til almenns reksturs Lýðheilsustöðvar og 85,8 m.kr. eru tilfærsluframlög Forvarnasjóðs. Framlög til reksturs hækka um 15 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar vegur þyngst 20 m.kr. framlag til að samræma og efla forvarnarstarf stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við norrænt lýðheilsuþing á Íslandi árið 2005. Á móti eru 4 m.kr. millifærðar af liðnum á *08-340 1.80 Gigtarráð* þar sem horfið er frá því að ráðið starfi innan Lýðheilsustöðvar og 6 m.kr. á lið *08-510 1.01 Heilsuverndarstöð í Reykjavík* en lagt er til að hluti af forvarnarstarfi tannverndar verði áfram hjá stöðinni. Loks lækka rekstrarframlög um 5 m.kr. vegna ráðstafana til að mæta aðhaldi í ríkisútgjöldum.
Framlög Forvarnasjóðs hækka samtals um 3,8 m.kr. vegna endurskoðunar áætlunar um ríkistekjur af hlutdeild í áfengisgjaldi. Lagt er til að 10 m.kr. tímabundið framlag til Samstarfsráðs í forvörnum til sérstakra samningsbundinna verkefna er miða að því að draga úr neyslu áfengis og þeim skaða sem neysla þess veldur framlengist til ársloka 2006 en það átti að falla niður í árslok 2004.

324 ***Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.*** Útgjöld stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu eru að frátöldum sértekjum 104,4 m.kr. sem er 2 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2004 þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingarnar skýrast af almennum kröfum um rekstrarhagræðingu.

326 ***Sjónstöð Íslands.*** Útgjöld stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 75,9 m.kr. að frádregnum sértekjum og er 2,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2004 þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar er um að ræða 4 m.kr. framlag til viðbótarstöðu kennara til þjálfunar í athöfnum daglegs lífs en á móti kemur að stöðinni er ætlað að ná markmiðum um aðhald í rekstri sem nemur 1,5 m.kr.

*327 **Geislavarnir ríkisins.*** Útgjöld stofnunarinnar eru 65,2 m.kr. að frádregnum 6 m.kr. sértekjum sem er 2 m.kr. lækkun að raunvirði frá 2004. Lækkunin skýrist af markmiðum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

*397 **Lyfjastofnun.*** Heildarútgjöld stofnunarinnar eru 145,4 m.kr. að frádregnum 5,8 m.kr. sértekjum. Samtals lækka útgjöld stofnunarinnar um 3 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum. Stofnunin er fjármögnuð af mörkuðum tekjum, þ.e. lyfjaeftirlitsgjaldi, árgjaldi lyfja og gjaldi vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja og tekjum af markaðsleyfum.

Sjúkrastofnanir

Þessum málefnaflokki er skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta er fjallað um almenna sjúkrahúsþjónustu og eru heildarútgjöld stofnana, sem falla undir þann hluta, tæplega 30 milljarðar kr. Í síðari hluta kaflans er fjallað um sérgreinda sjúkrahúsþjónustu og nema heildarútgjöld stofnana, sem falla undir þann hluta, 718,7 m.kr. Heildarútgjöld málefnaflokksins eru því 30.718 m.kr. en eru 29.123 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 548,5 m.kr. hækkun á milli ára umfram launa- og verðlagsbreytingar. Á móti kemur að framlög til málaflokksins eru lækkuð um 23 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum.

1. Stærri sjúkrahús.

Undir þennan hluta falla fjárlagaliðirnir 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt og 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.866,0	2.961,0	3.127,0	5,6	9,1
Landspítali - háskólasjúkrahús	25.614,9	24.755,0	26.120,0	5,5	2,0
Sjúkrahús, óskipt	57,8	363,9	338,6	-7,0	485,8
Sjúkrahús og læknisbústaðir	183,2	358,4	413,4	15,3	125,7
Samtals	**28.721,9**	**28.438,3**	**29.999,0**	**5,5**	**4,4**

Heildarfjárveiting til stærri sjúkrahúsa er 29.999 m.kr. en er 28.438 m.kr. í fjárlögum 2004. Hækkun á milli ára um 546,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar af vega þyngst samtals 500 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahús miðað við óbreytta starfsemi. Nánar er fjallað um sjúkrahúsin hér að neðan.

*358 **Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið samkvæmt frumvarpinu eru 3.127 m.kr. að frádregnum 188 m.kr. sértekjum en eru 2.961 m.kr. í fjárlögum og hækka því alls um 68,8 m.kr. að frádregnum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Þar af nemur hækkun rekstrargjalda samtals 11,8 m.kr. annars vegar vegna tillögu um 8,3 m.kr. framlag til endurskipulagningar innkaupamála og breytingar á stöðu aðstoðarlæknis í sérfræðingsstöðu og hins vegar vegna tillögu um 3,5 m.kr. framlag til að mæta heilsársrekstrarkostnaði svonefndrar 0-hæðar í suðurálmu sjúkrahússins. Framlög til nýbygginga hækka tímabundið um 77 m.kr. til að ljúka innréttingu suðurálmu. Framlög til tækjakaupa lækka um 20 m.kr. vegna þess að tímabundin framlög til kaupa á röntgentæki og segulómtæki falla niður. Tímabundið 30 m.kr. framlag sem kom fram í fjárlögum 2004 til að fjármagna segulómtæki framlengist til ársins 2009 en lækkar hins vegar á árinu 2008.

*373 **Landspítali – háskólasjúkrahús.*** Heildarútgjöld sjúkrahússins eru áætluð 26.120 m.kr. að frádregnum 1.553 m.kr. sértekjum en eru 24.755 m.kr. í fjárlögum 2004. Útgjöldin hækka um 448,4 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkun á rekstrarútgjöldum spítalans skýrast í fyrsta lagi af 500 m.kr. framlagi til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins miðað við óbreytta starfsemi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 52,2 m.kr. millifærslu af liðnum en þar er um að ræða 22,5 m.kr. til hvíldarinnlagna sem færist á lið *08-401 Hjúkrunarheimili, almennt,* 22,4 m.kr. sem færist á lið *08-340 1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða* vegna endurhæfingarþjónustu sem ekki er lengur veitt á vegum spítalans og að lokum 7,3 m.kr. sem færst á lið *08-206 Sjúkratryggingar* vegna samkomulags um flutning eininga fyrir læknisverk meltingasérfræðinga til Tryggingastofnunar.

*379 **Sjúkrahús, óskipt.*** Heildarútgjöld liðarins eru áætluð 338,6 m.kr. og lækka um 25,3 m.kr. Framlög til viðfangsefnis *1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa* eru 250,5 m.kr. og hækka þau að raungildi um 48,7 m.kr. Helstu breytingar skýrast í fyrsta lagi af 64 m.kr. millifærslu innan liðarins á framlagi fjárlaga 2004 sem ætlað var til að standa undir húsnæðisbreytingum vegna lokaðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga. Lagt er til að stofnframlagið gangi til reksturs slíkrar deildar frá upphafi árs 2005 til viðbótar 20 m.kr. sem vistaðar eru á þessu viðfangsefni og ætlaðar til reksturs slíkrar deildar. Samtals eru því ætlaðar 84 m.kr. til reksturs nýju deildarinnar á næsta ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 12 m.kr. til að mæta kostnaði við þverfaglegan hóp sérfræðinga til að bregðast við bráðavanda alvarlegra geðsjúkra einstaklinga. Í teyminu verður geðlæknir og geðhjúkrunarfræðingur í starfi en auk þess sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfa og félagsráðgjafi frá Félagsþjónustu Reykjavíkur og lögfræðingur frá dómsmálaráðuneyti. Í þriðja lagi eru 7,7 m.kr. til að mæta kostnaði við meðferð ópíumfíkla. Í fjórða lagi eru millifærðar 10 m.kr. af liðnum á fjárlagalið

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands til aukinna þjónustukaupa frá stofnuninni. Í fimmta lagi eru millifærðar 5 m.kr. á fjárlagalið *08-401-1.01 Hjúkrunarheimili, almennt* til aukinna hvíldarinnlagna aldraðra en framlagið hefur til þessa verið nýtt til að greiða fyrir hvíldarinnlagnir aldraðra yfir sumarmánuði hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þá lækkar liðurinn um 20 m.kr. til að mæta markmiðum um lækkun ríkisútgjalda.

Framlög til viðfangsefnis *6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar* eru 88,1 m.kr. og lækka 74 m.kr. á milli ára. Þar er annars vegar um að ræða 64 m.kr. millifærslu innan liðarins eins og áður er getið og hins vegar fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2004 til Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Heildarútgjöld liðarins eru áætluð 413,4 m.kr. og hækka um 55 m.kr. frá fjárlögum 2004. Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir 60 m.kr. framlagi til viðhalds fasteigna sjálfseignarstofnana en á móti kemur að niður fellur 5 m.kr. framlag í fjárlögum 2004 til heilsugæslustöðvar á Skagaströnd.

2. Sérgreind sjúkrahúsþjónusta

Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn, sem er nýr liður; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna; 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	0,0	86,5	91,5	5,8	-
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	144,3	145,0	155,9	7,5	8,0
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	468,9	453,5	471,3	3,9	0,5
Samtals	**613,2**	**685,0**	**718,7**	**4,9**	**17,2**

Heildarfjárveiting í frumvarpinu til sérgreindra sjúkrahúsa er 718,7 m.kr. en er 685 m.kr. í fjárlögum 2004. Raunhækkun á milli ára er 1,8 m.kr.

386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Útgjöld stofnunarinnar eru 155,9 m.kr. og hækka að raungildi um 1,8 m.kr. á milli ára. Breytingin skýrist annars vegar af 4,8 m.kr. framlagi sem er ætlað að standa undir kostnaði við viðbótarstöðu geðlæknis en á móti kemur 3 m.kr. lækkun framlags vegna markmiða frumvarpsins um aðhald í rekstri.

Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla öldrunar- og endurhæfingarstofnanir auk annarra stofnana sem veita skylda þjónustu. Stofnanir í þessum flokki eru að öllu jöfnu í eigu

einkaaðila, félagasamtaka, sveitarfélaga eða sjálfseignastofnana og bera þau ábyrgð á rekstri þeirra. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins samkvæmt frumvarpinu er 16.029,3 m.kr. en er 14.646,9 m.kr.í fjárlögum 2004. Heildarfjárveitingin hækkar um 489,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hjúkrunarheimili, almennt	-38,7	567,8	621,6	9,5	-
Framkvæmdasjóður aldraðra	895,2	904,0	928,0	2,7	3,7
Dvalar- og hjúkrunarheimili	8.281,3	10.553,2	11.679,6	10,7	41,0
Dvalarrými, önnur	0,0	481,4	493,3	2,5	-
Dagvistun og önnur umönnun aldraðra	382,3	362,9	435,0	19,9	13,8
Endurhæfingarstofnanir	1.833,8	1.777,6	1.871,8	5,3	2,1
Samtals	**11.353,9**	**14.646,9**	**16.029,3**	**9,4**	**41,2**

1. Öldrunarstofnanir

Í þessum kafla um öldrunarstofnanir er fyrst fjallað um fjárlagaliðina hjúkrunarheimili almennt og Framkvæmdasjóð aldraðra. Þá er fjallað um dvalar- og hjúkrunarheimili þar sem rekstur hjúkrunarrýma er í starfstengslum við dagvistir, dvalarrými eða fleiri þjónustuþætti. Er þar fjallað um breytingu á heildarfjárframlagi til hjúkrunarrýma og hvernig því er skipt með reiknilíkani milli einstakra stofnana. Loks er fjallað um dvalarrými og dagvistir aldraðra og aðra umönnunarþjónustu sem rekin eru án starfstengsla við hjúkrunarheimili. Þá er í þessum hluta einnig gerð grein fyrir skiptingu reiknilíkans á framlagi ríkisins til reksturs hjúkrunarrýma til þeirra heimila er undir líkanið falla.

Endanlegar greiðslur til framangreindra stofnana eru að öllu jöfnu byggðar á daggjöldum, raunverulegri nýtingu og umönnunarþyngd og geta þær því vikið frá fjárhæð fjárlaga. Er því gert ráð fyrir óskiptum lið til að mæta slíkum frávikum.

Hjúkrunarheimili, almennt

Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina *401 Hjúkrunarheimili, almennt* og *402 Framkvæmdasjóður aldraðra.*

401 Hjúkrunarheimili, almennt. Fjárlagaliðnum er skipt í fjögur viðfangsefni *101 Hjúkrunarheimili, almennt, 113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana, 1.83 Greiðslur frá vistmönnum* og *625 Bygging hjúkrunarheimila.* Á þennan safnlið eru færðar breytingar sem verða á framlögum til hjúkrunarrýma svo og millifærð framlög sem koma til af innbyrðis breytingum milli dagvistar-, dvalar-, og hjúkrunarrýma. Í heild eru framlög á þessum lið 621,6 m.kr. að frátöldum sértekjum og hækkar hann samtals um 53,8 m.kr. Þar af hækkar viðfangsefnið *113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana* um 54,8 m.kr. og verður 149,6 m.kr. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýju

6,2 m.kr. framlagi til að ljúka heilsársfjármögnun 8 hjúkrunarrýma að Roðasölum, Kópavogi en rekstur þeirra hefst í lok árs 2004. Þá er lagt til að millifæra á liðinn af *08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur* og *08-460 111 Seljahlíð, Reykjavík* samtals 40,7 m.kr. til að breyta samtals 9 dvalarrýmum í hjúkrunarrými að Hvammi, Húsavík; Sæborgu, Skagaströnd; Silfurtúni, Búðardal og Grenilundi, Grenivík. Aðrar breytingar á viðfangsefninu skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

402 ***Framkvæmdasjóður aldraðra.*** Gert er ráð fyrir 24 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðun áætlunar um ríkistekjur af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra. Áætlunin miðast við að gjaldið hækki úr 5.576 kr. og verði 5.738 kr. og að gjaldendum fjölgi um 2,5% milli ára og að þeir verði rúmlega 164.500 talsins. Á greiðslugrunni er framlagið áætlað 928 m.kr. en er 904 m.kr. í fjárlögum 2004. Hækkunin færist öll á stofnkostnað öldrunarstofnana.

Dvalar- og hjúkrunarheimili

Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 405–447 sem eru fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila. Útgjöldin eru færð á viðfangsefnin 1.01 Hjúkrunarrými, 1.11 Dvalarrými og 1.15 Dagvist eftir því sem við á hjá hverri stofnun. Í einstaka tilvikum er um fjölbreyttari þjónustu að ræða sem er færð á sérstakt viðfangsefni ef tilefni er til.

Heildargjöld dvalar- og hjúkrunarheimila er samkvæmt frumvarpinu 11.680 m.kr. en er 10.553,2 m.kr. í fjárlögum 2004 og er hækkun á milli ára að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum um 586,6 m.kr. Ekki er gerð krafa um aðhaldsmarkmið hjá dvalar- og hjúkrunarheimilum. Í eftirfarandi töflu eru sýnd samanlögð útgjöld allra þjónustuþátta hverrar stofnunar. Þar af vega útgjöld til hjúkrunarrýma þyngst eða um 9.893 m.kr. en styrkir ríkisins til reksturs dvalarrýma nemur 1.323 m.kr., til reksturs dagvista 163,7 m.kr. en um 300 m.kr. fara til annarra þjónustuþátta svo sem endurhæfingarrýma og geðrýma.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hrafnista, Reykjavík	812,9	1.261,1	1.486,2	17,8	82,8
Hrafnista, Hafnarfirði	660,9	838,2	899,2	7,3	36,1
Grund, Reykjavík	815,5	964,9	1.008,5	4,5	23,7
Sunnuhlíð, Kópavogi	360,3	339,3	364,6	7,5	1,2
Hjúkrunarheimilið Skjól	465,6	478,2	513,3	7,3	10,2
Hjúkrunarheimilið Eir	583,2	793,0	885,3	11,6	51,8
Garðvangur, Garði	199,1	188,2	201,1	6,9	1,0
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	391,4	401,1	425,6	6,1	8,7
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	323,4	316,9	416,2	31,3	28,7
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	113,2	131,4	136,5	3,9	20,6
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	74,9	91,6	95,6	4,4	27,6
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	87,9	113,1	121,3	7,3	38,0
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	34,7	68,4	80,6	17,8	132,3
Seljahlíð, Reykjavík	118,9	180,5	161,3	-10,6	35,7
Sólvangur, Hafnarfirði	399,2	382,9	416,8	8,9	4,4
Víðines	179,8	169,8	182,4	7,4	1,4
Höfði, Akranesi	185,9	266,2	285,1	7,1	53,4
Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	86,8	153,3	166,1	8,3	91,4
Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	39,0	61,2	66,2	8,2	69,7
Fellaskjól, Grundarfirði	26,3	54,6	62,4	14,3	137,3
Jaðar, Ólafsvík	24,7	48,5	51,2	5,6	107,3
Fellsendi, Búðardal	69,6	72,1	93,2	29,3	33,9
Barmahlíð, Reykhólum	53,7	58,8	64,2	9,2	19,6
Dalbær, Dalvík	106,9	154,4	167,6	8,5	56,8
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	487,9	653,9	857,8	31,2	75,8
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	52,5	79,8	87,6	9,8	66,9
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð, öldrunarþj.	161,2	193,6	206,7	6,8	28,2
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	69,4	81,3	87,8	8,0	26,5
Hjallatún, Vík	50,4	60,5	64,0	5,8	27,0
Kumbaravogur, Stokkseyri	174,6	229,3	244,9	6,8	40,3
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	250,5	405,1	435,7	7,6	73,9
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	109,9	150,3	172,8	15,0	57,2
Holtsbúð, Garðabæ	151,7	178,6	192,5	7,8	26,9
Vífilsstaðir, Garðabæ	0,0	226,6	244,5	7,9	-
Sóltún, Reykjavík	675,7	706,5	734,8	4,0	8,7
Samtals	**8.397,6**	**10.553,2**	**11.679,6**	**10,7**	**39,1**

Hjúkrunarrými, reiknilíkan

Heildarfjármagni til reksturs hjúkrunarrýma er skipt niður á stofnanir með reiknilíkani m.a. til að tryggja að greiðslur verði í samræmi við heilsufarsástand íbúa. Reiknilíkanið tekur mið af umönnunarþyngd en stuðst við alþjóðlegt matskerfi (RAI) sem gefur vísbendingar um ástand og þarfir íbúa. Heildarframlag hverrar stofnunar er reiknað sem daggjald og miðast það við fulla nýtingu en að jafnframt sé veitt tilskilin lágmarksþjónusta.

Sóltún, Reykjavík, fellur ekki undir fyrrnefnt reiknilíkan þar sem það fær greiðslur samkvæmt sérstökum samningi. Engu að síður byggjast greiðslur til stofnunarinnar á umönnunarmati og breytast greiðslurnar fari meðalumönnunarþyngd yfir tiltekin vikmörk.

Hjúkrunarrými, reiknilíkan	Þyngd um-önnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar-kostnaður m.kr.	Verðlags-breyting m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.
Hjúkrunarrými á minni öldrunarstofnunum	0,94	27	73,7	53,0	2,9	129,6
Hrafnista, Reykjavík	1,02	246	727,8	480,6	52,8	1.261,2
Hrafnista, Hafnarfirði	1,00	148	429,3	292,4	31,5	753,2
Grund, Reykjavík	0,99	187	537,0	361,1	39,2	937,3
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,01	72	210,9	141,8	15,4	368,1
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,01	105	307,6	207,6	22,5	537,7
Hjúkrunarheimilið Eir	1,00	173	501,8	341,8	36,8	880,4
Garðvangur, Garði	1,03	41	122,5	79,4	8,8	210,7
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,04	70	211,2	137,1	15,2	363,5
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,06	82	252,1	162,1	18,1	432,4
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	0,99	25	71,8	49,5	5,3	126,5
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,93	17	45,9	33,2	3,5	82,6
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,97	20	56,3	39,1	4,2	99,6
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,96	13	36,2	25,1	2,7	64,0
Seljahlíð, Reykjavík	0,98	28	79,6	55,3	5,9	140,8
Sólvangur, Hafnarfirði	1,02	85	251,5	166,6	18,3	436,4
Víðines	0,98	38	108,0	75,1	8,0	191,1
Höfði, Akranesi	0,98	41	116,5	81,0	8,6	206,2
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	1,03	20	59,7	39,1	4,3	103,1
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	0,87	10	25,2	19,3	1,9	46,5
Fellaskjól, Grundarfirði	1,00	10	29,0	19,4	2,1	50,5
Jaðar, Ólafsvík	0,92	6	16,0	11,6	1,2	28,8
Fellsendi, Búðardal	0,89	21	53,3	39,4	4,1	96,9
Barmahlíð, Reykhólum	0,92	13	34,7	25,7	2,6	63,0
Dalbær, Dalvík	0,95	24	66,1	47,4	5,0	118,5
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,01	140	410,1	274,5	29,9	714,5
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	1,01	13	38,1	25,7	2,8	66,6
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð, öldrunarþj.	1,01	26	76,2	50,4	5,5	132,1
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,94	17	46,3	32,9	3,5	82,8
Hjallatún, Vík	0,90	11	28,7	21,5	2,2	52,4
Kumbaravogur, Stokkseyri	1,00	42	121,8	80,1	8,8	210,7
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,96	26	72,4	50,5	5,4	128,3
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,00	27	78,3	53,4	5,8	137,5
Holtsbúð, Garðabæ	0,93	40	107,9	77,9	8,1	193,9
Vífilsstaðir, Garðabæ	1,01	50	146,5	98,9	10,7	256,1
Samtals	**1,00**	**1.914**	**5.550,0**	**3.749,7**	**403,6**	**9.703,3**

Af heildarframlagi til hjúkrunarrýma fer 61% til umönnunarkostnaðar sem skipt er niður eftir fjölda rýma og meðalumönnunarstuðli stofnunar en 39% er almennur kostnaður

og er skipt jafnt niður eftir fjölda hjúkrunarrýma sem verða nýtt á árinu. Auk þess kemur til greiðsla til viðhalds húsnæðis sem nemur samtals 201 m.kr. Er þeirri fjárhæð skipt niður eftir húsrými hjúkrunardeilda að gefnu tilteknu hámarki sem miðast við 60 m^2 á hvert rými.

Taflan hér fyrir framan sýnir skiptingu reiknilíkans á heildarframlagi til hjúkrunarrýma. Taflan er byggð á upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um umönnunarþyngd og hámark leyfðrar nýtingar hjúkrunarrýma eftir heimilum. Í upphafi yfirstandandi árs voru hjúkrunarrýmin 1.821 sem leyft var að nýta en verða 1.914 á árinu 2005 sem er fjölgun um 93 rými á milli ára miðað við heilsársnýtingu eða rúm 5%.

Framlög á viðfangsefni *101 Hjúkrunarrými* eru samtals 9.893 m.kr. en eru 8.853 m.kr. í fjárlögum 2004 og hækka um 396 m.kr. umfram verðlag á milli ára. Helstu breytingar skýrast af 205,4 m.kr. framlagi til reksturs á 55 nýjum hjúkrunarrýmum sem tekin verða í notkun á árinu. Þar af munu 30 ný rými verða opnuð á Akureyri, 14 rými á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, Reykjavík og 11 rými að Fellsenda, Búðardal sem opnuð verða í september. Enn fremur er 149 m.kr. framlag til að ljúka heilsársfjármögnun 65 hjúkrunarrýma sem tekin voru í notkun seinni hluta árs 2004. Þá er 41,5 m.kr. framlag til að fjölga hvíldarinnlögnum en þar af eru 14 m.kr. nýtt framlag en 22,5 m.kr. eru millifærðar af Landspítala – háskólasjúkrahúsi og 5 m.kr. af fjárlagalið *08-379-1.01 Sjúkrahús, óskipt.*

Á viðfangsefni *111 Dvalarrými aldraðra á hjúkrunarheimilum* er færður styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Styrkur ríkisins á árinu 2005 samkvæmt frumvarpinu nemur 1.326 m.kr. en er 1.299 m.kr. í fjárlögum 2004 en það er lækkun um 59,8 m.kr. að raungildi. Lækkunin skýrist af fækkun dvalarrýma að Seljahlíð og Grund, Reykjavík og Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, en fjárheimildir þeirra ganga upp í fjölgun hjúkrunarrýma. Á yfirstandandi ári er vistgjald á dvalarheimili aldraða 5.674 kr. á dag samkvæmt reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur og er vistgjaldið það sama og hjá dvalarstofnunum sem reknar eru án starfstengsla við hjúkrunarheimili. Dvalarrými eru rekin í starfstengslum við 23 af 35 hjúkrunarheimilum.

Á viðfangsefni *115 Dagvistun aldraðra á hjúkrunarheimilum* er færður styrkur ríkisins til reksturs dagvista. Styrkurinn er samtals 163,7 m.kr. en eru 118,6 m.kr. í fjárlögum 2004 og hækkar um 36,2 m.kr. umfram verðlag á milli ára. Hækkunin skýrist af fjölgun 20 dagvistarrýma fyrir heilabilaða hjá Hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík. Styrkurinn er reiknaður út með sama hætti og á við um dagvistir sem reknar eru án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarrými. Á yfirstandandi ári er gjald á dagvistun fyrir aldraða 3.415 kr. samkvæmt reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur.

Dvalarrými aldraðra, önnur

Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðinn *08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur.* Víða um land eru dvalarheimili sem rekin eru án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarheimili. Þessi heimili eru ekki sundurliðuð í fjárlagafrumvarpi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að

heildarstyrkur ríkissjóðs til þeirra nemi 493,3 m.kr. en er 481,4 m.kr. í fjárlögum ársins. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum lækkar liðurinn um 18,3 m.kr. þar sem dvalarrýmum er fækkað og fjárheimildir þeirra ganga upp kostnað við fjölgun hjúkrunarrýma.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dvalarrými aldraðra, önnur	0,0	481,4	493,3	2,5	-
Samtals	**0,0**	**481,4**	**493,3**	**2,5**	-

Dagvistun aldraðra, aðrar

Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 470–477. Þessar stofnanir reka flestar dagvistir fyrir einstaklinga sem sökum sjúkdóms eða fötlunar þurfa aðstoð við daglegar athafnir. Gistiheimili Rauða kross Íslands er hins vegar sjúkrahótel fyrir einstaklinga sem eru yfirleitt langt að komnir til lækninga eða aðgerða. Greiðslur til þessara stofnana hafa í flestum tilvikum verið daggjald samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem heilbrigðisráðuneyti gefur út eða fara eftir sérstökum samningum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vesturhlíð, Reykjavík	9,6	10,2	10,8	5,9	12,5
Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	62,6	50,8	54,2	6,7	-13,4
Hlíðabær, Reykjavík	35,0	33,2	35,4	6,6	1,1
Lindargata, Reykjavík	31,4	30,9	32,9	6,5	4,8
MS-félag Íslands, Reykjavík	58,0	60,3	64,2	6,5	10,7
Múlabær, Reykjavík	51,3	46,8	49,9	6,6	-2,7
Fríðuhús, Reykjavík	26,3	25,0	26,7	6,8	1,5
Dagvistun aldraðra, aðrar	108,1	105,7	160,9	52,2	48,8
Samtals	**382,3**	**362,9**	**435,0**	**19,9**	**13,8**

Heildarstyrkur ríkissjóðs til dagvistar og annarrar umönnunarþjónustu utan dvalar- og hjúkrunarheimila er 435 m.kr. og hækkar um 46,3 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar munar mest um 40 m.kr. framlag á lið *08-470 Dagvistun aldraðra, aðrar* til fjölgunar dagvistarrýma í Roðasölum, Kópavogi auk þess eru samtals 6,3 m.kr. á liðinn til fjölgunar dagvistarrýma á Seltjarnarnesi, Blönduósi og í Grindarvík.

2. Endurhæfingarstofnanir o.fl.

Hér er fjallað um endurhæfingarstofnanir og skylda starfsemi. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélag Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun; 494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	36,6	37,7	40,1	6,4	9,6
Hlaðgerðarkot	61,8	63,6	65,6	3,1	6,1
Reykjalundur, Mosfellsbæ	922,1	903,8	939,8	4,0	1,9
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	405,2	390,7	397,8	1,8	-1,8
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	338,2	309,5	347,5	12,3	2,7
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	69,9	72,3	81,0	12,0	15,9
Samtals	**1.833,8**	**1.777,6**	**1.871,8**	**5,3**	**2,1**

Heildarútgjöld til endurhæfingarstofnana samkvæmt frumvarpinu er 1.871,8 m.kr. en er 1.777,6 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 22 m.kr. raunhækkun á milli ára.

492 ***Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.*** Heildarframlög á þessum fjárlagalið eru samkvæmt frumvarpinu 397,8 m.kr. og lækka um 8 m.kr. að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Frumvarpið gerir ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á framlagi sem fært er af lið *08-379 Sjúkrahús, óskipt* til að mæta kaupum á aukinni þjónustu. Þá fellur niður 15 m.kr. framlag frá árinu 2003 til stofnkostnaðar og 3 m.kr. framlag til tækjakaupa frá árinu 2004.

493 ***Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun.*** Heildarframlög á þessum fjárlagalið eru 347,5 m.kr. og hækka um 25 m.kr. umfram verðlagsbreytingar vegna endurskoðunar á rekstrargrunni Sjálfsbjargarheimilisins. Gert er ráð fyrir að með þessum viðbótarfjárheimildum verði rekstur stofnunarinnar í jafnvægi.

494 ***Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.*** Heildarframlög til heimilisins eru 81 m.kr. og hækka um 5 m.kr. að raungildi vegna endurskoðunar á rekstrargrunni heimilisins.

Heilbrigðisstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir frá 700–799, þ.e. heilbrigðisstofnanir sem eru sjúkrahús, hjúkrunarheimili og heilsugæslustöðvar í sameiginlegum rekstri. Á árinu 2004 var Heilbrigðisstofnunin Selfossi svo og allar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi sameinaðar í einni stofnun sem er nýr fjárlagaliður *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands* og fellur því niður í þessum kafla liðurinn *08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi.* Einnig er framsetningu framlaga til heilbrigðisstofnana breytt og eru framlög til reksturs hjúkrunarrýma á heilbrigðisstofnunum sýnd sérstaklega undir nýju viðfangsefninu *121 Hjúkrunarrými.* Þetta er gert til samræmis við fjármögnun hjúkrunarrýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum og verða greiðslur til hjúkrunarrýma á heilbrigðisstofnunum miðað við sama daggjald og við raunverulega umönnunarþyngd og nýtingu. Heildarframlög til heilbrigðisstofnana eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	0,0	100,0	0,0	-	-
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.072,8	1.058,7	1.099,6	3,9	2,5
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	274,4	274,7	290,3	5,7	5,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	181,7	178,0	183,9	3,3	1,2
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	563,3	597,7	627,7	5,0	11,4
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	110,1	107,4	116,4	8,4	5,7
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	107,0	96,3	105,4	9,4	-1,5
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	201,2	198,3	203,8	2,8	1,3
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	302,8	288,0	292,5	1,6	-3,4
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	592,7	599,5	628,8	4,9	6,1
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	296,1	289,2	305,5	5,6	3,2
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	657,9	625,4	664,1	6,2	0,9
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.244,2	1.168,7	1.317,0	12,7	5,9
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	501,0	462,0	485,2	5,0	-3,2
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	798,6	713,9	0,0	-	-
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	0,0	0,0	1.158,7	-	-
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	1.010,4	975,3	1.052,6	7,9	4,2
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	547,8	520,5	538,9	3,5	-1,6
Samtals	**8.462,0**	**8.253,6**	**9.070,4**	**9,9**	**7,2**

Heildarfjárveiting til heilbrigðisstofnana samkvæmt frumvarpinu er 9.070 m.kr. en er 8.254 m.kr. í fjárlögum 2004. Heildarfjárveitingin hækkar um 334,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Á móti kemur að framlög til málaflokksins lækka um 84 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í ríkisútgjöldum. Þá er einnig áformað að hækka komugjöld til heilbrigðisstofnana um samtals 20,6 m.kr. og er hlutdeild hverrar stöðvar færð til tekna á fjárlagalið viðkomandi stöðvar.

Heilbrigðisstofnunum er skipt í þrjú svið: a. heilsugæslusvið; b. sjúkrasvið og c. hjúkrunarsvið. Samanlögð framlög til þessara sviða eru sýnd í töflu:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslusvið	1.940,9	1.836,1	2.384,8	29,9	22,9
Sjúkrasvið	6.521,1	6.417,5	4.858,1	-24,3	-25,5
Hjúkrunarsvið	-	-	1.827,5	-	-
Samtals	**8.462,0**	**8.253,6**	**9.070,4**	**9,9**	**7,2**

101 Heilsugæslusvið. Heildarframlög til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana er samkvæmt frumvarpinu 2.384,8 m.kr. en er 1.836,1 m.kr. í fjárlögum 2004. Að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum nemur raunhækkun á milli ára 354,9 m.kr. Þar af eru fluttar

samtals 340,3 m.kr. fjárheimildir heilsugæslustöðva á Suðurlandi sem sameinast Heilbrigðisstofnun Suðurlands og er vísað til síðari umfjöllunar í kafla um heilsugæslustöðvar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir samtals 50,6 m.kr. framlagi til að styrkja rekstrargrunn heilsugæslusviða þriggja heilbrigðisstofnana. Þar af er lagt til að hvort 20 m.kr. framlagið fari til Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, 10 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og 0,6 m.kr. til St. Franciskusspítala, Stykkishólmi. Í þriðja lagi er í frumvarpinu tillaga um 45 m.kr. framlag til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunar Austurlands til að efla heilsugæsluþjónustu á Egilsstöðum, Reyðarfirði og Eskifirði í kjölfar virkjana- og stóriðjuframkvæmda. Í fjórða lagi er samtals 13,7 m.kr. framlag til að efla heimahjúkrun við St. Franciskusspítala, Stykkishólmi, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem er millifært af lið *08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt samtals*. Í fimmta lagi er lagt til að veitt verði samtals 9 m.kr. framlag til að auka þjónustu á sviði geðheilbrigðismála við Heilbrigðisstofnunina Akranesi og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í sjötta lagi eru 14,9 m.kr. færðar yfir á heilsugæslusvið af sjúkrasviði heilbrigðisstofnana. Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir 2 m.kr. vegna aukinnar húsaleigu við heilsugæslu á Suðureyri og Súðavík. Þá er gert ráð fyrir 20,6 m.kr. hækkun komugjalda á heilbrigðissviði heilbrigðisstofnana.

111 Sjúkrasvið. Heildarframlög til sjúkrasviða heilbrigðisstofnana er samkvæmt frumvarpinu 4.858,1 m.kr. en er 6.417,5 m.kr. í fjárlögum 2004. Að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum nemur raunlækkunin 1.782,6 m.kr. sem skýrist aðallega af flutningi 1.761,9 m.kr. fjárheimilda af sjúkrasviði yfir á ný hjúkrunarsvið. Auk þess eru millifærðar 14,9 m.kr. af sjúkrasviði yfir á heilsugæslusvið. Þá er gert ráð fyrir samtals 43,2 m.kr. framlagi til að styrkja rekstrargrunn sjúkrasviða þriggja heilbrigðisstofnana og er lagt til að helmingur framlagsins fari til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, 15 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og 5 til Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum og 3,2 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Hólmavík. Enn fremur lagt til að 35 m.kr. fari til reksturs annarrar hæðar D-álmu Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Loks er gert ráð fyrir samtals 84 m.kr. lækkun útgjalda á sjúkrasviðum stofnana til að ná markmiðum frumvarpsins um aðhald í ríkisrekstri.

121 Hjúkrunarsvið. Heildarframlög til hjúkrunarsviða heilbrigðisstofnana er samkvæmt frumvarpinu 1.827,5 m.kr. en er 1.761,9 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum. Er framlagið fært af sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana á sérstakt viðfang *1.21 Hjúkrunarrými*. Á undanförnum árum hafa greiðslur til dvalar- og hjúkrunarheimila verið samræmdar og taka þær m.a. mið af umönnunarþyngd heimilanna og fjölda nýttra hjúkrunarrýma. Í frumvarpinu eru fjárveitingar heilbrigðisstofnana til reksturs hjúkrunarrýma annars vegar byggðar á meðalumönnunarþyngd vistmanna eins og hún mældist á tímabilinu 2003 til 2004 og hins vegar fjölda hjúkrunarrýma á stofnuninni. Lagt er til grundavallar sama daggjald og er hjá dvalar- og hjúkrunarheimilum. Að þessu sinni er um föst framlög að ræða sem miðast ekki við nýtingu.

Heilsugæslustöðvar án starfstengsla við sjúkrahús

Undir þennan málefnaflokk falla stofnanir á fjárlagaliðum 500–588. Heilsugæslustöðvar á Suðurlandi hafa verið sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Falla því niður fjárlagaliðirnir: 08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri; 08-572 Heilsugæslustöðin í Vík í Mýrdal; 08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi; 08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási; 08-578 Heilsugæslustöðin Hverageröi og 08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	40,8	479,5	645,3	34,6	1.481,6
Sjúkraflutningar	542,6	553,5	588,2	6,3	8,4
Heilsugæsla í Reykjavík	1.308,5	1.265,2	1.388,2	9,7	6,1
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	531,3	495,2	517,3	4,5	-2,6
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	112,4	108,4	116,7	7,7	3,8
Læknavaktin	195,2	209,6	219,2	4,6	12,3
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	100,8	90,8	97,0	6,8	-3,8
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	85,2	67,4	72,2	7,1	-15,3
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	39,1	39,3	41,7	6,1	6,6
Heilsugæslustöðin Búðardal	73,5	63,1	66,0	4,6	-10,2
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	42,6	38,8	41,1	5,9	-3,5
Heilsugæslustöðin Dalvík	65,5	60,4	63,5	5,1	-3,1
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	361,1	349,9	375,9	7,4	4,1
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, heilsug.	83,4	79,2	86,3	9,0	3,5
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	301,7	279,5	316,2	13,1	4,8
Heilsugæslustöðin Garðabæ	110,0	113,4	122,1	7,7	11,0
Heilsugæsla í Kópavogi	349,0	294,1	324,6	10,4	-7,0
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	151,6	156,2	168,5	7,9	11,1
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	137,2	126,6	152,7	20,6	11,3
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	0,0	103,1	122,5	18,8	-
Samtals	**4.631,5**	**4.973,2**	**5.525,2**	**11,1**	**19,3**

Heildarútgjöld til heilsugæslustöðva samkvæmt frumvarpinu eru 5.525 m.kr. en er 5,298 m.kr.í fjárlögum 2004. Heildarútgjöldin lækka um 83,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Lækkun skýrist að verulegu leyti af millifærslu 340 m.kr. fjárheimildar heilsugæslustöðva á Suðurlandi í málefnaflokk heilbrigðisstofnana. Að þessum breytingum frátöldum hækka framlög til heilsugæslu um 257 m.kr. á milli ára. Helstu skýringar á hækkun á framlagi eru fjölgun heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og aukin geðheilbrigðisþjónusta. Auk þessa er áformað að hækka komugjöld í heilsugæslu um samtals 26,2 m.kr. og er hlutdeild hverrar stöðvar færð til tekna á fjárlagalið viðkomandi stöðvar. Þær heilsugæslustöðvar, sem sameinuðust í Heilbrigðisstofnun Suðurlands, hafa verið felldar úr framangreindri töflu en samanlögð útgjöld þeirra samkvæmt reikningi árið 2003 námu 337,9 m.kr. en framlög á fjárlögum 2004 voru samtals 324,3 m.kr. og eru viðeigandi heildartölur lægri sem þessum fjárhæðum nemur.

*500 **Heilsugæslustöðvar, almennt.*** Heildargjöld þessa liðar samkvæmt frumvarpinu eru 645,3 m.kr. en eru 479,5 í fjárlögum 2004. Að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum hækkar liðurinn um 152,7 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 88 m.kr. til nýrrar heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði og 72 m.kr. til nýrrar heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi, Reykjavík, þar af eru 25 m.kr. til kaupa á búnaði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 42 m.kr. framlagi til að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar. Í þriðja lagi er 50 m.kr. nýtt framlag til að auka þjónustu heimahjúkrunar í samræmi við samkomulag við eldri borgara. Af liðnum eru millifærðar 71,2 m.kr. til heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og 13,7 m.kr. til heilbrigðissviða heilbrigðisstofnana til eflingar heimahjúkrunar. Í fjórða lagi eru millifærðar samtals 18 m.kr. af liðnum til að bæta rekstrargrunn heilsugæslustöðva í Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ og 4 m.kr. til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 18 m.kr. til kaupa á heilbrigðisþjónustu og m.a. að endurnýja samning um heilbrigðisþjónustu við fanga. Í sjötta lagi er 1,5 m.kr. til Læknavaktarinnar vegna fjölgunar á móttökum umfram vikmörk samnings.

*501 **Sjúkraflutningar.*** Heildargjöld liðarins eru 588,2 m.kr. og hækkar um 17 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en gert er ráð fyrir að endurskoða samninga um sjúkraflutninga m.a. á Akureyri og Þingeyri.

*505 **Heilsugæslan í Reykjavík.*** Fjárheimild liðarins eru 1.388,2 m.kr. að frátöldum sértekjum og hækka að raunvirði um 39,5 m.kr. á milli ára. Helstu breytingar eru þær að framlag til liðarins hækki um 47,5 m.kr. til að efla heimahjúkrun en auk þess er áformað að hækka komugjöld í upphafi árs sem eiga að skila 8 m.kr. í auknar tekjur.

*510 **Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.*** Heildargjöld stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 517,2 m.kr. að frátöldum sértekjum en þær eru 495,2 m.kr. í fjárlögum 2004. Frumvarpið gerir ráð fyrir raunhækkun á milli ára sem nemur 5,5 m.kr. og skýrist að mestu af 6 m.kr. millifærslu af fjárheimild Lýðheilsustöðvar þar sem lagt er til að færa hluta af forvarnarstarfi tannverndar aftur til Heilsuverndarstöðvar. Aðrar breytingar skýrast af áformum um hækkun komugjalda.

*517 **Læknavaktin.*** Útgjöld á þessum lið eru samkvæmt frumvarpinu 219,2 m.kr. en er 209,6 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 1,5 m.kr. raunhækkun á milli ára. Samkvæmt þjónustusamningi við Læknavaktina, sem tók gildi 1. janúar sl., er gert ráð fyrir 44.000 móttökum og 7.000 vitjunum á ári og er föst samningsfjárhæð miðuð við 6% vikmörk. Fjölgi eða fækki móttökum/vitjunum umfram vikmörk ber að endurskoða greiðslur til Læknavaktarinnar og eru þær greiðslur greiddar eftir á. Hækkun framlags um 1,5 m.kr. er vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar umfram forsendur samnings á árinu 2004.

515-588 Aðrar heilsugæslustöðvar. Undir þessum lið er fjallað um helstu breytingar á útgjöldum annarra heilsugæslustöðva. Á árinu voru heilsugæslustöðvar á Suðurlandi sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Fjárlagaliðirnir *08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri*; *08-572 Heilsugæslustöðin í Vík í Mýrdal*; *08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi*; *08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási*; *08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði* og *08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn* falla því niður. Í kjölfar þessara breytinga eru millifærðar 340 m.kr. til nýrrar sameinaðrar stofnunar, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands*. Þá er gert ráð fyrir 23,7 m.kr. til að efla heimahjúkrun í Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ sem er millifært af lið *08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt*. Enn fremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir samtals 18 m.kr. til að mæta rekstrarhalla heilsugæslustöðva í Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ (auk 4 m.kr. sem fóru í Rangárþing og flyst í HS). Loks er tillaga um 13 m.kr. framlag til *08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi* en framlagið er byggt á forsendum samnings um fjölgun skráðra einstaklinga.

Önnur verkefni

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	174,1	171,6	220,8	28,7	26,8
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	652,9	806,9	850,1	5,4	30,2
Forvarnarsjóður	54,4	0,0	0,0	-	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	37,8	37,5	39,5	5,3	4,5
Samtals	**919,2**	**1.016,0**	**1.110,4**	**9,3**	**20,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins samkvæmt frumvarpinu er 1.110,4 m.kr. en er 1.016 m.kr. í fjárlögum 2004. Fjárveitingin hækkar um 65,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

340 Málefni fatlaðra. Liðurinn hækkar um 40,6 m.kr. að frátöldum verðlagsbreytingum. Þar vega þyngst 33,6 m.kr. sem veittar eru til sjúkraþjálfunar mikið fatlaðra einstaklinga sem áður var sinnt af endurhæfingardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi. Frá 1. maí 2004 tók Endurhæfing ehf. yfir rekstur þessarar þjónustu samkvæmt samningi. Millifærðar eru því 22,4 m.kr. af *08-373 1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús* á nýtt viðfangsefni *08-340 1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða*. Auk þess eru millifærðar á þetta nýja viðfangsefni 11,2 m.kr. af *08-399 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* sem er hluti af fjárheimild sem

áður var notuð til reksturs meðferðarheimilis að Gunnarsholti en óskað er eftir að nýta til þessa verkefnis. Þá eru færðar til baka 4 m.kr. af *08-305 Lýðheilsustöð* til gigtarráðs þar sem horfið er frá því að ráðið starfi innan Lýðheilsustöðvar. Loks er lögð til 3 m.kr. hækkun framlags til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík til að mæta auknum húsnæðiskostnaði.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Útgjöld þessa liðar eru samkvæmt frumvarpinu 850,1 m.kr. að frádregnum sértekjum en eru 806,9 í fjárlögum 2004 sem er 23,1 m.kr. raunhækkun á milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samninganefnd heilbrigðisráðuneytisins	0,0	26,8	26,8	0,0	0,0
Úrskurðarnefnd almannatrygginga	19,2	21,9	26,5	21,0	38,0
Lyfjaverðsnefnd	6,0	6,4	0,0	0,0	0,0
Nefnd um gerð og starfr. gagnagr. á heilbrigðiss.	3,8	25,0	25,0	0,0	557,9
Lyfjagreiðslunefnd	0,0	0,0	24,9	0,0	0,0
Vísindasiðanefnd	17,8	19,6	20,2	3,1	13,5
Nefnd um greiðsluþ. sjúkratrygginga í lyfjum	6,1	8,2	0,0	0,0	0,0
Umhverfismat um Norðlingaölduveitu	11,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	15,8	15,8	16,3	3,2	3,2
Krabbameinsf. Ísl., kostnaður við krabbameinsleit	213,3	240,6	251,4	4,5	17,9
Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0	13,0	13,0	0,0	0,0
Hjartavernd, rannsóknarstöð	39,4	45,5	52,4	15,2	33,0
Stórstúka Íslands	1,5	1,5	1,5	0,0	0,0
Skrifstofa *líknarfélaga*	5,5	5,5	5,5	0,0	0,0
Félagið Heyrnarhjálp	5,9	6,2	6,4	3,2	8,5
Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,1	2,5	2,6	4,0	23,8
Kostnaður skv. l. um farsóttir, sóttv. og ónæmi	91,1	128,8	139,8	8,5	53,5
Útgáfa lyfjaskráa	1,0	2,3	0,0	0,0	0,0
Tannverndarsjóður	11,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Tóbaksvarnir	36,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Niðurgr. hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	8,7	77,8	81,6	4,9	837,9
Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	38,7	39,9	41,2	3,3	6,5
Verkefnisstj. um slysavarnir f. börn og unglinga	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	20,0	20,0	20,0	0,0	0,0
Norræni lýðheilsuháskólinn	10,1	11,0	10,8	-1,8	6,9
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	10,0	10,4	9,4	-9,6	-6,0
Ýmis framlög	57,3	22,8	13,8	-39,5	-75,9
Kynsjúkdómar, alnæmi	0,0	5,7	5,7	0,0	0,0
Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	0,0	76,5	55,3	-27,7	0,0
Samtals	**652,9**	**833,7**	**850,1**	**2,0**	**30,2**

Helstu breytingar eru að millifærð er 18 m.kr. fjárheimild af fjárlagalið *08-201 Tryggingastofnun ríkisins* á nýtt viðfangsefni *399 1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* undir þessum lið en auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir 8 m.kr. nýju framlagi til að styrkja starfsemi nefndarinnar m.a. með því að hagnýta sannreyndar læknisfræðilegar upplýsingar tengdar klínískum leiðbeiningum við forgangsröðun samningskaupa á heilbrigðisþjónustu og efla kostnaðargreiningu einstakra verka enn frekar til að tryggja frekari hagkvæmni við samningskaup. Í öðru lagi er veitt 24,1 m.kr. á nýtt viðfangsefni *1.16 Lyfjagreiðslunefnd* en með stofnun nefndarinnar voru *1.14 Lyfjaverðsnefnd* og *1.18 Greiðsluþátttökunefnd* lagðar niður og *1.45 Útgáfa lyfjaverðskrár* einnig færð undir nefndina. Fjárheimildir þessara viðfangsefna, samtals að fjárhæð 16,9 m.kr., eru fluttar á hina nýju nefnd og falla því niður. Auk þess er lagt til að veitt verði 7,2 m.kr. nýtt framlag til styrkja starfsemi lyfjagreiðslunefndar með því að ráða viðbótarstarfsmann til nefndarinnar og kaupa aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni um lyfjaverð á tölvutæku formi og hún endurskoði lyfjaverð reglulega og jafnvel mánaðarlega ef þörf er á. Þá er ætlunin að nefndin leiti eftir samstarfi við sambærilegar stofnanir á Norðurlöndum. Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 11 m.kr. til að mæta auknum árlegum kostnaði við bólusetningar barna. Í fjórða lagi er farið fram á að *08-399 1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð* verði veitt 5,3 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir áframhaldandi skráningum og athugunum á áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma á Íslandi. Í fimmta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 3,8 m.kr. á viðfangsefni *08-399 1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga* til að ráða lögfræðing í hálft starf og hækka þóknun til nefndarmanna í samræmi við ákvörðun þóknunarnefndar. Í sjötta lagi fellur niður 9 m.kr. framlag í fjárlögum 2004 til hækkunar safnliða. Í áttunda lagi lækka framlög á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* um 21,2 m.kr. og eru tilefni þeirra breytinga sýnd í töflu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	M.kr.
Til reksturs og húsaleigu Sjúkrahótels Rauða kross Íslands.	31,2
Aukinn kostnaður við húsnæði nefnda í Vegmúla 3.	4,3
Tímabundið framlag til Alnæmissjóðs Sameinuðu þjóðanna fellur niður.	-15,0
Faglega úrvinnslu gagna úr lyfjagagnagrunni fært til Landlæknis og Tryggingastofnunar ríkisins	-14,6
Tímabundið framlag í fjárlögum 2004 til að koma á fót og starfrækja lyfjagagnagrunna fellur niður.	-12,1
Fjárheimild meðferðarstöðvar að Gunnarsholti ráðstafað til annarra verkefna.	-15,0
Samtals	**-21,2**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni íslenska upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneyti hefur samþykkt að tillögu samráðsnefnda ráðuneyta. Ákvörðun um verkefni er miðuð við að þau séu fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu samkvæmt

tillögu samráðsnefndar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Að þessu sinni leggur samráðsnefndin til að 15 m.kr. komi í hlut heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins vegna þriggja verkefna. Er það hækkun um 2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að auki leggur ráðuneytið til að minnsta kosti 15 m.kr. til verkefnanna af fjárlagaliðum sínum þannig að 30 m.kr. verði til ráðstöfunar og skiptist þannig: rafræn sjúkraskrá 10 m.kr., samskipti almennings og Tryggingastofnunar ríkisins á Netinu 10 m.kr. og rafræn samskipti heilbrigðisstarfsmanna og Tryggingastofnunar ríkisins 10 m.kr. Auk framlaga til framangreindra þriggja verkefna eru 9,5 m.kr. á liðnum og mun ráðuneytið ráðstafa þeim til annarra upplýsingatækniverkefna.

Stofnkostnaður

Hér eru á einum stað dregin saman fyrri umfjöllun um framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðunum 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 402 Framkvæmdasjóður aldraða og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	45,1	132,0	189,0	43,2	319,1
Landspítali - háskólasjúkrahús	592,8	301,0	301,0	0,0	-49,2
Sjúkrahús, óskipt	33,1	162,1	88,1	-45,7	166,2
Sjúkrahús og læknisbústaðir	182,7	334,9	329,9	-1,5	80,6
Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	437,5	437,5	0,0	-
Framkvæmdasjóður aldraða	430,7	484,5	508,5	5,0	18,1
Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ	220,4	0,0	0,0	-	-100,0
Heilsugæslustöðvar, almennt	17,5	26,4	51,4	94,7	193,7
Samtals	**1.522,3**	**1.878,4**	**1.905,4**	**1,4**	**25,2**

Útgjöld til stofnkostnaðar á þessum liðum eru samtals 1.905,4 m.kr. en eru 1.878,4 m.kr. í fjárlögum 2004 sem er 27 m.kr. hækkun á milli ára. Helstu skýringar eru að stofnframlög á lið *08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri* hækka samtals um 57 m.kr. Þar af hækka framlög til nýbygginga um 77 m.kr. til að ljúka innréttingu suðurálmu. Á móti lækka framlög til tækjakaupa um 20 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnum framlögum til kaupa á röntgentæki og segulómtæki. Í öðru lagi hækka stofnframlög á lið *08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt* um 25 m.kr. og er þeim ætlað til kaupa á búnaði í nýrri heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi, Reykjavík. Í þriðja lagi hækka framlög í Framkvæmdasjóð aldraða um 24 m.kr. vegna áætlana um auknar tekjur sjóðsins. Í fjórða lagi lækkar liðurinn *379 Sjúkrahús, óskipt* um 74 m.kr. sem skýrist annars vegar af 64 m.kr. millifærslu yfir á rekstrarviðfangsefni liðarins og hins vegar niðurfellingu á tímabundnu framlagi til

Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands. Loks lækkar liðurinn *381 Sjúkrahús og læknisbústaðir* um 5 m.kr. þar sem tímabundið framlag í fjárlögum 2004 til heilsugæslustöðvar á Skagaströnd fellur niður.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Ófyrirséð stærri útgjöld Landspítalans og FSA.
08-379-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	Framkvæmdir Landspítala í kjölfar sameiningar við Borgarspítala.
08-381-5.50	Sjúkrahús og læknisbústaðir. Viðhald sjúkrahúsa.	Viðhaldsframkvæmdir við sjúkrastofnanir.
08-381-5.50	Sjúkrahús og læknisbústaðir. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir sjúkrastofnanir.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-5.01	Heilsugæslustöðvar. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	9.794,8	10.275,5	11.942,2	16	22
Neyslu- og rekstrartilfærslur	20.870,7	14.469,2	15.575,0	8	-25
Stofnkostnaður og viðhald	1.820,9	1.495,5	1.462,3	-2	-20
Samtals	**32.486,4**	**26.240,2**	**28.979,5**	**10**	**-11**
Greitt úr ríkissjóði	-	20.760,9	24.076,2	16	-
Innheimt af ríkistekjum	-	410,3	180,3	-56	-
Viðskiptahreyfingar	-	5.069,0	4.723,0	-7	-
Samtals	-	**26.240,2**	**28.979,5**	**10**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 32.394 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.414 m.kr. en þær nema um 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 28.980 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 24.076 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 180 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 4.723 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 11.942 m.kr. og hækka um 1.667 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það að stærstum hluta af því að gert er ráð fyrir 1.480 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum launa- og verðlagsbreytingum í rekstri allra ráðuneyta, m.a. í ljósi þess að kjarasamningar við ríkisstarfsmenn eru lausir undir lok þessa árs. Þá hafa rekstrarfjárveitingar stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um nærri 50 m.kr. vegna markmiða í frumvarpinu um aðhald í rekstrarkostnaði. Rekstrarfjárveitingar lækka auk þess um 63 m.kr. þar sem eldri fjárhagskerfi verða tekin úr notkun í stað nýrra kerfa og um tæplega 60 m.kr. þar sem í lok þessa árs lýkur sérstakri fjármögnun samkvæmt framkvæmdaáætlun um uppbyggingu Landskrár fasteigna. Á móti vega nokkur tilefni til hækkunar á rekstrarkostnaði s.s. 40 m.kr. vegna innheimtukostnaðar og 17 m.kr. vegna skattrannsókna.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 1.106 m.kr. og verður 15.575 m.kr. en er tæplega 14.470 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þar er annars vegar um að ræða 700 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta hugsanlegum verðlagsáhrifum af kjarasamningum og gengisbreytingum. Hins vegar er reiknað með að vaxtabætur til einstaklinga vegna húsnæðislána aukist um 400 m.kr. Miðað við ríkisreikning fyrir árið 2003 lækka tilfærslur ráðuneytisins í frumvarpinu verulega eða um nærri 5.300 m.kr. Á það aðallega

rætur að rekja til þess að í reikningnum voru gjaldfærðar um 4.700 m.kr. hærri afskriftir skattkrafna en þær eru áætlaðar á næsta ári. Í annan stað er áætlað að vaxtabætur verði um 800 m.kr. lægri árið 2005 en árið 2003 vegna breytinga á bótakerfinu sem gengu í gildi á þessu ári og frekari breytinga sem áformaðar eru á næsta ári.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.462 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um rúmlega 30 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Stafar það einkum af því að 85 m.kr. framlag til nýsmíði kerfa samkvæmt áætlun um Landskrá fasteigna fellur niður en á móti koma nokkur minni framlög til annarra stofnkostnaðarverkefna. Stofnkostnaður lækkar um tæplega 360 m.kr. miðað við reikning ársins 2003 en á því ári fóru fram kaup á ýmsum fasteignum samkvæmt heimildum í fjáraukalögum.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld fjármálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér á eftir sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	514	519	524	529
Skatta- og tollamál	3.415	3.422	3.456	3.490
Lífeyrir og eftirlaun	4.798	4.894	4.992	5.092
Barnabætur og vaxtabætur	10.330	10.430	10.530	10.630
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur	4.710	4.710	4.710	4.710
Verðlagsmál	2.700	3.200	3.400	4.700
Þjónusta við ríkisaðila	1.396	1.393	1.403	1.413
Annað	1.116	1.113	1.117	1.121
Samtals	**28.979**	**29.681**	**30.132**	**31.685**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög vegna stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar bókhaldskerfa ríkisins og Landskrár fasteigna breytist lítið yfir tímabilið þar sem stefnt er að því að innleiðingu nýrra kerfa verði lokið og að þau leysi eldri kerfi af hólmi. Gengið er út frá því að gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og *Fjármagnstekjuskattur* sem ríkissjóður greiðir, m.a. af söluhagnaði eigna, haldist óbreyttur frá árinu 2005 og að gjaldfærður *Lífeyrir og eftirlaun* aukist um tæplega 100 m.kr. á ári í takt við lífeyrisréttindi sem ríkisstarfsmenn ávinna sér árlega. Veruleg óvissa er jafnan um áætlanir um útgjöld þessara málaflokka. Reiknað er með að *Vaxtabætur* aukist árlega um 100 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áforma frumvarpsins um lækkun á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af skuldum sem mynda stofn til útreiknings á bótunum. Þá er áætlunin sett fram með óbreyttum útgjöldum vegna *Barnabóta* þótt fyrirhugað sé að auka þær greiðslur á næstu árum en útfærsla á þeim áformum liggur ekki fyrir á þessu stigi. Undir liðnum *Verðlagsmál* eru reiknuð áhrif ýmissa verðlags- og gengisforsendna í útgjöldum allra ráðuneyta fyrir heildarútkomu langtímaáætlunarinnar sem í reynd munu ekki færast til gjalda hjá fjármálaráðuneytinu.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu. Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir fjármálaráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 814 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2004, eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	220,5	220,5	220,5	220,5	220,5
Launagreiðslukerfi	A	50,0	10,0	10,0	10,0	0,0
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	A	50,0	8,0	8,0	8,0	0,0
Tekjubókhaldskerfi	A	223,0	223,0	223,0	223,0	223,0
Innheimtukerfi	A	32,0	32,0	32,0	32,0	32,0
Skattavinnslukerfi	A	238,1	238,6	238,6	238,6	238,6
Samtals		**813,6**	**732,1**	**732,1**	**732,1**	**714,1**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með því að árlegur kostnaður við hann verði um 220 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins fara lækkandi frá og með árinu 2005. Þó verður nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattavinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema um 240 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um veffframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 730 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna eftir að nýtt fjárhagskerfi hefur leyst þau eldri af hólmi.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	497,0	498,0	508,3	2,1	2,3
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**497,0**	**504,0**	**514,3**	**2,0**	**3,5**

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins er 508 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um 5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Sú lækkun er liður í áformum frumvarpsins um aðhald í rekstrarútgjöldum ríkisins.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202–211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	844,1	889,3	945,9	6,4	12,1
Skattstofan í Reykjavík	316,0	342,8	349,6	2,0	10,6
Skattstofa Vesturlands	51,8	52,8	54,1	2,5	4,4
Skattstofa Vestfjarða	30,1	32,3	33,0	2,2	9,6
Skattstofa Norðurlands vestra	32,8	34,1	35,0	2,6	6,7
Skattstofa Norðurlands eystra	75,3	83,2	84,9	2,0	12,7
Skattstofa Austurlands	39,8	39,5	43,7	10,6	9,8
Skattstofa Suðurlands	50,6	53,8	55,0	2,2	8,7
Skattstofa Vestmannaeyja	21,6	22,0	22,5	2,3	4,2
Skattstofa Reykjaness	181,6	210,3	214,5	2,0	18,1
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	27,1	114,0	85,5	-25,0	215,5
Yfirskattanefnd	91,5	94,2	96,2	2,1	5,1
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	131,6	124,2	144,1	16,0	9,5
Innheimtukostnaður	252,4	217,6	266,6	22,5	5,6
Tollstjórinn í Reykjavík	896,4	926,1	984,0	6,3	9,8
Samtals	**3.042,7**	**3.236,2**	**3.414,6**	**5,5**	**12,2**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka alls um 75 m.kr. frá gildandi fjárlögum umfram launa- og verðlagshækkanir. Helstu tilefni til hækkunar eru í fyrsta lagi 40 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við innheimtumál og 17 m.kr. vegna aukins umfangs mála hjá embætti skattrannsóknarstjóra. Gert er ráð fyrir nokkrum öðrum

minni framlögum og tilflutningi á fjárveitingum til verkefna þessa málefnaflokks en á móti kemur um 30 m.kr. lækkun á útgjöldum þeirra til að mæta markmiði um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins.

201 Ríkisskattstjóri. Fjárheimild embættisins hækkar um 28 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar og verður 945,9 m.kr. Helsta breytingin frá fjárlögum yfirstandandi árs er sú að gert hefur verið ráð fyrir 30 m.kr. hækkun fjárveitingar á viðfangsefni fyrir rekstur skattvinnslukerfa í framhaldi af heildarúttekt sem gerð hefur verið á verkefnum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar, m.a. með hliðsjón af breytingum á skattalöggjöfinni undanfarin ár. Sú fjárheimild er flutt af viðfangsefninu *1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld* undir fjárlagaliðnum *212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld* og lækkar það viðfangsefni því um sömu fjárhæð. Þá hækkar fjárveiting til embættisins um 3,5 m.kr. til að mæta kostnaði við aukin verkefni vegna mála sem berast frá skattrannsóknarstjóra ríkisins og um 3 m.kr. vegna útgjalda við álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum sem embættinu var falið að annast um samkvæmt lögum um gjaldið. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að stofnunin dragi úr útgjöldum sínum sem nemur 8,6 m.kr. með hagræðingu í rekstri.

202-211 Skattstofur. Útgjöld skattstofa eru alls um 892 m.kr. í frumvarpinu og lækka um 5 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Skattstofu Austurlands hækki um 3,3 m.kr., einkum til að standa straum af kostnaði við álagningu skatta á erlenda starfsmenn við Kárahnúkavirkjun. Að öðru leyti er einungis um að ræða hækkanir vegna launa- og verðlagsbreytinga hjá skattstofum og að gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði lækkaður samtals um 8,5 m.kr. í samræmi við áform frumvarpsins um aðhald í útgjöldum.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Fjárveiting til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins nemur 85,5 m.kr. og lækkar um nálægt 31 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það annars vegar af því að 30 m.kr. fjárheimild er flutt af viðfangsefninu *1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld* til reksturs skattvinnslukerfa hjá embætti ríkisskattstjóra og hins vegar af því að fjárveiting sama viðfangsefnis er lækkuð um tæplega 1 m.kr. í tengslum við markmið um útgjaldaaðhald.

214 Yfirskattanefnd. Fjárveiting nefndarinnar er 96,2 m.kr. Það svarar til raunlækkunar um 1 m.kr. sem er liður í aðhaldi með útgjöldum í rekstri stofnana á vegum ráðuneytisins.

215 Skattrannsóknastjóri ríkisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárveiting til embættisins hækki um 17 m.kr. í ljósi þess að rannsóknir hafa orðið viðameiri. Aðilar með umfangsmeiri og flóknari starfsemi en áður koma til rannsóknar en það leiðir til aukins kostnaðar við aðkeypta þjónustu löggiltra endurskoðenda og lögmanna. Jafn-

framt þykir nauðsynlegt að ráða starfsmenn með reynslu úr fjármálaumhverfi til að sinna þessum málum hjá embættinu. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði lækkaður um 1,4 m.kr. til að mæta markmiði ráðuneytisins um útgjaldaaðhald. Alls nemur fjárheimild stofnunarinnar 144,1 m.kr. að teknu tilliti til launa- og verðlagshækkana.

250 Innheimtukostnaður. Fjárveiting til að mæta kostnaði við innheimtumál hækkar um 40 m.kr. að raungildi. Útgjöld við innheimtu, sem færast á þennan lið, hafa farið vaxandi undanfarin ár, sérstaklega í tengslum við beiðnir um fjárnám og gjaldþrotaskipti og kostnað innheimtumanna af því auk þjónustugjalda til banka vegna innheimtu.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 984 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum hækkar fjárheimildin um 38 m.kr. af nokkrum tilefnum en á móti vegur að gert er ráð fyrir 9,5 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar í samræmi við aðhaldsáform frumvarpsins. Af tilefnum til hækkunar er fyrst að nefna 10 m.kr. framlag vegna nýlegra laga um siglingavernd. Samkvæmt lögunum er tollstjórum falið að annast um fyrirbyggjandi aðgerðir til verndunar farþega og farms skipa gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum. Í öðru lagi er gerð tillaga um 8 m.kr. framlag sem ætlað er til að ráða starfsmenn til að sinna áhættugreiningu hjá embættinu í því skyni að gera tolleftirlitið skilvirkara en það mun jafnframt gagnast öðrum tollstjórum. Í þriðja lagi eru tvö tímabundin framlög í eitt ár til kaupa á búnaði, annað að fjárhæð 8 m.kr. til endurnýjunar á gegnumlýsingartæki og hitt að fjárhæð 6,6 m.kr. til kaupa á hópvinnukerfi sem varðveiti einnig málaskrá embættisins. Loks er gert ráð fyrir 5,4 m.kr. hækkun rekstrarkostnaðar í kjölfar innleiðingar á nýju hópvinnukerfi.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	3.395,4	4.704,0	4.798,0	2,0	41,3
Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar	667,5	0,0	0,0	-	-
Samtals	**4.062,9**	**4.704,0**	**4.798,0**	**2,0**	**18,1**

Reiknað er með um 95 m.kr. hækkun á gjaldfærðri aukningu lífeyrisskuldbindinga, einkum vegna árlegs réttindaávinnings ríkisstarfsmanna. Fjárlagaliðurinn *Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna* var felldur niður í fjárlögum yfirstandandi árs þar sem lagaákvæði um þessa ráðstöfun tryggingagjalds voru numin úr gildi.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum, áunnum lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að skuldbindingarnar hækki um 13,3 milljarða króna á árinu 2005 og verði samtals um 190 milljarðar króna í lok ársins. Er þá tekið tillit til sérstakrar 4 milljarða króna fyrirframgreiðslu ríkissjóðs sem fyrirhugað er að renni til lífeyrissjóðsins árið 2005. Af hækkuninni er áætlað að rekja megi 8,4 milljarða króna til almennra launabreytinga. Sá hluti kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar á endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Það sem þá stendur eftir, eða sem nemur 4,8 milljörðum króna, er fært á gjaldahlið frumvarpsins og er breytingin frá áætlun gildandi fjárlaga óveruleg.

Framsetning ríkisreiknings og fjárlaga felur í sér að fyrirframgreiðslur ríkisins til sjóðsins eru ekki færðar til eignar sem fyrirframgreiddur kostnaður heldur koma þær til lækkunar á skuldbindingunni. Áætlað er að á tímabilinu 1999–2005 muni uppreiknaðar fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði ásamt vöxtum nema 70–75 milljörðum króna. Með þessu móti lækkar sá stofn sem breytingin á skuldbindingunni reiknast af. Þá voru fyrir nokkrum árum gerðir kjarasamningar um breytingar á launakerfi ríkisstarfsmanna sem fólu í sér hækkun dagvinnulauna umfram heildarlaun og höfðu þar með í för með sér hækkun á lífeyrisskuldbindingunni. Af þessu leiðir að búast má við að á næstu árum hækki gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga minna en árin þegar þessar kerfisbreytingar fóru fram.

Áætlun um gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga á komandi fjárlagaári er jafnan háð ýmsum óvissuþáttum sem afar erfitt er að spá fyrir um. Jafnvel litlar breytingar á útreikningsforsendum, s.s. áætluð launahækkun á vinnumarkaði, geta haft veruleg áhrif á áætlaða gjaldfærslu þar sem skuldbindingastaðan er afar há. Það veldur því talsverðri óvissu um útkomuna á næsta ári að kjarasamningar við flest stærstu stéttarfélög ríkisstarfsmanna eru lausir undir lok þessa árs. Áhrif af slíkum óvissuþáttum má m.a. merkja af því að gjaldfærsla í ríkisreikningi ársins 2003 varð um 1.400 m.kr. lægri en hún er áætluð fyrir árið 2005. Stafar það að stærstum hluta af því að ávöxtun lífeyrissjóðsins af fyrirframgreiðslum ríkissjóðs, sem kemur til lækkunar á skuldbindingunni, varð veruleg á árinu 2003 vegna hagstæðra skilyrða á fjármagnsmarkaði en að hluta til var það vegið upp með aukningu lífeyrisskuldbindinga vegna alþingismanna, ráðherra og dómara í kjölfar kjaradóms á því ári um hækkun dagvinnulauna þeirra. Ekki er unnt að sjá fyrir kringumstæður á borð við þessar við undirbúning fjárlagafrumvarps ári áður og verður því að hafa nokkurn fyrirvara á áætlun um breytingu lífeyrisskuldbindinganna.

Með lögum sem sett voru á haustþingi 2003 voru gerðar nokkrar breytingar á eftirlaunakerfi æðstu stjórnar ríkisins m.a. á þá leið að eftirlaunin verða greidd beint úr ríkissjóði fremur en til lífeyrisdeildar hjá LSR. Hefur framsetningu á fjárheimildum viðfangsefna undir þessum fjárlagalið því verið breytt á þann veg að sérstök viðfangsefni fyrir lífeyrissjóð alþingismanna, lífeyrissjóð ráðherra og eftirlaun hæstaréttardómara eru felld saman í eitt nýtt viðfangsefni, *1.10 Eftirlaun alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara*, eins og fram kemur í sundurliðun 1 í frumvarpinu. Jafnframt er áætlun um þessar fjárheimildir endurskoðuð en hún hefur reynst vera nokkuð vanmetin undanfarin ár og einnig að hluta til innifalin í áætlun um lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðlagsuppbóta á lífeyri, sem færast á þennan lið árið 2005, eru áætlaðar 2,3 milljarðar króna. Til að styrkja stöðu sjóðsins er einnig miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og nema áætlaðar greiðslur vegna þessa 1,5 milljörðum króna. Þá er fyrirhugað að lánsfjárafgangur ríkissjóðs á árinu 2005 verði nýttur að hluta til að greiða til viðbótar 4 milljarða króna inn í lífeyrissjóðinn. Loks ber að geta þess að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslum þegar þær falla til eða gera upp við lífeyrissjóðinn með langtímaskuldabréfi.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	5.357,4	5.430,0	5.430,0	0,0	1,4
Vaxtabætur	5.756,0	4.505,0	4.900,0	8,8	-14,9
Samtals	**11.113,4**	**9.935,0**	**10.330,0**	**4,0**	**-7,0**

811 Barnabætur. Á árunum 2001 til 2003 voru barnabætur til fjölskyldna hækkaðar um 500 m.kr. á ári eða samtals um 1.500 m.kr. á tímabilinu. Til athugunar er að auka þessar greiðslur einnig á komandi árum. Þar sem eftir er að ljúka nánari útfærslu á þessum málum er gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild til barnabóta í frumvarpinu.

821 Vaxtabætur. Fjárheimild til greiðslu vaxtabóta vegna húsnæðislána er 4,9 milljarðar króna í frumvarpinu. Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir að greiðslurnar verði um 4,5 milljarðar króna og er þá tekið mið af áætluðum áhrifum af breytingum á lagaákvæðum um vaxtabætur sem tóku gildi í upphafi þessa árs. Í þeim breytingum fólst að vaxtabætur vegna ársins 2003 urðu við álagningu þessa árs 90% af því sem

fyrri ákvæði laga kváðu á um. Sú ráðstöfun er tímabundin í eitt ár. Frá og með þessu ári miðast hámark vaxtagjalda við 5,5% af heildarskuldum til öflunar húsnæðis í stað 7% áður. Þessi breyting var gerð í ljósi þess að frá því fyrra hámark var sett árið 1993 höfðu raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Þykir eðlilegt að hámarkið taki mið af þeirri þróun og að þar með verði dregið úr hvata til skuldsetningar. Frá því að þessi breyting var ákveðin hafa vextir húsnæðislána enn lækkað og einnig hafa möguleikar til veðsetningar húsnæðis verið auknir. Er því áformað að hámark vaxtagjalda af heildarskuldum verði 5,0% frá og með næsta ári þannig að það komi til lækkunar á vaxtabótum frá og með árinu 2006. Til að stemma stigu við þessum útgjöldum þegar á næsta ári er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ákvæði laga um að bætur skuli vera 90% af útreiknuðum vaxtabótum framlengist um eitt ár en hækki í 95%. Á hinn bóginn virðist nokkurt vanmat hafa falist í fyrri áætlun þar sem þessar greiðslur hafa orðið talsvert hærri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga samkvæmt tölum sem liggja fyrir í skattálagningu ársins 2004. Er það talið eiga rætur að rekja til þess að velta á fasteignamarkaði og húsnæðislán hafa aukist mun meira en reiknað var með. Að teknu tilliti til þessa vanmats og áformaðra breytinga á hámarki bótanna er reiknað með að fjárheimild liðarins hækki um 400 m.kr. miðað við gildandi fjárlög en lækki um 850 m.kr. miðað greiðslur ársins 2003.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	8.695,9	4.000,0	4.000,0	0,0	-54,0
Fjármagnstekjuskattur	1.859,6	500,0	500,0	0,0	-73,1
Ríkisábyrgðir	-23,8	0,0	0,0	0,0	-
Tapaðar kröfur og tjónabætur	86,3	210,0	210,0	0,0	143,3
Samtals	**10.618,0**	**4.710,0**	**4.710,0**	**0,0**	**-55,6**

Fjárheimildir þessa málefnaflokks eru 4,7 milljarðar króna og eru óbreyttar frá gildandi fjárlögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 500 m.kr. fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum og hagnaði af árlegri sölu ýmissa smærri eigna en ekki er gert ráð fyrir skatti af söluhagnaði stærri eigna sem mundi falla til ef kæmi til sölu á Landsíma Íslands hf. Ekki er heldur gert ráð fyrir slíkum óreglulegum fjármagnstekjuskatti í tekjuhlið frumvarpsins og hefur þetta því ekki áhrif á áætlaða afkomu ríkissjóðs. Eins og fram kemur í töflunni hér fyrir ofan var gjaldfærður fjármagnstekjuskattur árið 2003 talsvert hærri, eða um 1.860 m.kr., en það skýrist af skatti á hagnað sem myndaðist við sölu ríkisbankanna.

Gjaldfærslur í rekstrarreikningi vegna afskrifaðra skattkrafna tilheyra þessum málaflokki. Gert er ráð fyrir óbreyttri fjárhæð í frumvarpinu frá gildandi fjárlögum, eða 4 milljörðum króna, en endanleg niðurstaða í reikningi hefur sum ár vikið verulega frá áætlunum og hefur í reynd verið ógerlegt að sjá það fyrir, t.d. var gjaldfærslan um 8,7 milljarðar króna árið 2003. Sérstök afskriftanefnd metur skattkröfur og ákveður hvað af þeim skuli afskrifa miðað við tilteknar vinnureglur um hvaða kröfur teljast vera sannanlega tapaðar. Niðurstöður nefndarinnar og fjárhæð áætlaðra óbeinna afskrifta liggja ekki endanlega fyrir fyrr en í uppgjöri ríkisreiknings fyrir fjárlagaárið. Þá geta sveiflur milli ára í afkomu fyrirtækja og fjölda gjaldþrota einnig haft töluverð áhrif á gjaldfærsluna.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2005. Kjarasamningar flestra stéttarfélaga ríkisstarfsmanna renna út í nóvember á þessu ári og ríkir því nokkur óvissa um hvenær þeir samningar takast og hver niðurstaða þeirra verður. Í launaforsendum frumvarpsins hefur hins vegar verið tekið mið af kjarasamningum sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði og við starfsmenn sömu stéttarfélaga hjá ríkinu á fyrri hluta þessa árs. Þeir samningar taka einkum til ríkisstarfsmanna í verkalýðsfélögum innan vébanda Starfsgreinasambandsins og í félögum iðnaðarmanna. Samkvæmt þeim samningum hækka laun um 3% þann 1. janúar 2005. Launaliðir ríkisstofnana, sjálfseignarstofnana og annarra aðila sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði hafa verið hækkaðir sem þessu nemur í frumvarpinu. Er þá gert ráð fyrir að sú hækkun verði einnig úrskurðuð til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar eins og raunin hefur orðið undanfarin ár. Einnig hafa launaforsendur fjárlaga 2004 verið endurmetnar í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem kjör starfshópa breyttust eftir afgreiðslu fjárlaganna. Eins og jafnan áður hefur hækkun hverrar stofnunar verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og hækkunar hvers félags. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra.

Samkvæmt þjóðhagsforsendum frumvarpsins er reiknað með að almennt verðlag hækki um 3,5% milli áranna 2004 og 2005. Eru önnur rekstrarútgjöld en laun miðuð við þær spár í frumvarpinu. Almennt gildir að sértekjur stofnana eru hækkaðar hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Gengi

krónunnar hefur styrkst um 10% gagnvart Bandaríkjadal frá forsendum fjárlaga 2004 en gengi flestra annarra mynta, þ. á m. evrunnar, hefur lítið breyst. Þetta leiðir til nokkurrar lækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöldin eru í Bandaríkjadölum. Það á þó nær eingöngu við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem hluti útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka og þróunaraðstoð.

Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, s.s. ellilífeyrir og atvinnuleysisbætur, hækki um 3% í upphafi næsta árs og er þá einnig tekið mið af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Á fjárlagaliðinn er færð 2.000 m.kr. fjárheimild til rekstrar til að mæta breytingum á þessum forsendum frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir samsvarandi fjárheimild að fjárhæð 700 m.kr. fyrir frávik í tilfærsluframlögum úr ríkissjóði. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins í ljósi þess að áhrif af væntanlegum kjarasamningum liggja ekki nákvæmlega fyrir á þessu stigi og að yfirleitt er meiri óvissa í spám um verðlags- og gengisþróun þegar hagvöxtur er að aukast eins og horfur eru á árið 2005.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs og 984 Fasteignir ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.152,0	976,3	968,1	-0,8	-16,0
Fasteignamat ríkisins	482,5	453,2	315,6	-30,4	-34,6
Framkvæmdasýsla ríkisins	5,4	2,7	2,7	0,0	-50,0
Ríkiskaup	-1,2	0,0	0,0	0,0	-
Lánasýsla ríkisins	53,9	65,2	66,3	1,7	23,0
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	28,3	28,4	29,1	2,5	2,8
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	567,7	14,5	14,5	0,0	-97,4
Fasteignir ríkissjóðs	35,2	0,1	0,0	0,0	-
Samtals	**2.323,8**	**1.540,4**	**1.396,3**	**-9,4**	**-39,9**

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhaldsþjónustu og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 4.578 m.kr. og er jafnframt gert ráð fyrir að innheimtar verði 3.181 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu eða sem nemur nálægt 70% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 1.396 m.kr. og svarar það til um 184

m.kr. lækkunar á föstu verðlagi. Þar af eru um 12 m.kr. lækkun vegna áforma í frumvarpinu um aðhald í rekstrarkostnaði.

103 Fjársýsla ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 968 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um 36 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Þar af er gert ráð fyrir 8,5 m.kr. lækkun fjárheimildar til að mæta markmiði um lækkun rekstrarkostnaðar í útgjaldaramma fjármálaráðuneytisins. Að öðru leyti vegast á nokkur tilefni til lækkunar og hækkunar útgjalda. Mest munar um 31,7 m.kr. lækkun kostnaðar við rekstur eldra fjárhagskerfis og 24,7 m.kr. lækkun kostnaðar við rekstur eldra launagreiðslukerfis þar sem samrekstri eldri kerfanna með nýrra bókhaldskerfi lýkur á þessu ári. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um 8 m.kr. vegna aukinnar þjónustu við stofnanir í kjölfar innleiðingarinnar á nýja fjárhags- og mannauðskerfinu. Einnig er áætlað fyrir 8 m.kr. hækkun á leigu- og rekstrarkostnaði í kjölfar stækkunar á húsnæði stofnunarinnar. Þá hækkar framlag til reksturs innheimtuskilakerfis um 7,7 m.kr. í samræmi við þjónustusamning við rekstraraðila. Loks er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til að standa undir kostnaði við að koma á fót nýju rekstrarsviði innan stofnunarinnar til að efla fjármála- og starfsmannastjórn í framhaldi af auknum umsvifum hennar.

402 Fasteignamat ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar um 147 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það aðallega af 85 m.kr. lækkun stofnkostnaðarfjárveitingar og 59 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitingar sem veittar voru tímabundið í samræmi við áfangaskiptingu í framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á Landskrá fasteigna. Kostnaðurinn við uppbygginguna er fjármagnaður með sérstöku, tímabundnu umsýslugjaldi af brunabótamati fasteigna sem nú nemur 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar og greiða húseigendur það samhliða brunatryggingariðgjöldum. Gjaldið fellur að óbreyttu niður í lok þessa árs samkvæmt ákvæðum laga um brunatryggingar. Í ljósi þess að ekki hefur tekist að ljúka að fullu öllum áföngum uppbyggingarinnar verður staða verkefnisins, framhald þess og fjármögnun tekin til endurskoðunar. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin geri ráðstafanir til draga úr útgjöldum sínum sem nemur 3 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins.

901 Framkvæmdasýsla ríkisins. Velta stofnunarinnar lækkar lítillega þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Heildarveltan er áætluð um 122 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tiltekinna stjórnsýsluverkefna sem ekki eru seld út.

905 Ríkiskaup. Velta stofnunarinnar lækkar nokkuð þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Heildarveltan er áætluð 1.400 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

972 Lánasýsla ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar er óbreytt að raungildi fyrir utan 0,7 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði ráðuneytisins.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis og öryggisgæslu. Fjárheimildir rekstrarfélagsins breytast einungis sem nemur launa- og verðlagshækkunum frumvarpsins.

981 Ýmsar fasteignir ríkisins. Á þessum fjárlagalið er 14,5 m.kr. fjárheimild sem ætluð er til viðhalds ýmissa stjórnarráðsbygginga og er hún óbreytt frá gildandi fjárlögum.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Fjárheimildirnar og sértekjurnar hækka í samræmi við launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	1,4	190,0	190,0	0,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	10,0	19,5	95,0	-
Ýmislegt	827,2	690,6	706,8	2,3	-14,6
Samtals	**828,6**	**1.090,6**	**1.116,3**	**2,4**	**34,7**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks er 1.116 m.kr. og hækkar um 13 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá fjárlögum ársins sem er að líða eða 190 m.kr. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Af þessum lið eru greidd ýmis mál ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna fjármálaráðuneytis hækkar um 9,5 m.kr. og verður samtals 19,5 m.kr. Þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við verkefni um rafrænar undirskriftir og 9,5 m.kr. til verkefnis um samræmingarmál vegna rafrænna viðskipta.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveiting til þessara verkefna nemur um 707 m.kr. og hækkar um tæplega 4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Til hækkunar kemur í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að fjárheimild á viðfangsefninu *1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga* verði 10 m.kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Um er að ræða endurgreiðslur á virðisaukaskatti af slökkvibifreiðum og tengdum búnaði til sveitarfélaga en innkaup hafa verið heldur meiri undanfarin ár en ætlað var. Endurgreiðslurnar eru samkvæmt sérstöku samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í öðru lagi er 5 m.kr. hækkun á fjárheimild á viðfangsefninu *6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins* sem ætluð er til að standa straum af reglubundinni endurnýjun bifreiða fyrir ráðherra. Þá lækkar fjárveiting til viðfangsefnisins *1.90 Ýmis verkefni* um 5 m.kr. og fjárveiting til viðfangsefnisins *6.91 Hagræðing* um 4,5 m.kr. vegna mótframlags til verkefnis sem telst til *996 Íslenska upplýsingasamfélagsins* og er flutt á þann fjárlagalið. Loks er gert ráð fyrir samtals

tæplega 2 m.kr. lækkun á fjárheimildum nokkurra viðfangsefna vegna markmiðs um aðhald í rekstrarkostnaði fjármálaráðuneytisins.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-1.10	Skatta- og tollamál. Skatteftirlit.	Till skattembætta vegna skatteftirlits.
09-212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	Til tollembætta vegna átaks í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar
09-481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar.	Ákvarðanir ríkisstjórnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.927,1	5.814,0	5.832,0	0	99
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.319,8	1.289,6	1.224,6	-5	-7
Stofnkostnaður og viðhald	14.163,6	11.170,2	10.878,9	-3	-23
Samtals	**18.410,5**	**18.273,8**	**17.935,5**	**-2**	**-3**
Greitt úr ríkissjóði	-	6.870,8	6.070,0	-12	-
Innheimt af ríkistekjum	-	11.459,9	11.854,8	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-56,9	10,7	-119	-
Samtals	-	**18.273,8**	**17.935,5**	**-2**	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 23.728 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.792 m.kr. en þær nema 24,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.936 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 6.070 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 11.855 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 11 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.832 m.kr. og hækka um 18 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 36 m.kr. ósk um aukna gjaldheimild á móti hækkuðum ríkistekjum.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 65 m.kr. og verður 1.225 m.kr. en er 1.290 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur lækkun á tímabundnu framlagi til markaðssetningar á íslenskri ferðaþjónustu um 170 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 10.879 m.kr. og er það 291 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru í fyrsta lagi frestun á vegaframkvæmdum í samræmi við langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum að fjárhæð 1.900 m.kr. Á móti er lögð fram tillaga samkvæmt vegáætlun samgönguáætlunar að fjárhæð 1.059 m.kr. og samkvæmt siglingaráætlun að fjárhæð 64 m.kr. Alþjóðaflugþjónustan er færð úr B-hluta og veldur það hækkun að fjárhæð 150 m.kr. Undir Flugmálastjórn er lögð fram ósk um 92 m.kr. vegna framkvæmda á öryggissvæðum.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 1.900 m.kr. Niðurfellingar eru samtals 535,1 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 28,6 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra

verkefna ráðuneytisins sem alls nema 1.572 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 553,4 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld samgönguráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	683	543	546	549
Vegamál	13.215	12.699	16.665	16.832
Siglingamál	1.876	1.653	964	972
Flugmál	1.702	1.810	1.886	1.908
Póst- og fjarskiptamál	209	211	213	215
Ferðamál	251	240	242	244
Samtals	**17.936**	**17.156**	**20.516**	**20.720**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við spár um þróun efnahags- og

ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2004, eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld málefnaflokks *Ráðuneyti* lækki um 20,5% á milli áranna 2005 og 2006. Skýrist það að því að útgjöld vegna markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu haldi að hluta til áfram út árið 2005. Gert er ráð fyrir 1.900 m.kr. frestun framkvæmda í vegamálum árið 2005 og 2.000 m.kr. frestun árið 2006. Á móti hækka framlög til vegamála um 1.900 m.kr. árið 2007 og 2.000 m.kr. árið 2008. Er um að ræða breytingar frá samþykktri samgönguáætlun. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að útgjöld til málefnaflokks *Ferðamál* lækki um 4,4% á milli áranna 2005 og 2006 í stað 0,8% hækkunar í frumvarpi 2004. Að öðru leyti eru forsendur fyrir langtímaáætluninni þær sömu og kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga 2004.

Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.138 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar, sem bæði samgöngu- og fjármálaráðuneytið standa að, eru merktir bókstafnum B og nema skuldbindingar þeirra samtals 194,1 m.kr. Að auki eru 943,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem samgönguráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.100 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Í kjölfar breytinga á verkaskiptingu milli ráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytis hafa samningar þeir sem í gildi hafa verið milli ráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um rekstrarverkefni, þ. á m. um rekstur þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum, færst yfir á forræði dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þá hefur verið gerður nýr samningur um Vaktstöð siglinga milli samgönguráðuneytisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytis f.h. Landhelgisgæslu Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Neyðarlínunnar hf. Samningurinn kemur í stað eldri samnings sem ráðuneytið hafði gert um rekstur strandarstöðva.

Í töflunni hér að neðan má sjá samninga samgönguráðuneytisins. Í töflunni eru nokkrir reitir án upphæða og á það við samninga sem ekki áætlað er að framlengja.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum	B	12,2	-	-	-	-
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	137,6	141,7	0,0	0,0	0,0
Samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörg	B	50,3	-	-	-	-
Slysavarnaskóli sjómanna	B	49,9	52,4	52,4	52,4	52,4
Samningar við sérleyfishafa	C	155,1	97,0	0,0	0,0	0,0
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	37,9	41,9	41,9	0,0	0,0
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	38,7	42,3	42,3	0,0	0,0
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	178,8	196,8	0,0	0,0	0,0
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	74,8	81,2	0,0	0,0	0,0
Mjóafjarðarferjan Anný	C	6,2	6,6	6,6	2,8	0,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	5,4	1,5	0,0	0,0	0,0
Rekstur strandarstöðva	C	172,6	-	-	-	-
Hestamiðstöð Íslands	C	5,0	-	-	-	-
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	60,4	61,0	61,0	61,0	61,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	12,3	12,3	12,3	12,3	12,3
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	C	25,1	-	-	-	-
Samningur um Snorrastofu	C	2,0	2,0	2,0	2,0	0,0
Samningur um Geysisstofu	C	2,0	-	-	-	-
Samningur við Hólaskóla um fjarnám	C	5,0	-	-	-	-
Flug milli Íslands og Narsarsuaq	C	12,5	12,5	12,5	12,5	12,5
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	0,0	168,7	168,7	168,7	168,7
Samningur um Alþjóðaflugþjónustuna	C	93,7	96,5	96,5	96,5	96,5
Slökkvilið á RVK- og AKU-flugvöllum	C	0,0	111,7	111,7	111,7	111,7
Samingar um rekstur flugvalla	C	0,0	11,3	11,3	11,3	11,3
Samtals		**1.137,5**	**1.137,4**	**619,2**	**531,2**	**526,4**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	232,0	212,6	233,8	10,0	0,8
Ýmis verkefni	363,0	553,5	429,9	-22,3	18,4
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	10,0	14,0	40,0	-
Samtals	**595,0**	**781,1**	**682,7**	**-12,6**	**14,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 101,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 233,8 m.kr. og hækka um 21,2 m.kr. frá fjárlögum 2004. Farið er fram á 15 m.kr. framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er farið fram á 8 m.kr. vegna umferðarmála. Málaflokkurinn færðist til samgönguráðuneytis í byrjun árs 2004 og vegna umfangs hans er óhjákvæmilegt að ráða starfsmann til að fara með hann. Í öðru lagi er farið fram á 7 m.kr. til stjórnsýsluverkefna í ferðamálum. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Fastanefndir	1,6	10,6	15,9	5,3
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	7,4	9,3	9,3	0,0
Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5	1,5	1,5	0,0
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	4,3	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	54,5	49,9	51,5	1,6
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	24,1	0,0	0,0	0,0
Staðsetningarkerfi	1,5	6,3	6,5	0,2
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	3,5	1,1	1,1	0,0
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	13,3	0,0	0,0	0,0
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	11,9	0,0	0,0	0,0
Slysavarnafélagið Landsbjörg	48,9	0,0	0,0	0,0
Flugskóli Íslands	22,0	22,0	22,0	0,0
Átak í umferðaröryggismálum	0,0	0,0	50,0	50,0
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	0,0
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	16,9	16,5	21,5	5,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	26,0	320,0	150,0	-170,0
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	8,5	5,0	0,0	-5,0
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	67,0	60,4	54,9	-5,5
Hestamiðstöð Íslands	5,0	5,0	0,0	-5,0
Samningur milli Íslands og Narsarsuaq á Grænlandi	12,5	12,5	12,5	0,0
Ýmislegt	21,6	19,4	19,2	-0,2
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0	10,0	10,0	0,0
Samtals	**363,0**	**553,5**	**429,9**	**-123,6**

190 Ýmis verkefni. Heildarútgjöld eru 429,9 m.kr. og lækka um 123,6 m.kr. frá fjárlögum 2004. Útgjöldin skiptast á viðfangsefni eins sýnt er í töflunni hér fyrir ofan. Á viðfangsefni *1.11 Fastanefndir* er farið fram á 5 m.kr. framlag til rannsóknarnefndar umferðarslysa til að styrkja starfsemi hennar á rannsóknasviði sínu. Farið er fram á 50 m.kr. framlag á nýju viðfangsefni, *1.35 Átak í umferðaröryggismálum*. Umferðarmál

færðust til samgönguráðuneytis í byrjun árs 2004 og hyggst ráðuneytið nýta framlagið til að gera átak í umferðaröryggismálum samkvæmt áætlun sem er í undirbúningi. Á viðfangsefni *1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf* er farið fram á millifærslu af viðfangsefninu *1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu* enda eru verkefni þau sem fjármögnuð eru af þessum tveimur liðum að mestu þau sömu. Á viðfangsefni *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* er lagt til að 270 m.kr. tímabundið framlag lækki í 100 m.kr. og framlengist um eitt ár. Er það áætlað til almennra markaðsmála íslenskrar ferðaþjónustu innanlands og utan. Á viðfangsefni *1.48 Hestamiðstöð Íslands* er tímabundið framlag frá fjárlögum 2000 fellt niður. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 4 m.kr. og verður samtals 14 m.kr. vegna úttektar á rekstraröryggi netkerfa á Íslandi.

Vega- og umferðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast þrír fjárlagaliðir: 211 Rekstur Vegagerðarinnar, 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar, og 251 Umferðarstofa. Framlag til vegamála að frádregnum sértekjum er áætlað 13.214,9 m.kr. sem er 338,3 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Heildarútgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 12.930,4 m.kr. sem er 431,5 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Hagræn skipting útgjaldanna er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Skipting á heildarútgjöldum Vegagerðarinnar



Heildarútgjöld til vega- og umferðarmála eru sýnd í töflunni hér fyrir neðan.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	431,0	502,0	446,6	-11,0	3,6
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	0,0	0,0	57,4	-	-
Umdæmi og rekstrardeildir	8,7	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	2.237,1	2.554,0	2.643,4	3,5	18,2
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	549,2	540,0	593,4	9,9	8,0
Styrkir til innanlandsflugs	116,5	135,7	140,4	3,5	20,5
Rannsóknir	118,2	103,2	106,8	3,5	-9,6
Viðhald	2.010,8	2.307,0	2.624,8	13,8	30,5
Framkvæmdir	8.285,5	7.220,0	6.317,6	-12,5	-23,8
Umferðarstofa	331,4	305,4	284,5	-6,8	-14,2
Samtals	**14.088,4**	**13.667,3**	**13.214,9**	**-3,3**	**-6,2**

Á yfirstjórn Vegagerðarinnar lækkar framlag um 55,4 m.kr. Skýringin á þessari lækkun felst í millifærslu á nýtt viðfang, *1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna* að fjárhæð 57,4 m.kr. Styrkir ferja og sérleyfishafa hækka samtals um 53,4 m.kr. Lagt er til að millifærðar verði 46 m.kr. af stofnkostnaði Vegagerðarinnar vegna aukinna styrkja til sérleyfishafa.

Útgjöld til viðhalds hækka um 317,8 m.kr. Óskað er eftir 229 m.kr. framlagi í samræmi við vegáætlun samgönguáætlunar 2003-2006. Til framkvæmda er ráðgert að verja 6.317,6 m.kr. sem er 902,4 m.kr. lækkun frá árinu 2004. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að stofnkostnaður verði 8.217,6 m.kr. á verðlagi næsta árs og hækki um 997,6 m.kr. frá fjárlögum. Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmdum verði frestað um 1.900 m.kr. frá þeim áformum. Stofnkostnaður verður því 6.317,6 m.kr. og lækkar um 902,4 m.kr. frá fjárlögum 2004. Loks er lögð til áðurnefnd 46 m.kr. millifærsla á viðfangsefni *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa.*

Útgjöld Umferðarstofu lækka um 20,9 m.kr. Lagt er til að tímabundið framlag, að fjárhæð 27 m.kr., í fjárlögum 2004 til innleiðingar tilskipunar um rafræna ökurita falli niður.

Aðrar breytingar á útgjöldum til vegamála, sem ekki er sérstaklega getið um hér að ofan, má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 11.503,8 m.kr. Af mörkuðum tekjum eru greiddar í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðarganga og ferja samtals 379,8 m.kr. Samtals eru greiðslur úr ríkissjóði 10.467,5 m.kr. Viðskiptahreyfing upp á 656,5 m.kr. myndast á markaðar tekjur þar sem endurgreitt er af fyrir fram veittum mörkuðum tekjum að frádregnum afborgunum lána. Sjá nánar yfirlit yfir stöðu markaðra tekna á séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu og töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Frumvarp 2005
Jarðgangaátak	1.530,0	2.322,5
Átak í atvinnu- og byggðamálum	1.600,0	0,0
Styrkir til innanlandsflugs	135,7	140,4
Samtals	**3.265,7**	**2.462,9**
Skil á mörkuðum tekjustofnum	10.096,2	10.467,5
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	11.454,0	11.503,8
Afborganir af ferjulánum og v. Hvalfjarðarganga	-361,0	-379,8
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	-996,8	-656,5
Greitt úr ríkssjóði	10.096,2	10.467,5

Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir: 335 Siglingastofnun Íslands, 336 Hafnabótasjóður og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Heildargjöld málefnaflokksins eru 1.875,7 m.kr. sem er 109 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2004. Helstu breytingar í fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	989,1	653,7	694,7	6,3	-29,8
Hafnabótasjóður	787,5	1.081,8	1.149,1	6,2	45,9
Rannsóknarnefnd sjóslysa	32,4	31,2	31,9	2,2	-1,5
Samtals	**1.809,0**	**1.766,7**	**1.875,7**	**6,2**	**3,7**

*335 **Siglingastofnun Íslands.*** Heildargjöld eru áætluð 694,7 m.kr. umfram sértekjur. Gert er ráð fyrir 356,4 m.kr. renni til reksturs stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 375,7 m.kr. sem er 19,3 m.kr. lækkun á milli ára. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til stofnunarinnar vegna skoðana skipa lækki um 25. m.kr. Breytingin er tilkomin vegna nýrra laga, nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, þar sem skoðanir skipa eru færðar til skoðunarstofa á almennum markaði. Þessar breytingar munu hafa þau áhrif á starfsemi Siglingastofnunar Íslands að störfum á skoðanasviði mun fækka um u.þ.b. 10 stöðugildi og starfsemi 6 umdæmisskrifstofa mun breytast eða leggjast af. Í öðru lagi er tímabundið framlag í fjárlögum 2004, að fjárhæð 11 m.kr., til alþjóðlegrar siglingaverndaráætlunar fellt niður. Í þriðja lagi er farið fram á 8 m.kr. framlag til stofnunarinnar vegna siglingaverndar. Samkvæmt lögum um siglingavernd fer Siglingastofnun með framkvæmd laganna. Á viðfangsefni *1.11 Vaktstöð siglinga*, sem áður hét *Rekstur strandarstöðva*, er lögð til 13,2 m.kr. hækkun á framlagi skv.

samningi um rekstur strandarstöðva. Framlög á viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* hækka um 6,5 m.kr. í samræmi við siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003-2006. Á viðfangsefni *6.60 Vitabyggingar* er lögð til 8,7 m.kr. hækkun í samræmi við siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003–2006. Á viðfangsefni *6.80 Sjóvarnargarðar* er lögð samtals til 48,3 m.kr. hækkun í samræmi við siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003–2006. En á móti er tímabundið framlag að fjárhæð 20 m.kr. fellt niður. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags, samtals 15,2 m.kr., auk lækkunar framlags um 4,3 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum.

Markaðar tekjur Siglingastofnunar er vitagjald sem áætlað er að skili 103,5 m.kr. í tekjur árinu 2005 sem er óbreytt frá fjárlögum 2004. Sjá nánar yfirlit yfir stöðu markaðra tekna á séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu.

336 ***Hafnabótasjóður.*** Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* er lögð til 39,6 m.kr. hækkun. Tillagan er í samræmi við samgönguáætlun 2003 til 2006 og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts skv. nýjum hafnalögum. Á viðfangsefninu er einnig fellt niður tímabundið framlag, að fjárhæð 14 m.kr. til dýpkunar Seyðisfjarðarhafnar. Hækkun á viðfangsefnum *6.74 Lendingabætur*, 1,2 m.kr., og *6.76 Ferjubryggjur*, 1,6 m.kr., skýrist af breytingum á þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

381 ***Rannsóknarnefnd sjóslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 31,9 m.kr. og hækkar um 0,7 m.kr. Farið er fram á 5 m.kr. framlag til Rannsóknarnefndar sjóslysa til að styrkja starfsemi hennar á rannsóknarsviði sínu. Óskað er eftir niðurfellingu á tímabundnu 5 m.kr. framlagi vegna ráðningar nýs framkvæmdastjóra og starfsloka eldri starfsmanns. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa og verðlags ásamt markmiðum um aðhald í ríkisútgjöldum.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Rekstur Flugmálastjórnar, 472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar, sem hét áður flugvellir, 473 Alþjóðaflugþjónusta, sem færist úr B-hluta, og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildarútgjöld eru áætluð 1.702,2 m.kr. og hækka um 98,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Skýrist það einkum af framkvæmdum vegna öryggissvæða á flugvöllum og aukna gjaldheimild á móti hækkuðum ríkistekjum.

471 ***Rekstur Flugmálastjórnar.*** Heildarframlag til rekstrar Flugmálastjórnar verður 1.204 m.kr. og hækkar um 67,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Farið er fram á að veitt verði

35,7 m.kr. gjaldaheimild á móti hækkuðum ríkistekjum. Áætlað er að framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðflugmálastofnunina haldist óbreytt á milli ára. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags, samtals 37,1 m.kr., auk lækkunar framlags um 5,1 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum.

472 ***Framkvæmdir Flugmálastjórnar.*** Til nánar skýringar er nafninu á liðnum breytt úr Flugvellir í Framkvæmdir Flugmálastjórnar. Heildarframlög á liðinn eru 467,1 m.kr. og er það 25,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Undir viðfangsefni *5.41 Viðhald* er lögð til 28,7 m.kr. lækkun samkvæmt samgönguáætlun fyrir árið 2005. Á viðfangsefni *6.41 Framkvæmdir* er 49,6 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 92,2 m.kr. framlag vegna framkvæmda á öryggissvæðum við flugvelli. Í öðru lagi er lagt til að framlag til viðfangsefnisins lækki um 54 m.kr. í samræmi við samgönguáætlun fyrir árið 2005. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

473 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Liðurinn færist úr B-hluta yfir í A-hluta í samræmi við framsetningar í ríkisreikningi. Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við flugumferð yfir N-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landsíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda sem ákvörðuð eru árlega. Áætlaður annar kostnaður en stofnkostnaður er 104,4 m.kr. og er aðallega vaxtagjöld. Alls eru sértekjur af yfirflugsgjöldum áætlaðar 254,4 m.kr. Mismunur á sértekjum og öðrum kostnaði, 150 m.kr., er stofnkostnaður Alþjóðaflugþjónustunnar.

481 ***Rannsóknarnefnd flugslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 31,1 m.kr. og hækkar um 5,7 m.kr. Farið er fram á 5 m.kr. framlag til að styrkja starfsemi hennar á rannsóknarsviði sínu. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri stofnana.

Póst og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Útgjöld eru áætluð 209,2 m.kr. og hækka um 0,1 m.kr. Hækkun er vegna millifærslu á Íslenska upplýsingasamfélagið að fjárhæð 7 m.kr. þar sem verkefni er lokið. Á móti koma launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 6,9 m.kr.

Ferðamál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður; 651 Ferðamálaráð. Útgjöld ráðsins eru áætluð 250,8 m.kr. Á rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar er gert ráð fyrir að framlag hækki

um 5,8 m.kr. Millifært er til baka 5 m.kr. framlag á lið *10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* þar sem verkefni er lokið. Aðrar breytingar á málefnaflokknum má rekja til launa og verðlags, samtals 2,3 m.kr., auk lækkunar framlags um 2,3 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
10-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.059,4	783,9	853,5	9	-19
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.555,2	2.639,3	2.837,3	8	-20
Stofnkostnaður og viðhald	117,3	37,2	42,2	13	-64
Samtals	**4.731,9**	**3.460,4**	**3.733,0**	**8**	**-21**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.113,9	3.376,3	8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	346,5	356,7	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**3.460,4**	**3.733,0**	**8**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 4.490 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 757 m.kr. en þær nema 17% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.733 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.376 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 357 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 854 m.kr. og hækka um 70 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um

19,5 m.kr. framlag til nýsköpunar- og markaðsmála. Einnig kemur til 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu til nýsköpunarmiðstöðvarinnar Impru og 10 m.kr. útgjöld Orkustofnunar vegna hærri leigukostnaðar og aukinnar starfsemi.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 198 m.kr. og verður 2.837 m.kr. en er 2.639 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur 140 m.kr. hækkun á framlagi til Tækniþróunarsjóðs ásamt 230 m.kr. útgjöldum vegna jöfnunar kostnaðar við dreifingu á rafmagni. Á móti lækkar áætlað framlag vegna landgrunnsrannsókna um 226,4 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 42 m.kr. og er það 5 m.kr. hækkun milli ára og skýrist það af hækkun á framlagi til íslenska upplýsingasamfélagsins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 7 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 197,8 m.kr fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld ráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér á eftir sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Spá 2006	Spá 2007	Spá 2008
Ráðuneyti	267	269	271	273
Iðnaðarmál	1.109	1.232	1.280	1.286
Orkumál	1.738	1.713	1.721	1.733
Byggðamál	619	625	631	637
Samtals	**3.733**	**3.839**	**3.903**	**3.929**

Útgjaldaþróunin byggir á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2004, eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld til orkumála lækki um 1,4% á milli 2005 og 2006 í stað 11% lækkunar. Skýrist það af því að á móti lækkun framlags til rannsókna á landgrunninum kemur 230 m.kr. fjárveiting til jöfnunar á kostnaði við dreifingar á raforku.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	116,3	123,5	139,4	12,9	19,9
Einkaleyfastofan	103,3	104,7	104,5	-0,2	1,2
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	10,0	15,0	50,0	-
Samtals	**219,6**	**246,2**	**266,9**	**8,4**	**21,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 16,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 139,4 m.kr. og hækka um 15,9 m.kr. frá fjárlögum 2004. Í fyrsta lagi er lagt til að 10 m.kr. verði fluttar af viðfangsefni *1.17 Fjárfestingarstofa, orkusvið* á aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytis. Í upphafi árs 2003 var Fjárfestingarstofan lögð niður og tók iðnaðarráðuneytið við hluta af starfseminni og fluttist einn starfsmaður frá henni til ráðuneytisins. Í öðru lagi er lagt til að 3 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið *299 Iðja og iðnaður* á aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna breytinga á nefndargreiðslum. Aðrar breytingar á liðnum eru vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda eða launa- og verðlagsbreytinga.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Koma 15 m.kr. í hlut iðnaðarráðuneytisins vegna eins verkefnis, tilraunasamfélag um rafræn viðskipti. Er það hækkun um 5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Iðnaðarmál

Til þessa málaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	145,9	172,9	186,4	7,8	27,8
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	86,0	89,4	91,1	1,9	5,9
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	35,1	14,6	19,7	34,9	-43,9
Tækniþróunarsjóður	0,0	200,0	340,0	70,0	-
Samtök iðnaðarins	197,5	207,1	214,3	3,5	8,5
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	26,0	75,0	75,0	0,0	188,5
Iðja og iðnaður, framlög	259,1	166,8	182,7	9,5	-29,5
Samtals	**749,6**	**925,8**	**1.109,2**	**19,8**	**48,0**

Útgjöld málefnaflokksins eru áætluð 1.109,2 m.kr. og er það 183,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingarnar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

*201 **Iðntæknistofnun Íslands.*** Útgjöld nema 186,4 m.kr. og hækka um 13,5 m.kr. frá fjárlögum 2004. Óskað er eftir 10 m.kr. framlagi til reksturs Impru vegna nýsköpunar í vísindum og tæknimálum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

*240 **Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.*** Framlag til þessa liðar hækkar um 5,1 m.kr. og verður 19,7 m.kr. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag næstu 6 árin vegna rannsókna á samfélagslegum áhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi. Samkvæmt þingsályktunartillögu, er samþykkt var á Alþingi 11. mars 2003, var Byggðarannsóknarstofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, falið að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda gætir mest. Jafnframt segir í tillögunni að verkefninu skuli áætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004. Byggðarannsóknarstofnun skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2005 og 2007 og síðan í lok verkefnisins. Byggðarannsóknarstofnun Íslands er deild innan háskólans á Akureyri sem rekin er í samvinnu við iðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun.

*242 **Tækniþróunarsjóður.*** Framlag til sjóðsins hækkar um 140 m.kr. og verður 340 m.kr. Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum er gerð tillaga um 140 m.kr. hækkun framlaga í Tækniþróunarsjóð. Sjóðnum er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

*245 **Samtök iðnaðarins.*** Áætlað er að iðnaðarmálagjald skili samtökunum 214,3 m.kr. tekjum árið 2005 sem er 7,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum.

*299 **Iðja og iðnaður, framlög.*** Framlög á þennan lið nema alls 182,7 m.kr., sem er 15,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2004. Á viðfangsefni *1.50 Nýsköpun og markaðsmál* er óskað eftir 19,5 m.kr. framlagi. Einnig er lagt til af sama viðfangsefni verði 3 m.kr. millifærðar á aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna breytinga á nefndargreiðslum. Á viðfangsefni *1.46 Hestamiðstöð Íslands* er lagt til að 5 m.kr. framlag verði fellt niður þar sem verkefninu er lokið. Aðrar breytingar á einstökum viðfangsefnum liðarins má rekja til launa- og verðlagsbreytinga og markmiða um hagræðingu í rekstri.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast fimm fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, sem er nýr liður í fjárlögum og 399 Ýmis orkumál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 48,5 m.kr. og eru áætluð 1.737,6 m.kr. á árinu 2005.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	294,6	335,5	356,6	6,3	21,0
Orkusjóður	82,8	32,8	32,8	0,0	-60,4
Niðurgreiðslur á húshitun	852,1	868,0	898,0	3,5	5,4
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	0,0	0,0	230,0	-	-
Ýmis orkumál	500,2	452,8	220,2	-51,4	-56,0
Samtals	**1.729,7**	**1.689,1**	**1.737,6**	**2,9**	**0,5**

301 ***Orkustofnun.*** Áætlað er að framlög stofnunarinnar hækki um 21,1 m.kr. og verði 356,6 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. fjárheimild vegna aukins húsaleigukostnaðar. Unnið að því að breyta húsnæði Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna að Grensásvegi 9. Fasteignir ríkissjóðs fjármagna það sem upp á vantar til að ljúka endurbótum hússins sem verði endurgreitt með hærri húsaleigu. Í öðru lagi er lagt til að framlag að fjárhæð 5 m.kr. verði millifært af viðfangsefni *6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið* á viðfangsefni *1.03 Orkurannsóknir* þar sem verkefni er lokið. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga og áforma um hagræðingu í rekstri.

373 ***Niðurgreiðsla á húshitun.*** Framlag á þennan lið er áætlað 898 m.kr. og hækkar um 30 m.kr. frá gildandi fjárlögum og skýrist það af verðlagsbreytingum. Samkvæmt lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er heimilt að niðurgreiða orkukostnað hjá þeim sem nýta rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis. Einnig er heimilt að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun. Þá er heimilt að veita stofnstyrki til hitaveitna í einkaeigu sem og hitaveitna á vegum sveitarfélaga. Orkustofnun annast framkvæmd og eftirlit með niðurgreiðslunum.

375 ***Jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku.*** Þetta er nýr fjárlagaliður samkvæmt lögum nr. 98/2004. Óskað er eftir 230 m.kr. til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku í samræmi við áætlaðan kostnað af ákvæðum laga. Lögin gera ráð fyrir að greiðslur til jöfnunar á dreifingarkostnaði raforku renni til almennra rafmagnsnotenda á þeim svæðum þar sem heimilað hefur verið að setja dreifbýlisgjaldskrá. Fyrirkomulagið verði með þeim hætti að iðnaðarráðherra setur með reglugerð viðmiðunarmörk sem skulu vera sem næst þeim raunkostnaði sem notendur dýrustu þéttbýlisdreifiveitu þurfa að greiða fyrir raforkudreifingu.

399 ***Ýmis orkumál.*** Heildarframlög á þennan fjárlagalið lækka um 232,6 m.kr. og eru áætluð 220,2 m.kr. Í fyrsta lagi lækkar framlag vegna landgrunnsrannsókna um 226,4 m.kr. á viðfangsefni *1.13 Hafsbotnsrannsóknir*. Framlagið mun því nema 50 m.kr. á árinu 2005 og verða 5,6 m.kr. á árinu 2006 en fellur niður árið 2007. Í öðru lagi er lagt

til að 10 m.kr. verði fluttar af *1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið* á aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytis. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag næstu 5 árin til styrktar reksturs skrifstofu Alþjóðajarðhitasambandsins á Íslandi.

Byggðarmál.

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 619,3 m.kr. og hækka um 20 m.kr. frá fjárlögum 2004. Hækkunin skýrist alfarið með launa- og verðlagsbreytingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	162,1	292,2	302,4	3,5	86,6
Byggðastofnun	985,9	307,1	316,9	3,2	-67,9
Samtals	**1.148,0**	**599,3**	**619,3**	**3,3**	**-46,1**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
11-401-1.10	Byggðaáætlun	Til verkefna hjá öðrum ráðuneytum og stofnunum.
11-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	731,7	773,0	818,8	6	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	684,1	681,7	519,2	-24	-24
Stofnkostnaður og viðhald	3,2	3,8	3,8	0	19
Samtals	**1.419,0**	**1.458,5**	**1.341,8**	**-8**	**-5**
Greitt úr ríkissjóði	-	360,6	387,9	8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.097,9	953,9	-13	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**1.458,5**	**1.341,8**	**-8**	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 1.352 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 10 m.kr. en þær nema tæplega 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.342 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 388 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 954 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 819 m.kr. og hækka um 45,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 20 m.kr. hækkun til eflingar Samkeppnisstofnunar. Að auki hækkar rekstur Fjármálaeftirlitsins um 12 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 163 m.kr. og verður 519 m.kr. en er 682 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur niðurfelling á framlagi til Flutningssjóðs sements, að fjárhæð 165 m.kr., þar sem að sjóðurinn hefur verið lagður niður.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 5 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 36,5 m.kr. án niðurfellinga og launa- og verðlagsbreytinga. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	160	159	160	161
Viðskiptamál	701	707	714	721
Flutningsjöfnun	481	481	481	481
Samtals	**1.342**	**1.347**	**1.355**	**1.363**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að kosti samtals um 8,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2005 og miðast við hámarksskuldbindingu en getur orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins hækka um 4,1 m.kr. sem skýrist af launa- og verðlagsbreytingum auk lækkunar vegna aðhalds í rekstri stjórnsýslustofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	111,7	115,8	120,6	4,1	8,0
Ýmis verkefni	47,4	37,3	36,6	-1,9	-22,8
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**159,1**	**156,1**	**160,2**	**2,6**	**0,7**

Viðskiptamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 302 Löggildingarstofa, 402 Fjármálaeftirlitið, 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 44,2 m.kr. og eru áætluð 700,6 m.kr. á árinu 2005. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	192,0	195,6	198,6	1,5	3,4
Fjármálaeftirlitið	254,2	288,7	309,5	7,2	21,8
Samkeppnisstofnun	151,7	157,3	177,7	13,0	17,1
Ýmis viðskiptamál	14,8	14,8	14,8	0,0	0,0
Samtals	**612,7**	**656,4**	**700,6**	**6,7**	**14,3**

302 ***Löggildingarstofa.*** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 3 m.kr. til að styrkja rekstur stofnunarinnar.

402 ***Fjármálaeftirlitið.*** Endurskoðuð áætlun um tekjur og gjöld gerir ráð fyrir 309,5 m.kr. útgjöldum sem eru fjármögnuð með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi til stofnunarinnar. Það er 20,8 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

902 ***Samkeppnisstofnun.*** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 20,4 m.kr. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. til eflingar samkeppnissviðs stofnunarinnar. Stofnuninni hafa verið falin ný verkefni og krefst fjölgunar starfsmanna. Samkeppnissvið er umsvifamest í starfi stofnunarinnar. Fyrirséð er að verkefni tengd t.a.m. fjarskiptalögum munu verða umfangsmikil á næstu árum. Jafnframt er talið brýnt að endurtaka rannsókn á samkeppnis- og viðskiptaháttum á matvörumarkaðinum. Á móti er lögð til 2,3 m.kr. lækkun vegna eftirlits með raforkumarkaði vegna tímabundinna fjárveitinga í samræmi við kostnaðarmat á frumvarpi um breytingar á raforkulögum. Í kostnaðarumsögn kemur fram að stofnunin fái 13 m.kr. fyrstu tvö árin og 8 m.kr. eftir það. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga auk lækkunar vegna markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks telst einn liður: 811 Flutningssjóður olíuvara. Eina breytingin frá fjárlögum 2004 er að Flutningssjóður sements hefur verið lagður niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	457,0	481,0	481,0	0,0	5,3
Flutningssjóður sements	190,2	165,0	0,0	-	-
Samtals	**647,2**	**646,0**	**481,0**	**-25,5**	**-25,7**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
12-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	582,3	525,5	584,9	11	0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,2	3,8	3,8	0	1800
Stofnkostnaður og viðhald	66,5	12,2	12,2	0	-82
Samtals	**649,0**	**541,5**	**600,9**	**11**	**-7**
Greitt úr ríkissjóði	-	457,6	522,4	14	-
Innheimt af ríkistekjum	-	83,9	78,5	-6	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**541,5**	**600,9**	**11**	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2005 eru áætluð um 616 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 15 m.kr. en þær nema 2,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 601 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 522 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði en 79 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Hagstofu Íslands hækki um 59,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 18,1 m.kr. þannig að raunhækkun fjárveitinga er 41,3 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 27 m.kr. fjárveiting til styrktar launaramma ráðuneytisins og eflingar starfsemi á sviði þjóðhagsreikninga en óhjákvæmilegt er að lögð verði meiri áhersla á efnahagstölfræði, ekki síst á sviði þjóðhagsreikninga og tölfræði fyrirtækja. Í öðru lagi er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu vegna evrópskrar lífskjarakönnunar. Um er að ræða verkefni sem hófst á árinu 2004 og er samræmt fyrir öll ríki Evrópska efna-

hagssvæðisins og verðandi aðildarríki ESB. Hagstofa Íslands er skuldbundin til að sinna þessu verkefni vegna EES-samningsins. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, leggur nokkurt fé til verksins fyrstu 3 árin, bundið því skilyrði að árið 2004 verði fyrsta ár könnunarinnar. Er því jafnframt sótt um 10 m.kr. fjárveitingu til verksins á fjáraukalögum 2004. Hagstofan ákvað að hefjast handa við könnunina til að nýta framboðið fé frá Eurostat auk þess sem það væri slæmt ef tölur fyrir Ísland kæmu ekki fram þegar farið verður að birta niðurstöður könnunarinnar á árunum 2005 og 2006. Kostnaður við könnunina er áætlaður um 14 m.kr. á ári. Í þriðja lagi er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til smíði gagnalagers. Hagstofa Íslands hefur unnið að smíði rafræns haggagnasafns eða gagnalagers. Verkið naut stuðnings verkefnisstjórnar upplýsingasamfélagsins á árinu 2003 en sá stuðningur féll niður í ár. Verkefnið er mjög viðamikið og nær til allra efnisflokka hagskýrslugerðar. Verkinu hefur miðað vel áleiðis og mun marka þáttaskil í starfsemi Hagstofunnar þegar afrakstur þess verður að fullu kominn í notkun. Gagnalagerinn eykur gæði hagskýrslna og gefur mun meiri möguleika til miðlunar gagna til rannsakenda og almennra notenda. Í fjórða lagi lækkar fjárveiting um 5,7 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun Hagstofunnar næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2005 til 2008. Áætlað er að útgjöld ráðuneytisins aukist um 1% að raungildi á ári. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Hagstofa Íslands	601	607	613	619
Samtals	**601**	**607**	**613**	**619**

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.118,5	2.538,5	2.894,1	14	37
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.109,1	984,4	1.000,7	2	-10
Stofnkostnaður og viðhald	970,3	376,4	534,6	42	-45
Samtals	**4.197,9**	**3.899,3**	**4.429,4**	**14**	**6**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.168,6	2.185,9	1	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.204,7	2.243,5	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	-474,0	0,0	-100	-
Samtals	-	**3.899,3**	**4.429,4**	**14**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 4.987 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 558 m.kr. en þær nema um 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.429 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.186 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði en 2.243 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.895 m.kr. og hækka um 356 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 320 m.kr. hækkun úrvinnsluútgjalda Úrvinnslusjóðs.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 16 m.kr. og verður 1.000 m.kr. en er 984 m.kr. í fjárlögum ársins 2004. Þyngst vegur 23 m.kr. aukning í endurgreiðslum á skipulagsgjaldi til sveitarfélaga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 535 m.kr. og er það 158 m.kr. hækkun milli ára. Munar þar mest um 170 m.kr. aukningu framlaga til ofanflóðavarna.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 17 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema um 612 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2005 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld umhverfisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2005 til 2008. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008
Ráðuneyti	410	413	416	417
Umhverfisvernd	2.512	2.575	2.467	2.569
Skipulagsmál	750	576	581	586
Rannsóknir	758	762	769	776
Samtals	**4.430**	**4.326**	**4.233**	**4.348**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka umhverfisráðu-

neytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *umhverfisvernd* lækki milli áranna 2006 og 2007. Skýrist það einkum af því að samkvæmt gildandi lögum lýkur stuðningi ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga í árslok 2006. Á móti kemur að reiknað er með 10% árlegum útgjaldavexti Endurvinnslunnar hf. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *skipulagsmál* lækki milli áranna 2005 og 2006. Það skýrist að stærstum hluta af því að gert er ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum Ofanflóðasjóðs á meðan mestu virkjana- og stóriðjuframkvæmdir standa yfir. Hæstu tímabundu fjárveitingarnar, sem í spánni er reiknað með að falli niður á tímabilinu, eru 20 m.kr. til styrktar fráveituframkvæmdum og 15 m.kr. til Veðurstofunnar, hvort tveggja á árinu 2006.

Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur gert samning við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar um loftgæðamælingar í þéttbýli og nemur samningsfjárhæðin um 9 m.kr. á yfirstandandi ári eins og tilgreint er í töflunni hér fyrir neðan. Samningurinn rennur út í árslok 2004. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort samningnum verður framlengt.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2004	2005	2006	2007	2008
Heilbrigðiseftirlit Rvk.borgar, mengunarmæl.	C	8,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		**8,7**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**

Verkefni og árangursmælingar – Mengunarvarnir og fráveituframkvæmdir

Tilgangur verkefna á sviði mengunarvarna er að stuðla að hreinu og heilsusamlegu umhverfi. Ómengað umhverfi verður æ verðmætari auðlind og í efnahagslegu tilliti er mikilvægt að Ísland standi undir ímynd hreinleika og hollustu sem oft er vitnað til, t.d. við markaðssetningu matvæla og ferðaþjónustu. Í mengunarvörnum leggur Ísland sérstaka áherslu á varnir gegn mengun hafsins. Þar kemur m.a. til mikilvægi sjávarafurða í íslensku efnahagslífi og nauðsyn þess að sjávarafurðir séu lausar við heilsuspillandi mengunarefni. Í framkvæmdaáætlun stjórnvalda um varnir gegn mengun sjávar frá landi er að finna yfirlit yfir aðgerðir sem grípa þarf til hér innanlands til að draga úr mengun hafsins.

Losun óhreinsaðs skólps er einn helsti mengunarvaldur hafsins. Skólpið er ríkt af næringarefnum sem geta valdið staðbundinni mengun vegna þörungablóma og súrefnisskorts í sjónum. Hér á landi er þessi vandi viðráðanlegri en víða annars staðar því að byggðin er strjál og skólpið rennur í opið Atlantshafið þar sem næringarefnin dreifast hratt. Mikið verk hefur verið unnið á undanförnum árum til að bæta fráveitumál í samræmi við kröfur Evrópusambandsins. Framkvæmdir í fráveitumálum eru í höndum sveitarstjórna en um fjárhagslegan stuðning ríkisins við þær framkvæmdir fer samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Útgjöld ríkisins til fráveitumála hafa verið nokkuð mismundandi á milli ára en árið 2003 voru þau ríflega 250 m.kr. eða rúmlega þrefalt hærri en árið 1996 þegar stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaganna hófst. Eftirfarandi mynd sýnir útgjöld sveitarfélaga til styrkhæfra fráveituframkvæmda árin 1995 til 2003 og endurgreiðslur ríkisins, hvort tveggja á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs.

Útgjöld ríkis og sveitarfélaga til fráveituframkvæmda, fast verðlag



Fá má vísbendingar um árangur með því að skoða hlutfall íbúa landsins sem býr í sveitarfélögum þar sem skólp er hreinsað. Eftirfarandi mynd sýnir hvernig hlutfall íbúa í sveitarfélögum með skólphreinsun hefur hækkað á undanförnum árum.

Hlutfall íbúa í sveitarfélögum þar sem skólp er hreinsað



Þegar lög um stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga voru sett árið 1995 var þess vænst að takast mætti að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum eigi síðar en á árinu 2005. Nú liggur fyrir að það markmið mun ekki nást.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	234,1	234,2	241,7	3,2	3,2
Ýmis verkefni	220,0	163,0	153,3	-6,0	-30,3
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	20,0	10,0	-50,0	-
Samtals	**454,1**	**422,2**	**410,0**	**-2,9**	**-9,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 19,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um að gert er ráð fyrir að dregið verði úr framlögum til Íslenska upplýsingasamfélagsins um 10 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 241,7 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins sem er 7,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs en þar af eru launa- og verðlagsbætur 7,2 m.kr. og raunhækkun fjárveitinga er því 0,3 m.kr. Farið er fram á 2,6 m.kr. fjárveitingu vegna aukins húsnæðiskostnaðar í nýju húsi ráðuneytisins á Lindargötu 9 en á móti kemur 2,3 m.kr. lækkun fjárveitinga vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til þessa liðar verði 153,3 m.kr. og jafngildir það 9,7 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum þessa árs. Á viðfangi *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* fellur niður 4,5 m.kr. tímabundið framlag vegna aðalfundar OSPAR, samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins gegn mengun, sem haldinn var í Reykjavík í sumar. Lagt er til að áfram verði veitt 10 m.kr. fjárveiting á viðfang *1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF,* þar sem ekki er annað fyrirhugað en að starfsemi haldi þar áfram í

óbreyttri mynd. Upphafleg fjárveiting var á sínum tíma veitt á fjárlögum 2000, tímabundin til fimm ára, og hefði að óbreyttu fallið niður. Á viðfangi *1.90 Ýmis verkefni* fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag sem Reykhólahreppi var veitt á fjárlögum 2004 í því skyni að fjarlægja gamalt frystihús í Flatey á Breiðafirði, bora eftir heitu vatni og lagfæra brunavarnir. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum auk hagræðingarkröfu á rekstur. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gjöld og framlög til liðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	12,1	8,1	8,0	-1,2	-33,9
Samvinnunefnd um miðhálendið	9,2	8,4	8,6	2,4	-6,5
Ýmis umhverfisverkefni	20,9	24,0	19,6	-18,3	-6,2
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0	13,1	13,2	0,8	1,5
Umhverfisvöktun	25,3	28,0	28,0	0,0	10,7
Alþjóðastofnanir	16,2	20,5	18,5	-9,8	14,2
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF	8,7	11,5	10,3	-10,4	18,4
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	6,5	8,1	8,2	1,2	26,2
Vernd hafsv. norðurs gegn mengun frá Rússlandi	0,0	1,5	1,4	-6,7	-
Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	2,9	3,0	3,1	3,3	6,9
Rannsóknastöð að Kvískerjum	25,0	1,1	1,1	0,0	-95,6
Vernd Breiðafjarðar	5,0	6,9	7,0	1,4	40,0
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	39,1	0,0	0,0	0,0	-
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	23,6	15,3	15,8	3,3	-33,1
Ýmis verkefni	12,5	13,5	10,5	-22,2	-16,0
Samtals	**220,0**	**163,0**	**153,3**	**-6,0**	**-30,3**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 100 m.kr. sérstöku framlagi. Koma 5 m.kr. í hlut umhverfisráðuneytisins og er það 5 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Til viðbótar leggur umhverfisráðuneytið jafnhátt framlag af fjárlagalið Náttúrufræðistofnunar þannig að 10 m.kr. eru til ráðstöfunar á liðnum. Framlagið gengur til verkefnisins Plöntuvefsjá en verkefnið felst í því að opna vefaðgang fyrir alla landsmenn að gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar um flóru Íslands. Gögnin verða tengd landupplýsingakerfi þannig að hægt verður t.d. að kalla fram plöntulista fyrir tiltekin landsvæði.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	6,6	7,0	7,1	1,4	7,6
Umhverfisstofnun	562,2	537,0	534,5	-0,5	-4,9
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	253,7	220,0	220,0	0,0	-13,3
Úrvinnslusjóður	274,2	715,0	1.035,0	44,8	277,5
Endurvinnslan hf.	711,1	700,0	715,0	2,1	0,5
Samtals	**1.807,8**	**2.179,0**	**2.511,6**	**15,3**	**38,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 316,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að undanskildum framlögum vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga. Munar þar mest um 320 m.kr. hækkun á fjárheimild Úrvinnslusjóðs en útgjöld sjóðsins eru fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

202 ***Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Framlag til stöðvarinnar er áætlað 7,1 m.kr. og hækkar um 0,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

211 ***Umhverfisstofnun.*** Gert er ráð fyrir 534,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og jafngildir það 18,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á fjárveitingum til stofnunarinnar: Á viðfangi *1.01 Umhverfisstofnun* fellur í fyrsta lagi niður 10 m.kr. tímabundið framlag til þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sem veitt var á fjárlögum 2004, ásamt 3 m.kr. tímabundnu framlagi til minkarannsókna sem veitt var á fjárlögum 2000. Í öðru lagi lækkar fjárveiting um 8 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi á veiðikort sem renna til stofnunarinnar. Í þriðja lagi er farið fram á 4,2 m.kr. fjárveitingu vegna hærri húsaleigu og reksturskostnaðar á húsnæði Veiðistjórnarsviðs stofnunarinnar í nýju rannsókna- og nýsköpunarhúsnæði á Akureyri. Bæði er hið nýja húsnæði stærra og leiguverð hærra frá því sem var í fyrra húsnæði. Í fjórða lagi er lögð til 19 m.kr. fjárveiting, þar af 4 m.kr. tímabundnar í eitt ár, á viðfang *5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði*, til stækkunar þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta áfanga að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2000, þannig að garðurinn nái einnig yfir suðurhluta Vatnajökuls og friðlýsta svæðið í Lakagígum. Samhliða stækkuninni er talið nauðsynlegt að ráða tvo landverði að þjóðgarðinum og er gert ráð fyrir að þeir hafi aðstöðu á Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Kostnaður er áætlaður 19 m.kr. árið 2005 en 15 m.kr. á ári eftir það. Í fimmta lagi er skilað til baka 2,5 m.kr. mótframlagi sem Umhverfisstofnun lagði til liðar *Íslenska upplýsingasamfélagsins* á fjárlögum 2004 vegna verkefnis um umhverfisfræðsluvef fyrir ungmenni og í sjötta lagi er gert ráð fyrir 4,4 m.kr. lækkun fjárveitingar í

samræmi við áform um hagræðingu í rekstri. Á viðfangi *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður 19 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var á fjárlögum 2001 til lagfæringar og uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

*281 **Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Gert er ráð fyrir 220 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það óbreytt fjárveiting frá gildandi fjárlögum. Þar af eru 20 m.kr. vegna fimmtu og síðustu endurgreiðslu á 100 m.kr. skerðingu fjárveitingar í fjárlögum ársins 2000.

*287 **Úrvinnslusjóður.*** Gert er ráð fyrir 1.035 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 320 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin er til komin vegna aukins kostnaðar við úrvinnslu úrgangs og er öll fjárveitingin fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi. Um Úrvinnslusjóð gilda lög nr. 162/2002, með síðari breytingum, um úrvinnslugjald. Starfsemi Úrvinnslusjóðs hófst árið 2003 og umfang starfseminnar hefur vaxið eftir því sem fleiri vöruflokkar hafa verið teknir inn í kerfið. Starfsemin tekur nú til úrvinnslu ýmiss konar spilliefna, ökutækja, hjólbarða, heyrúlluplasts og samsettra pappaumbúða fyrir drykkjarvörur. Samkvæmt lögunum skal úrvinnslugjald einnig lagt á veiðarfæri úr gerviefnum og pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005.

*289 **Endurvinnslan hf.*** Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir. Áætlað er að tekjurnar, sem allar renna til fyrirtækisins, verði 715 m.kr. og er það 15 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	135,8	126,2	125,8	-0,3	-7,4
Skipulagsmál sveitarfélaga	89,2	82,0	105,0	28,0	17,7
Landmælingar Íslands	195,3	196,5	170,1	-13,4	-12,9
Brunamálastofnun ríkisins	128,6	117,2	110,5	-5,7	-14,1
Ofanflóðasjóður	649,0	68,7	238,2	246,7	-63,3
Samtals	**1.197,9**	**590,6**	**749,6**	**26,9**	**-37,4**

Heildarframlag til málefnaflokksins hækkar um 146,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytinga. Mest munar um 169,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Ofanflóðasjóðs en sú fjárveiting er fjármögnuð með tekjum af forvarnargjaldi. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

301 ***Skipulagsstofnun.*** Gert er ráð fyrir 125,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og jafngildir það 4,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 3 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2003 til að ljúka gerð áætlunar um landnotkun á landsvísu. Auk þess lækkar fjárveiting um 1,2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu á rekstur. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

303 ***Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan lið er áætlað fyrir 105 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Fjárveitingin hækkar um 23 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og er hún að öllu leyti fjármögnuð með tekjum af skipulagsgjaldi.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir 170,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og jafngildir það 31,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 30 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2000 til kortagerðar af öllu landinu á stafrænu formi í mælikvarðanum 1:50.000. Auk þess lækkar fjárveiting um 1,6 m.kr. vegna hagræðingarkröfu á rekstur. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

321 ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 110,5 m.kr. og jafngildir það 10 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin stafar af því að niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2001 til stuðnings brunavörnum í smærri sveitarfélögum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

381 ***Ofanflóðasjóður.*** Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði 238,2 m.kr. og hækki um 169,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en þá var framlag til Ofanflóðasjóðs lækkað um 130 m.kr. frá fjárlögum fyrra árs til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum. Gert er ráð fyrir að kostnaður við ofanflóðaframkvæmdir geti orðið 295 m.kr., eða sem nemur samningsbundnum framkvæmdum á árinu 2005, og hækki um 241,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Reiknað er með að þar af geti sjóðurinn fjármagnað 72 m.kr. með vaxtatekjum af inneign hjá ríkissjóði. Samkvæmt upplýsingum sjóðsins nema samningsbundnar framkvæmdir 70 m.kr. árið 2006 og gera má ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum á meðan stóriðju- og virkjanaframkvæmdir standa yfir.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	193,1	170,8	189,3	10,8	-2,0
Náttúrustofur	61,0	83,9	55,3	-34,1	-9,3
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	11,9	18,8	23,1	22,9	94,1
Veðurstofa Íslands	472,1	434,0	490,5	13,0	3,9
Samtals	**738,1**	**707,5**	**758,2**	**7,2**	**2,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 27,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru talda almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir 189,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og jafngildir það 12,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangi *1.02 Setur í Reykjavík* fellur niður 7 m.kr. tímabundið framlag til að skilgreina, flokka og meta verndargildi helstu vistgerða og jarðmyndana á Íslandi og einnig fellur niður 2,5 m.kr. tímabundið framlag til útgáfu jarðfræðikorta. Lögð er til 1,5 m.kr. fjárveiting til að mæta hækkun á húsaleigu fyrir húsnæði stofnunarinnar við Hlemm og lagt er til að veitt verði 4,4 m.kr. framlag tímabundið í 3 ár til rjúpnarannsókna, en á vegum stofnunarinnar er nú unnið að vöktun rjúpnastofnsins í samræmi við rannsóknaráætlun sem tekur til áranna 2003 til 2007 og staðfest hefur verið af umhverfisráðuneytinu. Aðrar breytingar skýrast af 5 m.kr. framlagi stofnunarinnar til verkefnis um Plöntuvefsjá á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* og 1 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Á viðfangi *1.03 Setur á Akureyri* er farið fram á 22,4 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á húsaleigu og öðrum húsnæðiskostnaði Akureyrarseturs í nýju rannsóknar- og nýsköpunarhúsnæði við Hafnarstræti. Um er að ræða 30,3 m.kr. kostnað á ársgrundvelli, samanborið við 7,9 m.kr. kostnað í fyrra húsnæði en hið nýja húsnæði er ríflega 500 fm.stærra. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

*403 **Náttúrustofur.*** Framlags ríkisins til náttúrustofa sveitarfélaga færist á þennan fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 55,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 30 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin skýrist af því að niður fellur 5 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2004 til hverrar stofu nema hinnar nýju náttúrustofu á Húsavík. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

*407 **Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.*** Gert er ráð fyrir 23,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og jafngildir það 3,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 3,7 m.kr. fjárveiting vegna hækkunar á húsaleigu og öðrum húsnæðiskostnaði stofnunarinnar í nýju rannsókna- og nýsköpunarhúsnæði við Hafnarstræti. Um er að ræða 5 m.kr. kostnað á ársgrundvelli samanborið við 1,3 m.kr. kostnað í fyrra húsnæði en hið nýja húsnæði er tæplega 90 fm stærra. Loks er lagt til að 1,3 m.kr. verði millifærðar af stofnkostnaði á rekstur til samræmis við reynslutölur úr rekstri stofnunarinnar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum auk 0,1 m.kr. hagræðingarkröfu á rekstur.

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Gert er ráð fyrir 490,5 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands á næsta ári og jafngildir það 40,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á fjárveitingum til stofnunarinnar: Í fyrsta lagi 13 m.kr. fjárveiting til aðildargreiðslna, auk 15 m.kr. tímabundinnar fjárveitingar í eitt ár til kaupa á búnaði, vegna samstarfssamnings sem fyrirhugað er að gera við Veðurathugunarstofnun Evrópu, EUMETSAT, sem m.a. tryggir aðgang að þeim fjarkönnunargögnum, sem sú stofnun hefur upp á að bjóða, auk aðgengi að þróunar- og rannsóknarvinnu sem rekin er í samstarfi ríkjanna. Öll ríki Vestur-Evrópu að frátöldu Íslandi eru nú aðilar að EUMETSAT-samstarfinu, auk þess sem sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa á allra síðustu árum gert samstarfssamning við stofnunina. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 11 m.kr. fjárveiting til áframhaldandi vöktunar á Mýrdalsjökuls- og Húsavíkursvæðunum. Um er að ræða 6 m.kr. launakostnað og 5 m.kr. til reksturs jarðskjálfta- og GPS-stöðva á svæðunum. Fjárveitingar vegna vöktunarinnar hafa verið veittar á fjáraukalögum undanfarin ár. Er lagt til að fjárveitingin verði varanleg og að Veðurstofan samræmi aðgerðir þeirra sem koma að vöktuninni. Í þriðja lagi er skilað til baka 5 m.kr. mótframlagi sem Veðurstofan lagði til liðar *Íslenska upplýsingasamfélagsins* á fjárlögum 2004 vegna verkefnis um bráðaviðvörunarkerfi vegna náttúruhamfara. Í fjórða lagi er lögð til 0,9 m.kr. fjárveiting vegna leigu og reksturs á húsnæði fyrir Miðstöð jarðskjálftarannsókna í nýju rannsókna- og nýsköpunarhúsnæði á Akureyri. Loks er gert ráð fyrir 4,2 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við áform um hagræðingu í rekstri. Á viðfangi *1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug* hækka sértekjur og gjöld um 45 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun um veltu í samræmi við samning við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um kaup á veðurþjónustu. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
14-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2003 m.kr.	Fjárlög 2004 m.kr.	Frumvarp 2005 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	5.947,0	6.170,0	6.000,0	-2,8	0,9
Spariskírteini	2.586,0	2.380,0	1.600,0	-32,8	-38,1
Ríkisbréf	3.285,0	3.730,0	5.200,0	39,4	58,3
Ríkisvíxlar	1.041,0	1.220,0	1.400,0	14,8	34,5
Önnur innlend lán	138,0	130,0	150,0	15,4	8,7
Annar vaxtakostnaður	744,0	1.150,0	740,0	-35,7	-0,5
Innlendur lántökukostnaður	267,0	260,0	260,0	0,0	-2,6
Erlendur lántökukostnaður	49,0	100,0	100,0	0,0	104,1
Gengismunur vegna sölu bankanna	1.199,0	0,0	0,0	0,0	-100,0
Samtals	**15.256,0**	**15.140,0**	**15.450,0**	**2,0**	**1,3**

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs muni nema alls 15,5 milljörðum króna á árinu 2005. Er það um 310 milljón króna hækkun frá fjárlögum 2004.

Vaxtagjöld spariskírteina eru áætluð 1,6 milljarðar króna á næsta ári en reiknað er með að þau verði um 2,4 milljarðar á þessu ári. Á árinu 2005 kemur stór flokkur spariskírteina til innlausnar en hann nemur um helmingi verðgildis útistandandi spariskírteina.

Vaxtagjöld ríkisbréfa aukast nokkuð á milli ára og eru áætluð um 5,2 milljarðar króna á móti áætlun um 4 milljarða á árinu 2004 en ríkissjóður hefur gefið úr ríkisbréf á árinu 2004 til endurfjármögnunar.

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld ríkisvíxla og annarra innlendra lána verði svipuð bæði árin 2004 og 2005 eða um 1,5 milljarðar króna. Annar vaxtakostnaður skýrist að mestu af vöxtum á inneign Atvinnuleysistryggingarsjóðs, Ofanflóðasjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur til markaðra tekjustofna hjá ríkissjóði. Endurmat á þessum vaxtakostnaði á árinu

2004 bendir til að hann lækki um rúmlega 400 milljónir og verði um 740 milljónir króna sem er sama fjárhæð og áætluð er á árinu 2005.

Erlendur vaxtakostnaður er áætlaður um 6 milljarðar króna eða um 170 milljónum króna lægri en í fjárlögum 2004.

Reiknað er með að innlendur og erlendur lántökukostnaður verði sá sami á næsta ári og í gildandi fjárlögum eða um 360 milljónir króna.

Greiddir vextir eru áætlaðir 18,1 milljarður króna á árinu 2005 og er það 5,3 milljarða króna hækkun frá gildandi fjárlögum. Þar er einkum um að ræða greidda vexti við innlausn spariskírteina árið 2005 þar sem óvenjustór flokkur kemur á gjalddaga á næsta ári eins og áður getur. Mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta, tæpir 2,7 milljarðar króna, kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Sú breyting er gerð í frumvarpinu að ekki er áætlað fyrir fjárreiðum Alþjóðaflugþjónustunnar í B-hluta.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 26,1 milljarður króna á árinu 2005 og rekstrargjöld 28,8 milljarðar króna. Tekjur lækka um liðlega 1,5 milljarða króna og gjöld um 1,8 milljarða frá áætlun í fjárlögum 2004 þar sem fjárreiður Alþjóðaflugþjónustunnar eru fluttar úr B-hluta fjárlaga í A-hluta. Að öðru leyti breytast tekjur, gjöld og afkoma reglulegrar starfsemi fyrirtækja í B-hluta óverulega frá fjárlögum. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði 325 m.kr. umfram fjármunatekjur og er það hækkun um 23 m.kr. Gangi áætlanir eftir verður 3,1 milljarðs króna tap á reglulegri starfsemi en tap samkvæmt áætlun fjárlaga var 3,3 milljarðar króna. Breytingar frá ríkisreikningi 2003 eru sömuleiðis litlar. Framlag A-hluta til rekstrar fyrirtækja í B-hluta er áætlað 3,8 milljarðar króna og hækkar um 546 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 672 m.kr. frá árinu 2003. Mestu munar um 326 m.kr. hækkun til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli frá fjárlögum vegna aukinna ríkistekna af öryggisgjaldi og lendingargjaldi og 218 m.kr. hækkun frá fjárlögum til Ríkisútvarpsins vegna ríkistekna af afnotagjöldum. Aðrar tekjur B-hluta eru áætlaðar 209 m.kr. sem er svipað og samkvæmt ríkisreikningi og áætlun fjárlaga. Samanlagt er talið að fyrirtæki í B-hluta verði rekin með 965 m.kr. afgangi en afgangur sömu fyrirtækja samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs var 284 m.kr. og afgangur samkvæmt reikningi 2003 var 202 m.kr. Gangi þetta eftir batnar afkoman um 681 m.kr. frá áætlun fjárlaga og skýrist fyrst og fremst af því að ríkistekjur vaxa og gert er ráð fyrir að rekstrargjöld hækki óverulega.

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 2,1 milljarð króna í varanlegum rekstrarfjármunum sem er 691 m.kr. meira en áætlað er í fjárlögum 2004 þegar fjárfesting Alþjóðaflugþjónustunnar er frátalin. Mestu munar um 555 m.kr. meiri fjárfestingu Rafmagnsveitna ríkisins sem samtals er áætlað að fjárfesti fyrir 1,6 milljarða króna í varanlegum rekstrar-

fjármunum. Að auki er gert ráð fyrir að Rafmagnsveiturnar eignist hluta í fyrirtækjum í raforkuflutningi og er heildarfjárfesting fyrirtækisins því áætluð um 2,4 milljarðar króna. Heildarfjárfesting fyrirtækja í B-hluta er áætluð tæpir 2,9 milljarðar króna samanborið við 1,4 milljarða króna hjá sömu fyrirtækjum samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs.

Lántaka er áætluð 1.040 m.kr. en hún er 200 m.kr. hjá sömu fyrirtækjum samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs og 400 m.kr. sé Alþjóðaflugþjónustan tekin með. Mest munar um 1 milljarðs króna lántöku Rafmagnsveitna ríkisins.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð er áætluð 380 m.kr. og hækkar um 3,8% frá áætlun fjárlaga en tæp 8% frá árinu 2003. Aðeins tvö fyrirtæki greiða arð í ríkissjóð, ÁTVR og RARIK, en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir arð beint til Háskóla Íslands.

Gangi framangreint eftir er áætlað að handbært fé í árslok 2005 nemi 1,5 milljörðum króna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Frumvarp 2005
Rekstrartekjur	27.632,1	26.082,5
Rekstrargjöld	-30.642,0	-28.847,7
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	-301,9	-324,8
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-3.311,8**	**-3.090,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.393,4	3.846,1
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	202,1	208,5
Hagnaður (-tap)	**283,7**	**964,6**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	283,7	964,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.735,4	1.755,4
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-97,5	-35,8
Handbært fé frá rekstri	**1.921,6**	**2.684,2**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-1.572,1	-2.063,0
Áhættufjármunir	0,0	-794,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	21,5	2.669,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.550,6**	**-187,5**
Tekin löng lán	400,0	1.040,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-547,5	-2.591,4
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-366,0	-380,0
Annað	-290,0	-225,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-803,5**	**-2.156,4**
Breyting á handbæru fé	-432,5	340,3
Handbært fé í ársbyrjun	1.559,1	1.194,7
Handbært fé í árslok	1.126,6	1.535,0

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 ***Happdrætti Háskóla Íslands.*** Áætlað er að hagnaður af rekstri nemi 440 m.kr. sem er 125 m.kr. lakari útkoma en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs og 36 m.kr. lakara en árið 2003. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur hækki um 5,5% en rekstrargjöld um 13% frá áætlun í fjárlögum. Meðal rekstrargjalda er áætlað fyrir 110 m.kr. einkaleyfisgjaldi til ríkisins og er það 20% af hagnaði af reglulegri starfsemi. Tekjur af gjaldinu renna til *02-218 Tækjasjóður* en hlutverk hans er að veita háskólum og öðrum rannsóknarstofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og sérhæfðum búnaði til rannsókna. Hagnaður af rekstri happdrættisins rennur til Háskóla Íslands og skal honum varið til að reisa byggingar á vegum skólans. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Áætlað er að framlag happdrættisins til Háskólans nemi 400 m.kr. árið 2005. Þar af verður 175 m.kr. varið í afborganir og vexti af lánum sem tekin hafa verið á síðustu árum til að fjármagna framkvæmdir skólans og áætlað að greiða skólanum 225 m.kr. Samkvæmt ársreikningi happdrættisins námu langtímaskuldir og skuldbindingar þess liðlega 1,3 milljörðum króna í árslok 2003 og er gert ráð fyrir að greiða álíka fjárhæð í afborganir og vexti af lánunum á næstu árum og á árinu 2005.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Áætlað er að tekjur Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum nemi 2.516 m.kr. og eru þær sýndar sem framlag til rekstrar af fjárlagalið *02-971 Ríkisútvarpið* í A-hluta frumvarpsins. Hækka þessar tekjur frá fjárlögum 2004 því um 9,5% og skýrist af 7% hækkun afnotagjalda frá 1. maí 2004, áætlaðri fjölgun greiðenda og breyttri meðferð á afskriftum afnotagjalda í bókhaldi. Áætlað er að rekstrartekjur sem Ríkisútvarpið aflar með sölu á auglýsingum o.fl. nemi 975 m.kr. sem er 6,2% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en 1,3% sé miðað við rekstrarreikning ársins 2003. Fjármagnsgjöld eru talin verða 229 m.kr. meiri en fjármunatekjur sem er lítils háttar hækkun frá fjárlögum en 11% frá reikningi 2003 og stafar m.a. af lántöku til framkvæmda. Miðað er við að áfram verði hagrætt og beitt aðhaldi í rekstri og eru rekstrargjöld áætluð 3.262 m.kr. á árinu 2005 en það er 7,4% hækkun frá áætlun fjárlaga yfirstandandi árs en 2,1% hækkun frá árinu 2003. Meðal rekstrargjalda er 61 m.kr. vegna afskrifta afnotagjalda en áður voru afskriftir dregnar frá tekjum. Markmiðið er að Ríkisútvarpið verði rekið án halla en í fjárlögum 2004 var áætlað að hallinn gæti orðið 45 m.kr. Hallinn var hins vegar 314 m.kr. á árinu 2003 samkvæmt ríkisreikningi. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að fjárfest verði í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir

150 m.kr. sem er 50 m.kr. minna en fjárlög 2004 gera ráð fyrir. Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2005 en í fjárlögum 2004 var veitt 200 m.kr. lántökuheimild á yfirstandandi ári.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag rekstraraðila til hljómsveitarinnar nemur 473,9 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og hækkar í samræmi við áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar. Þar af greiðir ríkissjóður 56% eða 265,4 m.kr., Ríkisútvarpið 25% eða 118,5 m.kr., Reykjavíkurborg 18% eða 85,3 m.kr. og Seltjarnarnesbær 1% eða 4,7 m.kr. Rekstraraðilar hljómsveitarinnar eru að ljúka við gerð samkomulags um að yfirtaka skuldbindingar hennar gagnvart B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í samræmi við skýringu við aukafjárveitingu til hljómsveitarinnar árið 2003.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að heildarrekstrartekjur nemi 944 m.kr. Þar af er framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs vegna innheimtra ríkissjóðstekna áætlað 918 m.kr. og hækkar um 326 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Annars vegar er gert ráð fyrir að lendingargjald skili 515 m.kr. og hins vegar að öryggisgjald skili 403 m.kr. en þar af eru 273 m.kr. greiddar sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli vegna vopnaleitar og annarra öryggismála. Áætlað er að rekstrargjöld nemi í heildina 929 m.kr. og eru þar með taldar 110 m.kr. vegna afskrifta rekstrarfjármuna. Vaxtagreiðslur eru áætlaðar 10 m.kr. Samkvæmt þessu er hagnaður af rekstri áætlaður 15 m.kr. en tap er áætlað 193 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Afkomubatinn skýrist með auknum ríkistekjum. Áætlað er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 105 m.kr. og taka til þess 40 m.kr. lán.

118 Ratsjárstofnun. Stofnunin sér um rekstur og viðhald á ratsjárstöðvum sem eru á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Þá starfrækir hún hugbúnaðarmiðstöð, innkaupa- og birgðadeild og viðhaldseftirlit á Keflavíkurflugvelli. Starfsmenn eru 80 samtals. Hjá Kögun hf., sem er undirverktaki Ratsjárstofnunar og tekur þátt í rekstri og viðhaldi á hugbúnaði, starfa 26 starfsmenn að verkefninu. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld Ratsjárstofnunar á árinu 2005 verði 1.373 m.kr. og tekjur jafnmiklar. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar 15 milljarðar króna á næsta ári en það er um 200 m.kr. hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2004. Söluáætlun áfengis byggist á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu á árinu 2003 en miðað er við að selt magn áfengis aukist um 2% á árinu 2004 og önnur 2% á árinu 2005. Gert er ráð fyrir að á árinu 2004 dragist sala á tóbaki saman um 5% og um 3% til viðbótar árið 2005. Rekstrargjöld ársins 2005 eru áætluð 14,7 milljarðar króna og lækka um 50 m.kr. frá áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Launagjöld eru miðuð við óbreyttan mannafla að teknu tilliti til áforma um fjölgun verslana og lengri afgreiðslutíma og áætlaðrar launahækkunar vegna kjarasamninga. Eftirlaunaskuldbindingar eru áætlaðar 30 m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður aukist í samræmi við fjölgun verslana í leiguhúsnæði, bifreiðakostnaður verði óbreyttur en aðrir liðir verði sambærilegir og í fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármunatekjur eru áætlaðar 18 m.kr. og gert er ráð fyrir 93,9 m.kr. hækkun á handbæru fé ÁTVR. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði alls 170 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 2005 en greiðir 149 m.kr. skv. fjárlögum 2004.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, tóku til starfa 1. júlí 2003 skv. lögum nr. 86/2003 og 87/2003. Með lögunum var öll starfsemi Rannsóknasviðs Orkustofnunar flutt í heilu lagi til ÍSOR. Við áætlun tekna og gjalda er reiknað með að umfang starfseminnar verði svipað og undangengin ár. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði 410 m.kr. og rekstrargjöld 390 m.kr. þannig að 20 m.kr. hagnaður verði á rekstrinum. Gert er ráð fyrir að fjárfesta í tækjum og búnaði fyrir 55 m.kr. þar sem mörg tæki eru gömul og ófullkomin og er áætlað að ganga á handbært fé og er miðað við að handbært fé lækki um helming og nemi 20 m.kr. í árslok 2005.

321 Rafmagnsveitur ríkisins. Rekstrartekjur fyrirtækisins eru áætlaðar tæplega 5,7 milljarðar króna á árinu 2005 sem er 199 m.kr. minni tekjur en samkvæmt fjárlögum 2004 og 104 m.kr. minna en á árinu 2003. Rekstrargjöld eru áætluð 5,5 milljarðar sem er 535 m.kr. minna en samkvæmt fjárlögum og 350 m.kr. lækkun frá reikningi 2003. Lækkun rekstrargjalda má rekja að hluta til áforma um að flytja flutningsmannvirki fyrirtækisins í Landsnet hf. Að teknu tilliti til 116 m.kr. fjármagnsgjalda umfram fjármunatekjur er reiknað með 55 m.kr. hagnaði af reglulegri starfsemi sem er 322

m.kr. afkomubati frá árinu 2003 og áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Framlag ríkisins af lið *11-399 Ýmis orkumál í A-hluta frumvarpsins* er áætlað 147 m.kr. og af þeirri fjárhæð skal 137 m.kr. varið til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 10 m.kr. til rannsókna og þróunarverkefna samkvæmt samningi við iðnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið frá árinu 1995. Meðal rekstrargjalda er 1 milljarður króna í afskriftir og flýtiafskriftir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 1,2 milljörðum króna. Áætlað er að fjárfesta fyrir 2,4 milljarða króna í virkjunum og mælibúnaði eða með kaupum á mælingarfyrirtæki vegna nýrra raforkulaga. Þar af eru 820 m.kr. vegna Lagarfossvirkjunar og 800 m.kr. eignarhluti í flutningskerfum. Gert er ráð fyrir að sala á varanlegum rekstrarfjármunum nemi tæplega 2,7 milljörðum króna og er þar að mestu um að ræða áætlanir um afhendingu flutningsmannavirkja fyrirtækisins til Landsnets hf. Einnig er gert ráð fyrir að skuldir færist til Landsnetsins og að RARIK eignist hlut í fyrirtækinu. Hér er um að ræða bráðabirgðatölur sem verða endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 2,2 milljarðar króna og arðgreiðsla í ríkissjóð 210 m.kr. en það er 2% af eigin fé. Gangi þessi áætlun eftir verður handbært fé í árslok 2005 um 55 m.kr.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Þær breytingar eru frá fjárlögum 2004 að Framleiðnisjóður landbúnaðarins er ekki lengur í C-hluta og við bætist nýr liður *47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild* sem veitir lán sem fjármögnuð eru með útgáfu og sölu íbúðabréfa og tekur við hlutverki húsbréfadeildar sjóðsins.

Fjármunatekjur í C-hluta eru áætlaðar 46,7 milljarðar króna á árinu 2005 og er það 16,4% hækkun frá áætlun fjárlaga 2004. Fjármagnsgjöld eru áætluð 43,1 milljarður króna og er það 17,3% hækkun. Fjármunatekjur reyndust vera 37,4 milljarðar króna árið 2003 og fjármagnsgjöld 34,1 milljarðar. Í þessu sambandi munar mest um Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga voru áætluð 800 m.kr. í fjárlögum en falla niður vegna breytinga á reikningsskilareglum. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 2,7 milljarðar króna árið 2005 og er það liðlega 300 m.kr. hækkun. Eru þau áætluð 3% af heildarútlánum en þau voru 2,8% í fjárlögum 2004 og 4,4% á árinu 2003.

Framlag til rekstrar úr ríkissjóði er áætlað 4,4 milljarðar króna og lækkar um 392 m.kr. frá fjárlögum sé tekið tillit til þess að fjárreiður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem fær 185 m.kr. ríkisframlag í fjárlögum, eru fluttar úr B-hluta yfir í A-hluta. Helstu breytingar eru þær að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 338 m.kr. og 742 m.kr. framlag til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fellur niður. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 1,2 milljarðar króna og hækka um 17,6% hjá þeim stofnunum sem áætlað er fyrir í C-hluta frumvarpsins. Auknar tekjur Íbúðalánasjóðs skýra mestalla hækkunina. Önnur rekstrargjöld nema liðlega 2 milljörðum króna og hækka um 4,4%. Gangi framangreint eftir er áætlað að hagnaður C-hluta muni nema 4,5 milljörðum króna en hann var liðlega 4 milljarðar króna samkvæmt áætlun fjárlaga og 4,2 milljarðar á árinu 2003.

Að teknu tilliti til afskrifta og annarra rekstrarliða, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum, er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 18,7 milljörðum króna sem er 1,5 milljörðum minna en í fjárlögum.

Gert er ráð fyrir að veitt verði löng lán að fjárhæð 90,1 milljarður króna og er það 5,4 milljörðum meira en áætlað er í fjárlögum 2004 eða 6,5%. Árið 2003 námu útlánin 50,4 milljörðum króna og nemur útlánaaukning því 79% á tveimur árum. Áætlað er að innheimtir verði 30,9 milljarðar króna af veittum löngum lánum sem er aukning um 4,4 milljarða frá fjárlögum en aukning um 23,5 milljarða frá árinu 2003. Fyrirvari er gerður um áætlanir Íbúðalánasjóðs vegna samkeppni á markaði um lán til íbúðakaupa. Verða þær áætlanir endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Miðað er við að lánastofnanir í C-hluta taki 95,9 milljarða króna að láni og er það 1,5 milljörðum minna en á árinu 2004 samkvæmt fjárlögum en 43,3 milljörðum króna meira en árið 2003 samkvæmt reikningi. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 46,5 milljarðar króna og er það 5,1 milljarði meira en samkvæmt fjárlögum 2004. Lántökur umfram afborganir eru samkvæmt þessu áætlaðar 50,3 milljarðar króna en eru áætlaðar 55,9 milljarðar króna í fjárlögum 2004. Nettó lántökur lánastofnana í C-hluta fjárlaga minnka samkvæmt þessu um 5,6 milljarða króna milli ára. Afföll af sölu verðbréfa eru áætluð 6,8 milljarðar króna eða 7,1% af teknum löngum lánum samanborið við 10,2 milljarða króna í fjárlögum yfirstandandi árs. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana verði um 17 milljarðar króna í árslok 2005.

Að venju er gert ráð fyrir að endurskoða þurfi fjárreiður lánastofnana í C-hluta fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Frumvarp 2005
Fjármunatekjur	40.139,7	46.729,5
Fjármagnsgjöld	-36.757,8	-43.121,3
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-800,0	0,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.385,0	-2.698,0
Hreinar fjármunatekjur	**196,9**	**910,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	5.002,9	4.425,5
Aðrar rekstrartekjur	1.038,0	1.168,0
Önnur rekstrargjöld	-2.191,6	-2.038,5
Hagnaður (-tap)	**4.046,2**	**4.465,2**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	4.046,2	4.465,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	16.166,6	15.278,1
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	0,0	-1.067,0
Handbært fé frá rekstri	**20.212,8**	**18.676,3**
Veitt stutt lán	-100,0	0,0
Veitt löng lán	-84.595,0	-90.106,0
Afborganir af veittum löngum lánum	26.458,0	30.870,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	-76,0	-81,0
Áhættufjármunir, nettó	515,0	145,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-57.798,0**	**-59.172,0**
Tekin löng lán	97.357,0	95.903,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-41.412,0	-46.533,0
Annað, nettó	-10.230,0	-6.810,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**45.715,0**	**42.560,0**
Breyting á handbæru fé	8.129,8	2.064,3
Handbært fé í ársbyrjun	11.976,6	14.913,6
Handbært fé í árslok	20.106,4	16.977,9

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Útlán sjóðsins til lengri tíma eru áætluð liðlega 7 milljarðar króna en þau voru 6,4 milljarðar í fjárlögum 2004 og 5,3 milljarða króna á árinu 2003. Þetta er 10,5% hækkun frá yfirstandandi ári en 33% hækkun frá 2003. Útlán gætu orðið heldur meiri vegna þess að sjóðurinn á ónotað ríkisframlag frá fyrra ári. Hækkun milli ára skýrist með fjölgun lánþega og áætlaðri þróun neysluverðsvísitölu og gengi gjaldmiðla. Lánin eru vaxtalaus á námstíma en bera 1% vexti frá námslokum. Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkisins til sjóðsins á *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna* í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar á framlagsþörf hans. Framlagsþörfin var síðast endurskoðuð í nóvember 2003 og er talin nema 49% af útlánum auk framlags vegna rekstrargjalda að frádregnum sértekjum. Framlag ríkisins er áætlað liðlega 3,7 milljarðar króna og þar af nema rekstrargjöld 318 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 17 m.kr. Ríkisframlag hækkar samkvæmt þessu um 338 m.kr. frá fjárlögum 2004 og er það 9,9%. Meðal rekstrargjalda eru vaxtastyrkir vegna lána sem greidd eru út að liðinu skólaári, misseri eða önn og eru þeir áætlaðir 106 m.kr. Fjármunatekjur eru áætlaðar 2,4 milljarðar króna og fjármagnsgjöld 2,7 milljarðar króna og hækkar hvort tveggja lítillega frá fjárlögum 2004. Samkvæmt reikningi 2003 námu fjármunatekjur og fjármagnsgjöld tæplega 2,5 milljörðum króna og stóðust á. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 820 m.kr. sem er nálægt 12% af útlánum og sama hlutfall og í forsendu fjárlaga yfirstandandi árs. Samkvæmt þessu verða hreinar fjármunatekjur neikvæðar um 1,1 milljarð króna á árinu 2005 og hagnaður af rekstri sjóðsins 2,3 milljarðar króna en hann var 1,3 milljarðar króna samkvæmt fjárlögum 2004. Ástæða aukins hagnaðar er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara vaxandi og þarf því að styrkja eiginfjárstöðu sjóðsins svo að hann geti örugglega staðið undir skuldbindingum sínum í framtíðinni. Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn veiti lán til skemmri tíma á markaðskjörum en þau voru áætluð 100 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 3,9 milljarða króna í afborganir af veittum lánum en það er 7,7% aukning á milli ára vegna þess að greiðendum fjölgi og tekjur þeirra hækki. Endurgreiðslur námslána hefjast um það bil tveimur árum eftir námslok og er árleg endurgreiðslufjárhæð háð tekjum lánþega að námi loknu. Áætlað er að sjóðurinn greiði 3,4 milljarða króna af lánumsem hann hefur tekið sem er það 9,7% hækkun milli ára.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

*842 **Lánasjóður landbúnaðarins.*** Hlutverk sjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að þróun atvinnuvegarins. Sjóðurinn hefur tekjur af vaxtamun vegna lánastarfsemi auk þess sem hluti búnaðargjalds rennur til hans. Samkvæmt lánareglum á árinu 2004 eru lán verðtryggð og vextir breytilegir, yfirleitt á bilinu 3,58–6,5%. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur verði 1,3 milljarðar króna eða 87 m.kr. umfram vaxtagjöld. Að teknu tilliti til 75 m.kr. framlaga í afskriftasjóð útlána er reiknað með 12 m.kr. hreinum fjármunatekjum af rekstri sjóðsins samanborið við 61 m.kr. í fjárlögum 2004 og 29 m.kr. neikvæða útkomu árið 2003. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 146 m.kr. tekjur af búnaðargjaldi og er það tæplega 40% af áætluðum tekjum af því en gjaldið er 2% af söluverðmæti búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Áætlað er að rekstur sjóðsins kosti 101 m.kr. árið 2004 og hann hafi 15 m.kr. í tekjur af 1% lántökugjaldi. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins skili 71 m.kr. hagnaði en í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 101 m.kr. hagnaði en hann var tæplega 15 m.kr. árið 2003. Samkvæmt lögum ber sjóðnum að varðveita eigin fé en verja hagnaði af starfseminni að öðru leyti til lækkunar vaxta fyrir bændur. Áætlað er að umsvif sjóðsins á lánamarkaði minnki aðeins miðað við áætlun í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að veita löng lán að fjárhæð 1,5 milljarðar króna sem er 221 m.kr. samdráttur milli ára og innheimta 1,7 milljarða vegna afborgana af veittum lánum sem er 635 m.kr. lækkun milli ára. Áætlað er að sjóðurinn greiði 1,8 milljarða króna vegna afborgana af lánum sem hann hefur tekið og til þess að fjármagna þær muni hann taka 800 m.kr. að láni og ganga á handbært fé sitt.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

*811 **Þróunarsjóður sjávarútvegsins.*** Lögum um sjóðinn var breytt á vorþingi 2004 á þann veg að gjöld, sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins, falla niður frá 1. september 2004 en tekjurnar eru áætlaðar 742 m.kr. í fjárlögum 2004 miðað við allt árið. Eigið fé sjóðsins nam 403 m.kr. í árslok 2003. Var það í fyrsta skipti frá stofnun sem sjóðurinn var með jákvæðan höfuðstól. Miðað er við að sjóðurinn fái ekki framlag úr ríkissjóði heldur hafi hann 35 m.kr. tekjur af fjármunum sínum. Fjármagnsgjöld eru áætluð 50 m.kr. og rekstrargjöld 40 m.kr. Samkvæmt því verður 55 m.kr. tap á rekstrinum og er áætlað að sjóðurinn gangi á eignir sínar. Reiknað er með því að það taka sjóðinn allt að 4 ár að uppfylla skuldbindingar sem hann hefur tekið á sig.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður taki samtals um 87,7 milljarða króna að láni árið 2005 í stað 89,5 milljarða samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er tæplega 1,8 milljarða króna lækkun milli ára eða 2%. Áætlað er að hann greiði samtals um 38,8 milljarða króna af teknum lánum árið 2005 en afborganir eru 34,9 milljarðar samkvæmt fjárlögum og er það aukning um 9,9 milljarða. Á hinn bóginn er reiknað með að sjóðurinn veiti lán að fjárhæð 78,8 milljarðar króna miðað við 73,7 milljarða í fjárlögum 2004 sem er 7% hækkun. Áætlað er að innheimtar verði 23,5 milljarðar króna í afborganir af veittum lánum en í fjárlögum 2004 er áætlað fyrir 18,7 milljörðum og er það er fjórðungs hækkun. Fyrirvari er gerður um áætlanir Íbúðalánasjóðs vegna samkeppni á markaði um lán til íbúðakaupa og verða þær endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Heildarrekstrartekjur Íbúðalánasjóðs, sem eru þjónustutekjur, lántökugjöld og innheimtuþóknun, verða samkvæmt frumvarpinu 1,1 milljarðar en rekstrargjöld 911 m.kr. Heildarrekstrarniðurstaða er því talin verða jákvæð um 205 m.kr. Fjármunatekjur sjóðsins eru áætlaðar 41,5 milljarðar króna og hækka um 20% frá fjárlögum 2004. Fjármagnsgjöld eru áætluð 38,5 milljarðar króna og hækka um 19% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að teknu tilliti til framlaga í afskriftasjóð útlána er áætlað að hreinar fjármunatekjur sjóðsins verði 1,8 milljarðar króna en þær voru tæpir 1,3 milljarðar í fjárlögum. Breytingin skýrist að mestu af lækkandi vaxtastigi að undanförnu sem íbúðalánakerfið hefur notið góðs af. Jafnframt má rekja hluta af þeirri vaxtalækkun til breytingu sem gerð var á fjármögnun íbúðalánakerfisins á yfirstandandi ári en markmið þeirra var að auka áhuga alþjóðlegra fjárfesta á íslenskum verðbréfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur vegna leiguíbúðalána og viðbótarlána verði neikvæðar um 679 m.kr. en í fjárlögum yfirstandandi árs eru þær neikvæðar um 1.044 m.kr. Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöxtum til leiguíbúða dregur úr þessum neikvæða vaxtamun en þær eru áætlaðar 180 m.kr. á árinu 2005. Með lækkandi ávöxtunarkröfu á markaði hefur því neikvæð staða þessara lánaflokka batnað. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 1.115 m.kr. en eru 930 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Er niðurskrift þessi reiknuð sem 0,2% af heildarútlánum Íbúðalánasjóðs öðrum en viðbótarlánum.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Gagngerar breytingar urðu á starfsemi húsbréfadeildar 1. júlí 2004 sl. en þá var hætt að veita ný lán úr deildinni. Rekstur deildarinnar felst nú í að innheimta útistandandi lán sem veitt voru fyrir 1. júlí 2004 og að standa skil á greiðslu þeirra húsbréfa sem gefin voru út til að fjármagna þau útlán. Fjármunatekjur húsbréfadeildar verða samkvæmt frumvarpinu 25,8 milljarðar króna, fjármagnsgjöld 23,1 milljarður, framlag í afskriftasjóð útlána 639 m.kr. og hreinar fjármunatekjur liðlega 2 milljarðar króna. Rekstrartekjur deildarinnar verða 242 m.kr., rekstrargjöld 574 m.kr. og hagnaður ársins 1.699 m.kr. Handbært fé frá rekstri er

áætlað 16,4 milljarðar króna. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætluð 12,8 milljarðar króna og afborganir útgefinna húsbréfa eru áætlaðar 27,4 milljarðar.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka verða 16,5 milljarðar króna eða sama fjárhæð og í fjárlögum 2004. Samkvæmt frumvarpinu verða í fyrsta lagi lánaðar allt að 5,5 milljarðar til leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra frá árinu 2001 um sérstakt átak til að bæta ástand á leigumarkaði. Er í samkomulagi þessu gert ráð fyrir að árlega verði lánað allt að 4 milljarðar króna eða sem svarar til 400 íbúða með 3,5% vöxtum. Verða þær leigðar einstaklingum og fjölskyldum með tekjur og eignir innan ákveðinna marka. Í öðru lagi er ráðgert að lána allt að 1,5 milljörðum í samræmi við framangreint samkomulag til að fjölga leiguíbúðum með því að veita lán til 150 íbúða á 4,5% vöxtum í 4 ár eða 600 íbúðir alls. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að komið verði til móts við vaxandi eftirspurn lána til almennra leiguíbúða með því að lána allt að 9,5 milljarða króna á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 1 milljarði króna í greiðsluerfiðleikalán sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 2004. Loks er gert ráð fyrir allt að 500 m.kr. til meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána einstaklinga með sérþarfir, þar með talinna sambýla fatlaðra og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum. Handbært fé eykst um 88 m.kr. og verður um 158 m.kr. í árslok 2005.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Viðbótarlán geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar til viðbótar við almenn íbúðalán. Þau eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga með hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis lánsumsækjanda. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er sérstökum varasjóði ætlað að bæta útlánatap sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna þeirra. Greiða sveitarfélögin sem nemur 4% af andvirði hvers láns í varasjóðinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 7 milljarðar króna sem er sama fjárhæð og í fjárlögum þessa árs. Sjóðsstaða er áætluð 99 m.kr. í árslok 2005 og er það 95 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2004.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna. Áætlað er að hagnaður af rekstri sjóðanna nemi 174 m.kr. á árinu 2005 en áætlað tap samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er 397 m.kr. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi frá því Íbúðalánasjóður tók til starfa en útlán sjóðsins voru veitt allt að 50 árum. Lán sem tekin voru til að fjármagna útlánin eru til mun skemmri tíma eða 15 til 20 ára og því þarf að endurfjármagna þau. Er gert ráð fyrir að eðlilegar endurgreiðslur útistandandi

lána ásamt uppgreiðslum geti staðið undir endurgreiðslum eldri fjármögnunarlána og því ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku vegna þeirra á árinu 2005.

219 ***Almenn íbúðalán.*** Á miðju ári 2004 hætti Íbúðalánasjóður að veita ný lán í gegnum húsbréfadeildina og hóf þess stað að veita ný lán sem fjármögnuð eru með útgáfu og sölu íbúðabréfa. Hefur þessi breyting haft í för með sér að vaxtastig hefur nokkuð lækkað frá því sem áður hefur verið. Árið 2005 er fyrsta heila árið sem þessi nýi lánaflokkur verður við lýði. Gert er ráð fyrir að heildarútlán verði 55,3 milljarðar króna og að tekin lán verði 60,7 milljarðar. Mismunur veittra og tekinna lána eru afföll sem verða við sölu íbúðabréfa en tekið er tillit til þeirra við ákvörðun útlánavaxta sjóðsins þannig að endurgreiðslur veittra lána í framtíðinni munu standa undir endurgreiðslu þessara affalla. Heildarútlán ársins 2005 taka mið af áætlun og útlánaþróun á yfirstandandi ári.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

371 ***Orkusjóður.*** Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki og áhættulán til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðla að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Sjóðurinn fær 32,8 m.kr. framlag á lið *11-371 Orkusjóður* í A-hluta ríkisins sem er sama fjárhæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 1,5 m.kr. standi undir 34 m.kr. rekstrarútgjöldum sjóðsins auk þess að skila 0,3 m.kr. hagnaði á árinu 2005. Í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 17,7 m.kr. tapi vegna mikilla afskrifta á útlánum. Áætlað er að sjóðurinn veiti 28 m.kr. í lán og til að fjármagna útlánin innheimti hann 20 m.kr. í afborganir af veittum lánum og gangi á eignir sínar.

411 ***Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að stofnunin verði rekin með 6,7 m.kr. afgangi á árinu 2005 en hann var 12,1 m.kr. samkvæmt áætlun í fjárlögum 2004. Stærsti hluti tekna stofnunarinnar kemur af fjármunum og eru þær áætlaðar 1.200 m.kr. árið 2005 eins og í fjárlögum yfirstandandi árs. Á móti koma 600 m.kr. fjármagnsgjöld og 500 m.kr. framlög í afskriftasjóð útlána en það eru 18,5% af áætluðum útlánum stofnunarinnar á árinu. Samkvæmt ársreikningi 2003 voru 664 m.kr. settar á afskriftarreikning og jafngilti fjárhæðin 40% af útlánum á árinu. Reglur stofnunarinnar gera ráð fyrir að 12% af útlánafé fari að meðaltali í afskriftasjóð og að verulegur hluti útlána miðist við lágmarksáhættu samkvæmt sérstakri stefnumótun í upphafi hvers árs.

Næststærsti tekjuliður stofnunarinnar árið 2005 er 316,7 m.kr. framlag frá lið *11-401 Byggðastofnun* í A-hluta fjárlaga. Þar af eru 186,7 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar og 130 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Að lokum er áætlað að stofnunin afli 20 m.kr. í aðrar rekstrartekjur. Önnur rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 430 m.kr. sem er 30 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að veita 2,7 milljarða króna í ný lán sem er sama fjárhæð og í gildandi fjárlögum en um 1,1 milljarðs króna aukning frá árinu 2003. Til þess að fjármagna útlánin er ráðgert að taka 2,7 milljarða króna að láni sem er sama fjárhæð og í gildandi fjárlögum en 1,3 milljarða króna hækkun frá 2003. Þá er gert ráð fyrir að verja 100 m.kr. til að kaupa eignarhluta í fyrirtækjum á landsbyggðinni sem er samsvarandi áætlun fjárlaga 2004. Áætlað er að innheimta 1,3 milljarða í afborganir af veittum lánum og greiða 1,6 milljarða af teknum lánum. Gangi framangreint eftir verður handbært fé í árslok 2005 rétt um 1 milljarður króna eins og í ársbyrjun.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

101 ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir. Innan sjóðsins er rekin tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Sjóðurinn rekur einnig sérstakan framtakssjóð sem er ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni, á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 297 m.kr. í fjármunatekjur og er það um 471 m.kr. minna en samkvæmt áætlun fjárlaga 2004 og 288 m.kr. minna en hann hafði á árinu 2003. Ráðgert er að leggja 180 m.kr. í afskriftarsjóð og samsvarar fjárhæðin 63% af áætluðum nettófjárfestingahreyfingum á árinu. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 204 m.kr. og er það 4 m.kr. minna en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir en 2 m.kr. minna en samkvæmt ársreikningi 2003. Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir 103 m.kr. tapi á rekstri sjóðsins en það var 184 m.kr. árið 2003 en það ár setti sjóðurinn tæpar 550 m.kr. í afskriftasjóð. Í áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að selja eignarhluta í félögum fyrir 459 m.kr. og kaupa hluti fyrir 214 m.kr. Þannig verður handbært fé aukið um 82 m.kr. og er áætlað að það nemi tæpum 2,2 milljörðum króna í árslok 2005.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2004

Reiknað er með að hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs verði 17,7 milljarðar króna á árinu 2004 í stað 14 milljarða króna eins og áætlað var í fjárlögum ársins. Breytingin er 3,7 milljarðar króna til hækkunar og skýrist styrkingin aðallega af tvennu. Annars vegar eru nú horfur á að handbært fé frá rekstri hækki um 4,9 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Uppistaðan í þeirri hækkun er 1,9 milljarða króna hagstæðari tekjujöfnuður ásamt 3 milljörðum króna vegna betri tekjuinnheimtu. Hins vegar er nú gert ráð fyrir að fjármunahreyfingar taki til sín um 1,2 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þar eru stærstu breytingarnar tæplega 2,9 milljarða króna hækkun á veittum stuttum lánum vegna uppgjörs við Reykjavíkurborg á lífeyrisskuldbindingum vegna samreksturs stofnana og 450 m.kr. hækkun á veittum löngum lánum, þar af 400 m.kr. til Landsvirkjunar vegna endurgreiðslu virkjanarannsókna, en á móti kemur að afborganir veittra lána hækka um ríflega 2,1 milljarð króna. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða 7,5 milljarða króna inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, greiða langtímaskuldir niður um 7 milljarða króna og bæta stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 3,2 milljarða króna.

Lántökur árið 2004. Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs árið 2004 verði 26 milljarðar króna en það er 1,3 milljörðum króna lægri lántaka en áætluð var í fjárlögum ársins. Gert er ráð fyrir að afborganir af teknum lánum verði 33 milljarðar króna sem er 1,7 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Því er reiknað með að ríkissjóður muni greiða niður skuldir sínar um 7 milljarða króna og er það 3 milljarða króna meiri niðurgreiðsla en áætluð var í fjárlögum.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánasjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði alls um 111,4 milljarðar króna, að meðtöldum 5,2 milljarða króna endurlánum ríkissjóðs. Reiknað er með að afborganir af teknum lánum verði um 51,1 milljarður króna og eru þá meðtaldar 4,6 milljarða króna afborganir af endurlánum. Nettólántökur þessara aðila verða samkvæmt því um 60,3 milljarðar króna og lækka um 11,5 milljarða króna frá áætlun fjárlaga 2004. Munar þar mest um 5,6 milljarða króna lægri lántökur Íbúðalánasjóðs og 6 milljarða króna hærri afborganir sjóðsins af teknum lánum.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2005

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema um 158 milljörðum króna á árinu 2005. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 91 milljarður króna og hrein lánsfjárþörf þessara aðila nemur því um 67 milljörðum króna. Gert er ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs verði 40 milljarðar króna en að afborganir af teknum lánum verði 43,7 milljarðar og að ríkissjóður greiði þannig niður skuldir um 3,7 milljarða króna á árinu.

Lántökur fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins eru áætlaðar 118,2 milljarðar króna en afborganir tekinna lána 47,3 milljarðar króna og er nettólántaka þessara aðila því áætluð um 71 milljarður króna en það er um 11 milljörðum króna hærri nettólántaka en gert er ráð fyrir í horfum fyrir árið í ár. Munar þar mest um 5,3 milljarða króna aukningu hjá Íbúðalánasjóði ásamt 3,8 milljarða króna aukningu hjá Landsvirkjun og 1,7 milljarða króna aukningu hjá Byggðastofnun. Fyrirvari er gerður um áætlanir Íbúðalánasjóðs vegna nýtilkominnar samkeppni á markaði um lán til íbúðakaupa. Verða þær áætlanir endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

	Horfur 2004			Frumvarp 2005		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**98,2**	**34,0**	**132,2**	-	-	**158,2**
Ríki	98,2	14,0	**112,2**	-	-	**132,2**
A-hluti	12,0	14,0	**26,0**	-	-	**40,0**
B- og C-hluti	86,2	0,0	**86,2**	-	-	**92,2**
Landsvirkjun	0,0	20,0	**20,0**	-	-	**26,0**
Afborganir	**50,7**	**28,7**	**79,4**	-	-	**91,0**
Ríki	50,5	27,1	**77,6**	-	-	**87,0**
A-hluti	8,0	25,0	**33,0**	-	-	**43,7**
B- og C-hluti	42,5	2,1	**44,6**	-	-	**43,3**
Landsvirkjun	0,2	1,6	**1,8**	-	-	**4,0**
Hrein lánsfjárþörf	**47,5**	**5,3**	**52,8**	-	-	**67,2**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**5,4%**	**0,6%**	**6,0%**	-	-	**7,0%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Samkvæmt áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins 2005 verði 11,2 milljarðar króna eða um 2,6 milljörðum króna hærri en í ár en þrátt fyrir það verði handbært fé frá rekstri á árinu 2005 um 2,8 milljörðum króna lægra en í ár. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af því að á næsta ári gjaldfalla stórir flokkar spariskírteina og vaxtagreiðslur ríkissjóðs verða því mun hærri en gjaldfærðir vextir. Þegar rætt er um handbært fé frá rekstri ríkissjóðs verður einnig að hafa í huga að öll fjárfesting er færð til gjalda. Handbært fé frá rekstri samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2003 var neikvætt um tæplega 17 milljarða kr. og er því um verulega breytingu til batnaðar að ræða.

Áætlað er að lánsfjárafgangur verði rúmlega 4 milljarðar króna árið 2005 og að honum verði varið til að styrkja stöðu ríkissjóðs með 4 milljarða króna framlagi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og einnig er gert ráð fyrir að lán verði greidd niður um 3,7 milljarða króna með því að ganga á stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

M.kr.	Horfur 2004	Frumvarp 2005
Handbært fé frá rekstri	**3.114**	**349**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-3.267	-400
Veitt löng lán	-5.250	-4.740
Afborganir veittra lána	23.000	8.700
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400	-400
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540	540
Fjármunahreyfingar samtals	**14.623**	**3.700**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**17.737**	**4.049**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	26.000	40.000
Afborganir	-33.000	-43.700
Fjármögnun samtals	**-7.000**	**-3.700**
Framlag til LSR	-7.500	-4.000
Breyting á handbæru fé	**3.237**	**-3.651**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri rúmlega 3 milljarðar króna og áætlað er að á næsta ári verði handbært fé frá rekstri um 350 m.kr. Breytingin er um 2,8 milljarðar króna til lækkunar og skýrist eins og áður segir einkum af því að vegna lokagjalddaga stórra spariskírteinaflokka á næsta ári verða vaxtagreiðslur ríkissjóðs mun hærri en gjaldfærðir vextir.

Veitt stutt lán, viðskiptareikningar. Horfur eru á að í ár verði útstreymi af viðskiptareikningum ríkissjóðs um 3,3 milljarðar króna en áætlað útstreymi næsta árs er 400 m.kr. Breytingin skýrist einkum af um 2,9 milljarða króna uppgjöri lífeyrisskuldbindinga við Reykjavíkurborg vegna samreksturs stofnana. Uppgjörið færist um viðskiptareikning þar sem skuldbindingin hefur verið gjaldfærð í ríkisreikningi.

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga á árinu 2005 til lengri tíma en eins árs. Alls er sótt um 4.740 m.kr. árið 2005 en í áætlun yfirstandandi árs er

gert ráð fyrir að sótt verði um alls 5.200 m.kr. Áætlað er því að endurlán lækki um 460 m.kr. milli áranna 2004 og 2005. Breytingar eru þær að í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir endurlánum til Ríkisútvarpsins, Alþjóðaflugþjónustunnar eða Landsvirkjunar á árinu 2005 en í ár er gert ráð fyrir 200 m.kr. lánveitingum til tveggja fyrstnefndu stofnananna og 400 m.kr. til Landsvirkjunar, í öðru lagi er gert ráð fyrir 40 m.kr. lánveitingu til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli árið 2005 og í þriðja lagi er sótt um 300 m.kr. hærri heimild árið 2005 vegna lána til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 23 milljörðum króna og áætlað er að árið 2005 verði þær 8,7 milljarðar króna en það er um 4 milljörðum króna hærri fjárhæð en ríkið áformar að endurlána á árinu. Innheimtar afborganir lækka þannig um rúma 14 milljarða króna milli áranna sem að stærstum hluta skýrist af því að í ár endurgreiddi Seðlabankinn 11,5 milljarða króna lán sem ríkissjóður veitti bankanum árið 2001.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög og hlutafjárkaup sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Engin sérstök hlutafjárkaup eru fyrirhuguð á næsta ári og eiginfjárframlög til alþjóðastofnana breytast lítið frá áætlun fjárlaga 2004.

M.kr.	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	160,0	145,0
Evrópubankinn, EBRD	25,0	35,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Helsinki	60,0	35,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	20,0	10,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	135,0	175,0
Samtals	**400,0**	**400,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í fyrirtækjum. Eingöngu er gert ráð fyrir 540 m.kr. tekjum af söluandvirði fasteigna og lóða.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði jákvæður um 4 milljarða króna á árinu 2005 samanborið við 17,7 milljarða króna lánsfjárafgang í ár. Gert er ráð fyrir að lánsfjárafganginum verði varið til að greiða niður skuldir eða styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti svo sem með fyrirframgreiðslu til LSR eins og áður hefur komið fram.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Áætlaðar lántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 eru alls 40 milljarðar króna. Ekki er endanlega ákveðið hvernig staðið verður að lántökunum en það mun m.a. ráðast af stöðunni á fjármála- og gjaldeyrismarkaði.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á næsta ári muni ríkissjóður greiða alls 43,7 milljarða króna í afborganir af teknum lánum og þannig greiða niður skuldir um 3,7 milljarða króna. Þessi áform verða endurskoðuð við afgreiðslu fjárlaga eftir því sem tilefni gefst til.

6.4 Lántökur og ábyrgðir ríkisfyrirtækja og sjóða

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áætlað er að á árinu 2005 verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða 118,2 milljarðar króna og horfur eru á að í ár muni þær nema 106,2 milljörðum króna. Útlit er því fyrir að lántökur þessara aðila aukist um 12 milljarða króna milli áranna 2004 og 2005. Munar þar mest um 6 milljarða króna hjá Landsvirkjun og 3,8 milljarða hjá Íbúðalánasjóði. Á sama hátt er áætlað að afborganir ríkisfyrirtækja og sjóða af teknum lánum verði 47,3 milljarðar króna árið 2005 en 46,4 milljarðar króna í ár. Samkvæmt þessu er áætlað að nettóskuldir þessara aðila hækki um rétt tæpan 71 milljarð króna árið 2005 og um tæpa 60 milljarða króna á yfirstandandi ári.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Sótt er um að Landsvirkjun fái heimild til 26 milljarða króna lántöku á árinu 2005 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaáætlanir ársins. Miðast lánsfjárheimildin við framkvæmdaáform fyrirtækisins á Austurlandi á næsta ári vegna samninga við Alcoa um afhendingu orku til álbræðslu í Reyðarfirði, auk framkvæmda við flutningsmannvirki vegna stækkunar álbræðslu Norðuráls á Grundartanga.

2. Íbúðalánasjóður. Lagt er til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til 87,8 milljarða króna lántöku á árinu 2005 en horfur eru á að lántökur sjóðsins á yfirstandandi ári muni nema um 84 milljörðum króna. Heimildir Íbúðalánadeildar hækka um 3,9 milljarða króna og lántökur til viðbótarlána hækka um 1,5 milljarð króna en lán til leiguíbúða lækka um 900 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir lántökum til eldri byggingarsjóðanna á næsta ári en horfur eru á að þeir muni taka tæpar 700 m.kr. að láni í ár. Áætlanir þær, sem fram eru settar í frumvarpinu fyrir Íbúðalánasjóð, eru miðaðar við óbreytta starfsemi sjóðsins þar sem of snemmt er að spá fyrir um áhrif nýlegra breytinga á íbúðalánamarkaðnum. Tekið verður mið af nýjum upplýsingum við reglubundna endurskoðun á áætlunum sjóðsins í nóvember. Áætlanir frumvarpsins um fjárreiður Íbúðalánasjóðs verða því endurskoðaðar fyrir afgreiðslu þess.

3. Lánasjóður landbúnaðarins. Sótt er um heimild til 800 m.kr. lántöku á árinu 2005 til endurfjármögnunar eldri lána og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 2004. Áætlað er að afborganir af teknum lánum verði 1,8 milljarður króna.

4. Byggðastofnun. Miðað er við að stofnuninni verði veitt heimild til 2,7 milljarða króna lántöku á næsta ári. Er þar um að ræða óbreytta heimild frá því sem veitt var á fjárlögum ársins í ár en horfur eru á að af þeirri heimild verði nýtt um 1,6 milljarður króna.

5. Rafmagnsveitur ríkisins. Lagt er til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilað að taka 1 milljarð króna að láni á næsta ári. Heimildin miðast við áform fyrirtækisins um stækkun Lagarfossvirkjunar og fjárfestingu í mælibúnaði eða mælingafyrirtæki.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 147. Heimildirnar skiptast þannig að heimildir til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 27, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 24, til sölu lóða og jarða eru 59, til sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 23 og ýmsar heimildir eru 10. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 190 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er hins vegar ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með því að hún standi yfir um nokkurra ára skeið.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um nýjar heimildir má nefna heimild 2.19 vegna áhuga á flutningi Landhelgisgæslunnar í björgunarmiðstöðina við Skógarhlíð. Heimild í lið 2.20 er til komin vegna fyrirhugaðs flutnings barna- og unglingageðdeildarinnar af Kleifarveginum í nýbyggingu við Dalbraut. Liður 2.22 er vegna viðræðna sem staðið hafa yfir við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um yfirtöku á fyrrum húsnæði ÁTVR á staðnum eftir flutning útsölunnar í nýtt og hentugra húsnæði en húsið og innréttingar þess hafa talsvert sögulegt gildi. Liðir 2.23–2.27 eru vegna húsnæðisumsýslu RARIK og Flugmálastjórnar. Liðir 3.20–3.23 eru vegna húsnæðismála heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Þar ber helst að nefna ósk um sölu Eskihlíðar 5 á Sauðárkróki sem er til komin vegna samninga heilbrigðisráðuneytisins við sveitarfélagið í tengslum við framkvæmdir við sjúkrahúsið. Læknisbústaðurinn Vogsholt 5 á Raufarhöfn er ekki nýttur fyrir lækni þar sem hann hefur ekki lengur fasta búsetu á staðnum. Varðandi læknisbústað við Reykjalund er talið rétt að hann verði hluti af þeirri stofnun í stað þess að eignarhaldið sé hjá ríkinu.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna umsýslu landbúnaðarráðuneytisins og prestssetrasjóðs.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurnýjaðar eru þrjár söluheimildir frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 23 og skýra sig flestar sjálfar. Heimild í lið 6.21 er vegna áhuga á að nýta húseignina í þágu menningarstarfsemi. Heimild 6.22 er til að auka geymslupláss Þjóðskjalasafns Íslands. Í lið 6.23 er fjallað um kaup á viðbótarhúsnæði fyrir Sýslumanninn í Reykjavík en hann hefur nú aðsetur í Skógarhlíð 6 ásamt Útlendingastofnun. Heimildin er til komin vegna hugsanlegrar sölu viðbótarhúsnæðis á staðnum en húseignin er að stærstum hluta í eigu ríkisins.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Rétt er þó að nefna nýja heimild í lið 7.9 sem kemur til vegna óskar um að rannsóknarskipið Dröfn RE 35 verði selt og andvirðinu varið til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip Hafrannsóknarstofnunar. Heimild 7.10 er einnig ný og er til komin vegna áhuga á að flutningsmannvirki RARIK verði færð til sérstaks félags, sbr. samkomulag um stofnun Landsnets hf.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Lagðar verða til breytingar á lögunum í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs og ýmis sérlög um gjöld með fastri krónutölu. Lagðar verða til nokkrar breytingar á gjöldum miðað við þróun almenns verðlags.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Menntamálaráðuneyti

Lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Háskóla Íslands þannig að það verði að hámarki 45.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 32.500 kr. áður.

Lög nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Háskólann á Akureyri þannig að það verði að hámarki 45.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 32.500 kr. áður.

Lög nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Kennaraháskóla Íslands þannig að það verði að hámarki 45.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 32.500 kr. áður.

Lög nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Tækniháskóla Íslands þannig að það verði að hámarki 45.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 32.500 kr. áður.

Dóms og kirkjumálaráðuneyti

Lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, lög nr. 19/1940, um almenn hegningarlög, lög nr. 90/1989, um aðför og lög nr. 50/1987, um umferðalög. Gerðar verða breytingar á lögunum til að einfalda ferlið við sektarinnheimtu og lækka kostnað.

Lög nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Horfið verði frá lögbundinni viðmiðun framlags með fastri krónutölu fyrir hvern einstakling sem hækkar milli ára miðað við meðaltekjuskattsstofn og í staðinn byggt á forsendum reiknilíkans sem samstarfshópur ráðuneyta og forsvarsmanna kirkjugarða hafa komið sér saman um.

Lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Heimilað verði að gefa Stjórnartíðindi út í rafrænu formi og lækka þar með prentunar- og útgáfukostnað.

Atriðisorðaskrá

A bls.

Aðfangaeftirlit ríkisins ... 248, 333
Aðrar rekstrartekjur ... 254
Afborganir lána ríkissjóðs ... 40
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 40
Afkoma ríkissjóðs ... 263
Afskriftir skattkrafna ... 247, 409, 416
Alþingi ... 282
Alþjóðaflugþjónustan ... 423, 431, 432, 460
Alþjóðastofnanir ... 324, 326
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 247, 249, 373, 375

Á

Ábyrgðasjóður launa ... 249, 257, 373, 375
Áfengis- og fíkniefnamál ... 355, 358
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 41, 463
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík ... 314
Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála ... 358
Átak í umferðaröryggismálum ... 427

B

Barnabætur ... 247, 415
Barnaverndarstofa ... 369
Beinar greiðslur til bænda ... 336, 337
Biblíuþýðingar ... 353
Bjargráðasjóður ... 373
Blindrabókasafn Íslands ... 309, 310
Borgarholtsskóli ... 256
Bókmenntakynningarsjóður ... 312
Brunamálastofnun ríkisins ... 252, 453, 454
Búfjárrækt ... 338
Búnaðarsjóður ... 248, 337, 338
Búrekstraráætlanir ... 338
Byggðaáætlun ... 439
Byggðastofnun ... 42, 43, 437, 439, 471, 474, 478
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 342
Bændasamtök Íslands ... 332, 337, 338
Bætur brotaþola ... 353
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 382, 383

D

Dagvistun aldraðra ... 396
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 39, 345, 347
Dvalarrými aldraðra ... 392, 395

E

Efnahagsforsendur ... 264
Eftirlaunasjóður aldraðra ... 382
Eftirlitsnefnd félags fasteignasala ... 353
Einkaleyfastofan ... 258, 435
Embætti forseta Íslands ... 282
Endurhæfingarlífeyrir ... 383
Endurvinnslan hf. ... 252, 451, 453
Evrópunefnd ... 287

F

Fangelsismálastofnun ríkisins ... 361
Fasteignamat ríkisins ... 257, 418, 419
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 288, 289
Fasteignir framhaldsskóla ... 301
Fasteignir ríkissjóðs ... 327, 334, 420, 438
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 288, 290
Ferðamálaráð ... 432
Ferjubryggjur ... 431
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 376, 377
Félagsmálaráðuneyti ... 39, 364, 367
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 367
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti ... 469
Félagsmálaskóli alþýðu ... 373
Fiskeldisrannsóknir ... 338
Fiskistofa ... 249, 342, 344
Fiskræktarsjóður ... 249
Fjármagnstekjuskattur ... 265, 268, 409, 416
Fjármálaeftirlitið ... 258, 442, 443
Fjármálaráðuneyti ... 39, 407
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 411
Fjármálaráðuneyti, B-hluti ... 463
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 42
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 41
Fjársýsla ríkisins ... 418, 419
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 389, 405
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 255
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 255
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 255

Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 255
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 255, 303
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 255
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 255
Flensborgarskóli ... 255
Flugmálastjórn ... 251, 258, 423, 431
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli ... 41, 43, 49, 256, 322, 462
Flutningssjóður olíuvara ... 252, 443
Fornleifavernd ríkisins ... 309
Forsætisráðuneyti ... 39, 284, 286, 287
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 286, 287
Fóðursjóður ... 249, 337
Framhaldsskólar, óskipt ... 307
Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 301, 306
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 255
Framhaldsskólinn á Laugum ... 255
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 255
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 255
Framkvæmdasjóður aldraðra ... 250, 391, 392, 405
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 370
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 419
Framkvæmdir á Alþingisreit ... 283
Framkvæmdir Flugmálastjórnar ... 251, 431, 432
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 337, 338, 465
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 301
Fæðingarorlof ... 250
Fæðingarorlofssjóður ... 247, 373

G

Geislavarnir ríkisins ... 257, 386, 388
Gestastofur, söfn og markaðsstarf ... 428
Gigtarráð ... 387
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 336, 337
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 248, 330, 336
Greiðslur vegna riðuveiki ... 337
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 336
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 370, 373
Grund, Reykjavík ... 395

H

Hafnabótasjóður ... 430, 431
Hafnamannvirki ... 431
Hafnarfjarðarleikhúsið ... 295
Hafrannsóknastofnunin ... 342, 343

Hafsbotnsrannsóknir ... 438
Hagræn skipting gjalda í A-hluta ... 247
Hagstofa Íslands ... 39, 258, 444, 445
Hagþjónusta landbúnaðarins ... 333
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs ... 40
Happdrætti Háskóla Íslands ... 41, 296, 299, 460, 461
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ... 297, 299, 301
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 301
Háskólar, óskipt ... 301
Háskólasjóður ... 259, 299
Háskóli Íslands ... 248, 254, 259, 295, 298, 301
Háskólinn á Akureyri ... 254, 295, 299
Háskólinn í Reykjavík ... 295, 300
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ... 39, 378, 380, 381
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 381
Heilbrigðisstofnun Austurlands ... 399
Heilbrigðisstofnun Suðurlands ... 397, 399, 400, 402
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ... 399
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi ... 402
Heilsugæslustöðvar, almennt ... 399, 401, 402, 405
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands ... 390, 397
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík ... 401
Heimildir ... 45
Heimili fyrir börn og unglinga ... 369
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 386, 387
Héraðsdómstólar ... 353, 354
Héraðsskógar ... 335, 336
Hjartavernd ... 45, 404
Hjúkrunarheimili, almennt ... 389, 390, 391
Hlaðgerðarkot ... 396
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða ... 396, 397
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal ... 333, 335
Hrafnseyri ... 287
Húsafriðunarnefnd ... 308, 311
Hæstiréttur ... 283, 353, 354
Höfundarréttargjöld ... 248, 308

I

Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 436, 437
Iðnaðarráðuneyti ... 39, 433, 436
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 436
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti ... 463
Iðnaðarráðuneyti, C-hluti ... 471
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 256
Iðnskólinn í Reykjavík ... 256

Iðntæknistofnun Íslands 436, 437
Innheimtukostnaður 411, 413, 429

Í

Íbúðalánasjóður 43, 477
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild 42, 469
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild 42, 465
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir 42, 470
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán 42, 470
Íslensk friðargæsla 326
Íslensk málstöð 298
Íslensk ættleiðing 353
Íslenska tónverkamiðstöðin 312
Íslenska upplýsingasamfélagið 290, 314, 322, 421, 428, 436, 451
Íslenskar orkurannsóknir 41, 463
Íslenski dansflokkurinn 308, 311

J

Jafnréttisstofa 368, 369
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 256
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 325
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 437
Jöfnun námskostnaðar 307
Jöfnunarsjóður sókna 259, 362
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 247, 259, 368, 373

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög 40
Kennaraháskóli Íslands 254, 295, 300
Kirkjugarðar 362
Kirkjumálasjóður 259, 362
Kjararannsóknarnefnd 375
Kosningar 351, 353
Kristnihátíðarsjóður 259, 288
Kristnisjóður 362
Kvennaskólinn í Reykjavík 255
Kvikmyndamiðstöð Íslands 308, 312
Kvikmyndasafn Íslands 309, 310
Kvikmyndaskoðun 256, 313
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 295

L

Lagagögn á veraldarvefnum ... 421
Lagasafn ... 351
Landbúnaðarháskóli Íslands ... 248, 333, 334, 335
Landbúnaðarráðuneyti ... 39, 327, 332, 333
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 332, 333
Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti ... 468
Landgræðsla ríkisins ... 335
Landhelgisgæsla Íslands ... 348, 355, 358
Landhelgissjóður Íslands ... 355
Landlæknir ... 257, 386, 387
Landmælingar Íslands ... 252, 453, 454
Landshlutabundin skógrækt ... 335, 336
Landspítali - háskólasjúkrahús ... 257
Landsvirkjun ... 43, 473, 477
Langtímaáætlun í ríkisfjármálum ... 276
Launa- og verðlagsmál ... 417
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 42, 43, 247, 307, 467
Lánasjóður landbúnaðarins ... 42, 43, 248, 337, 468, 478
Lánasýsla ríkisins ... 418, 420
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs ... 40
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir ... 43
Leiguíbúðir ... 376, 377
Lendingabætur ... 431
Listaháskóli Íslands ... 295, 300
Listahátíð í Reykjavík ... 295, 312
Listamannalaun ... 259
Listasafn Einars Jónssonar ... 309, 310
Listasafn Íslands ... 309, 310
Listasjóðir ... 259, 308
Listdansskólinn ... 256
Listir ... 308, 312
Listir, framlög ... 308, 312
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ... 40, 414
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 413, 414
Lífeyristryggingar ... 247, 250, 382, 384
Lyfjagreiðslunefnd ... 404
Lyfjastofnun ... 250, 257, 386, 388
Lýðheilsustöð ... 250, 259, 386, 387, 403
Læknavaktin ... 401
Lögbirtingablað ... 257, 351, 352
Löggildingarstofa ... 252, 258, 442, 443
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli ... 322
Lögregluskóli ríkisins ... 355
Lögreglustjórinn í Reykjavík ... 249, 355, 357

M

Mannréttindamál ... 353
Mannúðarmál og neyðaraðstoð ... 318, 325
Markaðar tekjur ... 248
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu ... 428
Markáætlun á sviði vísinda og tækni ... 300
Málefni fatlaðra ... 366, 370
Málefni fatlaðra, Austurlandi ... 372
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 372
Málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 371
Málefni fatlaðra, Reykjavík ... 370
Málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 372
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 372
Málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 371
Málskostnaður í opinberum málum ... 353, 354
Meðferðarstöð ríkisins ... 369
Menningarsjóður ... 308
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 308, 309, 310
Menntamálaráðuneyti ... 39, 291
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 295
Menntamálaráðuneyti, B-hluti ... 461
Menntamálaráðuneyti, C-hluti ... 467
Menntaskólinn að Laugarvatni ... 254
Menntaskólinn á Akureyri ... 254
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 254
Menntaskólinn á Ísafirði ... 254
Menntaskólinn í Kópavogi ... 255
Menntaskólinn í Reykjavík ... 254
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 254
Menntaskólinn við Sund ... 254
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini ... 288, 290

N

Námsgagnastofnun ... 307
Námsmatsstofnun ... 295
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 455
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 451, 452
Náttúrustofur ... 455
Neyðarsímsvörun ... 355
Neytendasamtökin ... 442
Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt ... 337
Niðurgreiðslur á húshitun ... 437
Norðurlandsskógar ... 336

Norræn samvinna 313
Norræna ráðherranefndin 288, 290
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 42, 472

O

Ofanflóðasjóður 253, 453, 454
Opinber réttaraðstoð 353, 355
Opinberar heimsóknir 282
Orkurannsóknir 438
Orkusjóður 42, 437, 471
Orkustofnun 437, 438

Ó

Óbyggðanefnd 288

P

Persónuvernd 257, 353
Póst- og fjarskiptastofnunin 251, 258

R

Rafmagnsveitur ríkisins 41, 43, 463, 478
Rannsóknamiðstöð Íslands 295, 300
Rannsóknarnámssjóður 301
Rannsóknasjóður 300, 342, 344
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 342, 344
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 436
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 342, 343
Ratsjárstofnun 41, 462
Raunvísindastofnun Háskólans 298
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 418, 420
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs 39
Reykjalundur, Mosfellsbæ 396
Reykjavíkurakademían 301
Ríkisábyrgðir 43
Ríkisendurskoðun 284, 320
Ríkiskaup 418, 420
Ríkislögmaður 288
Ríkislögreglustjóri 249, 355, 356
Ríkissaksóknari 355, 356
Ríkissáttasemjari 368
Ríkisskattstjóri 257, 411, 412
Ríkisstjórn 283
Ríkisstjórnarákvarðanir 420

Ríkisútvarpið 41, 247, 256, 308, 311, 461, 462
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 390

S

Safnasjóður 309
Sala hlutabréfa og eignarhluta 40
Samgönguráðuneyti 39, 250, 423
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 250
Samkeppnisstofnun 442, 443
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 313
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 390
Samtök iðnaðarins 251, 436, 437
Schengen-samstarf 355
Seljahlíð, Reykjavík 392
Sendiherrabústaður í Berlín 323
Sendiráð Íslands 323
Siglingastofnun Íslands 251, 258, 430
Sinfóníuhljómsveit Íslands 41, 308, 462
Símenntun og fjarkennsla 301
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 396, 397
Sjávarútvegsráðuneyti 39, 339, 341
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa 341
Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti 468
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs 40
Sjónstöð Íslands 386, 387
Sjóvarnargarðar 431
Sjúklingatryggingar 382
Sjúkraflutningar 401
Sjúkrahús og læknisbústaðir 388, 390, 405, 406
Sjúkratryggingar 247, 382, 385, 389
Skammtímalán ríkissjóðs 40
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld 411, 412
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 411
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 372
Skipulagsmál sveitarfélaga 252, 453, 454
Skipulagsstofnun 453, 454
Skógrækt ríkisins 335
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 342
Slysatryggingar 250, 382
Snorrastofa 295
Snæfellsskóli 256
Sóknargjöld 259, 362, 363
Sólheimar í Grímsnesi 372
Sóltún, Reykjavík 394
Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 374

Stjórnartíðindi ... 351, 352
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi ... 298
Stofnun Sigurðar Nordals ... 298
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 455, 456
Styrkir til ferja og sérleyfishafa ... 429
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 451, 453
Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum ... 337
Styrktarfélag vangefinna ... 372
Sýslumaðurinn á Eskifirði ... 360
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ... 256, 322
Sýslumaðurinn á Selfossi ... 361
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði ... 360
Sýslumaðurinn í Keflavík ... 322
Sýslumaðurinn í Kópavogi ... 361
Sýslumaðurinn í Reykjavík ... 360

T

Tannverndarsjóður ... 259
Tapaðar kröfur og tjónabætur ... 416
Tekin löng lán ríkissjóðs ... 40
Tekjuáætlun ... 265
Tekjujöfnuður ... 39, 40
Tekjur A-hluta ... 265
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 254
Tilraunaverkefni um rafrænar kosningar ... 314
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli ... 322
Tollstjórinn í Reykjavík ... 411, 413
Tóbaksvarnir ... 259
Tónlistarskólinn í Reykjavík ... 306
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 250, 373, 376
Tryggingastofnun ríkisins ... 378, 382, 404
Tækjasjóður ... 254, 300, 461
Tækniháskóli Íslands ... 254, 295, 300
Tækniþróunarsjóður ... 436, 437

U

Umboðsmaður Alþingis ... 284
Umboðsmaður barna ... 288
Umferðarstofa ... 251, 258, 428
Umhverfisráðuneyti ... 39, 446, 450
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 450
Umhverfisstofnun ... 252, 258, 307, 451, 452
Ungmennafélag Íslands ... 313, 314
Utanríkisráðuneyti ... 39, 316

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 321
Utanríkisráðuneyti, B-hluti 462

Ú

Úrskurðarnefnd almannatrygginga 404
Úrvinnslusjóður 252, 451, 453
Útflutningsráð Íslands 248
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 420, 421
Útlendingastofnun 355, 359, 480

V

Vaktstöð siglinga 425, 430
Varasjóður húsnæðismála 376
Vaxtabætur 247, 409, 415
Vaxtagjöld ríkissjóðs 39, 457
Veðurstofa Íslands 455, 456
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 456
Vegagerðin 250
Veiðimálastjóri 256, 333
Veiðimálastofnun 333, 334
Veitt löng lán ríkissjóðs 40
Veitt stutt lán ríkissjóðs 40
Verðlagsforsendur 271
Verðlagsstofa skiptaverðs 342
Verðmiðlun landbúnaðarvara 249, 337
Verkefnasjóður sjávarútvegsins 257, 342, 344
Verkmenntaskóli Austurlands 255
Verkmenntaskólinn á Akureyri 255
Vesturfarasetrið á Hofsósi 286, 287, 288
Vesturlandsskógar 336
Viðskiptaháskólinn á Bifröst 295, 300
Viðskiptaráðuneyti 39, 440
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 442
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti 472
Vinnueftirlit ríkisins 249, 257, 368, 369
Vinnumál 366, 373, 374
Vinnumálastofnun 373, 374
Vistheimilið Bjarg 396
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 390
Vitabyggingar 431

Y

Yfirdýralæknir 256, 333, 334
Yfirskattanefnd 411, 412

Þ

Þjóðgarðar og friðlýst svæði ... 452
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 288
Þjóðkirkjan ... 362
Þjóðleikhúsið ... 308, 311
Þjóðmenningarhúsið ... 288
Þjóðminjasafn Íslands ... 309
Þjóðskjalasafn Íslands ... 49, 309, 310
Þróunaraðstoð ... 325
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 324, 325
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 324
Þróunarsjóður EFTA ... 326
Þróunarsjóður sjávarútvegsins ... 42, 274, 342, 344, 468
Þungaskattur ... 250
Þýðingamiðstöð ... 321
Þýðingarsjóður ... 312

Æ

Æðsta stjórn ríkisins ... 39, 280
Æskulýðsmál ... 313
Æskulýðsrannsóknir ... 313
Æskulýðsráð ríkisins ... 313
Æskulýðssjóður ... 313

Ö

Örnefnastofnun Íslands ... 298

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Inngangur

Í þessari þjóðhagsáætlun er fjallað um helstu atriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eins og þau voru sett fram í stefnuyfirlýsingu hennar. Áhersla er lögð á eftirfarandi atriði:

- Tryggja jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar.
- Viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins og halda áfram umbótum í ríkisrekstri.
- Nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum.
- Að tryggja undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar.

Þjóðhagsáætlunin dregur fram helstu þættina í efnahagsstefnunni, markmið og leiðir. Ríkisstjórnin hefur einsett sér að standa vörð um stöðugleikann í efnahagslífinu og gæta þess að kaupmáttur almennings haldi áfram að vaxa. Áhersla er lögð á áframhaldandi stuðning við heilbrigðismál og fræðslumál svo og aðstoð við þá sem höllum fæti standa.

Umfjölluninni er skipt í fjóra hluta

- Stöðugleiki efnahagslífsins og er þar litið til hagvaxtar, verðbólgu, kaupmáttar og atvinnuástands.
- Fjármál hins opinbera, tekjur, útgjöld og skuldir.
- Peninga- og fjármálastjórn.
- Alþjóðlegt efnahagsumhverfi.

Allar tölur og spár um íslenska hagkerfið eru fengnar frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, nema annað sé tekið fram.

Stöðugleiki

Ríkisstjórnin hefur einsett sér að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Það hefur tekist með ágætum á síðustu árum og flest sem bendir til að honum verði ekki raskað.

Hagvöxtur

Útlit er fyrir góðan hagvöxt á næstu árum. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að nokkuð dragi úr hagvexti í lok stóriðjuframkvæmda þeirra sem nú standa yfir. Þrátt fyrir það er ekki útlit fyrir samdrátt á næstu árum og er útlit fyrir að hagvöxturinn verði að meðaltali 2 ½ % á ári árin 2007 til 2010. Það verður að teljast mjög gott enda hefur hagvöxtur hér á landi verið að jafnaði 2,8% á ári síðustu tvo áratugina þannig að fráleitt er að tala um að líkur séu á samdrætti í efnahagslífinu.



Til samanburðar má einnig geta þess að gert er ráð fyrir að hagvöxtur í ESB verði að meðaltali tæplega 1¾ % á árabilinu 2003 til 2006 og 2½ % á árabilinu 2007 til 2010.



Verðbólga

Þrátt fyrir stóriðjuframkvæmdir og aukin umsvif á flestum öðrum sviðum efnahagslífsins er allt útlit fyrir að verðbólgu verði haldið í skefjum með samhæfðum aðgerðum í peningamálum og fjármálum hins opinbera.

Ætla má að verðbólguþrýstingurinn verði mestur á næsta ári en svo dragi jafnt og þétt úr honum. Spár gera ráð fyrir að árleg verðbólga verði að meðaltali rúm 3% frá 2005 til ársins 2010. Gangi spárnar eftir er ljóst að stöðugleiki mun áfram ríkja í efnahagsmálum.

Kaupmáttur launa

Lífskjör þjóðarinnar hafa batnað umtalsvert á síðustu árum. Gangi áætlanir eftir má ætla að kaupmáttur aukist enn frekar á næstu árum. Ætla má að kaupmáttarvísitalan vaxi um 1¾% á næsta ári og að meðaltalsaukning á árunum 2007 til 2010 verði ríflega ½% á ári.

Skattalækkanir og sveiflujöfnun

Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að aukið svigrúm ríkissjóðs verði notað til að tryggja kaupmátt þjóðarinnar með því að lækka skatta á kjörtímabilinu. Boðaðar skattalækkanir eru almennt hagstjórnarmarkmið en ekki hugsaðar sem tæki til sveiflujöfnunar enda væri það óráðlegt. Það er stefna stjórnvalda að skattkerfið sé einfalt og réttlátt og vel til þess fallið að afla fjár til sameiginlegra verkefna þjóðarinnar. Hvað varðar sveiflujöfnun hefur ríkisstjórnin þegar ákveðið að gripið verði til annarra aðgerða, svo sem frestun framkvæmda og aðhalds í ríkisrekstri.



Allt stefnir því í að kaupmáttur launa haldi áfram að aukast og eru fá dæmi um svo löng samfelld skeið kaupmáttaraukningar. Forsenda þess að svo megi verða eru hóflegir og skynsamlegir kaupsamningar og lítil verðbólga. Einnig munu fyrirhugaðar skattalækkanir styðja enn frekar undir kaupmátt ráðstöfunartekna almennings.

Atvinnuástand

Stjórnvöld leggja mikla áherslu á að stuðla að nægri atvinnu fyrir alla. Slíkt verður best tryggt með almennum aðgerðum sem efla atvinnulífið, frekar en sértækum aðgerðum. Gert er ráð fyrir að aukin umsvif leiði til atvinnusköpunar á næstu árum.



Samkvæmt spám má ætla að atvinnuleysið verði að meðaltali um 3⅓% á árunum 2007 til 2010. Til samanburðar má nefna að atvinnuleysi í evru-löndum mælist nú um 8,8%, og í Bandaríkjunum er atvinnuleysið um 6%. Hingað til höfum við ekki borið okkur saman við aðrar þjóðir hvað atvinnuleysi og atvinnuþátttöku varðar og það er stefna stjórnvalda að tryggja næga atvinnu fyrir vinnufúsar hendur.

Fjármál hins opinbera

Tekjur hins opinbera

Sem fyrr er stefnt að því að samneyslan aukist ekki umfram 2% á ári á næstu árum. Auknum umsvifum í efnahagslífinu fylgja hærri tekjur ríkissjóðs og þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að tekjur ríkisins dragist saman árin 2007 og 2008 ætti afkoman að vera vel innan ásættanlegra marka. Lækkun skatta á einstaklinga þýðir að skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu lækka jafnt og þétt á næstu árum. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall verði komið niður í 27% af vergri landsframleiðslu árið 2008.

Útgjöld hins opinbera

Það er ljóst að haga verður útgjöldum hins opinbera þannig að stöðugleikanum verði ekki raskað en þó þannig að ekki verði gengið á nauðsynlega þjónustu og velferð einstaklinga. Þess vegna er stefnt að því að auka enn útgjöld til heilbrigðis- og fræðslumála og almannatrygginga og velferðarmála. Dregið verður úr útgjöldum til samgöngumála og frestað verður framkvæmdum uppá tvo milljarða árið 2005 og 2006. Útgjöld til heilbrigðismála verða um 3% af VLF, og útgjöld til fræðslumála um 8⅓% af VLF árið 2005. Þegar við berum okkur saman við nágrannalöndin og lönd OECD er ljóst að við erum meðal þeirra þjóða sem verja hvað mestu til þessara málaflokka. Samkvæmt nýjustu tölum OECD eru Íslendingar í 4. sæti þegar litið er til útgjalda til menntamála sem hlutfalls af VLF. Einungis Kóreumenn, Bandaríkjamenn og Danir verja hlutfallslega meira fé til þessa málaflokks. Þegar litið er til fjárframlaga til grunn- og framhaldsskólastigið eru Íslendingar efstir á listanum.

Eins og fyrr segir er það ætlun ríkisstjórnarinnar að nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir bitni ekki á heilbrigðis-, mennta- eða almannatryggingakerfinu.

Á meðfylgjandi myndum má sjá hlutfall útgjalda til heilbrigðismála og fræðslumála af heildarútgjöldum ríkissjóðs samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins.



Eins og sjá má er gert ráð fyrir að útgjöld til heilbrigðismála muni aukast hlutfallslega á næstu þremur árum. Rétt er að hafa í huga að á sama tíma er um raunaukningu að ræða og gert er ráð fyrir að auka framlög til heilbrigðismála um tæpa tvo milljarða króna árið 2006 og aftur um tæpa tvo milljarða árið 2007 á föstu verðlagi.



Ríkisstjórnin mun eftir sem áður leggja áherslu á menntamál og þar með mannauð í landinu. Gert er ráð fyrir að framlög til menntamála aukist ríflega á næstu árum eða um tæpan milljarð árið 2006 og annað eins árið 2007, mælt á föstu verðlagi.

Skuldir hins opinbera

Vel hefur tekist til með að koma skuldastöðu ríkissjóðs í skikkanlegt horf. Áætlanir gera ráð fyrir að svo verði áfram og að hlutfall hreinna skulda af vergri landsframleiðslu haldist á bilinu 14,8% til 18%.



Ætla má að heppilegt sé að skuldastaðan sé á þessu bili og stendur ríkissjóður hér á landi mjög vel miðað við margar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við, svo sem í Evrópu. Þessar áætlanir eru varfærnar og ekki er gert ráð fyrir sölu Landsímans í þessum tölum. Salan gæti skilað umtalsverðum tekjum og samsvarandi lækkun skulda ríkissjóðs. Vaxtakostnaður ríkisins gæti þannig lækkað umtalsvert og afkoma ríkissjóðs því orðið enn betri en hér er sýnt.

Peninga- og fjármálastjórn

Allt frá því að Seðlabanka Íslands var veitt aukið sjálfstæði og peningastefnan flutt að fullu til bankans með verðbólgumarkmið að leiðarljósi hefur honum, í samvinnu við aðra aðila í efnahagslífinu, tekist vel að hafa hemil á verðbólgunni. Bankinn hefur boðað að stýrivextir verði hækkaðir ef merki séu um að verðlag sé að hækka umfram yfirlýst verðbólgumarkmið. Slíkt er eðlilegt í ljósi þess efnahagsumhverfis og hagstjórnar sem við búum við. Stjórnvöldum er ljóst að miklu skiptir að samræma þarf peningastefnu Seðlabankans annars vegar og fjármálastjórn hins opinbera hins vegar þannig að peningastjórnin og fjármálastjórnin létti undir hvor með annarri í stað þess að toga sitt í hvora áttina. Eins og lýst var hér að framan mun ríkið fresta framkvæmdum og beita öðrum aðhaldsaðgerðum til að létta undir með peningastefnu Seðlabankans á næstu misserum og árum.

Gengisþróun og viðskipti við útlönd

Eins og við mátti búast hafa stóriðjuframkvæmdir þær sem nú setja svo mjög mark sitt á efnahagslífið haft í för með sér aukinn viðskiptahalla við útlönd. Ekki er ástæða til að hafa of miklar áhyggjur enda búum við nú við fljótandi gengi sem aðlagar sig að aðstæðum á hverjum tíma. Það sýndi sig þegar gengið var sett á flot árið 2001 að viðskiptahalli, sem margir höfðu lýst áhyggjum útaf, hvarf á skömmum tíma.



Samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn nái hámarki árið 2006 en svo dragi snögglega úr honum á árunum 2007 til 2010.

Alþjóðlegt efnahagsumhverfi

Samkeppnishæfi Íslands

Það segir nokkra sögu að samkeppnishæfi Íslands í samanburði við aðrar þjóðir hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Viðskiptaháskólinn í Lausanne, IMD, tekur árlega saman lista yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims. Samkvæmt nýjustu úttekt skólans er Ísland í 5. sæti þegar litið er til þjóða með undir 20 milljónir íbúa. Í fyrra vorum við í 9. sæti á sama lista. Við mat á samkeppnishæfi er lagt mat á hve vel stjórnvöldum í hverju landi hefur tekist að skapa og viðhalda góðu viðskiptaumhverfi. Það er því gleðiefni að Ísland skuli vera jafnt hátt á þessum lista og raun ber vitni. Sú staðreynd að samkeppnishæfnin eykst hlutfallslega við aðrar þjóðir ber vott um að stjórnvöld eru á réttri leið.

Lánshæfni

Alþjóðleg matsfyrirtæki hafa athugað lánshæfni íslenska ríkisins nokkuð reglulega á síðustu árum. Þegar litið er til mats á skuldbindingum ríkissjóðs, hvort sem er til langs eða skamms tíma, sést að þetta mat hefur farið stig hækkandi síðustu árin. Í meðfylgjandi töflu má sjá þróunina í mati Moody's á skuldbindingum ríkissjóðs til langs tíma í erlendri mynt.

Ár	*Einkunn Moody's*
1989	A2
1996	A1
1997	Aa3
2002	AAA

Skuldbindingar ríkissjóðs hafa þannig fengið hæstu mögulegu einkunn og segir það mikið um þann árangur sem náðst hefur í hagstjórn á síðustu árum.

Horfur í heimsbúskapnum

Að venju er erfitt er að spá nokkru fyrir um framvindu í heimsbúskapnum á næstu misserum og árum. Mikil óvissa ríkir um þróun alþjóðastjórnmála, baráttu við hryðjuverk og verð á olíu.

Þrátt fyrir nokkuð misvísandi hagvísa virðist bandaríska hagkerfið vera á uppleið. Helstu veikleikarnir bandaríska hagkerfisins eru lítill sparnaður almennings og mikill viðskiptahalli, auk þess sem vinnumarkaðurinn hefur verið seinn að taka við sér þannig að minna hefur dregið úr atvinnuleysi en búast mætti við í kjölfar aukins hagvaxtar, neyslu almennings og fjárfestinga. Gengi bandaríkjadals hefur haldist tiltölulega lágt miðað við aðra helstu gjaldmiðla heimsins.

Enn erfiðara er að spá í væntanlega hagþróun í Evrópu. Ef litið er til evrusvæðisins virðist sem sum hagkerfi séu að rétta úr kútnum eftir langt stöðnunarskeið, svo sem í Frakklandi. Einnig má ætla að þau lönd sem nýverið hafa gengið í sambandið muni vaxa hraðar en þau sem fyrir eru. Á móti kemur að merki um efnahagsbata í stórum hagkerfum eins og Þýskalandi og Ítalíu hefur ekki orðið jafn skjótur og vonast var til. Aukinn útflutningur eru nánast einu batamerkin sem sjást í Þýskalandi, stærsta hagkerfi álfunnar. Svo virðist sem ekki sé við tiltölulega hátt gengi evrunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum að sakast hve hægt þessi hagkerfi rétta úr kútnum. Miklu frekar virðist því um að kenna hve löngu tímabærar umbætur á innviðum hagkerfanna hefur gengið hægt eftir, svo sem á vinnumarkaði og markaði með þjónustu.

Þegar litið er til Asíu ber náttúrulega hæst mikinn og langvarandi hagvöxt í Kína. Nokkur merki eru þó um að kínverska hagkerfið sé að ofhitna og eitthvað verði undan að láta og er þá aðallega litið til fastgengisstefnunnar. Japanska hagkerfið virðist vera að ná sér upp úr löngum öldudal. Þá eru fleiri lönd í þessum heimshluta sem virðast vera að taka við sér og má þar sérstaklega nefna Indland en Indverjar hafa búið við mikinn hagvöxt undanfarin ár og þrátt fyrir að mörg ljón séu í veginum virðist fátt geta komið í veg fyrir að þetta fjölmennasta lýðræðisríki heims eigi eftir að láta meira að sér kveða á flestum sviðum.

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um innrásina í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda við hana.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því að Íslendingar afturkalli stuðning sinn við innrásina í Írak og séu ekki lengur í hópi svonefndra „viljugra“ þjóða. Alþingi tekur undir og virðir það álit framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að innrásin hafi verið ólögmæt.

Alþingi samþykkir að skipa nefnd sjö þingmanna í því skyni að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi. Nefndin fái í hendur öll gögn stjórnvalda, þar með taldar fundargerðir, minnisblöð og greinargerðir, sem varpað geti ljósi

á þetta ferli. Hún hafi einnig heimild til þess að kalla hvern þann til fundar við sig sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar.

Þingmannanefndin njóti aðstoðar nefndasviðs Alþingis, en henni verði einnig heimilt að leita eftir óháðri sérfræðiaðstoð. Nefndarsetan verði ólaunuð, en útlagður kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Nefndarstarfinu ljúki með skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. maí 2005.

Greinargerð.

Sama dag og herlið Bandaríkjanna, Stóra-Bretlands og fleiri ríkja hóf innrásina í Írak, 20. mars 2003, bárust fréttir af því að blaðafulltrúi Bandaríkjaforseta, Ari Fleischer, hefði lýst því yfir á blaðamannafundi í Washington að lýðveldið Ísland væri á lista yfir þau ríki sem hefðu lýst sérstökum stuðningi við þessa innrás.

Næstu daga kom í ljós að forsætisráðherra og utanríkisráðherra höfðu með einhverjum hætti gefið leyfi sitt til að Ísland yrði talið með á þessum lista, sem kenndur var við „viljugar“ eða „staðfastar“ þjóðir. Óljóst var í fyrstu hvort ríkin á listanum teldust þátttakendur í innrásinni. Aðspurðir sögðu íslensku ráðherrarnir svo ekki vera. Hins vegar var frá upphafi skýrt að ríkin tækju siðferðilega og pólitíska ábyrgð á Íraksstyrjöldinni og afleiðingum hennar.

Ráðherrarnir báru ákvörðun sína um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak ekki undir utanríkismálanefnd Alþingis. Sérstaklega er þó kveðið á um það í 24. gr. þingskapa að það skuli gert í slíkum tilvikum: „Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Enn hefur ekki komið fram hvers vegna ráðherrarnir ákváðu að fara á svig við þetta skýra ákvæði í þingskapalögunum.

Þá hefur ekki komið fram hvort lagt var sjálfstætt mat á rökstuðning innrásarríkjanna fyrir hernaðaraðgerðum sínum í aðdraganda stuðningsyfirlýsingar utanríkisráðherra og forsætisráðherra. Í ljós hefur komið að aðalforsendur bandarískra og breskra yfirvalda fyrir innrásinni stóðust ekki, og hafa forustumenn þessara ríkja viðurkennt þetta. Í báðum ríkjunum hafa þessar forsendur verið rannsakaðar sérstaklega af opinberri hálfu. Nefnd Butlers lávarðar rannsakaði aðdraganda ákvörðunar bresku ríkisstjórnarinnar um árásina á Írak og á Bandaríkjaþingi var skipuð sérstök rannsóknarnefnd öldungadeildarþingmanna. Báðar skiluðu skýrslum í sumar og komust um margt að svipuðum niðurstöðum. Svo virðist sem gögn leyniþjónustu ríkjanna tveggja beggja vegna Atlantshafsins hafi verið úrelt og ónákvæm, og auk þess ekki verið næg þekking fyrir hendi innan stofnananna til þess að lesa og greina upplýsingarnar rétt. Í stuttu máli sagt reyndust CIA og MI6 ekki vandanum vaxin, en stjórnvöld í ríkjunum sáust ekki fyrir og létu vilja sinn ráða umfram staðreyndir og rök.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, hefur nú (viðtal við BBC 16. september 2004) lýst því yfir að innrásin í Írak hafi verið ólögmæt að alþjóðalögum þar sem einhliða ákvörðun ríkisstjórna Bandaríkjanna og Bretlands standist ekki stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Þessi yfirlýsing beinir kastljósinu enn eindregnar að stuðningsákvörðun íslensku ráðherranna.

Viðurkennt er af hálfu núverandi forsætisráðherra, sem gegndi störfum utanríkisráðherra í mars 2003, að mjög hafi skort á réttmæti upplýsinga sem hann fékk áður en afstaða ráðherranna var tilkynnt í Washington. Um þetta sagði Halldór Ásgrímsson í sjónvarpsviðtali 17. september sl.: „En það er ljóst að það er margt í þessu máli sem menn hefðu viljað sjá öðruvísi og ýmsar upplýsingar sem bæði ég og aðrir fengu á sínum tíma sem stóðust ekki.“ Ráð-

herrann bætti síðan við að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum vegna rangra upplýsinga í þessu efni.

Þessi ummæli sýna að nauðsynlegt er að brjóta til mergjar ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað í marsmánuði 2003 að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak. Flutningsmenn telja engan vafa leika á því að sú ákvörðun hafi verið vanhugsuð og röng.

Meginforsendur innrásarinnar voru þær að Íraksstjórn byggi yfir gereyðingarvopnum sem heimsbyggðinni stæði hætta af. Nú er viðurkennt, m.a. í Washington og Lundúnum, að Írak-sher átti engin slík vopn. Vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna, undir forustu Hans Blix, sögðust í skýrslu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna stuttu fyrir innrásina ekki hafa neinar haldbærar sannanir um tilvist gereyðingarvopna í Írak og báðu þess að fá meiri tíma til þess að rannsaka málið. Á þá var hins vegar ekki hlustað.

Önnur rök, einkum haldið fram af hálfu Bandaríkjastjórnar, voru þau að stjórnin í Bagdad væri í nánum tengslum við þann hryðjuverkahóp íslamista sem m.a. stóð fyrir ódæðinu í New York og víðar 11. september 2001, al Kaída. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á nein slík tengsl. Hins vegar er ljóst að þessi samtök, eða margvíslegir hópar sem þeim tengjast, líta eftir innrásina á Írak sem kjörlendi fyrir verk sín og sem einkar heppilega uppeldis- og liðs-söfnunarstöð í Miðausturlöndum. Bandaríkjastjórn lýsti því einnig yfir að aðgerðum hennar í Írak væri ætlað að auka veg lýðræðis og frelsis í arabaríkjunum og öðrum ríkjum múslima. Árangurinn hefur enginn orðið. Þvert á móti hefur Íraksstyrjöldin fært ríki araba og múslima heldur fjær vestrænum lýðræðisgildum en áður var, og mjög torveldað gagnkvæman skilning milli þeirra menningarheima sem um ræðir. Þar sem innrásin hefur leitt til þess að öfga-öflunum hefur vaxið fiskur um hrygg meðal múslima, áhrif lýðræðissinna dvínað og dregið úr stöðugleika í stjórnarfari í ríkjum þeirra hafa styrjöld og hernám í Írak í reynd afvegaleitt alþjóðlega baráttu gegn hryðjuverkum og um leið dregið úr öryggi og stöðugleika um allan heim.

Ekki má gleyma þeirri staðreynd að stríðið í Írak hefur kostað miklar mannfórnir og ómældar þjáningar. Tugir þúsunda óbreyttra borgara í Írak eru fallnir í valinn, þar á meðal verulegur fjöldi kvenna og barna, þúsundir hermanna í fyrrum her Íraks eru taldir hafa fallið á fyrstu vikum stríðsins, Bandaríkjamenn hafa misst yfir þúsund hermenn, Bretar nokkra tugi og bæði hermenn og óbreyttir borgarar af fleiri þjóðernum hafa fallið. Í Írak er nú upp-lausnarástand og þar ríkir hrein óöld eins og daglegar fréttir af bardögum, sprengjuárásum, hryðjuverkum og gíslatökum bera með sér.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi láti rannsaka hvernig staðið var að ákvörðun um stuðning við Íraksstríðið innan ríkisstjórnarinnar. Sú nefnd sem hér er lagt til að taki að sér það verk á meðal annars að athuga:

a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins;
b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan;
c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat;
d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar;
e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert;
f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóð-anna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins;

g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti;
h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.

Mikilvægt er að mál þetta verði útkljáð sem fyrst svo að Alþingi geti rætt niðurstöður rannsóknarinnar og ákveðið næstu skref, sem m.a. kynnu að felast í að kalla þá til ábyrgðar sem teldust hafa vanrækt skyldur sínar í embætti. Því telja flutningsmenn hæfilegt að nefndin ljúki störfum eigi síðar en í byrjun maí 2005.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga þessara skal ríkissjóður halda óskertum hlut í fyrirtækinu, a.m.k. til ársloka 2008. Fyrirtækinu skal falið að gera sérstakt átak á þeim tíma til að bæta fjarskipta- og gagnaflutningakerfi landsins með það að markmiði að allir landsmenn, án tillits til búsetu, eigi kost á nýjustu og fullkomnustu tækni á þessu sviði. Heimilt er að lækka eða fella niður arðgreiðslur í ríkissjóð á móti þeim fjárfestingum fyrirtækisins í þessu skyni sem síst eru arðbærar, samkvæmt nánari reglum er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Það er nú endurflutt enda aðstæður í öllum aðalatriðum óbreyttar. Þó ber að geta þess að samhliða skiptum stjórnarflokkanna á ráðuneytum hefur formennska í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar færst til Framsóknarflokks frá Sjálfstæðisflokki. Boðað er að einkavæðing Landssímans hefjist á næstu vikum og hefur verið auglýst eftir sérstökum ráðgjafa til að vera nefndinni innan handar við það verk. Jafnframt bárust nýlega þau tíðindi að Landssíminn hefði keypt stóran hlut í Íslenska sjónvarpsfélaginu sem rekur sjónvarpsstöðina Skjá einn. Þar með hefur Landssíminn tekið stórt skref í þá átt að verða fjölmiðlafyrirtæki frá því að reka eingöngu dreifikerfi, þ.e. breiðbandið svokallaða, þar sem endurvarpað var útsendingum ýmissa sjónvarpsstöðva, til viðbótar hefðbundinni kjarnastarfsemi sinni á sviði fjarskipta.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænna framboð telur engin haldbær rök fyrir einkavæðingu Símans og telur hann áfram best kominn sem öflugt almannaþjónustufyrirtæki í opinberri eigu. Því er þess nú enn freistað að hafa áhrif á málið með því að leggja til að horfið verði frá hugmyndum um sölu, a.m.k. til ársloka 2008. Með því gefst ráðrúm til að skoða málin, meta reynslu annarra þjóða af einkavæðingu fjarskipta og síðast en ekki síst nota tímann vel til að bæta fjarskiptakerfið. Framhald málsins verður svo í höndum þess lög-

gjafar- og framkvæmdarvalds sem með málin fer þegar þar að kemur. Það er von flutningsmanna að sú leið sem frumvarpið felur í sér fáist tekin til alvarlegrar skoðunar, ekki síst í því skyni að ná lágmarkssáttum um meðferð þessa umdeilda máls. Í ljósi óumdeilds mikilvægis fjarskipta og gagnaflutninga í nútímasamfélagi verður að gera kröfu um ýtrustu gát. Má í því sambandi benda á að hægri stjórnin í Noregi hefur farið sér mjög hægt í því að minnka í áföngum eignarhald ríkisins í norska símanum, Tele Nor. Ekki er annað vitað hér en til standi að afhenda Símann í heilu lagi, eða a.m.k. ráðandi hlut í honum, sbr. tal um kjölfestueiganda, jafnvel einum aðila. Erfitt er þó að henda reiður á aðferðafræði ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í einkavæðingarmálum, enda oftast skipt um aðferð hverju sinni. Þannig var dreifð eignaraðild einu sinni sögð sérstakt keppikefli en hvarf síðan út úr myndinni og í staðinn kom ofuráhersla á svokallaðan kjölfestueiganda, þ.e. algerlega gagnstæð aðferð varð allt í einu ofan á. Fyrri einkavæðingaráform Símans gengu út á að fá að fyrirtækinu erlendan eiganda með sérþekkingu á sviði fjarskipta. Frá því virðist nú hafa verið horfið og alveg eins uppi á teningunum að mögulegir innlendir kaupendur fyrirtækisins beiti afli þess til fjárfestinga erlendis.

Fyrri tilraunir ríkisstjórnarinnar til að einkavæða Símann enduðu í farsakenndu klúðri sem skaðaði hagsmuni fyrirtækisins. Reynslan af einkavæðingu ýmissa ríkisfyrirtækja með þeim aðferðum sem ríkisstjórnin hefur notað hefur vægast sagt verið blendin. Aukin samþjöppun og fákeppni virðist óhjákvæmilegur fylgifiskur þess háttar einkavæðingar, a.m.k. við íslenskar aðstæður, og þannig hafa völd og áhrif færst á hendur fárra í viðskiptalífinu. Til að mynda hefur einkavæðing bankanna verið olía á þennan eld og hraðað samþjöppun og fákeppni sem skaðar hvort tveggja í senn, íslenskt viðskiptalíf og neytendur. Í ljósi þessarar reynslu er erfitt að skilja hvers vegna því er haldið til streitu að einkavæða Símann. Engin trygging er fyrir því að hann lendi ekki í höndum einhverra þeirra sömu aðila og mestu hafa sópað til sín að undanförnu.

Megn óánægja er í samfélaginu með margar þær breytingar sem orðið hafa með einkavæðingu öflugra ríkisfyrirtækja. Almenningi blöskrar samþjöppun valds og auðs í kjölfar markaðs- og einkavæðingarinnar sem einnig orsakar minna aðhald og lakari aðkomu almennings að ákvörðunum um mikilvæg hagsmunamál í samfélaginu. Meira að segja ýmsir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa hrifist með óánægjubylgjunni og látið ummæli falla um skerta þjónustu í kjölfar einkavæðingar ríkisfyrirtækja eða lýst yfir áhyggjum af græðgisvæðingu samfélagsins, samþjöppun auðs og valda. Gerir það áformin um einkavæðingu Símans enn óskiljanlegri en ella.

Mörg verkefni eru fram undan í fjarskiptamálum sem brýnt er að ráðast í næstu árin. Ber þar einkum að nefna tvennt, þ.e. uppbyggingu á fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum um allt land og að tryggja aðgang allra landsmanna að GSM-kerfinu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt tillögur um hvort tveggja og er þar gert ráð fyrir að arðgreiðslur til ríkissjóðs verði lækkaðar á meðan Síminn vinni að þeim verkefnum. Með þessu er að sjálfsögðu ekki allt talið upp sem fram undan er á þessu sviði. Svonefnd þriðja kynslóð farsíma er að halda innreið sína og fram undan miklar fjárfestingar á vegum fjarskiptafyrirtækja við að byggja upp þá þjónustu. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að kröfur til fjarskiptaþjónustu fara sívaxandi og þróunin er hröð hvað varðar nýja og afkastameiri tækni. Mikilvægt er að öllum landsmönnum verði tryggðir möguleikar til að fylgja þeirri þróun.

Með einkavæðingu Símans yrði ljóst að Alþingi gæti ekki tryggt framkvæmd slíkra verkefna og afsalaði sér þar með öflugu tæki til að tryggja jafnan aðgang landsmanna að fjarskiptaþjónustu. Fyrirtæki á hlutabréfamarkaði telja sig að sjálfsögðu ekki bera neina slíka

ábyrgð heldur hafa fyrst og síðast þá skyldu við eigendur sína að tryggja þeim arð. Því er veruleg hætta á að uppbygging fjarskiptaþjónustu eins og hún getur best orðið á hverjum tíma, sérstaklega á strjálbýlum svæðum, verði hagvæmnis- og arðsemissjónarmiðum endanlega að bráð með einkavæðingu Símans. Má til samanburðar minna á lokun útibúa eða styttan afgreiðslutíma bankanna á landsbyggðinni eftir að ríkisbankarnir voru einkavæddir. Reynsla annarra þjóða, t.d. Nýsjálendinga, af slíkri einkavæðingu er sú að hún hefur bitnað harkalega á landsbyggðinni og reyndar landsmönnum öllum. Ekki aðeins hefur fjárfesting í fjarskiptakerfinu á strjálbýlli eða fámennari markaðssvæðum setið á hakanum, heldur hefur strjálbýlið þar sem hið einkavædda símfyrirtæki er enn í einokunaraðstöðu, verið látið greiða niður herkostnaðinn af samkeppni í stórborgunum. Arður af rekstri fjarskiptafyrirtækjanna, og einnig störf í þó nokkrum mæli, hafa flust úr landi hjá Nýsjálendingum eftir að helstu fjarskiptafyrirtæki landsins komust í eigu útlendinga.

Í mars 2002 lét þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs Gallup kanna afstöðu almennings til þess hvort selja bæri Landssímann eða hafa hann áfram í opinberri eigu. Niðurstöður könnunarinnar voru einkar athyglisverðar þar sem 61% þeirra sem afstöðu tóku vildu að Landssíminn væri áfram í opinberri eigu en 39% að hann yrði seldur. Hljóta þær niðurstöður að teljast mikilvægt innlegg í umræðuna um framtíð Landssímans og vera enn frekar til marks um andstöðu almennings við fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi Símans. Mestu máli skiptir að Landssíminn geti sinnt því hlutverki sínu vel að tryggja góða og sambærilega þjónustu um allt land. Það er markmið þessa frumvarps.

5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félags-

manna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Kjarasamningar Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), sem og Alþýðusambands Vestfjarða, hafa verið lausir frá 1. janúar, í níu mánuði, og grunnskólakennara frá 1. apríl, eða í sex mánuði. Í sjómannadeilunni hafa verið haldnir 30 fundir og 51 fundur í kjaradeilu grunnskólakennara. Þetta frumvarp, ef það fengi fljóta afgreiðslu á Alþingi, gæti vissulega flýtt fyrir gerð kjarasamninga í þessum launadeilum sem ekki sér enn fyrir endann á.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 19 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 19 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir

nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

„Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.“

Frumvarp sama efnis var flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2003*)

Gildistími kjara-samninga eða laga	Undirskrift kjara-samninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.85–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	**14.01.94**	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	**27.03.98**	451 dagar
27.03.98–15.02.00	**19.03.01**	397 dagar
19.03.01–01.04.01	**16.05.01**	46 dagar
16.05.01–31.12.03)	?	–
		Alls 2.403 dagar

*) Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.
**) Gildir ekki fyrir félagsmenn.

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem nýr kjarasamningur tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2003, eru 6.920 dagar. Á þessu tímabili eru 2.403 „samningslausir" dagar eða rúmlega 35% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga um 2.622 daga eða sem nemur um 38% af yfirlitstímanum. Samtals eru því sjómenn á fiskiskipum samningslausir og bundnir lögum sem nemur um ¾ af yfirlitstímanum.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „14%" í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: 7%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi leggur Samfylkingin til að matarreikningur íslenskra heimila verði lækkaður um 5 milljarða kr. Sú lækkun næst með því að lækka um helming, eða úr 14% í 7%, virðisaukaskatt af nauðþurftum eins og mjólk, kjöti, fiski, brauði, ávöxtum, grænmeti, eggjum, mjöli og tengdum afurðum.

Slík skattalækkun kemur öllum þegnum landsins vel. Hún kemur þeim hins vegar langbest sem hafa úr minnstu að spila og fjölskyldufólki. Jöfnunaráhrifin af þessari skattalækkun eru því mun meiri en af öðrum skattalækkunum eins og lækkun tekjuskattshlutfallsins sem ríkisstjórnin áformar að ráðast í.

Skattlagning er meðal helstu orsaka hás matarverðs á Íslandi. Lækkun á matarskattinum leiðir því til tafarlausrar verðlækkunar á mat. Hún styrkir kaupmátt almennings án þess að ýta undir ofþenslu, og treystir því undirstöðu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samfylkingin telur því að lækkun á matarskattinum sé langskynsamlegasta leiðin sem völ er á til að lækka skatta í núverandi efnahagsumhverfi.

Besta kjarabótin.

Undanfarin missiri hefur mikil umræða verið um skattalækkanir. Samfylkingin hefur tekið þá afstöðu að skattalækkanir eigi ekki að fjármagna með niðurskurði á velferðarkerfinu, s.s. á sviði menntunar og heilbrigðisþjónustu, og staða efnahagslífsins verði að geta þolað þær

án þess að fara úr böndum. Auðvelt er að rökstyðja að ætli stjórnvöld að ráðast í skattalækkanir á annað borð sé skynsamlegast að lækka matarskattinn.

Lækkun matarskattsins samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar kostar ríkissjóð ekki meira en felst í þeim nýju álögum og skattahækkunum sem ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks knúði í gegnum Alþingi á síðasta þingvetri. Samþykkt frumvarpsins felur því í sér að skattheimta hins opinbera verður sú sama. Hugmynd Samfylkingarinnar setur því hvorki stöðugleika efnahagslífsins í hættu né kallar á niðurskurð velferðarkerfisins. Þvert á móti má færa sterk rök að því að það efli stöðugleikann með því að treysta kjarasamninga og bæti umtalsvert velferð þeirra sem mest þurfa á liðsinni að halda.

Einhver mesta kjarabót sem íslenskum almenningi getur hlotnast er varanleg lækkun á matarverði. Dýrtíð á íslenskum matvælum er nú heimsfræg enda er matvælaverð hér á landi með því allra hæsta sem þekkist í heiminum. Hlutfallið sem meðalfjölskylda ver af ráðstöfunartekjum sínum til að standa straum af brýnum nauðþurftum er að sama skapi allt of hátt. Enginn kemst hjá því að kaupa sér mat. Því lægri sem ráðstöfunartekjur fjölskyldu eru því hærra hlutfall þeirra fer til kaupa á nauðþurftum eins og kjöt, mjólk, fiski, brauði ávöxtum og grænmeti. Barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar, námsmenn, öryrkjar og aldraðir borgarar með lágar og millitekjur fara því verst út úr háu matvælaverði. Lækkun á matarskattinum er því einhver besta kjarabót sem hægt er að færa lágtekjuhópum og íslenskum fjölskyldum.

Matvælaverð reyndist árið 2000 vera 69% hærra hér á landi en í Evrópusambandslöndunum samkvæmt könnun norsku Hagstofunnar. Þetta, ásamt ýmsum öðrum upplýsingum, kemur fram í þingsályktunartillögu um rannsókn á háu matarverði hér á landi sem Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar, flutti ásamt öðrum þingmönnum flokksins. Alþingi samþykkti tillöguna á sínum tíma og rannsóknin, sem þar er lögð til, hefur farið fram á vegum Hagfræðistofnunar HÍ. Niðurstaða hennar sýndi að skattlagning er meðal helstu orsaka hás matarverðs á Íslandi. Það er því ekki síst með hliðsjón af þeirri rannsókn sem Samfylkingin leggur þunga áherslu á að lækka matarskattinn. Í framhaldi af úttekt Hagfræðistofnunar HÍ er jafnframt nauðsynlegt að skoða áhrif annarra skatta, tolla og vörugjalda á matarverð og fylgja eftir ábendingum stofnunarinnar um að tryggja samkeppni, opna meira gagnvart viðskiptum við útlönd og gera breytingar á formi stuðnings við landbúnað en af 12–13 milljarða kr. árlegum greiðslum til hans er helmingur tekinn í gegnum matarverðið.

Skynsamleg skattalækkun.

Lækkun á matarskattinum er skynsamlegasta leiðin til skattalækkunar sem nú er völ á. Hún kemur öllum til góða, einnig þeim sem hafa úr svo litlu að spila að þeir greiða lítinn eða engan tekjuskatt, og mundu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskattsins eins og stjórnarflokkarnir hafa boðað. Mikilvægur kostur skattalækkunar af þessu tagi er því að jöfnunaráhrif hennar eru mun meiri en væri sömu upphæð varið til dæmis til að lækka tekjuskattshlutfallið. Lækkun á matarskatti felur því í sér réttlæti sem vantar í of miklum mæli í skattkerfi okkar Íslendinga.

Á tímum eins og nú ríkja, þar sem verðbólga er á uppleið í þeim mæli að kjarasamningum er stefnt í hættu, þá er lækkun virðisaukaskatts á matvælum ákjósanleg leið til að jafna lífskjör, auka kaupmátt og þannig að treysta undirstöður kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samanlagt hníga framangreindar röksemdir allar að þeirri niðurstöðu að langskynsamlegasta aðferðin til að lækka skatta sé að lækka matarskattinn með þeirri aðferð sem Samfylkingin leggur hér til.

Lægra matarverð.

Samkvæmt lögum nr. 50/1988 ber að greiða 24,5% virðisaukaskatt af vörum og þjónustu. Lögin undanþiggja þó ýmsa flokka þjónustu og varnings frá öllum virðisaukaskattsgreiðslum. Í 14. gr. laganna er enn fremur að finna sérstakt ákvæði þar sem ákveðin matvara er sett í sérflokk, sem einungis ber 14% virðisaukaskatt. Varningur og þjónusta fellur því samkvæmt lögunum í þrjú mismunandi skattþrep: 24,5%, 14% og 0%.

Í lægra virðisaukaskattsþrepið (14%) fellur mikilvæg matvara. Þar ber hæst kjöt, fisk mjólk, brauð, ávexti, grænmeti, hveiti, mjöl, sykur og ýmsar afleiddar afurðir. Þessar vörur eiga það sammerkt að flokkast undir nauðþurftir. Engin fjölskylda getur án þeirra verið og gildir þá einu hvort hún er í flokki hátekju- eða lágtekjufólks. Sérstök reglugerð tilnefnir allar þær matvörur sem falla í lægra virðisaukaskattsþrepið, sbr. fylgiskjal I. Nokkrar aðrar tegundir varnings og þjónustu falla einnig í lægra virðisaukaskattsþrepið skv. 14. gr. núgildandi laga (fylgiskjal II). Í frumvarpinu er lagt til að virðisaukaskattur á þeim lækki einnig niður í 7% til að koma í veg fyrir að virðisaukaskattsþrepunum fjölgi og kerfið verði of flókið.

Lægra virðisaukaskattsþrepinu var beinlínis ætlað að lækka verð á brýnum nauðþurftum til að létta undir með þeim sem minnstar ráðstöfunartekjur hafa. Með þessu frumvarpi leggur Samfylkingin til að matarskattur á brýnustu nauðþurftum verði lækkaður enn frekar.

Kostnaður.

Líklegt er að matarreikningur Íslendinga muni lækka um ríflega 5 milljarða kr. verði frumvarpið samþykkt. Að auki mun lækkun vegna annarra þátta en matvæla, sem falla í lægra virðisaukaskattsþrepið, kosta ríkið um 1,5 milljarða kr. samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins. Heildarkostnaður hins opinbera er þó snöggtum minni vegna aukinnar veltu, og má gera ráð fyrir að hann verði 4–4,5 milljarðar kr.

Með frumvarpinu voru tvö fylgiskjöl, reglugerð nr. 546/2002 um breytingu á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Í stað orðanna „10% af þeim tekjum“ í 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 18% af þeim tekjum sem eru umfram 120.000 kr. á ári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „10% af þessum tekjum“ í 3. mgr. kemur: 18% af þessum tekjum.
b. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skal hann vera 18% af þeim tekjum.
c. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 18% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu.
d. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 18% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmdar þá þegar vegna tekna á árinu 2005.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Í frumvarpi til fjárlaga árið 2004 var skattur á fjármagnstekjur (sjá lið 1.1.5.1) áætlaður á rekstrargrunni 5.600 millj. kr. Niðurstaðan varð talsvert hærri eða rúmir 7 milljarðar króna. Samkvæmt þessu frumvarpi mundu tekjur af fjármagnstekjuskatti aukast talsvert og má ætla að þær yrðu rúmir 10 milljarðar kr. eða sem svarar aukningu upp á rúmlega 3 milljarða kr.

Lagt er til að sett verði skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur á ári hjá einstaklingum. Gera má ráð fyrir að við það verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt undanþegin skattinum. Þótt hlutfallið sé hátt er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur yfirleitt sínar tekjur af launavinnu.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni, sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir.

Vinnandi fólk greiðir af launum sínum rúm 38,5% að samanlögðum tekjuskatti og útsvari og allt að 45% að viðbættum hátekjuskatti. Tekjur þeirra auðugustu í landinu, þ.e. þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem þiggja hluta tekna sinna af hlutabréfakaupum eða kaupréttarsamningum, eru aftur á móti mestmegnis fjármagnstekjur. Af þeim greiða þeir, eins og fyrr segir, aðeins 10% skatt.

Flutningsmenn vilja að brugðist verði við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því órétttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Þá mun sú lagabreyting sem hér er lögð til afla ríkissjóði aukinna tekna til að standa straum af nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Fróðlegt er að líta til skattheimtu af launum og fjármagnstekjum í nokkrum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku til samanburðar við lög hér á landi og þá breytingu sem flutningsmenn leggja til.

Í Bandaríkjunum er notað stighækkandi skatthlutfall sem ræðst af tekjum og félagslegri stöðu fólks, allt frá 10% og upp í 38,6%. Fastur frádráttur er 4.750 bandaríkjadalir fyrir einstakling. Hægt er að draga frá persónuafslátt að upphæð 3.050 dalir. Ef tekið er dæmi af einhleypum einstaklingi líta skattþrepin svona út:

< 6.000	USD	10%
6.001–28.400	USD	15%
28.401–68.800	USD	27%
68.801–143.500	USD	30%
143.501–311.950	USD	35%
> 311.950	USD	38,60%

Við þetta bætast ýmsir svæðisbundnir skattar þar sem skattstofninn er svipaður en persónuafsláttur og frádráttur eru mismunandi eftir einstökum ríkjum. Skatthlutfallið er oftast stighækkandi frá 3% upp í 25%. Fjármagnstekjur aðrar en söluhagnaður eru skattlagðar á sama hátt og aðrar tekjur. Skatthlutfall er að hámarki 20% af söluhagnaði langtímaeignar, þ.e. eignar sem viðkomandi hefur átt lengur en í 12 mánuði. Ef tekjur einstaklinga eru skattlagðar miðað við 15% skatthlutfall eru fjármagnstekjurnar skattlagðar að hámarki með 10% skatthlutfalli. Ef eignin hefur verið í eigu einstaklings til lengri tíma en fimm ára lækkar skatthlutfallið niður í 18% og 8%.

Í Bretlandi eru þrjú skattþrep í almennum tekjuskatti: 10% á tekjur upp að 1.920 pundum, 22% á tekjur á bilinu 1.921–29.900 pund og 40% á tekjur umfram 29.900 pund. Um fjármagnstekjuskatt gildir að skattprósenta á söluhagnað ræðst af tekjuskattsstofni hvers einstaklings, nema ef fjármagnstekjur eru í milliflokknum en þá bera þær aðeins 20% skatt. Á skattaárinu 2002–2003 voru einstaklingar að auki undanþegnir skatti af fyrstu 7.700 pundunum sem þeir höfðu í hagnað af sölu eigna. Fjármagnstekjur af sparifé bera 20% skatt í lægri flokkunum tveimur en 40% í hæsta flokknum. Arðgreiðslur bera 10–32,5% skatt þegar búið er að nýta sérstakan skattafrádrátt.

Í Danmörku leggur ríkið skatt á tekjur sem hér segir:

< 198.000	DKK	5,50%
198.000–295.000	DKK	6%
> 295.000	DKK	15%

Að meðaltali er sá skattur sem greiddur er til sýslna og sveitarfélaga 32,6%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með öðrum tekjum. Innheimtur er 28% skattur af arðgreiðslum upp að 41.100 dönskum kr. en 43% af hærri upphæðum.

Í Finnlandi leggur ríkið á tekjuskatt í eftirfarandi þrepum:

< 11.600	EUR	0%
11.600–14.400	EUR	12,50%
14.400–20.000	EUR	16,50%
20.000–31.200	EUR	22,50%
31.200–55.200	EUR	28,50%
> 55.200	EUR	35,50%

Til sveitarfélaga er greiddur skattur á bilinu 15,5–20%. Heildarálögur ríkis og sveitarfélaga mega þó aldrei nema hærra hlutfalli en 70%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með flötum 29% skatti.

Á Írlandi er lagður 20% skattur á tekjur upp að ákveðinni upphæð (28.000 evrur fyrir barnlausa einstaklinga) og þá tekur við 42% skatthlutfall. Fjármagnstekjur bera yfirleitt flatan 20% skatt en í undantekningatilfellum er skattprósentan 40%.

Í Kanada er innheimtur tekjuskattur sem hér segir:

< 32.182	CAD	16%
32.183–63.367	CAD	22%
64.368–104.647	CAD	26%
> 104.647	CAD	29%

Einstök fylki innheimta sína skatta með tekjuskatti alríkisstjórnarinnar og eru þeir því aðeins hluti af heildarskattinum. Fylkin geta líka lagt á sérstaka viðbótarskatta og flata skatta á tekjur umfram tiltekna upphæð. Heildarskattprósenta má þó aldrei vera hærri en á bilinu 39–48,6%. Fjármagnstekjur eru yfirleitt skattlagðar með lægra skatthlutfalli þar sem aðeins þarf að greiða skatt af helmingi hreinna fjármagnstekna.

Í Noregi er lagður að hámarki 28% skattur á hreinar tekjur, skatthlutfall ríkisins er að hámarki 10,35% en sveitarfélaga að hámarki 17,65%. Persónuafsláttur einstaklinga er 310.000 norskar kr. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með almennum tekjum (hreinum tekjum).

Sænska ríkið leggur 20% skatt á tekjur á bilinu 284.300–430.000 sænskar kr. en 25% skatt á tekjur umfram 430.000. Tekjur undir 284.300 sænskum kr. bera ekki skatt. Persónuafsláttur er á bilinu 11.400–25.900 sænskar kr. Sveitarfélögin leggja á flatan skatt sem er yfirleitt um 32% og reiknaður af sama skattstofni og tekjuskattur hjá ríkinu. Fjármagnstekjur í Svíþjóð bera 30% flatan skatt.

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 50 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 50 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþegans.

Greinargerð.

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram 50 þús. kr. verði skerðing ⅕ þess sem nú er, fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 60 þús. kr. verði skerðing ⅖ þess sem nú er, fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 70 þús. kr. verði skerðing ⅗ þess sem nú er og fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 80 þús. kr. ⅘ þess sem nú er.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur til fjölda lífeyrisþega eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð í afkomutryggingu allra lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 50 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn

fær úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 50 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir smám saman til þess að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

Alþýðusamband Íslands kynnti vorið 2003 tillögur sínar í velferðarmálum þar sem sambandið tók undir það sjónarmið sem kemur fram í þessari þingsályktunartillögu. Í tillögum Alþýðusambandsins segir: „Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega.“ (Velferð fyrir alla – áfangaskýrsla mars 2003, bls. 37.)

Tillaga þessi var áður flutt á 128. og 130. löggjafarþingi. Hún er endurflutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um breytingar á stjórnarskrá.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar, Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu manna með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána. Verkefni nefndarinnar verði m.a.:

a. að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, svo sem lifandi auðlindum í hafi eða öðrum sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindum í fallvötnum, auðlindum í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum, svo og öðrum náttúruauðlindum sem enginn á og álíta má sameiginlega arfleifð þjóðarinnar,
b. að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings,
c. að treysta eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu, m.a. með því að stjórnarskrá tryggi að sérstakar eftirlitsnefndir séu settar á fót sé þess krafist af þriðjungi þingmanna,
d. að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með það fyrir augum að ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála taki gildi gagnvart borgurunum jafnskjótt og þeir eru staðfestir af ríkisstjórn Íslands,

e. að gera tillögur um svipaðar breytingar og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert í stjórnarskrám sínum þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða,
f. að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju,
g. að leggja til afnám heimilda ríkisstjórna til að setja bráðabirgðalög nema í neyðartilvikum, svo sem vegna náttúruhamfara eða yfirvofandi styrjaldar,
h. að gera tillögur um að landið verði allt eitt kjördæmi,
i. að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Nefndin ljúki störfum fyrir lok kjörtímabilsins svo að leggja megi tillögur hennar fyrir þjóðina í næstu kosningum.

Greinargerð.

Danskir embættismenn sömdu fyrstu stjórnarskrána sem Íslendingar fengu árið 1874 úr hendi Kristjáns IX. Danakonungs. Verulegar breytingar urðu á henni fyrir réttri öld, árið 1904, þegar þjóðin fékk heimastjórn. Grundvallarbreytingar voru aftur gerðar á stjórnarskránni þegar Íslendingar tóku sér fullt sjálfstæði árið 1944. Reynslan sýnir að erfitt hefur verið að ná samstöðu um endurbætur á stjórnarskránni á lýðveldistímanum. Allar breytingar á þeim tíma, með einni undantekningu, hafa varðað breytta kjördæmaskipan. Margar stjórnarskrárnefndir hafa þó setið að störfum. Árið 1983 skilaði stjórnarskrárnefnd, sem þá var að störfum, viðamikilli skýrslu með tillögum að ýmsum merkum breytingum. Hluti af þeim var lagður til grundvallar þegar Alþingi samþykkti árið 1995 í tilefni af hálfrar aldar afmæli lýðveldisins merkar umbætur á stjórnarskránni. Mannréttindakafla hennar var þá umbylt og hann færður til nútímahorfs.

Á þessu ári eru hundrað ár frá því að Íslendingar fengu heimastjórn. Raunar eru einnig liðin sextíu ár frá því að Íslendingar stofnuðu lýðveldi á Þingvöllum. Samfylkingin telur við hæfi að Alþingi minnist þessara sögulegu tímamóta með því að sameinast um endurskoðun á stjórnarskránni sem miði að þeim áföngum sem lýst er í tillögunni.

Sameign náttúruauðlinda.

Sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum hefur lengi verið rauður þráður í hugmyndafræði íslenskra jafnaðarmanna. Jafnaðarmenn úr þeim flokkum, sem stóðu síðar að stofnun Samfylkingarinnar, hófu fyrir hartnær 35 árum að flytja frumvörp um sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar á djúphita, orku fallvatna og löndum og hlunnindum, sem ekki falla undir einkaeignarrétt. Sú barátta leiddi m.a. til almennrar samstöðu um þjóðlenduhugtakið og var mikilvægur aðdragandi að samþykkt frumvarps um þjóðlendur. Í sama anda hefur Samfylkingin frá stofnun sinni árið 2000 barist fyrir því að ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindum verði tekið upp í stjórnarskrána.

Vísir að góðri samstöðu um þetta atriði er fyrir hendi. Ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún vilji beita sér fyrir að upp verði tekið ákvæði um að auðlindir hafsins séu sameign þjóðarinnar. Það er gott spor í áttina. Skilningur okkar á auðlindahugtakinu hefur hins vegar breyst og þróast. Þess vegna er nauðsynlegt að ganga lengra en við töldum áður. Sameignarákvæðið þarf að ná til fleiri þátta en aðeins lifandi auðlinda í hafinu. Stjórnarskráin þarf að taka af allan vafa um að náttúruauðlindir, sem enginn á og eru í reynd partur af sameiginlegum arfi þjóðarinnar, séu ótvíræð sameign hennar. Þar er átt við auðlindir fallvatnanna, auðlindir sem kunna að leynast á hafsbotni, fjarskiptarásir í lofti, þjóðlendur, svo að það helsta sé nefnt.

Þetta telur Samfylkingin að eigi að vera hluti af endurbótum á stjórnarskránni í tilefni af hundrað ára afmæli heimastjórnarinnar.

Grundvallarniðurstaða sérstakrar auðlindanefndar, sem skilaði niðurstöðum árið 2000, var á þessa lund. Hún lagði til að skilgreind yrði ný tegund af eignarrétti í stjórnarskránni, þjóðareign, þar sem réttindi eigandans, þjóðarinnar, yrðu útskýrð, og einnig þau skilyrði sem þyrfti að uppfylla til að öðlast rétt til að nota eignina. Yrði það að veruleika væri jafnframt bundinn endi á réttaróvissu um rétt þeirra sem í krafti laga um stjórn fiskveiða hafa fengið leyfi til að veiða. Um leið væri stigið mikilvægt skref til að leysa þann grundvallarágreining sem ríkir um auðlindanýtingu okkar á meðal. Það er því vel við hæfi að í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar sé ráðist í slíkar breytingar á stjórnarskránni.

Þjóðaratkvæði.

Breytingarnar, sem hafa orðið á Vesturlöndum á síðustu áratugum, jafnt félagslegar, efnahagslegar sem tæknilegar, kalla á þróun í átt til beinna lýðræðis. Þorri almennings hefur nú aðstæður og upplýsingu til að taka sjálfur stærri ákvarðanir um hagi sína og líf en áður. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar á að almenningur hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími á því að vera liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir. Samfylkingin hefur með skýlausum hætti lýst þeirri skoðun að það sé tímabært að færa valdið í ríkari mæli til fólksins, ekki aðeins í landsmálum, heldur einnig á sveitarstjórnarstiginu. Hún hefur því barist fyrir beinum kosningum til að taka mikilvægar ákvarðanir í byggðum og héruðum.

Ný og áður óþekkt samskiptatækni hefur komið fram á síðustu árum og fleygir fram af meiri hraða en nokkru sinni fyrr. Hún hefur skapað möguleika á að taka upp hið beina lýðræði Aþenu þar sem borgararnir geta haft áhrif á stjórn samfélagsins með beinum og milliliðalausum hætti. Milliliðalaust lýðræði leiðir til heilbrigðari og opnari stjórnarhátta þar sem tryggt er að almannahagsmunir ráði för en ekki sérhagsmunir einstakra valdablokka sem geta keypt sér áhrif í krafti fjármagns. Beint lýðræði er góð leið til þess að búa svo um hnúta að ýtrustu hagsmunir hins almenna borgara ráði ákvörðun um stærstu hagsmunamál þjóðarinnar.

Vísir að beinu lýðræði verður því aðeins tryggður að almenningur hafi ótvíræðan, sjálfstæðan rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis. Það verður tæpast nema stjórnarskráin mæli fyrir um að tiltekinn fjöldi kosningarbærra borgara geti krafist þjóðaratkvæðis um ákveðin mál. Því er mikilvægt að nefnd til endurskoðunar á stjórnarskrá Íslands verði falið að útfæra tillögu um hvernig slíkum kosningum skuli háttað, þar á meðal hve marga kosningarbæra menn þarf til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þann rétt þarf síðan að binda í stjórnarskrá landsins.

Eftirlitsnefndir.

Ríkisstjórninni er skylt að standa þinginu skil gerða sinna en þetta má leiða af þingræðisreglunni í 1. gr. stjórnarskrárinnar. Ráðherrar bera auk þess ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum gagnvart Alþingi og er síðan kveðið nánar á um ráðherraábyrgðina í sérstökum lögum þar um. Alþingi hefur þannig eftirlitshlutverk gagnvart framkvæmdarvaldinu og því ber skylda til þess að sinna því eftirliti. Þingeftirlit er í flestum lýðræðisríkjum talin mikilvæg forsenda þess að lýðræði fái þrifist og að nauðsynlegt samhengi sé á milli þess að vera handhafi valds og að axla ábyrgð ef út af bregður. Alþingi hefur nokkur úrræði til að sinna þessu eftirlitshlutverki sínu, svo sem með fyrirspurnum til ráðherra, skýrslubeiðnum um tiltekin mál, með því að krefja ráðherra svara í utandagskrárumræðum. Þá hafa ýmis úrræði

verið tekin upp í seinni tíð í því skyni að efla þetta eftirlit og má þar nefna stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Í þingskapalögum og stjórnarskrá má einnig finna mikilvæg ákvæði, sem er ætlað að gera þinginu kleift að sinna þessu hlutverki sínu. Í 26. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, er heimild til þess að fela fastanefndum þingsins ákveðið rannsóknarvald á sínu málefnasviði en sú heimild hefur afar sjaldan verið notuð. Þá höfum við auk þess mikilvægt úrræði í 39. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um skipan eftirlitsnefnda (rannsóknarnefnda) þingsins. Engin hefð er fyrir því að úrræði 39. gr. sé notað og þrátt fyrir fjölda tillagna þar um, hafa þær ekki verið starfandi á lýðveldistímanum. Þar með hefur skort á mikilvægan grundvöll virkrar ráðherraábyrgðar sem er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu okkar lýðræðisþjóðfélags. Þingeftirlitið er nefnilega grundvöllur þess að ráðherraábyrgð geti orðið virk í raun hér á landi og án þess mikilvæga aðhalds sem virkar eftirlitsnefndir þingsins geta veitt einstökum ráðherrum og ríkisstjórninni allri, er afar hæpið að sú ábyrgð verði nokkuð nema bókstafurinn einn. Reynslan frá nágrannalöndum okkar er sú að rannsókn eftirlitsnefnda sem þingið setur til starfa er oft forsenda þess að unnt er að draga ráðherra til ábyrgðar fyrir afglöp eða misfellur í starfi. Niðurstöður slíkra rannsókna eru gjarnan rót almennrar umræðu um umdeild mál og aðdragandi þess að unnt er að fá raunverulega atburðarás fram í dagsljósið. Nægir þar að vísa til nýlegs dæmis frá Bretlandi í Íraksmálinu og Tamílamálsins svokallaða í Danmörku. Í báðum þessum dæmum var um að ræða umdeilda athöfn ríkisstjórnar, sem þingið tekur til skoðunar í nefnd sem það setur sjálft til starfa, gagngert til þess að leita skýringa og standa borgurunum skil á umræddri athöfn. Hlutverk slíkra nefnda er að sjálfsögðu ekki að rannsaka og dæma mál í skilningi réttarfarsins, heldur er þeim mun fremur ætlað það hlutverk að skoða atburðarásina, leita skýringa og jafnvel að koma með tillögur til úrbóta, þar sem eitthvað hefur misfarist. Í kjölfarið vakna síðan oft spurningar um ábyrgð ráðherra og jafnvel embættismanna eftir atvikum. Eftirlitsskyldu þingsins fylgir nefnilega líka sú ábyrgð að almenningi séu staðin skil gjörða stjórnvalda og að úrræða leitað til úrbóta í kjölfarið.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að úrræði 39. gr. stjórnarskrárinnar hefur ekki náð tilgangi sínum á lýðveldistímanum er nauðsynlegt að endurskoða efni ákvæðisins með það í huga hvernig megi gera það virkt. Í tillögu þessari er lagt til að skoðaður verði sá möguleiki að breyta ákvæðinu þannig að aðeins þurfi þriðjung þingmanna til þess að kalla eftir slíkri nefndaskipan, í stað þess að meiri hluta þingmanna þurfi til, eins og nú er. Einnig væri rétt að skoða þann möguleika að skipa aðra en alþingismenn í slíkar nefndir en eins og ákvæðið er nú er það bundið við alþingismenn.

Mannréttindi.

Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar er byggður upp á upptalningu réttinda og frelsisákvæða. Með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 var ýmsum nýjum réttindum bætt við þau sem fyrir voru og orðalag sumra eldri ákvæða gert ítarlegra. Engu að síður er upptalningin alls ekki tæmandi og reyndar harla fátækleg í samanburði við alþjóðlegar og svæðisbundnar mannréttindareglur um borgara-, efnahags-, félags-, menningar- og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland hefur gengist undir með staðfestingu fjölmargra milliríkjasamninga.

Það leiðir af þeim viðhorfum sem lögð eru til grundvallar hér á landi um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar að þjóðréttarsamningar teljast ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti. Ákvæðum þeirra verður því ekki beitt af íslenskum dómstólum nema þau hafi verið sérstaklega leidd í lög. Má í þessu sambandi nefna að eina dæmið um lögfestingu mannréttindasamnings hér á landi er þegar mannréttindasáttmáli Evrópu var lögtekinn í heild sinni með lögum nr. 62/1994. Sú lögskýringarregla gildir þó að landslög skuli túlka með hliðsjón af alþjóða-

lögum, en séu þau ósamrýmanleg ganga hin fyrrnefndu almennt framar. Á síðustu árum hafa þó íslenskir dómstólar í auknum mæli tekið tillit til og vitnað í alþjóðasamninga um mannréttindi við túlkun íslenskra laga.

En til að tryggja réttindin með skýlausum hætti er lagt til að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar verði endurskoðaður með það fyrir augum að sett verði ákvæði í stjórnarskrá þess efnis að alþjóðlegir mannréttindasáttmálar taki gildi gagnvart borgurunum jafnskjótt og þeir eru staðfestir af ríkisstjórn Íslands. Þessari hugmynd er velt upp í grein Guðmundar Alfreðssonar, Tillaga um mannréttindi í stjórnarskrá, sem birtist í Afmælisriti Gunnars G. Schram. Þar er jafnframt lagt til að slíkt ákvæði verði sett fremst í stjórnarskrána. Það sé í alla staði eðlilegt og æskilegt að grundvallarákvæði um mannréttindi birtist fremst í stjórnarskránni og komi á undan stofnanaköflum hennar. Þessi staðsetning sé í samræmi við samtímaáherslur og eftir henni sé farið í nýjum textum, eins og t.d. stjórnarskrá Suður-Afríku.

Verulegt hagræði felst í setningu slíks ákvæðis í stjórnarskrá. Til að mynda yrði lögleiðing einstakra milliríkjasamninga á mannréttindasviðinu óþörf. Einnig mundi vernd réttinda einstaklinga og réttaröryggi aukast. Eins og staðan er núna er oft á reiki hvað gildi í raun og hvaða rétt borgararnir geti byggt á alþjóðlegum samningum sem fullgiltir hafa verið. Með hinu nýja fyrirkomulagi verður hins vegar mun skýrara hvaða reglur gilda gagnvart borgurunum enda mundi fullgilding þjóðréttarsamnings fela í sér að hann yrði bindandi um leið gagnvart borgurunum. Með þessu er ekki gengið á sjálfstæði né fullveldi þjóðarinnar þar sem samningsvinna og staðfestingarvald munu sem áður hvíla hjá löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Fyrirvarar að þjóðarétti geta og komið í veg fyrir gildistöku efnisákvæða að landsrétti. Þá bendir Guðmundur jafnframt á í grein sinni að þeim ríkjum fari fjölgandi sem veiti í stjórnarskrám alþjóðlegum heimildum landsréttargildi enda um að ræða beina og greiða leið til að tryggja framkvæmd reglnanna í reynd.

Framsal á valdi til alþjóðastofnana.

Grannþjóðir okkar hafa fyrir löngu viðurkennt í stjórnarskrám sínum að framselja megi þætti úr löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldi til alþjóðasamtaka og stofnana. Þær álíta það nauðsynlegt svigrúm til að tryggja stöðu sína í veröld sem snýst æ meir um alþjóðlega samvinnu í stofnunum sem byggjast á lagalega bindandi skuldbindingum eða yfirþjóðlegu valdi. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum gerðu slíkar breytingar í tengslum við aðildarumsóknir að Evrópusambandinu. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar er að finna heimild til handa forseta og ríkisstjórn í umboði hans að gera milliríkjasamninga. Kveðið er á um að samþykki Alþingis þurfi þó til að leggja kvaðir á land eða landhelgi. Talið hefur verið að þetta ákvæði heimili afmarkað valdframsal til alþjóðastofnana. Þannig hefur verið talið að innganga okkar í Atlantshafsbandalagið árið 1949 og samþykkt tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin tveimur árum síðar hafi rúmast innan þessa ákvæðis, þrátt fyrir að varnir hvers lands séu grundvallarþáttur í fullveldi þess. Þá er Ísland skuldbundið til að hlíta bindandi ákvörðunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Mest reyndi á þanþol stjórnarskrárinnar í þessu efni við gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamninga við hann. Með þeim samningi féllust Íslendingar á að lúta túlkun sameiginlegs dómstóls EFTA-ríkjanna um efnisatriði EES-samningsins og lúta eftirliti Eftirlitsstofnunar EFTA. Meðal þess sem það eftirlit hefur í för með sér eru heimildir til handa eftirlitsmönnum til að hafa beint eftirlit með íslenskum fyrirtækjum. Þegar Alþingi samþykkti aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu var deilt hart um hvort aðildin fæli í sér framsal á dóms- og löggjafarvaldi í þeim mæli að færi í bága við stjórnarskrána. Nefnd fjögurra lögfræðinga var þá fengin stjórnvöldum til ráðuneytis til að meta hvort aðildin fæli

í sér brot á stjórnarskránni. Niðurstaða þeirra var að samningurinn rúmaðist innan þeirra marka sem stjórnarskráin setti. Hins vegar gæti mat á þessu atriði breyst í ljósi þróunar samningsins á síðari stigum. Færa má að því rök að fækkun í hópi EFTA-ríkjanna og sífellt minni áhrif Íslands á mótun reglna á vettvangi EES hafi breytt eðli EES-samningsins frá því sem var í upphafi. Það er því vel hugsanlegt að þessar breytingar hafi leitt til þess að samningurinn sé kominn handan þeirra marka sem stjórnarskráin þolir. Þá má minna á að engin umræða var um stjórnskipuleg áhrif Schengen-samningsins þegar Ísland gerðist aðili að Schengen-svæðinu. Með Schengen-samningnum afsalar Ísland sér í reynd réttinum til að hafa með höndum landamæravörslu og felur þann grunnþátt fullveldis landsins öðrum aðildarríkjum samstarfsins í þeim tilvikum þegar farþegar á leið hingað til lands koma frá samningslöndunum. Telja má afar vafasamt að slíkt varanlegt valdaafsal standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar. Þá má spyrja sig hvort samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina sé að þróast í þá átt, með ákvörðunum úrskurðaraðila á vegum stofnunarinnar, að vafasamt sé að hann standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrár.

EES-samningurinn hefur sömuleiðis haft margvísleg áhrif á dómsvaldið sem ekki voru séð fyrir. Í hæstaréttardómi nr. 236/1999 frá 16. desember 1999, svokölluðum Erlu Maríudómi, gekk Hæstiréttur lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna vanrækslu þess við lögfestingu á tilskipun frá Evrópusambandinu. Vísað var í niðurstöðu EFTA-dómstólsins nr. E 9/97 frá 10. desember 1998 þar sem íslensk stjórnvöld voru talin vera bótaskyld þrátt fyrir að EES-samningurinn segði ekkert um slíkan rétt til bóta.

Alþjóðlegt samstarf á sviði viðskipta og samskipta vex stöðugt. Smáríki á borð við Ísland eiga mest undir öflugri þróun í þessa veru því að án vandaðs regluverks á þessum sviðum ættum við fáa kosti í stórum heimi. Af þessum sökum er eðlilegt að Íslendingar setji skýr ákvæði um framsal valds til alþjóðlegra stofnana í stjórnarskrá og þar með hvaða skilyrðum slíkt framsal er háð og hvaða takmarkanir eru á því. Eðlilegt er að gera þá kröfu til viðkomandi alþjóðastofnana að þær tryggi grundvallarmannréttindi og borgararéttindi með sama hætti og stjórnarskrá Íslands gerir. Þess vegna er eðlilegt að meðal verkefna nefndar um endurskoðun stjórnarskrár Íslands sé að gera tillögu um slíkt heimildarákvæði.

Samband ríkis og kirkju.

Kirkjuskipan okkar er bundin í stjórnarskránni. Þar segir í 1. mgr. 62. gr. að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og „skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda“. Í næstu þremur greinum stjórnarskrárinnar er þó kveðið á um algert trúfrelsi og að allir menn skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda, án tillits til trúar. Ákvæði um trúfrelsi má telja hið mikilvægasta af þeim greinum stjórnarskrárinnar sem fjalla um trú og kirkju. Þrátt fyrir ákvæðið um stuðning og vernd ríkisvaldsins er hvergi skilgreint með hvaða hætti ríkið á að uppfylla skyldurnar sem í því felast. Sterkt tákn um samþættingu ríkis og kirkju birtist í því að þjóðhöfðinginn skipar biskupa kirkjunnar. Þjóðhöfðinginn er þannig hið táknræna höfuð kirkjunnar. Hlutverk hans innan kirkjunnar undirstrikar því skjólið sem stjórnarskráin ætlar ríkinu að veita evangelisk lútersku kirkjunni umfram önnur trúfélög. Annað táknrænt dæmi um tengslin milli ríkis og kirkju er að þegar ekki tekst að velja biskupsefni með kosningu innan kirkjunnar þá velur handhafi framkvæmdarvaldsins milli þeirra sem jafnir verða í kosningu, sbr. nýlega skipun vígslubiskups á Hólum.

Hin sterku tengsl ríkis og kirkju hófu að mótast strax árið 1000 með hinum sögulega úrskurði Þorgeirs Ljósvetningagoða. Eftir að hafa legið undir feldi kvað hann upp úr með að „allir menn skyldu kristnir vera og skírn taka“ og allir landsmenn „hafi ein lög og einn sið“. Við siðskiptin varð konungsvaldið beinlínis hluti af stjórn kirkjunnar, þótt prestar og

biskupar héldu töluverðu sjálfstæði í málefnum hennar. Í byrjun 18. aldar var enn hert á tengslum ríkis og kirkju, þegar eins konar ríkisfyrirkomulag komst á þar sem kirkjan og ríkið urðu nánast eitt. Kirkjan hafði þá ekkert sjálfstæði, en þurfti að bera jafnt fjármál, skipulag sem andleg málefni undir hið veraldlega vald. Þessi kirkjuskipan hélst fram á seinni hluta 19. aldar. Grunn núverandi tengsla ríkis og kirkju, sem eru mun lausari en á þeim tíma, lögðu svo danskir embættismenn í stjórnarskránni 1874.

Kristin gildi eru hinn siðræni grunnur íslenskrar menningar og samfélags. Þau hafa mótað samfélagið um aldir. Því er eðlilegt að staðfest sé með einhverju móti að íslenska ríkið vilji verja þann grunn. Í ljósi ákvæða stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og jafnræði er hins vegar jafneðlilegt að spurningar vakni hvort evangeliska lúterska kirkjan eigi að njóta sérstakrar verndar í stjórnarskránni, og hvort þjóðhöfðinginn eigi með táknrænum hætti að vera höfuð hennar. Í reynd hefur á síðustu árum átt sér stað vaxandi aðskilnaður milli ríkis og kirkju. Tengslin hafa verið að þróast þannig að kirkjan er ekki lengur óaðskiljanlegur hluti ríkisins, heldur á hún í mun hlutlausara sambandi við það en áður. Kirkjan hefur sjálf haft lofsvert frumkvæði að mörgum breytingum. Búið er að semja um fjárhagslegan aðskilnað ríkis og kirkju, þótt vissulega sé enn ósamið um mikilvæg fjárhagsleg atriði sem varða ekki síst jarðir sem tilheyra kirkjunni. Hlutverk kirkjuþings og kirkjuráðs er miklu öflugra og mikilvægara en áður. Kirkjan ræður nú sjálf skipulagi sínu og félagslegum efnum. Þetta aukna sjálfstæði er án efa lykillinn að auknum þrótti í kirkjustarfi sem hefur gætt á síðustu árum. Aðskilnaður ríkis og kirkju er þannig orðinn að ferli, sem er á verulegri hreyfingu. Kirkjan hefur sjálf gert sér mæta vel grein fyrir þessu. Það birtist með skýrum hætti í ræðu hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups í upphafi kirkjuþings árið 2002 þar sem biskupinn orðaði það svo að skilnaður hefði þegar orðið að borði og sæng og kirkjan þyrfti nú að búa sig undir lögskilnað. Orðrétt sagði biskup: „Hér vantar í raun ekki mikið upp á að ríki og kirkja séu aðskilin. Nefna má það skilnað að borði og sæng. Mér sýnist sem kirkjan þurfi meðvitað að búa sig undir að til lögskilnaðar komi. En meginspurningin er: Á hvaða forsendum? Stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkjuna hefur verið áminning um kristnar rætur íslenskar menningar og samfélags. Þjóðin má ekki gleyma þeim rótum jafnvel þótt breyting yrði enn á lögformlegri stöðu þjóðkirkjunnar.“ Undir þessi orð biskups er auðvelt að taka.

Ísland er samfélag í örri þróun. Hnattvæðingin, minnkandi vægi landamæra og vaxandi fólksflutningar um veröldina hafa sett mark sitt á land og þjóð. Innstreymi fólks sem brotið er af erlendu bergi auðgar í æ ríkari mæli menningu og atvinnulíf samfélagsins. Ísland er í dag fjölmenningarsamfélag. Hér er að finna margvísleg trúarbrögð þó að evangeliska lúterska kirkjan beri ægishjálm yfir önnur. Þeim Íslendingum fer því fjölgandi sem hafa aðra trú og annan sið en þann sem rekja má til úrskurðar Þorgeirs Ljósvetningagoða fyrir 1000 árum. Þetta skiptir máli varðandi endurskoðun á ákvæðum stjórnarskrárinnar um samband ríkis og kirkju. Fjölmenningarlegt eðli samfélagsins kallar á að menn skoði hvort ekki sé tímabært að breyta ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju. Sú breyting þarf þó að verða í góðri sátt og virðingu beggja.

Bráðabirgðalög.

Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um heimild til setningu bráðabirgðalaga. Þar kemur fram í 1. málsl. greinarinnar að þegar brýna nauðsyn beri til, geti forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Hér er því um að ræða lagasetningu af hálfu annars aðila löggjafarvaldsins skv. 2. mgr. stjórnarskrárinnar, forseta Íslands, sem annast það löggjafarstarf með ríkisstjórninni og á ábyrgð hennar.

Heimildin til setningu bráðabirgðalaga á sér langan aldur og var þegar að finna í fyrstu stjórnarskrá landsins 1874. Slík heimild þótti nauðsynleg og eðlileg enda kom Alþingi ekki saman nema annað hvert ár næstu áratugina og sat síðar ekki nema stuttan tíma á hverju sumri.

Þjóðfélagshættir eru nú gjörbreyttir frá því sem áður var og unnt að kalla saman þing með mjög skömmum fyrirvara. Auk þess situr Alþingi nú allt árið að formi til samkvæmt stjórnlagabreytingunni sem gerð var 1991, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, þótt venjan sé sú að þingi sé frestað að vori og komi ekki aftur saman fyrr en fyrsta dag októbermánaðar að hausti, sbr. 23. og 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Heimildin til setningar bráðabirgðalaga hefur jafnan verið umdeild og þeirri spurningu haldið á lofti hvort hún eigi rétt á sér. Það er engum vafa undirorpið að heimildin stangast á við það grundvallarskipulag sem við byggjum stjórnskipan okkar á, þ.e. þrígreiningu ríkisvaldsins, þar sem hún gerir ráð fyrir því að frumkvæðið að löggjöfinni og löggjafarhlutverkið sé fært frá hinum eiginlega löggjafa, þ.e. Alþingi, yfir til framkvæmdarvaldsins. Við stjórnlagabreytinguna 1991 var samt sem áður ekki talin ástæða til að afnema ákvæðið. Þess í stað var það þrengt nokkuð og við það miðað að því yrði aðeins beitt í algjörum undantekningartilvikum. Við höfum engu að síður nýlegt dæmi um beina misnotkun á ákvæðinu, þ.e. þegar bráðabirgðalög um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði voru sett í fyrra án þess að nokkur rök hefðu staðið til þess. Málið lá fyrir þegar þingið kom saman að vori og hefði verið í lófa lagið að framlengja þingið og láta það taka málið til umfjöllunar.

Vissulega geta komið upp slík neyðartilvik sem kalla á setningu bráðabirgðalaga í einni svipan þrátt fyrir alla þá samgöngu- og fjarskiptatækni sem við búum við í dag. Því telur Samfylkingin of viðurhlutamikið að fella heimildina algjörlega niður heldur sé rétt að þrengja hana enn frekar, þannig að hún verði takmörkuð við algjör neyðartilvik, svo sem náttúruhamfarir, yfirvofandi styrjöld eða önnur ámóta tilvik.

Landið eitt kjördæmi.

Dýpri umræða um mannréttindi síðustu áratugi hefur leitt til að í vaxandi mæli líta menn svo á að jafnt atkvæðavægi sé hluti af mannréttindum. Á mannréttindum er ekki veittur afsláttur. Af þeim sjónarhóli er ekki hægt að verja að sumir þegnar ríkisins hafi minna vægi í kosningum en aðrir. Jafnt vægi atkvæða ætti því að vera einn af hornsteinum þroskaðs lýðræðisríkis eins og Íslands. Vægi atkvæða hefur þó löngum verið misjafnt hér á landi. Allt fram á síðasta áratug var ríflega fjórfaldur munur á vægi atkvæða milli þeirra kjördæma sem höfðu mest og minnst vægi. Síðasta kjördæmabreytingin, þegar kjördæmum var fækkað niður í sex og Reykjavík skipt upp í tvö kjördæmi, dró þó verulega úr ójafnvæginu. Enn er þó munurinn tvöfaldur.

Hugmyndin um að gera landið að einu kjördæmi er gömul hér á landi. Jafnaðarmenn börðust fyrir henni strax á dögum Héðins Valdimarssonar, forustumanns þeirra og formanns Dagsbrúnar. Hann flutti frumvarp þessa efnis árið 1927. Greinargerðin ber glæsilegt vitni um framsýni hans og félaga hans. Í henni er lýst þeirri skoðun að eftir mannréttindakenningum þeim sem þingræðið hvílir á ættu allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum og muni óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki sem hér á landi. Að mati Héðins var því reglan „einn maður – eitt atkvæði“ hornsteinn lýðræðisins. Síðan hafa jafnaðarmenn haldið þeirri hugmynd hátt á lofti. Síðast árið 2002 flutti þingflokkur Samfylkingarinnar frumvarp til stjórnskipunarlaga þar sem lagt var til að landið yrði gert að einu kjördæmi. Í því frumvarpi sagði meðal annars um kosti þessa:

„1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki til staðar.

2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.
3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.“

Hátt í áttatíu ár eru liðin frá því að Héðinn flutti fyrst tillögu sína um að gera landið að einu kjördæmi. Hið gamla kjörorð hans „einn maður – eitt atkvæði“ á enn þá fullt erindi við landsmenn. Á þeim tímamótum sem eru fram undan í þjóðarsögunni væri slík breyting verðug afmælisgjöf Íslendinga til sjálfra sín.

Víðtækt samráð.

Stjórnarskráin er samningur sem þjóðin öll hefur gert með sér um stjórnskipulag ríkisins, um mannréttindi sem virða ber og grunnreglur sem samskipti borgaranna byggjast á. Í samræmi við þetta er mælt fyrir um það í stjórnarskrá okkar að stjórnarskrárgjafinn er þjóðin sjálf. Stjórnarskrá lýðveldisins var samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu vorið 1944 og henni verður ekki breytt nema með því að breytingarnar séu bornar undir þjóðina í alþingiskosningum sem fara fram strax eftir að Alþingi samþykkir breytingartillögu. Í reynd hafa þessi ákvæði leitt til þess að á alþingi hefur frá lýðveldisstofnun verið leitað víðtækrar samstöðu í þau skipti sem breytingar á stjórnarskránni hafa staðið fyrir dyrum.

Löggjafanum, Alþingi, er falið mikilvægt hlutverk við vörslu stjórnarskrárinnar og við breytingar á henni. Skylt er að hafa í huga að þau störf vinnur Alþingi í umboði stjórnarskrárgjafans, þjóðarinnar, sem finnur sér farveg í atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna. Þegar um mikilvægar breytingar á stjórnarskránni er að ræða ber þinginu því skylda til að efna til umfangsmikillar og djúprar umræðu meðal þjóðarinnar um þau efni sem á dagskrá eru. Flutningsmenn telja því æskilegt og í anda stjórnarskrárinnar að breytingar á henni væru undirbúnar með víðtækri umræðu í samfélaginu öllu fremur en að þær væru einungis unnar í lokuðum hópi. Slíka umræðu á sem kostur er að skipuleggja í samráði við almannasamtök og margvíslega hagsmunahópa. Hún á fara fram á fundum um landið allt, í fjölmiðlum þjóðarinnar og á vettvangi vinnustaða, þar á meðal og ekki síst í skólunum. Það er skoðun Samfylkingarinnar að sá hópur sem velst til að stýra endurskoðun stjórnarskrárinnar samkvæmt þessari þingsályktunartillögu eigi að hafa forustu um slíkt samráð áður en gengið er frá lokatillögum.

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja uppbyggingu strandsiglinga sem nauðsynlegs hluta af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra undirbúi með gerð áætlana og framlagningu frumvarpa að ríkið geti í framtíðinni tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti leggja mat á kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land og skiptingu siglingaleiða sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2005.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar verið að leggjast af hér við land. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið undirbúi að strandsiglingar verði hafnar á vegum ríkisins á grundvelli útboða.

Á 128. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn ásamt Árna Steinari Jóhannssyni fram tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hafði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hafi í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir ráðuneytisins beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hafi verið þarft innlegg í umræðuna og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðnna þátta í tillögunni.

Tillagan sem nú er lögð fram gengur lengra en sú frá 128. löggjafarþingi að því leyti að í henni felst að hafinn verði klár undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur fallist á aðstoðarkerfi sem Bretar hafa komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og að hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2005. Því er hér er lagt til að ráðherra skuli skila tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 2005.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök að baki mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um íþróttaáætlun.

Flm.: Gunnar Örlygsson, Þuríður Backman, Kristján L. Möller, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa og leggja fram áætlun um markmið og stefnu ríkisins í íþróttamálum til fimm ára. Í áætluninni komi m.a. fram markmið ríkisins hvað varðar eflingu almennings- og afreksíþrótta, hvernig tryggt verði að öll börn hafi jafna möguleika til að stunda íþróttir innan og utan skóla, og gerð grein fyrir fjáröflun til íþróttamála og fjárstuðningi ríkisins við íþróttastarf í landinu og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Að auki verði í áætluninni fjallað um rannsóknir sem ríkið tekur þátt í á sviði íþróttamála.

Áætlunin verði unnin í samstarfi við íþróttahreyfinguna, íþróttakennara og sveitarfélög og lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi.

Greinargerð.

Gildi íþrótta fyrir líkamlega og andlega vellíðan fólks er fyrir löngu viðurkennt. Á síðustu árum hefur áhugi almennings á íþróttum vaxið mikið enda kemur sífellt betur í ljós hvernig þær efla þrek og þrótt ungra sem aldinna. Þá hafa sjónir manna einnig beinst að hlut þeirra í forvörnum gegn vímuefnaneyslu og öðru miður góðu líferni. Þrátt fyrir þetta liggur ekki fyrir skýr stefnumörkun ríkisins í íþróttamálum til lengri tíma. Flutningsmenn telja að ríkinu beri að setja niður skýra stefnu í íþróttamálum og tryggja þannig vöxt íþróttamála.

Mikilvægi þess að ríkið geri áætlanir yfir fyrirhuguð verk í tilteknum málaflokkum hefur sýnt sig og dugar þar að vísa til jafnólíkra flokka sem jafnréttismála og vegamála þar sem ráðherra yfir hvorum málaflokki er skylt samkvæmt lögum að leggja fram áætlun á hverjum tíma. Með framlagningu áætlana er fólki ekki aðeins gerð grein fyrir hvert ríkið stefnir heldur vekur það einnig umræður. Þá geta einstaklingar og frjáls félagasamtök stuðst við áætlanir ríkisins, t.d. í íþróttum, þegar þeir setja sér markmið. Því er mikilvægt að horft sé til lengri tíma en eins árs í senn eins og algengt er hjá ríkinu þar sem fjárlög hvers árs eru látin ráða stefnunni.

Í 1. gr. íþróttalaga, nr. 64/1998, merkja íþróttir „hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti“. Menntamálaráðherra fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti sem ríkið lætur þau til sín taka og meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði, sbr. 2. og 3. gr. íþróttalaga.

Íþróttahreyfingin hefur unnið þarft og óeigingjarnt starf. Ótal dæmi eru um að sjálfboðaliðar hafi lyft grettistaki í íþróttamálum og sama hvar farið er um landið gegna ungmenna- og íþróttafélögin lykilhlutverki í barna- og unglingastarfi. Það er viðurkennt, m.a. í íþróttalögum, að íþróttastarf utan skóla er fyrst og fremst í höndum einstaklinga og félaga þeirra. Það þýðir þó ekki að ríkið komi ekki að þeim málum og beri þar engar skyldur. Framlög ríkisins til íþróttamála utan skóla eru veruleg en það vantar upp á að þar sé fylgt fastri stefnu. Með íþróttaáætlun ætti að verða auðveldara fyrir ríki, sveitarfélög og íþróttahreyfinguna að setja sér markmið um fé til málaflokksins frá ríkinu og þannig væri tryggt að fjármunir rötuðu þangað sem þeirra er þörf og að sett markmið náist bæði í almennings- og afreksíþróttum.

Í íþróttaáætlun þarf að kveða skýrt á um fjármögnun og styrki ríkisins til íþrótta. Þar verður að sýna fram á að árleg framlög geti tryggt almennan rekstur íþróttahreyfingarinnar auk þess sem gera þarf áætlun yfir styrki til sérsambanda. Einnig er mikilvægt að tekið verði á jöfnun ferðakostnaðar íþróttamanna eftir landsvæðum en í því tilliti má vísa til 135. máls 130. löggjafarþings, sem er tillaga til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga. Þá er æskilegt að skoðaðir verði kostir þess að veita fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna skattaívilnanir.

Margvíslegt gott starf hefur verið unnið í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar á síðustu árum og ljóst að starf þessara aðila þarf að vera samræmt. Því leggja flutningsmenn áherslu á að ráðherra hafi samráð við sveitarfélög og íþróttahreyfinguna við gerð íþróttaáætlunar.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra að fengnu samþykki ⅔ hluta atkvæða á Alþingi.

Er ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara tilkynnir hann forseta Alþingis um það. Tillaga ráðherra skal hljóta meðferð í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, áður en hún er borin undir atkvæði þingmanna. Nefndin skal fjalla um hæfni umsækjanda um embættið og skila skýrslu til þingsins með rökstuddri niðurstöðu um mat sitt innan fjögurra vikna. Jafnframt skal nefndin leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tillögu og skal hún fá sömu meðferð.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu forsætisráðherra, en dómsmálaráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

3. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Þegar hæstaréttardómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar forsætisráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Dómsmálaráðherra höfðar mál á hendur héraðsdómara. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

4. gr.

1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var síðast flutt á 126. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt.

Í gegnum aldirnar hafa verið uppi mismunandi skýringar á því hvaðan vald valdhafanna er sprottið og í umboði hvers valdhafarnir fara með það. Þar hafa ýmsar hugmyndir verið á kreiki allt frá því að valdhafarnir fari með það í umboði æðri máttarvalda eins og hugmyndir m.a. í Frakklandi voru uppi um að valdið kæmi frá Guði. Ýmsir andmæltu því og skilgreindi enski heimspekingurinn John Locke borgaralegt samfélag og nauðsynlegt vald sem þyrfti að fylgja stofnun þess eitthvað á þessa leið í ritgerð sinni um ríkisvaldið sem út kom í London 1649: „Hvar sem einhver hópur manna er sameinaður í eitt samfélag, þannig að hver og einn hefur afsalað sér rétti til heildarinnar til að sjá um að náttúrurétti sé fylgt, þar og aðeins þar er borgaralegt samfélag. Og þessi sameining verður hvar sem einhver hópur manna í ríki náttúrunnar myndar með sér samfélag og gerist ein þjóð, ein ríkisheild undir einni æðstu stjórn, og hún verður líka þar sem einhver einn maður gerist þegn ríkis sem þegar er orðið til. Með því að gerast þannig þegn, gefur hann ríkinu eða löggjafarvaldi þess umboð til að setja sér lög að því marki sem nauðsynlegt er fyrri almannaheill. Með þessu flytja menn úr ríki náttúrunnar og setjast í ríki, það er með því að skipa jarðneska dómara sem hafa umboð til að skera úr öllum álitamálum og deilum og heimta rétt þeirra samfélagsborgara sem brotið hefur verið gegn. Þessir dómarar eru löggjafarvaldið eða erindrekar þess. Sérhver hópur manna – hvernig svo sem tengslum þeirra er háttað – sem ekki getur vísað málum sínum til slíks úrskurðarvalds, býr enn við ríki náttúrunnar.“ Hvernig svo sem menn skilgreina valdið eða uppsprettu þess þá er alveg ljóst að þetta vald er vandmeðfarið, einkanlega ef markmiðið er að haga meðferð þess þannig að það þjóni fyrst og fremst hagsmunum borgaranna. Sagan geymir ófá dæmi um annað.

Íslensk stjórnskipun byggist að meginstefnu til á þrígreiningu ríkisvalds, þ.e. að því er skipt upp í löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald. Hugmyndafræðin að baki þrígreiningu ríkisvaldsins er sú að ekki safnist of mikið vald á fárra hendur. Með því að skipta ríkisvaldinu upp með þessum hætti er markmiðið að reyna að takmarka áhættu af því að misfarið sé með ríkisvaldið. Kenningin um þrígreiningu ríkisvaldsins er oftast rakin til franska stjórnvitringsins Montesquieus og rits hans „De l´Esprit des Lois“ er út kom árið 1748. Rót hugmynda Montesquieus er jafnan rakin til þeirra áhrifa sem hann varð fyrir meðan hann dvaldi á Englandi þar sem innanlandsátök leiddu til að valdinu var skipt upp milli konungs og þings, en valdi þingsins var síðan skipt upp í efri og neðri deild. Samkvæmt kenningu Montesquieus skyldi hver aðili fara með sína grein ríkisvaldsins. Hver hinna einstöku valdþátta átti að tempra eða takmarka vald hins, því ef allt ríkisvald væri á einni hendi eða höndum einnar stofnunar var að áliti Montesquieus hætta á ofríki og kúgun. Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja þátta, sjálfstæðra valdhafa, ætti að vera hægt að ná því markmiði að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og kúgun að eigin geðþótta. Borgararnir þurfi því ekki að sæta geðþóttaákvörðun af hálfu þeirra sem með þetta vald fara án þess að eiga þess kost að geta borið slíkar ákvarðanir undir aðra valdþætti þess til endurskoðunar.

Þrátt fyrir að hugmyndin um þrígreiningu ríkisvalds gangi ekki ómenguð í gegnum stjórnskipunina verður því ekki á móti mælt að hún er sú hugsun sem býr að baki skiptingu ríkisvaldsins. Skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með einn þátt ríkisvaldsins – dómsvaldið. Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur dómsvald í sér heimild eða vald til að skera

úr tilteknum réttarágreiningi; kveða á um hvað sé rétt eða rangt lögum samkvæmt í hverju tilviki og komast að niðurstöðu í þeim málum sem undir dómsvaldið eru borin með lögmætum hætti. Það er því mikið vald sem mönnum er falið að fara með þegar þeir eru skipaðir til setu í æðsta dómstól landsins, Hæstarétti Íslands.

Það fyrirkomulag sem tíðkast hefur hér á landi við skipun hæstaréttardómara hefur gefið þeirri umræðu byr undir báða vængi að skipað sé í réttinn pólitískt og breytir engu hvaða ráðherra hefur átt í hlut hverju sinni. Það væri enn fremur fásinna að halda því fram að það skipti ekki máli fyrir þá sem í ríkisstjórn sitja hverju sinni hvaða viðhorf það fólk hefur sem sest í réttinn hverju sinni. Í þessu samhengi má minna á að deilur hafa lengi verið uppi meðal lögfræðinga, bæði hérlendis og erlendis, um það hversu langt dómstólar geta farið inn á svið löggjafans og endurskoðað ákvarðanir hans. Enn fremur hefur lengi verið deilt um hversu langt dómstólar geta gengið inn á það svið sem kallað hefur verið frjálst mat stjórnvalda við ákvarðanatöku og endurskoðað ákvarðanir þeirra, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Það er skoðun flutningsmanna að það sé miklum mun heilbrigðara að umræðan um það hver verði skipaður hæstaréttardómari, forsendur skipunarinnar og hver séu viðhorf dómara til þeirra grundvallaratriða sem lúta að hlutverki dómstóla og samskiptum þeirra við aðra handhafa ríkisvaldsins séu opinberar í stað þess að forseti Íslands skipi í réttinn að fenginni tillögu dómsmálaráðherra að undangenginni umsögn Hæstaréttar eins og nú er. Þetta þýðir í reynd að dómsmálaráðherra fer með þetta vald eða gerir í það minnsta tillögu til forseta um það hvern hann skuli skipa. Þetta gerist jafnan án opinberrar umræðu eða skoðunar. Það er enn fremur skoðun flutningsmanna að sú skipan sem hér er lögð til, þ.e. að Alþingi komi að skipun hæstaréttardómara sé til þess fallin að styrkja réttinn frá því sem nú er og gera hann enn sjálfstæðari. Það er ekki vafi á því að mati flutningsmanna að aukið sjálfstæði dómstóla sé aðeins til þess fallið að efla og styrkja trú manna á lýðræðið og stjórnskipun landsins. Því er þetta frumvarp lagt fram.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að í stað þess að hæstaréttardómari sé skipaður samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra tilnefni forsætisráðherra dómara að fengnu samþykki ⅔ hluta atkvæða á Alþingi. Áfram er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi hæstaréttardómara. Þegar forsætisráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst tilnefna skal hann tilkynna forseta Alþingis um tilnefningu sína. Tillögu ráðherra skal vísa til meðferðar í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis sem kjósa skal til að fjalla um tilnefningu ráðherra. Nefndin skal fjalla um hæfni þess sem tillaga er gerð um og skila skýrslu með mati sínu innan fjögurra vikna frá því að hún fær tillöguna til umfjöllunar. Líkt og er nú skal umsagnar Hæstaréttar leitað um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands sem skipar viðkomandi í embætti hæstaréttardómara. Verði tillaga ráðherra hins vegar ekki samþykkt á Alþingi skal ráðherra leggja nýja tillögu fyrir þingið sem skal fá sömu meðferð.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um lausn hæstaréttardómara frá embætti að öðru leyti en því að forsætisráðherra gerir tillögu til forseta Íslands um lausn í stað dómsmálaráðherra eins og nú er.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um fórnarlamba- og vitnavernd.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Fórnarlömbum mansals skal gefinn kostur á fórnarlamba- og vitnavernd samkvæmt lögum þessum.

Með mansali er í lögum þessum átt við að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi fé eða tekið við því eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til hagnýtingar á vændi annarra eða annarrar kynferðislegrar hagnýtingar, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða líffæranáms.

2. gr.

Í fórnarlamba- og vitnavernd felst að útlendingi sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skal gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem stunda mansal og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslum og vitnisburði. Fórnarlambaverndin gengur framar vitnaverndinni, þannig að ef fórnarlamb mansals treystir sér ekki til eða getur ekki vitnað gegn hinum brotlegu skerðir það ekki rétt hans til þeirrar aðstoðar sem lögin gera ráð fyrir.

Sá sem þiggur vernd samkvæmt lögum þessum skal slíta öll tengsl við þann sem grunaður er um að stunda mansal.

Dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. er veitt til eins árs. Það er hægt að framlengja um jafnlangan tíma.

Þeir sem þiggja fórnarlamba- og vitnavernd skulu taka þátt í áætlun um félagslegan stuðning þann tíma sem þeir þiggja verndina. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. Þá skal þeim standa til boða aðstoð við að sækja um ótímabundið dvalar- og atvinnuleyfi þegar fórnarlamba- og vitnaverndinni lýkur.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áætlun um félagslegan stuðning og önnur úrræði skv. 4. mgr.

3. gr.

Fórnarlömb mansals, sem gefinn er kostur á fórnarlamba- og vitnavernd, hafa 30 daga umþóttunartíma til að ákveða hvort þau þiggja verndina. Meðan á umþóttunartímanum stendur skulu fórnarlömbin njóta aðstoðar skv. 4. mgr. 2. gr. og hafa bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi.

4. gr.

Þegar dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. rennur út eiga lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga við. Ef þeir sem hafa þegið fórnarlamba- og vitnavernd sækja

um dvalar- og atvinnuleyfi skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd um fórnarlamba- og vitnavernd vegna framkvæmdar laga þessara. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Útlendingastofnun, einn af Vinnumálastofnun og einn af ríkislögreglustjóra. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Starfsmaður dómsmálaráðuneytis skal vera ritari og starfsmaður nefndarinnar og annast aðstoð við fórnarlömb mansals og þiggjendur fórnarlamba- og vitnaverndar.

Nefndin skal hafa eftirtalin verkefni:

a. að kanna hvort grunur um mansal er á rökum reistur,
b. að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis skv. 1. mgr. 2. gr. til þeirra sem þiggja boð um að taka þátt í fórnarlamba- og vitnavernd að uppfylltu skilyrði a-liðar,
c. að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis skv. 3. mgr. 2. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

6. gr.

Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi og Útlendingastofnun dvalarleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. að fengnu samþykki nefndar um fórnarlamba- og vitnavernd.

7. gr.

Að öðru leyti en leiðir af lögum þessum gilda lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga eftir því sem við á um þau fórnarlömb mansals sem þiggja fórnarlamba- og vitnavernd samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt.

Frumvarpinu er ætlað að festa í lög svokallaða fórnarlamba- og vitnavernd til handa fórnarlömbum mansals, enda er slíkt í samræmi við skuldbindingar aðildarríkja samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi. Sá samningur var undirritaður fyrir Íslands hönd 13. desember 2000 en bíður fullgildingar. Við samning þennan voru gerðir tveir viðaukar. Öðrum þeirra er ætlað að taka sérstaklega á mansali, ekki síst sölu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum er ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd og aðstoð. Þessi viðauki er kenndur við Palermó á Sikiley, en þar var samningurinn undirritaður.

Refsinæmi mansals og skilgreining.

Skilgreininging á mansali skv. 3. gr. Palermó-viðaukans er eftirfarandi (óopinber þýðing): „„Mansal“ merkir að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi eða tekið við fé eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstak-

lingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til hagnýtingar á vændi annarra eða annarrar kynferðislegrar hagnýtingar, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða líffæranáms. Samþykki þess sem er fórnarlamb mansals við hagnýtingu af þeim toga sem lýst er hér að ofan skiptir engu máli í tilvikum þar sem einhverjum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan hefur verið beitt. Tilkvaðning, flutningur, framsal, hýsing eða viðtaka á barni í hagnýtingarskyni telst vera „mansal", jafnvel þótt ekki sé beitt neinum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan. „Barn" merkir einstakling undir átján ára aldri."

Í núgildandi hegningarlögum, nr. 19/1940, er í 227. gr. a að finna svohljóðandi ákvæði sem gerir mansal refsivert með allt að 8 ára fangelsi:

„Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr."

Alþjóðlegt vandamál.

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sameinuðu þjóðanna um mansal (trafficking in persons) má gera ráð fyrir að hundruð þúsunda karla, kvenna og barna séu árlega seld ólöglega milli landa vítt og breitt um heiminn. Til skamms tíma töldu menn að þetta fólk væri viljugir þátttakendur í hinu ólöglega athæfi, fólk sem sjálfviljugt flýði fátækt og eymd í heimalöndum sínum í von um að eitthvað skárra væri í boði á hinum ríku Vesturlöndum. En hin síðari ár hafa nýjar hliðar á þessari ólöglegu starfsemi orðið meira áberandi, það er sú starfsemi sem tengist hinum svokallaða „kynlífsmarkaði" Vesturlanda. Í slíkum tilfellum er oft um nauðung að ræða og er ofbeldi og hótunum gjarnan beitt til að beygja fórnarlömbin undir vilja þeirra sem stunda mansal. Fólk greiðir gjarnan háar upphæðir fyrir flutninginn sem oft á sér stað við óviðunandi aðstæður. Fólkið endar svo oftar en ekki í nauðungarvinnu, vændi eða sem þátttakendur í öðru ólöglegu athæfi í móttökulandinu.Talið er að í Bandaríkjunum einum stundi 100.000 ólöglegir innflytjendur vændi og í skýrslu Sameinuðu þjóðanna Global Report on Crime and Justice er talið að 40.000–50.000 tælenskar konur, ólöglegir innflytjendur, stundi vændi í Japan. Það ríkir mikil óvissa um hversu margir ólöglegir innflytjendur starfa við vændi í Evrópulöndunum, en í skýrslum Sameinuðu þjóðanna er þó talað um að þeir geti verið tvö til fimm hundruð þúsund. Tveir þriðju hlutar munu koma frá Austur-Evrópu og einn þriðji frá þróunarlöndum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Af þessu sést að vandamálið er alþjóðlegt og það vex hratt.

Nauðsyn verndar.

Konur sem seldar eru sem kynlífsþrælar lenda oft í grófu ofbeldi og er gjarnan nauðgað hvað eftir annað áður en sala frá einum aðila til annars á sér stað. Ótal dæmi eru um hroðalega meðferð þeirra og ekki er óalgengt að þær séu látnar þjóna vændiskúnnum upp í 18 tíma á dag, alla daga vikunnar. Þær eru í flestum tilfellum algerlega háðar kúgurum sínum, oft eig-

endum vændishúsanna. Þær eru oftast án vegabréfs í landi sem þær vita jafnvel ekki hvað heitir og eru neyddar til að láta af hendi stærstan hluta þeirra peninga sem kúnnarnir greiða fyrir vændið, enda eru þær sagðar þurfa að endurgreiða háar fúlgur fyrir fargjald, húsaleigu og fæði. Konunum er haldið innilokuðum á vændishúsunum eða þeim er ekið milli kúnna af „eigendum" sínum. Venjulega eru þær fluttar ört á milli landa/staða til að tryggja að þær geti ekki myndað nein tengsl við vændiskúnnana, slíkt gæti orðið til þess að einhverjir tækju það upp hjá sér að vilja bjarga þeim. Þær eru varaðar við að leita til lögreglu, heilbrigðisyfirvalda eða samtaka sem aðstoða fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Reyni þær slíkt kallar það á grófar líkamlegar refsingar, barsmíðar og nauðganir, eða því er hótað að eitthvað komi fyrir fjölskyldur þeirra í heimalöndunum. Allt gerir þetta yfirvöldum erfitt fyrir að ná til fórnarlamba mansals.

Lagasetning í samræmi við samning.

Það er mat flutningsmanna þessa frumvarps að samhliða lögfestingu ákvæðisins í 227. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þar sem mansal er gert að sérstöku refsilagabroti, hefði átt að lögfesta ákvæði um fórnarlamba- og vitnavernd, enda er slíkt í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og viðauka hans. Það er líka í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skammtímadvalarleyfi til handa fórnarlömbum mansals sem aðstoða yfirvöld við að koma upp um þá sem grunaðir eru um að standa að eða stuðla að mansali, CNS 2002/0043. Tillagan bíður nú atkvæðagreiðslu.

Aðgerðir í Evrópu.

Þau lönd í Evrópu sem þegar hafa skilgreint mansal sem sérstakt refsilagabrot hafa jafnhliða tryggt vernd fórnarlambanna á ýmsan hátt. Má þar t.d. nefna Belgíu og Ítalíu. Ítalska fórnarlambaverndin er útfærð í 18. gr. laga nr. 286, dags. 25. júlí 1998, og 27. gr. forsetatilskipunar nr. 394, dags. 31. ágúst 1999, en þessar greinar gera ráð fyrir vegabréfsáritun vegna verndar erlendra borgara. Þar er lögð áhersla á að yfirvöld greini aðstæður einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið seldir mansali til Ítalíu og setji af stað áætlun um að aðstoða viðkomandi með hvaðeina sem þarf til að losa þá undan valdi þeirra sem hafa gerst brotlegir við lög og alþjóðasamninga með því að stunda mansal. Í frumvarpinu er þetta atriði ítalska ákvæðisins haft til hliðsjónar.

Lögregluyfirvöld í Evrópulöndum hafa á síðustu árum reynt að kortleggja hegðunarmynstur þeirra glæpasamtaka sem stunda mansal milli landa og hefur orðið nokkuð ágengt þótt enn sé langt í land. Samtök lögregluyfirvalda í Evrópu leggja áherslu á að samstarf milli landa verði aukið og að fræðsla til lögreglunnar innan hvers lands sé aukin. Samstarf og fræðsla eru lykilatriði í baráttunni gegn þessari ólöglegu starfsemi.

Hinn 26. nóvember 2003 lagði sænska ríkisstjórnin fram frumvarp um vitna- og fórnarlambavernd. Sænsk stjórnvöld vonast til þess að nýju lögin sjái sænsku lögreglunni fyrir öflugu verkfæri í viðleitni hennar til að hafa uppi á skipuleggjendum mansals og smygls á fólki.

Vitnisburður ekki skilyrði verndar.

Rökin fyrir fórnarlamba- og vitnavernd í tengslum við mansal eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi eru mannúðarsjónarmið. Mannréttindi þess fólks sem lendir í klóm nútímaþrælasala hafa verið brotin, það hefur verið niðurlægt og oft hefur það verið beitt grófu ofbeldi. Til að það geti endurheimt mannlega reisn og orðið virkir þegnar í samfélaginu þarf að styðja við það. Í öðru lagi eru þau rök að með því að fá fórnarlömbin til samvinnu við yfirvöld megi auka líkurnar

á að lögreglu takist að koma upp um þá glæpamenn sem stunda ólöglegan innflutning eða sölu á fólki. Í því frumvarpi sem hér er flutt er samvinna fórnarlambsins við viðkomandi yfirvöld, um að vitna gegn hinum brotlegu, ekki gerð að skilyrði fyrir dvalarleyfi eða þeirri aðstoð sem skylt yrði að veita fórnarlömbunum samkvæmt frumvarpinu, heldur er lögð áhersla á að líkur aukast á því að fórnarlambið vitni gegn hinum brotlegu fái það dvalarleyfið og félagslega og réttarfarslega aðstoð.

Ef ekki er í lögum heimild til sérstaks dvalarleyfis fyrir fórnarlömbin er yfirvöldum nauðugur einn kostur að senda þau úr landi. Það leiðir til þess að þau lenda aftur í klóm glæpamannanna og hörmungarnar halda áfram. Samstarf yfirvalda og fórnarlambs getur verið með því móti að fórnarlambið gefi upplýsingar um grunaða einstaklinga, leggi fram ákæru eða beri vitni fyrir dómi, en í þessu frumvarpi er það ekki gert að skilyrði eins og áður segir.

Mannréttindi og mannúðarsjónarmið.

Í ljósi þess sem áður er sagt um hversu erfitt er fyrir yfirvöld að ná sambandi við fórnarlömb mansals er mikilvægt að þeim sé gert það ljóst að þau eigi rétt á dvalarleyfi og að þau hafi tíma til umþóttunar. Þann tíma er líka mikilvægt að sjá fórnarlömbunum fyrir húsnæði, heilbrigðisþjónustu og annarri nauðsynlegri aðstoð.

Mikilvægt er að yfirvöld geri sér grein fyrir því að fórnarlömbin, oftast konur og börn, hafa að öllum líkindum gengið í gegnum miklar þjáningar, verið í lífshættu og verið beitt líkamlegu ofbeldi. Einnig ber að hafa í huga að staða þeirra sem lenda í þessum aðstæðum er einatt afar veik. Alþjóðlegir glæpahringir notfæra sér neyð og fátækt fólks og eru því sekir um að notfæra sér yfirburðastöðu sína gagnvart fátækum fórnarlömbum. Aðgerðir lögregluyfirvalda verða því einatt að byggjast á virðingu fyrir einstaklingunum sem í hlut eiga og taka mið af sjálfsögðum mannréttindum og mannúðarsjónarmiðum.

Til að auðvelda yfirvöldum að ná til fórnarlambanna er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við frjáls félagasamtök sem starfa að mannúðarmálum og samtök sem starfa með innflytjendum eða fórnarlömbum ofbeldis. Ekki er ólíklegt að vitneskja um veru fórnarlamba mansals í landinu berist fyrst til slíkra samtaka. Því er mikilvægt að stjórnvöld efli skipulagt samstarf við slík samtök.

Rökin fyrir því að dvalarleyfið þurfi að vera til eins árs í senn, en ekki til skemmri tíma, eru byggð á raunsæju mati á því hversu langan tíma tekur að vinna mál af þessu tagi og einnig er líklegra að fórnarlömbin telji sér borgið ef tíminn er þetta langur. Líklegra er að fórnarlömbin séu tilbúin að ganga til samstarfs við stjórnvöld ef þau eiga tryggt dvalarleyfi í landinu í a.m.k. eitt ár en ef eingöngu væri um örfáa mánuði að ræða.

Frumvarpið nær til einstaklinga sem hafa verið vistaðir á Íslandi fyrir milligöngu einstaklinga eða samtaka sem komið hafa þeim í ólögleg störf og/eða í þjónustu á sístækkandi klám- og kynlífsmarkaði. Það tekur hins vegar ekki til þeirra einstaklinga sem eingöngu eru viðkomufarþegar (transit-farþegar) á Íslandi og grunur fellur á við hefðbundið vegabréfaeftirlit slíkra farþega. Talið er ljóst af atburðum síðustu vikna að verið er að smygla fólki gegnum Ísland til Vesturheims og einnig eru til staðar ýmsar vísbendingar um að nektarstaðir á Íslandi kaupi til landsins stúlkur sem tengjast alþjóðlegum samtökum sem útvega stúlkur til starfa á slíkum stöðum. Vegna alls þessa getum við átt von á að það styttist í að fórnarlömb nútímaþrælaverslunar verði vistuð á Íslandi. Þá er mikilvægt að hafa löggjöf sem getur tekið á slíkum málum með afgerandi hætti.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um breytingu á kennitölukerfi.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ráðherra Hagstofu Íslands að gera úttekt á þeim forsendum sem liggja að baki kennitölukerfi einstaklinga hér á landi. Borið verði saman form kennitölu einstaklinga hér á landi og í nágrannaríkjum með tilliti til þess hvort þar sé notast við sambærileg kerfi til auðkenningar og hvort í þeim felist augljósar persónuupplýsingar. Þá verði metnir kostir og gallar þess að taka upp nýtt kerfi sem væri laust við persónuupplýsingar og gæti staðið við hlið núverandi kennitölukerfis þannig að fólk hefði val um kennitölu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá var hætt að nota nafnnúmer hér á landi um áramótin 1987/1988 og kennitölur teknar upp til að auðkenna einstaklinga. Einstaklingar fæddir 1975 og síðar fengu ekki nafnnúmer heldur kennitölur.

Kennitölukerfið hefur reynst vel, að öðru leyti en því að í kennitölum okkar felast persónuupplýsingar. Oft hefur verið bent á að kennitölur séu notaðar óhóflega hér á landi og þeim mun bagalegra þykir fólki að þurfa sífellt að veita persónulegar upplýsingar ef það kærir sig ekki um það.

Það eru sjálfsögð réttindi að fólk geti valið um það hvort það veitir persónulegar upplýsingar á borð við fæðingardag sinn og ár eða ekki. Rétt er að geta þess að í ríkjum þar sem íbúafjöldi hleypur á hundruðum milljóna, eins og t.d. í Bandaríkjunum, eru notaðar kennitölur sem veita engar persónuupplýsingar um viðkomandi einstaklinga.

Tæknilega á ekki að vera vandkvæðum bundið að gera fólki mögulegt að velja hvort það notar þá kennitölu sem hið opinbera hefur úthlutað því eða sækir um aðra sem ekki felur í sér neinar persónuupplýsingar.

Eflaust mætti innheimta hóflegt gjald af þeim sem kjósa sér kennitölu úr hinu nýja auðkennakerfi ef kerfið þætti ella of kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð.

15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um stofnun atvinnuvegaráðuneytis.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í því skyni að setja á stofn nýtt, öflugt atvinnuvegaráðuneyti í stað landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Hið nýja ráðuneyti fari með stjórnsýslu og stefnumörkun sem varðar málefni allra atvinnugreina. Ferðaþjónusta, þekkingariðnaður og aðrar atvinnugreinar sem heyra nú undir önnur ráðuneyti eða eiga ekki fastan stað í stjórnkerfinu verði felld undir atvinnuvegaráðuneytið.

Við stofnun hins nýja ráðuneytis verði yfirfarin og skilgreind nákvæmlega öll verkefni og stofnanir viðkomandi ráðuneyta með það fyrir augum að sameina stofnanir og styrkja þær þannig til að takast á við ný viðfangsefni. Jafnframt verði stefnt að því að draga úr kostnaði og gera rekstur hins nýja ráðuneytis eins hagkvæman og skilvirkan og kostur er.

Undirbúningi að stofnun hins nýja ráðuneytis verði lokið fyrir árslok 2006.

Greinargerð.

Heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu, bæði skiptingu þess í ráðuneyti og verkaskiptingu milli ráðuneyta, er löngu tímabær. Langbrýnast er að endurskoða atvinnuvegaráðuneytin en þau eru of mörg, of smá og ekki nógu skilvirk, enda leifar úreltrar þrískiptingar atvinnulífsins sem þróunin hefur gert ónothæfa.

Burðarásar hins nýja öfluga atvinnuvegaráðuneytis yrðu ýmis stórverkefni sem kæmu úr ráðuneytum sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og viðskipta, en einnig stórverkefni á borð við ferðaþjónustu sem nú heyrir undir samgönguráðuneyti. Voldugt ráðuneyti af þessu tagi mundi þjóna hagsmunum hins margslungna atvinnulífs Íslendinga miklu betur en litlu ráðuneytin þrjú sitt í hverju lagi.

Samfylkingin leggur áherslu á að með þessu er einungis stigið fyrsta skrefið í átt að því að nútímavæða Stjórnarráðið og aðlaga það nýjum breytingum og viðhorfum, jafnt í atvinnulífi sem opinberum rekstri. Samhliða þessu mikilvæga skrefi telur Samfylkingin að rétt sé að Ríkisendurskoðun geri stjórnsýsluúttekt á öðrum ráðuneytum og stofnunum þeira með það fyrir augum að sameina þau og fækka og leggja þannig grunn að frekari endurskoðun og nútímavæðingu Stjórnarráðsins.

Markmið.

Markmið uppstokkunar Stjórnarráðsins er margþætt. Í fyrsta lagi er mikilvægt að laga Stjórnarráðið, ráðuneytin og stofnanir þeirra, að þeim gríðarlegu breytingum sem orðið hafa í atvinnuháttum en speglast ekki í uppbyggingu Stjórnarráðsins. Í öðru lagi hefur ráðuneytum fjölgað úr hófi fram og löngu orðið tímabært að fækka þeim og gera starfsemi þeirra skilvirk-

ari með því að sameina verkefni. Í þriðja lagi eru stofnanir íslensku stjórnsýslunnar of margar miðað við verkefni samfélagsins, of smáar og því ekki nægilega öflugar til að takast á við æ flóknari verkefni margþætts tæknisamfélags. Í fjórða lagi er uppstokkun á Stjórnarráðinu, stofnunum og ráðuneytum, tímabær til að gera rekstur hins opinbera skilvirkari, hagræða með sameiningu og draga þannig úr kostnaði skattborgaranna af rekstri ríkisins.

Úrelt verkaskipting.

Verkaskipting Stjórnarráðsins endurspeglar ekki nútímann. Skipan þess hefur verið að mestu óbreytt frá árinu 1969 ef frá er talin stofnun umhverfisráðuneytisins. Sannkallaðar byltingar á sviði fjarskipta sem felast í netinu og þekkingar- og vitundariðnaði nútímans, sem jafna má við iðnbyltinguna á sínum tíma, endurspeglast hvergi í uppbyggingu og verkaskiptingu Stjórnarráðsins.

Gamaldags uppbygging Stjórnarráðsins kemur skýrast fram í þeim hlutum þess sem snúa að atvinnulífinu. Þeim er enn skipt samkvæmt löngu úreltri skiptingu atvinnulífsins í þrjú lítil og veikburða ráðuneyti sem sinna gömlu frumframleiðslugreinunum í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Kerfið rígheldur í gömul ráðuneyti sem skipta æ minna máli fyrir atvinnulíf landsmanna meðan nýjar greinar fá hvorki athvarf né atlæti innan Stjórnarráðsins. Dæmi um þetta er að landbúnaður, sem leggur til 1% landsframleiðslunnar, hefur í kringum sig heilt ráðuneyti og viðamikið stoðkerfi dýrra stofnana, þar á meðal heilan háskóla, en upplýsingatækni með 5,5% af landsframleiðslu hefur til skamms tíma velkst eins og sprek í Stjórnarráðinu. Einnig má nefna að ferðaþjónustu, sem leggur til 4,5% landsframleiðslunnar, var á sínum tíma holað niður í samgönguráðuneytinu án mikilla raka.

Það er viðtekin skoðun að hið opinbera eigi ekki að gera neinn greinarmun á mismunandi atvinnugreinum heldur skapa atvinnulífinu öllu sömu skilyrði til að vaxa. Það er hin útbreidda skoðun og vinnuaðferð í atvinnulífinu sjálfu. Öllum þessum greinum, gömlum og nýjum, væri best komið saman í einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti. Innan þess yrði stjórnsýsla og stefnumörkun fyrir atvinnulífið í heild færð til nútímanns. Stefnan yrði skýrari og áhrif sérhagsmuna minni.

Fyrsta og mikilvægasta skrefið í endurskipulagningu og nútímavæðingu Stjórnarráðsins er því að mati Samfylkingarinnar að sameina atvinnuvegaráðuneytin í eitt ráðuneyti.

Öflugri einingar – skilvirkara fjármagn.

Fyrir utan aukna skilvirkni í stjórnsýslu og stóraukinn stuðning fyrir atvinnulífið sem fælist í einu, öflugu atvinnuvegaráðuneyti mundi stofnun þess fela í sér margvíslegt fjárhagslegt hagræði fyrir hið opinbera. Mikill sparnaður felst í því að sameina þrjú ráðuneyti í eitt og ráðast samhliða í að styrkja stofnanir með því að sameina þær og fækka. Einungis sparnaður vegna stjórnunarkostnaðar gæti numið háum fjárhæðum.

Í upphafi þyrfti að skilgreina hvaða verkefnum er hægt að steypa saman, hvaða nefndir má leggja niður og hvaða stofnanir er hægt að sameina. Við slíka endurskoðun þarf einnig að skoða hvaða verkefnum væri hugsanlega betur komið hjá öðrum ráðuneytum. Landbúnaðarháskólinn, sem nú heyrir undir landbúnaðarráðuneytið, á að mati Samfylkingarinnar heima undir menntamálaráðuneytinu. Meginverkefni stofnana eins og Skógræktarinnar og Landgræðslunnar eiga heima í umhverfisráðuneytinu. Eins og rökstutt er síðar í greinargerðinni ætti eftirlit og mat á ástandi auðlinda ekki heima í hinu nýja atvinnuvegaráðuneyti og meginverkefni stofnunar á borð við Hafrannsóknastofnunina ætti því heima í öðru ráðuneyti, til dæmis umhverfisráðuneytinu. Hugsanlega má einnig skoða að gera þjónustusamninga um ákveðin minni verk sem gæti í senn sparað og einfaldað rekstur ríkisins.

Margar stofnanir ríkisins eru allt of smáar þannig að sameining leiðir ekki aðeins til betri nýtingar fjármuna heldur verða til öflugri einingar. Nýtt atvinnuvegaráðuneyti, sem ekki er háð þeim múrum milli atvinnugreina sem felast í núverandi skiptingu í þrjú atvinnuvegaráðuneyti, skapar jafnframt meiri möguleika fyrir hið opinbera til að styðja dyggilega við nýjungar. Hvort tveggja mun geta skipt miklu máli fyrir vöxt sprota sem verða til í hefðbundnu greinunum.

Grunnregla gegn hagsmunaárekstri.

Við uppstokkun stofnana ríkisins ber að hafa í heiðri þá grunnreglu að eftirlit, vöktun og mat á auðlindum verði ekki á hendi sama ráðuneytis og fer með ákvarðanir um nýtingu auðlindanna og stjórnsýslu sem henni fylgir. Í því er fólginn augljós hagsmunaárekstur sem veður uppi í stjórnkerfinu og brýnt er að útrýma. Þetta má skýra með því að taka dæmi af skógum: Ef sama ráðuneyti ber bæði ábyrgð á eftirliti með þróun og stærð skóga og ákveður jafnframt nýtingu þeirra felur það í sér árekstur milli sjónarmiða um nýtingu og verndun. Nákvæmlega sama gildir um fiskistofna. Við samruna ráðuneyta í öflugt atvinnuvegaráðuneyti þarf því að endurskilgreina allar stofnanir litlu ráðuneytanna þriggja með það fyrir augum að færa eftirlit með stöðu og þróun nytjastofna frá hinu nýja atvinnuvegaráðuneyti yfir til viðeigandi stofnana annarra ráðuneyta. Einungis stjórnsýsla, stefnumörkun og ákvörðun um nýtingu auðlindanna á að vera í atvinnuvegaráðuneytinu.

Fyrsta skrefið.

Í þessari þingsályktunartillögu leggur Samfylkingin til að fyrsta skrefið að nútímavæðingu Stjórnarráðsins verði tekið með því að leggja hefðbundnu atvinnuvegaráðuneytin niður og stofna eitt nýtt, öflugt atvinnuvegaráðneyti sem tekur yfir alla stjórnsýslu atvinnulífsins. Í framhaldinu þarf að skoða önnur ráðuneyti og stofnanir með það fyrir augum að gera stjórnsýsluna einfaldari og styrkari og færari til að svara kröfum breyttra tíma. Markmiðið á að vera að fækka ráðuneytum og gera rekstur ríkisins skilvirkari með því að sameina ráðuneyti og stofnanir og færa saman verkefni.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að flokkun vatnsfalla og jarðhitasvæða samkvæmt henni verði lögð fyrir Alþingi til nánari ákvörðunar um verndun og nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – framkvæmdaáætlun til aldamóta* (júní 1997) var greint frá því að gerð yrði áætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Fyrirmyndin var fengin frá Noregi þar sem lokið var vinnu við að flokka vatnsföll og gerð hafði verið áætlun um verndun þeirra og nýtingu. Í upp-

hafi var ljóst að íslensk stjórnvöld vikju frá aðferðarfræði Norðmanna í a.m.k. einu veigamiklu atriði þar sem hér yrði áætlunin á forræði iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra eins og í Noregi. Þetta fyrirkomulag var frá upphafi gagnrýnt, enda um náttúruvernd og skipulagsmál að ræða sem eðli málsins samkvæmt eru á forræði umhverfisráðherra. Umhverfis- og náttúruverndarsinnar voru þó almennt jákvæðir gagnvart því að hefja ætti vinnu við rammaáætlunina og létu í ljósi vonir um að hún yrði notuð til að friða þau vatnsföll og þau jarðhitasvæði sem ekki væri ásættanlegt að fórna til orkuvinnslu vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Einnig var það gagnrýnt að ekki væri ljóst fyrir fram hvernig farið yrði með niðurstöður áætlunarinnar.

Í nóvember 2003 voru gerðar opinberar niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar. Um líkt leyti lagði iðnaðarráðherra fram skýrslu á Alþingi um niðurstöðurnar (þskj. 648, 454. mál 130. löggjafarþings). Í þeirri skýrslu segir að líta megi á niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana og að stjórnvöld geti nýtt niðurstöðurnar sem grundvöll að stefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum. Þá segir einnig að iðnaðarráðherra muni geta notfært sér niðurstöðurnar við stefnumörkun í frumrannsóknum ríkisins í orkumálum og við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa nýrra virkjana. Af þessu má ljóst vera að iðnaðarráðherra ætlar sér að taka ákvarðanir á grundvelli fyrirliggjandi vinnu og að stjórnvöld hafa ekki í hyggju að gefa flokkun þeirri sem fólgin er í niðurstöðum fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar neitt skuldbindandi vægi eða lagagildi. Einnig þar fara íslensk stjórnvöld allt aðra leið en í Noregi en Stórþingið tók rammaáætlunina til ítarlegrar umfjöllunar og samþykkti loks endanlega flokkun þeirra vatnsfalla sem hún náði til. Flokkarnir voru fjórir og gildi þeirra eftirfarandi:

1. Þeir kostir sem orkufyrirtæki gátu sótt um heimildir til að virkja.
2. Þeir kostir sem settir voru í biðstöðu á þeirri forsendu að ekki lægju fyrir nægjanleg gögn til að taka afstöðu til þeirra.
3. Þeir kostir sem ekki voru taldir standa orkufyrirtækjum til boða vegna óásættanlegra umhverfisárifa en þó var ekki útilokað að þeir kæmu einhvern tíma til álita.
4. Þeir kostir sem voru taldir verðmætastir og voru því friðlýstir.

Engin slík aðferðafræði hefur verið kynnt af hálfu íslenskra stjórnvalda. Fráleitt verður að teljast að forræði þessa máls verði áfram á hendi eins af atvinnumálaráðuneytunum sem eðli máls samkvæmt hefur nýtingar- og framkvæmdaáform í fyrirrúmi.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir að forræði þeirra niðurstaðna rammaáætlunar sem þegar liggja fyrir og áframhaldandi vinna verði undir yfirstjórn og á ábyrgð umhverfisráðuneytisins. Auk umhverfis- og náttúruverndar fer það ráðuneyti með skipulagsmál sem tengjast náið þeim ákvörðunum sem vinna að rammaáætlun á að leggja grunn að. Sú formbreyting á yfirstjórn rammaáætlunar er einnig brýn vegna framhaldsvinnu að verkefninu.

Í niðurlagi skýrslu iðnaðarráðherra sem getið var hér að framan kemur fram að áætlað sé að vinna annan áfanga áætlunarinnar á næstu þremur til fjórum árum. Þeirri vinnu muni stýrt af fámennari verkefnisstjórn en þeirri sem vann fyrsta áfangann og verkefnisstjórnin verði eingöngu skipuð fulltrúum frá iðnaðar- og umhverfisráðuneyti auk helstu hagsmunaaðila.

Af því sem hér hefur verið fært fram má ljóst vera að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar verður ekki það tæki sem henni var ætlað nema hún lúti forræði þess ráðherra sem fer með umhverfisvernd og skipulagsmál og Alþingi fjalli um hana og taki ákvarðanir með hliðsjón af niðurstöðunum.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um bætta skráningu nafna í þjóðskrá.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ráðherra Hagstofu Íslands að ráða bót á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð í þjóðskrá fullum stöfum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi. Hér er því beint til ráðherra Hagstofu Íslands að finna lausn á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð í þjóðskrá fullum stöfum. Nú er það svo að hvert skráð nafn má einungis taka 31 stafbil. Fjölmörg íslensk nöfn sem teljast ekki óvenjuleg á nokkurn hátt, til dæmis nafnið Sigríður Kristbjörg Sigurðardóttir, eru of löng til að uppfylla þessi ströngu skilyrði.

Ef vilji er fyrir hendi hlýtur að vera unnt að finna tæknilega lausn á þessum skráningarvanda svo að fólk sem heitir löngum nöfnum, jafnvel þremur fornöfnum, sem er ekki óalgengt, *fái nöfn sín skráð rétt í þjóðskrá.*

18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um stofnun embættis talsmanns neytenda.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að setja á fót embætti talsmanns neytenda til þess að styrkja stöðu hins almenna neytanda á frjálsum markaði. Í því skyni verði undirbúnar nauðsynlegar lagabreytingar í samráði við Neytendasamtökin og verkalýðshreyfinguna. Embættið fari með framkvæmd laga sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum og neytendavernd, auk löggjafar um öryggi vöru og markaðsgæslu. Talsmanni neytenda verði frjálst að taka upp hvert það mál er varðar hagsmuni neytenda og sækja mál fyrir dómstólum ef þurfa þykir. Embættið hafi sjálfstæðan fjárhag og sinni erindrekstri fyrir íslenska neytendur.

Viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en á haustþingi 2005.

Greinargerð.

Efling neytendaverndar og -réttar hefur hingað til ekki verið forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda. Það sem þó hefur verið fest í lög á liðnum áratug má að miklum hluta rekja til aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Öflug neytendavernd er hins vegar ein af forsendum þess að markaðshagkerfið virki með eðlilegum hætti. Henni má lýsa sem andsvari kaupenda við sterkri stöðu seljenda og framleiðenda á markaði og er, sem slík, eðlilegt svar við aðstæðum á markaði þar sem flestar vörur eru fjöldaframleiddar, oft og

tíðum, óravegu frá sölustað þannig að kaupandinn á bágt með að sannreyna gæði vörunnar ellegar leita réttar síns hjá fjarlægum framleiðanda.

Markaðsumhverfi neytenda á Íslandi hefur tekið miklum og hröðum breytingum sl. áratug. Alþjóðavæðing viðskiptalífsins hefur haft mikil áhrif markaðssamfélagið og stöðu neytenda innan þess. Vöruframleiðsla og verslun er nú skipulögð á heimsvísu og neytendur þurfa að bregðast við breyttum aðstæðum með öflugra starfi og samvinnu á alþjóðlegum vettvangi. Ný fyrirbrigði, eins og netverslun, sala erfðabreyttra matvæla, sameiginleg mynt í Evrópusambandinu og nýir alþjóðlegir viðskiptasamningar kalla á frekari samvinnu neytenda þvert á landamæri.

Góð neytendavernd getur að einhverju leyti komið í veg fyrir sóun samfélagslegra verðmæta og er til þess fallin að bæta lífskjör með því að auka samkeppnishæfni framleiðslu og verslunar. Hún tryggir stöðu neytenda gagnvart fyrirtækjum, með öðrum orðum samkeppnisstöðu neytenda á markaði, og kemur á betra jafnvægi á milli hagsmuna neytenda annars vegar og framleiðenda og auglýsenda hins vegar. Hún er einnig nauðsynlegt öryggistæki og forvörn í samfélagi sem vill lágmarka kostnaðinn sem það ber af slysum og tjónum vegna framleiðslugalla á vöru eða ófullnægjandi hönnunar.

Frá gildistöku EES-samningsins hefur staða neytenda hér á landi styrkst en fram á síðasta áratug 20. aldar var lagasetning á sviði neytendamála fábreytt. Fyrstu lög um lausafjárkaup voru sett árið 1922 (lög nr. 39/1922) og almenn samningalög tóku gildi árið 1936. Að vísu má segja að hin fábreytta lagaflóra hafi að nokkru leyti endurspeglað stjórn efnahagsmála, t.d. opinbera verðlagsstýringu, og stöðu neytenda með tilliti til hennar.

Ísland er eina norræna landið þar sem ekki er sérstakt embætti umboðsmanns eða talsmanns neytenda. Annars staðar á Norðurlöndum á lagasetning um neytendavernd sér u.þ.b. þriggja áratuga sögu. Þar virðist vitund almennings og stjórnvalda um gildi neytendaverndar hafa verið vakin mun fyrr en hér á landi og er litið á hana sem samfélagslega þjónustu sem endurspeglast m.a. í sterkum ríkisstyrktum félagasamtökum og ríkisreknum stofnunum á sviði neytendamála, enda teljast Norðurlandaþjóðirnar í fremstu röð í þessu efni. Sem dæmi má nefna embætti umboðsmanns neytenda í Danmörku. Hann getur beitt ýmsum aðferðum við að koma erindi sínu til skila; almennri fræðslu; birtingu leiðbeininga og reglna um tilteknar markaðsfærslur; með almennum tilmælum (sem gert er ráð fyrir að menn fylgi möglunarlaust); eða lögsókn ef þörf krefur. Fleiri góðar fyrirmyndir um starf talsmanns neytenda er að finna í nágrannalöndum og hægur leikur að velja leið sem hentar íslensku samfélagi vel og tekur jafnframt mið af því sem best gerist.

Í júní árið 1999 skilaði starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins áliti til ráðherra er bar yfirskriftina: Stefnumörkun í málefnum neytenda. Í álitinu gerir starfshópurinn tilraun til þess að forgangsraða málefnum sem snúa að neytendavernd. Í því má finna margar ábendingar um atriði sem betur mættu fara í íslenskri neytendavernd og tillögur, t.d. um að komið verði á fót upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu til neytenda, sem hefur verið gert. Það er ástæða til þess að benda á að í þessu fimm ára gamla áliti er lögð áhersla á það við ráðherra viðskipta að neytendavernd verði skipað með sama hætti og um ræðir í nágrannalöndum og í samræmi við markmið um neytendavernd á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Hér á landi heyra neytendamál undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og undirstofnun þess, Samkeppnisstofnun, sem samkvæmt orðanna hljóðan er yfirvald í samkeppnismálum og eftirlitsaðili. Frjáls félagasamtök, svo sem Neytendasamtökin og Kvenfélagasambandið (sem rekur Leiðbeiningastöð heimilanna), og verkalýðshreyfingin hafa einnig mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna og standa vörð um réttindi neytenda þótt með ólíkum hætti sé.

Starf Samkeppnisstofnunar felst m.a. í því að hafa eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, röngum og villandi auglýsingum, verðkönnunum og miðlun upplýsinga til neytenda, auk þess að setja reglur um verðmerkingar. Auk samkeppnislaganna hefur Samkeppnisstofnun eftirlit með framkvæmd laga um neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Stofnunin gegnir víðtækara hlutverki í neytendamálum en sambærilegar stofnanir gera í nágrannalöndunum.

Meðal þess sem fjallað er um í áliti starfshópsins frá 1999 er sú staðreynd að neytendamáladeild Samkeppnisstofnunar hafi aldrei verið sérgreind frá öðru starfi stofnunarinnar. Svo segir: „Rökin sem mæla gegn núverandi skipulagi eru m.a. þau, að Samkeppnisstofnun hefur það hlutverk að fylgjast með markaðinum og vera hlutlægur úrskurðaraðili ef svo ber undir, sem leggur dóm á hvort eðlilegum leikreglum sé fylgt á markaði. Eðli máls samkvæmt getur Samkeppnisstofnun því ekki tekið afstöðu til hagsmunagæslu fyrir einn aðila markaðarins gegn öðrum.“ (Álit starfshóps, bls. 9).

Flutningsmenn taka undir rökin sem færð eru í áliti starfshóps frá 1999 og í nýrri skýrslu um íslenskt viðskiptaumhverfi (september 2004) um að neytendahluti starfsemi Samkeppnisstofnunar verði færður frá henni og leggja til að hann heyri undir nýtt embætti talsmanns neytenda. Verkefni talsmanns neytenda verði m.a. að veita fyrirtækjum nauðsynlegt aðhald gegn óheftri markaðsfærslu, hafa eftirlit með að lögum og reglum um neytendavernd sé fylgt, upplýsa neytendur um réttindi sín á markaði, tala máli neytenda og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna, samkvæmt orðanna hljóðan.

Hér er lagt til að talsmaður neytenda starfi ekki hjá Samkeppnisstofnun eða lúti forstjóra hennar. Embætti talsmanns þarf að vinna sjálfstætt og vera fjárhagslega sjálfstætt. Það útilokar þó ekki að það starfi undir sama þaki og skyldar stofnanir ellegar frjáls félagasamtök. Til dæmis má hugsa sér að hægt sé að vista embættið við hlið Neytendasamtakanna og samnýta aðstöðu með þeim hætti. Slíkt fyrirkomulag gæti einnig styrkt og auðveldað aðgang hins almenna borgara að þjónustu þeirra. Það verður að teljast til hægðarauka fyrir hinn almenna neytanda, auk þess sem vænta má að starfsemi talsmanns neytenda verði sýnilegri fyrir vikið. Flutningsmenn telja mikilvægt að kanna allar leiðir í þessu efni með opnum hug. Mestu máli skiptir að fara vel með almannafé.

Það er löngu tímabært að stjórnvöld taki neytendamál fastari tökum en hingað til hefur verið gert. Stofnun embættis talsmanns neytenda er skref í þá átt en jafnframt er brýnt að mótuð verði heildstæð stefna í málefnum neytenda og henni hrint í framkvæmd. Vel heppnuð stefnumótun, sem leggur umhverfisvernd og gott viðskiptasiðferði til grundvallar, kemur samfélaginu öllu til góða og er nauðsynleg til þess að veita viðskiptalífinu aðhald, stuðla að bættu atvinnulífi og meiri samkeppni á milli fyrirtækja. Öflug og skilvirk neytendavernd er einnig hluti af stjórnfestu í nútímasamfélagi. Hún krefst gegnsærra vinnubragða, auðskilinna reglna og mikillar fræðslu til almennings um réttindi sín.

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Við gerð þjóðvega og við verulegar endurbætur á þjóðvegum skal þess gætt að þeir verði svo öruggir í notkun sem best verður á kosið að teknu tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni.

2. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í vegáætlun skulu taldir upp þeir veghönnunarstaðlar sem notaðir skulu við vegagerð á því tímabili sem áætlunin nær til.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Það er því endurflutt óbreytt.

Með bættu vegakerfi og auknum hraða hefur alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Gegn þeirri geigvænlegu þróun þarf að vinna með öllum tiltækum ráðum og ekki síst horfa til allra hugsanlegra öryggisþátta við hönnun og lagningu vega. Markmið þessa frumvarps er að lögfesta að ávallt sé þess gætt við gerð þjóðvega að öryggi vegfarenda verði sem best tryggt.

Vegagerðin hefur markað sérstaka stefnu í umferðaröryggismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á að hafa öryggissjónarmið í fyrirrúmi við hönnun, lagningu, viðhald og þjónustu vega. Jafnframt verði lögð áhersla á að miðla upplýsingum um ástand vega og akstursaðstæður til vegfarenda í því augnamiði að auka öryggi í umferðinni. Enn fremur verði merkingum hagað þannig að þær stuðli að auknu öryggi. Sett hafa verið fram markmið um fækkun umferðarslysa fram til ársins 2012 og verður framkvæmdaáætlunum hagað í samræmi við þau markmið. Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að auknu öryggi allra vegfarenda á þjóðvegum landsins auk þess að styðja við og styrkja innra starf Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum.

Á undanförnum árum hefur þjóðvegakerfi landsins batnað mikið. Nýir vegir hafa verið byggðir upp sem eru gjörólíkir eldri vegum hvað snertir þægindi og öryggi í notkun. Kröfur þeirra sem nota vegina hafa líka aukist mikið. Flutningsmenn leggja til að lögfest verði skylda til að gæta að öllum öryggisatriðum og meta nauðsyn einstakra öryggisþátta við vegagerð, svo sem að setja upp vegrið þar sem útafakstur getur haft alvarlegar afleiðingar og aðskilja gagnstæða umferð með svæði á milli akbrauta. Í frumvarpinu felst ekki breyting á íslenskum rétti enda hvílir slík skylda óumdeilanlega á framkvæmdaraðilum á grundvelli óskráðra réttarreglna. Það að ákvæði um þessa skyldu sé sett inn í vegalög getur þó haft áhrif í þá átt að gerðar verði auknar kröfur um þessi atriði.

Flutningsmenn telja að ekki sé hægt að ganga lengra en hér er gert í að skylda framkvæmdaraðila til að mæta ýtrustu kröfum um öryggi við hönnun og lagningu vega. Ávallt verður eitthvert mat að fara fram og má lagatextinn ekki binda hendur framkvæmdaraðila um of. Því er lagt til að þeim verði veitt svigrúm til að framkvæma slíkt mat með tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni. Ákvæði 1. gr. vekur því ekki upp hlutlæga skyldu framkvæmdaraðila, heldur verður ábyrgð þeirra áfram matskennd að einhverju leyti.

Ákvæði 1. gr. er takmarkað við þjóðvegi samkvæmt upptalningu í III. kafla vegalaga, nr. 45/1994. Áfram munu því óskráðar réttarreglur gilda um gerð annarra vega.

Við vegagerð, eins og aðrar stórar verklegar framkvæmdir, er stuðst við viðurkennda staðla bæði hvað varðar uppbyggingu vega og við mat á nauðsyn öryggisbúnaðar. Þannig er það ekki og má ekki vera háð breytilegum ákvörðunum ráðamanna hvaða kröfur skal gera um slík atriði við gerð vega hverju sinni.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fest verði í lög sú regla að staðlar sem notaðir skulu við gerð þjóðvega hverju sinni skuli tilteknir í vegáætlun. Með því að birta staðla í vegáætlun gefst ráðamönnum og almenningi tækifæri til að kynna sér þá og gagnrýna val þeirra.

Alvarlegustu afleiðingar umferðarslysa verða þegar bílar aka hvor framan á annan. Samkvæmt rannsóknarnefnd umferðarslysa verða þessi slys þegar ökumenn missa stjórn á ökutæki – oft vegna hálku eða snjóa, sofna við stýri eða missa einbeitingu við aksturinn. Því verða þessi óhöpp hvar sem er á þjóðvegum landsins. Í Noregi, Svíþjóð og víðar hafa verið gerðar tilraunir með svokallaða 2+1 vegi með vegrið á milli akstursstefna, en það eru vegir sem auðvelda framúrakstur og hindra árekstra. Þessi útfærsla eykur umferðaröryggi um leið og hún eykur umferðarrýmd veganna. Í Svíþjóð hafa verið lagðir meira en 1.000 km af þessum vegum og hefur banaslysum á þeim fækkað um 90%. Þessar og aðrar upplýsingar koma fram í skýrslu Línuhönnunar hf. sem unnin var að beiðni Vegagerðarinnar og kom út árið 2001. Skýrslan gefur ástæðu til að ætla að svokallaðir 2+1 vegir séu vænlegur kostur við nýbyggingar vega og lagfæringar á eldri vegum hér á landi.

Margt mætti telja upp sem þarfnast sérstakrar aðgæslu við hönnun vega og vegagerð. Þekktum slysavöldum frá vegagerð fyrri tíma þarf að útrýma, svo sem einbreiðum brúm, og úrbætur á svokölluðum „svörtum blettum“ í vegakerfinu verður að setja í forgangsröð við gerð samgönguáætlunar.

Þau svæði sem liggja að þjóðvegum landsins þarf að móta með tilliti til öryggis ökumanna ef útafakstur og slys ber að höndum. Háir kantar, skurðir og gil auka líkur á alvarlegum slysum á fólki við útafakstur eða bílveltur. Brattar brekkur, brattar hlíðar, vegir við sjó og vötn og knappar beygjur kalla á vegrið í meira mæli en sett hafa verið upp til þessa.

Alvarlegustu árekstrar í þéttbýli eru á gatnamótum. Hönnun gatnamóta fer eftir umferðarþunga og þar verða öryggissjónarmið að vega þungt í stað þess að meta hönnun að mestu leyti eftir kostnaði mannvirkisins.

Mikið fræðslu- og forvarnastarf er sífellt unnið á sviði umferðaröryggismála og ekki vafi á að allt slíkt skilar árangri. En forvarnir felast ekki eingöngu í fræðslu, heldur einnig og ekki síður í hönnun og gerð þess umhverfis sem umferðinni er búið. Þar verður að tryggja öryggi til hins ýtrasta.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Úr skýrslu Línuhönnunar, verkfræðistofu, til Vegagerðarinnar. (Júní 2001.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 1386 (912. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 5582–5583.

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um textun.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.

2. gr.

Gildissvið.

Eftirtöldum aðilum er skylt að texta allt efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa:

1. sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum,
2. framleiðendum íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, hvort sem efnið verður sýnt í kvikmyndahúsum eða sett á myndbönd eða stafrænt form,
3. framleiðendum íslenskra kvikmynda, óháð lengd og útgáfuformi kvikmyndar,
4. öðrum aðilum sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem efnið er til sölu eða leigu.

3. gr.

Textun efnis.

Allt efni sem aðilar skv. 2. gr. senda út, framleiða eða dreifa skal textað með íslenskum texta óháð því á hvaða tungumáli efnið er.

Ef um beina útsendingu er að ræða, svo sem fréttir, dægurmálaþætti, viðtalsþætti, stjórnmálaumræður, íþróttakappleiki eða mót, skal sá er útsendingu annast leitast við að texta jafnóðum. Ef ekki er unnt að texta útsendingu samtímis skal efnið endursýnt innan 48 klukkustunda með íslenskum texta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er óskylt að texta efni ef um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðvar. Sama gildir ef sjónvarpsstöð hefur fengið leyfi til útsendingar á öðru tungumáli en íslensku.

4. gr.

Aðlögunartími.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal aðilum sem falla undir lög þessi veittur fimm ára aðlögunartími frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur um textun efnis til samræmis við markmið 1. gr. Nýir aðilar sem koma inn á markaðinn á aðlögunartímanum skulu uppfylla sömu skyldur og þeir sem fyrir eru og njóta sömu réttinda til styrkja úr Textunarsjóði.

Aðlögunartími skal vera sem hér segir:

1. eftir 1 ár frá gildistöku laganna skulu 40% af öllu innlendu efni textuð,
2. eftir 2 ár frá gildistöku laganna skulu 60% af öllu innlendu efni textuð,
3. eftir 3 ár frá gildistöku laganna skulu 80% af öllu innlendu efni textuð,
4. eftir 4 ár frá gildistöku laganna skulu 90% af öllu innlendu efni textuð og

5. eftir 5 ár frá gildistöku laganna skal allt innlent efni textað í samræmi við ákvæði laganna.

Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Textunarsjóður.

Stofnaður skal Textunarsjóður sem hafi það að markmiði að styrkja aðila skv. 2. gr. til að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiða nýja tækni við textun efnis sem þeir senda út, framleiða eða dreifa.

Styrkir sem Textunarsjóður veitir eru óafturkræfir og geta numið allt að 80% af stofnkostnaði búnaðar.

Textunarsjóður skal almennt ekki veita styrki til textunar á efni en er þó heimilt að veita styrki til að kosta textun á ótextuðu efni sem til hefur orðið fyrir gildistöku laga þessara og getur hámarksstyrkur numið allt að 50% af kostnaði við textun.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Textunarsjóðs til fimm ára frá gildistöku laga þessara. Ráðherra tilnefnir einn mann sem jafnframt skal vera formaður stjórnar, samtök myndbandaframleiðenda tilnefna einn, samtök kvikmyndaframleiðenda einn, einn stjórnarmaður skal vera fulltrúi hagsmunasamtaka heyrnarlausra og heyrnarskertra og einn skal vera fulltrúi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi.

Stjórnin setur úthlutunarreglur og nánari skilyrði fyrir styrkveitingu.

Stjórnin skal kanna fjárþörf sjóðsins í samræmi við markmið 1. gr. og gera tillögur til menntamálaráðherra um fjárþörf hvers árs. Tekjur sjóðsins eru föst framlög ríkisins af fjárlögum hvers árs. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli áætlunar sjóðstjórnar og skulu fjárveitingar miðast við að markmið laga þessara nái fram að ganga á aðlögunartíma skv. 4. gr.

Þegar aðlögunartími skv. 4. gr. er liðinn skal Textunarsjóður lagður niður. Ríkið tekur við öllum réttindum og skyldum sjóðsins frá þeim tíma. Jafnframt fellur umboð stjórnarmanna niður.

6. gr.

Viðurlög.

Nú vanrækir aðili skv. 2. gr. skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga þessara og er menntamálaráðherra þá heimilt að leggja á dagsektir uns aðilinn færir starfsemi sína í lögmætt horf.

Dagsektir eru aðfararhæfar og skulu renna til Textunarsjóðs.

7. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingar-

efnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.

Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu og á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Í apríl sl. ákvað menntamálaráðherra að hækka verulega framlag til textunar á innlendu sjónvarpsefni í Ríkissjónvarpinu (RÚV). Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti lögðu saman 4,5 millj. kr. aukalega til RÚV til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Nú, fimm mánuðum síðar, hafa aðeins tveir þættir (hálftími hvor) verið textaðir á viku. Efni líðandi stundar er ekki textað og er það mjög bagalegt. Þá þarf einnig að hafa í huga að hér er um tímabundna fjárveitingu að ræða og ekki er gefið að sams konar fjárveiting fáist á næsta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og er það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annar staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta og sjá atburði.

Textun er atvinnuskapandi og gefur færi á nýjum atvinnumöguleika. Hjá BBC í Bretlandi störfuðu sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir voru 90 árið 2002. BBC hefur verið í fararbroddi á þessu sviði í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir, og er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu 1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð og var gefinn átta ára aðlögunartími til að ná markmiðinu, sem á að nást árið 2004. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru til dæmis allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu (House of Common) textaðar, en nú er verið að vinna að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli og stór hópur gæti notið góðs af.

Rétt er að geta þess að á Norðurlöndum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega en gera má ráð fyrir að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fari stækkandi í framtíðinni og aldursbilið mun breikka verulega. Því er mikilvægt að veita þessum hópi aðgengi, sem og þeim hópi sem fyrir er.

BBC hefur mikla reynslu af því að senda út texta í beinni útsendingu. Það gera þeir með hraðritun með svokölluðu hljóðritunarlyklaborði. Samkvæmt upplýsingum frá yfirmanni textunardeildar BBC í Bretlandi, Martin Davies, er nú unnið að nýrri tækni sem breytir tali

í texta og byrjað er að prufukeyra þá tækni í beinum útsendingum af íþróttakappleikjum og þingfundum.

Í Bandaríkjunum hefur allri textun fleygt fram vegna svokallaðra ADA-laga (Americans with Disabilities Act) um aðgengi. Nú má sjá textun á nærri öllum sjónvarpsstöðvum þar, bæði stórum og smáum. Bandaríkjamenn nota aðra tækni en Evrópumenn. Á sjónvarpstækjunum sjálfum er takki þannig að áhorfendum er í sjálfsvald sett hvort það horfir á mynd með texta eða ekki. Ef sjónvarpsstöð þar í landi býður upp á textun er allt efnið textað, þar á meðal kappleikir í beinni útsendingu og jafnvel auglýsingar. ADA-lögin um aðgengi tóku gildi 1985 og hafa verið endurskoðuð. Þau fjalla um aðgengi hvers konar, allt frá upplýsingum til aðgengis að opinberum stofnunum. Við endurskoðun hafa þau tekið stakkaskiptum og ná núna einnig til einkafyrirtækja. Gefinn hefur verið aðlögunartími til að koma á aðgengi án hnökra, eftir það er beitt sektum. Aðlögunartímabilið rennur út árið 2004. Textun í Evrópu er orðin það mikil að jafnvel fyrrum austantjaldslönd eru farin að nota textun og finnst það sjálfsagt. Í austurríkskri könnun sem Landssamtök heyrnarlausra í Austurríki gerðu í 16 Evrópulöndum og var gefin út 18. maí 2003 kemur eftirfarandi fram um fjölda tíma í textun á mánuði:

Land:	*Textun á mánuði (ríkisstöðvar):*
Albanía	Enginn, aðeins textun fyrir erlent mál
Austurríki	170 tímar
Belgía	5 tímar
Danmörk	189 tímar
England	80% af öllu efni á BBC, ITV og C4 20% í stafrænum útsendingum (nýtt)
Finnland	15% af öllu innlendu efni
Grikkland	14 tímar
Írland	23 tímar
Ísland	1 tími
Ítalía	80 tímar
Pólland	30 tímar
Spánn	446 tímar
Sviss	240 tímar
Þýskaland	387 tímar

Þegar þessi tafla er skoðuð hlýtur fólk að spyrja hvað sé eiginlega að gerast hér á landi. Í landi þar sem hagvöxtur er það mikill að Ísland er í 3.–5. sæti yfir ríkustu lönd í heiminum. Hvort virkilega sé enginn áhugi á að koma á fullu aðgengi að upplýsingum í landinu. Hjá þingmönnum er fullur vilji til að koma textun í framkvæmd. Umræður um málið á síðustu þingum sýna það og sanna vel. Það sem stöðvað hefur málið er að einblínt hefur verið á Ríkisútvarpið – sjónvarp sem einu stöðina sem á að texta, hinum stöðvunum er ekki skylt að texta. Eins og taflan sýnir er eflaust mjög lítill metnaður hjá RÚV að texta ef aðeins einn tími á viku er textaður. Textun er illframkvæmanleg þrátt fyrir góðan vilja æðsta yfirmanns RÚV, þ.e. menntamálaráðherra, en það vantar sama metnað hjá undirmönnum hans. Textun þarf að setja í lög og gera jafnar kröfur til allra stöðva um að texta innlent sjónvarpsefni og veita þeim stuðning til að koma textun á innlendu efni í framkvæmd. Með tímanum mun textun festast í sessi og verða sjálfsagður hluti rekstrar stöðvanna sjálfra.

Þetta stóra verkefni verður þó ekki unnið án nokkurs kostnaðar. Því meira sem sjón-

varpsstöðvar texta því minni verður kostnaðurinn og reynsla BBC hefur sýnt að eftir að farið var að texta sjónvarpsefni fundu aðrar sjónvarpsstöðvar einnig þörf hjá sér að texta. Textun var því boðin út og samkeppni um verkefnin jókst smám saman þannig að nú er kostnaðurinn minni. Því er ekki hægt að tala um dýra fjárfestingu. Þegar allt kemur til alls verður hagur notenda sennilega einna mestur. Það hefur verið sparað á aðgerðaleysinu einu í textunarmálum undanfarin missiri. Á sama tíma hafa verið veittir alls konar styrkir og fjárframlög til tónlistar en þeir sem ekki heyra hafa lítið sem ekkert fengið til að uppfylla sínar þarfir, þ.e. til textunar eða túlkunar.

Í 1. gr. er markmið laganna skilgreint en það er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum sömu möguleika til fræðslu og afþreyingar og þeim sem heyrandi eru. Markmiðsgreinina ber að túlka rúmt og almenn regla laganna er sú að allt efni sem framleitt er, sent er út eða dreift skuli veita heyrandi og heyrnarskertum sömu möguleika til að meðtaka og skilja efnið.

Í 2. gr. er gildissvið laganna afmarkað. Samkvæmt henni skulu allar sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi samkvæmt útvarpslögum til sjónvarpsreksturs, kvikmyndaframleiðendur, kvikmyndahús, framleiðendur auglýsinga-, fræðslu- og kynningarefnis, myndbanda- og myndiskaframleiðendur og aðrir þeir sem dreifa slíku efni sjá til þess að efnið sé textað. Dreifingaraðilum hér á landi ber m.a. að sjá til þess að efni sé textað og tekur það m.a. til alls efnis sem framleitt er erlendis, óháð tungumáli, og sýnt eða dreift á Íslandi. Ekki skiptir máli hvort efni er selt eða leigt. Sú mikilvæga takmörkun er þó á gildissviði laganna að þeim er aðeins ætlað að ná til þeirra sem framleiða, útvarpa eða dreifa á annan hátt efni í atvinnuskyni.

Í 3. gr. er kveðið nánar á um skyldu til textunar. Minni kröfur eru gerðar til efnis sem sýnt er beint (bein útsending) enda getur það stundum verið örðugt tæknilega. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðilar skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að texta efni jafnóðum, t.d. með aðstoð textavélar en þessi tækni er í stöðugri þróun. Ef ekki er unnt að texta efnið jafnóðum skal það endursýnt innan 48 klst. með íslenskum texta. Í 3. mgr. 3. gr. er hins vegar kveðið á um undanþágu frá textun ef um er að ræða beint endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum þar sem ekkert er unnið með dagskrána að öðru leyti. Ef efnið væri hins vegar tekið upp og sýnt síðar í sjónvarpi, á myndbandi eða sem kvikmynd væri skylt að texta. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Í 4. gr. er kveðið á um sérstakan fimm ára aðlögunartíma frá gildistöku laganna. Í samræmi við markmið laganna er stefnt að því að allt efni verði textað fimm árum eftir frá gildistöku þeirra. Gera verður ráð fyrir því að í upphafi fylgi aukinni textun nokkur kostnaðarauki og er því kveðið á um að ríkið leggi til fjármuni með stofnun Textunarsjóðs sem auðveldi fyrirtækjum að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og þekkingu til að uppfylla markmið laganna. Komi nýir aðilar inn á markaðinn eftir gildistöku laganna skulu þeir uppfylla sömu kröfur og þeir sem fyrir eru þar sem þeir eru þá staddir í aðlögunarferlinu.

Í 5. gr. er kveðið á um stofnun Textunarsjóðs. Mjög mikilvægt er að nægileg fjárveiting fáist til sjóðsins svo markmið laganna náist. Gert er ráð fyrir að um tímabundið fjárframlag sé að ræða og að markaðsaðilar hafi náð að laga sig að breyttu umhverfi að loknum aðlögunartíma.

Í 6. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum en ráðherra er veitt heimild til að beita aðila þvingunarúrræði í formi dagsekta ef ekki er uppfyllt skylda um textunarhlutfall efnis.

Í 7. gr. er tekið fram að lögin skuli aðeins gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna. Eldra efni sem orðið hefur til er því ekki skylt að texta ef það hefur þegar verið framleitt eða því dreift. Eldra ótextað efni væri hins vegar skylt að texta ef senda

ætti það út að nýju, hefja dreifingu á ný eða endurgera það. Gert er ráð fyrir að Textunarsjóður geti styrkt textun á eldra ótextuðu efni svo að hægt sé að gera það aðgengilegt heyrnarskertum og heyrnarlausum.

21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um rannsókn á þróun valds og lýðræðis.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson,
Mörður Árnason, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fram skuli fara rannsókn á þróun valds og lýðræðis í íslensku samfélagi. Könnuð verði áhrif þeirrar þróunar síðustu 20 árin og metið hvaða áhrif hún kann að hafa á komandi árum. Markmiðið verði að fá sem gleggsta mynd af því hvort þrískipting ríkisvaldsins sé orðin óljós í framkvæmd og meta áhrif þess á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild. Einnig verði skoðað hvort völd embættismanna hafi aukist meira en eðlilegt getur talist og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa haft á þróun stjórnmála og samfélagið í heild.

Við rannsóknina verði jafnframt lagt mat á hvort og að hve miklu leyti völd hafa færst frá kjörnum fulltrúum til einkaaðila, m.a. með breytingu á efnahagslegu valdi í krafti tilfærslu eigna og fjármagns og hvort ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi nú verulega meiri áhrif en áður á afkomu og þróun þjóðarbúsins. Lagt verði mat á framhald þessarar þróunar fyrir efnahags- og atvinnulíf og með tilliti til eigna- og tekjutilfærslna í þjóðfélaginu.

Forsætisráðherra skipi nefnd sem í sitji fimm fulltrúar háskóla. Háskóli Íslands tilnefni tvo fulltrúa og verði annar þeirra formaður nefndarinnar. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Viðskiptaháskólinn á Bifröst tilnefni einn fulltrúa hver. Verkefni nefndarinnar verði að hafa umsjón með verkinu og fái hún heimild til að kalla til sérfræðinga til að vinna að rannsókninni. Nefndin leggi verkefnaáætlun og fjárhagsramma fyrir forsætisráðherra sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynleg fjárframlög til verksins. Nefndin skili áfangaskýrslum eftir því sem verkinu miðar fram og skal rannsókninni lokið eigi síðar en 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur orðið á umliðnum áratugum um þróun valds og lýðræðis og tilfærslur fjármagns í íslensku samfélagi. Þrískipting ríkisvaldsins hefur þótt óljós í framkvæmd og einnig er um það rætt að ákvarðanir sem máli skipta fyrir þjóðarbúið séu í auknum mæli að færast frá vettvangi stjórnmálanna yfir á vettvang fjármála- og atvinnulífs. Þá telja margir að vald embættismanna hafi aukist verulega og að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafi fært þeim meira vald til ákvörðunar en eðlilegt er. Í þessari tillögu er lagt til að þetta sé kannað rækilega. Jafnframt er lagt til að metið sé vald fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagsþróunina, en í sambærilegri rannsókn sem unnin hefur verið í þremur öðrum norrænum ríkjum var þessi þáttur einnig hluti viðfangsefnisins. Það er skoðun flutningsmanna að brýnt sé orðið að leggja mat á þessa þróun og fá af henni heildarmynd, þannig að hægt sé að bregðast við ef ástæða þykir til.

Með rannsókn sérfræðinga væri hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggist á að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst. Jafnframt yrði varpað skýru ljósi á þróun valda- og eignasamþjöppunar og hvaða áhrif meiri háttar ákvarðanir stórra valdablokka í fjármála- og atvinnulífi hafa haft og geta haft á atvinnulífið, á afkomu heimila og þjóðarbúið í heild. Í framhaldi af þessari rannsókn væri síðan ástæða til að skoða hvort tilfærsla fjármagns og valds hafi leitt til verulegrar gliðnunar á eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni stéttskiptingu.

Hér er um nokkuð viðamikið verk að ræða, sem flutningsmenn telja í ljósi þróunar í samfélaginu á síðustu árum að brýnt sé að ráðast í. Til greina kom að flytja um þetta mál tvær tillögur. Annars vegar um að athuga þrískiptingu ríkisvaldsins, hvort hún sé orðin óglögg í framkvæmd og hvaða áhrif það hafi á lýðræðisþróunina, jafnframt því sem áhrif embættismannavalds og fjölmiðlavalds yrðu metin. Hins vegar um rannsókn á hvort og að hvaða leyti valdatilfærsla hafi orðið frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar yfir til stórra valdablokka með samþjöppun eigna, valds og fjármagns og hvaða áhrif það hafi haft og geti haft á atvinnulífið og þjóðarheildina. Þar sem markmið beggja þátta er að leggja mat á valdatilfærslu í samfélaginu og áhrif hennar á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild varð það niðurstaðan að flytja um málið eina tillögu. Mat flutningsmanna er að það skapi betri samfellu í verkið og meiri möguleika á heildarsýn yfir mögulegar valdatilfærslur. Það verður síðan í verkahring þeirrar fimm manna nefndar sem hefur yfirumsjón með verkinu hvernig verktilhögun verður og hvort og hvernig þessi verkefni verða brotin upp í vinnu að þessari rannsókn. Mikilvægt er einnig að nefndin verði sýnileg í störfum sínum, t.d. með því að halda málþing og opna fundi um viðfangsefnið, og að hún skili eins og kostur er áfangaskýrslum um þróun verkefnisins.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Upplýsingaþjónusta Alþingis hefur að beiðni flutningsmanna tekið saman stutta lýsingu á sambærilegum rannsóknum sem fram hafa farið á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Rannsóknirnar í þessum löndum beindust að stöðu valds og lýðræðis við upphaf 21. aldar. Hvati rannsóknanna voru þær miklu breytingar sem hafa orðið á viðkomandi samfélögum með aukinni alþjóðavæðingu og breytingum á skyldum ríkisvaldsins, t.d. vegna minni afskipta af viðskiptalífinu. Norðmenn og Danir fóru mjög líkar leiðir í sínum rannsóknum. Ríkin luku þessum rannsóknum árið 2003. Höfðu þær þá staðið í 5–6 ár. Svíar unnu sína rannsókn í tvennu lagi og nokkru fyrr en í Noregi og Danmörku. Í Noregi hafði Óslóarháskóli yfirumsjón með verkefninu en norska Stórþingið samþykkti ályktun í desember árið 1997 þess efnis að staða valds og lýðræðis í Noregi yrði rannsökuð og útlistuð. Í Danmörku hafði þingið einnig frumkvæði að rannsókn á stöðu lýðræðis og valds en í rannsóknarhópnum voru fimm fulltrúar sem allir voru prófessorar við háskóla í Danmörku. Áður var skipuð þingnefnd til að hefja athugun á stöðu þessara mála og setja ramma fyrir rannsóknina.

Ein af helstu ástæðum þess að ráðist var í rannsóknina í Danmörku var að þingið óttaðist að það væri að missa völd. Niðurstaða rannsóknarinnar er á annan veg. Þar kemur fram að danska þingið hafi aukið völd sín á kostnað framkvæmdarvaldsins, m.a. með aukinni sérhæfingu þingmanna, auk þess sem fjöldi minnihlutastjórna í Danmörku hefur haft þessi áhrif. Á hinn bóginn hafa dómstólarnir veikt völd þingsins og sama gildir um Noreg. Þannig hafi dómsvaldið styrkst á kostnað löggjafarvaldsins með aukinni þátttöku hins fyrrnefnda í mótun laga og túlkun stjórnarskrár.

Niðurstaða norsku rannsóknarinnar er m.a. að fulltrúalýðræðið sé í tilvistarkreppu. Fram kemur einnig að stéttaskipting hafi aukist, sérstaklega eftir kynþáttum. Athyglisvert er einnig að áhrif ákveðinna hópa hafa breyst með auknum áhrifum sérstakra tengsla milli áhrifamikilla einstaklinga í þjóðlífinu. Jafnframt hafi staða lýðræðisins breyst með meiri áhrifum frá ákveðnum hópum sem ekki eru endilega lýðræðislega kjörnir.

Bæði í norsku og dönsku rannsóknarniðurstöðunum er lögð mikil áhersla á að líta til þeirra breytinga sem einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur haft á lýðræði og völd í þjóðfélaginu. Mikil völd hafa flust til einkaaðila og er leitast við að sjá hvaða áhrif það hefur haft. Í norsku lokaskýrslunni kemur fram að vöxtur markaðarins hafi ekki leitt til dreifingar valds heldur frekar meiri áhrifa af fákeppni. Í dönsku skýrslunni kemur fram að máttur fjöldasamtaka á borð við stjórnmálaflokka og verkalýðsfélög hafi minnkað. Á hinn bóginn hafi ítök samtaka sem myndast um ákveðin málefni aukist. Jafnframt kemur fram að áhrif fjölmiðla hafi aukist mikið á undanförnum árum og leggja þeir nú oft línurnar hvað varðar pólitísk baráttumál, en fjölmiðlar myndi nú tengsl milli almennings og stjórnmálamanna á sama hátt og stóru stjórnmálaflokkarnir gerðu áður fyrr.

Þrískipting valdsins.

Í þrískiptingu ríkisvaldsins á Alþingi að vera valdamesta stofnunin með fjárveitinga- og löggjafarvaldið. Alþingismenn sækja umboð sitt í lýðræðislegum kosningum til þjóðarinnar. Framkvæmdarvaldið starfar svo í skjóli meiri hluta Alþingis og dómsvaldið er skipað af framkvæmdarvaldinu (dómsmálaráðherra). Verksvið löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds er svo skýrt afmarkað í stjórnarskránni. Á því hafa verið skiptar skoðanir í umræðu undanfarinna ára hvort verulegar breytingar hafi orðið á valdmörkum þessara þriggja stoða stjórnskipunar landsins.

Umræðan snýst um það hvort löggjafarvaldið sé sífellt að veikjast á sama tíma og framkvæmdarvaldið styrkist. Er þar átt við framsal Alþingis á valdi í lögum og víðtækar reglugerðarheimildir framkvæmdarvaldinu til handa, auk þess sem löggjafarvaldinu sé gert stöðugt erfiðara að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Sömuleiðis telja sumir að eðli forsetaembættisins hafi breyst en um það eru mjög deildar meiningar. Þróunin hefur líka verið í þá átt að frumkvæði og undirbúningur laga er að langmestu leyti í höndum framkvæmdarvaldsins. Ýmsir líta svo á að þetta fyrirkomulag sé eðlilegt en aðrir telja þetta merki um veikleika löggjafarvaldsins. Sömuleiðis er það gagnrýnt að vald embættismanna sé orðið meira en eðlilegt er og að þess gæti í alltof ríkum mæli að bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið færi ákvörðunarvald sitt í hendur embættismönnum. Vitnað er til þess að þeir útfæri iðulega stefnu stjórnvalda með því að þeir undirbúi þingmál, séu nefndum löggjafarþingsins til ráðgjafar um breytingar og endanlega gerð laga og séu síðan oft þeir aðilar í stjórnsýslunni sem hafa með höndum framkvæmd og eftirlit. EES-samningurinn hefur einnig verið nefndur og þótt flestir viðurkenni að hann hafi haft mjög jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnulíf, þá er það engu að síður ljóst að hann hefur átt sinn þátt í að veikja löggjafarþingið en styrkt jafnframt embættis- og framkvæmdarvaldið.

Skýringarnar á styrk framkvæmdarvaldsins felast vafalaust ekki síst í því að stjórnarmeirihlutinn sem styður ríkisstjórnina á hverjum tíma unir því að framkvæmdarvaldið hafi undirtökin á löggjafarþinginu. Það er því að mestu stjórnarandstaðan ein sem reynir að standa vörð um stöðu löggjafarþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og átökin verða því á hverjum tíma milli stjórnarandstöðu og framkvæmdarvaldsins. Í grein eftir Friðgeir Björnsson í Tímariti lögfræðinga frá í maí 1999 sem ber heitið „Tvískipt ríkisvald?“ er m.a. vikið að því að ekki sé fjarri lagi að segja að handhöfn bæði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds

sé hjá ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar í flestu því sem einhverju máli skiptir.

Vissulega má benda á leiðir sem farnar hafa verið til að reyna að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Má þar nefna bætta stöðu þingmanna við störf í fastanefndum Alþingis eftir að nefndasvið þingsins var styrkt verulega með því meðal annars að auka þar mannafla og fá þar lögfræðinga til starfa.

Ýmsar breytingar á þingsköpum voru líka til þess ætlaðar að styrkja stöðu þingsins. Má þar nefna að 1991 var tekið upp í þingsköp að nefndir gætu að eigin frumkvæði fjallað um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Í reynd hefur þetta ákvæði litlu sem engu skilað frekar en 39. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um rannsóknarvald þingnefnda. Þingið þarf að samþykkja að koma á fót rannsóknarnefndum skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Meiri hlutinn hefur nær undantekningarlaust stöðvað tillögur um að settar yrðu á fót slíkar rannsóknarnefndir, enda er þeim oft ætlað að rannsaka gjörðir valdhafa sem þá starfa í skjóli meiri hluta þingsins. Þrátt fyrir að ýmsar aðrar tillögur hafi verið settar fram til að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu hafa þær ekki náð fram að ganga.

Ástæða er einnig til að nefna grein sem fyrrverandi forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, ritar í Tímarit lögfræðinga í mars 1997 um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þar fjallar Ólafur um ýmislegt sem lýtur að stjórnsýslu þingsins og segir m.a. að tilhneigingar gæti hjá framkvæmdarvaldinu til að hafa bein afskipti af stofnunum Alþingis, þ.e. Ríkisendurskoðun, umboðsmanni Alþingis og Alþingi sjálfu, með flutningi stjórnarfrumvarpa. Ólafur segir óásættanlegt að fulltrúar framkvæmdarvaldsins flytji lagafrumvörp sem varða innri málefni þingsins og stofnana þess. Ágreiningur sé milli Alþingis og framkvæmdarvalds um fjárhagslegt sjálfstæði Alþingis sem stofnunar. Fram kemur í greininni að oddvitar framkvæmdarvaldsins hafi vilja túlka það svo að Alþingi eigi undir forsætisráðuneytið (framkvæmdarvaldið) að sækja í málefnum er varða stjórnsýslu og rekstur þingsins. Slík túlkun fái ekki staðist, því hún gangi í berhögg við þau grundvallarrök sem búi að baki 2. gr. stjórnarskrárinnar um aðgreining ríkisvaldsins og eigi sér heldur ekki efnislega stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands. Ólafur segir að forsætisráðuneytið geti ekki í krafti reglugerðarákvæðis um Stjórnarráð Íslands tekið sér vald sem gefur því rétt til íhlutunar um innri málefni Alþingis.

Einnig má benda á að það hlýtur að ganga í berhögg við þrískiptingu valdsins samkvæmt stjórnarskránni og við sjálfstæði Alþingis sem stofnunar, hinnar valdamestu í hinu þrískipta ríkisvaldi samkvæmt stjórnskipun landsins, að það sé forsætisráðherra sem kallar saman Alþingi og slítur því. Meðan Alþingi hefur ekki fullkomið sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu verða valdmörkin óljós og hingað til hefur framkvæmdarvaldið nýtt sér það til að styrkja stöðu sína gagnvart löggjafarþinginu.

Mikið hefur líka verið rætt og ritað um hvort dómstólarnir séu í auknum mæli að fikra sig inn á verksvið löggjafarvaldsins með íhlutun í gegnum dómsniðurstöður. Því til stuðnings er bent á niðurstöðu dómstólanna í umdeildum málum, svo sem í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins, Valdimarsmálinu svokallaða og Vatnseyrarmálinu. Friðgeir Björnsson orðar það svo í Tímariti lögfræðinga í október 2001: „Það eru ekki ýkja mörg ár síðan þær raddir voru uppi að dómstólar væru hallir undir stjórnvöld, þ.e. dæmdu þeim í vil á hæpnum forsendum. Reyndar heyrast þær enn en eru fáar og hjáróma. Blaðið hefur snúist við og nú eru uppi háværar raddir sem segja að dómstólar fari offari gegn öðrum greinum ríkisvaldsins og gæti ekki valdmarka sinna gagnvart þeim. Dómstólar leggi löggjafa og stjórnvöldum skyldur á herðar sem þau beri ekki lögum samkvæmt.“ Í grein Friðgeirs kemur fram að umræðan snúist um það hvort dómstólar, og þá sérstaklega Hæstiréttur sem æðsti

dómstóll landsins, taki sér í dómum sínum lagasetningarvald og gangi þannig á stjórnarskrárvarinn rétt löggjafans.

Grundvallarágreiningur er um hvort og að hve miklu leyti dómstólar geta tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur. Til að gefa hér mynd af því er rétt að vitna til skoðana Sigurðar Líndals, fyrrverandi prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hæstaréttarlögmanns og prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Í grein Sigurðar í Tímariti lögfræðinga frá júlí 2002 er gerð grein fyrir því að lengi hafi því verið hafnað að dómstólar ættu hlut að lagasetningu, en nú sé það ekki deilumál lengur; hlutur dómstóla fari vaxandi. Sigurður ræðir um eðlismun á lagasetningu dómstóla og löggjafans og segir orðrétt: „Nú verða dómstólar að eyða óvissu með því að skerpa á óskýrum ákvæðum eða setja nýjar reglur til fyllingar þar sem þörf er.“ Óhjákvæmilegt sé að dómstólar setji reglur, segir Sigurður: „Þá gerist það einnig að löggjafanum séu mislagðar hendur og það komi í hlut dómstóla að lagfæra lögin eða jafnvel í undantekningartilfellum að víkja þeim til hliðar. Óútkljáð er hinsvegar hversu langt dómstólar geta gengið og hvar mörkin liggi að þessu leyti milli lagasetningarvalds og dómsvalds.“

Jafnframt kemur þetta fram í grein Sigurðar Líndals: „Sá sem véfengir lagasetningarvald dómstólanna er að einhverju leyti háður alræðishyggju einveldis- og upplýsingaaldar þar sem sett lög einvaldsins voru eina viðurkennda réttarheimildin. Við lýðræðisskipan hljóta samkvæmt þessu allar réttarheimildir að eiga sér stoð, beint og óbeint, í vilja meirihluta kjósenda – arftaka einvaldsins – eins og hann birtist hverju sinni, en þær svara síðan spurningum um öll álitaefni. Hlutverk dómstóla verður þá ekki annað en að finna svarið sem þar liggur ljóst fyrir eða kann að leynast.“

Í grein í Úlfljóti, 2. tbl., árið 2002 skrifar Jón Steinar Gunnlaugsson um valdmörk dómstóla. Í þeirri grein kemur fram að hlutverk dómstólanna sé að finna réttarheimildina sem við á en ekki að setja nýja reglu, og ekki sé hægt að fallast á kenningar um að hlutverk dómstólanna sé að móta nýjar réttarreglur. Orðrétt segir Jón Steinar: „Að mínu mati felur þetta í sér kjarna þess ágreinings, sem virðist vera fyrir hendi meðal íslenskra lögfræðinga um valdmörk dómstólanna og hlutverk þeirra.“ Jón segir í greininni að starf dómara við úrlausn á réttarágreiningi hljóti að beinast að því að leita uppi réttarheimildina sem við á og beita henni en ekki að búa til nýja, og segir að dómstólar eigi ekki að setja lög. Vísar hann m.a. til 61. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Jón Steinar vísar í greininni til þess að kenningum um heimild dómstóla til að setja nýjar lagareglur fylgdu gjarnan hugmyndir um heimildir þeirra til að breyta túlkun á stjórnarskránni frá einum tíma til annars. Um þetta segir Jón að dómstólar hafi ekki fremur en almenni löggjafinn vald til að breyta stjórnarskránni. Orðrétt kemur þetta fram í greininni: „Þeir, sem tala fyrir þessum kenningum um breytilegar lögskýringar, eru í raun og veru aðeins að mæla með því að stjórnmálabaráttan og hvers kyns önnur þjóðfélagsleg átök færist inn á vettvang dómstóla.“

Það er skoðun flutningsmanna að í rannsókn sem ætlað er að varpa ljósi á hvort skil þrískiptingar ríkisvaldsins séu orðin óljós og ef til vill óæskileg sé full ástæða til að leggja mat á hvaða breytingar hafi orðið á valdmörkum dómstóla og löggjafarþings, og líta til þess grundvallarágreinings sem uppi er um hvort og að hve miklu leyti dómstólarnir hafa tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur sem áhrif hafa á niðurstöðu í dómsmálum.

Í dönsku, norsku og sænsku rannsókninni um þróun valds og lýðræðis, sem áður var getið, voru völd og áhrif fjölmiðla metin, en fjölmiðlar hafa stundum verið nefndir fjórða valdið. Metin voru áhrif þeirra á samfélagsþróunina og var niðurstaðan sú að áhrif fjölmiðla hafi

aukist mikið á undanförnum árum og leggja þeir nú oft línurnar hvað varðar pólitísk baráttumál. Bent er á að fjölmiðlar myndi nú tengsl milli almennings og stjórnmálamanna á sama hátt og stóru stjórnmálaflokkarnir gerðu áður fyrr. Flutningsmenn telja því ástæðu til að áhrif og völd fjölmiðla verði könnuð í þessari rannsókn. Í því sambandi er rétt að nefna að í yfirlýsingu forseta Íslands frá 2. júní þegar hann synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar kemur m.a. fram að fjölmiðlar séu svo mikilvægir í lýðræðisskipan nútímans að þeir séu tíðum nefndir fjórða valdi. Margir telji að fjölmiðlarnir hafi meiri áhrif á hið raunverulega lýðræði sem þjóðir búa við en formlegar reglur um valdmörk helstu stofnana.

Áhrif af tilfærslu valds og fjármagns á samfélagið og lýðræðisþróunina.

Markmið þingsályktunartillögunnar er einnig að lagt verði mat á hvort og að hve miklu leyti valdatilfærsla hefur orðið frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar yfir til einkaaðila í atvinnulífinu. Þar á að líta til þess hvort samþjöppun eigna, valds og fjármagns hjá einkaaðilum hafi leitt til þess að ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi verulega meiri áhrif en áður á afkomu þjóðarbúsins. Ef svo er þarf að meta hvort þessi þróun sé til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og afkomu þjóðarbúsins og að hve miklu leyti hún skili sér til að bæta stöðu efnahags- og atvinnulífsins almennt og stöðu heimila og velferðarkerfisins.

Þannig verði reynt að draga fram hvort arðsemi við þá miklu samþjöppun eigna og fjármagns sem átt hefur sér stað síðustu ár í viðskiptalífinu skilar sér með ásættanlegum hætti til þjóðarbúsins eða áhrifin séu fyrst og fremst gífurleg eigna- og fjármagnstilfærsla til nokkurra valdablokka sem séu smám saman að eignast Ísland. Hagsmuna- og stjórnunartengsl milli keppinauta verða líka æ algengari í atvinnulífinu og hafa myndast markaðsráðandi fyrirtækjablokkir sem tengjast eigna- og stjórnunarlega í öllum helstu atvinnugreinum, þ.m.t. á fjölmiðlamarkaði. Vöxtur lífeyrissjóðanna hefur líka verið gífurlegur, en eignir þeirra eru nú að nálgast 1.000 milljarða kr. og skiptir fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna gífurlegu máli fyrir allt efnahagslífið og uppbyggingu lífeyriskerfis landsmanna. Tilgangur þessarar tillögu er jafnframt að draga fram hvað ákvarðanir og fjárfestingar valdablokkanna í viðskiptalífinu, þ.m.t. hjá lífeyrissjóðunum, geta haft á efnahagslífið, stöðu smærri fyrirtækja og heimilanna í landinu og hvort þær skipti orðið meira máli fyrir þjóðarbúið en ýmsar aðgerðir stjórnvalda.

Gífurleg breyting hefur orðið í atvinnu- og fjármálalífi á umliðnum árum með sívaxandi alþjóðavæðingu og fjármagnsflutningum milli landa og mikilli einkavæðingu. Má í raun líkja því við byltingu. Íslenskt viðskiptaumhverfi er sífellt að verða alþjóðlegra. Staða valds og eigna í viðskiptalífinu hefur líka breyst frá því að valdablokkirnir í atvinnulífinu voru aðeins tvær og höfðu báðar ítök og áhrif í stjórnmálunum. Þróunin hefur orðið jákvæð að því leyti að dregið hefur úr óeðlilegu samblandi stjórnmála og atvinnulífs með minni þátttöku ríkisins í atvinnulífinu, en jafnframt hefur almenningur minni möguleika á að hafa áhrif á þróunina gegnum kjörna fulltrúa sína. Þá má ætla að það sé út af fyrir sig jákvæð þróun að valdablokkirnar í atvinnu- og viðskiptalífi eru nú fleiri en áður var, sem ætti að tryggja meiri samkeppni og draga úr óheppilegum tengslum slíkra blokka við einstaka stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn.

Hvaða einkunn sem menn vilja gefa þróuninni síðustu áratugi er ljóst að átt hefur sér stað gífurleg eigna- og valdatilfærsla í þjóðfélaginu, einkum nú í upphafi 21. aldar. Fjárfestingar nokkurra valdablokka í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði eru í stærðum sem fáir hefðu getað gert sér í hugarlund fyrir aðeins örfáum árum. Útrás þeirra fylgir líka gífurlegt fjármagnsflæði milli landa og skipta ákvarðanir Seðlabanka Evrópu orðið meira máli fyrir afkomu

þessara fyrirtækja en ákvarðanir Seðlabanka Íslands. Nýlega mátti lesa í fréttum að miðað við það sem er í undirbúningi í fjárfestingum nokkurra þessara valdablokka á næstunni megi gera ráð fyrir 200 milljarða kr. fjárfestingum á næstu mánuðum. Einnig hefur komið fram í fréttum að Baugur hafi stigið fyrstu skrefin til yfirtöku á Big Food Group, en kaupverð með skuldum er 94 milljarðar kr. Frá því var greint að samanlagt yrði velta fyrirtækja undir stjórn Baugs jöfn landsframleiðslu Íslendinga eða um 800 milljarðar kr. gangi kaupin eftir. Mikilvægt er að hlutlaust mat verði lagt á það hvaða sóknarfæri felast í þessum miklu umbreytingum sem orðið hafa í atvinnulífinu fyrir efnahags- og atvinnulífið og samfélagið í heild.

Sú þróun er eðlileg að ríkisvaldið sé ekki í atvinnurekstri þar sem samkeppni ríkir, en á umliðnum árum hefur ríkið jafnt og þétt verið að losa um eignatök á ríkisfyrirtækjum. Aukin alþjóðleg samkeppni og upplýsingabyltingin hefur auk óheftra fjármagnsflutninga milli landa gjörbreytt viðskiptaumhverfinu hér á landi sem annars staðar og hefur ásamt aukinni markaðsvæðingu stuðlað að auknum hagvexti í þjóðfélaginu. Hér á landi hefur þessi þróun líka komið fram í miklum kaupaukum og kaupréttarsamningum hjá forstjórum og öðrum stjórnendum í efra lagi viðskiptalífsins, og skiptir það fé nú tugum og hundruðum milljóna sem komið getur í hlut hvers og eins. Fjármagnstekjur endurspegla líka þróunina en á sl. ári komu ⅔ allra fjármagnstekna hjá hjónum og sambúðarfólki í hlut 1% fjármagnseigenda og ¾ allra fjármagnstekna einstaklinga komu í hlut 1% allra fjármagnseigenda eða 587 einstaklinga. Launamismunur virðist því hafa margfaldast hér á landi sem annars staðar. Meta þarf hvort söfnun auðs og valds á fárra manna hendur hefur líka aukið misréttið í kjörum fólks.

Markmið þessarar tillögu er því einnig að mat verði lagt á það hvaða áhrif þróun valds og mikil tilfærsla eigna og fjármagns hefur haft í þjóðfélaginu og leggja mat á framhald þessarar þróunar fyrir afkomu þjóðarbús, velferðarþjónustu, heimila og atvinnulífs. Með því að varpa skýrara ljósi á þá þróun sem orðið hefur á tilfærslu á völdum og fjármagni er betur hægt að meta áhrifin á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild sinni.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greiða skal orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Það var sent félagsmálanefnd til umfjöllunar og fékk nefndin umsagnir bæði frá verkalýðshreyfingunni og samtökum atvinnurekenda. Allar umsagnir verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. frá Starfsgreinasambandinu, BSRB og Kennarasambandi Íslands, voru mjög jákvæðar. Jafnframt kom fram

að Alþýðusamband Íslands kvaðst mundu láta reyna á þetta mál fyrir dómstólum. Á hinn bóginn voru bæði Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins neikvæð gagnvart efni frumvarpsins. Hér um að ræða mikið réttlætismál og er brýnt að löggjafinn taki afstöðu til þess. Frumvarpið er því endurflutt óbreytt.

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er ekki að finna ákvæði sem kveður á um að greiða skuli orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Í úrskurði nr. 19/2003 staðfesti úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að reikna ekki orlofslaun á greiðslur vegna orlofstöku til kæranda í fæðingarorlofi. Í úrskurðinum segir m.a.: „Sá greinarmunur sem gerður er á rétti til orlofstöku og rétti til orlofslauna í framangreindum lögum styður þá niðurstöðu að í 2. mgr. 14. gr. ffl. felist fyrirmæli um áunninn rétt til orlofstöku en ekki rétt til orlofslauna.“

Þetta hefur það í för með sér að einstaklingar í fæðingarorlofi fá ekki notið almennrar orlofstöku nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Í slíkum tilvikum grafa réttindi á einu sviði undan réttindum á öðru sviði.

Þeirri lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um er ætlað að tryggja að allir þeir sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs eigi óskertan rétt í sumarorlofi.

Fallinn er dómur í héraðsdómi þvert á yfirlýsingar sem þáverandi félagsmálaráðherra gaf í svari við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur veturinn 2002–2003 þar sem fullyrt var að Fæðingarorlofssjóði bæri að greiða foreldrum orlofslaun samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Í ljósi alls þessa er nauðsynlegt að lögfesta þetta frumvarp og taka þannig af öll tvímæli um vilja löggjafans.

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2006.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna

þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

a. Viðskipti milli óskyldra aðila.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja

fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir um lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

b. Viðskipti milli skyldra aðila.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst.

Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski eru algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Af sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins og áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Tillaga þessi til þingsályktunar hefur áður verið flutt en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason,
Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson,
Guðjón Hjörleifsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2005.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi og fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Tillaga þessi er flutt vegna þess að nauðsynlegt er að taka nú þegar til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan eða félagslegan vanda. Það er löngu ljóst að ekki er hægt að sinna lögboðinni kennslu þeirra í almennum bekkjardeildum og víða skapast veruleg vandamál vegna þessa bæði hvað varðar líðan barnanna og einnig fyrir skóla þeirra. Þá er ljóst að í grunnskólanum er ekki hægt að veita þeim þá sérhæfðu meðferð sem þau þurfa vegna veikinda sinna, enda er það hlutverk heilbrigðiskerfisins. Reykjavíkurborg skipaði sérstakan starfshóp til þess að skoða stöðu þessara mála hjá borginni. Sá starfshópur skilaði skýrslu og tillögum til úrbóta í maí 2003 (sbr. fylgiskjal).

Heilbrigðisráðherra hefur reifað þær hugmyndir að ráða til starfa verkefnisstjóra sem meðal annars verði ætlað að samþætta ýmis málefni er varða börn með geðrænan eða félagslegan vanda. Þar er um viðamikið verkefni að ræða sem að líkindum mun taka nokkurn tíma þar til heildartillögur um meðferð þessara barna liggja fyrir.

Það er mat flutningsmanna að það þoli ekki bið að vinna að úrbótum í málefnum barna með geðrænan og félagslegan vanda í grunnskólakerfinu. Því er þessi tillaga flutt.

Hefðbundinn skóli með ákveðinni stundaskrá, hefðbundinni lengd kennslustunda og frímínútna er kerfi sem gagnast nemendum með geðrænan eða félagslegan vanda illa eða alls ekki. Jafnframt líður sumum þessara ungu nemenda illa vegna þess flókna og síbreytilega félagslega veruleika sem skólinn endurspeglar. Slök félagsfærni, léleg sjálfsmynd, ábyrgðarleysi eða árásargirni leiðir til tíðra árekstra við aðra í leik og starfi og samveru með fjölskyldunni. Í verstu tilvikum verða þessir nemendur utangarðsfólk, með enga framhaldsmenntun, háðir fíkniefnum, hneigjast til afbrota, glíma við geðsjúkdóma og með stopula atvinnu. Hætta er á að þeir geti ekki séð sér farborða og haldið heimili á fullorðinsárum. Kostnaður samfélagsins vegna erfiðleika þeirra getur orðið verulegur. Til að reyna að koma í veg fyrir að svo fari þurfa sumir nemendur mikinn sérstuðning og annað umhverfi en þekkist almennt í grunnskólum hérlendis.

Segja má að þessir nemendur skiptist gróflega í tvo flokka: þá andfélagslegu og þá vanvirku. Vanlíðan þeirra andfélagslegu birtist í árásum á skólafélaga eða kennara og starfsfólk og eignaskemmdum sem oft eru unnar í stjórnlausum bræðisköstum. Vanlíðan hinna vanvirku getur endurspeglast í þunglyndi, kvíðaköstum og verulega skertri sjálfsmynd. Báðir þessir hópar þurfa sérstuðning sem beinist að námi þeirra og félagslegri stöðu. Jafnframt þarf að hafa með sumum í þessum hópi mikið eftirlit og aðstoð, innan sem utan skólastofu.

Fyrir þennan hóp þarf að búa til námsumhverfi utan heimaskólans sem er sveigjanlegra, margbreytilegra og rólegra en hefðbundinn skóli. Þetta námsumhverfi þarf að mæta þörfum hvers einstaklings með skýrum og mælanlegum náms- og hegðunarmarkmiðum.

Til að skilgreina þennan hóp má hafa þá almennu reglu að leiðarljósi að um sé að ræða nemendur sem sakir alvarlegra geðrænna erfiðleika hafi ekki tekið viðunandi framförum í sínum heimaskóla og þurfi á öðru námsumhverfi að halda, um lengri eða skemmri tíma. Ljóst sé að heimaskóli viðkomandi hafi gert sitt ýtrasta til að draga úr erfiðleikum nemandans.

Ef skilgreina á þennan hóp nánar má hafa til hliðsjónar vinnureglu II sem eru núgildandi viðmiðunarstig fyrir geðraskanir hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar er að finna skilgreiningar á úthlutunarreglum sjóðsins vegna fjölþátta hegðunartruflana, verulegra truflana varðandi tilfinningar og félagslega aðlögun og viðvarandi og alvarleg einkenni geðrofs eða geðhvarfa. Skilyrði fyrir úthlutun Jöfnunarsjóðs er að erfiðleikar af þessu tagi leiði til umfangsmikils stuðnings vegna félagslegra þátta, tilfinningalegra þátta og hegðunarþátta, og þörf sé á sérhæfðri ráðgjöf og í mörgum tilvikum eftirliti.

Í grunnskólum á þjónustusvæði skólaskrifstofu Suðurlands eru um þessar mundir u.þ.b. tíu nemendur sem eiga í verulegum erfiðleikum með skólaveru sína og nám vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningaraskana.

Hjá skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið lagðar fram hugmyndir um að á vegum Heilbrigðisstofnunar Selfoss verði stofnuð í tilraunaskyni dagdeild fyrir geðfötluð börn. Börn með geðfatlanir eða svo alvarlega vanlíðan að venjuleg skólaganga gagnast þeim lítt eða ekkert fái tímabundið dagvistun á deildinni. Þar sjái ríkisvaldið fyrir meðferðarfulltrúum, læknis- og sálfræðiþjónustu og húsnæði (a.m.k. að hluta til), en lögheimilissveitarfélög viðkomandi barna greiði fyrir kennsluna eins og lög gera ráð fyrir. Ekki yrði um sérstakan skóla að ræða, heldur félli kennsla í deildinni í hlut þess skóla sem næstur yrði, allt eftir því hvar dagdeildin yrði. Lögð yrði áhersla á að þau börn sem eru í dagvist á deildinni haldi áfram að sækja félagslíf í sínum heimaskóla eins og kostur er og missi ekki tengslin við hann. Reikna mætti með að börnin yrðu á deildinni í mislangan tíma eftir því hversu alvarleg og langvinn veikindi þeirra eru, en færu aftur í sinn heimaskóla strax og þess er nokkur kostur.

Þess má geta að á Suðurlandi er eitt stöðugildi sálfræðings á heilsugæslustöðvum sem sinnir börnum og unglingum. Það mætti nota þessa stöðu að einhverju leyti til að sinna meðferð á dagdeildinni, enda hafa þeir sem þessari stöðu sinna oft unnið með þessum börnum og foreldrum þeirra. Sérfræðingarnir sem starfa á skólaskrifstofu Suðurlands gætu tekið þátt í að skipuleggja hvernig best væri að hanna nám og námsaðstæður fyrir nemendurna.

Ríkisvaldið rekur nokkur meðferðarheimili á landinu, þar á meðal Torfastaði og Geldingalæk á Suðurlandi. Börnin á Geldingalæk sækja grunnskólann á Hellu. Á þessum meðferðarheimilum greiðir ríkið fyrir meðferð og kennslu barnanna og þau eru vistuð þar allan sólarhringinn. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa rekið skóla fyrir börn með vandamál af þessu tagi og borið allan kostnað af því. Þar eru börnin meðan á skóladegi stendur, eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu, en á eigin heimili eða fósturheimili þess á milli. Þar er að mati flutningsmanna ekki um rétta kostnaðarskiptingu að ræða því að það er ríkisins að sjá um meðferð barna með geðrænan og félagslegan vanda.

Það er nauðsynlegt að börn með geðrænan eða félagslegan vanda njóti kennslu á grunnskólastigi eins og lög gera ráð fyrir en samhliða verða þau að fá meðferð við sjúkdómi sínum. Það verður ekki gert í almennum bekkjardeildum. Því er þessi tillaga flutt.“

Með tillögunni var fylgiskjal: Ráðgjafarskóli. Sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda. (Skýrsla starfshóps um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda, maí 2003.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 314 (278. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 1495–1501.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipi án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og varð þá eigi útrædd. Félagsmálanefnd hafði málið til skoðunar og í umsögnum sem nefndinni bárust var yfirleitt tekið vel í meginefni tillögunnar. Eðlilega lögðu umsagnaraðilar á það áherslu að sveitarfélögin þyrftu að fá fullnægjandi tekjustofna til að takast á við verkefnið. Sú hefur að sjálfsögðu alltaf verið ætlun flutningsmanna, sbr. upphaflega greinargerð með tillögunni, en ástæða er til að undirstrika mikilvægi þessa í ljósi bágrar afkomu sveitarfélaganna nú um stundir. Á árinu steig Reykjavíkurborg fyrstu skrefin í átt til gjaldfrjáls leikskóla en frá 1. september sl. hafa öll fimm ára börn átt kost á þremur tímum á dag endurgjaldslaust (sjá fylgiskjal, gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur). Nokkuð er um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og starfsheitið leikskólakennari var tekið upp. Þegar af þeirri ástæðu leiðir að fá haldbær rök eru til þess að foreldrar greiði dýrum dómum fyrir skólahaldið sjálft, þ.e. leikskólamenntun, á fyrsta skólastiginu en hætti því svo skyndilega þegar börnin hafa náð grunnskólaaldri. Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara er tiltekið að „leikskólinn eigi að vera hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar eins og önnur skólastig og því skuli sveitarfélög vinna markvisst að því að börnum gefist kostur á 6 tíma leikskólagöngu á dag án endurgjalds“. Að baki liggur það mat leikskólakennara að minnst sex klukkustundir á dag þurfi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum aðalnámskrár leikskóla og sinna öllum námssviðum (hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélagi), þannig að þetta skarist og sé samofið leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikniþjálfun eins og vera ber.

Niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn. Sú kjarabót mundi skila sér beint til fjölskyldna sem eru í mikilli þörf fyrir betri aðbúnað. Um leið yrði tekið stórt skref í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er um að ræða yngstu foreldrana sem jafnframt eru að koma sér fyrir í lífinu og margir að koma út úr skólum með námslán á bakinu, eru að leysa húsnæðismál sín o.s.frv. Mánaðarleg leikskólagjöld eru nú víðast hvar um og yfir 30 þús. kr. fyrir níu tíma á dag. Fjölskyldur með tvö börn á leikskóla borga yfirleitt um 50 þús. kr. á mánuði því að ekki er óalgengt að systkinaafsláttur sé

30–35% með öðru systkini. Dæmi eru um fjölskyldur sem borga upp undir 60 þús. kr. í leikskólagjöld á mánuði fyrir þrjú börn (systkinaafsláttur með þriðja barni 75%) og þarf slík fjölskylda um 100 þús. kr. viðbótartekjur á mánuði til að standa straum af útgjöldunum að teknu tilliti til skatta. Þess ber að geta að sérstakur afsláttur er yfirleitt veittur fyrir börn einstæðra foreldra og öryrkja og námsmenn greiða a.m.k. sums staðar nokkru lægra gjald. Í þessum efnum er þó talsverður munur milli sveitarfélaganna og þess eru jafnvel dæmi að lítill eða alls enginn greinarmunur sé gerður á gjöldum foreldra með tilliti til félagslegra aðstæðna. Til glöggvunar er gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur birt sem fylgiskjal með tillögu þessari en rétt er að hafa í huga það sem áður sagði um mismun milli sveitarfélaga.

Ekki verður um það deilt að það er mikið jafnaðar- og jafnréttismál í nútímasamfélagi að allir eigi kost á leikskóladvöl fyrir börn sín án tillits til efnahags. Flutningsmenn tillögunnar líta á breytingar í þessa átt sem lið í því að gera samfélagið fjölskylduvænna og styrkja undirstöður velferðar í landinu. Sérstök ástæða er til að huga að stöðu fjölskyldna nýrra Íslendinga í þessu sambandi.

Nefnd sú sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð þarf í starfi sínu að móta stefnu um hvernig réttindi foreldra til leikskóladvalar barna sinna, eða eftir atvikum annarrar sambærilegrar og viðurkenndrar dagvistunar ef um hana er að ræða, verða látin haldast í hendur við skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn. Ljóst er að það mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma að gera leikskólastigið í heild sinni gjaldfrjálst og gera ráðstafanir til að fullnægja eftirspurn í takt við réttindi foreldra og skyldur sveitarfélaga samkvæmt hinni nýju skipan. Því er eðlilegt að verkefnið verði unnið í áföngum, t.d. með því að gera síðasta árið fyrir grunnskóla gjaldfrítt fyrst. Einnig er eðlilegt að veita sveitarfélögunum ákveðinn aðlögunartíma, þeim sem þess þurfa með, þar til þeim er skylt að anna eftirspurn að fullu. Síðan koll af kolli uns því takmarki er náð að allt leikskólastigið og eftir atvikum önnur sambærileg og viðurkennd dagvistun sé gjaldfrjáls.

Tekjustofnar og kostnaður.

Ljóst er að niðurfelling leikskólagjalda kallar á endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður sveitarfélaganna vegna dagvistunar losaði 11 milljarða kr. árið 2002 en á móti komu tekjur upp á tæplega 2,8 milljarða kr. eða rétt um 25%, Þess ber að geta að með breyttum reikningsskilaaðferðum þar sem húsnæðiskostnaður er tekinn með í reikninginn hækka kostnaðartölur nokkuð miðað við fyrri ár. Hlutfall tekna, þ.e. leikskólagjalda, af heildarrekstrarkostnaði lækkar að sama skapi eða úr u.þ.b. 30% í nær 25%. Innan skamms munu liggja fyrir tölur um kostnað sveitarfélaganna af þessum málaflokki byggðar á ársreikningum þeirra fyrir árið 2003.

Ljóst er að sveitarfélögin í landinu eru ekki aflögufær eins og afkomu þeirra er háttað heldur þvert á móti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið talsmenn þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna og bæta fjárhag þeirra, t.d. með hlutdeild í fleiri og breiðari tekjustofnum en nú. Með auknu hlutverki á sviði velferðarmála og umhverfismála og sökum allrar þeirrar mikilvægu nærþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að inna af hendi er ljóst að barátta fyrir öflugu samábyrgu velferðarsamfélagi er um leið barátta fyrir því að sveitarfélögin hafi fjárhagslegt bolmagn og aðstöðu til að leysa hlutverk sitt vel af hendi. Af þeim sökum er gengið út frá því að tekjustofnar komi á móti þeim kostnaði sem sveitarfélögin bæta smátt og smátt á sig með niðurfellingu leikskólagjalda. Einnig gæti ríkið létt einhverjum verkefnum af sveitarfélögunum, t.d. greiðslu húsaleigubóta, en það er einmitt stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þær verði færðar til ríkisins og inn í skattkerfið. Því fylgdi sá kostur að hægt væri að taka upp samræmd húsnæðisframlög þar sem samræma

mætti á einum stað innan skattkerfisins vaxtabætur annars vegar og stuðning við leigjendur eða húsaleigubætur hins vegar. Útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta urðu nálægt 930 millj. kr. árið 2002, þ.e. sama ár og hér er lagt til grundvallar við útreikninga á kostnaði vegna leikskólans eða dagvistunarmála. Talið er að þessi kostnaður hafi svo orðið allt að 1.200 millj. kr. á árinu 2003 svo þar er greinilega um ört vaxandi útgjöld að ræða. Ef ríkið tæki að fullu á sig kostnað vegna húsaleigubóta stæðu eftir í nágrenni við 1.600–1.900 millj. kr. sem bæta þyrfti sveitarfélögunum þegar leikskólagjöld hefðu verið felld niður í heild. Hver áfangi á leið til fulls gjaldfrelsis gæti þannig kostað einar 500–800 millj. kr. í aukin rekstrarútgjöld ef miðað er við að tekið yrði eitt ár í einu og fjöldi barna í leikskólum yrði svipaður. Með þessu er hins vegar ekki öll sagan sögð. Ljóst er að réttur til gjaldfrjálsrar leikskóladvalar og skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn þurfa að haldast í hendur. Verður því að gera ráð fyrir talsverðum stofnkostnaði til að anna aukinni aðsókn og samsvarandi auknum rekstrarkostnaði. Engin ástæða er til að draga dul á að um aukin útgjöld verður að ræða að því marki sem eftirspurn vex eftir leikskóladvöl samfara áföngum í átt til fulls gjaldfrelsis. Á móti kemur að um mikilsvert félagslegt og menntunarlegt framfaramál er að ræða. Ástæða er til að ætla að slíkum aðgerðum geti einnig fylgt þjóðhagslegt hagræði sem fram kæmi á öðrum sviðum, svo sem í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni í atvinnulífinu. Mest um vert er þó að þetta er réttlætismál sem jafnar lífskjör og framkallar breytingar í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er sem sagt á ferðinni aðgerð sem treystir undirstöður samábyrgs velferðarsamfélags í landinu og byggir það upp, en af slíku höfum við séð allt of lítið fjöldamörg undangengin ár. Hvað sem áformum um gjaldfrjálsan leikskóla líður hljóta tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að verða til skoðunar á næstunni þó ekki væri nema vegna þess að skuldasöfnun og bág afkoma allt of margra sveitarfélaga er vandamál sem taka verður á.

Þess ber að lokum að geta að bæði hérlendis og erlendis má finna dæmi um hreyfingu í þá átt að draga úr eða fella niður gjaldtöku í leikskólum. Þannig er kveðið á um breytingar í þá veru í málefnasamningi Reykjavíkurlistans, núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur, og er fyrsti áfanginn í þá átt þegar kominn til framkvæmda eins og áður sagði. Í Svíþjóð var ókeypis leikskóladvöl, a.m.k. fyrir eldri leikskólabörn, eitt af baráttumálum vinstri flokkanna í síðustu kosningum og eru fyrstu áfangar breytinga í þá átt nú að koma til framkvæmda þar í landi.

Fylgiskjal.

Leikskólar Reykjavíkur:

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur – leikskólagjöld.

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur tekur mið annars vegar af tímalengd vistunar barns og hins vegar af félagslegri stöðu foreldra.

Gjaldskráin skiptist í 3 gjaldflokka og gilda um þá eftirfarandi reglur:

I. Almennt gjald, giftir foreldrar og sambúðarfólk.

II. Samkvæmt þessum flokki greiða foreldrar þar sem annað foreldrið er í námi og ef annað foreldri er öryrki. Miðað er við að námið sé lánshæft skv. viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem

metið er lánshæft. Námsmaður skal vera í a.m.k. 75 % námi á háskólastigi en í 100 % námi sé hann í sérnámi.

Námsmenn við Háskóla Íslands skulu taka a.m.k. 11 einingar á önn.

Þessi gjaldflokkur á einnig við ef stundað er fullt nám í framhalds-, mennta-, fjölbrauta- og iðnskóla. Kvöldnám er ekki tekið gilt.

Skólavottorð berist skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur í janúar og september ár hvert. Námssamningar berist skrifstofu skrifstofu L.R. í byrjun samningstímans.

III. Samkvæmt III. flokki greiða einstæðir foreldrar, foreldrar þar sem báðir eru í námi sbr. skilgreiningu LÍN á lánshæfu námi og foreldrar ef báðir eru öryrkjar. Starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur falla einnig undir þennan flokk.

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur – Almenn leikskólagjöld.

Klukkustundir	Gjald I*	Gjald II	Gjald III
4	12.500	10.200	10.000
5	18.900	12.200	11.300
6	21.900	14.500	12.400
8	27.900	21.100	14.400
9	30.800	22.200	15.800

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2004.

Gjaldskrá fyrir 5 ára börn.

Klukkustundir	Gjald I*	Gjald II	Gjald III
4	3.900	3.060	2.200
5	10.000	8.320	6.640
6	12.800	10.280	7.760
8	19.500	15.300	11.100
9	22.300	17.260	12.200

Gjaldskráin gildir frá 1. september 2004.

* Í gjaldflokki I er hádegisverður innifalinn í 5 klst. vistun og lengri.

Systkinaafsláttur er 33% með 2. barni og 75% með 3. barni.

Einnig reiknast afsláttur ef börn á leikskóla eiga systkini hjá dagforeldri eða á einkareknum leikskóla, sjá gjaldskrá vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum.

26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin hafi að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi.

Þá fái nefndin það hlutverk að leggja til fyrirkomulag þar sem ráðherrar víki þingsæti fyrir varamönnum sínum og hvaða skyldum ráðherrar gegna þá varðandi störf þingsins.

Greinargerð.

Áður fyrr þótti mönnum sem rök lægju til þess að fólk í strjálum byggðum ætti meira afl í atkvæði sínu en þéttbýlisfólk og þó einkum íbúar höfuðborgarinnar. Þetta reyndust falsrök ein, enda verður í engu séð að misvægi atkvæða hafi nokkurs manns hagsmuni varið né heldur byggðarlaga. Þvert á móti, þar sem fulltrúar þéttbýlisins hafa hrifsað til sín að kalla allt framkvæmdarvaldið með beinni vísan til þess að með því móti væri verið að jafna völd og áhrif á móti atkvæðisréttinum sem taldist landsbyggðinni mjög hagstæður.

Árið 2000 var samþykkt á Alþingi Íslendinga tillaga um að misvægi atkvæða skyldi vera allt að einn á móti tveimur. Atkvæðisrétturinn, helgur undirstöðuréttur þegna í lýðræðisríki, var þar með áfram misjafn sem uppfyllir ekki jafnræðisreglu. Og örþjóðinni, sem er ekki fjölmennari en meðalborg í nágrannalöndunum, var skipt upp í kjördæmi, með það eitt að leiðarljósi að innan þeirra byggi sem jafnastur fjöldi fólks. Það leiddi til þess að höfuðborgarsvæðinu þurfti að skipta þvers og kruss og hagræða kjördæmamörkum þar eftir stærð fjölbýlishúsa og fjölda íbúa þeirra. Það má líka heita með ólíkindum ákvæðið sem kveður svo á að skilyrði til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti sé að framboð fái á landsvísu 5% atkvæða, eða um 9.160 atkvæði miðað við alþingiskosningarnar 2003, og enda þótt slíkt framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann. Samkvæmt þingsköpum Alþingis teljast tveir þingmenn þingflokkur og eðlilegt væri að nái flokkur tveimur mönnum, þ.e. fái u.þ.b. 5.500 gild atkvæði eða meira, þá fáist uppbótarþingmenn. Það er misræmi í því að 5.500 kjósendum sé meinað að fá kjörinn þingmann þegar besta nýting atkvæða á bak við þingmann er aðeins 2.707 atkvæði, en meðaltalið á bak við alla þingmenn nú er 2907,5 atkvæði.

Frjálslyndi flokkurinn telur brýnt að landið verði allt eitt kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi frumburðarréttur einstaklinganna, atkvæðisrétturinn, verði þar með jafn og óskertur. Þar með bæru allir þingmenn jafna ábyrgð gagnvart kjósendum hvar sem búseta þeirra væri. Enginn þingmaður gæti því vísað frá sér málum vegna þess að þingmenn úr viðkomandi kjördæmi ættu að gæta hagsmuna annarra landsvæða og íbúa.

Það er augljóst mál að ekki verður búið við hina nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er rétt að breyta sem fyrst skipan þessa undirstöðumáls lýðræðisins og sleppa sem fyrst frá núgildandi millistigi með þrjú mjög stór landsbyggðarkjördæmi og uppskipta höfuðborg.

Frjálslyndi flokkurinn átti enga aðild að samþykkt tillögunnar árið 2000 þar sem landinu var skipt upp í sex kjördæmi og lagði fyrst á 126. löggjafarþingi fram tillögu um breytta kosningaskipan, líkt og nú er gert.

Frjálslyndi flokkurinn hefur áður lagt til að tekin verði upp ákvæði um að taki þingmaður sæti ráðherra víki hann úr þingsæti fyrir varamanni sínum. Það gerði þingflokkurinn í þingsályktunartillögu um kosningar til Alþingis sem flutt var á 126. og 127. löggjafarþingi. Með því móti væri dregin skýrari lína milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en nú er. Áhrif ráðherra hafa farið vaxandi á kostnað löggjafarvaldsins.

Með tillögunni var fylgiskjal, yfirlit yfir úrslit alþingiskosninganna 10. maí 2003. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 20 (20. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 559–560.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um eflingu starfsnáms og styttri námsbrauta.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jón Gunnarsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela starfshópi skipuðum fulltrúum þingflokkanna, Samiðnar, Samtaka iðnaðarins, Félags framhaldsskólanema, Félagi framhaldsskólakennara, Iðnnemasambandsins, Alþýðusamband Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Verslunarráðs Íslands og fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna að vinna tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum og um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta, með það m.a. að markmiði að efla starfsnám verulega, draga úr brottfalli í framhaldsskólum, stofna styttri námsbrautir sem eru þeirrar gerðar að nemendur geta alltaf bætt nýju námi ofan á, eyða úreltri aðgreiningu milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum með tilliti til verknáms, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð verkmenntaðs fólks á vinnumarkaði. Með starfsnámi er átt við nám sem fellur undir iðn-, verk- og listnám í framhaldsskólum.

Sérstaklega verði endurskoðað reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna með það að markmiði að starfsnámið fái framlög í samræmi við kostnað.

Greinargerð.

Mikilvægt er að vinna að breytingum á íslensku skólakerfi til að taka sérstaklega á brottfalli úr framhaldsskóla og því mikla vandamáli sem það er fyrir einstaklinga og samfélagið allt enda er brottfall verulega mikið á Íslandi samanborið við önnur ríki á Norðurlöndum. Til þess að þau markmið náist verður m.a. að gera sérstakt átak í starfsnámi sem miðar að því að fjölgreind nemenda fái þroskast og gömlu skilin á milli bóknáms og verknáms máist út. Áríðandi er að nemendur eigi alltaf greiða leið aftur inn í skólana hafi þeir hætt námi tímabundið eða vilji bæta við fyrri menntun sína.

Samkvæmt opinberum tölum útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema en meðaltalið er 82% innan OECD-ríkjanna og yfir 90% í Svíþjóð. Þetta mikla brottfall er einn stærsti vandi skólakerfis okkar og má rekja það að hluta til lítils framboðs á fjölbreyttu starfsnámi og styttri námsbrautum og lítillar kynningar á kostum verknámsins. Þá er mikilvægt að stórauka námsráðgjöf í framhaldsskólum en með því móti væri hægt að stemma verulega stigu við brottfallinu.

Samhliða starfsnámsátakinu þykir flutningsmönnum tillögunnar rétt að fram fari öflugt kynningarátak á kostum starfsnáms og þeim möguleikum sem það opnar til frekari náms og fjölbreyttra og skemmtilegra starfa. Einnig er lögð áhersla á að það er mikilvægt framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að iðnmeistaranám verði endurskoðað svo að það verði sambærilegt við það sem best gerist erlendis og áhersla verði lögð á að samræma það á milli greina.

Styttri námsbrautir.

Mikilvæg viðbót við framhaldsskólamenntun okkar væri fjölbreytt framboð styttri námsbrauta í hinum ýmsu starfsgreinum í þjónustu og öðrum störfum sem unnin eru og heyra ekki

undir neinar fagreinar og eru miðaðar að því að leið fólks sé alltaf greið til að bæta við nýjum greinum. Það geti alltaf með greiðum og augljósum hætti bætt nýju námi við. Dyrnar í skólann þurfa alltaf að vera opnar og námið þannig sniðið að auðvelt sé að byggja ofan á það.

Framboð á slíkum styttri námsbrautum mundi valda miklum breytingum fyrir marga unga og óráðna einstaklinga sem hvorki vilja binda sig við lengra hefðbundið starfsnám né hafa áhuga á stúdentsprófi eða aðstæður til þess.

Minnkandi aðsókn – skortur á iðnaðarmönnum.

Starfsmenntunin á í vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að mörgum greinanna hefur minnkað og blasir við mikill vandi og skortur á fagmönnum í einstökum greinum, t.d. járn- og málmiðnaði. Verknámið er að mörgu leyti hætt að kenna á landsbyggðinni og framboð á starfsmenntun hvers konar hefur minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Skortur á iðnaðarmönnum kemur til með að standa íslenskum iðnaði fyrir þrifum á næstu árum. Sem dæmi um mikilvægi á starfsmenntuðu vinnuafli má nefna að iðnaðurinn skapar miklar tekjur og þrjár af hverjum tíu krónum í landsframleiðslunni verða til í ýmsum greinum iðnaðar: stóriðju, byggingariðnaði, matvælaiðnaði, trjávöruiðnaði, pappírsiðnaði, málmiðnaði, verktakastarfsemi, upplýsinga- og tækniiðnaði o.s.frv. eins og fram kemur í tölum Þjóðhagsstofnunar.

Vandi í reiknilíkaninu.

Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur í reiknilíkani sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Líkanið skilar starfsnámi ekki því sem eðlilegt er til að hægt sé að halda því úti með sómasamlegum hætti. Við þessu hefur ekki verið brugðist með þeim afleiðingum að aðsókn að einstökum greinum hefur minnkað, starfsnám hefur lagst af í mörgum skólum og lítil þróun hefur átt sér stað í stofnun nýrra, styttri námsbrauta.

Ein mikilvægasta undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu er gott starfsnám sem svarar kröfum tímans og er eftirsótt af ungu fólki.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt reiknilíkanið sem notað er við útdeilingu fjár til framhaldsskólanna harkalega og segja það ónothæft mælitæki á fjárþörf íslenskra framhaldsskóla, sérstaklega iðnskóla og verkmenntaskóla eins og fram kom í yfirlýsingu frá samtökunum í nóvember 2002. Reiknilíkanið er óviðunandi vegna þess að það tekur ekki nægjanlegt tillit til þess að starfsmenntun er kostnaðarsamari en bóknámið. Því leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á það að samhliða átakinu fari fram gagnger endurskoðun á reiknilíkaninu.

Samsetning náms í grunnskólum.

Það er áríðandi að grípa til markvissra aðgerða til að rétta hlut starfsnámsins samhliða því að tryggja því nauðsynlegt fjármagn. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf ef hnignun starfsnámsins heldur áfram og ekki verður gripið til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróun við. Samhliða átaki í kennslu og kynningu starfsnáms og fjölgun styttri námsbrauta þarf einnig að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólunum og gera list- og verknámsgreinum hærra undir höfði.

Lítil verkleg kennsla á sér stað á grunnskólastiginu og fer því sáralítil kynning á kostum starfsnáms fram á því skólastigi þótt slíkt væri afar áríðandi enda grundvallaratriði að eyða þeim gamla greinarmun sem gerður var á bóknámi og starfsnámi. Sá greinarmunur á ekki lengur rétt á sér enda á flæðið þarna á milli að vera stöðugt og mikið. Til að skapa börnum jöfn tækifæri strax í grunnskóla þarf að byggja upp fjölbreyttara nám sem þroskar verkvitið samhliða bókvitinu.

Brottfallið stórt vandamál.

Brottfall úr framhaldsskólum og réttindaleysi á vinnumarkaði hefur slæm áhrif á fólk og sálfræðilegar afleiðingar menntakerfis sem elur það af sér eru slæmar. Kerfið býr til áföll snemma á lífsleiðinni fyrir tæpan þriðjung hvers árgangs. Þetta er óviðunandi enda leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á að koma í veg fyrir brottfallið, m.a. með þeim hætti að efla stórum starfsnámið við fjölbrautaskóla landsins.

Í skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu náms til stúdentsprófs frá 2003 kemur fram að „[a]f nemendum á fyrsta námsári í starfsnámi er stærsti hópurinn skólaárið 1997/1998, eða 2.579 einstaklingar, og sá minnsti skólaárið 1993/1994 eða 2.038 einstaklingar. Nemendur sem útskrifast með annað en stúdentspróf eru flestir skólaárið 1997/1998, eða 1.521 einstaklingar, og fæstir 1998/1999 eða 1.390 einstaklingar. Meðalfjöldi nemenda á fyrsta námsári eru 2.259 en 1.441 brautskráðir nemendur. Sýnir þetta mikinn mun á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því, eða mismun upp á 36% að meðaltali. Sambærilegur mismunur á fjölda nemenda sem hefja nám á stúdentsbrautum og öðrum bóknámsbrautum og ljúka stúdentsprófi er að meðaltali 58%.“ Þessar tölur tala sínu máli um það hve alvarlegt vandamál brottfall úr framhaldsskólum er og hve brýnt er að vinna gegn því.

Festast á jaðrinum.

Þeir sem ekki eiga kost á mennta sig og auka færni sína eru líklegri en aðrir til að festast á jaðri þekkingarsamfélags framtíðarinnar og festast í fátækt. Menntakerfi framtíðarinnar verður því að bjóða upp á sífellda menntun, opinn skóla, þar sem fólk á kost á að þjálfa upp nýja hæfni til að verða gjaldgengt á vinnumarkaði. Þetta er afar brýnt, ekki síst þegar haft er í huga að hér á landi ljúka 40% hvers árgangs ekki framhaldsnámi samkvæmt rannsóknum við Háskóla Íslands. Færri Íslendingar stunda því nám á framhaldsskólastigi en annars staðar á Norðurlöndunum. Einungis 56% Íslendinga á aldrinum 25–65 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er 78% annars staðar á Norðurlöndum. Með öflugri sókn í starfsmenntun og fjölgun styttri námsbrauta, sem auðvelt er að bæta við síðar, mun þetta breytast hratt og örugglega til hins betra.

Virðing fyrir starfsnáminu.

Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja megináherslu á að það er ekki andstæða langskólanáms og vinna þarf gegn því hvernig skorið er á milli iðn- og starfsnáms annars vegar og bóknáms hins vegar. Iðnnám þarf að kynna sem áfanga á leið, eftirsóknarverðan áfanga, sem opnar nýjar leiðir og skapar fjölmörg tækifæri á vinnumarkaði til fjölbreyttra og vel launaðra starfa og ekki síður fjölmargar leiðir til áframhaldandi náms, hvort heldur er tækni- eða háskólanáms.

Það er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytilega samsetningu náms og fjöldi starfa felur í sér blöndu af verklegri og bóklegri kunnáttu. En á meðan starfsnámið er fjársvelt, lítið kynnt og lítið kennt í grunnskólum mun því halda áfram að hnigna, samfélaginu öllu til mikils skaða.

Þarfir atvinnulífs skilgreindar.

Til að byggja upp öflugt iðn-, verk- og listnám í framhaldsskólunum þarf að skilgreina vel þarfir atvinnulífsins sem og einstaklinganna og móta námskrána með þær að leiðarljósi. Fyrirtæki landsins verða hverju sinni að geta komið hæfniskröfum sínum inn í námskrána, verkmenntaskólarnir þurfa að hafa aðstöðu, tæki og hæfni til að geta kennt samkvæmt þessum námskrám og námsefni þarf að vera aðgengilegt en útgáfa á námsefni er fjarri því

að vera í lagi vegna lítilla fjárframlaga til námsgagnagerðar. Árið 2002 var sú upphæð 18,2 millj. kr. í það heila fyrir alla framhaldsskólana í landinu. Iðnú fær ekki nema brot af því. Því leggja flutningsmenn tillögunnar á það ríka áherslu að endurskoðun námsefnis eigi sér stað samhliða átakinu til eflingar náminu.

Iðnmeistaranám endurskoðað.

Um leið og starfsmenntun framhaldsskólanna er endurskoðuð og efld er mikilvægt að líta til iðnmeistaranámsins. Það er nauðsynleg viðbót við grunnmenntun í iðngreinum og aðgengi að því þarf að vera gott. Svo er ekki í öllum greinum nú og talsvert misræmi á milli meistaranáms í einstökum iðngreinum. Námstími er mjög misjafnlega langur og áríðandi að samræma hann eins og hægt er með sannfærandi hætti. Í núverandi ástandi felst sú hætta að nýliðun verði lítil og eftir ákveðinn tíma verði um alvarlegan skort á iðnmeisturum að ræða. Fyrst og fremst er þetta réttlætismál þar sem það er ósanngjarnt að námið sé miklu lengra, og þar með miklu dýrara, hér en annars staðar. Einnig þarf að horfa til samræmis á milli landa. Það er mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að meistaranám verði endurskoðað svo að það verði sambærilegt við það sem best gerist erlendis.

28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson,
Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Henni var vísað til samgöngunefndar til umfjöllunar. Umsagnir bárust frá eftirtöldum ellefu aðilum: Árvekni (átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga), Eyþingi, Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landvernd, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Umferðarráði og Umferðarstofu. Umsagnir voru afar jákvæðar og var lýst öflug-

um stuðningi við efni tillögunnar, auk þess sem fróðlegar upplýsingar komu fram í umsögnum, t.d. Landssamtaka hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Þar sem ný vegáætlun verður lögð fram á þessu þingi verður að telja brýnt að þessi tillaga og umsagnir um hana verði teknar til umfjöllunar samhliða. Því er hún lögð fram að nýju óbreytt.

Tillagan styðst við hugmyndafræði um sjálfbærar samgöngur sem byggist á því að skipulagning og stjórn samgangna taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins, og að við alla áætlunargerð sé meginhersla lögð á að leita leiða til að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki. Þannig verði við skipulagningu þéttbýliskjarna samþætt í auknum mæli íbúðarsvæði, þjónustusvæði og atvinnusvæði og frá upphafi verði gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum í hverfum ásamt öruggum almenningssamgöngum þegar samgöngunet eru skipulögð. Varðandi hlut hjólreiða sérstaklega í stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur þarf að huga að möguleikum samgöngukerfisins til að taka við auknum fjölda hjólreiðafólks. Því ber að leggja áherslu á hjólreiðabrautir í þéttbýli og tengingar milli þéttbýliskjarna.

Stefna þessi er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og henni er lýst í útgefinni stefnumörkun stjórnvalda til 2020 „Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“. Í stefnumörkuninni segir að sjálfbærar samgöngur séu eitt af fjórum höfuðmarkmiðum samgönguáætlunar stjórnvalda.

Í nýrri stefnu fyrir Norðurlönd um sjálfbæra þróun, sem gefin var út 2001 og hefur verið samþykkt á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, kemur fram í kaflanum um samgöngumál að þjóðunum beri að stuðla að umhverfis- og heilbrigðisvænum samgönguháttum, ekki síst í þéttbýli þar sem einkum beri að styðja við almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu. Þar er einnig lögð áhersla á umferðaröryggi samfara breytingum í samgönguháttum, því að öryggisleysi í umferðinni hafi letjandi áhrif á notkun þessara samgönguhátta. Þá beri sérstaklega að stuðla að hjólreiðum í stærstu bæjum og borgum Norðurlandanna með því að skapa samfelld grunnkerfi fyrir hjólreiðar.

Loks má geta þess að samgönguráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykktu árið 1999 áætlun sem miðar að því að tekið verði tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar í stefnu í samgöngumálum. Í þeim kafla sem ber yfirskriftina „Aðrar nauðsynlegar aðgerðir“ í áætluninni er bent á nokkur svið þar sem aðgerða er þörf. Þar er getið um nauðsyn þess að styrkja almenningssamgöngur og leggja áherslu á fjölþættar og samsettar samgöngur og samgönguhætti sem menga minna en nú er.

Af því sem nú hefur verið upp talið sést að tillaga þessi er í fullu samræmi við stefnumörkun hér innan lands og einnig er í henni samhljómur við skuldbindingar Íslendinga á alþjóðavettvangi.

Hjólreiðastígar í vegalögum.

Vegalögum var síðast breytt á 125. löggjafarþingi með stjórnarfrumvarpi sem fjallaði um reiðvegi og girðingar (þskj. 572, 322. mál). Í meðförum samgöngunefndar tók málið nokkrum breytingum. Þannig lagði nefndin til í áliti sínu (þskj. 990, 322. mál) að hjólreiða- og göngustígar yrðu sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild yrði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Einnig lagði nefndin til að þar sem slíkir stígar væru í þéttbýli kæmi það í hlut viðkomandi sveitarfélags að greiða kostnað af þeim. Að öðru leyti fjallaði nefndin ekki efnislega um þýðingu hjólreiðastíga og ekki heldur þingið þar sem engar umræður urðu um breytingartillögur nefndarinnar. Vegna þessara breytinga er hjólreiðastíga getið í vegalögum en án alls rökstuðnings. Enda hafa málefni hjólreiðamanna í umferðinni ekki verið fyrirferðarmikil við vegalagningu eða gerð umferðarmann-

virkja. Má halda því fram að þótt hjólreiðastíga sé getið í vegalögum, þá séu þeir hálfmunaðarlausir í kerfinu.

Á 121. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breytingu á vegalögum þar sem gert var ráð fyrir því að hjólreiðastígar yrðu teknir inn í vegalög og þar með tekið fyrsta skrefið í þá átt að koma á samfelldu neti hjólreiðastíga. Samgöngunefnd fjallaði um frumvarpið og taldi ljóst að huga þyrfti að öryggi hjólreiðamanna utan þéttbýlis. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar í tengslum við endurskoðun vegalaga (þskj. 1159, 197. mál) og þess óskað að Vegagerðinni yrði falið að meta kostnað við þær breytingar sem frumvarpið gerði ráð fyrir auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin yrðu að bera. Ekki er vitað til að slíkt kostnaðarmat hafi farið fram.

Á síðasta kjörtímabili flutti umhverfisnefnd Alþingis að frumkvæði Ísólfs Gylfa Pálmasonar tillögu til þingsályktunar um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta (126. löggjafarþing, þskj. 771, 485. mál, og 127. löggjafarþing, þskj. 284, 248. mál). Var tillögunni vísað til samgöngunefndar og send út til umsagnar vorið 2001. Umsagnir bárust frá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Landssamtökum hjólreiðamanna, ÍFA – Íþróttir fyrir alla, Umferðarráði, Vegagerðinni og samgönguráðuneytinu.

Stefna stjórnvalda.

Samgönguáætlun 2003–2014 var samþykkt á 128. löggjafarþingi og tekur hún mið af vinnu stýrihóps samgönguráðherra sem skipaður var í maí 2000. Í skýrslu stýrihópsins, sem gefin var út af ráðuneyti samgöngumála í desember 2001, kemur fram mjög ákveðinn vilji til að móta stefnu um sjálfbærar samgöngur og er beinlínis tekið fram að stjórnvöldum beri að tryggja það að samgöngugeirinn leggi sitt af mörkum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun. Í kaflanum um umhverfismál eru talin upp markmið sem leiða eiga til sjálfbærra samgangna og segir þar að til að takmarka megi CO_2-losun frá samgöngum þurfi að beina umferð inn á umhverfisvænni svið og eru þar nefndar almenningssamgöngur og hjólreiðar. Í kaflanum um val á samgöngumáta er tekið fram að ekki sé völ á vistvænni samgöngumáta en þeim að hjóla eða ganga. Og í framhaldinu segir að með góðri skipulagningu og gerð stíga megi auka vægi hjólreiða í samgöngum. Þannig gerir skýrslan beinlínis ráð fyrir því að hjólreiðar séu raunverulegur valkostur í samgöngumálum, þótt ekki sé farið dýpra í að fjalla um hjólreiðar í henni en hér greinir.

Þáttur hjólreiðanna er nokkuð meiri í skýrslu sem samgönguráðuneytið og Vegagerðin gáfu út í maí 2001 og fjallar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Þar er m.a. fjallað um sérstakar aðgerðir í skipulagsmálum og gert ráð fyrir að samspil samgöngumála og orkusparnaðar sé haft ofarlega í huga í svæðis- og aðalskipulagsvinnu með það að markmiði að stytta akstursleiðir og draga úr akstursþörf. Þess er sérstaklega getið að hjólreiða- og göngustígar séu hluti þessarar vinnu og lagt til að viðkomandi yfirvöld fjalli um þetta álitaefni sérstaklega sem fyrst.

Í riti samgönguráðuneytisins „Samgöngur á nýrri öld“, sem gefið var út sl. vor, er að finna yfirlýsingu þess efnis að bæta þurfi aðstöðu hjólreiðamanna eins og kostur er og huga verði að gerð hjólreiðastíga samhliða fjölförnustu umferðaræðunum (bls. 33). Að öðru leyti er ekki fjallað um þátt hjólreiða í samgöngum á nýrri öld. Hins vegar kemur skýrt fram hvert skilgreint hlutverk Vegagerðarinnar sé, nefnilega að „sjá samfélaginu fyrir vegakerfi í samræmi við þarfir þess og veita þjónustu sem miðar að greiðri og öruggri umferð“. Enn fremur segir að það sé brýnasta verkefni Vegagerðarinnar að bæta úr ágöllum vegakerfisins, viðhalda því og bæta þjónustu þess. Í ljósi þessara yfirlýsinga verður að telja fremur dapurlegt hversu lítið er horft til hjólreiða í framtíðarstefnu stjórnvalda í þessum málaflokki.

Hjólreiðar verði alvöruvalkostur.

Sjálfbærar samgöngur eru til umræðu í öllum nágrannalöndum okkar í tengslum við skuldbindingar landanna vegna Kyoto-bókunarinnar. Bókunin hefur að geyma bindandi tölueleg markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þótt íslensk stjórnvöld hafi fengið gífurlegar ívilnanir í Kyoto, þá er útlit fyrir að búið sé að ráðstafa þeim öllum í þágu stóriðju. Eins og málum er háttað um þessar mundir má gera ráð fyrir að ⅓ CO2-losunar okkar komi frá samgöngum. Úr þeirri losun verður ekki dregið nema að til komi sérstakt átak til að auka hlut þeirra samgöngutækja sem ekki losa CO_2. Það er því augljóst að í hjólreiðum er fólgið eitt öflugasta sóknarfærið á leið til sjálfbærra samgangna, en til þess að nýta megi það sóknarfæri er nauðsynlegt að fara að líta á reiðhjól sem samgöngutæki.

Hingað til hafa hjólreiðar fremur verið flokkaðar með útivist og heilsusamlegri hreyfingu en síður verið litið svo á að reiðhjól sé samgöngutæki. Þess vegna hefur verið talið eðlilegt að hjólreiðamenn nýttu sér útivistarstíga til að stunda hjólreiðar. Það er gott svo langt sem það nær, en í því sambandi verður að hafa í huga að slíkir stígar hafa fremur verið lagðir með hliðsjón af útivistargildi en gildi þeirra sem tenginga milli staða. Þess utan finnast slíkir stígar nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og þá helst innan borgarmarkanna. Það kemur til af því að litið hefur verið á það sem hlutverk sveitarfélaganna að sjá borgurunum fyrir stígum af þessu tagi. Að hluta til má telja það réttlætanlegt, en að öðru leyti er það óásættanlegt út frá sjónarmiði þeirra sem vilja nota reiðhjól sem samgöngutæki. Þannig er það til vansa að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki tengd með hjólreiðabrautum. Sem dæmi má nefna að hjólreiðamenn, sem eiga heima á Álftanesi og sækja vinnu í Mjódd, geta með engu móti nýtt reiðhjólið til að fara til vinnu. Þótt samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sé nokkuð öflugt þá má heita óraunhæft að þau taki upp hjá sér að leggja í nauðsynlegan kostnað við að tengja sveitarfélögin þannig að hjólreiðamenn eigi greiða leið milli þeirra. Til að svo megi verða þarf ríkisvaldið að koma inn í stefnumótunina og taka ábyrgð á framkvæmdunum eins og um akbrautir væri að ræða. Sama má segja um umferð hjólreiðamanna um stofnbrautir í þéttbýli, það þarf að vera skilgreint hlutverk ríkisvaldsins að slíkar brautir séu aðgengilegar fyrir hjólreiðamenn. Nauðsynlegt er að taka þessa þætti til rækilegrar skoðunar og gera raunhæfa áætlun um úrbætur. Þegar slík áætlun liggur fyrir verður hægt að segja að hjólreiðar séu viðurkenndur og fullgildur kostur í samgöngumálum og fyrst þá verður stefnan á sjálfbærar samgöngur trúverðug.

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um rekstur skólaskips.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Þuríður Backman, Kristinn H. Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Jón Bjarnason, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að stuðla að því að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar, vinnulag til sjós, fiskifræði og líffræði sjávarins, með sama eða svipuðu sniði og gert var um borð í rannsóknarskipinu Dröfn RE í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina.

Greinargerð.

Rannsóknarskipið Dröfn er í eigu Hafrannsóknastofnunarinnar og hefur undanfarin ár verið notað að hluta sem skólaskip og rekstur þess styrktur af sjávarútvegsráðuneyti. Nemendum 10. bekkjar var boðið að taka þátt í verkefni þar sem þeir kynntust sjávarútvegi og vinnu um borð í fiskiskipum. Fiskifræðingur var með í för til að fræða nemendur um sjávarlífverur sem veiddust. Einnig var fræðsla um veiðarfæri. Hver ferð tók um þrjá tíma og komust 15 nemendur með í hverja ferð. Á þessu ári var ekki veitt fé til þessarar fræðslu handa grunnskólanemum og í fyrsta skipti í mörg ár féll hún niður.

Nú er fyrirsjáanlegt að þetta verkefni leggist af vegna fjárskorts og flutningsmenn telja afar mikilvægt að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir með svipuðu sniði í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina til að nemendur eigi kost á að kynnast verklagi við fiskveiðar og lífríki sjávar.

Á undanförnum árum hafa hátt í 2.000 skólanemar farið í þessar ferðir ásamt kennurum. Margir kennarar hafa bent á nauðsyn þess að þessi fræðsla verði hafin að nýju sem fyrst og fylgir hér lýsing eins þeirra á ferð til fróðleiks:

„Ég hef farið á hverju ári síðustu 4 eða 5 ár og þetta er bæði mjög fróðlegt og vel skipulagt verkefni sem krakkarnir hafa ótrúlega gaman af. Meira að segja mestu pempíur (á bæði við stelpur og stráka) voru komin á kaf í aðgerð þegar við vorum búin að draga inn trollið. Skipulagið var eins og hér segir:

1. Skipstjóri tók á móti hópnum.
2. Yfirstýrimaður og fiskifræðingur kynntir fyrir hópnum.
3. Yfirstýrimaður fór yfir björgunarbúnað skipsins, gúmmíbáta og bjargbelti o.fl.
4. Fiskifræðingur skýrði út hvað ætti að gera í ferðinni, kynnti Hafró, sýndi myndband.
5. Veiðarfæri kynnt (ýmiss konar).
6. Sýnt hvernig taka á sjósýni og lesa á sjótanka, einnig var háfi dýpt í sjóinn.
7. Tækjakostur í brú sýndur og farið yfir hvernig tækin eru notuð.
8. Fiskitrolli kastað og farið yfir nokkra hluti þess og sýnt hvernig það virkar.
9. Sýnt hvernig fiskur er mældur sem kemur í trollið, aldursgreindur, hvar heilinn í honum er o.fl.
10. Fræðst um það svæði sem verið er á (ekki mörg börn sem vita hvað Kollafjörður heitir og að Engey er við hlið Viðeyjar).
11. Haldið heim.

Við erum þjóð sem fáum mestar tekjur af fiskveiðum og okkur ber skylda til að kynna þessa atvinnugrein fyrir æsku landsins. Mér þótti miður að heyra í vor að líklega yrðu ekki fleiri ferðir farnar þar sem þetta er eina leiðin fyrir mjög marga krakka til að komast í tæri við sjómennsku.“

30. Frumvarp til laga [30. mál]

um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Samkomudagur reglulegs Alþingis, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal vera 15. september ár hvert.

2. gr.

Reglulegum störfum Alþingis skal ljúka 15. júní.

3. gr.

Beri þær dagsetningar, sem tilgreindar eru í 1. og 2. gr., upp á laugardag eða sunnudag skal í 1. gr. miða við fyrsta almennan vinnudag eftir 15. september og í 2. gr. síðasta vinnudag fyrir 15. júní.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 15. september 2004.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. þingi en fékkst eigi útrætt. Flutningsmenn eru fyrrverandi og núverandi þingflokksformenn Samfylkingarinnar og telja þeir að starfstími síðasta Alþingis hafi leitt í ljós úrelt starfsfyrirkomulag, sýnt að þörf sé á breyttri vinnutilhögun Alþingis og undirstrikað nauðsyn þess að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að starfstími Alþingis verði lengdur, bæði að hausti og að vori. Haustþing hefjist hálfum mánuði fyrr en nú er, 15. september í stað 1. október, og þingstörfum á vorþingi ljúki um miðjan júní, í stað miðs maímánaðar eins og verið hefur að jafnaði undanfarin ár.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið og þingmennska er fullt starf þeirra allra, eða nær allra, nú orðið. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði, og jafnframt var það svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður sá sami og hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra. Alþingismenn hafa notið fastra launa allt árið frá 1964 og frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt störfum samhliða þingmennsku (a.m.k. yfir þingtímann). Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum þingmanna.

Með frumvarpinu þessu er ekki beinlínis stefnt að því að fjölga þingfundum eða lengja þá heldur fremur að gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, einkum nefndum þingsins. Forsætisnefnd Alþingis gæfist meira svigrúm til að skipuleggja þinghaldið og tryggja ásættanlega umfjöllun allra þingmála, líka þingmannamála. Með því fyrirkomulagi sem nú viðgengst hefur ekki reynst unnt að taka á dagskrá þingmannamál né afgreiða þau. Ætla má að aflétt yrði þeim þrýstingi sem oft er á afgreiðslu stjórnarfrumvarpa þeirra sem koma seint

fram en afgreiða á fyrir þinglok. Engin sérstök rök eru fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða þau liðlega 100 frumvörp og 20–30 ályktanir sem venja hefur verið hingað til. Með breyttu fyrirkomulagi gefst jafnframt rýmri tími til umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið og aukið svigrúm til afgreiðslu þeirra þingmála sem kunna að fylgja því. Með því að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og skipuleggja störf þingsins með nýjum hætti væri í senn hægt að gefa sér betri tíma til að athuga mál, svo og að gefa þingmönnum rýmri tíma og skipulegri til að hafa samband við kjósendur, ferðast um kjördæmin og halda fundi, m.a. meðan þing situr. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þingmanna frá þeim tíma er starfstími Alþingis var settur í núverandi form og ekkert sem mælir með því að þingið sé sent heim um miðjan maí og komi ekki aftur saman fyrr en eftir fjóra og hálfan mánuð. Nægir að benda á bættar samgöngur, fjarskiptaþróun og tölvuvæðingu sem gjörbreytt hafa allri vinnutilhögun þingmanna. Oft heyrast gagnrýnisraddir hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta og er sú umræða orðin áberandi neikvæð. Þingmenn eru að störfum þó að sumarhlé sé hjá Alþingi en það er eðlilegra að dreifa ólíkum starfsþáttum þingmanna á lengri tíma eins og hér er lagt til.

Vinnutími þingsins sem hér er lagt til að taka upp er áþekkur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þingið komi saman 15. september. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir að reglulegt Alþingi komi saman 1. október ár hvert en samkomudegi Alþingis megi breyta með lögum. Það hefur einu sinni verið gert eftir að stjórnarskránni var breytt 1991, en þingið 1992–1993 hófst 17. ágúst til þess að fjalla um og afgreiða hinn viðamikla EES-samning. Í eldri stjórnarskrárákvæðum (fram til 1991) var samkomudagurinn 15. febrúar, en sett höfðu verið lög um (samkvæmt sambærilegri heimild í stjórnarskránni) að samkomudagurinn yrði 10. október. Var svo fram til 1991.

Í 2. gr. eru sett ákvæði um að reglubundnum störfum Alþingis skuli ljúka 15. júní. Ákvæði þetta hefur ekki sömu stöðu og 1. gr. því að Alþingi verður því aðeins frestað að fyrir liggi samþykki þess sjálfs, og slíkt samþykki er og skilyrði þess að ákvæði greinarinnar verði framfylgt. Forseti Íslands hefur að vísu rétt til að fresta fundum Alþingis tímabundið, en ekki hefur reynt á það ákvæði fram að þessu. Samkvæmt þessu ber fremur að líta á efni 2. gr. frumvarpsins sem stefnuyfirlýsingu þingsins sjálfs um hver hinn reglubundni starfstími þess skuli vera. Þannig má stuðla að meiri festu í þingstörfunum sem er til hagsbóta fyrir þingmennina, stjórnsýsluna og allan almenning. Eigi að síður verður Alþingi, að óbreyttum stjórnlögum, að samþykkja formlega þingfrestun, svo sem verið hefur fram að þessu.

31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir því, í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands, að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að

undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Greinargerð.

Tillaga þessi var síðast flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún var send til umfjöllunar í samgöngunefnd og fékk nefndin nokkuð margar umsagnir um tillöguna. Umsagnir samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra voru afar jákvæðar svo og umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar sem í sínu erindi lögðu sérstaka áherslu á mikilvægi GSM-sambands fyrir ráðstefnuþjónustu og fundahald (sjá fylgiskjal). Tillagan er því endurflutt óbreytt ásamt fyrri greinargerð.

Ekki þarf að deila um mikilvægi þess að fjarskipti séu traust. GSM-kerfið hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og almenningur sem og opinberir aðilar treysta á það í æ ríkari mæli. Nokkuð vantar þó upp á að kerfið nái til allra byggða landsins. Þá er það algjörlega undir símrekanda komið hversu hratt brugðist er við bilunum í kerfinu en slíkt getur haft verulega þýðingu í öryggistilliti.

Samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs er mjög háð nútímafjarskiptum. Notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar eru nú um 235 þúsund GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í huga fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort nútíminn hafi haldið þar innreið sína. GSM-símasamband er mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum landsins. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta orðið á að í byggð og á helstu þjóðvegum sé GSM-símasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa þessa lands að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum. Annað felur í sér mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru orðin eiga íbúar landsins alls að búa við jafnrétti óháð búsetu hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu. Í þessu samhengi verður jafnframt að leggja áherslu á að ekki verði slegið slöku við að efla gæði og öryggi annarrar fjarskiptaþjónustu, svo sem í almenna símkerfinu og NMT-farsímakerfinu.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að tryggja landsmönnum aðgang að GSM-kerfinu í allri byggð og á aðalþjóðvegum, og víða verður það ekki rekið á viðskiptagrunni frekar en mörg önnur almannaþjónusta. Því er nauðsynlegt og eðlilegt að gera þá kröfu að ríkisvaldið tryggi öllum íbúum þjóðarinnar jafnt aðgengi að þessari þjónustu.

Unnt er að tryggja hámarksöryggi og útbreiðslu GSM-farsímakerfisins með ýmsum hætti. Nærtækast er að fela Landssíma Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu þjóðarinnar, að ráðast í verkið. Með því einu að lækka arðsemiskröfuna sem gerð er til fyrirtækisins má ná markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Hvað varðar aðra hluthafa í félaginu þarf að vera tryggt að þeir eigi innlausnarrétt á hendur ríkinu á sínum hlutum.

Hugnist mönnum ekki sú leið sem að framan greinir má tryggja útbreiðslu kerfisins með alþjónustukvöðum, en slíkar kvaðir falla að uppbyggingu þeirra fjarskiptalaga sem nú eru í gildi. Yrði sú leið farin hlýtur að teljast eðlilegt að fela Landssímanum að sjá um að uppfylla slíkar kvaðir, enda rekur fyrirtækið stærstan hluta þess fjarskiptakerfis sem fyrir er í landinu.

Skilgreining GSM-farsímakerfisins sem öryggis- og neyðarkerfis í fjarskiptalögum leiðir til þess að tryggja verður þjónustuna.

Með tillögunni var fylgiskjal, umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um tillögu til þingsályktunar um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu. (23. febrúar 2004.)

32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2006.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 130. löggjafarþingi.

Hér er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2006.

33. Frumvarp til laga [33. mál]

um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Frá 1. apríl til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. þingi, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Í 1. mgr. 20. gr. gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum er fjallað um nýtingu hlunninda og þar segir: „Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli."

Í athugasemdum við frumvarp til laganna voru þessi ákvæði skýrð svo:

„Hlunnindi ýmiss konar hafa frá alda öðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu Íslendinga og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að afnema rétt veiðirétthafa til þeirra, enda er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu sé litið til landsins í heild þótt staðbundin vandamál vegna ofnýtingar kunni að vera til staðar.

Í 1. mgr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Áður var gert ráð fyrir þeirri breytingu frá 9. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, að bannað væri, án leyfis varpeiganda, að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ½ km frá stórstraumsfjörumáli en í lögunum er miðað við ¼ km. Í þessu frumvarpi er miðað við 250 m eins og áður. Í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, þykir rétt að láta ákvæði gildandi laga gilda áfram."

Augljóslega er með þessu verið að reyna að tryggja, með lögformlegum hætti, að nýting tvenns konar hlunninda, grásleppu og æðarfugls, geti gengið án árekstra. Í langflestum tilvikum gengur það vel. Ríkir oftast góður skilningur og virðing í samskiptum manna í millum. Einnig má þess geta að oft er það svo að æðarræktendur stunda enn fremur grásleppuveiðar. Undantekningar fyrirfinnast þó og því er reynt með löggjöf að semja sanngjarnar leikreglur, líkt og þær sem kveðið er á um í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og vitnað er til hér að framan.

Sú þróun hefur orðið að grásleppuveiðitímabilið hefur hafist fyrr en áður. Á sumum svæðum hefjast grásleppuveiðar nú 1. apríl í stað 15. eða 20. apríl áður og sums staðar enn fyrr. Þetta getur haft það í för með sér að hætta aukist á því að æðarfugl fari í net grásleppuveiðimanna. Tilgangur fyrrgreindra lagaákvæða er einmitt að koma í veg fyrir slíkt. Með því að grásleppuveiðitímabilið hefur færst framar þykir rétt að breyta sömuleiðis lögum sem kveða á um að ekki megi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli og kveða á um að slíkt megi ekki frá 1. apríl í stað 15. apríl eins og nú er.

34. Frumvarp til laga [34. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir,
Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 8. og 9. tölul., svohljóðandi:

8. *Veltuhraði:* Velta skráðra bréfa í einum eða fleiri flokkum hlutabréfa á skráðum markaði. Veltuhraði er fundinn þannig að fyrir hvern mánuð á 12 mánaða tímabili er reiknað hlutfall veltu með bréf félags í viðkomandi mánuði og markaðsvirði þess í lok mánaðarins. Þetta hlutfall er síðan margfaldað með 12 til að finna veltuhraðann í viðkomandi mánuði á ársgrundvelli. Veltuhraði síðustu 12 mánaða er síðan fundinn með því að taka meðaltal þessa hlutfalls síðustu 12 mánuði.
9. *Skyldir aðilar:* Einstaklingur telst skyldur öðrum einstaklingi ef hann er maki hans eða barn. Lögaðili telst skyldur öðrum lögaðila ef annar á að minnsta kosti 30% hlutafjár í hinum eða ef eigendur að minnsta kosti 30% hlutafjár í báðum eru hinir sömu eða skyldir aðilar.

2. gr.

Á eftir orðunum „enda hafi yfirtakan haft í för með sér að hann“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: einn eða ásamt skyldum aðilum.

3. gr.

Á eftir 33. gr. laganna bætist við ný grein, 33. gr. a, svohljóðandi:

Skilmálar tilboðs um yfirtöku á félagi með takmarkaðan veltuhraða.

Nú myndast skylda til að gera yfirtökutilboð skv. 32. gr. í félagi þar sem veltuhraði skráðra hlutabréfa síðustu 12 mánuði áður en skyldan myndast er innan við 50% og skal verð sem setja skal fram í yfirtökutilboði skv. 32. gr. þá ákvarðað af þremur dómkvöddum matsmönnum.

Við mat á verði hlutabréfa skv. 1. mgr. skulu matsmenn gæta hlutleysis og m.a. leita álits stjórnar hlutafélagsins sem boðin er yfirtaka í og taka mið af verði skráðra bréfa í félaginu á markaði og, ef mögulegt er, verði skráðra bréfa sambærilegra félaga þar sem veltuhraði er yfir 50% á sama 12 mánaða tímabili og miðað er við skv. 1. mgr.

Tilboðsgjafi greiðir kostnað við vinnu dómkvaddra matsmanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. þingi, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Frumvarp þetta er lagt fram með það að markmiði að bæta löggjöfina sem mótar íslenskt viðskiptalíf með tilliti til hagsmuna smærri fjárfesta.

Breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. laga nr. 33/2003 tengjast beint öðrum breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Flutningsmenn leggja til að bætt verði inn skilgreiningu á því hverjir teljist skyldir aðilar og að skylt verði að taka tillit til tengsla aðila við ákvörðun á því hvort myndast hefur skylda til að gera yfirtökutilboð skv. VI. kafla laganna. Lagt er til að hugtakinu „skyldir aðilar" verði bætt við 2. gr. laganna og það skilgreint þannig að maki og börn verði taldin skyld viðkomandi einstaklingi. Flutningsmönnum þykir ekki rétt að ganga lengra en það. Þá er lagt til að tveir lögaðilar verði taldir skyldir ef eigendur 30% hlutafjár hið minnsta eru hinir sömu eða ef annar á að minnsta kosti 30% hlutafjár í hinum. Á síðustu árum hefur komið í ljós að reglur laganna um yfirtökutilboð geta misst marks sökum þess að eignarhaldið dreifist á tvo eða fleiri einstaklinga og lögaðila sem tengdir eru innbyrðis. Hægt hefur verið að nýta sér orðalag núgildandi reglna og koma sér hjá yfirtökutilboðsskyldu með því að skipta eignarhaldi niður á fleiri aðila. Flutningsmenn telja að við þessu verði að bregðast. Með frumvarpinu er lagt til að eignarhald skyldra aðila verði lagt að jöfnu í skilningi yfirtökureglna. Með því móti er komið í veg fyrir að stærri hluthafar víki sér undan þeim skyldum sem yfirtökureglur laganna leggja þeim á herðar.

Í félögum þar sem takmörkuð velta er á skráðum bréfum er sá möguleiki fyrir hendi að verð hlutabréfa í félaginu á ákveðnu tímabili fari undir verðmæti félagsins að teknu tilliti til ýmissa verðmæta sem liggja í félaginu, svo sem eigna, viðskiptavildar, þekkingar og réttinda. Þar sem velta bréfa á markaði hefur verið takmörkuð eru líkur á að raunverulegt verðmæti félags endurspeglist ekki í því verði sem greitt hefur verið fyrir skráð bréf á markaði. Flutningsmönnum þykir því rétt að tryggt verði betur en nú er gert að verð sem boðið er í yfirtökutilboði sé nær raunvirði þess félags sem um ræðir. Í frumvarpinu er lagt til að þegar veltuhraði bréfa í félagi er takmarkaður verði það falið dómkvöddum matsmönnum að ákvarða hvaða verð skuli boðið í yfirtökutilboði að teknu tilliti til m.a. ákveðinna grunnþátta sem mælt er fyrir um í lögunum, svo sem álits stjórnar félagsins sem boðin er yfirtaka í og skráðs verðs bréfa í sambærilegum félögum.

Flutningsmenn leggja til að slíkt mat skuli fara fram þegar veltuhraði skráðra bréfa í félagi er innan við 50% síðustu 12 mánuðina áður en skylda til yfirtöku myndast. Með hugtakinu „veltuhraði" og skilgreiningu þess í 1. gr. frumvarpsins er horft til þess sem á ensku er kallað „turnover velocity".

Rétt þykir að tilboðsgjafi greiði kostnað við vinnu matsmanna.

Í frumvarpi þessu er miðað við að áfram verði öðrum en þeim sem er skylt að bjóða yfirtöku skv. 1. mgr. 32. gr. frjálst að bjóða yfirtöku á öðru verði en því sem ákvarðað er af matsnefnd eða dómkvöddum matsmönnum.

35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ögmundur Jónasson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson.

1. gr.

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.

2. gr.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Við 1. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.

3. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. þingi en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum sem lögfest var árið 1995 eigi ekki við þegar um svokölluð vanskil á vörslufé er að ræða og brotamaður hefur skilað réttilega skilagrein svo að ljóst má vera að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots.

Vanskil á vörslufé vegna greiðsluerfiðleika eru nokkuð ólík öðrum skattalagabrotum. Brotið hefur sjaldnast þau einkenni sem algengt er að fylgi skattsvikum, svo sem vanhöld á færslu bókhalds. Ekki er heldur fyrir að fara þeirri leynd sem að jafnaði einkennir skattsvik og önnur skattalagabrot. Oft eiga brotlegir sér einnig málsbætur umfram þá sem fremja önnur skattalagabrot en skýringa er ósjaldan að leita í því að forsvarsmenn fyrirtækja hafa lent í greiðsluerfiðleikum sem oft enda með gjaldþroti.

Þótt vanskilin séu saknæm brot eru þau talsvert annars eðlis en hefðbundin skattsvik, en þá er átt við að tekjur séu vantaldar með sviksamlegum hætti og raunverulegri rekstrarafkomu leynt fyrir skattyfirvöldum. Þykir þetta mæla með því að þær lágmarksfésektir sem nú eru lögbundnar nái hvorki yfir einföld vanskil á staðgreiðslu opinberra gjalda né heldur vanskil á virðisaukaskatti þegar réttilega hefur verið gerð grein fyrir þeim skatti sem skila ber í skýrslum til skattyfirvalda.

Tilgangur breytingarinnar er einnig sá að gefa dómstólum meira svigrúm til að ákveða refsingu, einkum með hliðsjón af málsbótum sem brotlegir kunna að hafa. Breytingarnar árið 1995 miðuðust fyrst og fremst við alvarleg skattalagabrot en undir þau falla vanskil alla jafna ekki nema þau nái yfir langt tímabil, um verulegar fjárhæðir sé að ræða eða ítrekað brot eða aðstæður auki saknæmi verknaðarins en þá varða brotin jafnframt við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Falla þau þá fyrir utan lagabreytingarnar sem hér eru lagðar til.

Það er ekki skilyrði þessa ákvæðis að gjaldskyldur lögaðili eða einstaklingur hafi bætt ríkissjóði eða öðrum rétthafa gjaldanna það tjón sem hann kann að hafa valdið, en slíkt kemur til skoðunar við mat á refsingu. Er það einnig í samræmi við meginreglu 74. gr. almennra hegningarlaga að tekið sé tillit til slíks við refsiákvörðun hjá aðila sem leitast við að bæta af sjálfsdáðum tjónið sem hann hefur valdið og með ákvæðunum sem hér eru lögð til væri tekið af skarið um að slík háttsemi skuli virt til refsilækkunar. Úr slíku tjóni verður aðeins bætt með því að greiða það sem vanrækt var greiðsla á.

Leggja verður áherslu á að vextir og álag sem leggjast á vangoldna fjárhæð samkvæmt lögum teljast ekki til refsiverðra vanskila. Telja verður að vörslufé aukist ekki þótt því sé haldið tímabundið og því ekki ástæða til að lögfesta að vangreiddir vextir geti orðið grundvöllur refsingar.

Það hefur verið venjubundin framkvæmd hérlendis í allmörg ár, bæði af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins og í gengnum dómum, að ekki er höfðað refsimál vegna yfirstandandi rekstrartímabils þegar aðili fer í þrot enda verður ekki séð að greiðsluskylda hafi myndast þegar þannig stendur á. Sama á við um ógreidda útistandandi reikninga gjaldskylds aðila við gjaldþrot hans, enda er þá ekki unnt að vísa til vangoldins vörslufjár.

Flutningsmenn telja að breytingin væri mikið réttlætismál fyrir forsvarsmenn atvinnustarfsemi í rekstrarerfiðleikum sem hafa leitt til vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti. Á hinn bóginn telja flutningsmenn að hafa beri í huga að á undanförnum árum hefur greinilegrar tilhneigingar orðið vart í þá átt að einstaklingar stofni ný fyrirtæki í kringum sama atvinnureksturinn. Æði oft eru einu breytingarnar á rekstrinum þá ný auðkenni og ný kennitala. Þegar þannig hefur háttað til er það oft vörslu- og innheimtufé, eins og staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, sem er í vanskilum og verður eftir sem ógreiddar kröfur í þrotabúunum. Flutningsmenn telja að brýnt sé að sporna áfram við þeirri þróun með öllum ráðum. Endurtekin vanskil sömu rekstrareininga undir mismunandi kennitölu mundu dómstólar að öllum líkindum meta sem meiri háttar brot gegn lögunum og varða þá við 262. gr. almennra hegningarlaga. Fellur slík háttsemi því ekki undir breytingarnar sem hér eru lagðar til.

36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað „¼“ í 2. málsl. 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: 1/10.

2. gr.

Á eftir 104. gr. laganna bætist við ný grein, 104. gr. a, er orðast svo:

Hlutafélagi er óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum félagsins eða félögum sem þessir aðilar eiga ráðandi hlut í nema áður hafi verið aflað sérfræðiskýrslu. Sama gildir um kaup félags á eignum af móðurfélagi þess og þeim sem tengdir eru aðilum skv. 1. málsl. á þann hátt sem lýst er í 2. málsl. 1. mgr. 104. gr. Um gerð og efni skýrslunnar gilda ákvæði 6. og 7. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2005.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. þingi, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að treysta hag smærri hluthafa. Það að minnihlutavernd í hlutafélögum sé tryggð eins og kostur er, án þess þó að það verði fyrirtækjunum fjötur um fót, er mikilvæg forsenda þess að skapa gott viðskipaumhverfi og að hlutabréfamarkaðurinn styrkist og dafni.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á hlutafélagalögum, nr. 2/1995.

Annars vegar er lagt til að samþykki 1/10 hluthafa í stað 1/4 skuli nægja til þess að fram fari sérstök rannsókn. Tilgangurinn með þessari breytingu er að auka möguleika smærri hluthafa á því að nýta sér þetta úrræði. Þá er meðal annars hægt að grípa til þess ef grunur vaknar um að stærri hluthafar hafi nýtt sér stöðu sína í félagi til þess að áskilja sér fjárhagslega hagsmuni á kostnað smærri hluthafa.

Hins vegar er lagt til að hlutafélögum verði óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess eða aðilum sem eru þeim tengdir nema fram hafi farið mat óháðra aðila á verðmæti eignanna. Borið hefur á gagnrýni á að stærri hluthafar geti þvingað félög til þess að kaupa eignir af þeim á yfirverði, án þess að smærri hluthafar fái nokkuð við því gert. Er breytingunni stefnt gegn þessu ójafnvægi. Mikilvægt er að tryggja að hagur smærri hluthafa sé ekki fyrir borð borinn af þeim stærri.

Við stofnun félaga er stofnendum að meginstefnu til gert að leggja fram stofnframlag sitt í peningum. Þeim er þó heimilt að leggja fram annars konar fjárverðmæti en félaginu er þá óheimilt að taka við þeim nema fyrir liggi sérfræðimat á verðmæti þeirra eigna, sbr. 5.– 7. gr. hlutafélagalaga. Svipaðar reglur gilda við hækkun hlutafjár, sbr. 37. gr. Bagalegt er að ekki gildi svipaðar reglur þegar félag kaupir eignir af aðilum sem ráða stjórnun þess eða aðilum þeim tengdum, enda eru afleiðingarnar hinar sömu fyrir aðra hluthafa, lánardrottna og félagið sjálft. Er því lagt til að hlutafélögum verði óheimilt að kaupa eignir af þessum aðilum nema fyrir liggi slíkt sérfræðimat. Er mælst til að ferlið við matið verði hið sama og við stofnun hlutafélaga.

Þar sem viðskiptaumhverfið getur verið viðkvæmt fyrir breytingum er lagt til, verði frumvarpið að lögum, að í gildistökuákvæði verði ekki kveðið á um gildistöku þegar við samþykkt heldur verði gildistakan 1. ágúst 2005 sem gefur aðilum tækifæri til að kynna sér þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og aðlagast þeim.

37. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [37. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján L. Möller, Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

1. gr.

Í stað orðanna „eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram“ í 1. mgr. 33. gr. stjórnarskrárinnar kemur: verða 18 ára og eldri á kosningaári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningaaldur, þ.e. þann aldur sem einstaklingar verða að hafa náð til að fá kosningarrétt. Lagt er til að í stað þess að krafist sé í lögum að kjósandi hafi náð 18 ára aldri á kosningadegi verði miðað við almanaksárið. Þannig fái þeir kosningarrétt sem ná 18 ára aldri á því almanaksári sem kosning fer fram. Kosningaár er þá það almanaksár sem efnt er til kosninga á og rétt til kosninga á því ári hafa allir þeir sem ná eða hafa náð 18 ára aldri það ár.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þar sem í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á stjórnarskránni skal fara eftir ákvæði 1. mgr. 79. gr. hennar um þingrof verði frumvarpið samþykkt. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta eftir þingrof og kosningar verður að breyta ákvæðum kosningalaga til samræmis við efni frumvarpsins. Tillögur að breytingum á ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, eru birtar með frumvarpinu sem fylgiskjal.

Flutningsmenn vonast til að frumvarpið fái ítarlega meðferð á þinginu.

Fylgiskjal.

Drög að lagabreytingum.

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingu.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram“ í 1. mgr. kemur: verður 18 ára eða eldri á kosningaári.
b. Í stað orðanna „náð hefur 18 ára aldri“ í 2. mgr. kemur: verður 18 ára eða eldri á kosningaári.

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: verður 18 ára eða eldri á kosningaári.

38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann).

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „110. gr. b“ í d-lið 98. gr. laganna kemur: 110. gr. c.

2. gr.

Fremst í XIII. kafla A laganna kemur ný grein, 110. gr. a, og breytist greinanúmer kaflans samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Heimilt er lögreglu að vísa manni brott af heimili sínu og úr nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns eða barns sem í hlut á.

Brottvísun og heimsóknarbann skv. 1. mgr. getur gilt í tíu sólarhringa og ber að skilgreina til hvaða svæðis það nær. Lögregla skal innan eins sólarhrings vísa ákvörðuninni til héraðsdómara sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi en fella niður eða breyta að öðrum kosti.

Komi fram krafa frá brotaþola um framlengingu skal beina henni til héraðsdómara sem getur heimilað framlengingu til allt að þriggja mánaða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Um meðferð máls vegna framlengingar á brottvísun og heimsóknarbanni fer samkvæmt reglum þessa kafla um nálgunarbann.

3. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla A laganna verður: **Brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann.**

II. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 232. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varðar sektum eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. löggjafarþingi og var þá vísað til allsherjarnefndar sem sendi það nokkrum fjölda aðila til umsagnar. Þeir sem sendu umsagnir voru barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Fangelsismálastofnun ríkisins, Femínistafélag Íslands, barnaverndarnefnd Ísafjarðarbæjar, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Lögmannafélag Íslands, félagsmálanefnd Mosfellsbæjar, ríkissaksóknari, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, Samtök um kvennaathvarf og umboðsmaður barna. Voru umsagnir almennt jákvæðar gagnvart hugmyndum frumvarpsins. Örfáar breytingar voru lagðar til og hafa flutningsmenn tekið tillit til þriggja atriða. Þar ber fyrst að telja breytingu á niðurlagi 2. mgr. 2. gr. þar sem bætt hefur verið inn orðunum „eða barns“, sem er skýrara. Í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. hefur tíminn sem lögregla hefur til að vísa ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara verið styttur í einn sólarhring og loks hefur 4. gr. frumvarpsins verið breytt til samræmis við 97. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en þar er kveðið á um að refsing fyrir brot gegn 37. gr. barnaverndarlaga, sem fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi á heimilum með því að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna heimsóknir á heimilið og í nánasta umhverfi þess í tíu daga til þrjá mánuði. Með lögfestingu frumvarpsins telja flutningsmenn að stigið yrði mjög mikilvægt skref í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þannig þyrftu þeir sem beittir eru ofbeldi á heimilum ekki lengur að flýja heimili sitt heldur yrði þeim sem brýtur af sér gert að yfirgefa heimilið samkvæmt ákvörðun utanaðkomandi aðila og skipti þá ekki máli hvert eignarhald íbúðar væri. Mikilvægt er að samhliða brottvísun og heimsóknarbanni fengju viðkomandi aðilar hjálp til þess að vinna sig út úr ofbeldinu og afleiðingum þess.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á réttarfarslögum um það hvenær heimilt er að beita brottvísun og heimsóknarbanni og lagt til að ákvæðið verði í sama kafla og ákvæði um nálgunarbann, enda náskylt úrræði þótt vægara sé, og kaflaheitið breytist samhliða. Tillaga um breytingu á almennu hegningarlögunum snýst um refsingu við brotum á ákvæðinu.

Frumkvæði Austurríkis.

Frumvarpið tekur mið af norskum lögum frá 10. janúar 2003 og sænskum frá 5. júní 2003 sem tóku gildi 1. september 2003. Fyrirmyndin að þeim er frá Austurríki sem lögfesti úrræðið árið 1997 og hefur reynslan þar verið afar jákvæð. Þar urðu miklar umræður um lögin og var deilt um hvort þau brytu gegn friðhelgi heimilisins og rétti heimiliseigenda en þar skiptir eignarhald íbúðar ekki máli. Stjórnarskrárnefnd landsins samþykkti lögin á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um rétt einstaklinga til að njóta öryggis á eigin heimili. Um málið náðist almenn pólitísk sátt sem byggðist á svipaðri hugsun og rauða spjaldið í knattspyrnu, þ.e. þeim sem brýtur af sér er vísað af leikvelli og hann þarf þannig að gjalda fyrir brot sitt en ekki fórnarlambið. Þannig er heimilt að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu ógni hann öryggi sambýlisfólks síns og er þeirri brottvísun fylgt eftir með nálgunarbanni í tiltekinn tíma. Ofbeldismaðurinn fær upplýsingar um mögulega gististaði utan heimilisins og hjálp til þess að vinna bug á ofbeldishneigð sinni með viðeigandi meðferðarúrræðum og fórnarlömb ofbeldisins fá einnig mikla aðstoð. Þetta mikla stuðningsnet í Austurríki er talið grundvallarforsenda þess hve vel úrræðið hefur gefist þar.

Norsk og sænsk löggjöf.

Svo sem fyrr segir hafa Norðmenn og Svíar tekið sambærileg ákvæði við þau austurrísku upp í sína löggjöf og hafa þingmenn frá ýmsum Evrópulöndum sýnt málinu áhuga. Þá settu Norðmenn sér áætlun um að berjast sérstaklega gegn ofbeldi á konum árin 2002–2003. Áætlunin gekk út á að styrkja alla sem tengjast þessum málum, svo sem lögreglu, starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, í athvörfum, í barnaverndarráðum, í félagsþjónustunni o.fl., til að gera starfsmenn hæfari til að meðhöndla ofbeldismál. Markmiðin voru að styrkja þau úrræði sem fyrir voru, veita ofbeldismönnum meðferð, aðstoða börn sem alast upp við fjölskylduofbeldi og loks átak til að styrkja sérstaka aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi og tilheyra minnihlutahópum. Heilbrigðisráðuneytið, barna- og fjölskylduráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa unnið saman að þessu verkefni sem felur m.a. í sér að setja á fót sérstaka ofbeldis- og áfallamiðstöð til að vinna að heildarsamræmingu þessara mála um allt landið og vera ráðgefandi fyrir alla sem tengjast meðferð þessara mála, þ.e. jafnt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, félagslegu og lögfræðilegu.

Ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála.

Í 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó eru í 2. mgr. gerðar undantekningar á þeirri meginreglu þannig að með sérstakri lagaheimild má takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994, er sambærilegt ákvæði um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, og skulu opinber stjórnvöld ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, meðal annars til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Friðhelgi eins á því ekki að vera ríkari en réttur annars til persónufrelsis og eru það þessi öryggissjónarmið sem styðja það.

Hvað varðar þann hluta frumvarpsins sem snýr að því að banna ofbeldismanni heimsóknir á heimili sitt sem er jafnvel hans eign, þá er ætlunin einungis að takmarka afnot hans af eigninni í ákveðinn tíma vegna hagsmuna annarra sem búa þar. Þar búa öryggissjónarmið að baki sem snúa að því að vernda líf, heilsu og frið annarra.

Almennt um frumvarpið.

Á síðustu árum hefur verið reynt að bæta réttarstöðu þolenda afbrota, m.a. með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála í tengslum við nálgunarbann og réttarstöðu brotaþola í opinberum málum. Einnig hafa ákvæði í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota verið lagfærð. Nálgunarbann er úrræði sem ekki er beitt fyrr en rökstudd ástæða er til að ætla að viðkomandi brotamaður muni fremja afbrot eða á annan hátt stofna friði þess sem í hlut á í hættu. Frumvarp það sem hér er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um brottvísun og heimsóknarbann fjallar um vægara úrræði, sem tæki til skemmri tíma, en um leið má ætla að það tæki á vandanum á fyrstu stigum.

Ákvæðið mundi veita lögreglu heimild til þess að vísa brott þeim sem beitir ofbeldi á heimili og banna heimsóknir hans á heimilið í tiltekinn tíma og er fyrst og fremst hugsað með sambúðarfólk í huga en getur átt við aðra á heimilinu, svo sem unglinga sem beita eða hóta að beita foreldra eða systkini sín ofbeldi. Einungis yrði heimilt að nota úrræðið við sérstakar kringumstæður þegar fjölskyldu ofbeldismanns eða öðrum stafar bein hætta af veru hans á heimilinu. Þannig þyrfti að fara fram hagsmunamat hjá lögreglu á því hvort viðkomandi mundi valda öðru heimilisfólki, hvort sem það væri sambúðarmaki, börn eða aðrir, alvarlegu tjóni, líkamlegu eða andlegu, eða brjóta á friðhelgi þeirra. Sérstaklega alvarlegar teljast

kringumstæður þegar börn eiga í hlut enda hluti af markmiðinu með ákvæðinu að tryggja börnum fullnægjandi öryggi í uppeldi og forða þeim frá því að vera beitt ofbeldi eða þurfa að verða vitni að ofbeldi á eigin heimili. Hafa ber í huga þær afleiðingar sem slíkt getur haft á líðan þeirra og hegðun síðar á ævinni.

Nauðsynlegt þykir að heimildin nái til þess að banna heimsókn á heimili og í nánasta umhverfi þess og ber að ákvarða svæðið miðað við kröfur um raunhæfa, fyrirbyggjandi vernd og ekki ríkari en nauðsynlegt er. Við ákvörðunina skal gæta meðalhófs og skal lögregla gefa hinum brottvísaða tækifæri til að taka með sér nauðsynlega muni til einkanota.

Þá er einnig til þess að líta að með þessu móti væri það utanaðkomandi aðili, lögreglan, sem tæki ákvörðun um að sá sem beitir ofbeldi viki af heimili og fengi ekki að koma aftur í tiltekinn tíma. Það væri ekki brotaþoli sem tæki ákvörðunina eins og þegar óskað er eftir nálgunarbanni, enda getur verið erfitt að fara fram á það, sérstaklega þegar börn eru á heimilinu.

Þá þyrfti lögregla innan eins sólarhrings að beina ákvörðuninni um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara sem kanna skyldi ástæður brottvísunarinnar og breyta henni ef rökstuðningur væri ekki fullnægjandi. Brotaþoli gæti lagt fram kröfu um framlengingu ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, svo sem skilnaður eða alvarlegt andlegt eða líkamlegt ofbeldi.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem lúta að refsingum við brotum á brottvísun og heimsóknarbanni. Skipti þar ekki máli hvort það væri hinn brotlegi sem ryfi bannið eða brotaþolinn sem heimsóknarbanninu væri ætlað að vernda. Brotaþoli gæti þannig ekki hleypt hinum brotlega heim áður en tíminn sem banninu er ætlað að ná yfir væri liðinn.

Verði frumvarpið að lögum er líklegt að upp komist um fleiri heimilisofbeldismál en nú og að auðveldara verði að grípa inn í þau á fyrstu stigum. Þannig yrði hugsanlega dregið úr því margháttaða tjóni sem þolendur heimilisofbeldis verða fyrir. Frumvarpið gefur raunhæfan möguleika á að brjóta upp félagslegan arf, þ.e. endurtekna hegðun, og veita brotamanni viðeigandi meðferð. Telja flutningsmenn því nauðsynlegt að tryggja að aðilar fái viðeigandi meðferðarúrræði til að vinna sig út úr vandanum, ofbeldinu og afleiðingum þess.

Reynsla Austurríkismanna.

Á ráðstefnunni „Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn“ sem haldin var í Reykjavík 25.–27. ágúst 2001 á vegum samtakanna Norrænar konur gegn ofbeldi, talaði austurrískur sérfræðingur, Rosa Logar, um austurrísku lögin, hvernig þeim var komið á og hver reynslan af þeim hefur verið. Austurríkismenn tóku að hugsa sinn gang þegar kvennaathvörf í landinu voru orðin 20 talsins og talsverð umræða var um að þau væru of fá. Þá fóru menn að skoða gaumgæfilega hvort eitthvað mætti ekki betur fara í þessum málaflokki, hvort eðlilegt væri að þúsundir kvenna og barna væru flóttamenn í eigin landi vegna heimilisofbeldis. Rosa Logar segir að lögin í Austurríki hafi orðið til fyrir kraftaverk og hún hælir austurrísku lögreglunni fyrir hversu ötul hún hefur verið við að fræða og þjálfa lögregluþjóna sem þurfa að taka á heimilisofbeldi. Kvennasamtökin WAVE (Women against violence in Europe) hafa unnið mjög ötullega í baráttunni gegn heimilisofbeldi og beittu sér m.a. í Austurríki. WAVE skilgreinir heimilisofbeldi sem mannréttindabrot og með það að leiðarljósi náðu konurnar til ríkisstjórnarinnar, sem ákvað að leggja sitt af mörkum til að mannréttindabrot af þessu tagi væru ekki stunduð í þeirra landi. Að sögn Rosu Logar varð austurríska lögreglan loks óvæntur bandamaður í þessari baráttu, hún viðurkenndi vanmátt sinn gagnvart ofbeldismönnunum og þótti skjóta skökku við að þurfa að skipa fórnarlömbunum að yfirgefa heimilið í

lögreglufylgd meðan ofbeldismaðurinn fengi að hreiðra um sig í sófanum framan við sjónvarpið. Í maí 1997 gengu lögin svo í gildi og Rosa Logar segir þau hafa reynst vel. Hún segir sérstaklega mikilvægt að með þessu úrræði sé það ekki fórnarlambið sem ber ábyrgð á því sem gert er heldur er ábyrgðin alfarið lögreglunnar. Það er lögreglan sem tekur húslykilinn af ofbeldismanninum og kemur honum í hendur dómara. Og svo á konan sekt yfir höfði sér ef hún hleypir ofbeldismanninum inn á heimilið á „lyklalausa" tímabilinu. Lögreglan hefur mikil völd í þessum málum og er lögð á það rík áhersla að hún fari ávallt þannig með vald sitt að fórnarlömbin séu vernduð. Ofbeldismenn í Austurríki þurfa að gefa upp nýtt heimilisfang svo hægt sé að birta þeim stefnu. Rosa Logar segir að samkvæmt könnunum sé algengast að þeir fari heim til mömmu. En þá er líka mikilvægt að lögreglan segi mæðrunum að þeim beri engin skylda til að hýsa þá – þeir eigi rétt á að fá athvarf í skýlum fyrir heimilislausa. Í Austurríki eru níu slík skýli í hverri sýslu. Hjálpin frá starfsfólki athvarfanna er mjög mikilvæg, þar fá mennirnir lögfræðiaðstoð og áfallahjálp, jafnvel fjárhagsaðstoð, segja má að fyrsta stig meðferðarinnar hefjist þar. Reynsla Austurríkismanna af lögunum er sú að 90% ofbeldismannanna samþykkja mótþróalaust að vera fjarlægðir af heimilunum. Dæmi eru um að þeir þakki lögreglunni beinlínis fyrir að vera fjarlægðir.

Eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamálið.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur lýst því yfir í skýrslum sínum að ofbeldi gegn konum sé eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum heimsins. Í upplýsingum frá stofnuninni kemur fram að fleiri konur missi heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja má til kynferðis þeirra en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt. Vandamálið er alþjóðlegt og viðgengst jafnt í ríkum löndum sem fátækum. Fjöldi kannana hefur leitt í ljós að þeir sem ofbeldinu beita eru úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þær hafa einnig sýnt að algengasta mynd ofbeldisins er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt kærasti, eiginmaður, ættingi eða góður kunningi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður. Bandarískar rannsóknir sýna að 22–35% kvenna á barneignaraldri sem koma á slysavarðstofur eru með áverka sem rekja má til heimilisofbeldis. Í grein eftir blaðakonuna Gretelise Holm sem birtist í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 4. tbl. 76. árg. 2000, er getið um bandarískar rannsóknir sem sýna að um þriðjungur kvenna, sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, glími við þunglyndi og að um fjórðungur kvenna sem reyna sjálfsvíg hafi verið fórnarlömb ofbeldis. Í greininni er einnig getið um áhrif heimilisofbeldis á börn og fjallað um hættuna á því að drengir feti í fótspor feðra sinna þegar þeir setji á stofn fjölskyldu, sem og að stúlkur eigi á hættu að verða fórnarlömb á sama hátt og mæður þeirra. Til þess að vinna gegn ofbeldinu er nauðsynlegt að rjúfa þennan vítahring félagslegra erfða og það verður vart gert nema með samfélagslegri ábyrgð.

Ástandið á Íslandi.

Ástandið á Íslandi er að öllum líkindum svipað og í nágrannalöndunum. Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Kvennaathvarfsins 2002 voru komur þangað 435 árið 2002 og á bak við þá tölu eru 250 konur. 55 þessara kvenna voru með líkamlega áverka við komuna. Í skýrslunni kemur einnig fram að 93% kvennanna eru fæddar á Íslandi og 91% gerendanna. Yngstu konurnar sem leituðu til athvarfsins 2002 voru 16 ára og sú elsta var 71 árs. Og hverjir eru gerendurnir? Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins kemur í ljós að þeir eru eiginmenn eða sambýlismenn í helmingi tilfella og fyrrverandi eiginmenn eða sambýlismenn í 36% tilfella. Árið 2002 dvaldi 41 barn í Kvennaathvarfinu, það yngsta var 5 mánaða og það elsta 19 ára. 39% þessara barna höfðu verið beitt ofbeldi samkvæmt skráningu athvarfsins, en í

ársskýrslunni er tekið fram að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að börn og unglingar sem búa við heimilisofbeldi fari aldrei varhluta af því þótt þau hafi ekki verið beinir þolendur þess. Í flestum tilfellum var ofbeldismaðurinn faðir barnanna eða í 76% tilfella.

Nú liggur fyrir ársskýrsla Kvennaathvarfsins fyrir 2003 og kemur í ljós þar að konum sem komu til dvalar í athvarfinu fjölgaði úr 55 í 73 milli áranna. Dvalardagar voru nær tvöfalt fleiri og meðaldvalartími lengdist um þrá daga hjá konunum og fimm daga hjá börnunum. Árið 2003 dvöldu að jafnaði tvær konur og tvö börn í athvarfinu, sem er einnig fjölgun frá árinu 2002.

Af þeim upplýsingum sem lesa má í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sést glöggt hversu alvarlegt ástandið er hér á landi og er skýrslan öll sterk hvatning til stjórnvalda um að halda stöðugt úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi.

39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur, fjölda starfsmanna og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sé um minni háttar brot að ræða getur Umhverfisstofnun áminnt eiganda eða umsjónarmann dýranna og lagt fyrir hann að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli Umhverfisstofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

b. Við bætist ný málsgrein sem verður 8. mgr. og orðast svo:

Umhverfisstofnun getur svipt rekstraraðila rekstrarleyfi skv. 12. gr. ef um alvarleg eða endurtekin brot gegn ákvæðum laga þessara er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 130. löggjafarþingi. Það miðar að því að auka heimild Umhverfisstofnunar til þess að beita sér fyrir endurbótum á dýrahaldi í atvinnuskyni þar sem misbrestur hefur orðið á starfseminni.

Í úrskurði umhverfisráðuneytisins sem kveðinn var upp 20. nóvember 2003 var niðurstaðan að Umhverfisstofnun hefði ekki heimild til að gera kröfu um fjölda starfsmanna þar sem stundað er dýrahald í atvinnuskyni. Það er þó nauðsynlegt og frumforsenda þess að unnt sé að tryggja góða umhirðu og meðferð dýra. Þess vegna er lagt til að bætt verði inn í 12. gr. laganna ákvæði sem mælir fyrir um að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um fjölda starfsmanna þar sem slík atvinnustarfsemi fer fram.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laganna getur Umhverfisstofnun beitt þeirri stjórnvaldsþvingun að krefjast þess af eiganda eða umsjónarmanni dýra að hann bæti úr þeim þáttum sem ekki samræmast ákvæðum laganna. Ekki er minnst á áminningu í ákvæðinu og er lagt til að stofnunin geti áminnt sem og krafist tiltekinna úrbóta. Er það í samræmi við þvingunarúrræði annarra laga sem stofnunin starfar eftir.

Ekki er í gildandi lögum að finna skýra heimild til að svipta eiganda eða umsjónarmann dýra því rekstrarleyfi sem Umhverfisstofnun veitir skv. 12. gr. laganna. Heimildarsvipting skv. 5. mgr. 18. gr. laganna, sem og 20. gr., þjónar ekki sama tilgangi. Nauðsynlegt er að slíka heimild sé að finna í lögum.

40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um varðveislu Hólavallagarðs.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jónína Bjartmarz, Guðmundur Hallvarðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Helgi Hjörvar, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi. Þá var hún ekki afgreidd úr nefnd en send til umsagnar og hefur verið tekið tillit til athugasemda í umsögnum sem allar voru mjög fylgjandi samþykkt hennar. Tillagan er nú lögð fram að nýju í örlítið breyttri mynd.

Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður, er „stærsta og elsta minjasafn“ Reykjavíkur bendir Björn Th. Björnsson listfræðingur á í bók sinni Minningarmörk í Hólavallagarði.

Garðurinn var aðalkirkjugarður Reykjavíkur frá árinu 1838 en árið 1932 var búið að úthluta öllum leiðum í garðinum og hafin ný úthlutun í Fossvogsgarði. Enn er þó jarðsett í fráteknum leiðum í Suðurgötugarði og er fyrirsjáanlegt að svo verði enn um sinn. Á síðasta ári voru teknar 28 grafir í Hólavallagarði, þar af 27 duftgrafir. Reiknað er með að svipaður fjöldi grafa verði tekinn árlega næstu áratugi og þeim fari fjölgandi ef líkbrennsla eykst.

Mikilvægt er að varðveita kirkjugarðinn fyrir komandi kynslóðir. Það er jafnframt þýðingarmikið fyrir sögu Íslands og menningu. Minningarmörkin segja sína sögu um þróun bæjarins og fólkið sem lifði þar og bjó fyrrum. Margir legsteinar hljóta að hafa kostað stórfé

þegar þeir voru settir upp og sýna hvernig fyrri kynslóðir mátu minningu látinna. Hverfi minnismerkin hverfur einnig hluti sögunnar.

Í janúar 2003 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag sem þróunarhópur Hólavallagarðs hafði látið vinna. Í því er gert ráð fyrir að Hólavallagarður njóti hverfisverndar skv. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og ákvæðum skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998. Hverfisvernd er ekki formleg friðlýsing en ber að skoða sem viljayfirlýsingu borgaryfirvalda um að fara að öllu með gát sem umsjónaraðili garðsins. Með hverfisverndinni voru settar reglur um umgengni og þróun garðsins. Við undirbúning deiliskipulagsins var gerð úttekt á minningarmörkum í garðinum og úttekt á trjágróðri, en hvort tveggja er mikilvæg forsenda frekari friðunar.

Í umsögn um málið bendir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður á að segja megi að garðurinn sé merkt „minjasafn“ þar sem saga okkar birtist í hnotskurn. Gildi Hólavallagarðs frá sjónarhóli þjóðminjavörslunnar felist ekki síst í þeirri heildarmynd sem þar er varðveitt með einstökum hætti í evrópsku samhengi. Þjóðminjasafnið muni leggja áherslu á nálægðina við hinn merka minjagarð. Nálægð garðsins muni gera Þjóðminjasafninu kleift að flétta slíkri miðlun inn í starfsemi sína og byggja þar á rannsóknum sínum.

Í skýrslu sem gerð var um minningarmörk í Hólavallagarði segir að á því leiki vart vafi að garðurinn sé með merkustu kirkjugörðum hérlendis og jafnvel þótt víðar væri leitað í Norður-Evrópu. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrst ber að nefna að engin meiri háttar röskun hefur orðið á garðinum frá því að hann var vígður ef frá er talin lagning stígs gegnum garðinn frá Ljósvallagötu að Suðurgötu, en sú framkvæmd var nauðsynleg til að bæta aðkomu að garðinum. Garðurinn heldur því sínum upphaflega svip frá því að fyrst var grafið og þar til lokið var við síðustu stækkun hans í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Ólíkt því sem sjá má í eldri kirkjugörðum á Norðurlöndum hefur elsti hluti garðsins verið látinn algerlega óhreyfður, stígar ekki verið skipulagðir og engir hlutar hans sléttaðir til að koma fyrir bekkjum eða öðru slíku. Heildarsvip garðsins hefur því ekki verið raskað og gönguferð milli minningarmarka í garðinum er því sem ferð í tíma þar sem sjá má þróunina í gerð þeirra, auk þess sem garðurinn er heimild um list- og táknfræði, persónusögu og ættfræði og stefnur í byggingarlist, auk annars sem nefna mætti.

Hólavallagarður er einnig mjög gróinn og mun vera þar að finna hátt á annað hundrað plantna, og er grasafræðin eitt af því sem full ástæða væri að rannsaka og þá gildi garðsins sem grasagarðs. Í deiliskipulagi um garðinn segir um gróðurinn: „Hin röksemdin fyrir hverfisvernd garðsins er vegna gróðursins í garðinum. Trjárækt á Íslandi varð ekki almenn fyrr en eftir aldamótin 1900. Gróðursetning í garðinum hófst að marki á árunum milli stríða. Í elsta hluta garðsins eru tegundir sem eiga rætur sínar í tilraunum frá þeim tíma. Í öðrum hluta garðsins er að finna einkennandi gróður frá eftirstríðsárunum. Auk þess er í garðinum ákaflega fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur sínar að rekja til heimilisgarða á síðustu öld.“

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur, gerði úttekt á trjágróðri í garðinum árið 2000. „Á horni Suðurgötu og Hringbrautar er grenilundur sem er frá því 1951, elsti sitkagrenilundur í Vesturbænum. Hann ber að varðveita vegna þess að trén eru um margt einstök sem kvæmi. Þau lifðu t.d. af frostið 1963.“

Annað sem gerir Hólavallagarð mjög merkan er að þar er að finna tiltölulega mikið af járnsteyptum minningarmörkum, aðallega krossum, auk fjölda járnsteyptra grindverka. Hlutfallslega eru mörg slík minningarmörk varðveitt hér á landi en erlendis hafa pottjárnskrossar og -girðingar oft farið forgörðum af ýmsum ástæðum þar sem víða var öllu járni í kirkjugörðum safnað saman í styrjöldum og það brætt til hergagnagerðar.

Fjölmörg grindverk úr smíðajárni eru einnig í garðinum og eru þau merk heimild um handverk og hönnun gömlu íslensku járnsmiðanna. Garðurinn er því merk söguleg heimild um ýmsar iðngreinar, svo sem járnsmíði. Í deiliskipulagi um garðinn segir: „Önnur meginrökin fyrir því að lýsa garðinn hverfisverndaðan er að í garðinum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi og þó víðar væri leitað. Þau gefa mjög gott yfirlit um þróun stílbrigða og handbragðs sem nær yfir nærri 170 ára tímabil. Garðurinn hefur enn fremur verið skilgreindur sem eitt mesta útiminjasafn landsins. Einstök minnismerki eru auk þess mikilvæg sem sýnishorn handverks í evrópsku samhengi (járnkrossar og girðingar)."

Á mörgum legsteinum frá því um miðbik síðustu aldar er að finna lágmyndir af þeim sem þar hvíla og eru margar þeirra eftir listamennina Einar Jónsson og Ríkarð Jónsson. Eru þessar lágmyndir því merkar heimildir um list þeirra.

Ástand minningarmarkanna í Hólavallagarði er á heildina litið gott. Af öllum hinum mikla fjölda minningarmarka í garðinum eru örfá brotin eða stórskemmd. Mikill meiri hluti legsteinanna og járnkrossanna er í góðu ástandi. Það þarf að huga að því vernda og viðhalda garðinum svo að komandi kynslóðir fái notið þeirrar þjóðargersemar sem garðurinn er.

Skipan nefndarinnar og verksvið.

Flutningsmenn telja ekki óeðlilegt að í nefndinni sem skipuð yrði eigi sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, Þjóðminjasafni, Fornleifavernd ríkisins, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Reykjavíkurborg, en ráðherra skipi formann. Einnig hefur Fornleifavernd bent á mikilvægi þess að fulltrúi með þekkingu á gróðurfari garðsins sitji í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera tillögur um hvernig best megi varðveita einstakt menningarsögulegt yfirbragð garðsins vegna minningarmarka, heildarmyndar hans og ræktunarsögu, svo hann fái að lifa sem minjasafn fyrir komandi kynslóðir. Henni ber að líta til annarra landa um verndun og nýtingu gamalla sögulegra kirkjugarða í ljósi þess að þessi garður er elsti óspillti kirkjugarður í Norður-Evrópu og jafnvel Evrópu allri. Margvíslegar úttektir hafa verið unnar á ýmsum þáttum garðsins á vegum Þjóðminjasafns Íslands, skipulagsnefndar kirkjugarða (nú kirkjugarðaráðs), Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifaverndar ríkisins, þróunarnefndar Hólavallagarðs og jafnvel fleiri, svo sem á gróðri, járnverki og minningarmörkum, auk þess sem gert hefur verið kort. Rétt er að nefndin kynni og nýti sér framangreind gögn í vinnu sinni.

Nefndin skal gera tillögur að breytingum á lögum sem garðinn varða í ljósi verndunar hans, þó svo að hann sé enn í notkun og geti verið áfram um einhver ár eða áratugi, svo sem undir duftker. Einnig skal nefndin gera tillögur að lagabreytingum, m.a. í þá veru að hægt verði að friða garðinn og aðra gamla merka garða, t.d. Alþingishússgarðinn. Samkvæmt íslenskum lögum er unnt að friða gömul hús en ekki er að finna skýra heimild um friðun garða. Þó er ekki loku fyrir það skotið að unnt sé að friðlýsa kirkjugarða. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þrátt fyrir að ekki sé vísað sérstaklega til garða í þjóðminjalögum, nr. 107/2001, þá veiti lögin svigrúm til að friðlýsa slíka garða og bendir á að þeir geti fallið undir „minjar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem a. búsetulandslag ... h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar", sbr. 9. gr. og 11. gr. laganna. Þá er rétt að benda á að í lögunum er að finna skýra heimild til að friðlýsa minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. 21. gr. laganna. Á meðan grafið er í kirkjugarð er hann ekki verndaður og leiði má slétta 75 árum eftir að gröf var tekin, eins og lög eru nú. Til var merkur garður

í miðri höfuðborginni, Víkurgarður, en hann er að mestu glataður. Því er mikilvægt að grípa til lagasetningar og aðgerða á meðan Hólavallagarður er enn í svo upprunalegu horfi.

Nefndin meti hvort ástæða er til að breyta lögum um minjar eins og garðinn í ljósi fyrirkomulags í öðrum löndum, en kirkjugarðar hér á landi sem grafið er í eru á ábyrgð og stjórn viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Í sumum nágrannalöndum heyra sögufrægir kirkjugarðar undir stjórn menningararfs, svo sem í Danmörku, eða undir lög um þjóðararf, eins og í Bretlandi (National Heritage Act). Í Noregi heyra slíkir garðar undir lög um menningarminjar og eru undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins þar.

Huga þarf að því hvernig garðurinn geti nýst sem grasagarður fyrir almenning til að njóta fjölbreytileikans og námsmenn til að læra um flóru landsins. Í garðinum eru ljóslifandi dæmi um fjölbreytilegt handverk, steinsmíði, myndhögg, járnsmíði og fleiri list- og iðngreinar. Nefndin geri tillögur um það hvernig hægt er að varðveita, kynna og kenna námsmönnum sögu og eðli þessara greina og hvernig hægt væri að gera kynnisferðir í garðinn að lið í list- og iðnnámi. Sama á við um söguna sem hefur víða skírskotun í garðinum og ætti nefndin að gera tillögur um hvernig gera mætti garðinn hluta af sögukennslu og bókmenntafræðslu. Í garðinum er hinsta hvíla marga þjóðskálda, stjórnmálamanna, embættismanna, presta og biskupa, listamanna og fleiri sögufrægra manna.

Einnig ber að huga að nýtingu garðsins sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn eins og gert er víða erlendis þar sem gamlir og sögulegir kirkjugarðar draga til sín þúsundir ferðamanna árlega. Það eru mörg dæmi um kynningarferðir undir mismunandi formerkjum og ljóst að áhuga skortir ekki hjá Íslendingum, eins og sýndi sig þegar Þjóðminjasafnið bauð upp á kynnisferðir um garðinn. Fornleifavernd ríkisins hefur einnig veitt hópum leiðsögn um garðinn, t.d. yfirmönnum erlendra kirkjugarða. Vegna þess hve garðurinn er einstakur er ekki ólíklegt að hann hafi einnig aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Í ljósi þess hve sérstæður Hólavallagarður er í Evrópu ætti að huga að því að fá hann viðurkenndan sem „Evrópuminjar“ (e. European Heritage Program).

Hólavallagarður er undir yfirumsjón Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem höfðu frumkvæði að stofnun þróunarnefndar Hólavallagarðs árið 1999. Hún hefur það verkefni að varðveita sem best þau menningarverðmæti sem í garðinum eru. Þróunarnefndin er skipuð fulltrúum frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifavernd ríkisins, Reykjavíkurborg og Kirkjugarðaráði, og er til ráðgjafar við að móta verndarstefnu í garðinum. Mikilvægt er að nefndin sem skipuð yrði vinni samhliða og í góðu samstarfi við þróunarnefnd Hólavallagarðs og að fjármagn verði tryggt svo unnt verði að setja kraft í þá vinnu sem nauðsynleg er svo að Hólavallagarður standi undir nafni sem einn af merkustu kirkjugörðum í Norður-Evrópu.

Vel væri við hæfi að samþykkja tillögu sem þessa á 100 ára afmæli heimastjórnar í ljósi þess sögulega mikilvægis sem garðurinn gegnir, en þar hvíla ýmsir af helstu baráttumönnum og sjálfstæðishetjum Íslendinga, svo sem Jón Sigurðsson forseti og Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, auk ýmissa annarra framámanna þjóðarinnar.

Í greinargerð þessari er m.a. stuðst við skýrsluna „Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu: Skráning og rannsókn minningarmarka“ sem kom út í röð rannsóknarskýrslna Þjóðminjasafns árið 2002, eftir Gunnar Bollason, rit Björns Th. Björnssonar „Minningarmörk í Hólavallagarði“, ýmsar greinar úr Bautasteini, riti Kirkjugarðasambands Íslands, og fundargerðir og fleiri gögn sem garðinn varða.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem eru verðtryggð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var áður flutt á 130. þingi en ekki afgreitt úr nefnd. Á meðal þeirra sem sendu inn umsagnir um frumvarpið voru Neytendasamtökin sem mæltu eindregið með samþykkt þess. Samtök verslunar og þjónustu bentu hins vegar í sinni umsögn á verðtrygginguna sem meginvanda innlends lánamarkaðar og töldu að fremur ætti að afnema hana en takmarka samningsfrelsi varðandi vexti. Seðlabanki o.fl. byggðu umsagnir sínar á grein sem birtist í Peningamálum, í maí 2004, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða fyrir bankann að beita heimild laga til að fyrirskipa að vextir verðtryggðra skuldbindinga væru ætíð fastir. Sjónarmið umsagnaraðila voru því nokkuð skipt.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hagsmuni lántakenda með því að koma í veg fyrir að vextir verðtryggðra lána verði hækkaðir á lánstíma, samkvæmt einhliða ákvörðun lánveitanda eins og almennt tíðkast á íslenskum lánamarkaði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að semja um lækkun vaxta en lagalegar skorður á hinn bóginn reistar við því að vextir verði hækkaðir.

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna, sem heimilar Seðlabanka Íslands að ákveðið að fengnu samþykki ráðherra að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstíma, þó svo að efnislega feli frumvarpið í sér nokkra þrengingu á þeirri heimild.

Sérstaða íslensks lánamarkaðar er allnokkur. Þannig tíðkast hér á landi verðtrygging í lánsfjárviðskiptum í ríkari mæli en í flestum öðrum ríkjum. Verðtrygging sparifjár og lánsfjár hefur almennt verið heimiluð hér á landi frá árinu 1979. Í lögum sem sett voru það ár var kveðið á um að almennt skyldi stefnt að verðtryggingu sparifjár landsmanna og almannasjóða og grunnur lagður að lánskjaravísitölu. Allan áttunda áratuginn hafði geisað mikil verðbólga í landinu. Á þessum tíma voru stjórnvöld treg að heimila vaxtahækkanir og við þær aðstæður voru raunvextir neikvæðir. Með verðtryggingunni var lagður grunnur að tryggari sparnaði og meiri stöðugleika í fjármála- og efnahagslífinu. Nú er svo komið að flestar langtímaskuldbindingar, þar á meðal skuldir heimilanna, eru verðtryggðar.

Enda þótt verðtrygging sé mjög útbreidd hér á landi er ekki svo að skilja að hún fyrirfinnist ekki annars staðar. Tekin var upp verðtrygging hér á landi sem vörn fyrir sparendur og fjármagnseigendur og hefur hið sama verið uppi á teningnum í Argentínu, Brasilíu, Chile og Ísrael. Í þessum ríkjum var verðtrygging talin nauðsynleg til að vinna traust fjárfesta á fjármagnsmörkuðum. Víðast hvar annars staðar hefur verðtrygging ekki tíðkast að neinu marki. Allvíða hafa verðtryggð skuldabréf þó verið í boði og má þar nefna Bretland, Svíþjóð, Frakkland, Ástralíu, Kanada og Bandaríkin. Verðtryggð skuldabréf til langs tíma hafa þótt æskilegur kostur og líkleg leið til að lækka vaxtakostnað.

Athuganir hafa verið gerðar á raunvaxtabyrði óverðtryggðra lána annars vegar og verðtryggðra lána hins vegar. Niðurstöðurnar hafa allar verið á einn veg. Raunvaxtabyrði verðtryggðra lána er minni en óverðtryggðra. Í skýrslu sem nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins birti í október árið 1998 segir m.a.: „Í fyrsta lagi veldur áhættuálag sem fjárfestir krefst vegna verðbólgu því að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga verða hærri en verðtryggðra. Verðtrygging veldur því að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættu. Hér á landi sýnir reynslan að á þessum áratug hafa raunvextir verðtryggðra lána verið að meðaltali um 2% lægri en raunvextir óverðtryggðra útlána ... Í öðru lagi veldur verðbólguáhætta því að lánveitendur eru hikandi við að veita óverðtryggð lán til eins langs tíma og verðtryggð með föstum vöxtum."

Einmitt þarna liggur hundurinn grafinn. Íslenskir lánveitendur vilja hafa allt sitt á þurru. Ekki aðeins krefjast þeir verðtryggingar heldur einnig breytilegra vaxta en erlendis tíðkast einmitt að nota breytilega vexti í sama augnamiði og verðtryggingin upphaflega var hugsuð hér á landi: Til að bregðast við breytingum sem kynnu að eiga sér stað á lánstímabilinu og tryggja þannig að umsamdar lánsfjárupphæðir yrðu ekki étnar upp af verðbólgu. Þegar tvenns konar trygging fyrir áhrifum verðbólgunnar eru komnar til sögunnar, verðbætur og breytilegir vextir, hefur verið haft á orði að íslenskir fjármagnseigendur hafi tryggt sig bæði með belti og axlaböndum.

Fjármagnseigendur með belti og axlabönd.

Enda þótt þetta frumvarp komi fram fyrst núna var það upphaflega boðað í blaðagrein 27. ágúst árið 2001 undir þessari fyrirsögn. Þar sagði m.a.:

„Eitt alvarlegasta efnahagsmein sem við búum við hér á landi er hár fjármagnskostnaður. Í rauninni er það afar kurteislegt heiti yfir þau okurkjör sem heimili og fyrirtæki eru knúin til að undirgangast á lánsfjármarkaði ... Ekki er óalgengt að fólk greiði vel á aðra milljón króna á ári í vexti. Það er vert fyrir allt samfélagið að hugsa um það alvarlega hvað það þýðir í raun að gera efnalitlum fjölskyldum að greiða slíkar upphæðir á ári hverju í vexti. Og takið eftir, við erum aðeins að tala um vexti, ekki einu sinni afborganir af lánunum. Nú er það svo að lánin sem bera hæstu vextina eru óverðtryggð ... Að mínum dómi stendur slagurinn því ekki um að berjast gegn verðtryggingu sem slíkri heldur klyfjum okurlánastefnunnar almennt. Í rauninni er það ekkert undarlegt að lán sem bera verðtryggingu séu á lægri vöxtum en hin sem enga slíka tryggingu hafa. Í útlöndum tíðkast það hjá lánveitendum að tryggja sig með breytilegum vöxtum. Ef verðbólgan eykst hefur lánveitandinn heimild til að hækka vextina. Ef hins vegar dregur úr verðbólgu eru þeir lækkaðir ... Á Íslandi nægir þetta fjármagnseigendum ekki. Þeir vilja geta haldið uppi um sig brókunum bæði með belti og axlaböndum. Þeir heimta verðtryggingu auk breytilegra vaxta. Verðtryggingin þýðir að eign fjármagnseigandans rýrnar aldrei hvert sem verðbólgustigið verður. Þá áhættu tekur lántakandinn hins vegar á sínar herðar. En í ofanálag heimtar lánveitandinn breytilega vexti. Hann vill geta ákveðið einhliða og samkvæmt eigin geðþótta hve mikið hann skammtar sjálfum sér upp úr vasa lántakandans hverju sinni. Þetta er ósiðlegt og mun ég á komandi þingi kynna lagafrumvarp sem reisir við þessu skorður.

Lántakandi ofurseldur lánveitanda.

Ekki varð af því fyrr en nú að leggja fram frumvarp sem kemur í veg fyrir að lánveitendur geti að vild hækkað vexti á verðtryggðum lánum. Nú kann einhver að segja sem svo að mönnum sé í sjálfsvald sett að semja um lánskjörin og sé óþarfi að setja frumvarp um bann við tilteknu lánsformi. Við því er það að segja að lántakendur eru iðulega ofurseldir lán-

veitendum sem þegar á heildina er litið bjóða viðskiptavinum sínum upp á mjög sambærileg kjör.

Iðulega er því haldið fram að vextir séu nauðsynlegt stýritæki við hagstjórn. Vöxtum megi beita sem stýritæki til að slá á þenslu eða örva hana eftir atvikum. Þegar hins vegar um það er að ræða að vöxtum er breytt á skuldbindingum langt *aftur í tímann* hafa slíkar aðhaldsaðgerðir snúist upp í andhverfu sína. Skuldarinn er ekki aðeins í hættu vegna verðbólguþróunar heldur stafar honum einnig ógn af duttlungum lánardrottins síns, með öðrum orðum, hann á erfitt með að skipuleggja sig á fyrirsjáanlegum forsendum vegna þess að lánveitandinn hefur öll ráð í hendi sér.

Á að endurskoða verðtryggingu?

Verðtrygging lána hefur sætt mikilli andstöðu í landinu allar götur frá því að henni var komið á, ekki síst eftir að verðtrygging launa var afnumin. Réttilega hefur verið bent á í því sambandi að á sama tíma og launafólk er háð verðlagsþróun og á stöðugt á hættu að verðgildi launa rýrni af völdum verðbólgu þá hafi fjármagnseigendur jafnan allt sitt á þurru. Þetta eru eðlilegar ábendingar sem byggjast á sanngirnisrökum. Af hálfu stjórnvalda hefur verið fylgt þeirri stefnu að draga smám saman úr vægi verðtryggingar og hefur sú viðleitni fyrst og fremst beinst að lánum til skemmri tíma. Athygli vekur að enda þótt raunvextir verðtryggðra lána séu almennt lægri en óverðtryggðra hefur sá munur farið minnkandi á síðari árum (sbr. áður ívitnaða skýrslu viðskiptaráðuneytis). Eðlilegt er að taka verðtryggingu lána til endurskoðunar með hagsmuni lántakenda ekki síður en lánveitenda í huga en svo virðist sem hagur fjármagnseigenda sé jafnan hærra metinn þegar þessi mál hafa komið til álita. Þeirri forgangsröðun þarf að breyta.“

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Í 1. mgr. 34. gr. laganna er hins vegar að finna heimildarákvæði um að lögreglustjórar geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Aðalreglan er því sú að allur kostnaður við löggæslu á skemmtistöðum og öðrum stöðum greiðist úr ríkissjóði.

Hinn 8. ágúst 2001 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp til að fara yfir gildandi lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu um störf sín

11. júlí 2002. Í skýrslunni kemur m.a. fram að reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi byggist á ótraustum lagagrundvelli og að umboðsmaður Alþingis hafi oftar en einu sinni gert athugasemdir við gildandi fyrirkomulag. Bent er á að nauðsynlegt sé að setja skýrari lagaramma á þessu sviði.

Helstu reglur um þessi atriði er að finna í reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, sem sett var í gildistíð laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, sem lögreglulög, nr. 90/1996, leystu síðar af hólmi, og laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Skemmtana- og mótshald Íslendinga hefur breyst verulega síðan þessi ákvæði voru lögfest. Þá er að finna ákvæði í lögum nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, þess efnis að í lögreglusamþykkt skuli kveðið á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem að tryggja öryggi fólks, reglu og velsæmi á almannafæri, hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími o.fl. Jafnframt er kveðið á um að í lögreglusamþykkt skuli vera ákvæði um það hvernig greiða skuli þau útgjöld sem ákvæði hennar hafi í för með sér. Í lögreglusamþykktum er almennt ekki tekið á þátttöku almennings í löggæslukostnaði og reglugerð um lögreglusamþykktir hefur ekki verið sett þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 36/1988. Dómsmálaráðherra mun hins vegar hafa sett viðmiðunarreglur um leyfi fyrir útisamkomur.

Sumarið 2003 var Ungmennafélag Íslands krafið um greiðslu fyrir löggæslu á íþróttamóti á Ísafirði sem haldið var um verslunarmannahelgina, þrátt fyrir að aðgangur væri ókeypis, en um var að ræða unglingalandsmót. Ungmennafélag Íslands telur innheimtuna óréttmæta og stefndi sýslumanninum á Ísafirði vegna innheimtu á löggæslukostnaðinum.

Í sumar sem leið var mikil rekistefna út af innheimtu löggæslukostnaðar vegna landsmóta ungmennafélaganna á Sauðárkróki og lauk þeirri deilu með því að sýslumaðurinn á Sauðárkróki ákvað að innheimta ekki umrætt gjald. Nú er svo komið að ekki er nokkurt samræmi í innheimtu löggæslukostnaðarins og orðið löngu tímabært að fella úr gildi heimild sýslumanna til þess að innheimta hann og leysa með öðrum hætti óregluleg útgjöld lögregluembætta vegna íþróttamóta og skemmtanahalds.

Grundvöllur kröfu lögreglustjóra um greiðslu fyrir löggæslukostnað virðist byggjast á því að um skemmtun sé að ræða sem skemmtanaleyfi þurfi fyrir og þá jafnframt að um „skemmtistað“ sé að ræða. Í lögunum er ekki skilgreint hvers konar skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi eða hvað sé „skemmtistaður“ í skilningi laganna. Ákvæði reglugerðarinnar mæla svo fyrir um hvaða skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi og teljist þar með gjaldskyldar samkvæmt lögunum.

Lagaramminn um þátttöku í löggæslukostnaði er því mjög ótraustur og reglugerð nr. 587/1987 byggist vægast sagt á mjög hæpinni lagastoð. Dómsmálaráðherra hefur ekkert aðhafst til að gera nauðsynlegar breytingar þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar umboðsmanns Alþingis og niðurstöðu skýrslu starfshóps sem hann skipaði sjálfur fyrir tveimur árum. Nauðsynlegt er að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir á þessu sviði.

Flutningsmaður frumvarpsins telur rétt að ríkið beri allan löggæslukostnað eins og aðalregla 33. gr. lögreglulaga gerir ráð fyrir og leggur því til að 1. mgr. 34. gr. laganna verði felld brott. Samkvæmt lögum er það íslenska ríkið sem á að halda uppi allsherjarreglu í landinu og lögreglustjórum er falið að meta hvað til þurfi hverju sinni. Af þeim sökum er rétt að ríkið beri eitt þann kostnað.

Frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögunum var áður flutt á 130. löggjafarþingi og var þá sent út til umsagnar. Frumvarpið var á þá leið að fella brott 34. gr. laganna, sem veitir heimild til innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar.

Almennt voru umsagnir um frumvarpið jákvæðar en þó voru uppi vissar efasemdir um að rétt væri að fella brott 2. mgr. 34. gr., sem veitir heimild til innheimtu löggæslukostnaðar vegna gæslustarfa við framkvæmdir á almannafæri og flutning á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu. Nú þegar frumvarpið er endurflutt hefur verið tekið tillit athugsemda er varða 2. mgr. 34. gr. og ekki gerð tillaga um að hún verði felld brott.

43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um úttekt á vegagerð og veggjöldum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal,
Drífa Hjartardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna að úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með veggjöldum, í því skyni auka fjárfestingar í vegagerð og stuðla að uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. þingi, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Íslendingar verja umtalsverðu fé til vegagerðar, líklega hlutfallslega meira en flestar aðrar þjóðir. Aðstæður til vegagerðar eru víða erfiðar og ör þéttbýlismyndun hefur kallað á mikla fjárfestingu í innviðum samfélagsins, svo sem í vegagerð. Samgöngukerfið hefur fyrir vikið tekið miklum stakkaskiptum á ótrúlega skömmum tíma.

Samkvæmt samgönguáætlun 2003–2014 verður varið um 71,8 milljörðum kr. til stofnframkvæmda í grunnneti vegakerfisins. Þó er ljóst að mikil þörf er á frekari uppbyggingu og að tugi milljarða króna vantar til þess að uppfylla allar óskir um nýframkvæmdir í vegagerð í landinu. Nútímalífshættir auka kröfur um nýja og fullkomnari vegi. Stórauknir landflutningar kalla á skjótar úrbætur í vegamálum. Enn hefur ekki tekist að rjúfa vetrareinangrun sumra þéttbýlisstaða né leggja uppbyggða nútímalega vegi þar sem þörf er á. Sífellt aukast kröfur um styttingu vega, til þess að auka rekstrarhagkvæmni atvinnulífsins og opna fólki leiðir að sem fjölbreytilegri þjónustu. Þannig er vegagerð snar þáttur í nútímalegri byggðastefnu og forsenda fjölbreyttrar atvinnu og þjónustu.

Þarfir við vegagerð eru margvíslegar og breytast ört. Horfa þarf til grundvallarþarfa eins og að leggja bundið slitlag á vegi út um landið, auka öryggi með breiðari og styrkari vegum, útrýma einföldum brúm, verjast skriðuföllum, stytta leiðir, útrýma snjóaköflum og öðru því sem er snar þáttur í almennri vegagerð um byggðir landsins. Á höfuðborgarsvæðinu er þörf á annars konar vegagerð. Þar eru markmiðin að greiða fyrir umferð, draga úr hávaðamengun og tengja byggðirnar á svæðinu saman með sem greiðustum hætti.

Hvalfjarðargöngin – eina dæmið.

Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um að beita nýrri fjármögnunaraðferð við vegagerð til þess að flýta fyrir gerð umferðarmannvirkja. Þar er þá horft til vegagerðar sem einstaklingar og fyrirtæki á þeirra vegum annist og fjármagni en fái heimild til þess að innheimta veggjald í einhverri mynd. Slíkt tíðkast víða erlendis og hefur verið notað við gerð

stórra og dýrra samgöngumannvirkja. Þessari aðferð hefur líka verið beitt til þess að hafa áhrif á dreifingu umferðar og er nýlegt dæmi frá Lundúnum líklega þekktast.

Hér á landi hefur slíkum kostum við mannvirkjagerð verið lítt beitt. Hvalfjarðargöngin eru eina samgöngumannvirkið sem gert hefur verið og fjármagnað með veggjöldum á síðari árum. Var sú fjármögnun forsenda þess að farið var í þá framkvæmd á sínum tíma. Þar með var einnig skapað svigrúm til annarrar vegagerðar, sem ekki var unnt að fjármagna með veggjöldum en var borin uppi með fé af vegáætlun. Reynslan hefur sýnt að þörfin fyrir Hvalfjarðargöngin var afskaplega brýn. Frá 1999 til 2002 jókst umferðin um þau um meira en fjórðung.

Mikil þróun.

Fullt tilefni er til þess nú að hyggja sérstaklega að því hvar koma megi við frekari veggjöldum til þess að stuðla að aukinni vegagerð í landinu, ekki síst vegna þess að mikil þróun á sér nú stað varðandi tæknilega möguleika á slíku. Búnaður sem þarf til slíkrar innheimtu verður æ fullkomnari. Með því að stöðugt fleiri þjóðir tileinka sér slíkar fjármögnunarleiðir til vegagerðar verður unnið að því af miklum krafti að fullkomna slíkan búnað og gera hann einfaldari. Innan Evrópu tengist þetta tilraunum manna til þess að fjármagna vegagerð í vaxandi mæli með notendagjöldum af hvers konar tagi.

Hér á landi er vaxandi umræða um þessi mál. Nefna má að stofnað hefur verið einkahlutafélag í Bolungarvík, Leið ehf. – félag um einkafjármögnun vegamannvirkja, sem auk annars heldur úti kröftugri og fróðlegri heimasíðu: www.leid.is. Þangað má sækja almennan fróðleik um vegamál og ekki síst um mál er tengjast veggjöldum og skyldum hlutum. Hefur fyrirtækið meðal annars staðið fyrir skoðanakönnunum um veggjöld og vilja vegfarenda til þess að greiða fyrir afnot af nýjum samgöngumannvirkjum og vegum. Þessar kannanir hafa leitt í ljós verulegan áhuga á slíkri fjármögnun og greinilegan vilja fólks til þess að greiða fyrir vegabætur með umferðargjöldum.

Þingmál á Alþingi.

Mál sem tengjast veggjöldum hafa einatt komið til umræðu á Alþingi. Vitaskuld með beinskeyttustum hætti þegar unnið var að undirbúningi Hvalfjarðarganga. Einnig má tiltaka þingmál sem flutt hafa verið og samþykkt í þessa veru. Hér verða nefnd tvö dæmi.

Fyrir ríflega einum áratug, 7. maí 1993, var samþykkt ályktun á Alþingi (104. mál 116. þings) þar sem sagði meðal annars: „Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni: að kanna hvar sé mögulegt og réttlætanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð.“ Flutningsmenn tillögunnar voru Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason og Einar K. Guðfinnsson.

Á árinu 1998 var síðan flutt þingsályktunartillaga (45. mál 123. þings) þar sem sagði: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.“ Flutningsmenn hennar voru Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen og Kristín Halldórsdóttir. Var tillagan síðan samþykkt eilítið breytt 10. mars 1999.

Af þessum dæmum má sjá að áður hafa komið fram hugmyndir um að beita vegtollum. Nú, að fenginni reynslu, vegna brýnnar þarfar á frekari vegagerð og í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur annars staðar í Evrópu, er fullt tilefni til þess að skoða þessi mál að nýju og er það helsta ástæða þess að þingsályktunartillaga þessi er flutt.

Með tillögunni var fylgiskjal: Framlög til vegamála samkvæmt gildandi samgönguáætlun, 3.3 kafli, Vegamál, úr þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 (þskj. 1326 469. mál 128. löggjafarþings). Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 1392 (913. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 5605–5606.

44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um endurskoðun á sölu Símans.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um sölu Símans með það að markmiði að tryggja eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði og uppbyggingu á fjarskiptaneti landsins. Í þessu skyni verði grunnnet Símans skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu.

Greinargerð.

Allt frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ákvað að stefna að sölu Símans hafa verið deilur um málið. Samfylkingin hefur stutt þá einkavæðingu á fjarskiptamarkaði sem í þessu felst, en sett það að skilyrði fyrir stuðningi við málið að grunnnet Símans yrði skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu. Yfirburðir Símans á fjarskiptamarkaði hljóta að fela í sér verulegan vanda þótt ekki bætist við að fyrirtækið hafi öll önnur fjarskiptafyrirtæki í greip sinn vegna eignarhalds á öllum mikilvægustu farvegum fjarskipta. Ríkisstjórnarflokkarnir skelltu skollaeyrum við aðvörunum um þær hættur sem falist gætu í því að einkavæða einokunaraðstöðu af þessu tagi og 4. september 2001 kynnti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að selja hlutafé í Símanum. Fyrst átti að selja 25% hlutafjár til kjölfestufjárfestis sem skyldi svo hafa rétt til að kaupa 10% til viðbótar, þ.e. 35% sem hefði verið ráðandi hlutur í fyrirtækinu. Einnig átti að selja 15% til almennra fjárfesta en engin skyldi þó mega kaupa yfir 5%. Þessar fyrirætlanir undir forystu Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra fóru reyndar algerlega út um þúfur eins og frægt varð. Einungis seldust 5% til almennra fjárfesta og aðrar sölufyrirætlanir gufuðu upp.

Nú, þremur árum síðar, hyggst fjármálaráðherrann Geir H. Haarde gera nýja tilraun. Ríkisstjórnin hefur ekki breytt fyrirætlunum sínum um að selja grunnnet Símanns með fyrirtækinu og ekki hefur frést að það mál hafi verði tekið til neinnar meðhöndlunar aftur þótt nægur tími hafi verið til þess. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að á síðasta ári komust ríkisstjórnin og Alþingi að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að skilja flutningsnet raforkunnar frá annarri starfsemi orkufyrirtækjanna til að tryggja eðlilega samkeppni. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að svipuð rök hljóti að gilda um grunnnet Símans og grunnnet raforkukerfisins. Nú þegar er ljóst af hræringum á fjarskiptamarkaði að verði grunnnet Símans selt með honum verða til a.m.k. tvö aðalgrunnnet í landinu og líklega fleiri. Slík uppbygging grunnneta mun kosta gríðarlega fjármuni sem notendur fjarskiptaþjónustu

verða að borga í framtíðinni. Hér er því mikið í húfi. Stjórnvöld eru augljóslega á rangri leið í þessu máli en það er mögulegt að snúa af henni ef það verður gert áður en sala Símans fer fram. Það er því full ástæða til að láta reyna á hvort sá mikli stuðningur sem var á Alþingi við að skilja grunnnet raforkukerfisins frá öðrum rekstri í orkugeiranum er einnig til staðar hvað fjarskiptakerfið varðar.

45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins.

Flm.: Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði. Nefndin geri tillögur um hvernig sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði best tryggt og starfsemi þess efld. Í því skyni skoði nefndin m.a. stjórnsýslulega stöðu þess og hvort heppilegast sé að það heyri undir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Miklar hræringar á fjármálamarkaði síðan þá gefa enn meira tilefni en áður til að huga rækilega að stjórnsýslulegri stöðu og aðstæðum Fjármálaeftirlitsins til að sinna þeim mikilvægu skyldum sem því eru lagðar á herðar. Því er enn brýnna en áður að ráðast í endurbætur á grundvelli úttektar á borð við þá sem hér er lögð til.

Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun með sérstaka stjórn en heyrir undir viðskiptaráðherra. Stofnunin gegnir lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Henni er ætlað afar mikilvægt opinbert eftirlitshlutverk og getur með aðgerðum sínum haft stefnumarkandi áhrif á allar athafnir og þróun á fjármálamarkaði. Því er mikilvægt að sjálfstæði stofnunarinnar sé tryggt þannig að hún geti starfað óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins og hagsmunaaðilum. Að sama skapi er ljóst að búa verður þannig að Fjármálaeftirlitinu að það geti sinnt sínum mikilvægu verkefnum af myndarskap og afgreitt þau mál, sem því berast eða það tekur upp að eigin frumkvæði, fljótt og vel. Þess vegna gerir tillagan jafnframt ráð fyrir að nefndarstarfið miði að því að skoða hvernig efla megi starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Í ljósi mikilla og umdeildra hræringa á íslenskum fjármálamarkaði er brýnt að vinnu nefndarinnar verði hraðað sem kostur er.

Fjármálaeftirlitinu var komið á fót með lögum nr. 87/1998 og það fer með þá starfsemi sem áður var í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Þar var valin sú leið að setja stofnunina undir viðskiptaráðherra en það val verður að teljast hæpið, m.a. í ljósi þess að viðskiptaráðherra hefur með sölu banka verið einhver atkvæðamesti aðilinn á íslenskum fjármálamarkaði á síðustu árum. Það er breytilegt eftir löndum hvar ríkisstofnunum, sem fara með sambærilegt hlutverk og Fjármálaeftirlitið gerir, er skipað í stjórnsýslunni. Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins, þannig að það verði fært undan viðskiptaráðherra, gæti styrkt stofnunina sem óháðan eftirlitsaðila og jafnframt eflt traust hennar og trú manna á íslenskum fjármálamarkaði. Sá möguleiki, sem gert er ráð fyrir að skoðaður verði samkvæmt tillögunni, að færa stofnunina undir Alþingi, gæti komið bæði

Alþingi og Fjármálaeftirlitinu verulega til góða þar sem hvor aðilinn gæti styrkt hinn í eftirlitshlutverki þeirra.

Það að færa mikilvægar eftirlitsstofnanir undir Alþingi er ekki ný hugmynd. Þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson fluttu tillögu til þingsályktunar á 127. löggjafarþingi þar sem lagt var til að kannaðir yrðu kostir þess að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi. Þar var bent á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Allt fram til ársins 1987 heyrði hún undir fjármálaráðherra. Þar var einnig bent á stöðu umboðsmanns Alþingis þó að ekki sé um efnislega sambærilega hluti að ræða. Þessum aðilum hefur reynst það vel að heyra undir Alþingi fremur en ráðherra og það hefur reynst þeim haldgóð trygging fyrir því að þeir njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð þeirra séu ekki dregin í efa vegna stöðu þeirra í stjórnsýslunni. Tillaga þessi gerir þó ekki ráð fyrir að aðeins sé kannaður sá kostur að færa Fjármálaeftirlitið undir Alþingi heldur skulu aðrir kostir skoðaðir og samanburður gerður á hvar sjálfstæði stofnunarinnar verður best tryggt.

Flutningsmenn leggja áherslu á að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnunarinnar séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir,
Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. og 130. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd og er því lagt fram að nýju.

47. Frumvarp til laga [47. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

1. og 2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til starfa hér á landi.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi til að ráða sig til starfa hér á landi í tiltekinni starfsgrein.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Tímabundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að ráða sig til starfa í tiltekinni starfsgrein.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Heimilt er útlendingi að ráða sig til nýs atvinnurekanda innan þriggja mánaða frá starfslokum að uppfylltum skilyrðum skv. 1. mgr. en óháð tiltekinni starfsgrein ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær skilnað að borði og sæng, lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Heimilt er að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, samvistar eða sambúðar og lögheimilis ef rekja má skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit samvistar eða sambúðar til ofbeldis gagnvart erlenda makanum. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2005.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram af Atla Gíslasyni á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi tekið á dagskrá og er nú endurflutt óbreytt. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Er frumvörpunum til samans ætlað að taka á ágöllum sem alvarlegastir eru í núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Í núgildandi lögum er tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Hér er um að ræða eins konar vistarband útlendings í anda átthagafjötra fyrri alda og samræmist ekki mannréttindahugsun nútímans. Í krafti atvinnuleyfisins er atvinnurekanda veitt staða húsbónda gagnvart hjúi og komi til starfsloka útlendings með tímabundið atvinnu-

leyfi vofir brottvísun úr landi yfir honum eins og mara samþykki atvinnurekandi ekki starfslok. Það er reynsla stéttarfélaga að útlendingar í þessari stöðu neyðist oftar en ekki til að sætta sig við alvarleg brot á kjarasamningum og ráðningarsamningum, bæði hvað laun varðar og önnur starfskjör. Þeir leita sjaldan til stéttarfélaga og vilja sem minnst gera úr mismununinni hafi stéttarfélagið frumkvæði að því að kanna launakjör þeirra og stöðu að öðru leyti. Með frumvarpinu er tímabundið atvinnuleyfi skilgreint á nýjan leik þannig að miðað er við að tímabundið atvinnuleyfi sé veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda og leyfið sé miðað við ráðningu til starfa í tiltekinni starfsgrein en ekki í tiltekið starf. Sambærileg breyting er gerð á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. en ekki eru á þessu stigi lagðar til breytingar á skilyrðum sem tiltekin eru í málsgreininni. Óbreyttar skyldur eru lagðar á þann atvinnurekanda sem útlendingurinn ræðst til starfa hjá.

Með b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að útlendingur með tímabundið atvinnuleyfi geti ráðið sig til starfa hjá nýjum atvinnurekanda komi til starfsloka hjá þeim fyrri burtséð frá ástæðum starfsloka. Þessi breyting hefur sama tilgang og 1. gr. og a-liður 2. gr. frumvarpsins og tryggir réttarstöðu útlendings gagnvart atvinnurekanda sem hann hefur upphaflega ráðist til starfa hjá.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 11. gr. sem hefur þann tilgang að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Lögð er til breyting á 2. mgr. 11. gr. og veitt heimild til að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, sambúðar eða samvistar og lögheimilis ef skilnað má rekja til ofbeldis maka útlendingsins. Allt of mörg dæmi eru um að erlendar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þeim flestar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera þessum konum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má segja að konunum sé þannig haldið í gíslingu. Margar þeirra hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands brennt allar brýr að baki sér. Þessar aðstæður eru óviðunandi og ómannúðlegar í þeim tilvikum þegar umræddar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendu bergi brotnar en þær eru 3,75% af konum búsettum á Íslandi. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en leiti hennar ekki vegna vanþekkingar um réttarstöðu sína og af ótta um að verða vísað úr landi. Sjálfsagt og eðlilegt er að veita konum sem þannig er ástatt um dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi hér á landi og að tryggja megi framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið leitað ráðgjafar og upplýsinga hjá Alþjóðahúsi og hefur lögfræðingur þess, Katla Þorsteinsdóttir, veitt mikilsverða aðstoð. Telur Alþjóðahúsið brýnt að frumvarpið verði að lögum. Enn fremur hefur verið leitað upplýsinga hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum en bæði samtökin hafa talið brýnt að bæta réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi meðal annars í þá veru sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ástæða er til að benda á að í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þskj. 970, 338. mál, er vakin athygli á því að félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti telji þörf á að gera breytingar meðal annars á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Leggur nefndin áherslu á að vinnu við þau frumvörp og fleiri verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan samningi um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins

hinn 1. maí 2004. Er bæði rétt og eðlilegt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu verði lögfestar um leið.

Frumvarpi þessu fylgir bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu sem afhent var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. febrúar 2004. Í bréfinu er fjallað um réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi, einkum þau vandamál sem tekið er á í frumvarpi þessu en einnig um skort á upplýsingum til þeirra um réttarstöðuna. Er vísað til bréfsins til frekari rökstuðnings fyrir þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 1068 (719. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 4055–4057.

48. Frumvarp til laga [48 mál]

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

d. hann hefur náð 18 ára aldri og er niðji útlendings, sem flust hefur til landsins undir 18 ára aldri og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., og gegn framvísun yfirlýsingar foreldra eða framfæranda um að framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt,
e. sérstaklega stendur á og ef framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt með félagslegri aðstoð ríkis eða sveitarfélags eða með öðrum fullnægjandi hætti.

2. gr.

Við 15. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Niðja útlendings, sem flust hefur til landsins undir 18 ára aldri og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., má veita búsetuleyfi þegar hann hefur náð 18 ára aldri hafi foreldri eða framfæranda verið veitt búsetuleyfi.

Veita má maka, sambúðarmaka og samvistarmaka, sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr., búsetuleyfi við skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit sambúðar eða samvistar. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár. Víkja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2005.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram af Atla Gíslasyni á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi tekið á dagskrá og er nú endurflutt óbreytt. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi sem hefur ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra. Gegna þeir að mörgu leyti lykilhlutverki í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum og í ýmsum þjónustustofnunum. Þá hafa útlendingar auðgað menningarlíf þjóðarinnar og skapað þá fjölbreytni sem öllum þjóðum er nauðsynleg. Þrátt fyrir að útlendingar skipti miklu máli fyrir efnahag og menningu þjóðarinnar eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf. Má jafnvel halda því fram að þeim sé tekið sem óvelkomnum gestum og að þeim séu að hluta til búin dvalarskilyrði á Íslandi sem standast varla mannréttindi. Frumvarpi þessu er ætlað að taka á ágöllum sem alvarlegastir eru í núgildandi lögum um útlendinga.

Í 13. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild til að veita aðstandendum útlendings sem stundar vinnu á Íslandi dvalarleyfi. Aðstandendur í skilningi ákvæðisins eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Lögin áskilja að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Þegar niðji útlendings nær 18 ára aldri verður hann hins vegar að uppfylla sjálfur skilyrði um að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt til að fá dvalarleyfi en ella að flytja af landi brott. Ungmennið verðum með öðrum orðum að stunda vinnu eða sýna fram á með bankainneignum að 12 mánaða framfærsla sé tryggð til að fá dvalarleyfi. Fæst þessara ungmenna eða framfærendur þeirra hafa slík fjárráð og séu ungmennin í skóla liggur ekki annað fyrir þeim en að hætta skólagöngu og jafnvel að flytja af landi brott frá sínum nánustu aðstandendum. Þeim er mismunað með óboðlegum hætti. Sama gildir um búsetuleyfi.

Annar blettur á löggjöfinni er lítt sveigjanleg afstaða til þess hvernig má sýna fram á að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Gildir það bæði um niðja sem aðra aðstandendur útlendings sem fengið hefur dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi. Dæmi eru um að útlendingar hafi veigrað sér við að leita félagslegrar aðstoðar og upplýsinga þótt þeir hafi verið í brýnni þörf og jafnvel talið að með því að móttaka húsaleigubætur og fleiri opinberar greiðslur ættu þeir á hættu að verða vísað úr landi. Eðli máls samkvæmt ætti staðfest yfirlýsing útlendingsins, foreldris eða framfæranda, að nægja gagnvart niðjum og öðrum nánum aðstandendum í skilningi 13. gr. laganna. Og jafnsjálfsagt er að lögin heimili það þegar sérstaklega stendur á að framfærslan sé tryggð með félagslegri aðstoð eða öðrum fullnægjandi hætti.

Í þriðja lagi er frumvarpinu ætlað að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Allt of mörg dæmi eru um að þessar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þeim allar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera þessum konum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má segja að konunum sé þannig haldið í gíslingu. Margar þeirra hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands ef til vill brennt allar brýr að baki sér. Þessar aðstæður eru óviðunandi og ómannúðlegar í þeim tilvikum þegar umræddar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendu bergi brotnar en þær eru 3,75% af konum búsettum á landinu. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en leiti hennar ekki vegna vanþekkingar um réttarstöðu sína og af ótta um að verða vísað úr

landi. Sjálfsagt og eðlilegt er að veita konum sem þannig er ástatt um dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi hér á landi og að tryggja megi framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið leitað ráðgjafar og upplýsinga hjá Alþjóðahúsi og hefur lögfræðingur þess, Katla Þorsteinsdóttir, veitt mikilsverða aðstoð. Telur Alþjóðahúsið brýnt að frumvarpið verði að lögum. Enn fremur hefur verið leitað upplýsinga hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum en bæði samtökin hafa talið brýnt að bæta réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi meðal annars í þá veru sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ástæða er til að benda á að í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þskj. 970, 338. mál, er vakin athygli á því að félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti telji þörf á að gera breytingar meðal annars á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Leggur nefndin áherslu á að vinnu við þau frumvörp og fleiri verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan samningi um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins hinn 1. maí 2004. Er bæði rétt og eðlilegt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu verði lögfestar um leið.

Frumvarpi þessu fylgir bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu sem afhent var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. febrúar 2004. Í bréfinu er fjallað um réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi, einkum vandamál sem tekið er á í frumvarpi þessu, en einnig um skort á upplýsingum til þeirra um réttarstöðuna. Er vísað til bréfsins um frekari rökstuðning fyrir þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 1068 (719. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 4055–4057.

49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um rekstur Ríkisútvarpsins.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir:

a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.
b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.
c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.
d. Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.
e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði uppspretta og farvegur vakandi og frjórrar samfélagsumræðu.
f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.
g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.
h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.
i. Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.
j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía“, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn

yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.

k. Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð, veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram.

l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði vettvangur fyrir allar skoðanir.

Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Hvergi hafa heyrst gild rök fyrir því. Þó hefur heyrst að það yrði til að liðka fyrir rekstrinum ef Ríkisútvarpið yrði hlutafélag í eigu ríkisins. Stofnunin er nú þegar í samkeppni. Hvað er því til fyrirstöðu að stjórnarháttum stofnunarinnar sé breytt þannig að hún bregðist skjótt við samkeppni þó svo að hún sé ekki gerð að hlutafélagi? Verði stofnuninni breytt í hlutafélag er hins vegar unnt að selja það hlutafélag og víst er að tilgangur margra hlutafélagasinna er sá einn að selja stofnunina. Það er óhætt að segja að fordæmin séu slæm ef um er að ræða hlutafélag í eigu ríkisins, því hingað til hafa slík hlutafélög undantekningarlaust verið seld. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanna beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðla landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núverandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir, en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar til að jafna þennan aðstöðumun. Sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru nú.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkpólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýi sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi sem hér er fjallað um þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar.

50. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [50. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Alþingi fer með löggjafarvaldið. Ráðherrar og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

2. gr.

3.–12. gr. og 1. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar falla brott.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 15. gr. stjórnarskrárinnar koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Forseti Alþingis kveður til forsætisráðherra. Forsætisráðherra skipar ráðherra og veitir þeim lausn.

4. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

5. gr.

Lokamálsliður 17. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Forsætisráðherra boðar til funda ráðherra og stýrir þeim.

6. gr.

18. og 19. gr. stjórnarskrárinnar falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. stjórnarskrárinnar:

a. Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins veitir“ í 1. mgr. kemur: Ráðherra og forsætisráðherra veita.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Ráðherra og forsætisráðherra geta vikið þeim frá embætti er þeir hafa veitt það.
c. Í stað orðanna „Forseti getur“ í 4. mgr. kemur: Ráðherra og forsætisráðherra geta.

8. gr.

Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann“ í 21. gr. stjórnarskrárinnar kemur: Ráðherra og forsætisráðherra gera samninga við önnur ríki. Þó geta þeir.

9. gr.

22. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Nýkjörið Alþingi kemur saman kl. 13.30 annan dag eftir að kosningu og talningu lýkur og kýs forseta Alþingis.

Allir þingmenn skulu vera í kjöri nema þeir hafni því sérstaklega fyrir fram. Nú fær enginn meiri hluta atkvæða og skal þá kjósa á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.

Sex varaforsetar eru kosnir hver um sig á sama hátt og mynda þeir forsætisnefnd þingsins og skulu vera staðgenglar forseta í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. stjórnarskrárinnar:

a. Í stað orðanna „forseti lýðveldisins“ og „forseta“ hvarvetna í greininni kemur í viðeigandi beygingarfalli: forseti Alþingis.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Forseti Alþingis boðar fundi Alþingis og stýrir þeim.

11. gr.

Í stað orðanna „Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi“ í 24. gr. stjórnarskrárinnar kemur: Forseti Alþingis getur með samþykki meiri hluta Alþingis rofið Alþingi.

12. gr.

25. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

13. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal forseti Alþingis staðfesta það eigi síðar en tveimur vikum eftir að frumvarpið var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi.

Kosningarbærir menn, sem svara að fjölda til fjórðungs manna á kjörskrá við síðustu alþingiskosningar, geta farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu vegna laga og ákvarðana Alþingis innan tveggja mánaða frá birtingu þeirra. Þarf minnst helming þess fjölda sem skilaði gildum atkvæðum við síðustu alþingiskosningar til að ógilda ákvörðun Alþingis og falla þá lögin eða ákvörðun Alþingis úr gildi.

14. gr.

Í stað orðsins „getur forsetinn“ í 28. gr. stjórnarskrárinnar kemur: geta forseti Alþingis og ríkisstjórn.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. stjórnarskrárinnar:

a. Í stað orðanna „Forsetinn getur“ í 1. málsl. kemur: Ráðherra og forsætisráðherra geta.
b. 2. málsl. orðast svo: Þeir náða menn og veita almenna uppgjöf saka.
c. 3. málsl. orðast svo: Alþingi getur leyst ráðherra undan saksókn og refsingu sem landsdómur hefur dæmt.

16. gr.

Í stað orðanna „Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur“ í 30. gr. stjórnarskrárinnar kemur: Ráðherra og forsætisráðherra veita, annaðhvort sjálfir.

17. gr.

Í stað orðanna „forseti lýðveldisins“ í 37. gr. stjórnarskrárinnar kemur: forseti Alþingis.

18. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

19. gr.

3. málsl. 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, öðlast hún gildi á sama hátt og almenn lög og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.

20. gr.

Lög þessi taka að fullu gildi þegar kjörtímabili núverandi forseta lýðveldisins lýkur í síðasta lagi 31. júlí 2008. Þó skal ákvæði til bráðabirgða, um skipun nefndar, þegar taka gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við samþykki frumvarps þessa skal forsætisráðherra skipa fimm manna nefnd tilnefnda af Alþingi sem undirbúa skal nauðsynlegar breytingar á löggjöf þar sem embætti forseta lýðveldisins er lagt niður. Skal nefndin skila tillögum að lagabreytingum fyrir 1. febrúar 2008.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að embætti forseta Íslands verði lagt niður en það felur í sér breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Frumvarpið er lagt fram til þess að fá fram ítarlega umræðu í þinginu og meðal þjóðarinnar um tilgang og hlutverk forsetaembættisins, en þess ekki vænst að það fái lokaafgreiðslu á þinginu. Næstu alþingiskosningar verða í síðasta lagi sumarið 2007 og er því ætlunin að leggja frumvarpið fram að nýju á síðasta þingi fyrir kosningar, enda er skylt að rjúfa þing og efna til kosninga þegar samþykktar eru breytingar á stjórnarskrá, sbr. 79. gr. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lögin taki að fullu gildi þegar kjörtímabili sitjandi forseta lýkur enda er því ekki stefnt gegn þeim persónum sem með prýði hafa sinnt og sinna þessu háa embætti frá stofnun lýðveldisins.

Við samningu frumvarpsins naut flutningsmaður aðstoðar Hafsteins Þórs Haukssonar, Ragnars Jónassonar, Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, Helgu Láru Hauksdóttur og Jóns Hákons Halldórssonar.

Íslenska stjórnarskráin rekur upphaf sitt til fyrstu stjórnarskránna er samdar voru í Evrópu og Norður-Ameríku undir lok 18. aldar og í byrjun þeirrar 19. Þannig má greinilega rekja áhrif frönsku stjórnarskrárinnar frá 1791, sem var sett í kjölfar frönsku stjórnarbyltingarinnar, á fyrstu íslensku stjórnarskrána frá 1874 í gegnum þær dönsku og belgísku. Allar eiga þessar stjórnarskrár ákveðnar grundvallarhugmyndir sameiginlegar. Með hinum rituðu stjórnarskrám er leitast við að gera stjórnskipun ríkisins skýra og stöðuga ásamt því sem reynt er að vernda borgarann fyrir ofurvaldi ríkisins og koma í veg fyrir möguleika á misnotkun valdsins með því að dreifa því milli þriggja óháðra og ólíkra þátta ríkisvaldsins. Áhrifaríkustu kenningarnar um þrígreiningu ríkisvaldsins má finna í riti franska stjórnspekingsins Montesquieus, Anda laganna, og í skrifum breska heimspekingsins Johns Lockes.

Íslenska stjórnarskráin er um margt torræð lesning og alls ekki auðskilin. Við fyrsta lestur kann að virðast sem forseti lýðveldisins sé nánast alvaldur og stjórni bæði framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Er það rakið hér á eftir. Svo draga tvær greinar úr öllu þessu valdi en það eru 1. mgr. 11. gr. um að forsetinn sé ábyrgðarlaus í stjórnarathöfnum og 1. mgr. 13. gr. sem segir að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Bæði þessi ákvæði eru ekki auðskilin

venjulegu fólki og er það miður að stjórnarskráin sem á að vernda borgarana sé ekki skýrari. Þá virðast mörg atriði stjórnarskrárinnar snúast um hrein formsatriði en hafa enga praktíska þýðingu vegna fyrrgreindra tveggja ákvæða. Svo er t.d. um undirskrift forseta undir stjórnarathafnir og hlutverk ríkisráðs. Með þessu frumvarpi er leitast við að gera stjórnarskrána skýrari og taka út ákvæði sem enga þýðingu hafa auk þess að leggja niður forsetaembættið. Æskilegt væri við endurskoðun á stjórnarskránni að taka meira tillit til þrískiptingar valdsins og hafa sérstaka umfjöllun um hvern þátt fyrir sig, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Umfjöllun stjórnarskrárinnar um dómsvaldið er mjög fátækleg og er hvorki minnst á Hæstarétt í stjórnarskránni né á hlutverk hans sem stjórnlagadómstóls, þegar hann dæmir um hvort lög standast stjórnarskrá, en það hefur hann gert í auknum mæli undanfarin ár.

Þrískipting ríkisvaldsins.

Misjafnt er hversu langt einstök ríki og stjórnarskrár þeirra ganga í greiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Hvað sem því líður er ljóst að slík greining er til þess fallin að auka réttaröryggi borgaranna. Í íslenskri stjórnskipun eru ýmsar undantekningar frá kenningunni um þrígreiningu valdsins eins og hún birtist í sinni hreinustu mynd. Mikilvægasta undantekning frá þrígreiningunni í íslenskri stjórnskipun er vafalítið þingræðisfyrirkomulagið sem gerir það að verkum að ríkisstjórnir sitja í skjóli meiri hluta Alþingis. Önnur undantekning frá skýrri skiptingu valdsins milli löggjafar- og framkvæmdarvalds er að ráðherrar skuli jafnframt vera þingmenn. Þriðja undantekningin er tilvist embættis forseta Íslands, en samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár telst forseti æðsti handhafi framkvæmdarvalds og einnig löggjafarvalds ásamt Alþingi. Löggjafarþátturinn hjá embætti forseta lýðveldisins hefur reyndar verið álitinn eingöngu formlegs eðlis en það kann að hafa breyst sl. sumar. Þannig má segja að tveir þættir ríkisvaldsins sameinist í einu embætti, þótt síðar í þessari greinargerð verði vikið að ákvæðum stjórnarskrárinnar sem eru til þess fallin að veikja stjórnskipuleg völd forsetans verulega. Þótt tilvist forsetaembættisins á Íslandi verði því varla talin raska þrígreiningu ríkisvaldsins verulega er ljóst að frumvarp til stjórnarskipunarlaga er felur í sér afnám embættisins og færslu verkefna þess til einhvers af hinum þremur greinum ríkisvaldsins er til þess fallið að skerpa á þrígreiningu ríkisvaldsins á Íslandi sem talin er æskileg. Enn fremur má nefna frumkvæði að lagasetningu sem liggur að mestu utan Alþingis og inngrip Alþingis í framkvæmdir með heföbundnum breytingum á fjárlögum.

Uppruni forsetaembættisins.

Alþingi Íslendinga fékk stjórnarskrá að gjöf frá konungi Danmerkur árið 1874. Sú stjórnarskrá var að miklu leyti þýdd og staðfærð upp úr dönsku stjórnarskránni og jafnvel þótt staðið hafi til að stjórnarskrá Íslendinga tæki breytingum við stofnun lýðveldisins árið 1944 varð lítið úr því og enn í dag hefur stjórnarskráin tekið litlum breytingum, helst þó er varðar kosningarrétt og kjördæmabreytingar. Þegar stjórnarskránni var breytt við lýðveldisstofnun tók forseti Íslands við því hlutverki sem konungur hafði sinnt áður og sinnir enn í Danmörku. Staða hans er þó ólík stöðu konungs stjórnskipunarlega þar sem forseti Íslands er kjörinn beinni kosningu ólíkt konungi og við lýðveldisstofnun hlaut forseti málskotsrétt í stað réttar til þess að synja frumvörpum um staðfestingu líkt og konungur hafði áður.

Í Stjórnskipun Íslands, bók Ólafs Jóhannessonar, fyrrverandi prófessors við Háskóla Íslands og forsætisráðherra, segir að forseti Íslands hafi mikil völd í orði kveðnu, en samkvæmt stjórnarvenjum og helstu stjórnarskrárákvæðum séu raunveruleg völd hans hins vegar lítil, í raun aðeins formsatriði, og forsetinn hafi í raun engin áhrif á efni laga eða stjórnarathafna. Þessi orð Ólafs má til sanns vegar færa þótt um þau gildi einstaka undantekningar.

Samkvæmt stjórnarskránni eru helstu störf forseta að skipa ráðherra og veita þeim lausn frá embætti. Hann ákveður fjölda ráðherra og skiptir með þeim verkum. Hann veitir auk þess öll æðstu embætti ríkisvaldsins. Forseti situr í ríkisráði og stjórnar fundum þess. Forseti stefnir saman Alþingi, ákveður hvenær því er frestað og hann getur rofið þing. Forseti getur látið leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga og annarra samþykkta. Hann staðfestir og gefur út lög og getur synjað lögum staðfestingar. Jafnframt getur hann gefið út bráðabirgðalög. Forseti gerir samninga við önnur ríki. Forseti getur ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Forseti veitir undanþágur frá lögum annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum.

Takmarkað hlutverk forseta í stjórnskipun Íslands.

Fyrrgreind stjórnarskrárákvæði benda til þess að vald forseta Íslands sé umtalsvert. Önnur ákvæði takmarka hins vegar vald hans verulega. Í 13. gr. stjórnarskrárinnar segir að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt og skv. 19. gr. veitir undirskrift forseta lögum gildi einungis ef ráðherra skrifar jafnframt undir lögin. Skv. 14. gr. ber ráðherra ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum og forseti er ábyrgðarlaus gagnvart þeim skv. 11. gr. Því er ljóst að forseti getur lítið beitt valdi sínu nema með atbeina ráðherra. Að vísu getur hann neitað að framkvæma stjórnarathafnir sem nauðsynlega krefjast atbeina forseta samkvæmt stjórnarskrá. Til að mynda gefur forseti út bráðabirgðalög en slík stjórnarathöfn krefst atbeina ráðherra eins og fyrr segir. Frumkvæði að slíkri lagasetningu kemur venju samkvæmt frá ráðherra en Ólafur Jóhannesson bendir hins vegar á að forseti hafi stjórnskipunarlegt vald til þess að neita því að gefa út bráðarbirgðalög og gæti þannig komið í veg fyrir útgáfu þeirra. Þetta á og við um aðrar stjórnarathafnir forseta.

Fljótt á litið virðist jafnframt margt benda til þess að forseti hafi nokkuð frjálsar hendur með það hvernig hann skipar ríkisstjórn. Sé hins vegar litið til þess að á Íslandi ríkir hefð fyrir þingræði er ljóst að við skipan ráðuneytis er forseti bundinn af úrslitum þingkosninga og hefur lítil áhrif þar á. Þótt forseti hafi samkvæmt stjórnarskrá vald til þess að skipa ríkisstjórn hafa sérfræðingar á sviði stjórnskipunar bent á að skipun ríkisstjórnar sem ekki nyti stuðnings Alþingis sé mjög varhugaverð. Með skipun utanþingsstjórnar geti myndast árekstrar milli þings og ríkisstjórnar, t.d. ef Alþingi neitar að veita fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda og ef ríkisstjórn neitar að framkvæma lög sem afgreidd væru frá Alþingi. Slíkri atburðarás mundi án efa fylgja stjórnskipunarleg kreppa sem erfitt væri að leysa. Aðeins einu sinni hefur utanþingsstjórn verið skipuð á Íslandi og þurfti sú stjórn að biðjast lausnar eftir að hafa setið í einungis 21 mánuð vegna þess að Alþingi neitaði að samþykkja ráðstafanir stjórnarinnar í efnhahagsmálum. Það er helst þegar til greina koma tvær eða fleiri minnihlutastjórnir að séð verður að forseti geti haft áhrif á gang mála

Þeir sem hafa gegnt embætti forseta Íslands frá lýðveldisstofnun hafa flestir forðast að beita 26. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um heimild forseta til þess að skjóta lögum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Óljóst er á hvaða grundvelli þessi heimild forsetans ætti að byggjast því engar viðmiðunarreglur hafa verið mótaðar um það í hvers kyns aðstæðum forseti ætti að beita henni. Betra væri að þetta vald væri hjá hinum almennu borgurum og setja þyrfti víðtækari heimildir í almenn lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Aldrei hefur reynt á þennan rétt til fullnustu og er enn deilt um hvort þessi framkvæmd krefjist atbeina ráðherra. Þá er óljóst hvort og þá hvaða skilyrði á að setja slíkri atkvæðagreiðslu og niðurstöðu hennar eins og umræðan sl. sumar bar með sér. Vegna ríkrar þingræðishefðar þykir jafnframt vafasamt að einn kjörinn fulltrúi geti tekið fram fyrir hendur þjóðkjörins þings með þeim hætti sem felst í umræddri lagagrein. Því er eðlilegra að málskotsréttinum væri þannig fyrir komið

að það þyrfti samþykki fjórðungs af kosningarbærum borgurum þjóðarinnar til þess að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem samþykkt eru á Alþingi.

Embætti forseta Íslands er ungt, einungis 60 ára gamalt, og varla hægt að tala um að embættinu fylgi fastmótaðar venjur. Embættisfærslur forseta hafa einkennst af þeim einstaklingum sem gegnt hafa embættinu hverju sinni. Að framansögðu má þó ljóst þykja að embættið er þýðingarmest í þeim tilgangi að sækja vinaríki heim, taka á móti erlendum þjóðhöfðingjum og sækja mannamót þegar mikið liggur við.

Ráðherra fer í raun að mestu leyti með það vald sem forseta er falið samkvæmt stjórnarskrá og embætti forseta felur helst í sér móttökur fyrir erlenda þjóðhöfðingja og erindreka og önnur veisluhöld sem forseti efnir til og tekur þátt í. Þau störf sem forsetinn hefur að gegna gætu aðrir embættismenn auðveldlega tekið að sér, svo sem forseti Alþingis, forseti Hæstaréttar og forsætisráðherra. Við það mundu sparast miklir fjármunir sem væru betur komnir annars staðar og þær eru í fullu samræmi við íslenskt þjóðfélag sem byggist á miklu jafnrétti fólks og er að mestu laust við stéttskiptingu og prjál. Þó að fáar þjóðir séu án formlegs þjóðhöfðingja þá hafa Íslendingar áður sýnt frumkvæði þvert á aðrar þjóðir eins og með stofnun Alþingis 930. Forseti Alþingis tæki við skyldum þjóðhöfðingja og varaforsetar Alþingis gengju í störf forseta í fjarveru hans. Með slíku fyrirkomulagi yrði Alþingi Íslendinga sýnd sú virðing sem því ber sem elsta þjóðþingi í heimi og hægt væri að nýta þá fjármuni sem falla til vegna forsetaembættisins á hagkvæmari hátt. Vissulega þekkjast fordæmi þess að þjóðhöfðingi Íslendinga sé ekki þjóðkjörinn. Ríkisstjórnin fór sjálf með vald þjóðhöfðingja Íslands eftir að samband milli Danmerkur og Íslands rofnaði við hernám Þjóðverja í Danmörku. Sveinn Björnsson var kjörinn ríkisstjóri Íslands við hátíðlega athöfn af Alþingi 17. júní 1941. Alþingi Íslendinga kaus hann svo aftur forseta lýðveldisins við stofnun þess árið 1944 og náði kjör hans til eins árs. Var hann sjálfkjörinn í embættið upp frá því.

Hugmyndir um að leggja af embætti forseta Íslands í núverandi mynd eru síður en svo nýjar. Pétur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vakti máls á því í eftirminnilegri ræðu á þingi í byrjun árs 1968 að verkefnin sem forseta væru falin samkvæmt stjórnarskrá væru lítil og embættið tilgangslítið. Síðan þá eru liðin 36 ár. Í aðdraganda forsetakosninganna árið 1980 var enn rætt um tilgang forsetaembættisins og var embættið gagnrýnt mjög fyrir að vera tilgangslaus arfleifð frá því tímabili er konungur ríkti yfir Íslandi. Síðan þá hefur reglulega verið varpað fram hugmyndum um breytingar á embættinu til betri vegar.

Þingrof.

Nefna má að heimild til að rjúfa þing hefur aldrei verið í norskum stjórnarlögum. Gunnar G. Schram sagði í bók sinni Stjórnskipunarréttur: „Þingrofsréttur er [...] ekki neinn óhjákvæmilegur þáttur þingræðis og lýðræðis, enda var frjálslyndum mönnum þessi réttur þjóðhöfðingjans lengi vel þyrnir í augum og töldu þeir hann skerðingu á sjálfstæði þjóðfulltrúasamkomunnar. Og þó að skoðanir manna hafi breyst í þessu efni og þingrofið sé nú almennt túlkað sem málskot til þjóðarinnar sjálfrar, kjósendanna, og sú túlkun láti óneitanlega vel í eyrum, þá verður því ekki neitað að þingrofsrétturinn er vopn í hendi þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar sem beita má til góðs eða ills eftir atvikum."

Í íslensku stjórnarskránni má finna hvort tveggja heimild og skyldu til þingrofs. Aðferðin við þingrofið er þó sú hin sama í báðum tilvikum.

Skylda til þingrofs. Samþykki Alþingi frumvarp um stjórnarskrárbreytingu er skylt að rjúfa þing, sbr. 1. mgr. 79. gr. Afstaða ríkisstjórnar til málsins skiptir hér engu. Alþingiskosningar í kjölfar þessa geta þó snúist um önnur og óskyld efni en stjórnarskrárbreytingin kvað á um og engin skylda er til að leggja frumvarpið fyrir á síðara þingi. Þá skal Alþingi auk

þessa rofið ef þjóðaratkvæðagreiðsla um frávikningu forseta Íslands nær ekki fram að ganga, sbr. 4. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæðið hefur enn ekki komið til framkvæmda.

Engar breytingar eru lúta að þingrofinu þarf að gera á 1. mgr. 79. gr. og heldur hún að fullu gildi sínu, enda sjálfsagt að breytingar á stjórnarskrárskipan séu lagðar fyrir tvö löggjafarþing. Forseti Alþingis skal rjúfa þing í tilvikum þessum. Hefur athöfnin fram til þessa verið framkvæmd af forseta en vitaskuld með atbeina ráðherra. Handhafar forsetavalds hafa auk þessa haft heimild til að rjúfa þing með sama hætti og forseti. Sökum þessa mun lítil röskun verða á framkvæmd athafnarinnar.

Heimild til þingrofs. Helstu þingrofsheimildina er að finna í 24. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt orðanna hljóðan er grein þessi afar óhentug enda óljós varðandi þau tilvik þar sem forseti Íslands gæti beitt ákvæðinu. Fræðimenn hafa talið að heimildinni eigi að beita á skynsamlegan hátt og út frá almennum efnisrökum en ekki aðeins eftir geðþótta þess sem með valdið fer hverju sinni. Orð fræðimanna um túlkun stjórnarskrárinnar eru hins vegar fjarri því að vera réttarheimild sem unnt væri að styðjast við fyrir dómstólum. Lagt er til að forseti Alþingis geti rofið þing með samþykki meiri hluta Alþingis.

Í frumvarpinu er lagt til að samhliða því að embætti forseta lýðveldisins verði lagt niður verði Alþingi og embætti forseta þingsins styrkt, sem og embætti forsætisráðherra. Þá er það einnig markmið með framlagningu frumvarpsins að fækka þeim verkefnum sem eru formleg, eins og undirritun laga o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti forseta Íslands verði lagt niður og verkefnin sem honum eru falin færð til annarra handhafa ríkisvaldsins eftir eðli starfanna og þeim venjum sem gilt hafa í framkvæmd.

Breytingin felur í sér að skýrari mörk verða dregin milli þriggja þátta ríkisvaldsins og fer þannig Alþingi eitt með löggjafarvaldið samkvæmt greininni, ráðherrar og önnur stjórnvöld með framkvæmdarvaldið og dómendur með dómsvaldið.

Um 2. gr.

Greinarnar sem fjalla um kjörgengi forseta, kosningu o.fl. þ.e. 3.–12. gr. og 1. mgr. 13. gr. falla því brott.

Um 3. gr.

Til stjórnarmyndunar þarf ekki lög. Stjórnarmyndun færi því fram sjálfkrafa. Menn mynda stjórnir með þeim sem þeir vilja vinna með. Formleg skipun forsætisráðherra í embætti væri framkvæmd af forseta Alþingis.

Forseti skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra, skiptir með þeim störfum og veitir þeim lausn skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar. Skipun ráðherra er stjórnarathöfn og þarf því einhver ráðherra að bera stjórnskipulega ábyrgð á skipuninni. Sá háttur hefur auk þess verið hafður á hérlendis að forsætisráðherra meðundirriti skipunarbréf einstakra ráðherra, óháð stjórnarskiptum.

Með breytingunni er lagt til að forsætisráðherra skipi ráðherra, veiti þeim lausn og skipti með þeim störfum. Þar af leiðandi mun það verða ráðherra sem í senn skipar og ber stjórnskipulega ábyrgð á skipun hverju sinni. Skerping þingræðisreglunnar er ávallt af hinu góða. Lagt er til að forsætisráðherra ákveði fjölda ráðherra.

Um 4. gr.

Lagt er til að greinin sem fjallar um ríkisráð falli niður þar sem ráðherrafundir verða samkvæmt tillögunum vettvangur ráðherranna og þar sitja því einungis handhafar framkvæmdarvalds sem skerpir enn á þrígreiningu ríkisvaldsins.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um ráðherrafundi og er einungis verið að staðfesta það fyrirkomulag að forsætisráðherra boði til ráðherrafunda og stjórni þeim.

Um 6. gr.

Lagt er til að 18. og 19. gr. falli brott en þær fjalla um hvaða ráðherra skuli bera mál upp fyrir forseta og að undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál og stjórnarerindi veiti þeim gildi er ráðherra ritar undir þau með honum. Með frumvarpinu er lagt til að löggjafarvaldið verði eingöngu hjá Alþingi og að formlega undirskrift þurfi ekki undir löggjafarmál og stjórnarerindi. Framkvæmdin verður þó áfram sú að forseti Alþingis staðfestir með undirskrift sinni, og þá varaforseti í forföllum hans, að Alþingi hafi samþykkt viðkomandi lög og þau send framkvæmdarvaldinu til birtingar, sbr. 27. gr.

Um 7. gr.

Forseti lýðveldisins hefur til þessa veitt mönnum embætti, vikið þeim frá og flutt embættismenn úr einu embætti í annað skv. 20. gr. stjórnarskrárinnar, allt með fulltingi ráðherra skv. 13. gr. sem m.a. ákveða hvaða einstakling skuli skipa í embætti og því rökrétt að þeir hinir sömu veiti embættin einnig. Þó er lagt til að forsætisráðherra komi einnig að slíkum stjórnarathöfnum og er það breyting. Með aðkomu forsætisráðherra verður starf ríkisstjórnarinnar markvissara og samræmt.

Um 8. gr.

Lagt er til að það verði á verksviði ráðherra, þá utanríkisráðherra, og forsætisráðherra að gera samninga við önnur ríki, en í framkvæmd hefur það einmitt verið á verksviði utanríkisráðherra, sbr. umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins. Sömu reglur skulu eiga við utanríkisráðherra og um forseta, þ.e. að utanríkisráðherra getur ekki gert samninga við önnur ríki feli þeir í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða horfi til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

Um 9. og 10. gr.

Svo sem málum er háttað nú stefnir forseti Íslands saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar og setur jafnframt reglulegt Alþingi ár hvert, sbr. 22. gr. stjórnarskrárinnar. 1. október ár hvert setur forseti Íslands Alþingi í samræmi við 35. gr. stjórnarskrárinnar. Forsetabréf þess efnis eru birt í A-deild Stjórnartíðinda, en þingmönnum er einnig sérstaklega tilkynnt hvenær þing skuli koma saman.

Undantekningar geta þó átt sér stað frá áðurgreindri meginreglu. Hafi reglulegt Alþingi eigi verið kvatt saman 1. október eins og lög kveða á um, og ekki hefur verið gerð lagabreyting um breytingu á degi þeim, kemur Alþingi saman af sjálfsdáðum á hinum tiltekna degi, 1. október, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar. Lagt er til að undantekningin verði að meginreglu og Alþingi komi saman af sjálfsdáðum á þeim degi sem lög kveða á um.

Setning Alþingis fer nú fram með þeim hætti að forseti Íslands les upp forsetabréf, þ.e. stefnir saman Alþingi, lýsir þingið þvínæst sett og biður aldursforseta þingsins að taka við

fundarstjórn. En líkt og allar góðar reglur er framkvæmd þessi ekki án undantekninga. Þegar handhafar forsetavalds gegna starfi forseta hafa þeir yfirleitt veitt forsætisráðherra umboð til að setja þingið. Þá getur forseti einnig veitt forsætisráðherra umboð til að setja þingið.

Í frumvarpi þessu er lagt til að forseti Alþingis taki að sér skyldur þær sem hingað til hafa falist í því að setja þing. Lagðar eru til breytingar á 22. gr. þess efnis að Alþingi eigi að koma saman kl. 13.30 annan dag eftir að kosningu til Alþingis og talningu atkvæða lýkur og kjósi forseta Alþingis. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að forseti Alþingis fær aukið hlutverk og því mikilvægt að hann sé kosinn sem allra fyrst eftir alþingiskosningar.

Um kosningu forseta Alþingis gilda lög um þingsköp Alþingis en lagt er til að ákvæði um kosninguna verði tekin upp í stjórnarskrá. Allir þingmenn skulu vera í kjöri nema þeir hafni því sérstaklega fyrir fram og fái enginn meiri hluta atkvæða er lagt til að kosið verði milli þeirra er flest atkvæði hlutu, enda er mikilvægt að forseti þingisins hafi breiðan stuðning meðal þingmanna. Þá er mælt fyrir um að sex varaforsetar skuli kosnir á sama hátt og forseti Alþingis enda verði þeir staðgenglar hans í þeirri röð sem þeir voru kosnir og ef einhver þeirra forfallast þá taki næsti við.

Um 11. gr.

Lagt er til að það verði forseti Alþingis sem geti með samþykki meiri hluta Alþingis rofið þing í stað forseta Íslands áður. Rétt þykir að hafa þessa heimild áfram í stjórnarskránni en það sé þingisins að ákveða það hvort svo verði.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Með breytingunni er lagt til að 26. gr. stjórnarskrárinnar, um málskotsrétt forseta, falli brott. Í hennar stað komi að 25% kosningarbærra manna geti krafist þess að nýsamþykkt lög frá Alþingi verði lögð í dóm þjóðarinnar. Lögin falla úr gildi ef meira en helmingur þeirra sem skilaði gildum atkvæðum í síðustu alþingiskosningum samþykkja það, en það er sá hluti þjóðarinnar sem veitti meiri hluta Alþingis umboð til að samþykkja lög. Þannig tekur þjóðin umboð sitt til baka varðandi þessi lög og þau falla úr gildi. Ljóst er að almenn lög þyrfti að setja um nánari útfærslu þessa, svo sem frá hvaða tíma skuli telja brottfall þeirra og hvernig skuli birta tilkynningu um að lögin séu úr gildi fallin. Þá væri skynsamlegt að setja jafnframt almenn lög um undirskriftasöfnun og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Um 14. gr.

Lagt er til að forseti Alþingis og ríkisstjórn geti gefið út bráðabirgðalög í stað forseta en það er í samræmi við meginefni frumvarpsins.

Um 15. og 16. gr.

Samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar auk þess menn og veitir almenna uppgjöf saka. Valdi þessu getur forseti þó að sjálfsögðu ekki beitt nema með atbeina og á ábyrgð ráðherra. Það kemur í hlut dómsmálaráðherra að meta það hvort ástæður séu til að beita heimildum 29. gr. Dómsmálaráðherra ber því ábyrgð og ræður því hvort láta skuli saksókn fyrir afbrot niður falla, hvort tiltekinn maður sé náðaður eða hvort hópi manna sé veitt uppgjöf saka.

Vegna þeirrar miklu ábyrgðar sem hvílir á dómsmálaráðherra í málum tengdum 29. gr. er lagt til að hann sinni öllum þeim skyldum sem fylgja því að láta saksókn niður falla, náða menn og veita almenna uppgjöf saka ásamt forsætisráðherra eins og önnur verkefni sem forseta Íslands eru fengin í stjórnarskrá og lagðar eru til breytingar á í frumvarpinu.

Sama gildir um þær breytingar sem lagðar eru til á 30. gr. stjórnarskrárinnar um undanþágur frá lögum, það verði viðkomandi ráðherra ásamt forsætisráðherra sem geti veitt undanþágur frá lögum eða falið það öðrum í stað forseta nú, sbr. umfjöllun um 7. gr.

Um 17. gr.

Lagt er til að 37. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að það verði forseti Alþingis sem geti ákveðið þegar sérstaklega stendur á samkomustað Alþingis í stað forseta lýðveldisins.

Um 18. gr.

Lagt er til að 52. gr. stjórnarskrárinnar falli brott þar sem efni hennar og nánari ákvæði um kosningu forseta Alþingis er að finna í 9. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Lagt er til að forseti Alþingis staðfesti breytingu á stjórnarskipunarlögum eins og öðrum lögum.

Um 20. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingar þessar muni taka gildi árið 2008, þegar kjörtímabili sitjandi forseta lýkur. Í forsetakosningum þeim sem fram fóru fyrr á þessu ári var sitjandi forseta veitt umboð til að gegna embættinu til næstu fjögurra ára. Ekki verður hróflað við þeirri fyrirætlan með lagabreytingum þessum. Það er ekki vilji flutningsmanns að beina breytingum þessum gegn ákveðnum einstaklingi og telur hann farsælast að haga málum á þann hátt að engin röskun verði á kjörtímabili sitjandi forseta. Er því lagt til að breytingarnar taki ekki gildi fyrr en árið 2008, að loknu núverandi kjörtímabili sitjandi forseta.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt þykir að kveða á um skipun nefndar til að gera tillögu að nauðsynlegum lagabreytingum vegna niðurlagningar embættis forseta Íslands. Forseta eru falin ýmis verkefni í lögum sem fara þarf yfir og leggja til hvernig með skuli fara. Lagt er til að nefndin verði skipuð fimm mönnum tilnefndum af Alþingi.

Rétt væri að nefndin skipti störfum forseta eftir eðli þeirra og eftir því sem best samræmist þeirri þrískiptingu ríkisvaldsins sem lögð er til í frumvarpinu. Þá þyrfti nefndin að taka afstöðu til þess hvort einhver ætti að fá það hlutverk að veita umboð til stjórnarmyndunar eða ganga út frá því að það gerðist sjálfkrafa eða að fá forseta Alþingis það hlutverk enda er lagt til í frumvarpinu að hann verði kosinn af þingmönnum á öðrum degi eftir að þingkosningum lýkur. Þá má enn fremur nefna táknræn hlutverk eins og orðuveitingar sem hugsanlega gætu fallið undir breytt verksvið forseta Alþingis.

51. Frumvarp til laga [51. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 126. löggjafarþingi, aftur á 127. og 128. og að nýju á síðasta löggjafarþingi og hefur verið vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Málið hefur ekki hlotið afgreiðslu úr nefnd en á síðasta löggjafarþingi samþykkti nefndin að leita eftir lögfræðilegu álit á efni frumvarpsins utan þings, en vegna umfangs málsins reyndist það ekki unnt.

Hér á eftir er því haldið fram og færð fyrir því rök að ákvæði 7. gr. laga nr. 94/1986 kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt:

Það er í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það er enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í 2. mgr. 7. gr., sem lagt er til að felld verði brott, segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Málsgreinin sem lagt er til að felld verði brott á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í henni felst í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995. Einnig kann þetta ákvæði að brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í 65. gr., því að þeir sem ekki vilja gerast félagar í stéttarfélagi eru ekki jafn settir félagsmönnum, þó að þeim sé gert að greiða sama gjald til félagsins.

Ákvæðið kann enn fremur að brjóta gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um að skatta skuli leggja á með lögum og að ekki skuli fela stjórnvöldum, hvað þá einkaaðilum, ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Félagsfundur í stéttarfélagi getur samþykkt hvaða félagsgjald sem er, án hámarks, það er innheimt af stjórnvöldum með stuðning í þessum lögum og rennur til aðila sem ekki er opinber aðili. Sá sem á að greiða gjaldið

samkvæmt þessum lögum þarf ekki að vera félagsmaður og kemur því ekki að ákvörðun þess en honum ber að greiða það. Gjaldið hefur því öll einkenni skatts.

Umsagnir.

Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram var það sent 21 aðila til umsagnar 8. mars 2001. Umsagnir bárust frá níu aðilum og voru þrjú meginþemu í umsögnunum:

Þema 1: Bent er á að ef 1. mgr. 7. gr. fellur niður rekist það á ákvæði 1. mgr. 6. gr. um að aðeins eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna hafi rétt til samningsgerðar fyrir sömu starfsstétt.

Við þessari athugasemd er brugðist í nýjum búningi frumvarpsins sem fellir eingöngu niður 2. mgr. 7. gr. laganna. Það er svo umhugsunarefni að opinberum starfsmönnum er bannað með ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. 7. gr. og með 1. mgr. 6. gr. að stofna ný stéttarfélög og vekur það upp spurningar um frelsi manna til að stofna félög skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er tekin afstaða til þess í þessu frumvarpi.

Þema 2: Talið er eðlilegt að þeir sem njóta kjara sem stéttarfélag nær fram beri kostnað af þeirri kjarasamningsgerð hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Allt launafólk eigi að standa sameiginlega undir kostnaði við sameiginlega hagsmunagæslu. Samningar stéttarfélaga kveða á um lágmarkskjör sem allir njóta, óháð félagsaðild. Félagsgjaldið sé í raun þjónustugjald fyrir þessa samningsvinnu.

Seinna í greinargerðinni verður rætt um þema 2.

Þema 3: Dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1998 segir að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Um þennan dóm Félagsdóms verður fjallað síðar í greinargerðinni.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Læknafélag Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 1 og þema 2.

Landssamband lögreglumanna og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsa yfir andstöðu við frumvarpið en vísa til umsagnar BSRB.

Alþýðusamband Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 2 og þema 3.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins nefnir þema 2, lýsir yfir andstöðu við frumvarpið og segir því beint gegn tilvist stéttarfélaga.

Varðandi hugsanlega tilvistarkreppu stéttarfélaga virðist félagið telja að enginn eða of fáir mundu vilja vera í stéttarfélagi opinberra starfsmanna nema tilneyddir með lögum.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið og nefnir þema 2 og þema 3.

Fjármálaráðuneytið nefnir þema 1 og þema 3. Þá nefnir ráðuneytið að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafi að ýmsu leyti samið um rýmri rétt en tryggður er með lögum, t.d. orlof sem allir viðkomandi starfsmenn njóti, sem frekari rök fyrir þema 2.

Fjármálaráðuneytið lagði fram minnisblað á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem það nefnir þema 3 og þema 2. Þá er vísað til þess að greiðsluskylda ófélagsbundinna þekkist einnig á almennum markaði samkvæmt samningum. Varðandi síðasta atriðið verður að benda á að reginmunur er á samningsbundinni skyldu til greiðslu félagsgjalds eða lögbundinni.

Bandalag háskólamanna segir að samþykkt þessa frumvarps gangi gegn vilyrði fjármálaráðherra um heildarendurskoðun löggjafarinnar í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Þá segir að frumvarpið sé samið án samráðs við samtök opinberra starfsmanna og samþykkt þess gangi gegn sjálfum grundvelli samtakanna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar.

Þessi síðustu rök eru merkileg í ljósi þess að Alþingi hefur samkvæmt stjórnarskrá eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum.

Lögmannafélag Íslands segir að ekki verði fram hjá því litið að önnur löggjöf feli að nokkru leyti í sér hvatningu til aðildar að stéttarfélagi. Þá er nefnt að ASÍ hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir aðildarskyldu í lögum stéttarfélaga sinna og að í mörgum kjarasamningum séu ákvæði um forgang félaga stéttarfélaga til vinnu. Deilt hafi verið um hvort slík forgangsréttarákvæði stæðust ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en á það hafi ekki reynt fyrir Hæstarétti.

Þá segir að ekki verði vikist undan því að fallast á þau sjónarmið flutningsmanns að 7. gr. laga nr. 94/1998 sé barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun síðan. Hæpið sé þó að breyta þessu ákvæði einu sér án þess að fram fari endurskoðun á annarri löggjöf.

Um þessar umsagnir er það að segja að allar nema tvær eru frá aðilum sem njóta núverandi kerfis skyldugreiðslu til stéttarfélaga. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða.

Frumvarpið var sent að nýju til umsagnar á 128. löggjafarþingi 21. febrúar 2003 og vísuðu aðilar almennt til fyrri umsagna sinna.

Dómur Félagsdóms nr. 4/1998.

Samkvæmt 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Sama hugsun er áréttuð í 1. mgr. 24. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, en þar segir: „Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Því er enginn dómstóll, sem er sérstakur stjórnlagadómstóll samkvæmt stjórnarskrá, sem kannar valdheimildir löggjafarvaldsins, Alþingis, og það hvort ákvæði laga frá Alþingi stangast á við stjórnarskrána og séu því ógild, af því að alþingismenn sverja eið að stjórnarskránni. Rök eru fyrir því að Hæstiréttur einn ætti að geta tekið að sér þetta hlutverk:

Hvergi er minnst beint á Hæstarétt í stjórnarskránni en í 59. gr. segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Í 1. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, segir: „Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.“ Hæstiréttur ætti því einn dómstóla að geta tekið að sér hlutverk stjórnlagadómstóls. Má færa fyrir því eftirfarandi rök:

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 4/1998 að 2. mgr. 7. gr. samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Gefum okkur að opinber starfsmaður, sem ekki er félagi í stéttarfélagi en sætir afdrætti greiðslu til stéttarfélags af launum, fari í einkamál við launagreiðanda sinn og krefjist endurheimtu á þessari eign sinni. Slíkt mál heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Gefum okkur enn fremur að það mál færi til Hæstaréttar og hann kæmist að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þá hlyti niðurstaða Hæstaréttar að gilda þar sem Hæstiréttur er æðstur dómstóla. Þess vegna ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár.

Það er svo spurning hvort Hæstiréttur ætti ekki að setja sér þá vinnureglu að úrskurða fullskipaður þegar hann tekur að sér hlutverk stjórnlagadómstóls og að aðrir dómstólar vísi slíkum málum ávallt beint til Hæstaréttar.

Samkvæmt 24. gr. fyrrgreindra laga um dómstóla, nr. 15/1998, skulu dómarar fara eingöngu eftir lögum. Þetta ákvæði er reyndar í IV. kafla, um réttindi og skyldur dómara, en sá kafli tekur jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara. Ekki er til sambærilegt ákvæði um dómara Félagsdóms. Með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrár má þó álykta að það sama gildi um þá, þ.e. að við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum. Þess vegna hlaut Félagsdómur að taka mið af gildandi lögum við úrskurð sinn. Það má svo setja spurningarmerki við það að Félagsdómur skuli hafa talið sig geta kveðið á um að tiltekin lög frá Alþingi samrýmdust stjórnarskránni.

Notkun þessa dóms sem rök fyrir því að 2. mgr. 7. gr. samrýmist stjórnarskránni hefur að mati flutningsmanns ekkert gildi á meðan Hæstiréttur, sem æðstur dómstóla, hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Félagsgjald sem þjónustugjald.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða gjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er sá að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, svo sem orlofsheimila, þótt hann greiði gjald til félagsins jafnhátt félagsgjaldi.

Félagsgjaldið og þar með skyldugjald þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum, 1% eða 1,5%, og er það dregið af launum án sérstakrar heimildar starfsmannsins. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi yfirleitt sjálfir að semja um þau laun. Það eru engin rök fyrir því að tvöfalt dýrara sé fyrir stéttarfélag að semja um launataxta með 200 þús. kr. mánaðarlaunum en launataxta með 100 þús. kr. mánaðarlaunum. Sú meginregla gildir um þjónustugjöld að fjárhæð þeirra tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Félagsgjöld einstaklings eru ekki ákveðin á grundvelli kostnaðar við þá meintu þjónustu sem hann fær heldur eru tiltekið hlutfall af launum hans. Fjárhæð gjaldsins stendur því í engum tengslum við þjónustuna vegna samningsgerðar sem hann nýtur. Félagsgjaldið skv. 7. gr. getur því ekki allt verið þjónustugjald. Hluti þess er annað en þjónustugjald og sá hluti verður að fullnægja kröfum stjórnarskrár um skatta, þ.e. fjárhæð þess hluta verður að vera ákveðin í lögum og það þarf að renna til opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Svo er ekki með félagsgjaldið sem opinberum starfsmanni er gert að greiða til stéttarfélags án þess að vera félagsmaður.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna eru laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þessi rök leiða til þeirrar niðurstöðu að lögþvinguð greiðsla opinbers starfsmanns til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er ekki þjónustugjald og hlýtur því að vera skattur.

Þá er athyglisvert að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjaldið má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjald þyrfti og ætti að vera t.d. 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins. Sá sem ekki væri félagi í stéttarfélaginu

hefði ekkert um þá ákvörðun að segja en þyrfti að greiða gjaldið. Félagsgjaldið er enda misjafnt eftir stéttarfélögum.

Hvað er skattur?

Hugtakið skattur er jafnan skilgreint sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald. Andstætt skatti eru þjónustugjöld lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir tiltekna veitta þjónustu hvort sem skylda er að neyta hennar eða ekki. Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður við veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Hvorki liggur fyrir nánari skilgreining á hugtakinu skattur né hugtakinu opinber aðili. Með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð og sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald til stéttarfélags, sem hann er ekki félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Hér er sérstaklega kveðið á um réttarvernd borgaranna gagnvart álagningu skatta. Ekki má framselja vald til ákvörðunar skatta til stjórnvalda og álagning skatta skal vera samkvæmt lögum. Hvorugt er til staðar varðandi það gjald sem fjallað er um í þessu frumvarpi. Upphæð þess er ákveðin á félagsfundi og álagningin er ekki samkvæmt lögum.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða haft nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að aðlaga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Önnur dæmi.

Mörg dæmi eru um greiðsluskyldu einstaklinga og fyrirtækja til félaga, samtaka eða sjóða. Flest dæmanna eru leyst þannig að ríkið sér um innheimtu gjaldsins en Alþingi veitir síðan aftur fé á fjárlögum til viðkomandi móttakanda greiðslu. En þá hefur Alþingi líka í hendi sér að breyta fjárveitingunni, t.d. til lækkunar. Eftirfarandi gjöld sem ekki fara í gegnum fjárlög vekja upp spurningar um framsal skattlagningarvalds og þyrftu að skoðast sem slík:

Búnaðargjald samkvæmt lögum nr. 84/1997 er lagt á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtaka Íslands og Lánasjóðs landbúnaðarins. Það getur ekki talist þjónustugjald þar sem t.d. eignalausum tekjulágum bændum er gert að greiða gjaldið sem að hluta til rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins sem ekki má veita þeim lán. Bændur þurfa að eiga eignir og hafa þokkalegar tekjur til að fá lán. Þetta gjald er því að vissu leyti skattur á fátækt sem nýtist þeim ríku. Búnaðargjald fer í gegnum fjárlög.

Sóknargjald samkvæmt lögum nr. 91/1987 er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi.

Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá Háskólanum umfram aðra menn. Sóknargjöld fara í gegnum fjárlög.

Stefgjald. Í höfundalögum, nr. 72/1973, er kveðið á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki, sem og spólur í slík tæki. Þessi vörugjöld renna til samtaka höfundarréttarfélaga, aðallega listamanna. Hér er um að ræða markaða skattheimtu þar sem réttarhafi teknanna getur ekki talist vera opinber aðili í hefðbundnum skilningi. Athyglisvert er að þessi skattur rennur ekki til höfunda forrita sem oft eru þó geymd á slíkum miðlum. Stefgjald fer ekki í gegnum fjárlög.

Afnotagjald til RÚV. Samkvæmt lögum nr. 122/2000 bera eigendur viðtækja ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins. Útvarpsgjaldið er varla þjónustugjald þar sem einstaklingur þarf að greiða gjaldið jafnvel þó að hann vilji alls ekki horfa á Ríkissjónvarpið heldur t.d. á Skjá einn sem er ókeypis. Afnotagjaldið til RÚV fer ekki í gegnum fjárlög.

Iðnaðarmálagjald. Samkvæmt lögum nr. 134/1993 skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á öll iðnfyrirtæki og rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins. Um þetta gjald gilda að mörgu leyti sömu rök og færð hafa verið gegn skyldugreiðslu til stéttarfélaga hér að framan. Iðnaðarmálagjald fer í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög.

Fiskræktarsjóður. Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er ákvæði um að greitt sé af 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings eða stórnotenda, til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hér gildir að viðtakandinn er ekki opinber aðili. Samkvæmt lögunum skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Virðist sú lagasetning ganga þvert á ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þetta gjald vatnsaflsstöðva til fiskræktarsjóðs fer í gegnum fjárlög.

Árið 1992 skrifaði Elín Blöndal kandídatsritgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands sem fjallar um neikvætt félagafrelsi. Í ritgerðinni kemur fram að nokkur dæmi séu um skyldu til að vera í félagi í íslenskri löggjöf og henni megi skipta í tvennt, beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu.

Bein félagaskylda leiðir til skyldu einstaklings að lögum til að vera í ákveðnum félagasamtökum og er viðkomandi þá fullgildur félagi með þeim réttindum og skyldum sem af því leiðir. Sem dæmi um beina félagaskyldu má nefna skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands. Í því sambandi má nefna að menn eru ekki skyldugir að neinu leyti til að sækja um lögmannsréttindi. Menn velja að sækja um þessi starfsréttindi og því fylgir um leið umsókn um aðild að Lögmannafélaginu, sem rökstyðja má með hlutdeild og hlutverki lögmanna í dómskerfinu.

Þá má einnig nefna sem dæmi skyldu húseigenda til að eiga aðild að húsfélagi skv. 13. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Þessi skylda fylgir því að eiga hlut í fjöleignarhúsi.

Óbein félagaskylda felur það í sér að viðkomandi verður ekki sjálfkrafa meðlimur viðkomandi félags heldur leggur viðkomandi lagaákvæði á ófélagsbundinn einstakling skyldur

og/eða veitir honum réttindi sem fullgildir félagar njóta. Þá getur óbein félagaskylda falið í sér að einstaklingum sé með lögum gert ókleift að standa utan ákveðinna félaga vilji þeir njóta ákveðinna réttinda.

Fram kemur í ritgerð Elínar Blöndal að 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, feli í sér óbeina félagsskyldu. Stéttarfélög opinberra starfsmanna semja um lágmarkskjör fyrir alla opinbera starfsmenn án tillits til félagsaðildar. Það að ófélagsbundnir starfsmenn verði einnig að greiða gjald í félögin er rökstutt með því að um sé að ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna sem hinir ófélagsbundnu njóti á sama hátt og skráðir félagar.

Því hefur verið haldið fram að samningsgjaldið sé ekki félagsgjald, enda veiti það hvorki réttindi né skyldur í viðkomandi stéttarfélagi umfram fyrrgreind afnot af kjarasamningi þess. Gjaldið feli því ekki í sér þvingaða félagsaðild. Hins vegar má benda á, gagnstæðri niðurstöðu til stuðnings, að slík gjaldtaka hlýtur að fela í sér a.m.k. óbeina félaganauðung þar sem einstaklingar hljóta, af tveimur kostum, fremur að kjósa að gerast félagar, verði þeir á annað borð að greiða félagsgjaldið, þar sem þeir öðlast þá a.m.k. önnur þau réttindi sem stéttarfélagsaðild veitir. Hér er heldur ekki um að ræða að launamenn geti án sérstakra kvaða valið hvort þeir vilji hafa eitthvað saman við viðkomandi stéttarfélag að sælda eða ekki heldur er beinlínis lögbundið að svo skuli vera. Það hvort einstaklingar eru formlegir félagar eða ekki hlýtur að teljast aukaatriði samkvæmt því.

Í ritgerð sinni segir Elín Blöndal loks að 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkað þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins (agency shop), sé brot á ákvæðinu.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um aukna notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa í samgöngum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Mörður Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera heildstæða áætlun um aðgerðir til að auka notkun farartækja sem nýta endurnýjanlega, innlenda orkugjafa. Miðað verði við að árið 2020 verði fjórðungur nýrra bifreiða knúinn slíkum orkugjöfum.

Áætlunin feli meðal annars í sér tillögur um lagabreytingar er veiti fjármálaráðherra heimild til að fella niður svo lengi sem þurfa þykir öll opinber gjöld, svo sem virðisaukaskatt, vörugjöld og þungaskatt:

a. af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa,
b. af búnaði sem nýttur er til að framleiða nýja endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi,
c. af endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleiddir er hér á landi í því skyni að knýja samgöngutæki.

Áætlunin feli jafnframt í sér tillögur að samstarfi ríkis við sveitarfélög um aðgerðir sem hvetja til nýtingar innlendra orkugjafa, svo sem tímabundna styrki vegna almenningsvagna, um rannsóknir sem ýtt gætu undir þróun vistvænna samgangna og um aðrar aðgerðir sem gætu dregið úr mengun frá samgöngutækjum.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en fyrir lok vorþings 2005.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Samgöngur valda gríðarlegri mengun í formi gróðurhúsalofttegunda sem verða til við bruna eldsneytis sem á uppruna sinn í jörðu. Gróðurhúsalofttegundirnar verða að eins konar hitagildru sem kemur í veg fyrir að hiti geislist frá jörðu út í geiminn. Hlýnun á sér því stað í andrúmsloftinu. Ekki er lengur deilt um að hlýnunin geti raskað umhverfi jarðarinnar verulega. Auk þess veldur brennsla jarðefnaeldsneytis í farartækjum margvíslegri loftmengun sem m.a. hefur áhrif á heilsu fólks. Minni notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum mun því til lengri tíma einnig auka heilbrigði og lífsgæði samfara því að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

Áhrif vaxandi styrks gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti gætu orðið geigvænleg. Breytt straumakerfi sem drægi úr Golfstraumnum gæti hugsanlega haft mikil áhrif á gengd fiskstofna og búsetuskilyrði meðal annars í okkar heimshluta. Rannsóknir á borkjörnum úr Grænlandsjökli, þar sem íslenskir vísindamenn hafa verið í forustu, benda til að skjót hlýnun andrúmsloftsins geti verið undanfari ísalda sem skella á með litlum fyrirvara. Hröð hlýnun af völdum útstreymis gróðurhúsalofttegunda hefur því verið skilgreind sem ein mesta vá sem steðjar að mannkyninu. Víðs vegar um heim eru stjórnvöld að grípa til aðgerða gegn henni. Kyoto-samningurinn er besta dæmið.

Sérstaða Íslands.

Miklar vonir standa til að innan fárra ára hefjist fjöldaframleiðsla farartækja sem knúin verða með mengunarlausum orkuberum í stað mengandi jarðefnaeldsneytis. Tækist það yrðu tímamót í umhverfisvernd. Í þessari þróun eiga Íslendingar kost á að leika veigamikið hlutverk. Náttúrulegar auðlindir okkar bjóða upp á fágæta möguleika til að þróa samgöngur sem byggjast að langstærstum hluta á innlendum orkugjöfum. Þar ber að sönnu hæst þá miklu möguleika sem felast í að nýta vetni og rafmagn til samgangna, en ekki má heldur horfa fram hjá tækifærum sem liggja í að nota metan og metanól. Notkun tveggja síðasttöldu orkuberanna er að sönnu ekki laus við myndun gróðurhúsalofttegunda, en mengun af þeirra völdum er hins vegar miklu minni en vegna olíu og bensíns. Því er einnig mikilvægt að búa í haginn fyrir notkun þeirra. Þá er einnig rétt að hafa í huga að áætlanir um skógrækt í atvinnuskyni sem nú eru komnar til framkvæmda í öllum landshlutum munu í framtíðinni gefa af sér afurðir sem gætu nýst vel til framleiðslu á lífrænu endurnýjanlegu eldsneyti en hún er líkleg til að auka arðsemi þeirra verkefna. Í þessari tillögu eru samgöngur sem byggjast á öllum framangreindum innlendum orkugjöfum því skilgreindar sem endurnýjanlegar samgöngur. Heimildirnar sem lagt er til í þessari þingsályktunartillögu að stjórnvöld fái ná sömuleiðis til allra áðurgreindra orkugjafa.

Við framleiðslu endurnýjanlegra orkubera, svo sem vetnis og rafmagns, verða flestar þjóðir að nýta að einhverju marki eldsneyti eða hráefni sem er af uppruna jarðefna og fæst með námagreftri, svo sem kol, olíu eða jarðgas. Við umbreytingu þeirra í hreina orkugjafa verður jafnan einhver losun gróðurhúsalofttegunda. Íslendingar, nær einir þjóða, eiga hins vegar kost á því að nýta náttúrulegar, endurnýjanlegar auðlindir í formi vatnsafls og jarðhita,

til að framleiða vetni og rafmagn án þess að nokkur losun gróðurhúsalofttegunda verði við framleiðsluna. Í þessu felst mikilvæg sérstaða Íslands.

Íslendingar búa ekki aðeins að endurnýjanlegum auðlindum. Hér á landi er einnig einstök þekking og reynsla í framleiðslu þessara orkugjafa. Við Háskóla Íslands hefur dr. Bragi Árnason unnið ómetanlegt starf við þróun á framleiðslu vetnis og nýtingu þess til samgangna. Dr. Bragi hefur m.a. kynnt stórmerkar hugmyndir sem byggjast á því að nýta útblástur frá stóriðjuverunum til að framleiða metanól, en í slíku framleiðsluferli fellur það vel undir skilgreiningu á endurnýjanlegu eldsneyti. Þá er ónefnt framlag Íslenskrar nýorku ehf. á sviði vetnisnýtingar, sem vakið hefur heimsathygli. Fyrirtækið rekur fyrstu og einu vetnisdreifingarstöð Íslendinga í samvinnu við olíufyrirtæki og sömuleiðis nokkra almenningsvagna sem ganga fyrir vetni, auk þess að sinna þróunar- og rannsóknarvinnu varðandi vetni. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þekkingu okkar Íslendinga á sviði raforkuframleiðslu. Fyrir utan mikla þekkingu á virkjun fallvatna er hvergi í heiminum jafnmikil reynsla og á Íslandi af því að framleiða rafmagn úr jarðhita.

Íslendingar ættu því að geta lagt mikið af mörkum til umhverfisverndar í heiminum með því að þróa þá tækni sem þarf til að nýta mengunarlausa orkugjafa til samgangna. Mikil orka í formi jarðhita er víða ónýtt. Má í því sambandi rifja upp frumkvæði Samfylkingarinnar varðandi orkuvinnslu úr lághita en þingsályktunartillaga flokksins, sem Örlygur Hnefill Jónsson var fyrsti flutningsmaður að, var samþykkt á Alþingi 3. maí 2002. Sömuleiðis eru sums staðar góðar aðstæður hér á landi til að framleiða orku með vindmyllum, en þeirri tækni fleygir nú fram erlendis auk þess sem Íslendingar hafa sinnt rannsóknum á beislun vindafls. Engin ástæða er til að ætla annað en hér á landi verði framleidd orka með þeim hætti í framtíðinni. Við bestu aðstæður gætum við orðið útflytjendur á vetni til að knýja samgöngur utan Íslands. Frumkvæði og forganga Íslands á þessu sviði getur því ef rétt er á haldið einnig skapað margvísleg efnahagsleg tækifæri.

Sérstaða okkar Íslendinga í þessum efnum er slík að fullyrða má að okkur beri siðferðileg skylda til að taka að okkur forustuhlutverk í þessum efnum.

Nýir möguleikar.

Tvennt hefur einkum háð útbreiðslu ökutækja sem ganga fyrir umhverfisvænu eldsneyti. Í fyrsta lagi er fjárfestingarkostnaður við uppbyggingu á dreifikerfi mengunarlausra orkubera ákaflega mikill. Hann er eðlilega erfitt að kljúfa meðan notkun vistvænna ökutækja er enn mjög lítil hlutfallslega. Hér á landi skipti efalítið sköpum að vetnisstöðina sem fyrr var nefnd styrkti Evrópusambandið með framlagi sem nam 40% af stofnkostnaði. Meðal brýnustu framtíðarverkefna við uppbyggingu vistvænna samgangna hér á landi er því að þróa skipulag sem auðveldar uppbyggingu neytendavænna eldsneytisstöðva (á ensku kallað „Customer Accepted Infrastructure“) án þess að skekkja til frambúðar samkeppnisstöðu á eldsneytismarkaði.

Í öðru lagi hefur mjög hátt verð á bifreiðum háð mjög útbreiðslu þeirra. Sums staðar hafa ríkisstjórnir því farið þá leið að niðurgreiða slík ökutæki. Frönsk stjórnvöld reyndu á sínum tíma að örva notkun rafbíla til einkanota með því að greiða 2.000 franka með hverjum bíl. Í þessu samhengi verður að líta bæði til stofnkostnaðar og reksturs ökutækja. Beinar niðurgreiðslur geta hugsanlega komið til greina í einstaka tilvikum, svo sem gagnvart almenningsvögnum, meðan verið er að efla samgöngur sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum. Að jafnaði telur þó Samfylkingin vænlegra að beita fremur tímabundnum skattaívilnunum sem tengjast stofnkostnaði og notkun ökutækja, til að draga úr verðmun og reksturskostnaði á hefðbundnum farartækjum og þeim sem nota endurnýjanlega orkugjafa. Á hinn bóginn

leggja flutningsmenn áherslu á að slíkum ívilnunum verði einungis beitt tímabundið meðan verið er að ýta undir innleiðingu nýjustu tækni þannig að hún verði samkeppnishæf við eldri tækni sem mengar mun meira.

Í þessu ljósi leggur því Samfylkingin til að fjármálaráðherra fái tímabundna heimild til að fella niður öll opinber gjöld af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa og jafnframt að sama gildi um slíka orkugjafa sem eru framleiddir hér á landi. Orðalagið „nýir" endurnýjanlegir orkugjafar sem notað er í tillögugreininni varðandi búnað felur í sér að heimild ráðherrans skuli ná til búnaðar við framleiðslu nýrra orkugjafa, svo sem vetnis, metans og metanóls en ekki til rafmagns. Ástæðan er sú að ekki er hægt að afmarka framleiðslu raforku til samgangna frá raforkuframleiðslu í öðru skyni. Einnig er lagt til að opinber gjöld skuli falla niður af endurnýjanlegu eldsneyti. Það kann að sönnu að orka tvímælis þar sem nauðsynlegt er að horfa til þess að fjármagn þarf til að byggja áfram upp samgöngukerfi landsmanna. Verði tillagan samþykkt mun það hins vegar verða í hendi fjármálaráðherra hverju sinni að meta hversu lengi slík gjöld skuli felld niður og í hve miklum mæli.

Fjöldaframleiðsla á döfinni.

Þær tillögur sem hér eru reifaðar ber að skoða í samhengi við framfarir sem nú hillir undir í gerð vistvænna ökutækja. Þróun tvinnbíla (hybrid), þar sem notast er við tvenns konar orkugjafa, til dæmis rafmagn og bensín, hefur fleygt fram og má gera ráð fyrir fjöldaframleiðslu þeirra innan tiltölulega fárra ára. Miklu meiru skiptir þó fyrir Íslendinga að þróun og framleiðsla vetnisbíla er senn að komast á flugstig. Á allra næstu árum fyrirhuga stórir bílaframleiðendur fjöldaframleiðslu á tvinnbílum sem nýta að mestu leyti vetni. Daimler–Chrysler hyggst á árunum 2008–2012 hefja framleiðslu vetnisbíla og framleiða nokkur hundruð á ári, hugsanlega nokkur þúsund. Fyrirtækið áformar svo fjöldaframleiðslu slíkra bíla 2012–2015. Þess ber að geta að miklar vonir eru bundnar við að framleiðsla vetnisbíla sem nýta vetni á sprengihreyfil komi fyrr á markaðinn, jafnvel á árabilinu 2006–2009.

Um leið og fjöldaframleiðsla á tvinnbílum hefst er fyrirsjáanleg mikil verðlækkun á bílum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa. Leiða má rök að því að verði ráðist í þær aðgerðir sem tillaga þessi felur í sér, þá verði þeir samkeppnisfærir í verði gagnvart hefðbundnum bílum innan skamms tíma. Það mundi marka tímamót í vistvænum samgöngum hér á landi og opna upp á gátt dyrnar fyrir notkun innlendra orkugjafa.

Samstarf um nýtingu metans.

Auk vetnis og rafmagns er metangas orkugjafi sem fellur til innan lands og er þegar notað til að knýja bíla. Tæknin, sem þarf til þess, er vel þekkt og þaulreynd. Metangas verður til við niðurbrot lífrænna efna og töluvert magn af því fellur til í urðunarsvæðum. Það má einnig framleiða úr hvers kyns lífrænum úrgangi sem erfitt er að losna við, svo sem sláturúrgangi, fiskúrgangi, lífrænum eldhúsúrgangi, mykju, hrossataði, hænsnaskít, skógarúrgangi og öðrum úrgangi frá landbúnaði. Slík framleiðsla á metani er í fullum gangi víða erlendis, svo sem í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Sviss, Austurríki, Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Þá er einnig mjög algengt að hluti af skolphreinsikerfum sé gasgerð úr úrgangi sem fellur til við hreinsunina. Þar eð loftmengun er víða vandamál í stórborgum hafa yfirvöld margra þeirra haft frumkvæði að því að nýta metangas til að knýja bifreiðar í sinni þjónustu. Má þar sérstaklega nefna Stokkhólm, þar sem notkun metanbíla er einna útbreiddust.

Sorpa hefur sýnt lofsvert frumkvæði á þessu sviði. Fyrirtækið Metan hf., sem Sorpa stofnaði og á meiri hluta í, markaðssetur metangas sem til verður á urðunarsvæði höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Magnið, sem þar fellur til, gæti dugað til að knýja 2.000–4.000 bíla. Á

höfuðborgarsvæðinu eru nú 44 ökutæki sem ganga fyrir metani, rekin af ýmsum fyrirtækjum. Reykjavíkurborg hefur stutt frumkvæði Sorpu dyggilega og til dæmis hefur borgarráð einróma samþykkt að breyta sorpbílaflotanum í metanknúin ökutæki.

Eins og þegar er komið fram er efni þessarar tillögu Samfylkingarinnar hins vegar ekki einskorðað við vetni eða rafmagn heldur nær einnig til orkugjafa úr lífrænu endurnýjanlegu hráefni, eins og metangasi, sem valda miklu minni mengun en bensín og olía. Samþykkt tillögu þessarar yrði því mikil lyftistöng undir frumkvæði Sorpu á þessu sviði.

Samstarf við sveitarfélög.

Í tillögu þessari til þingsályktunar er m.a. lagt til sérstakt samstarf ríkis við sveitarfélög um aðgerðir til að auka notkun innlendra, endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. Þar er reifaður sá möguleiki að sveitarfélög geti notið tímabundinna styrkja meðan verið er að byggja upp almenningssamgöngur á þeim grunni. Í dag eru almenningsvagnar sem knúðir eru vetni um fimmfalt dýrari í innkaupum hér á landi en hefðbundnir vagnar. Það er því ljóst að mjög erfitt verður að þróa almenningssamgöngur sem byggjast á vetnistækni nema til komi einhvers konar tímabundin aðstoð í upphafi. Í tillögunni er sérstaklega drepið á þann möguleika að ívilna ökutækjum á öðrum sviðum en lúta að beinni skattheimtu ríkis. Í Noregi þarf ekki að greiða virðisaukaskatt eða þungaskatt af rafbílum samkvæmt frétt Ríkissjónvarpsins 21.9. 2003, þeim er að auki sleppt við vega- og jarðgangatolla og fá ókeypis aðgang að opinberum bílahúsum og stæðum. Þeir njóta jafnframt þeirra forréttinda að fá að aka á akreinum sem einungis eru ætlaðar strætisvögnum. Í sömu frétt segir seljandi Peugeot-rafbíla að salan hafi tífaldast. Efalítið eiga framangreindar stjórnvaldsaðgerðir mestan þátt í því.

Reynsla Norðmanna sýnir því að samstarf sveitarfélaga og ríkis er mikilvægt til að ná góðum árangri. Ívilnanir sem ekki varða beinlínis ríkið sjálft er því nauðsynlegt að skoða einnig hér á landi. Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga gæti til dæmis falið í sér að ríkið felldi niður sín gjöld gegn því að sveitarfélögin gripu til áðurnefndra ráðstafana. Ávinningur ríkisins væri að því yrði auðveldara að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Þess má geta að Svíar hafa reiknað út að þjóðhagslegur sparnaður af notkun strætisvagna sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku í Stokkhólmi sé að andvirði um 100.000 bandaríkjadalir á hvern vagn á ári. Sá útreikningur miðast við svokallað líftímagreiningu, þ.e. sparnað sem verður í heilbrigðiskerfinu vegna minni loftmengunar, sparnað vegna minni mengunarskemmda á mannvirkjum, sparnað vegna minni loftmengunar, og vegna minni notkunar á innfluttu jarðefnaeldsneyti. Hér er því um gríðarlega fjármuni að tefla fyrir utan þau jákvæðu áhrif sem vistvænar samgöngur hefðu fyrir vernd umhverfisins.

Nauðsyn aðgerða.

Í ritinu „Velferð til framtíðar" hafa íslensk stjórnvöld markað stefnu um sjálfbæra þróun fram til ársins 2020. Þar axla Íslendingar þá skuldbindingu að draga með virkum hætti úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra til að minnka hættuna á alvarlegri röskun á veðrakerfum jarðarinnar. Allt bendir til að brýnt sé að Íslendingar ráðist í átak í þessum efnum, ekki síst á sviði samgangna. Bílum fjölgar hér langt umfram fjölgun íbúa. Árið 2000 voru bílar orðnir 180 þúsund og hafði þá fjölgað um 80% milli áranna 1980 og 2000 á sama tíma og þjóðinni fjölgaði um 24%. Þessar upplýsingar er að finna í samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi 13. mars 2003. Góðar horfur um hagvöxt og áætlanir um auknar samgöngubætur á næstu árum munu enn ýta undir bílaeign landsmanna. Að sama skapi mun því útstreymi gróðurhúsalofttegunda vaxa ef ekki verður gripið til aðgerða. Þetta

speglast ljóslega í spá íslensku ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í skýrslu hennar frá apríl 2003 til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Þar spáir ríkisstjórnin því að losun frá samgöngum kunni að aukast um 42,6% frá 1990 til 2020.

Þessu mætti hins vegar gjörbreyta með því að gera verulegt átak til að örva notkun innlendra mengunarlausra orkugjafa. Á vegum stjórnar Veitustofnana Reykjavíkurborgar var í nóvember 1998 lögð fram skýrsla um endurnýjanlegar samgöngur þar sem fram koma upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegundarinnar CO_2 frá bílum. Á grundvelli þeirra má komast að þeirri niðurstöðu að ef 100 þúsund bílar nýttu innlenda, endurnýjanlega orkugjafa í stað hefðbundins eldsneytis mundi losun CO_2 minnka árlega um 300 þúsund tonn. Það svarar til næstum fimmtungs af heildarlosun landsmanna.

Undanþáguheimildir núgildandi laga.

Þrenns konar ákvæði er að finna í gildandi lögum um ívilnanir gagnvart bifreiðum sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti. Tvö þeirra eru þó bráðabirgðaákvæði og annað fellur úr gildi í árslok 2004.

Fyrra ákvæðið, sem er bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., mælir fyrir um að vörugjald af bifreiðum sem eru búnar vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns skuli vera 120 þús. kr. lægra en ella væri samkvæmt lögunum. Það ákvæði féll illu heilli úr gildi í í árslok 2003 en var síðan sett inn að nýju með lögum nr. 29/2004 og gildir til ársloka 2006. Ákvæðið heimilar þó ekki afslátt af vörugjaldi í tilviki bifreiða sem nýta vetni.

Hitt bráðabirgðaákvæðið er nr. VIII í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Þar segir, að bifreiðar sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en hefðbundið eldsneyti skuli undanþegnar greiðslu þungaskatts. Þar er um mikilvægt ákvæði að ræða þar sem það virðist samkvæmt orðanna hljóðan ná yfir bæði tvinnbíla og bíla sem nota einvörðungu óhefðbundinn orkugjafa. Sá böggull fylgir þó skammrifi að ákvæðið fellur úr gildi 31. desember 2004.

Eina ákvæðið sem nú er í lögum og ívilnar varanlega samgöngutækjum sem nota óhefðbundið eldsneyti er að finna í 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Þar er kveðið á um að ekki þurfi að greiða vörugjald af þeim ökutækjum sem „hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni". Þetta ákvæði gildir hins vegar ekki um tvinnbíla, þar sem notast er við tvenns konar orkugjafa, og bensín er að jafnaði annar orkugjafinn. Eins og þegar er lýst er hins vegar á döfinni fjöldaframleiðsla á tvinnbílum og líklegt að hún verði einmitt grunnur næstu byltingar á sviði vistvænna samgangna. Það er því afar brýnt til að ná takmarkinu sem sett er með þessari tillögu að allar ívilnanir nái til tvinnbíla.

Í ljósi þeirra raka sem hér hafa verið reifuð, og þess hversu lítið tillit er tekið í lögum um opinber gjöld til farartækja sem nýta endurnýjanlegt, innlent eldsneyti er ljóst að ríka nauðsyn ber til að endurskoða lög með það í huga að ýta eins og kostur er undir notkun innlendra, endurnýjanlegra orkugjafa. Það er tilgangur þessarar þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar sem felur í sér stefnu flokksins á þessu sviði.

53. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum.

Nefndina skipi fulltrúi landlæknisembættisins, Læknafélags Íslands, Siðfræðistofnunar, Prestafélags Íslands, vísindasiðanefndar, læknadeildar Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúss, Krabbameinsfélagsins og heilbrigðisráðuneytisins. Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins verði formaður nefndarinnar. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 2006 og skulu niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum lagðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Víða um heim fer nú fram umræða um notkun stofnfrumna úr fósturvísum manna í læknisfræðilegum tilgangi og fer umræðan fram á vettvangi siðfræði, vísinda, trúar og stjórnmála. Um er að ræða unga vísindagrein, en rannsóknir hófust á níunda áratugnum. Þegar hefur náðst mikill árangur í rannsóknum á eiginleikum stofnfrumna í því markmiði að nýta þær í náinni framtíð til lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Þó að miklar vonir séu bundnar við notkun þessara frumna ber þess að geta enn finnst engin lækning þar sem stofnfrumum úr fósturvísum er beitt.

Hér á landi er ekki heimilt samkvæmt lögum að vinna með stofnfrumur úr fósturvísum manna. Lög um tæknifrjóvganir frá 1996 banna hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum manna, ef þær eru ekki liður í glasafrjóvgunarmeðferð eða greiningum arfgengra sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Á það hefur þó verið bent að þessi lög voru sett hér á landi tveimur árum áður en rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum manna hófust að ráði árið 1998. Íslenskir vísindamenn hafa hins vegar unnið að rannsóknum á vefjasértækum stofnfrumum og í Blóðbankanum hefur verið unnið með blóðmyndandi stofnfrumur frá árinu 1995. Nýlega er hafin hér á landi stofnfrumumeðferð sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, en Íslendingar hafa þurft að sækja slíka meðferð til útlanda. Slíkri meðferð er beint gegn ýmsum illkynja blóðsjúkdómum. Komið hefur fram í fjölmiðlum að eigin stofnfrumur hafi verið græddar í sex einstaklinga hér á landi nú á þessu ári eftir lyfjameðferð við illkynja blóðsjúkdómum, en batavonir sjúklinga hafa aukist við meðferðina.

Rannsóknir vísindamanna beinast fyrst og fremst að því að nýta með upplýstu samþykki kynfrumugjafa umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvganir og ella yrði eytt. Enn sem komið er hefur ekki fengist nein niðurstaða um það hvort hægt sé að nota stofnfrumur til lækninga, en vísindamenn beina sjónum sínum að því að hægt sé að lækna sjúkdóma eins og alzheimer, sykursýki, mænuskaða og parkinsonsveiki.

Í nýlegu viðtali við Þórarin Guðjónsson, doktor í frumulíffræði, kemur fram að stofnfrumurannsóknir miði að því að nýta stofnfrumur til lækninga á ýmsum vefjarýrnunarsjúkdómum þar sem frumur hafa skemmst. Sérstaklega hafi sjónum verið beint að svokölluðum stofnfrumum úr fósturvísum manna, þ.e. fósturvísum sem verða til við glasafrjóvganir og er ekki ætlað að verða að fóstrum og því eytt. Rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum eru umdeildar, ekki síst út frá siðfræðilegum sjónarmiðum. Til marks um það má benda á að

stofnfrumurannsóknir eru orðnar að kosningamáli í Bandaríkjunum en Bush forseti bannaði opinberan fjárstuðning ríkisins við rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum, en Kerry, frambjóðandi demókrata til forsetakjörs, hefur nú sagt að nái hann kjöri muni hann aflétta þessu banni.

Í nýlegri grein í Læknablaðinu kemur fram að í mörgum löndum hafi verið losað um hömlur á rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum. Svíar og Bretar eru mjög virkir í slíkum rannsóknum, en þær eru t.d. bannaðar í Noregi, og í Danmörku er nú mjög til umræðu að leyfa þær. Þórarinn Guðjónsson, doktor í frumulíffræði, segir í greininni að til sé að verða ný vísindagrein innan lífvísindanna sem nefna megi vefjaverkfræði. Standi þessar rannsóknir undir væntingum séu í raun fá takmörk fyrir því til hvers megi nota stofnfrumur. Þar á hann bæði við viðgerðir á vefjum og uppbyggingu heilla líffæra en þar við bætist að stofnfrumur gætu nýst afar vel til þess að prófa á þeim virkni og sérhæfni lyfja. Með því móti sé hægt að stytta tímann sem nú fer í lyfjaprófanir á mönnum og draga verulega úr kostnaði við lyfjaþróun. Fram kom einnig hjá Þórarni að stofnfrumurannsóknir úr fósturvísum manna séu leyfðar í mörgum löndum, að sjálfsögðu með mjög ströngum skilyrðum sem varða siðfræðileg álitamál, persónuvernd og margt fleira.

Ástæða er til að ítreka að ekki liggur enn fyrir hvort hægt verður að nota þessar stofnfrumur til lækninga. Sumir vara líka við of mikilli bjartsýni í þessum efnum. Í Læknablaðinu á sl. ári er grein um eiginleika stofnfrumna; frumusérhæfing og ný meðferðarúrræði eftir Þórarin Guðjónsson og Eirík Steingrímsson. Þar kemur eftirfarandi fram í samantekt þeirra um efnið: „Ekki leikur nokkur vafi á að rannsóknir á stofnfrumum hafa veitt mikilvægar upplýsingar um þroskun og sérhæfingu frumna. Auk þess er ljóst að miklar vonir eru bundnar við notkun stofnfrumna til lækninga. Vara skal þó við of mikilli bjartsýni enda oft erfitt að yfirfæra niðurstöður sem fást í frumurækt eða dýramódelum yfir á manninn." Síðar í samantektinni segir: „Sem stendur er ómögulegt að svara spurningunni um það hvort frekar eigi að nota stofnfrumur úr fósturvísum eða fullorðinsstofnfrumur til lækninga enda eru frekari rannsóknir nauðsynlegar áður en þeirri spurningu verður svarað. Enn fremur er enn ekki ljóst hvort hentugra verði að græða stofnfrumurnar sjálfar í sjúklinga eða leyfa þeim að sérhæfast að hluta eða öllu leyti í rækt fyrir ígræðslu."

Umræðan um stofnfrumurannsóknir hefur blandast saman við umræðuna um einræktun sem hófst að ráði árið 1997 þegar vísindamönnum í Skotlandi tókst að þróa aðferð til að einrækta ána Dolly. Kjarni líkamsfrumu var fluttur yfir í kjarnalaust egg og á þann hátt var hægt að búa til einstakling sem innihélt sama erfðaefnið og var í líkamsfrumunni. Þegar talað er um einræktun er afar brýnt að gera greinarmun á einræktun í æxlunarlegum tilgangi (eins og með Dolly) og einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Í seinna tilfellinu er fósturvísirinn sem verður til við kjarnaflutning einungis ræktaður áfram þar til hann kemst á kímblöðrustig en þá er hægt að einangra stofnfrumur til rannsókna og/eða lækninga. Rannsóknahópur í Newcastle á Englandi hefur nýlega fengið grænt ljós til einræktunar í læknisfræðilegum tilgangi. Áætlunin gengur út á að flytja kjarna úr líkamsfrumu sykursýkissjúklings yfir í kjarnalaust egg og einangra síðan stofnfrumur úr kímblöðrunni sem myndast. Á þann hátt er vonast til að sérhæfa megi frumurnar til þess að framleiða insúlín og græða þær aftur í sjúklinginn. Með þessu móti er hægt að komast fram hjá þeim stóra vanda sem læknavísindin eiga oft við að etja, sem sé að líkaminn hafni frumum sem komið er fyrir í honum. Þess ber að geta að flest nágrannalönd hafa sett lög sem banna einræktun manna í æxlunarlegum tilgangi en eru með til umfjöllunar möguleikann á einræktun í læknisfræðilegum tilgangi.

Nýverið var gerð könnun hér á landi þar sem spurt var um viðhorf til notkunar stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga meðal íslenskra lækna, lögfræðinga og presta. 284

læknar, 293 lögfræðingar og allir starfandi prestar voru markhópurinn í þessari viðhorfskönnun. Markmiðið var að fá fram viðhorf þessara stétta til notkunar á stofnfrumum úr fósturvísum til lækninga, og var niðurstaðan athyglisverð. Einungis 8% þátttakenda lýstu sig algjörlega mótfallna slíkum lækningum og mikill meiri hluti áleit þær réttlætanlegar. Í fræðigrein um þetta efni í Læknablaðinu árið 2003 er niðurstöðunni lýst með eftirfarandi hætti: „Rúmlega 60% þátttakenda taldi að fósturvísir hefði ákveðna siðferðilega sérstöðu umfram aðrar lífverur á sambærilegu þroskaskeiði. Þeir sem töldu fósturvísi hafa siðferðilegt gildi á við manneskju voru um 20% og tæplega 18% að fósturvísar nytu ekki siðferðisréttar umfram aðra frumuklasa. Munur var á milli stétta. Mikill meiri hluti áleit notkun stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga réttlætanlega, en í huga margra skipti það máli með hvaða hætti fósturvísirinn hefði orðið til. Tæplega 8% þátttakenda setti sig alfarið á móti lækningum með stofnfrumum. Af þeim sem álitu notkun stofnfrumna í læknisfræðilegum tilgangi réttlætanlega töldu 71% að eðli sjúkdómsins skipti máli og að aðeins eigi að beita slíkum aðferðum þegar fengist er við alvarlega sjúkdóma. 64% lækna og 68% lögfræðinga taldi einræktun í því skyni að meðhöndla Parkinsonssjúkling réttlætanlega samanborið við 40% presta og heldur fleiri karlar en konur, 64% karla borið saman við 52% kvenna. Mikill meiri hluti (87%) taldi þörf á þjóðfélagslegri umræðu um þessi mál.“ Ályktanir sem dregnar af þessari niðurstöðu í greininni eru þessar: „Almennt eru þátttakendur frjálslyndir gagnvart notkun stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga. Frjálslyndi gagnvart einræktun í lækningaskyni er athyglisvert, en mikill styr hefur staðið um slíkar aðgerðir í flestum ríkjum. Þörf er á upplýsingu og umræðu.“

Það er megintilgangur og markmið með flutningi þessarar tillögu að Alþingi móti stefnu um hvort heimila eigi með lögum að nota stofnfrumur úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga alvarlegra sjúkdóma, en sú úttekt sem hér er lögð til ætti að auðvelda ákvarðanir í þessu efni. Mikilvægt er að sú ákvörðun verði tekin á grundvelli ítarlegrar og upplýstrar umræðu í þjóðfélaginu, á Alþingi og innan heilbrigðis- og vísindasamfélagsins.

54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um úttekt á fjárþörf Samkeppnisstofnunar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að láta fara fram úttekt á fjárþörf Samkeppnisstofnunar. Úttekt og kostnaðargreining verði unnin af hlutlausum aðilum, sem falið verði að meta út frá reynslu síðustu tíu ára hver þörfin sé fyrir eftirlit samkeppnisyfirvalda með íslensku viðskiptalífi og hver áætlaður kostnaður af því eftirliti sé, þar á meðal af rannsókn mála sem nauðsynlegt er að stofnunin hafi sjálf frumkvæði að. Einnig verði kannaður áætlaður kostnaður við eftirlit sem Samkeppnisstofnun er ætlað að sinna á grundvelli annarra laga en samkeppnislaga.

Niðurstaða verði lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings og fjárveiting til Samkeppnisstofnunar taki mið af niðurstöðu úttektarinnar.

Greinargerð.

Með þessari tillögu er gert ráð fyrir að úttekt og kostnaðargreining fari fram á starfsemi Samkeppnisstofnunar en hugmynd um slíka úttekt setti forstjóri stofnunarinnar fram í ársskýrslu hennar fyrir árið 2003. Á umliðnum árum hefur iðulega komið fram að Samkeppnisstofnun hefur verið illa í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sökum manneklu og fjársveltis. Samkeppnislög hafa verið í gildi í rúmlega tíu ár. Á þeim áratug hafa orðið gífurlegar breytingar í atvinnulífinu og samkeppnisumhverfi í viðskiptalífinu og allt lagaumhverfi þess hefur tekið miklum breytingum, m.a. vegna alþjóðlegrar þróunar og skuldbindinga sem Íslendingar hafa undirgengist. Með auknu frelsi í viðskiptalífinu og aukinni samkeppni hafa verkefnin sem Samkeppnisstofnun sinnir á grundvelli samkeppnislaga því margfaldast, auk þess sem mörgum nýjum verkefnum hefur verið bætt á stofnunina með öðrum lögum eins og lögum um neytendalán, fjarskiptalögum o.fl.

Samkeppnisstofnun hefur margsinnis, m.a. í síðustu ársskýrslu sinni, bent á að starfsmannahald hjá stofnuninni hafi ekki þróast í samræmi við aukin umsvif og verkefni. M.a. hefur stofnunin bent á að í upphafi árs 2003 hafi 80–90 samkeppnismál beðið úrlausnar og að á síðustu árum hafi kraftar samkeppnisyfirvalda farið í að sinna eftirliti og athugunum á samkeppnishindrandi samráði fyrirtækja og samkeppnishamlandi hegðun markaðsráðandi fyrirtækja. Umfangsmiklar rannsóknir eftirlitsaðila með markaðnum, sem vaxið hafa verulega á umliðnum árum, hafa tekið sífellt meiri tíma hjá stofnuninni og ná gögn sem rannsaka þarf í einstökum málum yfir allt að níu ára tímabil. Má þar t.d. nefna rannsóknina á vátryggingamarkaðnum sem tók mörg ár og lyktaði með því að samkeppnisyfirvöld töldu brot tryggingafélaganna alvarleg en sektuðu þau ekki vegna þess hve langan tíma rannsóknin tók. Sú rannsókn kostaði skattgreiðendur hátt í 40 millj. kr. sem eru rúmlega 20% af árstekjum Samkeppnisstofnunar.

Með sívaxandi umsvifum fyrirtækja jafnt hérlendis sem erlendis og frelsi í viðskiptum er afar brýnt að starfsumhverfi eftirlitsstofnana sé öflugt og sterkt svo að það ráði við að veita markaðnum það aðhald sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir fákeppni og hringamyndun í viðskiptalífinu. Þar eiga almannahagsmunir að vera í fyrirrúmi en ekki sérhagsmunir og hagsmunir neytenda og alls almennings eiga að hafa forgang. Það verður best gert með öflugum eftirlitsstofnunum eins og Samkeppnisstofnun.

Tillaga þessi felur í sér að ráðist verði þegar í stað í úttekt á þörf Samkeppnisstofnunar á fjármagni og mannskap til að hún geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við samkeppnislög og ákvæði í öðrum lögum. Mikilvægt er að fá fram slíka kostnaðargreiningu unna af hlutlausum aðilum þar sem til grundvallar verði lögð reynsla síðustu tíu ára af starfi Samkeppnisstofnunar. Það mun auðvelda stjórnvöldum og löggjafarþingi að leggja mat á nauðsynleg fjárframlög til stofnunarinnar svo hún geti haldið uppi öflugu og virku eftirliti með viðskiptalífinu til hagsbóta fyrir allan almenning. Þeir fjármunir sem í það fara skila sér margfalt aftur í lægra vöruverði og betri þjónustu við neytendur.

55. Frumvarp til laga [55. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 70. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 75. gr. laganna orðast svo: Þó er einstökum stofnfjáreigendum og þeim sem náin tengsl eru á milli, sbr. 2. mgr. 18. gr., eða tengdir eru nánum sifjatengslum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að við mat á því hvaða magn atkvæða hver má fara með á fundi stofnfjáreigenda í sparisjóði skuli litið bæði til tengsla milli félaga og fyrirtækja, sbr. þá 2. mgr. 18. gr. laganna, og sifjatengsla á milli einstaklinga. Með „nánum sifjatengslum“ er hér átt við systkin, maka, foreldra og börn.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Það verði m.a. gert á eftirfarandi hátt:

a. Stofnaður verði sjóður með lið í fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna. Hluta sjóðsins verði varið til þess að tryggja þátttöku sömu hópa í alþjóðlegu starfi.
b. Jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 128. og 130. löggjafarþingi en varð í hvorugt skiptið útrædd. Henni var vísað til félagsmálanefndar til umfjöllunar. Eftirtaldir sendu nefndinni umsögn um tillöguna: Bandalag háskólamanna, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, jafnréttisráðgjafinn í Reykjavík, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands og félagsmálaráðuneytið. Allir þessir aðilar lýstu yfir ánægju og stuðningi við tillöguna utan félagsmálaráðuneytið, sem taldi hana ekki tímabæra vegna þess

hversu lítil reynsla væri komin á lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Í ljósi mjög jákvæðra viðbragða þeirra aðila sem gerst til þekkja er tillagan endurflutt.

Starfsemi frjálsra félagasamtaka er einn af hornsteinum lýðræðisins. Þau starfa oft í beinum tengslum við grasrótina og eru í mun betri aðstöðu en stjórnvöld til þess að bregðast vafningalaust við nýjum aðstæðum og skilgreina þarfir og skoðanir almennra borgara. Þau koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem koma stjórnvöldum að gagni og verka þannig sem mótvægi við stjórnkerfi sem oft er þungt og seinvirkt.

Á alþjóðavettvangi hefur á undanförnum árum skapast aukinn skilningur á mikilvægi frjálsra félagasamtaka. Til marks um það er samþykkt Árósasamningsins í júní 1998, samnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og tryggingu fyrir réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þessi skilningur hefur einnig náð til frjálsra félagasamtaka sem starfa á vettvangi kvenfrelsis og hefur það orðið til að skerpa hlutverk kvennahreyfingarinnar. Skemmst er að minnast öflugrar framgöngu málefnahóps kvenna sem starfaði í tengslum við heimsþing Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002.

Innan Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna hefur aukinn skilningur og hvatning haft í för með sér bætt starfsskilyrði. Fyrir nokkrum árum ákvað Evrópusambandið að koma á laggirnar svokölluðu Daphne-verkefni sem sækir kraft sinn og hugmyndir til frjálsra félagasamtaka og hefur það hlutverk að vinna gegn ofbeldi á konum og börnum. Evrópusambandið hefur lagt gífurlega fjármuni til þessa verkefnis og er ástæðan sú að sögn Anitu Gradin, fyrrverandi fulltrúa í framkvæmdastjórn ESB, að „félagasamtök beiti árangursríkari aðferðum en hið opinbera til að ná til almennings og til þeirra sem eru í áhættuhópum".

Þetta hlutverk félagasamtaka þarf einnig að meta að verðleikum hér á landi og skapa svigrúm fyrir nýja hópa með nýjar hugmyndir. Sérstaklega þarf að huga að og veita brautargengi góðum hugmyndum sem gætu haft keðjuverkandi áhrif í þá átt að leiðrétta kynjamisrétti á Íslandi, jafnvel þótt hugmyndirnar komi frá litlum og lítt skilgreindum hópum eða einstaklingum.

Að vissu marki koma íslensk stjórnvöld til móts við rótgróin félagasamtök eins og ungmennahreyfinguna, íþróttahreyfinguna, skáta og fleiri samtök með hefðbundið skipulag og uppbyggingu, en á meðal félagasamtaka hefur kvennahreyfingin mikla sérstöðu. Það er eðli hreyfingarinnar að innan hennar hafa oft myndast litlir óformlegir hópar sem ekki hafa neinar félagaskrár og finnast hvergi á skrám yfir formleg félagasamtök. Þessir hópar hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og hafa starfað að afmörkuðum verkefnum í stuttan tíma. Þannig stigu Samtök um kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf, Stígamót o.fl. sín fyrstu skref, en einnig má nefna t.d. Konur gegn klámi, áhugahóp um aðgerðir til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir unglingsstúlkna o.fl.

Sem dæmi um nýja kvennapólitíska hópa sem starfa hér á landi mætti nefna Femínistafélag Íslands og Bríeti, félag ungra femínista. Kvennakirkjan nýtur æ meiri vinsælda og ekki er vanþörf á að hlúa að kvenfrelsisstarfi innan íslenskrar kirkju. Lífslíkur og árangur þessara hópa mundu aukast til mikilla muna ef hægt væri að sækja um fjárveitingar til þess að koma í verk einhverjum af þeim hugmyndum sem félagsfólk hefur. Þessum hópum og einstaklingum þyrfti að gefa tækifæri til að sækja um styrki til pólitískra verkefna, svo fremi þau geti rökstutt þörfina og sýnt fram á almennt gildi starfsins fyrir samfélagið.

Aukið samstarf á alþjóðavettvangi snertir ekki síður kvennapólitískt starf en aðra þætti samfélagsins. Reynslan hefur sýnt að á Íslandi er mikill áhugi á þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi. Til marks um það er þátttaka íslenskra kvenna í Nordisk forum, Peking-ráð-

stefnunni 1995, ráðstefnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Valmiera í ágúst 1997 og síðast en ekki síst hinni viðamiklu ráðstefnu um konur og lýðræði við árþúsundamót sem haldin var í Borgarleikhúsinu 8.–10. október 1999. Íslensk stjórnvöld hafa stutt ferðir íslenskra kvenna á þessar mikilvægu ráðstefnur og hefur sá stuðningur tryggt mikla þátttöku og virkni fyrir og meðan á ráðstefnunum hefur staðið. Sá stuðningur skilaði sér einnig svo um munaði í öflugri þátttöku íslenskra kvenna á fyrrnefndri ráðstefnu um konur og lýðræði. En ráðstefnuferðir eru lítils virði ef ekki eru tök á að fylgja þeim eftir með gróskumiklu starfi úti á akrinum og áframhaldandi tengslum milli félaga og samtaka sem vinna að svipuðum verkefnum vítt um heiminn. Það er eðli alþjóðastarfsins að á ráðstefnum og fundum myndast tengsl sem nauðsynlegt er að rækta áfram eftir að heim er komið, en slíkt hefur einatt reynst örðugt, ekki síst vegna fjárskorts.

Þegar þessi tillaga var upphaflega flutt á 123. löggjafarþingi í febrúar 1999 var hugmyndin sótt til norskrar stjórnsýslu. Í Noregi hefur verið komið á því kerfi að barna- og fjölskyldumálaráðuneytið auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig til kvennapólitísks alþjóðastarfs. Styrkirnir hafa tryggt þann jarðveg sem nauðsynlegur er fyrir frjótt starf. Þar í landi er haft samráð og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli stjórnvalda og kvennahreyfingarinnar. Þar er einnig hefð fyrir því í utanríkisráðuneyti að drög að samningum og hugmyndir sem snerta konur á alþjóðavettvangi séu send til umsagnar þeirra aðila sem starfa að málefnum kvenna og upplýsinga- og samráðsfundir eru haldnir í ráðuneytinu þegar þurfa þykir. Í norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu er tveggja áratuga hefð fyrir samráðsfundum og gagnkvæmu upplýsingaflæði á milli ráðuneytis, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa sem hefur gefið góða raun og tryggt sýnilegan árangur.

Á sama hátt þyrftu íslensk stjórnvöld að hafa félagasamtök á þessu sviði með í ráðum og bera hugmyndir sínar undir slíka aðila þegar um er að ræða mál er varða áhuga- og baráttumál þeirra. Það ætti að vera fengur í því fyrir íslenska stjórnsýslu að nýta alla þá reynslu og þekkingu sem safnast hefur saman innan kvennahreyfingarinnar. Í mörgum tilvikum er um sérfræðikunnáttu að ræða sem nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að hafa aðgang að. Einnig ætti að kappkosta að kynna kvennahreyfingunni hugmyndir og fyrirætlanir sem opinberir aðilar vinna að og hafa um þær samráð. Það er hugmynd flutningsmanna þessarar tillögu að komið verði á formlegum boðleiðum milli einstakra fagráðuneyta og félagasamtaka, hópa og/eða einstaklinga sem vinna að því að jafna stöðu kynjanna og að það verði í verkahring jafnréttisfulltrúa fagráðuneytanna eða annarra starfsmanna sem ráðuneytin tilnefna að annast það starf. Á þann hátt má tryggja upplýsingastreymi og samskipti milli hins opinbera kerfis og þeirra sem starfa í grasrótinni á hverjum tíma.

Sjóður sá sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaður verði í þeim tilgangi að styrkja starf samtaka, hópa og einstaklinga, sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna ásamt þátttöku í alþjóðlegu starfi, yrði sérgreindur liður á fjárlögum, hefði faglega sjóðstjórn og yrði þannig sambærilegur við sjóði sem styrkja starf á sviði menningar og lista. Setja þyrfti sjóðnum reglur sem kvæðu nánar á um framkvæmdina, skipun sjóðstjórnar og það hvar sjóðurinn yrði hýstur.

Eins og lýst er í greinargerð þessari eru hugmyndir sem kvikna í grasrótinni oft þess eðlis að þær þurfa ekki nema örlitla aðhlynningu til að bera góðan ávöxt. Ef lögð er rækt við að fanga slíkar hugmyndir má skapa það umhverfi sem þarf til að kvennahreyfingin og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

57. Beiðni um skýrslu [57. mál]

frá forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Katrínu Júlíusdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhanni Ársælssyni og Jóni Gunnarssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhagslegt og lagalegt umhverfi stjórnmálaflokkanna hér á landi með samanburði við skipulag þessara mála hjá nágrannaþjóðum. Jafnframt verði í skýrslunni greint frá framkvæmd laga og reglna sem hér gilda um þetta efni og hvort, og þá hvernig, Ísland hefur undirgengist og framfylgt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn pólitískri spillingu og hagsmunaárekstrum og um gagnsæi og eftirlit með fjármálum stjórnmálaflokka.

Óskað er eftir að vikið verði að eftirfarandi atriðum í skýrslunni:

Fjárhagsleg umgerð um stjórnmálastarfsemi.

Framkvæmd og úthlutun á þeim framlögum sem Alþingi veitir á fjárlögum til stjórnmálaflokkanna:

a. Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka (á fjárlagalið Alþingis).
b. Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr. (áður 7. gr.) fjárlaga (á fjárlagalið fjármálaráðuneytis).
c. Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum (á fjárlagalið forsætisráðuneytis).

Fram komi hvernig og hverjir taka ákvarðanir um breytingu á fyrrgreindum framlögum, hvaða reglur gilda um skiptingu þeirra og hverjir taka ákvarðanir um hana.

Einnig verði getið hvaða breytingar hafa orðið á þessum framlögum árlega sl. 5 ár.

Í skýrslunni komi fram hve háar fjárhæðir hafa á sl. þremur árum komið til frádráttar frá tekjum lögaðila eða tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á móti gjöfum eða framlögum til stjórnmálaflokkanna, sbr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og af hve miklum tekjum ríkissjóður hefur orðið af þeim sökum. – Telur ráðherra að þessar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar? Séu þær það ekki, er ráðherra þá reiðubúinn að beita sér fyrir að svo verði?

Fram komi hver sé afstaða ráðherra til lagasetningar sem skyldaði stjórnmálaflokka til að birta opinberlega yfirlit um útgjöld þeirra í kosningabaráttu, svo og ársreikninga þeirra í samræmdu formi í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Staða Íslands í alþjóðlegum samanburði.

Fram komi í skýrslunni hvernig er háttað fjárhagslegu og lagalegu umhverfi stjórnmálaflokkanna í samanburði við önnur OECD-ríki og hver sé skýring á því að ekki hafa verið sett lög hér á landi um fjármál stjórnmálaflokkanna líkt og gildir hjá flestum nágrannaþjóðanna.

Enn fremur komi fram hvort Ísland hafi undirgengist þær alþjóðlegu samþykktir sem hafa verið gerðar um aðgerðir gegn pólitískri spillingu og hagsmunaárekstrum og um gagnsæi og eftirlit með fjármálum stjórnmálaflokka. Fram komi hverjar þessar samþykktir eru og hvaða ákvæði þeirra lúta sérstaklega að gagnsæi og eftirliti með fjármálum flokkanna og hvernig

þeim hefur verið framfylgt. – Telur ráðherra það brot á alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga að ekki hafa verið sett hér á landi lög um fjármál stjórnmálaflokka?

Lagalegt umhverfi stjórnmálastarfsemi.

Í skýrslunni komi fram hvort ráðherra sé þeirrar skoðunar að ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi feli í sér sérstaka vernd fyrir stjórnmálaflokka og komi í veg fyrir að hægt sé að setja lög um fjármál þeirra. Sé svo, hver sé þá skýring þess að áþekkt ákvæði um félagafrelsi í stjórnarskrám annarra norrænna ríkja eru ekki túlkuð með þessum hætti.

Þess er óskað að skýrsla ráðherra verði tekin til umræðu jafnskjótt og henni hefur verið útbýtt á Alþingi.

Greinargerð.

Á 130. löggjafarþingi var lögð fram sams konar beiðni um skýrslu frá forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi. Skýrslubeiðnin var lögð fram í lok janúar. Þremur mánuðum síðar, í apríllok, kynnti ráðuneytið forseta Alþingis að ekki væri hægt að ljúka skýrslunni fyrir þinglok og óskað eftir fresti fram á næsta þing til að skila henni. Skýrslubeiðnin er nú lögð fram í annað sinn óbreytt og verður því að ætla að ekki taki langan tíma af hálfu ráðuneytisins að skila umbeðinni skýrslu til þingsins.

58. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Bryndís Hlöðversdóttir, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir rannsóknum á sjávarvist laxa. Markmið rannsóknanna verði að kanna tengsl á milli annars vegar umhverfisaðstæðna í hafi og hins vegar vaxtar, affalla og endurheimta.

Lögð skal sérstök áhersla á að beita nútímamælitækni til að kortleggja ferðir fullorðinna laxa í hafi með það fyrir augum að finna hvar og á hvaða stigi sjávarvistarinnar afföll laxa verða einkum í hafinu. Kannaðar skulu orsakir þeirra með það fyrir augum að finna leiðir til að minnka þau. Rannsóknunum skal svo hagað að hægt sé að leggja mat á afdrif fullorðinna, síðkynþroska laxa sem kunna að sleppa úr kvíaeldi hér við land.

Við skipulag og framkvæmd rannsóknanna skal leitast við að beita mælitækni sem þróuð hefur verið hér á landi og ná sem víðtækastri samvinnu við grannþjóðir þar sem eldi laxa og veiðar á stöng hafa efnahagslega þýðingu.

Greinargerð.

Ástæðan fyrir flutningi tillögu þessarar er tvíþætt: Í fyrsta lagi eru flutningsmenn þeirrar skoðunar að það sé löngu tímabært að kanna lífsferil laxins í hafi. Vaxandi vísbendingar eru

um að breytingar í hafinu valdi auknum afföllum meðan á sjávarvist stendur. Lítt er hins vegar vitað um hvaða þættir það eru sem hafa rýrt afkomu hans þar. Því ber ríka nauðsyn til að leggja aukna áherslu á rannsóknir á lífsferli Atlantshafslaxins meðan hann dvelur í sjónum, samhliða þeim öflugu rannsóknum sem Veiðimálastofnun og aðrir aðilar hafa með svo góðum árangri staðið fyrir á ferskvatnsstigi tegundarinnar. Í öðru lagi eru uppi mikil álitamál um afdrif strokulaxa úr sjókvíaeldi. Rannsóknir á afdrifum laxa í sjávarvist kynnu að gefa upplýsingar um afföll laxa á mismunandi aldri og þroskastigi og þar með auðvelda mat á þeirri áhættu sem laxeldi í sjókvíum fylgir.

Íslenskir laxastofnar eru verðmæt auðlind. Áætlað er að heildarvelta sem tengist stangveiðum á laxi sé á bilinu 1.500–1.800 millj. kr. Þar af er talið að um 550–600 millj. kr. fáist fyrir sölu veiðileyfa. Tekjur af nýtingu íslensku laxveiðiánna eru mikilvægur þáttur í að byggð geti haldist í samfélögum sem eiga undir högg að sækja samfara hnignun hefðbundinna landbúnaðargreina. Hér á landi hefur verið gengið á búsvæði laxins í fersku vatni, fyrst og fremst vegna raforkuframleiðslu. Sláandi dæmi um það eru Elliðaárnar. Þá hefur gríðarlegt hlutfall búsvæða í fersku vatni tapast í grannlöndunum vegna mengunar af súru regni. Ofveiði í sjó, þar sem sjávarveiði er stunduð, er víða kennt um hnignun laxastofna. Á síðari árum hefur hins vegar verið dregið mjög verulega úr sjávarveiði á laxi vegna uppkaupa NASCO, sjóðs til verndar villtum laxi, á veiðirétti í hafi við Ísland, Grænland, Færeyjar og víðar, þar sem laxveiðar í sjó hafa verið stundaðar. Þar eiga Íslendingar drjúgan heiður af vel unnu verki, því að Orri Vigfússon hefur haft veg og vanda af stofnun og rekstri NASCO.

Fiskeldi hefur verið nefnt sem neikvæður þáttur varðandi afföll í villtum laxi í sjó, svo sem útbreiðsla á sjúkdómum og erfðamengun. Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma, sagði þó á fundi SVFR 5. nóvember 2003 að villtum laxi stafaði miklu minni hætta af sjúkdómum úr eldislaxi en menn teldu almennt. Hans mat var að það væri fyrst og fremst laxalús, sníkjudýr af toga krabbadýra, sem ylli búsifjum í villtum stálpuðum laxi sem synti nálægt eða héldi sig við kvíar og tæki þar á sig lýsnar. Nú væri hins vegar að miklu leyti búið að ná tökum á lúsinni, og þyddi það góðar fréttir fyrir villta stofna. Á sama fundi SVFR komu fram þverólíkar skoðanir á því hvaða áhrif laxeldi hefði á villta stofna. Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur og deildarstjóri á Veiðimálastofnun, rakti nokkrar rannsóknir sem hann taldi benda til að erfðablöndun gæti haft óæskileg áhrif á villta stofna. Vigfús Jóhannsson, fiskifræðingur og formaður Landssambands fiskeldisstöðva, tók harkalega í annan streng, og sagði rangt að slíkar niðurstöður lægju fyrir. Af þessu má ljóst vera að sá hluti tillögu þessarar, sem lýtur að afdrifum og mögulegum áhrifum fullorðinna strokulaxa á villta stofna, er mjög brýnn og tímabær.

Stofnar Atlantshafslax eru í sögulegri lægð víðast erlendis. Í Bandaríkjunum, þar sem forðum voru fræg laxveiðisvæði, er lax kominn á válista og búið að friða hann sums staðar, svo sem í Maine. Mannskepnan á stærsta sök á hnignun laxins. Á Íslandi er ekki unnt að merkja hnignun laxastofna í sama mæli og víða erlendis. Því miður er þó hægt að færa rök að því að lægðin í laxastofnum sem gætt hefur víðs vegar um Atlantshaf eigi eftir að koma fram með sterkari hætti hér á landi en við höfum orðið vör við til þessa. Ástæður þess að ástandið er betra hér en víðast annars staðar er m.a. unnt að þakka banni við veiðum á laxi í sjó innan íslensku efnahagslögsögunnar, að tiltölulega lítið hefur verið hróflað við búsvæðum laxfiska hérlendis miðað við stöðuna erlendis og að mengun er hér mjög lítil. Þrátt fyrir þetta er ljóst að miklar sveiflur einkenna laxgengd í íslenskar veiðiár, sérstaklega á Norðurlandi og Austurlandi. Orsakir slíkra sveiflna má rekja bæði til breytilegrar framleiðslu á laxaseiðum í fersku vatni og mjög breytilegra endurheimta á laxi úr sjó.

Markvissar rannsóknir í nokkrum lykilám hérlendis hafa sýnt að hafið er einn stærsti orsakavaldurinn í stofnsveiflum á laxi og endurheimtur náttúrulegra laxaseiða hafa reynst á bilinu 2–22% þau ár sem upplýsingar liggja fyrir um. Undanfarin 15 ár hefur laxgengd almennt verið í lægð hérlendis. Á sama tíma hefur hlutfall stórlaxa (lax með tveggja ára sjávardvöl eða lengri) lækkað og það bendir til aukinna affalla á öðru ári í sjó. Á þessu tímabili var gerð tilraun með stórfelldar sleppingar laxaseiða til hafbeitar en endurheimtur seiða úr sjó hafa reynst það litlar að ekki er grundvöllur fyrir slíkri starfsemi. Almennt virðist því unnt að tengja þá lægð sem hefur ríkt í laxgengd hérlendis við aukin afföll laxa í hafi.

Á undanförnum árum hefur verið unnið öflugt rannsóknarstarf sem varðar þá þætti sem áhrif hafa á framleiðslu á laxaseiðum í fersku vatni. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að umhverfi sjávar hefur gríðarleg áhrif á endurheimtu og vöxt laxa í sjó. Hins vegar vantar sárlega nauðsynlegar upplýsingar og skýringar á því hvaða þættir hafa mest áhrif á afkomu laxins í sjó. Fyrrgreind tækni, sem hefur verið þróuð á Íslandi, þar sem rafmerkjum sem mæla seltu, dýpi og hitastig er komið fyrir á fiski, hefur leitt til þess að rannsóknir í hafi eru nú miklu auðveldari en áður og skila meiri vitneskju.

Helstu verkefni sem vinna þarf á þessu sviði eru eftirfarandi:

1. *Mælingar á umhverfisþáttum.* Rannsóknir hafa sýnt að marktæk fylgni er á milli sjávarhita vorið sem seiðin ganga úr ánum og veiði á smálaxi árið eftir og stórlaxi tveimur árum síðar. Þetta gildir sérstaklega í ám á Norðurlandi og Austurlandi. Nákvæmari og betri skráning á hitastigi sjávar þarf að vera fyrir hendi.
2. *Beitarsvæði í sjó.* Lítið er vitað um hvar íslenski laxinn heldur sig meðan á sjávardvöl stendur. Slík vitneskja skiptir höfuðmáli til að unnt sé að skýra og spá fyrir um breytingar á laxgengd. Ýmsir telja að beitarsvæði fyrir lax hafi dregist saman í Norður-Atlantshafi og sé það skýring á hnignun laxastofna við Atlantshafið. Með því að þróa og framleiða sérhæfð skráningartæki sem fest eru á seiði væri unnt að fá slíkar upplýsingar.
3. *Lax- og fjölstofnarannsóknir.* Flutningsmenn telja nauðsynlegt að lax verði tengdur inn í rannsóknir á samspili fleiri tegunda. Ráðast þarf í fjölstofnaverkefni, þar sem lögð er áhersla á rannsóknir sem snúa bæði að fæðu laxa í sjó eftir árstíma og afræningjum laxa í hafi. Ýmsir telja þannig að aukning á stofnstærð sjávarspendýra hafi haft neikvæð áhrif á laxastofna. Vigfús Jóhannsson, formaður Landssambands fiskeldisstöðva, sagði til dæmis á fundi SVFR 5. nóvember 2003 að stóraukin selagengd með minnkandi veiðum hefði leitt til stóraukins afráns á laxi. Þetta þarf að rannsaka, þótt hugsanlegt sé að upplýsingar um laxaát sela liggi fyrir í rannsóknargögnum, t.d. hjá Norðmönnum. Þá er vitað að nytjafiskar, t.d. þorskur og ufsi, éta sjógönguseiði í einhverjum mæli fyrst eftir að seiðin ganga til sjávar. Fjölstofnarannsóknir gætu leitt í ljós í hve miklum mæli afrán þessara tegunda á laxinum er.

Erfitt er að leysa úr þeirri hörðu deilu sem nú eru uppi milli hagsmuna stangveiði og hagsmuna laxeldis. Staðhæfingar standa gegn staðhæfingu. Stangveiðimenn kenna strokulaxi um spillingu búsvæða, erfðablöndun sem dregur úr æxlunarþrótti, en allir þessir þættir eru líklegir til að valda hnignun stofna. Eldismenn segja á móti að engar rannsóknir bendi til að erfðablöndun spilli stofnum eða dragi úr afkomu stofna. Vigfús Jóhannsson, formaður Landssamtaka fiskeldisstöðva, hefur t.d. vakið máls á þeim möguleika að breytt veiðimynstur kunni að hafa dregið úr hlutfalli stórlaxa í veiðistofnum. Aukið veiðiálag fyrri part veiðitímans þegar stórlaxinn gengur úr hafi er meira en áður og telur Vigfús hugsanlegt að það hafi fleytt stórlaxinum, þ.e. laxi sem dvelur tvö ár í sjó, úr veiðinni. Þetta þarf að kanna með auknum rannsóknum. Þessi tillaga felur í sér að grafist verði fyrir um þá þætti sem valda

afföllum laxa í sjó, og þar með hlutfalli stórlaxa og smálaxa í stangveiði. Auk vitneskju um líffræði og feril villtra laxa meðan á sjávarvist þeirra stendur eru slíkar rannsóknir einnig líklegar til að varpa ljósi á afdrif strokulaxa úr kvíum og þar með áhrif þeirra á villta laxastofna.

Tillaga þessi felur í sér rannsóknir sem brýnt er að samstarf takist um milli undirstofnana landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis, þ.e. Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar. Æskilegt væri jafnframt að ná rannsóknartengslum við þær þjóðir sem í vaxandi mæli hafa varið fjármagni til rannsókna á sjávarvist Atlantshafslaxa. Ekki er síður brýnt að efla gott samstarfi við fyrirtækið Stjörnu-Odda. Það er langfremst í heiminum á sviði háþróaðra fjarmælinga sem hægt er að nýta með áföstu rafmerki á fiski til að skrá staðsetningu, seltu, dýpi og ferðalag og hraða milli staða. Ekki verður nógsamlega undirstrikað hversu miklu auðveldara er nú en áður að rannsaka háttsemi fiska í hafi, og raunar annarra sjávardýra einnig, með þróun fyrirtækisins á rafmerkjum. Þar hafa íslenskir atorkumenn staðið frábærlega að verki í góðu samstarfi við vísindamenn. Nú þegar hafa slíkar mælingar verið undirstaða nýrra og mjög merkilegra upplýsinga um ferðir og hátterni sjóbirtings í straumvötnum Suðurlandsins, auk stórurriðans í Öxará. Tillaga byggist því á íslensku hugviti. Hún var að stofni til flutt á síðasta þingi en er nú endurflutt í svolítið breyttu formi.

59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 127., 128. og 130. löggjafarþingi, en hefur ekki enn fengist útrædd. Hún hefur verið send til umsagnar nokkurs fjölda aðila er tengjast málinu og hlotið afar jákvæðar undirtektir. Af þeim sem gáfu umsögn um tillöguna á sínum tíma voru eingöngu Landsvirkjun og hreppsnefnd Ásahrepps á móti henni. Frá því að tillagan var upphaflega lögð fram hefur baráttan um Þjórsárver magnast og nú er svo komið að Landsvirkjun hefur sett sér það markmið að reisa Norðlingaölduveitu með Norðlingaöldulóni í 568 m hæð yfir sjávarmáli ásamt set- og veitulóni sunnan Þjórsárjökuls. Bæði lónin mundu skerða náttúruverndargildi veranna en einnig minnka ósnortin víðerni á hálendi Íslands umtalsvert. Mat flutningsmanna tillögunnar er að búið sé að sauma nóg að Þjórsárverum með veitu- og virkjanaframkvæmdum og nú sé rétt að tryggja vernd þeirra til frambúðar með því að stækka friðlandið svo mikið að ekki verði af frekari framkvæmdum í næsta nágrenni þeirra.

Dýrmætasta gróðurvin á hálendi Íslands.

Þjórsárver er sú gróðurvin á hálendi Íslands sem talin er hvað dýrmætust. Kemur þar margt til, landslag er þar stórbrotið, vatnafarið einstaklega öflugur þáttur í lífríkinu og vistkerfi veranna er óvenjutegundaríkt og mikilvægt til viðhalds margra tegunda dýra og plantna. Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttar búsvæðagerðir, þar eru rústir, sífreri og flæðiengi. Verin eru vel afmörkuð heild og það svæði á Íslandi þar sem áhrifa manna gætir hvað minnst. Þau eru gífurlega mikilvæg varpstöð fyrir heiðagæsarstofninn og fleiri fugla. Gróðursamfélagið er afar fjölbreytt. Á svæðinu hafa fundist um 183 tegundir háplantna, eða meira en þriðjungur íslensku flórunnar, 225 mosategundir, eða um 38% íslensku mosaflórunnar, og heildarfjöldi fléttutegunda sem greindur hefur verið í Þjórsárverum er um 148. Í Þjórsárverum er að finna síðustu leifar gróðurs sem áður mun hafa þakið mun stærra svæði af öræfunum, gróðurs sem sums staðar teygir sig upp í 1.000–1.100 m hæð yfir sjávarmáli, þ.e. í hlíðum Arnarfells hins mikla og Arnarfells hins litla.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1988 skrifar dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir um Þjórsárver: „Nálægt miðju Íslands, suður af Hofsjökli, þar sem stærstu upptakakvíslar Þjórsár koma saman, eru víðáttumikil gróðurlendi sem einu nafni kallast Þjórsárver. Þau eru ein stærsta en jafnframt einangraðasta gróðurvin á miðhálendi Íslands. Að norðan skríða fram jökultungur Hofsjökuls en annars liggja að þeim eyðisandar. Í suðvestri er Fjórðungssandur. Sprengisandur er í norðaustri, en öræfin í austri og suðri eru nafnlaus. Allar bera þessar auðnir líkan svip; gráir melar á mishæðóttu landi þar sem hver ávöl og dökkleit aldan tekur við af annarri."

Samþykktir Gnúpverja.

Þjórsárver njóta sérstakrar verndar bæði sem friðland og sem Ramsar-svæði, sem staðfestir sérstöðu og mikilvægi þess sem votlendis á heimsvísu. Til Þjórsárverafriðlands var stofnað árið 1981 með heimild í lögum um náttúruvernd. Þá höfðu um nokkurt skeið verið uppi hugmyndir um stórt uppistöðulón í verunum í allt að 593,5 m yfir sjávarmáli. Þær hugmyndir mættu strax talsverðri andstöðu. Til marks um það er eftirfarandi ályktun almenns sveitarfundar Gnúpverja, sem haldinn var í Árnesi 17. mars 1972.

„Fjölmennur sveitarfundur Gnúpverja haldinn að tilhlutan landgræðslunefndar Ungmennafélags Gnúpverja í félagsheimilinu Árnesi 17. mars 1972, lýsir yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Fundurinn vekur athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver:

a. Þjórsárver eru geysistór og einstæð vin á miðhálendi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvað varðar fjölbreytilegan gróður og fuglalíf.
b. Gróðureyðing í aldaraðir er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi. — Verði Þjórsárver sett undir vatn er gróðri og gróðurfari landsins unnið óbætanlegt tjón. Auk þess eru miklar líkur á því að mismunandi hæð yfirborðs vatnsins í fyrirhuguðu lóni í Þjórsárverum orsaki uppblástur.
c. Þjórsárver eru verðmætt beitiland.
d. Talið er að ¾ hlutar alls heiðagæsastofnsins í heiminum verpi í Þjórsárverum. Margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt. Röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðagæsarinnar í hættu.

Af ofangreindum ástæðum andmælir fundurinn hvers konar röskun á náttúru Þjórsárvera og skorar á almenning í landinu að sameinast um að varðveita þessa einstæðu perlu íslenskra öræfa."

Framkvæmdir hingað til.

Á þessum tíma var náttúruvernd á Íslandi ekki fyrirferðarmikil í dægurmálaumræðunni og ekki margir sem þekktu þá gersemi sem kúrði í miðri sandauðn miðhálendisins uppi undir Hofsjökli umgirt jökulkvíslum og erfið aðkomu, nema kannski fyrir fuglinn fljúgandi. Það munu helst hafa verið fjallmenn, sem smalað höfðu öræfin upp undir jökla, sem þekktu leyndardóm veranna. Stærsti hluti Þjórsárvera er á afrétti Gnúpverja og þekktar eru sagnir fjallmanna sem sneru aftur af fjalli með leyndardóminn í hjartanu og ævintýrið í augunum. Þetta mun vera drjúgur hluti ástæðunnar fyrir andstöðu Gnúpverja við hugmyndir um miðlunarlón í Þjórsárverum. Umræðan um náttúruverndargildi veranna og ásetningur Landsvirkjunar um miðlunarlón og virkjanir á efra vatnasviði Þjórsár leiddu til þess að Þjórsárver voru friðlýst með auglýsingu í desember 1981. Í friðlýsingunni var gert ráð fyrir þeim möguleika að uppistöðulóni yrði valinn staður í námunda við hið friðlýsta svæði, en þó var tekin afgerandi ákvörðun varðandi stærð mögulegs lóns. Þannig var verunum forðað frá algerri eyðileggingu og komið í veg fyrir þau áform Landsvirkjunar að sökkva þeim í heilu lagi undir 200 km^2 miðlunarlón. Hins vegar gerði friðlýsingin ráð fyrir undanþágu frá ákvæðum friðlýsingarinnar „til þess að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s. enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Náttúruverndar ríkisins]." Þetta kom þó ekki í veg fyrir að heimilaðar yrðu veitur austanvert í verunum, austan Þjórsár; Kvíslarveitur 1.–5. áfangi. Þannig voru upptakakvíslir Þjórsár af Sprengisandi og austurþverár hennar teknar í áföngum og þeim veitt í Þórisvatn. Komið er stórt lón, Kvíslavötn, sem er um 30 km^2 og stíflur í þverár Þjórsár, Eyvindarverskvísl, Þúfuverskvísl og í Þjórsá sjálfa ofan Hreysis. Þessar aðgerðir hafa valdið talsverðum spjöllum á Þjórsárverum, 6 km^2 af grónu landi hefur verið sökkt undir vatn, auk þess sem umtalsvert landsvæði hefur farið undir veituskurði. Þá hefur meðalrennsli Þjórsár minnkað um allt að 40%, sem spillt hefur ýmsum einstökum fossum, Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi.

Athugasemdir við skipulag miðhálendisins.

Í svæðisskipulagi miðhálendisins, sem gildir fram til ársins 2015, er fjallað um Norðlingaölduveitu og hugsanlegt lónstæði auðkennt með blandaðri landnotkun; orkuvinnsla/náttúruvernd. Þegar svæðisskipulagið var á umsagnarstigi mótmæltu þessu meðal annarra hreppsnefnd Gnúpverja og Náttúruverndarsamtök Íslands. Í athugasemdum Náttúruverndarsamtakanna við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands segir: „Í greinargerð samvinnunefndarinnar er talað um þrjú fyrirhuguð orkuvinnslusvæði eða virkjanahugmyndir í Rangárvallasýslu: Búðahálsvirkjun í Tungnaá, Vatnsfellsvirkjun og loks Norðlingaölduveitu. Í ritinu *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku,* Iðnaðarráðuneytið 1994, er hins vegar að auki greint frá áformum um Markarfljótsvirkjun. Náttúruverndarsamtök Íslands telja að það brjóti í bága við tilmæli skipulagsreglugerðar að gera ekki grein fyrir og sýna ekki á skipulagsuppdrætti allar fyrirliggjandi frumforsendur um landnotkun, þ.m.t. virkjunarhugmyndir. Annars fæst röng mynd af landnotkuninni og forsendur fyrir skipulaginu verða þar með rangar. Úr þessu þarf að bæta. Varðandi Norðlingaölduveitu leggja samtökin ríka áherslu á að stífluhæð við Norðlingaöldu verði ekki meiri en svo að ekki gangi frekar á gróðurlendi Þjórsárvera sunnan Hofsjökuls en nú er. Þjórsárver eru einstök náttúruperla og eitt stærsta samfellda gróðurlendi miðhálendisins með einstökum heimskautagróðri. Þá telja samtökin, eftir því sem best verður séð, að auðkenni samvinnunefndarinnar á Norðlingaölduveitulóni sem *„blönduð landnotkun þar sem fleiri en ein gerð landnotkunar fer saman, t.d. landgræðsla og verndun"* sé óraunsæ vægast sagt."

Í athugasemdum hreppsnefndar Gnúpverja segir: „Í greinargerð er gert ráð fyrir sérstöku náttúruverndarsvæði, nefnt Þjórsárver – Kerlingarfjöll, þar sem eru tilgreind m.a. Þjórsárver og svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá að Kisu. Jafnframt er tilgreint fyrirhugað orkuvinnslusvæði í neðsta hluta Þjórsárvera, nefnt Norðlingaölduveita. Um friðland í Þjórsárverum gildir reglugerð frá 1979 og á grundvelli hennar er unnið að rannsóknum af Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins og sveitarstjórnum.

Hreppsnefnd telur ljóst að áhrif af Norðlingaölduveitu yrðu ekki síður veruleg á farveg Þjórsár milli væntanlegs Norðlingaöldulóns og Sultartangalóns, þar sem landslag er sérstætt og stórfenglegt og gróðurfar gróskumikið.

Hreppsnefnd álítur að varðveita beri þennan hluta Þjórsár í þeirri mynd sem hann er nú. Vatnsmagn árinnar hefur stórminnkað með Kvíslaveitum og frekari miðlun spillir hinum einstæðu fossum hennar.

Það er því álit hreppsnefndar að gerð Norðlingaölduveitu stangist á við áform um sérstakt náttúruverndarsvæði með Þjórsá og undirstrikar mikilvægi svæðisins sem útivistar- og ferðamannasvæðis.“

Afstaða Þjórsárveranefndar.

Eftir að Landsvirkjun tók að sýna á ný áhuga á 6. áfanga Kvíslaveitu og ljóst var að í uppsiglingu væru endurnýjuð áform um veituframkvæmdir í verunum hófust miklar bollaleggingar í Þjórsárveranefnd, sem er ráðgjafarnefnd Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) samkvæmt auglýsingu um friðlandið frá 1981. Loks fór það svo að Þjórsárveranefnd lagðist endanlega gegn hugmyndum um 6. áfanga Kvíslaveitu á fundi sínum 3. maí 2001. Á þeim fundi var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma:

„Þjórsárveranefnd hafnar áformum um 6. áfanga Kvíslaveitu. Nefndin hafnar einnig öllum hugmyndum um lón sem eru hærri en 575 m y.s. Nefndin samþykkir að fresta ákvörðun um lón í 575 m y.s., þar sem hluti nefndarmanna telur nauðsynlegt að fá fyllri úttekt á áhrifum þeirrar lónshæðar á náttúruverndargildi Þjórsárvera.“ Þjórsárveranefnd taldi nauðsynlegt að sýna varkárni í ljósi þess hversu mikið virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum höfðu þegar skaðað verin og dregið úr verndargildi þeirra. Þessi afgreiðsla nefndarinnar á málinu olli talsverðum titringi meðal þeirra sem voru áfram um framkvæmdir á svæðinu og fór það svo að tíu dögum eftir þessa samþykkt Þjórsárveranefndar kallaði iðnaðarráðherra eftir lögfræðilegri álitsgerð, þar sem svarað yrði til um valdsvið nefndarinnar og það hver hefði að lögum vald til að veita Landsvirkjun leyfi til að gera uppistöðulón við Norðlingaölduveitu. Álitsgerð Páls Hreinssonar lagaprófessors lá fyrir 1. júní 2001.

Þjórsárveranefnd var síðan kölluð saman til að gefa umsögn um matsskýrslu Landsvirkjunar sem út kom 30. apríl 2002 og var eftirfarandi umsögn samþykkt af meirihluta nefndarmanna 27. júní 2002:

„Þjórsárveranefnd beinir því til Náttúruverndar ríkisins að heimila ekki frekari virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum. Búið er að raska verum austan Þjórsár og með framkvæmdum við Norðlingaöldu myndi náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrna óhæfilega samanber meðfylgjandi greinargerð. Þjórsárveranefnd hvetur Náttúruvernd ríkisins að vinna áfram að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.“

Ný samþykkt Gnúpverja 2001.

Fyrr í þessari greinargerð er sagt frá almennum sveitarfundi, sem haldinn var í Árnesi í Gnúpverjahreppi 1972. Það gerðist síðan á vordögum 2001 að Gnúpverjar sáu á ný ástæðu

til að ályktа um framtíð Þjórsárvera. Það var gert í Árnesi 24. maí 2001 og var ályktunin svohljóðandi:

„Almennur sveitarfundur haldinn í Árnesi 24. maí 2001 lýsir eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár.

Þjórsárver og efri hluta Þjórsár ber að vernda sem einstætt vistkerfi og landslagsheild og minnt skal á að framkvæmdir á þessu svæði verða ekki aftur teknar.

Fundurinn bendir á að margþættar rannsóknir færustu vísindamanna sem sanna sérstöðu svæðisins í íslenskri náttúru þar sem þeir vara við allri röskun af mannavöldum enda er svæðið þekkt víða um heim og stór hluti þess friðlýstur.

Fundurinn vekur athygli á því að nú þegar hefur orðið veruleg röskun á vatnafari Þjórsár með 1.–5. áfanga Kvíslaveitu.

Fundurinn minnir á ályktun fundar í Árnesi 17. mars 1972 og ítrekar fyrri mótmæli þar."

Formlegur áhugahópur um verndun Þjórsárvera var stofnaður og þann 26. júní 2001 afhenti hópurinn Siv Friðleifsdóttur umhverfisráðherra, Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og Katrínu Fjeldsted alþingismanni, fyrir hönd umhverfisnefndar Alþingis, undirskriftalista sem áhugahópurinn stóð fyrir að safna í Gnúpverjahreppi 23.–25. júní 2001. 72% atkvæðisbærra Gnúpverja til kosningar til sveitarstjórnar undirrituðu áskorunina. Í henni er skorað á stjórnvöld að tryggja til frambúðar verndun Þjórsárvera og heimila engar frekari virkjunarframkvæmdir þar eða í efri hluta Þjórsár. Sveitarstjórn Gnúpverjahrepps voru afhentir sömu undirskriftalistar.

Frekari framkvæmdum mótmælt.

Eftir að matsskýrsla Landsvirkjunar vegna Norðlingaölduveitu kom fram 30. apríl 2002 hljóp mikill kraftur í baráttuna fyrir stækkun friðlandsins. Skipulagsstofnun bárust um 90 athugasemdir sem flestar voru frá fólki sem vildi að framkvæmdinni yrði hafnað. Í mörgum athugasemdanna var lýst stuðningi við fram komnar hugmyndir um stækkun friðlandsins. Eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar var kynntur 12. ágúst 2002 og ljóst var að stofnunin heimilaði framkvæmdirnar með skilyrðum, fór af stað mikil mótmælaalda. Úrskurðurinn var kærður af 11 aðilum og þann 7. september 2002 birtu á þriðja hundrað manns eftirfarandi texta í fjölmiðlum:

„Til varnar Þjórsárverum. Þjórsárver eru einstakt vistkerfi og landslagsheild á hálendi Íslands. Þjórsárver eru gróðurvin með árþúsunda samfellda sögu þróttmikils lífríkis. Þjórsárver eru náttúrugersemi með viðurkennt alþjóðlegt gildi. Með fyrirætlunum um byggingu mannvirkja og gerð uppistöðulóns í Þjórsárverum er stefnt í hættu ómetanlegum verðmætum sem hvorki við né næstu kynslóðir getum endurheimt. Varúðar skal gætt. Dýrmætustu gróðurvin hálendisins má ekki stofna í hættu fyrir von um skjótfenginn gróða. Við undirrituð skorum á þjóðina að standa vörð um þau verðmæti sem við eigum í fegurð náttúrunnar á hálendi Íslands og segjum því nei við áformum um Norðlingaölduveitu. Stækkum friðland Þjórsárvera og verndum þau til framtíðar."

Ályktun baráttufundar í Austurbæjarbíói.

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera gekkst fyrir baráttufundi í Austurbæjarbíói 4. nóvember 2002 og talið er að um 1.000 manns hafi mætt til fundarins, sem er talsvert meira en húsið rúmar. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

„Almennur fundur haldinn í Austurbæjarbíói 4. nóvember 2002 lýsir yfir eindreginni andstöðu við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir með gerð uppistöðulóns í Þjórsárverum og

mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem beitt hefur verið til að fá samþykki fyrir þeim.

Með framkvæmdunum yrði spillt einstakri gróðurvin á hálendi Íslands sem á sér árþúsunda sögu þróttmikils lífríkis. Um leið yrði fórnað verðmætum sem hvorki við né næstu kynslóðir getum nokkurn tíma endurheimt. Verndargildi svæðisins er ótvírætt og því til staðfestingar hafa Íslendingar friðlýst hluta þess og jafnframt gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar um að vernda það fyrir ágangi sem leitt getur til skemmda. Engir brýnir almannahagsmunir eru nú fyrir hendi sem réttlætt geta svik við þau fyrirheit.

Náttúruvernd ríkisins hefur skýrlega mælt gegn fyrirætlunum um virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og andstaða heimamanna er fyrir löngu ljós. Þá er í skýrslu Skipulagsstofnunar ítrekað bent á hið margfalda tjón sem hlýst af framkvæmdunum. Lokaniðurstaða stofnunarinnar stangast hins vegar á við málatilbúnaðinn að öðru leyti og vekur það spurningar um afgreiðslu málsins.

Almenn andstaða er í landinu við þær ráðagerðir sem nú eru uppi, og sjónarmið náttúruverndar fá síaukinn stuðning. Ráðamenn verða að hlusta á ákall tímans og taka tillit til nútímaviðhorfa.

Fundarmenn kalla á forystumenn þjóðarinnar til að standa vörð um verðmætin sem við eigum í einstæðri náttúru á hálendi Íslands. Þjórsárver eru náttúrugersemi sem öll þjóðin ber ábyrgð á og þeim má aldrei tortíma fyrir von um skjótfenginn gróða. Næstu kynslóðir eiga sinn rétt til auðæfanna sem ofar standa hagsmunum líðandi stundar og þann rétt verður að virða."

Settur umhverfisráðherra úrskurðar.

Eins og fram hefur komið hér að framan kærðu 11 aðilar úrskurð Skipulagsstofnunar vegna Norðlingaölduveitu til umhverfisráðherra. Siv Friðleifsdóttir lýsti sig vanhæfa í málinu og kom það í hlut heilbrigðisráðherra, Jóns Kristjánssonar, að úrskurða í hennar stað. Úrskurður Jóns var birtur 30. janúar 2003. Í honum fólst að Norðlingaöldulón skyldi alfarið vera utan friðlandsmarka og fylgdi úrskurðinum forathugun á nýrri tilhögun frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., þar sem sýnt er fram á að mögulegt sé að koma fyrir lóni sem nái ekki hærra en í 566 m hæð yfir sjávarmáli. Voru margir til að fagna úrskurði þessum og töldu að með honum væri miðlað málum milli þeirra sem vildu umfram allt vernda Þjórsárver og hinna sem vildu að allir möguleikar svæðisins til orkunýtingar yrðu settir í framkvæmd.

Á 128. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um raforkuver þar sem þess er farið á leit að Alþingi samþykki heimildir til ráðherra um að leyfa gerð Norðlingaölduveitu (þingmál 670, þskj. 1090). Greinargerð með frumvarpinu fylgdi fylgiskjal frá Landsvirkjun þar sem fram kemur að Landsvirkjun hafi ekki unnist tími til að fullmóta framkvæmdatilhögun en ljóst er að hún telur sig ekki bundna af tillögu þeirri sem fylgdi úrskurði setts umhverfisráðherra. Á síðustu dögum 128. löggjafarþings var málið afgreitt í miklum flýti, svo ekki gafst nægilegt svigrúm til að skoða alla þætti þess. Þannig var aldrei svarað til um einn þátt úrskurðar Jóns Kristjánssonar, sem laut að set- og veitulóni sunnan undir Þjórsárjökli, en það lón setti ráðherrann fram sem mótvægisaðgerð í úrskurðinum og var því mótmælt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem töldu að hér væri um slíka framkvæmd að ræða að hún ætti að lúta sjálfstæðu mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum, enda væri stærð lónsins slík að hún rúmaðist ekki innan heimilda laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, um undanþágu frá mati.

Varðandi núverandi áform Landsvirkjunar og væntanlega tilhögun framkvæmdanna, þá féllst hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps á það í sumar að setja framkvæmdina inn á

aðalskipulag þar sem miðað yrði við að lónhæð næði 566 m y.s. að sumarlagi og 567,5 m y.s. að vetrarlagi. Þá mun nefnd um svæðisskipulag miðhálendisins vera að vinna samsvarandi breytingar á svæðisskipulaginu. Þar með er ekki sagt að auðsótt verði að afla framkvæmdaleyfis fyrir Norðlingaölduveitu þar sem enn eru skiptar skoðanir í hreppunum um ágæti framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun leggur til stækkun friðlandsins.

Hér að framan hefur verið greint frá ályktunum og samþykktum Gnúpverja varðandi Þjórsárver og greint frá baráttu áhugahóps um verndun Þjórsárvera. Hópurinn hefur farið þess á leit við Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) að skoðaðir verði möguleikar á stækkun friðlandsins og einnig kannaðir möguleikar á friðlýsingu Þjórsár frá friðlandsmörkunum að Sultartangalóni. Í greinargerð með tillögum hópsins segir: „Umtalsvert gróðurlendi er utan núverandi marka sem líta verður á sem hluta af heildarsvæðinu og myndar, ásamt verunum og jökulkvíslunum, einstakt vistkerfi. Má þar helst nefna svæðið austan Arnarfells og niður með vestustu kvísl Þjórsár, svæðið sunnan og suðaustan Sóleyjarhöfða suður fyrir Svartá, Eyvafen og drög þess til norðvesturs og Hnífárbotna. Í Þjórsá eru fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss, hver um sig sérstakur og áhugaverður og ekki síður sem röð í stórfenglegu landslagi með aðliggjandi svæði í Búðarhálsi að austan og Norðurleit og Gljúfurleit að vestan þar sem er að finna fjölbreytt og gróskumikið gróðurfar, fuglalíf og lindasvæði. Friðlýsing eins og hér er lagt til stuðlar að mun víðtækari og markvissari verndun en nú er á þeirri sérstöku landslagsheild sem svæðið er."

Umhverfisstofnun birti 13. maí 2003 drög að náttúruverndaráætlun, sem lögum samkvæmt hefði átt að leggja fyrir Alþingi 2002 (sjá 65. grein laga um náttúruvernd og ákvæði til bráðabirgða I). Í drögum þessum er gert ráð fyrir að friðland Þjórsárvera verði stækkað til samræmis við tillögu áhugahópsins. Í texta Umhverfisstofnunar er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

„Stórbrotið landslag, fjalllendi, jökull, votlendi og áreyrar. Fjölbreyttar búsvæðagerðir, mýrar, flár, flæðiengi, vötn, tjarnir og sífreri á hálendi, allt upp í 1100 m hæð. Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu, enda afar tegundaríkt og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum. Þjórsárver eru ein stærsta og jafnframt ein einangraðasta gróðurvin á miðhálendi landsins. Afar fjölbreytt gróðursamfélag, en þar hafa fundist yfir 180 tegundir háplantna, yfir 220 mosategundir og greindar hafa verið um 150 fléttutegundir. Innan svæðisins eru í Þjórsá fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss. Hver um sig er sérstakur og saman eru þeir afar áhugaverðir sem röð fossa í stórfenglegu landslagi." Tillaga Umhverfisstofnunar er flutningsmönnum þessarar tillögu sérstakt fagnaðarefni af augljósum ástæðum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing um friðland í Þjórsárverum. (Stjórnartíðindi B, nr. 507/1987.)
II. Ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs samþykkt einróma á opnum þingflokksfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var í Þjórsárverum laugardaginn 21. júlí 2001.

Sjá samhljóða fylgiskjöl með þingskjali 8 (8. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2001–2002, bls. 595–597.

60. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnunina að friða í varúðarskyni þau svæði á hafsbotni sem brýnast er talið að vernda til að koma í veg fyrir meira tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Jafnframt verði gerð áætlun um frekari rannsóknir á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og um aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum af þeirra völdum og til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar.

Við undirbúning og meðferð málsins verði leitað eftir samvinnu við umhverfisráðherra, rannsóknastofnanir, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og samtök áhugamanna eftir því sem við á.

Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og til að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing tillögur þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða og fjárþörf vegna æskilegra rannsókna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram seint á 128. löggjafarþingi og náðist ekki að taka hana á dagskrá. Hún var lögð fram á 130. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Henni var vísað til sjávarútvegsnefndar til umfjöllunar. Eftirtaldir sendu nefndinni umsögn: Eyþing – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands. Ekki tóku allir umsagnaraðilar afstöðu til tillögunnar og sumir voru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að niðurstöður rannsókna lægju fyrir áður en farið yrði út í frekari friðunaraðgerðir á einstökum svæðum. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem birt er sem fylgiskjal III með tillögu þessari, koma fram gagnlegar upplýsingar um þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og aðrar sem standa yfir. Það er mat tillöguflytjenda að í umsögn Hafrannsóknastofnunar komi berlega í ljós þörfin fyrir friðun í varúðarskyni, sem er eitt af meginatriðum tillögunnar og þykir því rétt að endurflytja tillöguna óbreytta.

Stöðugt fjölgar vísbendingum um tjón sem orðið hafi á lífríki hafsbotnsins við hömlulitla notkun botnveiðarfæra. Fyrir nokkrum árum sýndi sjónvarpið myndir sem drógu ljóslifandi fram áhrif veiða á kórallasamfélög á hafsbotni við Noreg. Slíkum gögnum hefur farið fjölgandi og þekkingu fleygt fram. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun sumarið 2002 voru m.a. á dagskrá málefni hafsbotnsins og gildi búsvæða hans, þar á meðal kórallasamfélaga, fyrir sjálfbæra þróun lífríkis sjávar. Þörf kerfisbundinna rannsókna á þessu sviði hefur blasað við lengi en alltof lítið verið að gert hérlendis. Á meðan frekari þekkingar er aflað er brýnt að gripið sé til varúðarráðstafana eins og tillagan gerir ráð fyrir og með hliðsjón af Ríó-yfirlýsingunni.

Á 122. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga frá Hjörleifi Guttormssyni um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins (fylgiskjal I). Í þingsályktuninni var gert ráð fyrir þriggja ára rannsóknarátaki á slíkum áhrifum og að til þess yrði varið um 63 millj. kr. næstu þrjú árin samkvæmt áætlun frá Hafrannsóknastofnuninni sem fylgdi tillögunni. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 samþykkti Alþingi fjárveitingu til að hefja störf í samræmi við ályktunina. Um rökstuðning fyrir þeirri tillögu sem hér er flutt vísast m.a. í

greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni á sínum tíma (þskj. 337 í 269. máli 122. löggjafarþings). Þar var gerð grein fyrir rannsóknarverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ sem aukið hefur þekkingu á botndýrategundum innan efnahagslögsögunnar, útbreiðslu þeirra og tengslum við aðrar sjávarlífverur. Sjálfsagt er að hafa hliðsjón af þessu rannsóknarverkefni við frekari rannsóknir og aðgerðir á þessu sviði.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, eins og þeim var breytt með lögum nr. 72/1984, er m.a. eftirfarandi talið upp meðal markmiða Hafrannsóknastofnunarinnar:

- Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
- Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
- Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
- Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.

Rannsóknir til að leggja grunn að þekkingu á hafsbotninum og botnlægum lífverum falla þannig augljóslega undir verksvið Hafrannsóknastofnunarinnar og starfsmenn hennar búa öðrum framar yfir þekkingu til að leggja á ráðin um fyrirbyggjandi verndaraðgerðir á lífríki botnsins. Fleiri geta hins vegar eflaust lagt talsvert af mörkum, sem og aflað frekari þekkingar, og eru því eðlilegir samráðsaðilar um málið. Í þeim hópi þurfa að vera samtök sjómanna og útvegsmanna, tillagan snertir hagsmuni þeirra og samtök þeirra geta eflaust lagt fram gögn og vitneskju sem taka ber tillit til við umfjöllun um vernd og sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins.

Á yfirlitsuppdrætti með tillögu þessari (fylgiskjal II) eru sýnd þau svæði við landið þar sem talið er að verðmætustu samfélög kóralla sé að finna.

Sérstaka þýðingu í sambandi við tillögu þessa hafa lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, meðal annars 8. og 9. gr. laganna sem veita ráðherra heimildir til að gera ráðstafanir til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna, um skiptingu veiðisvæða og tímabundið bann við öllum veiðum eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði.

Eitt meginefni tillögunnar er að fela ráðherra, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að friða án tafar í varúðarskyni, a.m.k. fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda. Augljóst er að það fer eftir gerð og eðli veiðarfæra hvort þau kunna að valda röskun á lífríki hafsbotnsins og þá hversu mikilli. Botnvarpa og dragnót eru dæmi um veiðarfæri sem mest eru í sviðsljósinu í þessu sambandi, en fleira getur komið til. Á hinn bóginn eru krókaveiðar augljóslega ekki skaðvaldur í þessu samhengi og veiðar í net geta einnig verið óskaðlegar með tilliti til áhrifa á botninn. Nánari rannsóknum er hins vegar ætlað að leiða í ljós áhrif einstakra gerða veiðarfæra í þessu samhengi og flutningsmenn leggja ríka áherslu á framgang þeirra. Gert er ráð fyrir að við undirbúning og vinnslu málsins verði haft samráð við rannsóknastofnanir, hagsmunasamtök og samtök áhugamanna. Vert er að vekja athygli á upplýsingaöflun sem í vetur hefur farið fram á vegum Félags dagabátaeigenda á gildi lífríkis hafsbotnsins og áhrifum veiðarfæra á það.

Þá er rétt við meðferð málsins að hafa í huga ákvæði í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafs-

botnsins annarra en lifandi vera. Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherra.

Rétt er að minna á ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, þar sem segir í 54. gr.:

Friðlýsing náttúruminja í hafi.

Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

Til álita koma einnig ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og lög um stjórnun fiskveiða og eftirlit með veiðum. Sérstaklega þarf að meta hvernig best verður staðið að því að tryggja varanlega vernd og friðun ákveðinna svæða og/eða tímabundna vernd eftir því sem við á.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Þingsályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. (Samþykkt á Alþingi 28. maí 1998.)
II. Hafrannsóknastofnunin: Steinkórall (*Lophelia pertusa*) sem myndar kóralgarða í Norður-Atlantshafi. (Kort sem sýnir fundarstaði *Lophelia pertusa* við Ísland samkvæmt gögnum verkefnisins „Botndýr á Íslandsmiðum“.)
III. Umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni, 31. mál á 130. löggjafarþingi 2003–2004. (26. nóvember 2003.)

Um fylgiskjöl I og II vísast til samhljóða fylgiskjala með þskj. 31 (31. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 582–583.

61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu.

Flm.: Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi verndaráætlun um að varðveita svæði sem eru ósýkt eru af sauðfjárriðu svo að þar megi ala líflömb fyrir svæði sem hafa sýkst.

Reglur verndaráætlunarinnar geri bændum kleift að selja á markaði sauðfjárafurðir sem vottað er að séu frá slíkum verndarsvæðum. Sérstaklega verði kannað hvernig tryggja megi að slátrun fari fram innan verndarsvæðanna hvers og eins eða sameiginlega. Við gerð verndaráætlunarinnar skal endurmeta allar sauðfjárveikivarnareglur sem í gildi hafa verið.

Greinargerð.

Riðuveiki í sauðfé er illvígur sjúkdómur sem hefur um langan tíma herjað víða um landið. Nokkur svæði eru þó ósýkt og hafa verið uppspretta líflamba fyrir önnur svæði. Innan fárra ára verður mögulegt að endurmeta svæði þar sem veikin hefur ekki komið upp lengi og taka þau inn í flokk ósýktra svæða.

Sérstakt áhyggjuefni er nú að í þeirri miklu fækkun sláturhúsa sem yfir hefur gengið hefur það ástand myndast að sauðfé er flutt landshorna milli til slátrunar. Þótt ekki hafi verið flutt fé af riðuveikisvæðum inn á ósýkt svæði til slátrunar hafa sömu flutningatækin farið um sýkt og ósýkt svæði. Sjúkdómurinn er svo illvígur að þessi aðferð getur ekki talist örugg. Því þarf að tryggja að slátrun á þessum svæðum fari fram innan þeirra en huga mætti þó að þeim möguleika að fé yrði flutt milli ósýktra svæða til slátrunar ef sú aðferð stæðist þær öryggiskröfur sem settar yrðu.

Eðlilegt markmið stjónvalda ætti að vera að tryggja með öllum tiltækum ráðum að ósýkt svæði verði varðveitt til framtíðar, a.m.k. þar til tekst að ráða niðurlögum veikinnar í öðrum landshlutum. Sérstök vernd svæðanna felur líka í sér möguleika til að markaðssetja sauðfjárafurðir frá þeim sérstaklega og vitað er að fyrirspurnir um hvort slíkt hafi verið í boði hafa komið erlendis frá. Sérstök verndaráætlun fyrir slík svæði gæti því aukið möguleika bænda til að selja vöru sína bæði hér og erlendis með sérstakri gæðavottun hvað þessa veiki varðar.

Margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar hér á landi til að hefta útbreiðslu sjúkdóma í sauðfé með ágætum árangri en þó hefur riðuveikin stungið sér niður víða um land og komið upp aftur á bæjum þar sem fé hefur verið skorið niður jafnvel mörgum árum síðar. Til dæmis voru 18 ár liðin frá því að skorið var niður á bæjum í Skagafirði og Jökuldal þar til veikin kom upp aftur. Í Vatnsdal eru dæmi um 14 ár og einnig að 20 ár hafi liðið frá niðurskurði þar til veikin kom upp aftur. Sérfræðingar telja að smitefni veikinnar hafi með einhverjum hætti lifað í umhverfinu. Afar erfitt er að viðhalda þekkingu almennings og skilningi á varúðarráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til svo langvinnrar baráttu sem nauðsynleg er til að ráða niðurlögum sjúkdómsins. Til eru ný og gömul dæmi um skemmdir á varnargirðingum vegna utanvegaaksturs, notkun fjárhúsa á sýktum svæðum fyrir dýr sem svo hafa verið flutt til ósýktra svæða og ferðalög á hestum þar sem fóður af sýktum svæðum hefur verið með í för. Flutningar af ýmsu tagi, t.a.m. á búvélum eða búnaði, geta valdið því að veikin berist milli landshluta. Vitað er að að riða hefur borist milli landshluta vegna viðskipta með fóður. Ástæður þess að menn brjóta varúðarreglur eru oftast þekkingarleysi og það andvaraleysi sem smám saman vill verða vegna þess að svo langt er liðið frá því að veikin herjaði á viðkomandi svæðum. Það er hægara sagt en gert að viðhalda þeirri stöðugu árvekni sem þarf til að kveða þennan illvíga sjúkdóm endanlega niður. Þess vegna er að mörgu að huga ef fyrirbyggja á áratugum saman að veikin berist milli svæða. Ástæða er til að gera ráð fyrir langri baráttu við þennan sjúkdóm í landinu. Ósýktu svæðin ætti að vera auðveldara að verja ef þeirra verður sérstaklega gætt en ómælanlegur skaði yrði ef sjúkdómurinn kæmi upp á þeim og þess vegna er full ástæða til að huga alveg sérstaklega að vernd þeirra og góð rök fyrir að kosta þar nokkru til.

Frumkvæði og stuðningur hins opinbera við verndaráætlun eins og hér er lagt til að verði til stofnað er að mati flutningsmanns þessarar ályktunar fyllilega réttlætanlegur. Það er hlut-

verk hins opinbera að verja með tiltækum ráðum auðlindir landsins. Íslenski fjárstofninn er ein þessara auðlinda. Tillagan er flutt í þeim tilgangi að verja hann fyrir þeim sjúkdómi sem erfiðast hefur verið að ná tökum á.

Fylgiskjal I.

Upphaf riðu eftir árum



Fylgiskjal II.

Staðfest riðutilfelli 1995–2004.

Hólf	Fjöldi tilfella
1	1
16	3
17	10
18	3
19	1
20	7
22	3
25	2
26	2
27	1
28	7
36	5

Með tillögunni var einnig fylgiskjal III, grein eftir Sigurð Sigurðarson, dýralækni sauðfjársjúkdóma: Riðuveiki eða riða í sauðfé og geitum. (Birt á vef embættis yfirdýralæknis, 29. júlí 2004.)

62. Frumvarp til laga [62. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir 104. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Íbúaþing.

Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúaþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við að hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlunar. Tryggt skal að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúaþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 128. og 130. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Þær meginbreytingar sem nú eiga sér stað á sveitarstjórnarstiginu í vestrænum þjóðfélögum einkennast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er aukin samvinna við einkageirann og samtök af ýmsu tagi í því skyni að sinna betur tilteknum þjónustuþáttum. Í öðru lagi er valddreifing sem vísar til þeirrar meginreglu að ákvarðanir séu í sem flestum tilvikum teknar af því stjórnvaldi sem er næst íbúunum. Dæmi um þetta hér á landi er flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er á alþjóðavettvangi vaxandi áhersla á þátttökulýðræði.

Sveitarstjórn er það stjórnvald sem er næst íbúum og gegnir því veigamiklu hlutverki við mótun hvers samfélags. Vegna þessarar nálægðar liggur lykillinn að auknu lýðræði, þ.e. að auka vitund íbúanna um ábyrgð og möguleika til áhrifa á framgang og þróun einstakra mála og málaflokka í sveitarfélaginu, hjá sveitarstjórnum.

Þjónustuhlutverk sveitarfélaga og forgangsröðun verkefna.

Með aukinni áherslu á þjónustuhlutverk sveitarfélaga verður samráð við þá sem njóta þjónustunnar, þ.e. íbúana sjálfa, stöðugt mikilvægara. Því má halda fram að hver og ein sveitarstjórn gegni leiðtogahlutverki við að tryggja góða þjónustu.

Af þessum sökum er samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt. Margt bendir til þess að hollusta við stjórnmálaflokka sé á undanhaldi og víða erlendis fer þátttaka í sveitarstjórnarkosningum minnkandi. Á sama tíma kallar almenningur eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, svo sem í skipulagsmálum og skólamálum. Af því má draga þá ályktun að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög. Það getur aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Sveitarfélög hafa yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og því eru átök um forgangsröðun óhjákvæmileg. Ólíkir hópar hafa ólíka sýn og ólíkar þarfir. Samráðsferlið snýst því ekki síst um að tryggja að öll sjónarmið komi fram og að leitað sé leiða til samræmingar. Endanleg ákvörðun er í höndum sveitarstjórnar, sem síðan getur staðið íbúum skil á ákvörðun sinni.

Með því að virkja þá þekkingu og reynslu sem býr í hverju samfélagi fást betri lausnir. Ólíkir hópar í sveitarfélaginu kynnast og læra að hlýða hver á annars sjónarmið. Þannig getur skapast kraftur og samstaða sem getur orðið grunnur að jákvæðum breytingum í sveitarfélaginu.

Íbúalýðræði / þátttökulýðræði – viðbót við fulltrúalýðræði.

Lýðræði vísar ekki eingöngu til kosninga. Það vísar til samræðna ólíkra hagsmunaaðila í því skyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau málefni sem brenna á samfélaginu.

Í fulltrúalýðræði er áherslan á baráttu, þ.e. fulltrúar berjast fyrir kjöri og stjórnmálaflokkar berjast innbyrðis innan yfirstjórnar. Þannig dregur þetta ferli fram ágreiningsmál. Með auknu samráði við íbúa, þar sem beitt er aðferðum sem draga fram sameiginlegar áherslur, fæst ákveðið jafnvægi inn í það ákvarðanaferli sem beitt er við stjórnun sveitarfélagsins.

Meðal þess sem vinnst með auknu íbúalýðræði er að almenningur verður meðvitaðri um málefni sveitarfélagsins, sem undir venjulegum kringumstæðum eru eingöngu til umfjöllunar meðal kjörinna fulltrúa og embættismanna. Þannig á sér stað uppfræðsla og menntun sem stig af stigi styrkir grunninn undir aukna aðkomu íbúa að ákvörðunum. Með þátttökunni er brúað bilið milli almennings og kjörinna fulltrúa og íbúar fengnir til liðs við sveitarstjórnir í ákvarðanatöku. Þannig eykst skilningur íbúa á nauðsyn málamiðlunar.

Traust – félagslegur auður.

Almennt ríkir heldur takmarkað traust milli sveitarstjórna og íbúa. Þegar stigin eru skref í átt að auknu samráði snúast þau í fyrstu um að byggja upp þetta traust. Ef sveitarstjórn boðar til opins samráðs og nýtir síðan niðurstöðurnar við ákvarðanatöku, sjá íbúar ástæðu til að taka frekari þátt í mótun samfélagsins. Þannig getur traust milli þessara tveggja aðila, sem hvor um sig skiptir sköpum um hag sveitarfélagsins, vaxið stig af stigi.

Notað hefur verið hugtakið „félagslegur auður“ um þetta traust sem þannig myndast. Það hefur m.a. verið skýrt á eftirfarandi hátt:

„Einn hagnýtur afrakstur þátttöku, er myndun „félagslegs auðs“. Félagslegur auður er það traust og trúnaður sem þróast þegar stjórnvöld og hið almenna samfélag koma saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum, samfélaginu til góða, segir stjórnmálafræðingurinn Robert Putnam. Félagslegur auður er grunnurinn að lögmæti opinberra stjórnvaldsstofnana og er nauðsynlegur fyrir áhrifaríka og árangursríka stjórnun. Án félagslegs auðs, þegar traust og trúnaður er ekki til staðar, getur það stöðvað framvindu aðgerða stjórnvalda; til lengri tíma litið virka samfélög án trausts illa og í verstu tilfellum getur brotist út ofbeldi milli andstæðra fylkinga samfélagsins. Samstarf og samráð stjórnvalda við almenning geta skipt sköp-

um í að efla þann félagslega auð sem er til staðar og byggja hann upp frá grunni þar sem hann hefur ekki þekkst áður.“[1]

Farvegur fyrir samráð.

Ýmsar leiðir eru færar til samráðs sveitarstjórnar við íbúa, en þar er lykilatriði að farvegurinn sé skilgreindur og ljós. Í fámennum sveitarfélögum, þar sem aðgengi íbúa að sveitarstjórnarfólki er mjög gott, getur það þó aldrei komið í stað formlegs samráðs sem sveitarstjórn boðar til, með það að markmiði að hlýða á raddir íbúa.

Lengst getur sveitarstjórn gengið með því að boða til almennrar og bindandi atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Íbúaþing sem samráðsvettvangur.

Tilgangur íbúaþings, eins og hér er vísað til, er að sveitarstjórnir boði til opins samráðs við íbúa um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að íbúaþing sé haldið að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Eðlilegast verður að telja að íbúaþing séu haldin á fyrri hluta hvers kjörtímabils enda mest um vert fyrir nýkjörnar sveitarstjórnir að leita samráðs við íbúa áður en þær hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hætt er við að íbúaþing stuttu fyrir kosningar missi marks af ýmsum ástæðum. Mikilvægt er að notaðar verði aðferðir sem tryggja að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á íbúaþingi verði meginhersla á að hlusta eftir skoðunum íbúa, frekar en kynningar af hálfu sveitarstjórnar. Má segja að þetta sé það sem aðgreinir íbúaþing frá hefðbundnum borgarafundum. Æskilegt er að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að stýra samráðinu.

Ekki er gert ráð fyrir að ályktanir séu gerðar á íbúaþingum enda er hér fyrst og fremst um samráðsvettvang að ræða og það er síðan hlutverk sveitarstjórna að vinna úr því sem fram kemur.

Að loknu íbúaþingi gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarstjórn geri grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um úttekt vegna GATS-samningsins og breytinga á honum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin beiti sér fyrir:

a. að gerð verði úttekt á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum GATS-samningsins á Íslandi, bæði miðað við núverandi stöðu og

---

[1] Timothy D. Sisk, Democracy at the Local Level, The International IDEA Handbook on Participation, Representation, Conflict Management and Governance, IDEA 2001.

hugsanlegar afleiðingar samningsins til langs tíma. Hluti af þeirri rannsókn verði greining á lagalegri stöðu GATS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gagnvart innlendum lögum og reglugerðum. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi taka til endurskoðunar þær skuldbindingar sem Ísland hefur þegar undirgengist;

b. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir að samningaviðræður Íslands og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði opnaðar fyrir almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Leitað verði m.a. til verkalýðsfélaga og annarra hagsmunasamtaka, auk fulltrúa sveitarfélaga og stofnana eftir því sem við á;

c. að í yfirstandandi samningsferli Íslands og annarra aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna GATS-samningsins verði engar heimildir veittar fyrir markaðsvæðingu velferðar- og grunnþjónustu samfélagsins. Ekki verði fleiri þjónustugeirar felldir undir GATS-samninginn án undangenginnar könnunar á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum samningsins á íslenskt þjóðfélag og ekki fyrr en hlutdeild samtaka launafólks og annarra fulltrúa almennings í samningaviðræðunum hefur verið tryggð;

d. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að ákvæði 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins verði skýrð á þann veg að engum vafa sé undirorpið að samningurinn nái ekki til almannaþjónustu og þjónustu á vegum hins opinbera. Lagt er til að c-liður 3. mgr. I. gr. verði felldur úr gildi og að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir því á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar;

e. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að þjónusta hins opinbera sem og þjónusta í almannaþágu verði í raun og veru undanskilin ákvæðum GATS-samningsins. Litið verði á rekstrareiningar á vegum hins opinbera sem heildstæðar í skilningi GATS. Þannig verði ekki hægt að færa þær í hlutum undir markaðsskuldbindingar GATS-samningsins;

f. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að orðalagi XXI. gr. verði breytt þannig að sett verði inn málsgrein sem heimili ríkisstjórnum að fella brott þegar undirritaðar skuldbindingar í skuldbindingaskrá eða draga úr þeim *að því tilskildu* að það sé gert í þeim tilgangi að bæta almannaþjónustu eða þjónustu á vegum hins opinbera, án þess að hætta sé á að þær ákvarðanir kalli á skaðabætur samkvæmt reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Svo tryggja megi óskoraðan rétt ríkisstjórna til að setja lög og reglur og framfylgja þeim án hættu á lögsókn beiti ríkisstjórnin sér fyrir því að 4. mgr. VI. gr. (reglur á heimamarkaði) í GATS-samningnum verði endurskoðuð þannig að skýrt komi fram að umhverfisþættir og félagslegir þættir hafi forgang gagnvart „frjálsum viðskiptum“;

g. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að farvegur deilumála innan stofnunarinnar verði opnaður almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Ríkisstjórnin vinni að því að dómstóll Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar leiti í auknum mæli til stofnana Sameinuðu þjóðanna til samráðs við úrlausn deilumála og að tekið verði tillit til samfélags- og umhverfissjónarmiða. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samþykki að meginsamþykktir Sameinuðu þjóðanna hafi forgang á viðskiptareglur;

h. að kröfur um lágmarksréttindi verkafólks eins og þær hafa verið settar fram á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði felldar inn í GATS-samninginn og aðra samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem við á.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt.

Ekki eru menn á eitt sáttir um þann farveg sem beina eigi alþjóðavæðingunni í og einnig er deilt um líkleg áhrif markaðsvæðingar sem sett hefur svip á alþjóðavæðinguna til þessa. Um hitt deilir enginn að alþjóðavæðingin hefur mikil samfélagsleg áhrif og þess vegna er mjög mikilvægt að opin og lýðræðisleg umræða fari fram um hana, ekki síst um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), sem er ætlað að verkstýra þessu ferli, og samninga hennar. Sérstaklega er ástæða til að taka til skoðunar GATS-samninginn (General Agreement on Trade in Services) og áhrif hans.

GATS-samningurinn hefur færst æ meira í sviðsljósið síðastliðin 2–3 ár í kjölfar þess að verkalýðsfélög, sjálfstæðir rannsóknaraðilar, háskólar, rannsóknarnefndir þjóðþinga sem og frjálsir félagahópar og samtök, hafa tekið hann til skoðunar.

Gagnrýni á samninginn hefur ekki síst beinst að áhrifum hans á stjórnunarhætti hvers þjóðríkis sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sjálfstæði og sjálfræði innlendra stjórnvalda og þær almennu breytingar á félagslegu og efnahagslegu umhverfi sem af samningnum hljótast. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þær skuldbindingar sem ríki gera undir GATS-samningnum eru nánast óafturkræfar og því geta einstaka ríkisstjórnir bundið hendur komandi kynslóða með þvílíkum hætti að vart finnast sambærileg dæmi í öðrum alþjóðlegum viðskiptasamningum.

Það er því eðlileg krafa í lýðræðisþjóðfélagi að áhrif almennings á gerðir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og samninga hennar verði aukin frá því sem nú er. Í stað þess að loka á upplýsingar og umræðu eins og Alþjóðaviðskiptastofnunin hefur verið sökuð um að gera, ber þvert á móti að leita allra ráða til að örva umræðuna. Greið leið að úrskurðarkerfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og dómstól er einnig mjög mikilvæg.

GATS-samningurinn tekur yfir afar víðtækt svið og á undanförnum missirum hafa fjárfestingarsamningar og réttur fjárfestingarfyrirtækja verið í brennidepli. Einnig hefur verið rætt um landbúnaðarmál þótt þau heyri ekki undir samninginn sem slíkan en þau hafa tengst GATS-samningsferlinu óbeint því að samningar á ýmsum sviðum sem heyra undir Alþjóðaviðskiptastofnunina, svo sem um landbúnaðarmál, eru gerðir með hliðsjón hver af öðrum. Í öllum þessum viðræðum er mikilvægt að veita fátækum ríkjum þriðja heimsins stuðning gagnvart óbilgjörnum kröfum stórfyrirtækja og vel stæðra ríkja í þeirra garð. Í þessari þingsályktunartillögu er sjónum fyrst og fremst beint að þáttum sem snerta grunngerð samningsins og snúa að samfélagsþjónustunni. Að sjálfsögðu skipta fleiri þættir miklu máli. Hvað landbúnaðarmál snertir er mikilvægt að Íslendingar afsali sér ekki rétti sínum til að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu og standa vörð um íslenskt byggðamynstur.

Krafan um að lágmarksréttindi verkafólks verði viðurkennd og felld inn í GATS-samninginn er mikilvæg, enda óeðlilegt að stunduð séu viðskipti við ríki þar sem t.d. réttur verkafólks til að bindast samtökum og tjá sig er ekki virtur. En sem áður segir er hér fyrst og fremst staðnæmst við áhrif GATS-samningsins á almannaþjónustu og þjónustu hins opinbera. Því er d-liður þingsályktunartillögunnar sérstaklega tekinn til skoðunar hér á eftir.

Skilgreining á almannaþjónustu.

Í b-lið 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins er skýrt hvaða þjónusta er talin falla undir hann. Þar segir: „„þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita“.

Á ensku, sem er eina tungumálið sem samningurinn hefur lagalegt gildi á, segir svo: „„services“ includes any service in any sector except services supplied in the exercice of governmental authority.“

Í c-lið 3. mgr. I. gr., sem hér er lagt til að verði felldur niður, er þessi afdráttarlausa grein skilyrt með eftirfarandi hætti: „„þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.“

Á ensku hljómar það svo: „„a service supplied in the exercice of governmental authority“ means any service which is supplied neither on a commercial basis, nor in competition with one or more service suppliers.“

Til að menn átti sig á hversu víðtækur GATS-samningurinn er og hvaða stjórnvöld það eru innan lands sem verða að taka tillit til ákvæða hans í ákvörðunum og framkvæmdum er rétt að láta 3. mgr. I. gr. fylgja í íslenskri þýðingu og upphaflegri útgáfu:

„3. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
a) „ráðstafanir aðila“ eru ráðstafanir gerðar af:
i) ríkisstjórn, svæðis- og sveitarstjórnum og stofnunum; og
ii) óopinberum stofnunum í umboði ríkisstjórnar, svæðis- eða sveitarstjórna eða stofnana.
Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem eðlilegar teljast og hann hefur tök á að beita til að tryggja að svæðis- og sveitarstjórnir og stofnanir svo og óopinberar stofnanir á yfirráðasvæði hans virði skyldur og skuldbindingar samningsins.
b) „þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita.
c) „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.“

Á ensku er 3. mgr. I. gr. svohljóðandi í heild:
„3. For the purposes of this Agreement:
(a) „measures by Members“ means measures taken by:
(i) central, regional or local governments and authorities; and
(ii) non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional or local governments or authorities;
In fulfilling its obligations and commitments under the Agreement, each Member shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure their observance by regional and local governments and authorities and non-governmental bodies within its territory;
(b) „services“ includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority;
(c) „a service supplied in the exercise of governmental authority“ means any service which is supplied neither on a commercial basis, nor in competition with one or more service suppliers.“

Ástæður þess að breyta þarf samningstextanum.

Sem áður segir er í þessari greinargerð sérstaklega staðnæmst við þann þátt þingsályktunartillögunnar sem lýtur að opinberri starfsemi og reynt að varpa ljósi á hvers vegna mikilvægt er að skerpa samningstexta og fella tiltekinn lið brott. Skal nú nánar vikið að c-lið 3. mgr. I. gr. samningstextans.

1. Núverandi orðalag 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins, sem birt er hér að framan, ógnar

mjög tilvist almannaþjónustu í þeim 146 ríkjum sem eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Túlkun greinarinnar er óljós og enginn einn skilningur við lýði á henni, eins og m.a. utanríkisráðuneytið hefur viðurkennt í svari við fyrirspurn frá BSRB. Hins vegar má vera ljóst að með víðri túlkun á greininni fellur flest opinber þjónusta undir GATS-samninginn. Því má t.d. halda fram að sala á aðgangi að sundlaugum sveitarfélaga sem og rekstur ljósabekkja sömu aðila, sé rekstur á „viðskiptalegum grundvelli“ (e. „commercial basis“). Þá hafa menn spurt hvort ekki megi halda því fram að fyrst til eru skólar sem reknir eru að hluta eða öllu leyti af einkaaðilum sé hið opinbera (með almenna skólakerfinu) að veita þjónustu sem er í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur og ættu skólarnir því að falla að fullu undir ákvæði GATS-samningsins. Afleiðingin gæti orðið sú (hafi viðkomandi þjónustugeirar verið felldir undir GATS og séu ekki nægilegir fyrirvarar settir) að í engu mætti mismuna í stuðningi við einkaaðila annars vegar og opinbera aðila hins vegar. Við þessar aðstæður þyrfti ríkið að reka allar sínar þjónustustofnanir sem um einkarekstur væri að ræða með tilheyrandi arðsemiskröfum og þjónustugjöldum af almenningi ellegar að ríkið væri knúið til að veita einkaaðilum sem hasla sér óáreittir völl á sömu sviðum alla sömu styrki og aðstöðu og þeim stofnunum sem nú veita opinbera þjónustu. Afleiðingin yrði augljóslega umbreytt þjóðfélag. Þau gildi sem velferðarsamfélagið hefur lagt mest upp úr mundu eiga undir högg að sækja og sá grunnur veikjast sem núverandi lýðræðisþjóðfélag byggist á.

2. Ef forráðamenn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar væru sjálfum sér samkvæmir mætti ætla að c-liður 3. mgr. I. gr. í samningnum væri óþarfur. Þannig hefur margsinnis verið fullyrt af þeirra hálfu að opinber þjónusta sé sérstaklega undanskilin ákvæðum GATS-samningsins – að því er á þeim má skilja, án frekari skilyrða þar að lútandi. Því þurfi gagnrýnendur ekki að hafa áhyggjur af opinberri þjónustu. Ef þessi er raunin ætti efni tillögunnar að finna samhljóm með því sem forusta Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ítrekað lýst yfir á opinberum vettvangi um leið og efasemdum um ágang GATS-samningins varðandi almannaþjónustu væri eytt.
3. Þriðja ástæðan fyrir brottfalli c-liðar 3. mgr. I. gr. er ágreiningur um merkingu hans. Jafnvel innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er deilt um merkinguna. Í svari utanríkisráðuneytisins við spurningu frá BSRB, um hvaða merkingu ráðuneytið leggur í ofangreind ákvæði, segir:

   „Ekki er full samstaða um túlkun allra þeirra hugtaka sem er að finna í GATS frekar en í ýmsum öðrum alþjóðlegum samningum. Íslensk stjórnvöld fylgjast með þróun umræðunnar og þeim niðurstöðum sem aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar kunna að komast að varðandi túlkun hugtaka. Erfitt er að svara spurningum um túlkun hugtaka af því tagi sem nefnd eru í bréfi BSRB með tæmandi hætti.

   Skilgreiningar þessar hafa ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í þjónustuviðskiptaráði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ekki er hægt að staðfesta að öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar túlki 3. mgr. I. gr. með nákvæmlega sama hætti.

   Þeir aðilar sem komið hafa að samningum fyrir Íslands hönd, þar sem hugtök þessi hafa verið til umfjöllunar, hafa almennt ekki rekist á vandamál í samskiptum við erlenda gagnaðila á þessu sviði. Óformlegt samkomulag er um það að aðildarríkin geti skilgreint þessi hugtök með þeim hætti sem fellur að venjum þeirra (þ.e. hvað teljist venjubundin opinber þjónusta) svo fremi sem það stangist ekki á við verulega viðskiptalega hagsmuni annarra samningsaðila. Þannig hafa samningamenn Íslands ekki orðið varir við annað en að almennt sé viðurkennt að starfsemi t.d. sjúkra- og menntastofnana hérlendis sé þjónusta í þágu almennings sem veitt er af opinberum aðila en ekki í viðskiptalegum

tilgangi. (Til að auðvelda skýrari svör væri gagnlegt að BSRB kæmi með dæmi um vandamál tengd túlkun þessara hugtaka.)“

Hér er um að ræða eitt áhrifamesta ákvæðið í þessum alþjóðlega skuldbindandi samningi. Ekki er hægt með góðu móti að ganga út úr samningnum. Þá má nefna að erlend fyrirtæki geta lagt fram kærur til eigin stjórnvalda, telji þau það þjóna hagsmunum sínum, sem koma þeim síðan á framfæri innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Náist ekki samkomulag um bætur eða breytingar endar málið fyrir sérlegum dómstóli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en úrskurði hans verður ekki áfrýjað. Reynslan sýnir að sérstakir dómarar sem skipaðir eru við dóminn eru yfirleitt sérfræðingar í alþjóðlegum viðskiptarétti og hafa niðurstöðurnar jafnan borið merki mjög þröngs sjónarhorns þar sem fylgt er stífum túlkunum á ákvæðum samningsins. Það er því með öllu óviðunandi að aðilar að samningnum geti ekki gengið að því vísu sem þeir hafa skrifað upp á. Þessi óvissa er enn til staðar.

Þessu til staðfestingar má bera svar utanríkisráðuneytisins hér að framan saman við svar sama aðila við annarri spurningu sem BSRB lagði fyrir ráðuneytið við sama tækifæri. Hér má sjá enn eitt dæmi um mótsagnakennda afstöðu íslenskra stjórnvalda. Spurningin varðaði það hvort ráðuneytið teldi að hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækja færði þau fremur undir GATS-samninginn með hliðsjón af c-lið 3. mgr. I. gr. Hluti af svari utanríkisráðuneytisins við þessari spurningu var eftirfarandi: „Ef fyrirtæki í eigu opinberra aðila starfar á samkeppnismarkaði eiga skuldbindingar GATS við eftir því sem við á, burtséð frá því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur verið hlutafélagavætt.“

Mál er að allri óvissu verði eytt, enda virðast allir, forráðamenn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og helstu gagnrýnendur hennar, sammála um að c-liður 3. mgr. I. gr. valdi eingöngu óvissu og togstreitu. Æskilegur skilningur sé sá sem fram komi í a- og b-lið 3. mgr. en c-lið sé ofaukið.

4. Í fjórða lagi má benda á að ýmis aðildarríki hafa með ákveðnum hætti reynt að komast undan þeirri óvissu sem c-liður 3. mgr. I. gr. veldur. Þannig lagði ríkisstjórn Hollands fram tillögu sl. vor um að eignarhald hins opinbera á vatnsveitum héldist óskorað. Þó má draga vægi slíkrar lagasetningar í efa þegar kemur að því að meta hvort hún hafi forgang fram yfir ákvæði GATS. Er vísað í þessu tilliti til skýringartexta frá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (e. Guidelines for the scheduling of specific commitments under GATS – adopted 23. mars 2001) en þar er beinlínis bannað að vísa beint til laga í skuldbindingaskrám einstakra landa. Skrifa verður viðeigandi lagaákvæði beint inn í skuldbindingaskrána. Í textanum segir: „To the extent that domestic law of general application contain measures which constitude limitations, and if the Member wishes to maintain them, the commitment should describe the measures concisely. According to the agreed scheduling procedures, schedules should not contain general references to laws and regulations as it is understood that such references would not have legal implications under the GATS“.

Þá hafa ákveðin ríki/aðilar skrifað inn í skuldbindingaskrár sínar ákveðin skilyrði með þetta takmark fyrir augum. Evrópusambandið felldi þannig inn í sitt samkomulag við Alþjóðaviðskiptastofnunina svokallaðar láréttar skuldbindingar (Horizontal Commitments) við inngöngu. Hér er fyrst og fremst um að ræða að Evrópusambandið áskilur sér rétt til að viðhalda einokun í þeim geirum þar sem veitt er almenningsþjónusta. Kröfur hafa verið gerðar um að ESB felli niður þessi skilyrði og sýnir það e.t.v. betur en margt annað hvaða hug fyrirtæki hafa á að sækja inn á opinber þjónustusvið. Skilyrði Evrópusambandsins nú er svohljóðandi: „In all EC Member States services considered

as public utilities at a national or local level may be subject to public monopolies or to exclusive rights granted to private operators."

Nánari skýring fylgir: „Public utilities exist in sectors such as related scientific and technical consulting services, R&D services on social sciences and humanities, technical testing and analysis services, environmental services, health services, transport services and services auxiliary to all modes of transport. Exclusive rights on such services are often granted to private operators, for instance operators with concessions from public authorities, subject to specific service obligations.

Given that public utilities often also exist at the sub-central level, detailed and exhaustive sector-specific scheduling is not practical."

Lagt er til að efnislega sömu skilyrði verði fest í samninga Íslands vegna GATS – svo fremi sem það er unnt.

Það sem hefur e.t.v. valdið því að enn hefur ekki verið látið á það reyna hvernig túlka eigi c-lið 3. mgr. I. gr. er sú staðreynd að menn hafa fundið leið í kringum vandamálið, ef svo má að orði komast. Þær leiðir hafa gengið undir ýmsum nöfnum eins og „private-public-partnership", einkaframkvæmd almannaþjónustu eða aðrar tegundir framsalsrekstrar. Sjúkrahús sem hið opinbera hefur reist og rekið í almannaþágu kann að vera dæmi um rekstur hins opinbera sem er undanskilinn GATS-samningnum, ef taka á forráðamenn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á orðinu. En sjúkrahús er samsett af mörgum rekstrarþáttum og því er t.d. hægt að bjóða út ræstingar eða rannsóknir til einkaaðila, jafnvel þó svo ríkið borgi áfram brúsann. Ræstingar og rannsóknir falla hins vegar undir þjónustu sem þegar hefur verið felld inn í skuldbindingaskrár og því undir GATS-samninginn. Þannig er í raun hægt að færa alla starfsemi opinbers sjúkrahús undir GATS-samninginn án þess að nokkurn tíma verði látið á það reyna hvort „heilsugæsluþjónusta á vegum hins opinbera" fellur undir GATS.

Hvað þá almennu athugasemd varðar, að ríki ráði því sjálf hvaða geira þjónustu þær felli sérstaklega undir samninginn og því sé óþarft að fella brott margívitnaðan c-lið 3. mgr. I. gr. samningsins, þá er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

Í fyrsta lagi ganga flest ákvæði GATS í gildi við undirskrift samningins, þ.m.t. 3. mgr. I. gr.

Í öðru lagi er það staðreynd, eins og sést best á þeim kröfugerðarskiptum sem nú standa yfir sem liður í stöðugu útvíkkunarferli GATS-samningsins, að það er síaukinn þrýstingur á allar þjóðir að opna þann markað, sem hið opinbera hefur verið látið sjá um, fyrir óheftri erlendri samkeppni. Er þar ekkert undanskilið, nema ef vera skyldi varnarmál, flugumsjón að hluta og hluti af kjarnorkuiðnaði. Evrópusambandið hefur meira að segja reist þá kröfu á hendur viðskiptalöndum sínum, fyrir hönd evrópskra fyrirtækja, að fá að keppa um drykkjarvatn á markaði.

Einnig mætti nefna kröfugerðir um opnun menntageirans, félagslega geirans, orkugeirans og heilbrigðisgeirans. Það er inn á þessi svið sem stórfyrirtækin vilja komast og til eru þeir sem segja að ef við eigum að ná fram markmiðum okkar á erlendum mörkuðum, þá sé opnun þessara markaða fyrst og fremst sú skiptimynt sem við höfum (að frátöldum fiskimiðunum). Sú skiptimynt yrði hins vegar reidd fram á kostnað velferðarsamfélagsins.

64. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal, Siv Friðleifsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrlegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 129. og 130. löggjafarþingi en varð í hvorugt skiptið útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt. Frá því að tillagan var síðast flutt hefur sérstök nefnd, sem fyrrverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, skipaði um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls skilað ráðuneytinu skýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfi og niðurstöðum nefndarinnar. Var skýrslan gefin út af umhverfisráðuneytinu í maí sl. Í megintillögum nefndarinnar segir orðrétt: „Nefndin leggur til að svæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nái frá vatnaskilum á Vatnajökli í suðri til Tungnársvæðis vestan jökuls og taki yfir Vonarskarð, Tungnafellsjökul, meginhluta Ódáðahrauns, *Jökulsá á Fjöllum ásamt helstu þverám eins og Kreppu, Kverká, Svartá og vatnasviði öllu eins og við verður komið*, Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakkasvæðið.“ [Leturbreyting flm.] Hvað rökstuðning varðar vísast að öðru leyti til greinargerðar sem fylgdi tillögu þessari á 130. löggjafarþingi:

„Enginn vafi er á því að Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu hinu stórbrotna umhverfi árinnar allt frá upptökum við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls til sjávar í Öxarfirði, er einstæð náttúrugersemi. Fyrst skal frægan telja Dettifoss, sem oft er titlaður aflmesti eða voldugasti foss í Evrópu, þá hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Ævi sinni lýkur Jökulsá með því að flæmast um sandana fyrir botni Öxarfjarðar og hefur þá grafið í sand eitt af háhitasvæðum landsins. Umhverfið við efri hluta árinnar er ekki síður stórbrotið allt frá upptökum við Dyngjujökul vestan Kverkfjalla þar sem áin flæmist um hina miklu sandauðn norðan jökulsins með Kverkfjallarana og Krepputungu austan við. Trölladyngja, Dyngjufjöll og Herðubreið með Ódáðahraun að baki skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan vesturjaðri Brúarjökuls koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið á leið sinni til móðurelfunnar um land sem ekki er síður stórbrotið. Um svæðið má segja að Jökulsá á Fjöllum sé bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufyrirbæri jarðarinnar. Samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem einkennist af mikilli eldvirkni og m.a. móbergsmyndunum frá ísaldartímum sem eiga enga sína líka í veröldinni, ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar.

En það er ekki aðeins landið umhverfis og Jökulsá á Fjöllum sem hluti af stórbrotinni landslagsheild sem gefa ánni mikið gildi, heldur og sjálft vatnasviðið í heild sinni, stórbrotið samspil jökulvatna og lindáa og rennslishættir allra þessara vatna. Á Íslandi hefur það að vísu

fram undir síðustu ár ekki verið mikið til umræðu að náttúrulegir rennslishættir fallvatna gætu haft verndargildi í sjálfu sér en sú umræða er fyrir löngu vel þekkt í ýmsum nálægum löndum. Víða hefur rennslisháttum vatna fyrir löngu verið raskað í umtalsverðum mæli, t.d. í þágu samgangna á vatni og við gerð skipaskurða, stíflumannvirkja og vatnaflutninga til áveitu eða jafnvel með mannvirkjum sem tengdust timburfleytingum. Virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram sem horfir á Íslandi verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Hér er átt við Þjórsá og Tungnaá sem þegar má heita að séu fullmiðlaðar og síðan bætast Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í hópinn. Í þessu ljósi verður verndargildi Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með óbreyttum rennslisháttum enn þá meira en ella. Allt stefnir í að Jökulsá á Fjöllum verði eina verulega korguga jökulfljótið í þessum stærðarflokki sem ekki hefur enn verið hróflað við. Um er að ræða næstlengstu á landsins, stærsta vatnasvið, um 8.000 ferkílómetra, og fjórða vatnsmesta fallvatnið miðað við meðalrennsli. Umhverfi árinnar ber merki gríðarlegra hamfarahlaupa og enn vekja hlaup í Jökulsá undrun og aðdáun þeirra sem þau líta augum, ekki síst að sjá Dettifoss í tröllslegum ham þegar vatnsmagnið hefur margfaldast. Allt ber að sama brunni; hin einstæðu verðmæti sem fólgin eru í Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar, hvoru tveggja óröskuðu af manna völdum, eru miklu meira en fullgild rök fyrir alfriðun.

Í merkri samantekt sinni um fossa á Íslandi setur Sigurður Þórarinsson fossaröðina í Jökulsá á Fjöllum í hæsta verndarflokk og segir að fossana eigi tvímælalaust að friðlýsa ásamt nánasta umhverfi og því fyrr því betra. (Sjá: Sigurður Þórarinsson 1978. Fossar á Íslandi. Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 2.) Um fossaröðina segir Sigurður: „... stórvirkjun í Jökulsá eyðileggur röð fossa: Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, sem samanlagt eiga enga sína líka hérlendis og í Evrópu allri". Í sama riti lýsir Sigurður viðhorfum sem ekki eiga síður við í dag. Hann segir: *„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum."*

Ýmsar hugmyndir hafa verið og eru á kreiki sem tengjast frekari verndun þess svæðis sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Vinna stendur yfir við gerð náttúruverndaráætlunar og við að skoða mögulega stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan jökla þar sem sjónir hljóta m.a. að beinast mjög að Jökulsá á Fjöllum. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga virkjanaáform á svæðinu og að bæði eldri og yngri ráðagerðir um virkjun Jökulsár á Fjöllum eru til staðar og hafa greinilega ekki verið afskrifaðar af öllum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að tímabært sé og þarft að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Eðlilegt er að láta nú reyna á yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförnum mánuðum og missirum um vilja til að ekki verði hróflað við Jökulsá á Fjöllum. Rétt er að taka fram að lokum að tillaga þessi er hugsuð sem algerlega sjálfstætt innlegg í hina almennu náttúruverndarumræðu og þá vinnu sem nú stendur yfir við gerð nýrrar náttúruverndaráætlunar. Sama gildir um vinnu fyrrgreindrar nefndar um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Með því einu að friða Jökulsá á Fjöllum, þótt stórt skref væri, er langt í frá að fullnægjandi árangri sé náð á þessu sviði náttúruverndar. Að sjálfsögðu koma mörg önnur vatnsföll stór og smá og vatnasvið þeirra til greina með alveg sama hætti. Þess ber að geta að áður hafa verið fluttar tillögur hér á Alþingi svipaðs efnis og sú sem hér er fram borin og

skal sérstaklega minnt á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum sem flutt var á 113. og 120. löggjafarþingi.“

65. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um aðgerðir til að draga úr vegsliti af völdum bifreiða.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur sem miði að því að draga úr vegsliti af völdum bifreiða. Hugað verði meðal annars að breytingum á álögum hins opinbera á innflutning fjórhjóladrifsbifreiða og sérstökum aðgerðum til að draga úr notkun nagladekkja.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram allnokkuð breytt.

Rykmengun sem stafar af vegsliti er mikil hér á landi sem og kostnaður vegna árekstra af völdum illa búinna bifreiða en fram til þessa hafa stjórnvöld þó ekki beitt hagrænum aðgerðum sem augljóslega gætu dregið úr vandanum.

Vegslit vegna notkunar nagladekkja er afar mikið og það veldur ryk- og tjörumengun. Það er því mikið í húfi ef mögulegt er að draga úr notkun nagladekkja án þess að slysahætta aukist og draga þannig úr rykmengun og spara stórfé í viðhaldi gatna. Veðurfar er hér afar breytilegt milli vetra og segja má að suma vetur hafi bifreiðar verið á negldum dekkjum allan veturinn þótt þörfin fyrir þau hafi ekki verið fyrir hendi nema í tvær til þrjár vikur. Kanna þyrfti hvort dekkjaþjónustur gætu farið að bjóða upp á tæknivædda geymslu dekkja á felgum og hröð og ódýr skipti sem gætu þá farið fram oftar en ella. Þetta gæti haft mikinn sparnað í för með sér fyrir bifreiðaeigendur vegna minni kostnaðar við nagladekkin en ekki síður fyrir opinbera aðila í viðhaldi gatna.

Margir furða sig á að stjórnvöld hafi ekki ýtt undir notkun fjórhjóladrifsbifreiða en vitað er að slíkar bifreiðar eru mun öruggari í hálku og við erfiðar akstursaðstæður en eindrifsbifreiðar. Þetta hefur margra ára reynsla Íslendinga af notkun slíkra bifreiða sannað. Bifreið á góðum vetrardekkjum, þótt ónegld séu, með drif á öllum hjólum er miklu öruggari til notkunar í misjafnri vetrarfærð í þéttbýli en eindrifsbifreið á negldum dekkjum. Því er ástæða til að hvetja til notkunar fjórhjóladrifsbifreiða. Slíkt mætti m.a. gera með sérstökum afslætti innflutningsgjalda. Bifreiðar með fjórhjóladrifi eru nokkuð dýrari en bifreiðar með hefðbundnum drifbúnaði. Þess vegna verða innflutningsgjöld og tollar hins opinbera á þær nokkru hærri. Flutningsmenn telja að það ætti að vera þveröfugt vegna jákvæðra áhrifa eiginleika slíkra bifreiða í umferðinni. Einnig þarf að leita leiða til að hvetja eigendur fjórhjóladrifsbifreiða til að nota frekar góð ónegld vetrardekk en nagladekk.

Þá leggja flutningsmenn til að skoðað verði hvort taka beri upp staðbundið gjald á notkun nagladekkja í þéttbýli en slíkt fyrirkomulag hefur verið í gildi í Ósló síðustu ár með svo góðum árangri að stjórnvöld hyggjast koma því á í fleiri bæjum í Noregi. Slíkt fyrirkomulag mundi gilda um allar bifreiðar sem ekið er um viðkomandi svæði en í tengslum við slíka

breytingu yrði að tryggja mjög góða hreinsun gatna. Hugsanlegt er að það gæti hentað á höfuðborgarsvæðinu og þarf að skoða þá hugmynd gaumgæfilega.

Fjölgun dísilknúinna fólksbifreiða gæti skipt verulegu máli í náinni framtíð til að draga úr mengun.

Með aðgerðum sem hér er lýst mætti draga verulega úr mengun og kostnaði við umferð í þéttbýli. Sterk rök eru m.a. fyrir því að vel búin fjórhjóladrifsbifreið sé fullkomlega hæf til vetraraksturs þótt hún sé á önegldum dekkjum. Það er skoðun flutningsmanna að fjölgun fjórhjóladrifsbifreiða auki öryggi í umferðinni og að vel sé framkvæmanlegt að draga verulega úr vegsliti og þar með rykmengun og kostnaði með þeim ráðstöfunum sem hér eru lagðar til. Tillagan boðar ekki neina byltingu en mun sýna ef samþykkt verður jákvæða viðleitni stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Með framkvæmd hennar yrði beitt hagrænum leiðum til að draga úr vegsliti, mengun og slysahættu.

66. Frumvarp til laga [66. mál]

um brottfall laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

Brottfall laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, eru felld úr gildi.

Breyting á lögum nr. 41/1919, um landamerki o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingar- og stimpilgjaldi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þinglýsingargjaldi.

Breyting á lögum nr. 51/1924, um ríkisskuldabréf.

3. gr.

Orðið „stimpilgjalds“ í 5. gr. laganna fellur brott.

Breyting á víxillögum, nr. 93/1933, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „og stimpilgjaldi af gagnvíxlinum“ í 2. mgr. 52. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, með síðari breytingum.

5. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

6. gr.

Orðið „stimpilgjaldi“ í 80. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

7. gr.

Í stað orðanna „veð- og stimpilgjöldum“ í f-lið 34. gr. laganna kemur: veðgjöldum.

Breyting á lögum nr. 54/1973, um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

8. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með síðari breytingum.

9. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Að lækka þinglýsingargjöld vegna stofnlána sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

Breyting á lögum nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

10. gr.

Í stað orðanna „veðmála- og stimpilgjöldum“ í f-lið 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: og veðmálagjöldum.

Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

11. gr.

Orðið „stimpilgjöldum“ í 5. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum.

12. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

13. gr.

Orðin „stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins“ í 16. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 4/1987, um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

14. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 14/1989, um norrænan þróunarsjóð.

15. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 102/1990, um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

16. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðanna „stimpilgjald og þinglýsingar“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: þinglýsingargjald.

Breyting á lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð, með síðari breytingum.

18. gr.

Orðin „stimpil- og“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, með síðari breytingum.

19. gr.

2. málsl. 22. gr. laganna fellur brott.

Breyting á gildandi ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

20. gr.

78. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

21. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 146/1995, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum.

22. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og“ í 14. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., með síðari breytingum.

23. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingu.

24. gr.

Síðari málsliður 17. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

25. gr.

7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, með síðari breytingum.

26. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingar- og stimpilgjöld“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: þinglýsingargjöld.

Breyting á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

27. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

28. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 20. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

29. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

30. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 26. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingu.

31. gr.

Lokamálsliður 10. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 40/2002, um fasteignakaup.

32. gr.

Í stað orðsins „stimpilgjöld“ í síðari málslið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: þinglýsingargjöld.

Breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

33. gr.

Síðari málsliður 5. mgr. 73. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

2. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

35. gr.

110. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

36. gr.

8. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

37. gr.

6. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðanna „stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað“ í 1. tölul. 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: þinglýsingarkostnað og opinber gjöld.

Breyting á lögum nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

39. gr.

Orðið „stimpilgjald“ í e-lið 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

Gildistaka.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Mál þetta var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Í gildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Gjaldið er mishátt eftir skjölum.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur neikvæð áhrif, t.d. mismunar hún aðilum innan lands og veikir samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Þá er einnig á það að líta að stimpilgjöld geta lagst mjög þungt á þá sem kaupa sér húsnæði, sérstaklega þá sem eru að festa sér húsnæði í fyrsta sinn og þurfa að teygja sig svo langt sem þeir geta, t.d. ungt barnafólk. Þá benda flutningsmenn jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt hvað eftir annað. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi á árinu 2003 voru 3.300 millj. kr. og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2004 eru þær áætlaðar á greiðslugrunni 3.545 millj. kr.

Undanþágur frá greiðslu stimpilgjalda er víða að finna í lögum og hefur það gert innheimtu þeirra flókna. Þá getur aukning rafrænna viðskipta einnig gert innheimtu gjaldanna vandasama og í sumum tilfellum nokkuð hjákátlega þar sem engin eiginleg stimplun fer fram í slíkum viðskiptum.

Við niðurfellingu laga um stimpilgjald er nauðsynlegt að breyta með bandormi ákvæðum fjölmargra annarra laga sem kveða á um greiðslu stimpilgjalds. Í flestum þeirra lagaákvæða

sem bandormurinn snertir er veitt undanþága frá greiðslu stimpilgjalda. Í nokkrum þeirra er þó kveðið á um að krafa um stimpilgjald skuli miðast við annað hlutfall en ákveðið er í lög um um stimpilgjald og er þá oftast um að ræða ívilnanir til handa erlendum aðilum vegna beinna fjárfestinga hér á landi. Þessir aðilar munu því njóta verulegrar ívilnunar líkt og aðrir verði frumvarp þetta að lögum og því geta stjórnvöld í einstaka tilfellum þurft að taka samninga við slíka aðila til endurskoðunar.

67. Frumvarp til laga [67. mál]

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

Flm.: Ögmundur Jónasson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason,
Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Það gildir þó ekki ef verknaðurinn er brot á eða hlutdeild í broti á 218. gr. a eða 218. gr. b.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. og 218. gr. a telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.

3. gr.

Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, sem orðast svo:

Hver sem með ásetningi eða gáleysi, með eða án samþykkis, veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með limlestingu á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja þau að hluta eða öllu leyti, skal sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum.

4. gr.

Í stað orðanna „217. eða 218. gr.“ í 218. gr. a laganna, er verður 218. gr. b, kemur: 217., 218. eða 218. gr. a.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram seint á 128. löggjafarþingi og aftur á 130. löggjafarþingi og var málinu þá vísað til heilbrigðis- og tryggingane fndar. Bárust nefndinni umsagnir frá nokkrum aðilum og hefur verið tekið tillit til þeirra og málið nú lagt fram í nokkuð breyttri mynd. Lagðar eru til breytingar á almennum hegningarlögum í stað frumvarps til sérrefsilaga áður, en í umsögnum var bent á að alvarleg brot gegn líkamlegu og andlegu heil-

brigði hafi almennt verið lögfest í almennum hegningarlögum í norrænum rétti. Danir fóru nýlega þá leið er lögfest var sambærilegt bann en þeir voru upphaflega með frumvarp til sérrefsilaga fyrir þinginu. Þá hafa Norðmenn og Svíar lögfest bannið með sérlögum. Heiti málsins hefur einnig verið breytt úr umskurði á kynfærum kvenna í limlestingu á kynfærum kvenna en það er í samræmi við hugtakanotkun Sameinuðu þjóðanna („Female genital mutilation (FGM)“) og lýsir verknaðinum betur. Þá ber að geta þess að flutningsmenn nú eru þingflokksformenn allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Aðdragandi málsins.

Á 127. löggjafarþingi var lögð fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort ráðherrann teldi tímabært að lögfesta bann við umskurði stúlkna og setja viðurlög við slíkum verknaði. Í svari ráðherrans kom fram að umskurður („FGM“) á stúlkum teldist vera líkamlegt ofbeldi en ekki læknisverk og því væri læknum óheimilt að framkvæma hann samkvæmt læknalögum. Samkvæmt refsilöggjöfinni ætti umskurður stúlkna því að falla undir líkamsmeiðingarákvæði 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar, og vera skilgreindur sem brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrár, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sbr. 98. og 99. gr., og lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Einnig benti heilbrigðisráðherra á að verknaðurinn stríddi gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, mannréttindasáttmála Evrópu og samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1992.

Í svari ráðherra kom fram að í fortakslausu banni við umskurði stúlkna fælist ákveðin yfirlýsing og teldi hann ekkert því til fyrirstöðu að skoða hvort slíkt bann ætti að leiða í lög. Slíkt bann væri raunar í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem lögfestur var á Íslandi 1992, en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna og enn fremur að aðildarríki skuli gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Tilmæli erlendis frá.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, hefur hvatt aðildarríki sín til að taka skýra afstöðu gegn þessum verknaði og Evrópuþingið hefur skorað á aðildarþjóðirnar að lögfesta refsiákvæði gegn þeim sem framkvæmir slíka aðgerð enda sé umskurður stúlkna í raun limlesting þar sem aðgerðin felur í sér brottnám hluta kynfæra og getur haft alvarlegar afleiðingar, jafnvel leitt til dauða. Þá hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin vakið athygli á því að hugsanlegt sé að beita þær þjóðir þvingunarúrræðum sem stunda umskurð á stúlkum. Þannig sé hægt að skilyrða styrki til þjóðanna, t.d. gegn því að þær samþykki að styðja aðgerðir gegn umskurði stúlkna. Einnig má geta þess að Amnesty International og Rauði krossinn leggja áherslu á það að limlesting á kynfærum kvenna flokkist undir kynbundnar ofsóknir sem falli undir ramma Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna ættu lönd sem berjast fyrir afnámi siðvenjunnar og verknaðarins að veita þeim flóttamönnum vernd sem flýja heimaland sitt vegna slíkra ofsókna.

Útbreiðsla verknaðarins.

Umskurður er afar frumstæður verknaður sem á sér djúpar rætur og hefur tíðkast um aldir. Þótt algengt sé að siðurinn sé tengdur við islam þá er hann ekki bundinn við nein ákveðin trúarbrögð og er reyndar ekki trúarleg athöfn heldur miklu frekar samfélagsleg venja. Um-

skurður stúlkna er ekki síður tíðkaður í löndum þar sem þorri fólks telst til kristinnar trúar eins og í Eþíópíu og Kenýa, en talið er að hann eigi rætur að rekja til Afríku og þar mun hann vera útbreiddastur í dag. Ekki eru til margar áreiðanlegar rannsóknir á útbreiðslu umskurðar á stúlkum en hann er enn framkvæmdur í 28 Afríkulöndum og að einhverju leyti í löndum islams í Indónesíu, Sri Lanka, Malasíu og Indlandi, í Egyptalandi, Óman, Jemen og Sameinuðu arabísku furstadæmunum og hjá frumstæðum ættbálkum Suður-Ameríku.

Samtökin Amnesty International áætla að um 135 milljónir núlifandi kvenna og stúlkna í heiminum hafi þolað þessar misþyrmingar á kynfærum sínum og að um 2 milljónir stúlkubarna séu umskornar á hverju ári, um 6.000 á dag. Umskurður er yfirleitt framkvæmdur á ungum stúlkum allt frá sjö daga gömlum, en algengast er að þær séu á aldrinum frá fjögurra til 14 ára. Athöfnin er ævinlega framkvæmd við frumstæðar aðstæður og á rætur í frumstæðum hugmyndum um konur og kvenlíkamann. Bágbornar efnahagslegar og félagslegar aðstæður kvenna viðhalda vanþekkingunni og hindurvitnunum. Meðal þeirra skýringa sem gefnar eru fyrir verknaðinum er að tryggja eigi meydóm, bæla niður náttúrulega kynhvöt og koma í veg fyrir lauslæti og samkynhneigð, auk þess sem umskurður er sagður tryggja konum farsælt hjónaband og barneignir.

Alvarlegar afleiðingar.

Orðið umskurður dregur ekki fram alvarleika verknaðarins sem er í raun misþyrming, afskræming eða limlesting og er því lagt til að hugtakið limlesting á kynfærum kvenna verði notað í frumvarpinu í stað umskurðar áður. Siðvenjur eru mismunandi eftir löndum og er ákveðinn heiður tengdur verknaðinum og því meiri eftir því sem umskurðurinn er meiri. Minnsta aðgerðin felst í því að fremsti hluti snípsins er fjarlægður, næsta að snípur er fjarlægður, þá eru snípur og ytri skapabarmar fjarlægðir að hluta eða alveg og mesta aðgerðin, „kynfæralokun", felst í því að snípur, ytri og innri skapabarmar eru fjarlægðir, sárið saumað saman og skilið eftir gat fyrir þvag og tíðablóð. Umskurði fylgir mikill líkamlegur og sálrænn sársauki, ör, blöðrur og bólgur. Eftirköstin geta verið bráðalost, sýkingar, skemmdir í þvagrás, örmyndun, stífkrampi, blöðrubólga, blóðeitrun, HIV-smit og lifrarbólga B. Til lengri tíma getur aðgerðin orsakað langvarandi og síendurteknar sýkingar í þvagrás og leggöngum, ófrjósemi, æxla- og kýlamyndanir, kvalafull taugaæxli, vaxandi erfiðleika við að hafa þvaglát, tíðaverki, uppsöfnun tíðablóðs í kviðarholi, sársauka við samfarir, kyndeyfð, þunglyndi og dauða. Þá getur þessi limlesting á kynfærum kvenna tvöfaldað hættuna á að konur deyi af barnsförum og margfaldað hættuna á að börn fæðist andvana.

Mikill samfélagslegur þrýstingur er á að verknaður þessi sé framkvæmdur þar sem slíkt hefur tíðkast og hafa alþjóðastofnanir brugðist við með því að gera út sendifulltrúa og styðja samtök, t.d. í Afríku, sem berjast gegn limlestingum þessum. Kannanir hafa sýnt að áróður gegn umskurði er farinn að skila árangri. Í sumum þorpum hefur verið tekin sameiginleg ákvörðun um að leggja þessa hefð af en viðhalda hátíð, svipaðri fermingu, sem hefur verið haldin áður en umskurðurinn hefur verið framkvæmdur. Reynt hefur verið að hafa áhrif á þá sem sjá um að fremja verknaðinn og einnig foreldra með því að koma því á framfæri að menntaðir menn kjósi frekar óumskornar konur og gera þannig eftirsóknarvert að láta ekki umskera stúlkubörn.

Í kvikmyndinni „The day I will never forget" eftir Kim Longinotto, sem sýnd var á norrænu kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama í lok september sl., kom fram að sums staðar væru stúlkurnar sjálfar farnar að verða meðvitaðri um rétt sinn í þessum efnum og farnar að leita á náðir réttvísinnar til að forðast misþyrmingarnar. Því væri svo mikilvægt að halda baráttunni áfram og efla alla fræðslu um afleiðingarnar, ekki síst í heimalöndum stúlknanna.

Staðan í nágrannalöndum okkar.

Í kjölfar aukins fjölda innflytjenda frá löndum þar sem umskurður stúlkubarna tíðkast hefur þörf fyrir lagasetningu er bannar verknaðinn aukist í löndum Evrópu. Vitað er að verknaðurinn hefur viðgengist í Danmörku, Bretlandi, Frakklandi, á Spáni, í Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu og því gæti þess verið skammt að bíða að siðurinn bærist hingað til lands. Það hefur rekið á eftir lagasetningu af þessu tagi í Evrópulöndum að stúlkubörn hafa látist í kjölfar aðgerðar. Í Bretlandi voru t.d. sett ákvæði í lög 1985 um bann við hvers konar umskurði eða brottnámi kynfæra stúlkna en ekki fyrr en eftir að þrjár stúlkur dóu í kjölfar umskurðar. Í Bretlandi hefur þó aldrei verið refsað samkvæmt ákvæðinu en þónokkrar ákærur gefnar út.

Nú hafa Danir lögfest bann í almennum hegningarlögum gegn hvers konar umskurði á kynfærum kvenna sem hafa danskan ríkisborgararétt eða eiga lögheimili í Danmörku og tekur frumvarp þetta nokkurt mið af þeim lögum.

Þar sem umskurður er yfirleitt framkvæmdur á stúlkum á barnsaldri en uppgötvast oft ekki fyrr en við læknisskoðun á fullorðinsaldri, enda feimnismál og erfitt að fá stúlkur sem hafa verið umskornar til að tjá sig um hann, gætu almenn fyrningarákvæði íslenskra hegningarlaga komið í veg fyrir refsingu og telja flutningsmenn því eðlilegt, með tilliti til alvarleika þessara brota, að veita brotaþolum ekki minni refsivernd en almennt gildir sem meginregla í íslensku réttarfari varðandi kynferðisbrot á börnum og hefjist fresturinn í fyrsta lagi á þeim degi er börnin ná fjórtán ára aldri hafi verknaðurinn verið framkvæmdur fyrir þann tíma. Í dönsku lögunum er fyrningarfresturinn miðaður við átján ára aldur brotaþola, þ.e. í fyrsta lagi. Þá hefur í umsögnum einnig verið bent á þann möguleika að fella almennt niður fyrningarfrest á kynferðis- og ofbeldisbrotum gegn börnum.

Með tilliti til alvarleika þessara brota og nauðsynjar á alþjóðlegri fordæmingu er einnig lagt til að gerð verði undantekning á meginreglunni um tvöfalt refsinæmi, þ.e. að íslensk refsilögsaga nái yfir brotin ef þau eru framkvæmd af íslenskum ríkisborgara eða borgara með lögheimili á Íslandi eða hann á hlutdeild í þeim og honum skuli refsað samkvæmt íslenskum lögum þó að verknaðurinn sé ekki refsiverður í landinu sem hann er framinn í. Það er nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta vegna þess að sums staðar, t.d. í Danmörku og Englandi, hafa foreldrar farið með börnin sín til útlanda undir því yfirskini að vera að fara í leyfi og látið framkvæma limlestinguna þar og komist þannig fram hjá lögunum. Danir, Frakkar og fleiri hafa farið þá leið að gera undantekningu frá meginreglunni þar sem þetta er raunverulegt vandamál sem brennur á ríkisborgurum þessara landa og réttarkerfinu. Það væru eingöngu foreldrar eða forráðamenn eða þeir sem fara með börnin utan undir þessu yfirskyni sem refsingin næði yfir en ekki þeir sem framkvæma hana í landinu þar sem verknaðurinn er refsilaus. Sú lögfesting fæli í sér ákveðin varnaðaráhrif.

Þá hafa í Danmörku komið upp nokkur álitamál um tilkynningarskyldu og er rétt að árétta að þeir sem vinna með börnum bera skyldur samkvæmt ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og til að tilkynna um að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, og gengur sú skylda framar þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Þá er mikilvægt við meðferð viðkvæmra mála sem þessara að hagsmunir og velferð brotaþola séu höfð í fyrirrúmi og heilbrigðisstarfsfólk vel upplýst.

Tímabær löggjöf.

Rétt er að vekja athygli á því að í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum, eru m.a. þau skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar í 5. gr. a að umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi. Það er mat flutningsmanna

að þau brot er hér um ræðir girði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar. Þá hefur einnig verið bent á það í umsögnum frá Rauða krossi Íslands og Íslandsdeild Amnesty International að skilgreina þyrfti limlestingu á kynfærum kvenna sem kynbundnar ofsóknir sem falli innan ramma flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna í þá veru að kona eða stúlka sem flýr heimaland sitt vegna hættu á limlestingu á kynfærum eða öðrum kynbundnum ofsóknum fái vernd sem flóttamaður.

Eitt af því sem mælir með því að ákvæði af þessu tagi verði lögfest á Íslandi er sú staðreynd að enn hefur ekki komið í ljós að verknaður af þessum toga hafi verið unninn hér og það gefur okkur tækifæri til að fyrirbyggja slíkan verknað áður en skaðinn er skeður. Það væri jafnvel erfiðara að fást við lagasetningu sem þessa eftir að einhver dæmi um verknaðinn hefðu komið upp. Eftir því sem lög sem banna limlestingu á kynfærum kvenna verða algengari verður erfiðara fyrir þjóðir að viðhalda þessari fornu hefð sem veldur tjóni á lífi, líkama, andlegri heilsu og líðan stúlkubarna og kvenna.

Það er skylda Íslendinga í samfélagi þjóðanna að leggja sitt af mörkum til að þessi forna hefð verði aflögð og komið verði í veg fyrir limlestingu fjölda stúlkubarna. Verði frumvarpið að lögum er það fyrirbyggjandi aðgerð og skýr yfirlýsing um stuðning Íslendinga við baráttuna gegn þessum hroðalegu misþyrmingum og mannréttindabrotum á börnum og konum í heiminum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að gerð verði undantekning á þeirri meginreglu að ekki verði refsað fyrir háttsemi sem framin er af íslenskum ríkisborgurum eða mönnum búsettum á Íslandi utan íslenska ríkisins nema háttsemin hafi einnig verið refsiverð eftir lögum þess ríkis þar sem hún er framin.

Vandamálið er alþjóðlegt og hluti af fordæmingunni er að lögfesta víðtækt bann við limlestingunni enda um mjög alvarlegan verknað að ræða og eftir því sem samfélagið verður fjölþjóðlegra er meiri hætta á að vandamálið verði raunverulegt. Þannig hafa í nágrannalöndum okkar komið upp mál þar sem foreldrar og forráðamenn stúlkubarna eða aðrir sem aldir eru upp við þennan verknað fara með þau utan undir því yfirskyni að vera að fara í leyfi eða sumarfrí til landa þar sem limlestingin er enn framkvæmd og jafnvel refsilaus og láta framkvæma hana þar og komist þannig hjá refsingu í heimalandinu.

Rökin fyrir því að rýmka refsilögsöguna eru þau að alvarleiki brotanna er slíkur og hagsmunir barna það mikilvægir að nauðsynlegt er að kveða skýrt á um réttarvernd þeirra og veita fullnægjandi vernd hvar sem þau eru. Þó að foreldrar og forráðamenn gerist brotlegir við almenn hegningarlög, barnaverndarlög og barnalög með því að láta limlesta stúlkubörn á þennan hátt er réttarverndin ekki fullnægjandi þegar um aðra en foreldra eða forráðamenn er að ræða. Það er því nauðsynlegt að kveða skýrt á um að ef íslenskir ríkisborgarar eða menn sem búsettir eru hér fremja verknaðinn erlendis, þar sem verknaðurinn er refsilaus, eða eiga hlutdeild í honum, hvort sem um foreldra, forráðamenn eða aðra er að ræða, er brýnt að gera undantekningu á meginreglunni og leggja bann við verknaðinum hvar sem hann er framkvæmdur. Þessi útvíkkun nær ekki yfir þá sem eru ríkisborgarar annarra landa eða búa þar sem verknaðurinn er refsilaus.

Um 2. gr.

Lagt er til að fyrningarfrestur þessara brota hefjist í fyrsta lagi á þeim degi er börnin ná fjórtán ára aldri ef verknaðurinn er framkvæmdur fyrir þann tíma, en það er meginregla sem

gildir í íslensku réttarfari um kynferðisbrot á börnum. Verknaðurinn er yfirleitt framkvæmdur á stúlkum á barnsaldri en uppgötvast oft ekki fyrr en við læknisskoðun á fullorðinsaldri, enda feimnismál og mjög viðkvæmt. Því gætu almenn fyrningarákvæði íslenskra hegningarlaga annars komið í veg fyrir refsingu.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að hvers konar limlesting á kynfærum stúlkubarns eða konu verði gerð refsiverð hvort sem um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða. Þá er einnig rétt að kveða skýrt á um að ekki er undir nokkrum kringumstæðum mögulegt að einhver veiti samþykki til limlestinga á kynfærum, hvorki foreldrar, forráðamenn né stúlkubörnin sjálf.

Þá er lagt til að ef verknaðurinn hefur haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum. Afleiðingar limlestingar á kynfærum geta verið mjög alvarlegar fyrir líkamlega og andlega heilsu og það er raunveruleg hætta á því að bani hljótist af, sérstaklega þegar limlestingin er framkvæmd með frumstæðum tækjum.

Um 4. gr.

Þá er lagt til að refsihækkunarástæður 218. gr. a, er verður samkvæmt frumvarpinu 218. gr. b, eigi við limlestingar á kynfærum stúlkubarna eða kvenna, þ.e. ef um endurtekið brot er að ræða.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

68. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson, Jónína Bjartmarz, Ágúst Ólafur Ágústsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: upplýsinga um greiðslur til einstaklinga fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnum.

2. gr.

Við fyrri málslið 5. gr. laganna bætist: sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sú regla 5. gr. upplýsingalaga að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt

er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á, taki ekki til þeirra sem tekið hafa sæti í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Forsaga málsins er sú að 27. júlí 2004 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp úrskurð í málinu nr. A-183/2004 þar sem staðfest var ákvörðun forsætisráðuneytis að synja kæranda um aðgang að lista yfir greiðslur til þeirra sem sátu í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins 2001–2003. Beiðni kæranda kom í framhaldi af fyrirspurn til forsætisráðherra um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins (549. mál á 130. löggjafarþingi). Í svari forsætisráðherra var eingöngu tilgreindur fjöldi þeirra einstaklinga sem áttu sæti í fleiri en tíu nefndum, en nöfn þeirra ekki látin uppi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að það höfuðmarkmið upplýsingalaga að sjálfsagt sé að almenningur eigi þess kost að fylgjast með því sem stjórnvöld hafast að og að einstaklingar og lögaðilar eigi lögum samkvæmt rétt til aðgangs að gögnum mála innan stjórnsýslunnar gangi framar hagsmunum einstaklinga af því að fjárhagsmálefni þeirra skuli fara leynt. Þetta á við án þess að viðkomandi þurfi að sýna fram á tengsl við málið eða aðila þess, eða hagsmuni af því að fá eða nota umbeðnar upplýsingar. Flutningsmenn leggja áherslu á að sem flestar athafnir stjórnvalda, sem og kostnaður við þær, eigi að vera almenningi ljósar. Leynd varðandi slík mál er til þess eins fallin að valda grunsemdum og ýta undir tortryggni gagnvart stjórnsýslunni. Með því að stjórnsýslan starfi fyrir eins opnum tjöldum og mögulegt er eru stoðir hennar styrktar, traust byggt upp og tortryggni eytt.

Réttur almennings til að fá að vita hversu miklu fé er varið til starfa nefnda á vegum hins opinbera gengur að mati flutningsmanna framar hagsmunum þeirra einstaklinga sem sæti eiga í nefndum á vegum opinberra aðila um að fjárhagsmálefni þeirra fari leynt. Greiðslur fyrir nefndastörf eru innt af hendi af almannafé og bæði sanngjarnt og eðlilegt að borgarar í lýðræðisþjóðfélagi geti aflað sér vitneskju um slíkar greiðslur hafi þeir áhuga á að kynna sér þær. Með þessu móti er þeim sem starfa í opinberum nefndum jafnframt veitt ákveðið aðhald við störf sín. Að auki má benda á að greiðslur fyrir nefndastörf eru að jafnaði ekki nema óverulegur hluti tekna viðkomandi einstaklings. Þótt þær séu gerðar almenningi kunnar liggja upplýsingar um heildarlaun viðkomandi ekki fyrir. Í þessu sambandi má vísa til 5. gr. upplýsingalaga, en á grundvelli þeirrar greinar er það undanþegið aðgangi almennings hver heildarlaun hver opinber starfsmaður hefur haft, sbr. greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga (361. mál á 120. löggjafarþingi).

69. Frumvarp til laga [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Nú er ein eða fleiri skuldir sem stimplaðar hafa verið, sbr. 24. gr., endurnýjaðar eða leystar af hólmi með nýju bréfi, skuld eða krafa færð yfir á nafn annars aðila og greiðist þá ekkert stimpilgjald.

2. gr.

Við 35. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 157/1998, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Heimildarbréf sveitarfélaga, félaga og félagasamstaka fyrir húseignum sem Íbúðalánasjóður hefur veitt lán til kaupa á sem leiguhúsnæði skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er stefna Samfylkingarinnar að afnema beri stimpilgjöld og hefur á fyrri þingum verið flutt um það þingmál. Það frumvarp sem hér er flutt felur í sér rýmkun á undanþágum frá gjaldheimtunni sem að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta sem fyrst, en gera má ráð fyrir að nokkurn tíma taki að afgreiða og ná samstöðu um að fella að fullu niður öll stimpilgöld. Þessi rýmkun snýst í fyrsta lagi um að leiguíbúðir verði undanþegnar stimpilgjaldi og í öðru lagi um að stimpilgjöld verði ekki innheimt þegar um er að ræða endurfjármögnun lána sem áður hefur verið greitt af stimpilgjald.

Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram frumvarp um stimpilgjald (543. mál, þskj. 818). Það mál var ekki afgreitt úr nefnd en umsagnir sem bárust um málið voru nær allar jákvæðar. Flutningsmenn flytja nú málið aftur að viðbættri nýrri grein sem felur í sér útvíkkun á 26. gr. laganna þannig að bréf til endurnýjunar eða endurfjármögnunar eldri skulda, sem þegar hefur verið greitt stimpilgjald af, verði stimpilfrjáls.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 26. gr. laganna er innheimt hálft stimpilgjald ef skuld samkvæmt skuldabréfi eða tryggingarbréfi er endurnýjuð með nýju bréfi og um sama skuldarsamband er að ræða. Skuldaraskipti eru stimpilfrjáls. Flutningsmenn leggja til að ákvæðinu verði breytt þannig að ný bréf, skuldabréf eða tryggingarbréf, sem nýtt eru til endurnýjunar eða uppgreiðsla eldri bréfa verði undanþegin stimpilskyldu. Þannig verði það ekki skilyrði að skuldarsamband haldist óbreytt heldur geti nýr kröfuhafi verið að yngra bréfi. Sömuleiðis felst í tillögu flutningsmanna að ekki þarf nýtt bréf á móti hverju eldra bréfi heldur verði hægt að endurnýja eða leysa af hólmi fleiri en eitt eldra bréf með einu yngra og krefjast stimpilfrelsis af því yngra að því marki að það samsvari eldri bréfum sem þegar hafa verið greidd stimpilgjöld af á grundvelli 24. gr. laganna. Þannig skipti tegund og staða eldri bréfa meira máli en aðildin að kröfusambandinu þegar metin er stimpilskylda yngra bréfs. Ef yngri skuld er hærri en sú eða þær sem leystar eru af hólmi yrði áfram að greiða stimpilgjald af þeirri fjárhæð sem eftir stendur. Flutningsmenn telja að með þessu verði einstaklingum og fyrirtækjum gert léttara að endurfjármagna eldri og óhagstæðari skuldir eftir því sem hagstæðari kjör bjóðast á lánamarkaði. Núverandi skattheimta, sem felst í stimpilgjaldi, getur vegið þungt þegar metinn er möguleikinn á endurfjármögnun lána og hindrað fólk í að leita sér hagstæðari lánakjara. Í tillögu flutningsmanna felst í raun að heimilum og fyrirtækjum verði auðveldað að hagræða hjá sér með því að felld verði niður stimpilgjöld af því sem í daglegu tali er fellt undir endurfjármögnun lána.

Þá er með þessu frumvarpi lagt til að heimildarbréf, þ.e. kaupsamningar og afsöl, vegna íbúða sem sveitarfélög, félög og félagasamtök kaupa í þeim tilgangi að leigja þær út, sbr. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, verði stimpilfrjáls. Fyrir árið 1999 voru heimildarbréf vegna félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Þá var farið að krefjast stimpilgjalda af heimildarbréfum slíkra íbúða á grundvelli breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og lögum nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Við athugun á þessum lögum virðist sem mistök við lagasetningu

hafi valdið því að skýr lagaheimild fyrir stimpilfrelsi þessara bréfa féll niður frekar en að þar hafi vilji löggjafans komið fram.

Niðurfelling stimpilskyldu af heimildarbréfum leiguhúsnæðis getur auðveldað félögum, meira en nú er, að ráðast í fjárfestingar sem miða að því að auka og bæta leiguhúsnæði. Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa á húsnæði til þeirra nota, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs í þessum tilgangi, sbr. VIII. kafla sömu laga, eru stimpilfrjáls, sbr. 4. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Stimpilgjalda er aftur á móti krafist af heimildarbréfum vegna þessa húsnæðis sem er umdeilanleg breyting frá fyrri framkvæmd.

Fyrir gildistöku laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, voru heimildarbréf félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Sú framkvæmd byggðist á ákvæði 4. mgr. 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem segir: „Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis.“

Með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, voru verulegar breytingar gerðar á húsnæðislöggjöfinni. Í 46. gr. þeirra laga, um þinglýsingu og stimpilgjöld, var kveðið á um að skuldabréf sem gefin væru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laganna, væru undanþegin stimpilgjaldi en ekki getið heimildarbréfa vegna þeirra eigna. Í bráðabirgðaákvæðum laganna kom aftur á móti fram að nokkur ákvæði laga nr. 97/1993 skyldu halda gildi sínu og þar á meðal var 78. gr.

Við gildistöku laga nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, voru ákvæði ýmissa sérlaga, sem kváðu á um undanþágur frá stimpilskyldu, felld brott og færð í lög um stimpilgjald. Þar á meðal var ákvæði 46. gr. laga nr. 44/1998 en efnislega samhljóða ákvæði er nú að finna í 4. og 5. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978. Við þessar lagabreytingar skapaðist óvissa um stimpilskyldu heimildarbréfa fyrir húseignum sem voru keyptar í því skyni að vera leiguíbúðir. Sveitarfélög og félög í þeirra eigu hafa talið að heimildarbréf fyrir slíku húsnæði eigi að njóta stimpilfrelsis á grundvelli 78. gr. laga nr. 97/1993 en þeirri kröfu hefur verið hafnað af fjármálaráðuneyti á grundvelli túlkunar á 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að eyða þessari óvissu með því að bæta nýjum tölulið við 35. gr. laga nr. 36/1978 sem kveður skýrt á um stimpilfrelsi heimildarbréfa fyrir leiguhúsnæði sem Íbúðalánasjóður veitir lán til kaupa á skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998.

Samkvæmt lögum um stimpilgjöld eru skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána og lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, stimpilfrjáls. Sama gildir um heimildarbréf vegna íbúða sem keyptar eru með viðbótarlánum. Viðbótarlán fá ákveðnir tekjuhópar og geta þau numið allt að 25% af kaupverði til viðbótar húsbréfalánum. Íbúðalánasjóður lánar þannig kaupendum íbúða, með milligöngu sveitarfélaga, allt að 90% af kaupverði á hagstæðum kjörum. Félagslegt leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga og annarra félaga sem hér um ræðir er í flestum tilfellum leigt einstaklingum sem hafa enn lægri tekjur en þeir sem fá viðbótarlán. Engin haldbær rök styðja að gerður sé greinarmunur á innheimtu stimpilgjalda af heimildarbréfum fyrir félagslegu leiguhúsnæði annars vegar og heimildarbréfum vegna kaupa á íbúðum með viðbótarlánum hins vegar. Það er tæplega vilji löggjafans að viðhalda slíkri mismunun. Stimpilgjöld auka kostnað við kaup á leiguhúsnæði sem aftur getur leitt til hærra leiguverðs.

Stimpilgjöld sem innheimt eru vegna kaupa á húsnæði geta skipt sveitarfélög, félög og félagasamtök, og þá sérstaklega þau sem smærri eru, allnokkru máli enda um nokkrar fjárhæðir að ræða. Má í því sambandi nefna að Félagsbústaðir hafa greitt frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2004 tæpar 20 millj. kr. í stimpilgjöld vegna leiguíbúða. Því er eðlilegt að heimildarbréf sem þinglýst er við kaup eða byggingu þessara eigna séu stimpilfrjáls.

70. Frumvarp til laga [70. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Kristján L. Möller.

1. gr.

Á eftir XXIII. kafla laganna kemur nýr kafli, XXIV. kafli, **Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá**, með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (123. gr.)

Um þjóðaratkvæðagreiðslur skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar fer eftir lögum þessum eftir því sem við á og ekki er öðruvísi mælt fyrir í kafla þessum.

b. (124. gr.)

Þjóðaratkvæðagreiðsla um lausn forseta frá embætti skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að krafan um hana var samþykkt á Alþingi.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um samþykkt eða synjun laga skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal eigi fara fram fyrr en þremur vikum og eigi síðar en fimm vikum eftir að fram kemur að forseti Íslands synjar lagafrumvarpi staðfestingar.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingu á kirkjuskipan ríkisins skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar skal eigi fara fram fyrr en þremur vikum og eigi síðar en fimm vikum eftir að Alþingi samþykkir breytinguna.

Heimilt er að víkja frá tímamörkum 1.–3. mgr. um allt að átta vikur ef þá má halda þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða almennum kosningum í landinu.

c. (125. gr.)

Dómsmálaráðuneytið auglýsir að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli haldin og hvar kjörskrár liggi frammi innan þriggja virkra daga frá því að fyrst kemur fram að halda verði þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt þessum kafla.

d. (126. gr.)

Dómsmálaráðuneytið lætur gera kjörseðla og sendir þá til yfirkjörstjórna.

Á kjörseðla vegna þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar skal prenta:

Ertu samþykk(ur) því að forseti Íslands skuli leystur frá störfum, líkt og nú hefur verið samþykkt á Alþingi?
☐ Já
☐ Nei

Á kjörseðli vegna þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal geta skilmerkilega heitis og númers þeirra laga sem lögð eru undir atkvæði, sem og hvenær þau voru samþykkt á Alþingi og hvaða dag forseti synjaði þeim staðfestingar. Auk þess skal prenta:

Ertu samþykk(ur) lögum þeim sem forseti Íslands synjaði staðfestingar og að þau haldi gildi sínu?
☐ Já
☐ Nei

Á kjörseðli vegna þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 62. gr. hennar, skal geta skilmerkilega heitis og númers þeirra laga sem Alþingi hefur samþykkt og að með þeim skuli kirkjuskipan í landinu breytt. Þá skal og prenta:

Ertu samþykk(ur) þeirri breytingu á kirkjuskipuninni sem Alþingi hefur samþykkt?
☐ Já
☐ Nei

Kjósandi greiðir atkvæði hvort sem er á kjörfundi eða utan kjörfundar með því að marka með ritblýi kross í ferning fyrir framan annaðhvort já eða nei á kjörseðlinum.

e. (127. gr.)
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal hefjast þegar eftir að dómsmálaráðuneytið hefur birt auglýsingu skv. 125. gr. eða í síðasta lagi tveimur dögum eftir birtingu auglýsingarinnar.
Kjörseðlar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skulu vera þeir sömu og á kjörfundi.

f. (128. gr.)
Yfirkjörstjórnir og undirkjörstjórnir sem og mörk kjördæma skulu vera þau sömu og við síðustu alþingiskosningar fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna.

g. (129. gr.)
Ráðherra skal kveðja til tvo eða fleiri valinkunna menn til að fylgjast með talningu atkvæða í hverju kjördæmi og gegna þeir sama hlutverki og umboðsmenn við alþingiskosningar.

h. (130. gr.)
Einfaldur meiri hluti gildra atkvæða ræður úrslitum án tillits til þátttöku kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni.
Yfirkjörstjórn skal tafarlaust að lokinni talningu atkvæða senda Hæstarétti skýrslu um atkvæðatölur ásamt eftirriti af gerðabók sinni og atkvæðaseðlum sem ágreiningur er um.
Hæstiréttur skal taka afstöðu til ágreiningsatkvæða og úrskurða að því búnu um gildi þjóðaratkvæðagreiðslunnar og niðurstöðu hennar.

Hæstiréttur sendir forseta Alþingis og forsætisráðherra úrskurð sinn um atkvæðagreiðsluna og eru úrslit hennar bindandi frá þeim degi.

i. (131. gr.)

Ef samþykkt Alþingis skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. eða 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er staðfest í þjóðaratkvæðagreiðslu tekur hún gildi frá og með þeim degi sem hún er auglýst í Stjórnartíðindum sem lög frá Alþingi með fyrirvara um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu. Að öðrum kosti fellur samþykktin úr gildi og skal teljast ógild frá samþykkt hennar.

Hafi þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar og samþykkt Alþingis verið felld samkvæmt framansögðu tekur forseti Íslands að nýju við starfi sínu og Alþingi skal þegar rofið og efnt til nýrra alþingiskosninga, sbr. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar.

Hafi þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar og meiri hluti atkvæðisbærra manna synjar lagafrumvarpi gildi fellur lagafrumvarpið úr gildi frá samþykkt þess á þingi og réttaráhrif þess skulu gerð að engu.

2. gr.

Við 123. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal allur kostnaður sem hlýst af þjóðaratkvæðagreiðslum samkvæmt stjórnarskrá, sbr. XXIV. kafla laga þessara, greiddur úr ríkissjóði.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um kosningar til Alþingis og þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að lagaákvæði um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, sem fyrirmæli eru um í stjórnarskránni, verði felld inn í lög um kosningar til Alþingis. Um kosningarnar gildi almennt ákvæði laga um kosningar til Alþingis með þeim frávikum sem gerðar eru tillögur um í frumvarpinu. Ekki eru gerðar tillögur um annað en óhjákvæmilegt er vegna þjóðaratkvæðagreiðslna skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. eða 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Lagt er til að ákvæði þessi verði öll í nýjum kafla sem beri yfirskriftina „Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá“. Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þess að frumvarpið er flutt. Alltaf af og til hafa skotið upp kollinum hugmyndir um að setja ætti í lög ákvæði um hvernig skuli standa að kosningum ef til þess kæmi að reyndi á einhver þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem sjálfkrafa hafa í för með sér þjóðaratkvæðagreiðslu. Í öðrum tilvikum hefur verið á það bent, og það notað sem rök gegn því t.d. að til greina kæmi að forseti beitti synjunarvaldi sínu eða málskotsrétti skv. 26. gr., að engar reglur fyrirfyndust um hvernig þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi þá fara fram. Öllum eru síðan í fersku minni atburðir sumarsins. Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu koma málinu á dagskrá Alþingis til umræðu og skoðunar. Frumvarpið miðast eingöngu við ákvæði gildandi stjórnarskrár og er að sjálfsögðu á engan hátt bindandi um afstöðu flutningsmanna eða flokka þeirra þegar kemur að þeirri endurskoðun stjórnarskrárinnar sem boðuð hefur verið og vinna hefst vonandi fljótlega við.

Frumvarpið er fjórar greinar. Tillögur um fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu eru allar í 1. gr. Í 2. gr. er gerð tillaga um að við 123. gr. núgildandi laga bætist ný málsgrein er taki af öll tvímæli um það að kostnaður vegna þjóðarakvæðagreiðslna, samkvæmt þeim kafla sem hér er lagt til að bætist við lögin, greiðist allur úr ríkissjóði. Í 3. gr. er lagt til að heiti laganna verði breytt. Þá er lagt til í lokaákvæði frumvarpsins að lögin öðlist gildi þá þegar.

Í 1. gr. er að finna þann kafla sem lagt er til í frumvarpinu að bætist við lög um kosningar til Alþingis. Hér á eftir verður vísað til fyrirhugaðra greinarnúmera, eins og þau birtast í frumvarpinu. Lagt er til að XXIV. kafli laganna fjalli um hvers kyns þjóðaratkvæðagreiðslur sem fyrirmæli eru um í stjórnarskrá og þar verði getið nokkurra sérreglna en að öðru leyti gildi önnur ákvæði laganna um slíkar atkvæðagreiðslur.

Í b-lið (124. gr.) er mælt fyrir um hvenær þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskránni verði haldnar. Í stjórnarskrá eru ekki almenn fyrirmæli um slíka fresti, en í 2. mgr. 11. gr. er þó mælt fyrir um að atkvæðagreiðslan skuli fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafa um að forseti Íslands verði leystur frá störfum hefur verið samþykkt á Alþingi. Hafa verður í huga að í öllum tilvikum er mikilvægt að óvissa ríki ekki lengur en óhjákvæmilegt er. Telja verður að þrjár til fimm vikur, eins og hér er lagt til, séu nægur tími að teknu tilliti til bættra samgangna og samskiptatækni. Þá er upphaf frests miðað við það tímamark er forseti Íslands synjar formlega um staðfestingu frumvarps. Það kann hann að gera á ríkisráðsfundi eða með tilkynningu til forsætisráðherra eða með öðrum viðlíka hætti.

Dómsmálaráðuneytið býr yfir þekkingu og reynslu á sviði kosninga og rétt þykir að framkvæmd kosninganna verði að verulegu leyti á vegum þess ráðuneytis eins og við þingkosningar. Lagt er til að ráðuneytinu sé skylt að auglýsa atkvæðagreiðsluna inna þriggja dag frá því að fyrir liggur að hún skuli fara fram. Þykir frestur þessi nægur til að koma auglýsingu á framfæri, enda um einfalda stjórnarathöfn að ræða. Í auglýsingu skal koma fram hvenær atkvæðagreiðsla skuli fara fram og hvar kjörskrár liggi frammi.

Dómsmálaráðuneytinu er falin gerð kjörseðla og er við það miðað vegna þess hversu einföld gerð þeirra er að unnt sé að hafa þá tilbúna þegar auglýsing um atkvæðagreiðsluna er birt. Gerð er tilaga um orðalag á kjörseðlum miðað við þær þrenns konar þjóðaratkvæðagreiðslur sem kaflinn fjallar um.

Lagt er til að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefjist þegar í stað eftir birtingu auglýsingar dómsmálaráðuneytis um atkvæðagreiðsluna og sams konar kjörseðlar verði notaðir á kjörfundi og utan kjörfundar.

Þá er lagt til að sömu yfir- og undirkjörstjórnir og störfuðu við síðustu alþingiskosningar fyrir atkvæðagreiðsluna starfi einnig við hana. Landskjörstjórn hefur hins vegar ekki hlutverk við þjóðaratkvæðagreiðslu. Ákvörðun um mörk kjördæma frá síðustu alþingiskosningum heldur gildi sínu. Er þá fyrst og fremst horft til Reykjavíkurkjördæma.

Lagt er til að ráðherra kveði til valinkunna menn til að gegna sama hlutverki og umboðsmenn við alþingiskosningar.

Miðað er við að talning atkvæða fari fram á hefðbundinn hátt. Þá er lagt til að Hæstarétti verði falið hlutverk við atkvæðagreiðslur samkvæmt kaflanum. Lagt er til að hann kveði upp úrskurði og taki afstöðu til lögmætis atkvæðagreiðslunnar í heild sinni. Þá er lagt til að Hæstiréttur sendi forseta Alþingis og forsætisráðherra úrskurð sinn um þjóðaratkvæðagreiðsluna og er þá bæði átt við lögmæti hennar og úrslit.

Við ákvörðun um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt stjórnarskrá skal Hæstiréttur einungis taka tillit til þess á hvern veg meiri hluti atkvæða fellur. Í stjórnarskránni er ekki að finna heimild fyrir almenna löggjafann til að setja í almenn lög gildisskilyrði um lágmarksþátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu eða skilyrði um að tiltekinn fjöldi eða hlutfall kjósenda

greiði atkvæði með tilteknum hætti. Af þessu leiðir að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu ræðst óhjákvæmilega af því hvernig gild atkvæði meiri hluta kjósenda falla. Stjórnarskráin gerir því ráð fyrir að einfaldur meiri hluti þeirra sem þátt taka í þjóðaratkvæðagreiðslu ráði úrslitum.

Vera kann að það þyki eðlilegt eða sanngjarnt að meiri hluti atkvæðisbærra manna sem þátt taki í atkvæðagreiðslu ráði ekki úrslitum máls sem um eru greidd atkvæði, ekki síst með hliðsjón af því að slíkur meiri hluti getur fellt úr gildi samþykkt Alþingis. Í lögum er almennt ekki gerð krafa um að meiri hluti alþingismanna samþykki lagafrumvarp til að það fái gildi. Frá þessu eru undantekningar og í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur er rétt að minna á að krafist er samþykkis 75% allra alþingismanna til að leysa forseta Íslands frá embætti, en ekki þarf annað en meiri hluta almennra kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu til að fella slíka samþykkt úr gildi. Við atkvæðagreiðslu á Alþingi um breytingu á stjórnarskrá er nægilegt að helmingur þingmanna sé á þingfundi og einfaldur meiri hluti þeirra greiði atkvæði með breytingunni. Fær hún þá gildi með þeim fyrirvara að fram fari alþingiskosningar og nýkjörið Alþingi greiði breytingunni atkvæði sitt.

Við mat á því hvort Alþingi geti með almennum lögum sett gildisskilyrði um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu án sérstakrar heimildar í stjórnarskrá ber að hafa ýmislegt í huga, þar á meðal eftirfarandi:

Í öllum tilvikum þjóðaratkvæðis fjalla atkvæðisbærir menn um gerðir Alþingis. Í öllum tilvikum er atkvæðisbærum mönnum heimilað að fella úr gildi samþykkt Alþingis. Þegar af þeirri ástæðu er órökrænt, óeðlilegt og ósanngjarnt að Alþingi sjálft, sem atkvæðagreiðslan beinist að, geti haft áhrif á hana með því að samþykkja gildisskilyrði sem eiga sér ekki stoð í stjórnarskránni.

Þátttaka í stjórn landsins telst til mannréttinda, sbr. 21. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 25. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og 3. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindi eru fyrir borgarana og skal túlka allar takmarkanir eða skerðingar á mannréttindum þröngt sem undantekningar. Með ákvæðum 11. gr., 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar er atkvæðisbærum eða kosningarbærum mönnum tryggð þau réttindi:

a. að skera úr um lausn forseta Íslands frá embætti,
b. að skera úr um gildi laga sem forseti Íslands hefur synjað staðfestingar,
c. að skera úr um hvort breyta skuli kirkjuskipaninni.

Í ákvæðum þessum felast mikilvæg stjórnarskrárbundin mannréttindi sem ekki verða skert nema fyrir því sé skýr heimild í stjórnarskránni sjálfri eða jafnréttháttar réttarheimild.

Óhjákvæmilegt er við túlkun 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar að hafa í huga að í ákvæðum greinanna er fjallað um þau mannréttindi borgaranna að taka ákvarðanir um mikilvæg málefni sem stjórnarskráin lætur þjóðinni eftir að taka lokaákvörðun um án tillits til vilja Alþingis. Mannréttindi eru fyrir borgarana og verða ekki takmörkuð eða skert nema með skýrum réttarreglum. Réttarreglur, sem ætlað er að takmarka eða skerða mannréttindi, verða að vera jafnréttháar í stigveldi réttarreglna og sú regla sem kveður á um vernd réttindanna. Regla sem takmarkar mannréttindi verður því að hafa stöðu stjórnskipunarreglu. Sem fyrr segir er enga slíka reglu að finna í stjórnarskránni og könnun á öðrum réttarheimildum, svo sem stjórnskipunarvenjum, leiðir til sömu niðurstöðu. Borgararnir verða því ekki sviptir þeim stjórnarskrárverndaða rétti sínum að taka þær ákvarðanir sem stjórnarskráin mælir fyrir um í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meiri hluti ræður úrslitum án tillits til þátttöku.

Loks er lagt til að í lögunum sé kveðið á um gildistöku og réttaráhrif þjóðaratkvæðagreiðslna.

71. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem rannsaki þunglyndi meðal eldri borgara og meti umfang þess. Nefndin kanni sérstaklega tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum. Nefndin kanni einnig hvaða leiðir séu heppilegar til að koma í veg fyrir þunglyndi á meðal eldri borgara.

Nefndin verði skipuð níu einstaklingum. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Félag hjúkrunarfræðinga, Öldrunarfræðafélag Íslands, Öldrunarráð Íslands, Félag íslenskra öldrunarlækna, Geðhjálp og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hver. Nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. desember 2005.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram á síðasta þingi, 130. löggjafarþingi (þskj. 1123, 752. mál), en varð ekki útrædd.

Eldri borgurum hefur fjölgað mikið hérlendis og þótt umfjöllun um málefni þeirra sé mun meiri en áður er á margan hátt ekki komið nægjanlega til móts við hagsmuni þeirra. Sum svið sem skipta aldraða mjög miklu liggja í þagnargildi. Einn þessara málaflokka er þunglyndi meðal eldri borgara sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um.

Samkvæmt skýrslum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er þunglyndi einn erfiðasti sjúkdómur mannkyns og getur verið lífshættulegur. Þunglyndi er hins vegar oft læknanlegt og ætíð er hægt að ráða einhverja bót á því. Sjúkdómurinn er einnig dýr, m.a. vegna minni vinnugetu.

Á Íslandi er talið að um 12.000–15.000 manns þjáist af þunglyndi. Þetta er gríðarlegur fjöldi og þunglyndi eldri borgara er sérstakt vandamál. Vandamálið felst m.a. í því að það er að einhverju leyti falið og ógreint.

Þunglyndi eldri borgara getur sömuleiðis haft margs konar sérstöðu sem ber að taka tillit til. Það getur í sumum tilfellum verið frábrugðið þunglyndi annarra aldurshópa þar sem missir maka eftir langt hjónaband, einmanaleiki og lífsleiði geta verið veigameiri orsök en hjá öðrum hópum sem og fjárhagsáhyggjur og kvíði vegna framtíðarinnar. Sjúklingarnir geta einnig átt til að léttast án þess að vitað sé af hverju, auk þess sem gjarnan fylgja líkamleg einkenni sem viðkomandi kvartar yfir í stað þess að átta sig á því eða viðurkenna að um þunglyndi sé að ræða.

Engin stofnun innan heilbrigðisgeirans hér á landi fæst á skipulagðan hátt við þunglyndi eldri borgara. Á geðlæknaþingi sem haldið var í Reykjavík sumarið 2003 kom fram hjá Ásgeiri Bragasyni, öldrunargeðlækni í Osló og formanni öldrunardeildar norska geðlæknafélagsins, að sl. 10 ár hafi uppbygging á öldrunargeðþjónustu í Noregi verið hröð og einungis tvö af 19 fylkjum Noregs bjóði ekki upp á slík úrræði nú. Að sögn Ásgeirs ætti að starfrækja tvær slíkar stofnanir hér á landi miðað við mannfjölda.

Gott starf hefur þó verið unnið hér á landi í tengslum við þunglyndi. Hjá landlæknisembættinu er sérstakt fræðslu- og forvarnaverkefni í gangi sem kallast Þjóð gegn þunglyndi og er það samvinnuverkefni fjölmargra aðila. Hjá Geðrækt, sem er samstarfsverkefni land-

læknisembættisins, geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, Heilsugæslunnar í Reykjavík og Geðhjálpar, hefur þunglyndi eldri borgara verið efni sérstaks þemamánaðar undir yfirskriftinni Geðheilsa eldri landsmanna – lyf eru ekki lausn við leiða.

Þunglyndi eldri borgara hefur þó ekki verið rannsakað sérstaklega hér á landi og á nefndin að bæta úr því auk þess að meta umfang þess og möguleg úrræði og forvarnir. Með greiningu á þunglyndi eldri borgara má auka þekkingu á þunglyndi meðal þessa fólks í þeirri von að draga megi úr tíðni þess, gera meðferð skilvirkari og fækka sjálfsvígum.

Mikilvægt er að skoða tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna meðal eldri borgara. En að sjálfsögðu ber að nálgast slíkt af mikilli varúð og nærgætni. Sjálfsvíg meðal eldri borgara hafa lengi verið feimnismál hér á landi eins og annars staðar. Hins vegar er nauðsynlegt að meta umfangið til að geta brugðist við og spornað gegn þessari vá. Lykilatriðið er að greina vandamálið svo að hægt sé að bregðast rétt við því.

Mögulegar úrlausnir vegna þunglyndis eldri borgara þurfa að vera sértækar og sérsniðnar að aldurshópnum. Nefndinni ber að skoða möguleika til að bregðast við þunglyndi eldri borgara, svo sem hvaða úrræði séu nú þegar til og hvað þurfi að bæta í slíku. Forvarnir gegn þunglyndi eru einnig afar mikilvægar. Það má leiða líkum að því að sérstök úrræði þurfi í forvörnum þegar kemur að öldruðum. Þunglyndi, kvíði og einmannaleiki á ekki vera eðlilegur fylgifiskur efri áranna.

Í ljósi mikillar notkunar á geð- og þunglyndislyfjum hér á landi er nauðsynlegt að bregðast við þunglyndi með öllum tiltækum leiðum. Tilhneigingin hefur verið að leysa þennan vanda meðal eldri borgara með lyfjagjöf í stað annarrar meðferðar. Það er hins vegar nauðsynlegt að huga einnig að annars konar meðferð samhliða lyfjameðferð eða í staðinn fyrir hana, t.d. að auka félagslega ráðgjöf og auðvelda vitjanir til öldrunarlækna á heilsugæslustöðvum. Sömuleiðis getur aukin hreyfing verið skynsamleg leið til að sporna gegn þunglyndi og því mikilvægt að fólk hafi aðstöðu til hennar.

Eldri borgurum fjölgar sífellt en til ársins 2010 mun landsmönnum 65 ára og eldri fjölga um 11% og landsmönnum 80 ára og eldri um 29%. Hætt er við að þunglyndi meðal eldri borgara verði að meiri háttar heilbrigðisvandamáli ef ekki er brugðist hratt og rétt við. Skipun nefndar sem rannsaki þessi mál, eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, er því brýnt verkefni og ætti að mati flutningsmanna að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

72. Frumvarp til laga [72. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Jón Gunnarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta lagafrumvarp var lagt fram á síðasta þingi, 130. löggjafarþingi á þskj. 794 í 520. máli, en fékk ekki afgreiðslu í allsherjarnefnd. Frumvarpið var sent út til umsagnar og fékk vægast sagt góðar undirtektir.

Umboðsmaður barna lýsti yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni 30. mars 2004. Umboðsmaður barna hefur lengi hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum en sú hvatning kom fyrst fram í skýrslu hans 1997. Með þessu frumvarpi er farið eftir tilmælum umboðsmanns barna. Barnaverndastofa styður frumvarpið eindregið og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur fagnar frumvarpinu og telur nauðsynlegt að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Stjórn Barnaheilla fagnar sömuleiðis frumvarpinu í sinni umsögn. Samtök um kvennaathvarf hvatti til að frumvarpið yrði samþykkt og telur Femínistafélag Íslans einnig að afnema eigi þessa fyrningafresti. Mannréttindaskrifstofa Íslands telur í umsögn sinni að sterkar röksemdir séu fyrir samþykkt þessa frumvarps.

Átakshópurinn Blátt áfram er verkefni unnið í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Á heimasíðu þessa hóps, www.blattafram.is, er fólk er hvatt til að senda ráðherrum bréf með áskorun um að þeir samþykki frumvarpið.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins skrifaði 7. febrúar sl. að frumvarpið væri „því án efa mikilvægt skref í þá átt að koma lögum yfir sem flesta þeirra sem gerst hafa sekir um jafn alvarlegan og afdrifaríkan glæp og að beita börn kynferðisofbeldi.“ Þar var einnig sagt að „fyrningarfrestir, eins og þeim er nú háttað, eru iðulega of skammir fyrir þennan viðkvæma hóp brotaþola, sem oft áttar sig ekki á brotinu eða treystir sér til að kæra það fyrr en langt er um liðið. Dómar þar sem einstaklingar hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisafbrot gegn börnum, þrátt fyrir að sekt þeirra hafi verið sönnuð, eru staðfesting á því.“

Sérstaða kynferðisafbrota gegn börnum.

Kynferðisafbrot gegn börnum eru í eðli sínu ólík öðrum ofbeldisbrotum og er nauðsynlegt að viðurkenna þá sérstöðu þessara brota. Sakir sérstöðu slíkra brota vilja flutningsmenn afnema fyrningarfrest brota í 194. –202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sem framin eru gegn einstaklingum yngri en 14 ára.

Aðstöðumunur geranda og þolanda er eðli máls samkvæmt gríðarlegur. Brotaþoli er ekki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða né þekkir hann leiðir til að losna undan oki gerandans. Þolandinn áttar sig e.t.v. ekki fyrr en mörgum árum síðar á að brotið hafi verið gegn honum eða bælir minninguna um ofbeldið í langan tíma og telur sig jafnvel sjálfan bera sök. Þess vegna geta liðið mörg ár og jafnvel áratugir þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Gerandi á ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola. Oft koma þessi brot ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolarnir hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar brotamaður er í fjölskyldutengslum við brotaþola.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2003 líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Um 49% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 0–10 ára en tæplega 70% á aldrinum 0–15 ára. Sé hins vegar litið á hvenær fólk leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum kemur í ljós að rúmlega 40% eru 30 ára eða eldri. Samkvæmt núverandi fyrningarreglum eru öll kynferðisafbrot gegn barni sem er 14 ára eða yngra fyrnd þegar viðkomandi fórnarlamb hefur náð 29 ára aldri.

Önnur 40% þeirra sem leita til Stígamóta eru á aldursbilinu 19–29 ára en sé um kynferðisbrot gegn barni að ræða eru sum slík brot fyrnd þar sem fyrningarfrestir vegna þeirra eru frá 5 árum til 15 ára og byrjar fresturinn að líða á 14 ára afmæli brotaþolans. Ljóst er því að fyrningarfrestir eru í of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum, jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð, staðfesta þetta.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta bárust einungis 8% af þeim málum sem komu til kasta Stígamóta til opinberra aðila. Í skýrslunni er tekið fram að gildandi fyrningarreglur eru ein af ástæðunum fyrir því að svo fá mál komast til umfjöllunar opinberra aðila.

Rétt er að miða við 14 ára aldur í ljósi þeirrar staðreyndar að skv. 202. gr. almennra hegningarlaga eru lögleg aldursmörk samræðis og annarra kynferðismaka miðuð við 14 ára aldur. Þær röksemdir sem eru að baki sérstöðu þessara brotaþola eiga sömuleiðis fyrst og fremst við einstaklinga undir 14 ára aldri fremur en brotaþola á aldursbilinu 14–18 ára. Þolendur á aldrinum 14–18 ára eru í mun betri aðstöðu til að skilja að um brot sé að ræða og jafnframt líklegri til að þekkja þau úrræði sem þolendum kynferðisbrota bjóðast en brotaþoli sem er yngri en 14 ára. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára njóta því áfram sömu fyrningarfresta og fullorðnir verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Núgildandi fyrningarfrestir.

Í núverandi refsilöggjöf fer lengd fyrningarfrests eftir lengd hámarksrefsingar sem lögð er við viðkomandi broti. Aðeins þeir glæpir þar sem hámarksrefsing er ævilangt fangelsi fyrnast aldrei skv. IX. kafla almennra hegningarlaga. Þetta eru landráð skv. 86. gr. og 87. gr. laganna, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess skv. 98. gr. og 100. gr., hryðjuverk skv. 100. gr. a, manndráp skv. 211. gr., mannrán skv. 226. gr. og ítrekuð rán skv. 255. gr.

Samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök á 2 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Sök fyrnist á 5 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi. Þetta á t.d. við um 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni gagnvart barni sínu eða öðrum niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um kynferðislega áreitni manns skv. 2. mgr. 201. gr. við barn eða ungmenni sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er undir 16 ára aldri.

Fimm ára fyrningarfrestur á einnig við um kynferðislega áreitni við barn undir 14 ára aldri, sbr. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, og þegar blekkingum, gjöfum og öðru slíku er beitt til að tæla barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka, sbr. 3. mgr. 202. gr. laganna. Sé barni undir 18 aldri greitt endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök skv. 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga er einnig 5 ára fyrningarfrestur.

Sök fyrnist á 10 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi. Þessi fyrningarfrestur á t.d. við það sem fram kemur í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja sem kominn er yfir 16 ára

aldur. Samkvæmt því sem fram kemur í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga er sami fyrningarfrestur við samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er á aldursbilinu 16–18 ára.

Að lokum fyrnist sök á 15 árum þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi. Þetta er lengsti tímabundni fyrningarfresturinn og á hann t.d. við það sem tilgreint er í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um samræði eða önnur kynferðismök manns, samkvæmt því sem tilgreint er í 1. mgr. 201. gr. laganna, við barn eða ungmenni, sem er kjörbarn manns, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, og er undir 16 ára aldri. Þessi fyrningarfrestur á einnig við nauðgun skv. 194. gr. almennra hegningarlaga og við samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára skv. 1. mgr. 202. gr. laganna. Í stuttu máli sagt fyrnast kynferðisafbrot gegn börnum frá 5 árum til 15 ára og fer lengd fyrningarfrestsins eftir alvarleika brotsins.

Í núgildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga segir að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Fyrningarfrestur telst því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk nema brotaþoli hafi ekki náð 14 ára aldri en þá telst fresturinn frá þeim degi er brotaþoli nær þeim aldri.

Þetta ákvæði var lögfest árið 1998 í kjölfar tillögu þingmanna jafnaðarmanna um að fyrningarfrestur brota á 200., 201. og 202. gr. laganna hæfist ekki fyrr en þolandi brots hefði náð sjálfræðisaldri. Þótt bót hafi verið með lögfestingu þessa ákvæðis telja flutningsmenn að dómar og tölfræði um aldur brotaþola þegar hann sækir sér hjálpar sýna að ekki er nóg að gert. Því er lagt til í frumvarpi þessu að fyrning kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri verði afnumin með öllu í ljósi sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna á þessum aldri.

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að löggjafinn hefur nú þegar tekið þá pólitísku ákvörðun að hafa sum afbrot ófyrnanleg. Má þar nefna landráð skv. 86. gr. og 87. gr. laganna, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess skv. 98. gr. og 100. gr., hryðjuverk skv. 100. gr. a, manndráp skv. 211. gr., mannrán skv. 226. gr. og ítrekuð rán skv. 255. gr.

Í norrænum rétti hefur verið gengið út frá að brot geti verið ófyrnanleg þegar um er ræða alvarlegustu brotin samkvæmt refsimati löggjafans. Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot gegn börnum eigi heima í þessum flokki alvarlegustu afbrota hvað varðar fyrningu.

Réttarstaða barna verði tryggð.

Hugtakið fyrning í refsirétti felur í sér að réttur ríkisvaldsins til að koma fram refsingu eða öðrum viðurlögum fellur niður að ákveðnum tíma liðnum. Fyrning getur verið af tvennum toga, fyrning sakar annars vegar og hins vegar fyrning refsingar. Til eru margs konar röksemdir fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmnis- og sanngirnisrök, auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá framningu þess.

Það getur hins vegar ekki talist vera sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna brotið eftir sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til verið erfið og verður erfið þrátt fyrir afnám fyrningarfrests. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem metur hvort það

sem fram er komið sé nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. sömu laga. Hins vegar má telja að sú vitneskja um að sönnun verði erfiðari eftir sem lengri tími líður hvetji brotaþola til leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma.

Jafnframt verður það að teljast hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvald um hröð vinnubrögð. Brotaþoli undir 14 ára aldri á ekki á líða fyrir slíkt markmið fyrningarreglna. Sömuleiðis er nú þegar lagalegur áskilnaður um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu.

Flutningsmenn telja að sérstaða kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri og hagsmunir þeirra vegi þyngra en þau hagkvæmnis- og sanngirnisrök sem búa að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn álíta að rangt sé að kynferðisbrot gegn börnum geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota verður að telja að með fyrningarfresti á slíkum brotum sé börnum ekki tryggð nægjanleg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið miðast að því að fyrningarfrestir vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga verði afnumdir með öllu með vísan í sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna á þessum aldri.

Um 2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.“ Með afnámi fyrningarfrests vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. sem eru framin gagnvart brotaþola undir 14 ára aldri verður þessi málsliður óþarfur.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Rétt er að taka fram að ákvæði frumvarpsins geta einungis átt við þau brot sem eru framin eftir gildistöku þessara lagabreytinga og er það í samræmi við ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga um bann við afturvirkni refsilöggjafar og 69. gr. stjórnarskrárinnar.

73. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar,
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Jón Gunnarsson,

Alþingi ályktar að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg verði sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18–24 ára þar sem samneyti þeirra við eldri fanga verði í algjöru lágmarki og aðeins ef brýna nauðsyn ber til.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar var lögð fram á síðasta þingi, 130. löggjafarþingi (þskj. 931, 622. mál) en komst ekki á dagskrá þingsins.

Í ljósi sérstöðu ungra fanga, á aldrinum 18–24 ára, telja flutningsmenn rétt að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg verði sérstök deild fyrir þann aldurshóp.

Bygging hins nýja fangelsis veitir einstakt tækifæri til að gera ráð fyrir sérstakri deild fyrir unga fanga. Í umræðum um nýja fangelsið hefur hins vegar komið fram að ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkri sérdeild. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun er bygging nýja fangelsisins nú í biðstöðu þar sem ekki er gert ráð fyrir fé til þess í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005. Það er því enn tækifæri til að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga á aldrinum 18–24 ára. Ef ekki er hægt að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga í nýja fangelsinu eða bygging þess frestast verulega telja flutningsmenn að breytingar á núverandi fangelsum séu nauðsynlegar í því skyni.

Þar sem meginröksemdin fyrir sérstöðu ungra fanga á aldrinum 18–24 ára eru hugsanleg slæm áhrif þeirra eldri á þá yngri þyrfti slík sérdeild að vera að mestu aðskilin frá öðrum deildum fangelsisins. Vitaskuld yrði unnt að samnýta ýmiss konar þjónustu fangelsins, svo sem aðstöðu fyrir heimsóknir, afþreyingu, vinnu, mötuneyti og fleira. Þess yrði hins vegar ævinlega að vera gætt að ungir fangar yrðu út af fyrir sig á þessum svæðum nema þar sem það er bundið miklum erfiðleikum t.d. við vinnu.

Það ber að taka fram að starfræksla sérdeildar fyrir unga fanga þarf ekki að koma í veg fyrir frekari deildarskiptingar innan fangelsisins t.d. fyrir fyrirmyndarfanga á öllum aldri. Sömuleiðis munu fangelsismálayfirvöld eftir sem áður hafa úrræði til að bregðast við hugsanlegum óæskilegum afleiðingum slíkrar deildarskiptingar, svo sem klíkumyndun eða einelti.

Sérstaða fanga á aldrinum 18–24 ára.

Fangar á aldursbilinu 18–24 ára hafa margs konar sérstöðu. Ungir fangar eru sérstaklega viðkvæmur hópur og ekki er æskilegt að þeir afpláni dóma í samneyti við eldri afbrotamenn. Líta ber svo á að við afplánun ungra fanga sé sérstaklega unnið að því að koma í veg fyrir frekari afbrot. Afplánun þeirra sé því liður í betrun, en þeirri betrun getur verið ókleift að ná fram með því að vista unga fanga í samneyti við eldri fanga, sem sumir hverjir eru síbrotamenn. Endurhæfing er líklegri til að skila betri árangri séu ungu fangarnir í eins jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi og hugsast getur miðað við aðstæður. Sérdeild fyrir unga afbrotamenn býður einnig upp á margs konar sértæk úrræði fyrir þennan aldurshóp, t.d. á sviði vímu- og geðmeðferðar.

Ungir fangar hafa einnig þá sérstöðu að oft hafa þeir einungis gerst sekir um eitt eða fá afbrot sem jafnvel eru í sumum tilfellum fremur smávægileg. Margoft hefur verið sýnt fram á að samneyti ungra fanga við eldri, og jafnvel forhertari fanga, geri þeim yngri ekkert gott og geti í sumum tilvikum haft afar slæm áhrif. Slíkt samneyti getur beinlínis haft hvetjandi áhrif á unga afbrotamenn til frekari þátttöku í afbrotum.

Einhver aldursmörk verða að vera og þykir flutningsmönnum hóflegt að miða við 24 ára aldur þegar afplánun hefst. Það má leiða líkur að því að einstaklingar undir þeim aldri hafi ekki náð fullum félagslegum þroska og að þeim sé því hætta búin af samneyti og áhrifum frá eldri afbrotamönnum.

Engin sérstök fangelsi eða deildir fyrir unga fanga.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, er heimilt að skipta fangels-

um upp í deildir. Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga kemur fram að taka skuli tillit til aldurs við ákvörðun um í hvaða fangelsi viðkomandi fangi skuli taka út refsingu. Í 3. mgr. 14. gr. frumvarps um fullnustu refsinga, 465. mál 130. löggjafarþings, var gert ráð fyrir deildaskiptingu fangelsis. Þetta frumvarp var dregið til baka af hálfu dómsmálaráðherra.

Í skýrslu nefndar um unga afbrotamenn frá 1999 kemur fram að hérlendis hafi ekki verið sérstök fangelsi fyrir unga fanga. Slíkar stofnanir þekkjast þó víða erlendis. Hins vegar voru hér lengi uppi slík áform og komu þau víða fram í lögum.

Í 43. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, var að finna heimild til að ákveða með reglugerð að fangar, sem dæmdir höfðu verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skyldu hafðir sér í fangelsi, eða í sérstakri fangelsisdeild, og látnir sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skyldi þá lögð sérstök áhersla á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinar sem komið gætu þeim að gagni þegar þeir hefðu fengið frelsi sitt aftur. Þó var gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra gæti ákveðið eftir tillögu fangelsisstjórnar að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hefðu hlotið á þessum aldri, skyldu sæta almennri fangameðferð. Reglugerð á grundvelli þessarar heimildar var þó aldrei gefin út og ákvæðið var fellt úr gildi með lögum nr. 48/1988.

Samkvæmt 4. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, nr. 18/1961, átti að stofna unglingafangelsi í sveit fyrir 25 fanga og skyldi þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra sem við dómsuppsögu höfðu ekki náð 22 ára aldri. Um fangelsi þetta átti að fara svo sem ákveðið var með 43. gr. almennra hegningarlaga. Þessi lög voru leyst af hólmi með lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, en í 4. gr. þeirra var að finna hliðstætt ákvæði um unglingavinnuhæli. Með gildandi lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sem komu í stað laga nr. 38/1973, var fallið frá áformum um unglingavinnuhæli, m.a. með vísun í breyttar áherslur í fangelsismálum. Hugmyndin um aðskilnað fanga vegna aldurs er því ekki ný af nálinni en hún hefur aldrei komist til framkvæmda hér á landi eins og hún hefur gert víða annars staðar.

Fangar á aldrinum 15–18 ára.

Sakhæfisaldur er samkvæmt almennum hegningarlögum 15 ár. Nú þegar er til heimild fyrir því að bjóða ungum afbrotamönnum á aldrinum 15–18 ára að taka út refsingu sína á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Nái viðkomandi einstaklingur 18 ára aldri á meðan meðferð stendur getur þó meðferðartíminn eftir það ekki varað lengur en í 6 mánuði eftir að aldursmarkinu er náð.

Á árinu 2002 var þó enginn einstaklingur á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu á þessum grundvelli. Hins vegar var þremur einstaklingum á þessu aldursbili boðið að afplána dóma sína á meðferðarheimilum en þeir höfnuðu því allir.

Með samkomulagi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu er ungum föngum gert kleift að afplána refsingu utan fangelsa og vistast í meðferð með öðrum börnum. Þetta fyrirkomulag verður að teljast afar jákvætt, enda bendir margt til þess að ungir afbrotamenn hafi ekki hag af því að vera vistaðir innan um eldri fanga.

Í c-lið 37. gr. samnings um réttindi barnsins, sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 og fullgiltur af Íslands hálfu 28. október 1992, kemur fram að halda skuli hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki. Hér er átt við einstakling yngri en 18 ára. Við fullgildingu samningsins var enginn fyrirvari gerður af Íslands hálfu. Hins vegar var lögð fram yfirlýsing við c-lið 37. gr. þar sem kemur fram að í íslenskum lögum séu ekki ákvæði um að ungum föngum skuli halda aðskildum frá eldri föngum. En með hliðsjón af framangreindu samkomulagi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu verður að telja

að núverandi fyrirkomulag afplánunar ungra afbrotamanna á aldrinum 15–18 ára sé heppilegt.

Þrátt fyrir þessi úrræði fyrir afbrotamenn á aldrinum 15–18 ára er hins vegar rétt og nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu þeirra fanga sem eru eldri en 18 ára en eru ungir engu að síður. Slík sérstaða yrði viðurkennd með starfrækslu sérstakrar deildar innan fangelsis fyrir aldurshópinn 18–24 ára. Slík sérdeild fyrir unga fanga yrði að sjálfsögðu einnig opin þeim einstaklingum á aldursbilinu 15–18 ára sem kjósa að nýta ekki þá heimild að taka út sína refsingu á meðferðarheimilum á vegum Barnarverndarstofu.

Það er ljóst að sérdeild fyrir afbrotamenn á aldrinum 18–24 ára yrði ekki einungis ungum afbrotamönnum til hagsbóta heldur einnig samfélaginu í heild, þar sem líta má á þetta úrræði sem forvarnir.

74. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Við síðari málslið 3. mgr. 20. gr. laganna bætist: eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur verið svo lengi. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

Á árinu 2001 kom út skýrsla á vegum ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi. Það er og vilji flutningsmanna að svo verði gert og löggjöfin hert eða eins og segir í skýrslunni:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. Nóvember 2001. (Birt á vef Lýðheilsustöðvar.)

75. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um veggjald í Hvalfjarðargöng.

Flm.: Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að fella niður eða lækka verulega veggjald í Hvalfjarðargöng.

Greinargerð.

Hvalfjarðargöngin voru tekin í notkun 11. júlí 1998. Umferð um göngin hefur aukist jafnt og þétt og er miklu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Umferðin hefur verið sem hér segir:

Tímabil	*Fjöldi bíla*
Júlí 1998 til sept. 1998	233.329
Okt. 1998 til sept. 1999	1.001.952
Okt. 1999 til sept. 2000	1.108.884
Okt. 2000 til sept. 2001	1.222.302
Okt. 2001 til sept. 2002	1.265.928
Okt. 2002 til sept. 2003	1.311.986
Okt. 2003 til júní 2004	u.þ.b. 930.000
Samtals	*7.074.381*

Gerð Hvalfjarðarganga var einkaframkvæmd. Spölur ehf. á og rekur göngin. Hluthafar eru:

Grundartangahöfn	23,5%
Sementsverksmiðjan	17,6%
Íslenska járnblendifélagið	14,7%
Skilmannahreppur	11,6%
Vegagerðin	11,6%
Akraneskaupstaður	8,7%
Smærri hluthafar	12,3%

Veggjöld hafa staðið undir afborgunum, vöxtum og rekstrarkostnaði. Á veggjöldin leggst 14% virðisaukaskattur. Veggjöld og virðisaukaskattur hafa verið sem hér segir:

Tímabil	*Veggjöld í millj. kr.*	*Virðisaukaskattur í millj. kr.*
Júlí 1998 til sept. 1998	202,7	28,4
Okt. 1998 til sept. 1999	811,3	113,6
Okt. 1999 til sept. 2000	774,1	108,3
Okt. 2000 til sept. 2001	844,4	118,2
Okt. 2001 til sept. 2002	879,8	123,2
Okt. 2002 til sept. 2003	904,8	126,7
Okt. 2003 til júní 2004	574,2	80,4
Samtals	*4.991,3*	*698,8*

30. júní 2004 námu langtímalán Spalar ehf. 5.353 millj. kr. Þar af var skuld við ríkissjóð 2.250 millj. kr. Innskattur virðisauka af framkvæmdum við göngin nam 937,6 millj. kr. Frá því að Hvalfjarðargöngin voru gerð hefur ríkið látið gera álíka löng göng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, verið er að grafa göng undir Almannaskarð og ákveðið hefur verið að hefja gangagerð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Áður hafði ríkið staðið fyrir gerð Vestfjarðaganga. Þá hefur á undanförnum árum verið lagt mikið fjármagn í vegagerð, m.a. eru framkvæmdir hafnar við tvöföldun Reykjanesbrautar sem mun kosta u.þ.b. 4 milljarða kr. Sammerkt með öllum þessum samgöngumannvirkjum er að notkun þeirra er gjaldfrí að Hvalfjarðargöngum einum undanskildum. Það hlýtur að teljast sanngirnismál að landsmenn allir sitji við sama borð hvað þetta varðar. Stór hópur fólks fer daglega um Hvalfjarðargöng fram og til baka til skóla og vinnu og greiðir háar fjárhæðir fyrir notkun ganganna. Þannig greiðir einstaklingur, sem fer daglega um göngin til vinnu, rúmlega 200 þúsund kr. á ári í veggjald. Til að greiða þá upphæð þarf hann að hafa um 350 þús. kr. í laun þegar reiknað er með sköttum og lífeyrissjóðsgreiðslum. Það kom fram hjá formanni stjórnar Spalar ehf. nýlega að væntanlega þyrfti að innheimta veggjald næstu 12 árin til að greiða upp skuldir fyrirtækisins. Á þeim tíma þarf því einstaklingur, sem sækir vinnu um Hvalfjarðargöng, að þéna u.þ.b. 4,2 milljónir kr. til að standa undir gangagjöldum á sama tíma og notendur annarra ganga og samgöngumannvirkja greiða ekki eina krónu. Þannig mun t.d. íbúi Mosfellsbæjar, sem vinnur í stóriðjunni á Grundartanga, nota 350 þúsund kr. af árlegum tekjum sínum til að greiða fyrir notkun Hvalfjarðarganga á sama tíma og íbúi Fáskrúðsfjarðar, sem vinnur í stóriðjunni á Reyðarfirði, greiðir ekki eina krónu fyrir notkun Fáskrúðsfjarðarganga, íbúi á Flateyri, sem sækir vinnu til Ísafjarðar, greiðir ekki eina krónu fyrir notkun Vestfjarðaganga og íbúi á Siglufirði, sem mun sækja vinnu til Dalvíkur, mun ekki greiða eina krónu fyrir notkun Siglufjarðarganga. Þá er ekki gert ráð fyrir veggjöldum á Reykjanesbraut.

Það er óviðunandi fyrir þá sem fara um Hvalfjarðargöng að þurfa einir notenda samgöngumannvirkja hér á landi að greiða gjald í þessi mannvirki. Því er hér lagt til að ríkisstjórninni verði falið að leita leiða til að fella niður eða a.m.k. lækka verulega veggjaldið í Hvalfjarðargöng, t.d. í tengslum við sölu Símans, en rætt hefur verið um að nota hluta söluandvirðis hans til samgöngumála.

Mörg dæmi eru um að veggjaldið hafi dregið úr áhuga fyrirtækja á að setja upp starfsemi norðan Hvalfjarðar. Talið er að allt að 500 manns noti göngin daglega vegna vinnu og skóla. Það er því augljóst byggðamál að veggjaldið falli niður eða a.m.k. lækki verulega.

76. Frumvarp til fjáraukalaga [76. mál]

fyrir árið 2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2004, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**9.718,2**	**11.201,4**
Skattar á tekjur og hagnað	4.500,0	4.138,0
Tryggingagjöld	699,8	680,0
Eignarskattar	498,0	601,0
Skattar á vörur og þjónustu	4.040,4	5.801,4
Aðrir skattar	-20,0	-19,0
Aðrar rekstrartekjur	-1.500,0	15,4
Sala eigna	0,0	0,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**8.218,2**	**11.216,8**
Æðsta stjórn ríkisins	68,0	68,0
Forsætisráðuneyti	125,4	125,4
Menntamálaráðuneyti	504,0	504,0
Utanríkisráðuneyti	297,8	297,8
Landbúnaðarráðuneyti	164,9	164,9
Sjávarútvegsráðuneyti	-458,5	-458,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	166,0	166,0
Félagsmálaráðuneyti	2.060,8	2.060,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.058,0	2.058,0
Fjármálaráðuneyti	937,8	937,8
Samgönguráðuneyti	411,6	411,6
Iðnaðarráðuneyti	6,5	6,5
Viðskiptaráðuneyti	-90,5	-90,5
Hagstofa Íslands	14,0	14,0
Umhverfisráðuneyti	50,0	50,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Gjöld samtals	**6.315,8**	**6.315,8**
Tekjujöfnuður	**1.902,4**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2004:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	1.902,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	603,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	2.395,6
Viðskiptaskuldir, (breyting)	0,0
Handbært fé frá rekstri	**4.901,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-2.867,0
Veitt löng lán	-450,0
Afborganir veittra lána	2.140,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	0,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-1.177,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**3.724,0**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	-1.300,0
Afborganir lána	-1.700,0
Fjármögnun samtals	**-3.000,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**724,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2004:

1. Á 2. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.800 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.200 m.kr.
   b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
   2.4 Landsvirkjun, allt að 400 m.kr.

2. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 49.650 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 56.900 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 24.300 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 19.200 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 10.100 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 7.200 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 5.407 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 700 m.kr.
   e. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
   3.8 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 75 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2004:

Nýir liðir:

3.34 Að selja hlut ríkisins í Öldugötu 17 og verja andvirðinu til tækjakaupa á augndeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

6.33 Að kaupa viðbótarhúsnæði við Hlemm vegna Náttúrufræðistofnunar Íslands.

7.12 Að heimila Flugmálastjórn Íslands að stofna hlutafélag á grundvelli 7. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og ráðstafa í því skyni allt að 250 m.kr. af eigin fé Alþjóðaflugþjónustunnar.

7.13 Að selja rannsóknarskipið Dröfn RE 35 og verja andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip Hafrannsóknarstofnunar.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	2.100,0	2.079,0
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.400,0	2.059,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-25,0	-24,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**4.475,0**	**4.114,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	600,6	582,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	99,2	97,3
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**699,8**	**680,0**
	Tryggingagjöld	**699,8**	**680,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	5,0	5,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	90,0	90,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	70,0	70,0
	Skattar á hreina eign	**160,0**	**160,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	850,0	953,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	-512,0	-512,0
	Eignarskattar	**498,0**	**601,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	3.500,0	5.111,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.000,0	1.000,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-95,0	-95,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	30,4	30,4
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**4.435,4**	**6.046,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	100,0	100,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	-225,0	-75,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	-270,0	-270,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**-395,0**	**-245,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**4.040,4**	**5.801,4**
	Skatttekjur, samtals	**9.718,2**	**11.201,4**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-500,0	-500,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	939,2	939,2
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**439,2**	**439,2**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-1.000,0	189,5
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-1.200,0	-874,1
	Aðrar eignatekjur	**-2.200,0**	**-684,6**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-1.760,8**	**-245,4**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	107,0	107,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	35,8	35,8
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	132,0	132,0
9.1.3.35	Ýmislegt	-14,0	-14,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**260,8**	**260,8**
	Ýmsar tekjur	**260,8**	**260,8**

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-1.500,0**	**15,4**
Heildartekjur samtals	**8.218,2**	**11.216,8**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	10,0
1.06 Almennur rekstur	14,0
Almennur rekstur samtals	24,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	44,0
Gjöld samtals	**68,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**68,0**
Greitt úr ríkissjóði	**68,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.16 Evrópunefnd	2,2
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	6,0
1.90 Ýmis verkefni	27,2
Almennur rekstur samtals	35,4
Gjöld samtals	**35,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,4

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:	
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	70,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Stofnkostnaður:	
6.21 Framkvæmdir	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**125,4**
Greitt úr ríkissjóði	**125,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbætur menningarstofnana 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 107,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 107,0

m.kr.

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:
1.11 Styrkir til útgáfumála 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.44 Snorrastofa 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **504,0**
Greitt úr ríkissjóði **397,0**
Innheimt af ríkistekjum **107,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.02 Varnarmálaskrifstofa 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur ..... -77,0

Gjöld umfram tekjur ..... **-77,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -77,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur 187,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 187,8

03-300 Sendiráð Íslands

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 42,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.87 Íslensk friðargæsla 100,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**297,8**
Greitt úr ríkissjóði	**110,0**
Innheimt af ríkistekjum	**187,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.02 Lífeyrissjóður bænda	5,3
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	130,3
Almennur rekstur samtals	135,6
Gjöld samtals	**135,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,6

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-9,3
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	16,2
1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	-1,4
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	-1,2
Almennur rekstur samtals	4,3
Gjöld samtals	**4,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,3

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:	
1.91 Loðdýrafóður	20,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**164,9**
Greitt úr ríkissjóði	**164,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	8,5
1.30 Rannsóknaskip	35,0
Almennur rekstur samtals	43,5
Gjöld samtals	**43,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,5

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	270,0
Innheimt af ríkistekjum	-270,0

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-512,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-512,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-458,5**
Greitt úr ríkissjóði	**323,5**
Innheimt af ríkistekjum	**-782,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 35,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 35,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 51,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

m.kr.

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **166,0**
Greitt úr ríkissjóði **166,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 11,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,3

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 249,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 249,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 300,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 300,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 948,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd 7,0
1.41 Framlög og styrkir 95,0
Almennur rekstur samtals 1.050,0

Gjöld samtals **1.050,0**

Sértekjur:
Sértekjur 422,0

Gjöld umfram tekjur **1.472,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.472,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

	m.kr.
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.060,8**
Greitt úr ríkissjóði	**288,8**
Innheimt af ríkistekjum	**1.772,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	18,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,2

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	250,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	96,0
Almennur rekstur samtals	346,0
Gjöld samtals	**346,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	346,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-70,0
1.15 Örorkulífeyrir	240,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-211,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	201,0
1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	-40,0
1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	73,0
1.35 Barnalífeyrir	104,0
Almennur rekstur samtals	297,0
Gjöld samtals	**297,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-176,7
Innheimt af ríkistekjum	473,7

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	77,3
1.15 Lyf	285,0
1.21 Hjálpartæki	143,0
1.31 Þjálfun	100,0
1.55 Sjúkradagpeningar	-50,0
Almennur rekstur samtals	555,3
Gjöld samtals	**555,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	555,3

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	22,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,4

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	667,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	667,7

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-20,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,0

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:	
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	-2,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	2,4
1.14 Lyfjaverðsnefnd	-2,4
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	6,7
1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum	-3,1
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	2,2
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	-1,2
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	23,0
Almennur rekstur samtals	27,6
Gjöld samtals	**27,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,6

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	60,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	13,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,3

08-494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri ..... -9,5

Sértekjur:
Sértekjur 0,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-9,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,2

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal ..... -10,3

Sértekjur:
Sértekjur 0,4

Gjöld umfram tekjur ..... **-9,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,9

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi ..... -23,9

Sértekjur:
Sértekjur 2,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-21,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-21,6

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási	-18,5
Sértekjur:	
Sértekjur	2,0
Gjöld umfram tekjur	**-16,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-16,5

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði	-16,2
Sértekjur:	
Sértekjur	1,0
Gjöld umfram tekjur	**-15,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,2

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-9,5
Sértekjur:	
Sértekjur	1,0
Gjöld umfram tekjur	**-8,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,5

m.kr.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	20,0
1.11 Sjúkrasvið	20,0
Almennur rekstur samtals	40,0
Gjöld samtals	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-38,0
1.11 Sjúkrasvið	-146,5
Almennur rekstur samtals	-184,5
Gjöld samtals	**-184,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	11,9
Gjöld umfram tekjur	**-172,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-172,6

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	131,8
1.11 Sjúkrasvið	146,5
Almennur rekstur samtals	278,3
Gjöld samtals	**278,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,9
Gjöld umfram tekjur	**259,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,4

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.058,0**
Greitt úr ríkissjóði	**1.584,3**
Innheimt af ríkistekjum	**473,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	76,0
1.41 Launagreiðslukerfi	22,0
1.43 Tekjubókhaldskerfi	65,0
1.48 Innheimtuskilakerfi	18,0
Almennur rekstur samtals	181,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	-101,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	-92,3
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	-9,7
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	22,0
Stofnkostnaður samtals	-181,0
Gjöld samtals	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	600,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	600,0
09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	
Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	9,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,8
09-989 Launa- og verðlagsmál	
Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis verkefni	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**937,8**
Greitt úr ríkissjóði	**937,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.34 Flugskóli Íslands	11,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,1

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	375,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-20,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-20,0

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	45,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,1
Innheimt af ríkistekjum	30,4

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**411,6**
Greitt úr ríkissjóði	**401,2**
Innheimt af ríkistekjum	**10,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **6,5**
Greitt úr ríkissjóði **6,5**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements ..... -95,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -95,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-90,5**
Greitt úr ríkissjóði **4,5**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-95,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0
Innheimt af ríkistekjum	-14,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**14,0**
Greitt úr ríkissjóði	**28,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-14,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

14-211 Umhverfisstofnun

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 85,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -85,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Setur í Reykjavík 3,0

Sértekjur:
Sértekjur 20,0

Gjöld umfram tekjur **23,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,0

m.kr.

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **50,0**
Greitt úr ríkissjóði **50,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2004

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	103,4
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	11,0
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	187,0
	Samtals	**301,4**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	23,0
	Samtals	**23,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	14,0
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	79,8
	Samtals	**93,8**
Almenn opinber þjónusta samtals		**418,2**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	65,0
	Samtals	**65,0**
03.2	Dómstólar	35,0
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	6,0
Löggæsla og öryggismál samtals		**106,0**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	250,0
	Samtals	**250,0**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	15,0
	Samtals	**15,0**
Fræðslumál samtals		**265,0**

		m.kr.
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	697,7
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	-2,4
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	47,7
	Samtals	**743,0**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	128,2
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	100,0
	Samtals	**228,2**
05.4	Lyf og hjálpartæki	428,0
05.6	Önnur heilbrigðismál	47,6
Heilbrigðismál samtals		**1.446,8**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	-50,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	547,0
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	1.472,0
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	696,0
	Samtals	**2.665,0**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.3 Málefni fatlaðra	5,0
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	36,2
	Samtals	**41,2**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**2.706,2**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.2 Skipulagsmál	16,0
	Samtals	**16,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**16,0**

	m.kr.
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	146,0
08.0.3 Fjölmiðlar	107,0
08.0.5 Önnur menningarmál	6,0
Samtals	**259,0**
Menningarmál samtals	**259,0**
10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	
10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	159,9
10.1.5 Dýralæknisþjónusta	5,0
Samtals	**164,9**
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	-458,5
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	0,0
Samtals	**-458,5**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	**-293,6**
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi	6,5
Iðnaðarmál samtals	**6,5**
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	375,0
Samtals	**375,0**
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	-20,0
Samtals	**-20,0**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	233,3
Samtals	**233,3**

	m.kr.
12.7 Önnur samgöngumál	11,1
Samgöngumál samtals	**599,4**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	15,5
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	316,8
13.6 Önnur atvinnumál	-95,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**237,3**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	249,0
14.0.3 Önnur þjónusta	300,0
Samtals	**549,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**549,0**
Heildargjöld samtals	**6.315,8**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2004

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	1.329,2
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	883,0
Sértekjur	301,0
Rekstrargjöld samtals	**2.513,2**
Fjármagnskostnaður	**0,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.050,0
Vaxtabætur	600,0
Sjúkratryggingar	555,3
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	346,0
Ábyrgðasjóður launa	300,0
Lífeyristryggingar	297,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	249,0
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	187,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	139,9
Ríkisútvarpið	107,0
Þróunarsjóður	-512,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	518,6
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**3.838,6**
Viðhald	
Vegakerfi	0,0
Annað	50,0
Viðhald samtals	**50,0**
Fjárfesting	
Vegakerfi	375,0
Annað	-461,0
Fjárfesting samtals	**-86,0**
Gjöld samtals	**6.315,8**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2004

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
05-204	**Fiskistofa**	
	Veiðieftirlitsgjald	-270,0
	Greitt úr ríkissjóði	-270,0
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**	
	Þróunarsjóðsgjald á skip	-2,0
	Þróunarsjóðsgjald á aflamark	-510,0
	Greitt úr ríkissjóði	-512,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	5,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	5,8
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	5,0
	Greitt úr ríkissjóði	300,0
	Viðskiptahreyfing	-295,0
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	94,9
	Greitt úr ríkissjóði	1.472,0
	Viðskiptahreyfing	-1.377,1
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	2,4
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	2,4
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	102,3
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	102,3
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	473,7
	Greitt úr ríkissjóði	473,7

08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-24,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	-24,0
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	
	Flugvallargjald til reksturs Flugmálastjórnar	-28,2
	Varaflugvallagjald til reksturs Flugmálastjórnar	58,6
	Greitt úr ríkissjóði	30,4
10-472	**Flugvellir**	
	Flugvallargjald til framkvæmda Flugmálastjórnar	-34,4
	Varaflugvallagjald til framkvæmda Flugmálastjórnar	34,4
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,8
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	0,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,1
12-821	**Flutningssjóður sements**	
	Flutningsjöfnunargjald af sementi	-95,0
	Greitt úr ríkissjóði	-95,0
	Heildartekjur	**-185,6**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**1.399,1**
	Mismunur	**-1.584,7**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-1.584,7**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2004

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	107,0
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	35,8
	Vopnaleitargjald	152,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Skoðunargjöld skipa	-20,0
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	
	Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar	-14,0
	Heildartekjur	**260,8**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**260,8**
	Mismunur	**0,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**0,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2004

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	249,0
	Greitt úr ríkissjóði	249,0
	Lögbundin framlög alls	**249,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**249,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2004. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðaðar áætlanir um afkomu árið 2004. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 6,7 milljarða kr. tekjuafgangi ríkissjóðs árið 2004. Heildartekjur voru áætlaðar 282 milljarðar kr. og gjöld 275,3 milljarðar kr. Nú eru lagðar fram endurskoðaðar áætlanir um tekjur og gjöld í ljósi framvindu ríkis- og efnahagsmála það sem af er ári.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	282,0	290,2	8,2
Gjöld	275,3	282,4	7,1
Tekjujöfnuður	**6,7**	**7,8**	**1,1**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-8,5	-5,5	3,0
Handbært fé frá rekstri	**-1,8**	**2,3**	**4,1**
Fjármunahreyfingar	15,8	14,6	-1,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**14,0**	**16,9**	**2,9**

Endurskoðunin gerir ráð fyrir að tekjuafgangur á ríkissjóði aukist um 1,1 milljarð kr. og verði 7,8 milljarðar kr. Handbært fé frá rekstri vex nokkru meira eða um 4,1 milljarð kr., einkum vegna bættrar innheimtu tekna og verður jákvætt um 2,3 milljarða kr. í stað þess að rýrna um 1,8 milljarð. Fjármunahreyfingar skila 1,2 milljörðum minna en áætlað var í fjárlögum og skýrist það af því að gerð er upp 2,9 milljarða kr. lífeyrisskuldbinding við Reykjavíkurborg vegna samrekstrarstofnana og veitt lán ríkissjóðs aukast um rúmlega 400 m.kr. Á móti aukast innheimtar afborganir veittra lána um 2,1 milljarð kr. Lánsfjárafgangur verður því tæplega 17 milljarðar kr. í stað 14 milljarða í fjárlögum. Staða ríkissjóðs styrkist því og verður auknum lánsfjárafgangi ráðstafað til að greiða niður skuldir og styrkja stöðuna við Seðlabanka Íslands.

Vakin er athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til: Annars vegar

eru í frumvarpinu veittar fjárheimildir til umframútgjalda frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærð í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu. Þannig flytjast ónýttar fjárheimildir og umframgjöld á milli ára og bætast við eða dragast frá útgjaldaheimild næsta árs.

Hér á eftir er fjallað um breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við heimildir og áætlanir í fjárlögum.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2004. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2004 og helstu frávik frá áætlun fjárlaga.

Tekjuhorfur 2004. Samkvæmt fjárlögum ársins 2004, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 282 milljarðar króna. Þessi áætlun byggðist að meginhluta á niðurstöðu ríkisreiknings 2002, innheimtuþróun á árinu 2003 og spá um þróun helstu hagstærða á árinu 2004. Við endurskoðun á tekjuáætlun 2004 hefur verið tekið tillit til innheimtuþróunar á yfirstandandi ári og breytinga á almennum efnahagsforsendum. Endurskoðuð áætlun gerir nú ráð fyrir að heildartekjur ársins verði rúmlega 290 milljarðar króna eða 8 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má einkum rekja til meiri umsvifa í efnahagslífinu en áður var gengið út frá.

Í endurskoðaðri spá fjármálaráðuneytis fyrir árið 2004 er reiknað með að hagvöxtur verði 5½% og er það hækkun um 2% frá fjárlögum 2004. Spáð er rúmlega 8% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2004. Hér munar mestu um 17% aukningu í fjárfestingu sem skiptist þannig að fjárfesting atvinnuveganna eykst um tæplega 30% og íbúðafjárfesting um 12½%. Á móti vegur að fjárfesting hins opinbera dregst saman um liðlega 18%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 7% og samneysla um 1½%. Viðskiptahalli er talinn verða 7¼% af landsframleiðslu árið 2004. Þessa aukningu má að verulegu leyti rekja til áhrifa stóriðjuframkvæmdanna.

Reiknað er með að atvinnuleysi verði að jafnaði um 3% af mannafla árið 2004. Gert er ráð fyrir að framleiðsluslaki í efnahagslífinu hverfi á árinu 2004. Hins vegar er áfram reiknað með slaka á vinnumarkaði, þ.e. mismunur á mældu atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla og nálgun við svokallað jafnvægisatvinnuleysi. Búist er við að verðbólgan hækki lítillega frá fyrri spá eða í 3%. Gert er ráð fyrir að launakostnaður á ársverk hækki um 4¾% og að teknu tilliti til verðbólgu og skatta er einnig gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1½% á yfirstandandi ári.

	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	3½	7	3½
Samneysla	1	1½	½
Fjárfesting	8½	17¼	8¾
Þjóðarútgjöld alls	4	8	4
Útflutningur vöru og þjónustu	4½	6	1½
Innflutningur vöru og þjónustu	5¾	12¾	7
Verg landsframleiðsla	3½	5½	2
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-3¼	-7¼	-4
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	5	4½	-½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2½	1½	-1
Vísitala neysluverðs	2½	3	½
Gengisvísitala	1	-1	-2
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2½	3	½

Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila verði tæplega 87,7 milljarðar króna eða tæpum 4,5 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær eingöngu rekja til aukinna tekna af fjármagnstekjuskatti einstaklinga og tekjuskatti lögaðila. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 7,7 milljarðar króna og hækkar um 2,1 milljarð frá fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila nemi 11,3 milljörðum króna eða 2,4 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Útkoma í ríkisreikningi 2003 af skatttekjum lögaðila er 12,2 milljarðar króna og er það um 4,4 milljarða króna hækkun frá fyrra ári. Álagning lögaðila liggur þó ekki fyrir fyrr en í október og því gæti þessi áætlun breyst. Áætlaðar tekjur af eignarskatti hækka um tæplega 500 milljónir frá áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar alfarið af auknum tekjum af stimpilgjöldum frá áætlun fjárlaga sem stefnir í 850 milljónir króna. Aftur á móti lækkar þróunarsjóðsgjald á aflamark um 510 milljónir króna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Áætlun [1] 2004	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**254.617**	**264.335**	**9.718**	**3,8**
Skattar á tekjur og hagnað	83.220	87.695	4.475	5,4
Einstaklingar	72.900	75.000	2.100	2,9
Lögaðilar	8.900	11.300	2.400	27,0
Ótalið annars staðar	1.420	1.395	-25	-1,8
Tryggingagjöld	29.007	29.707	700	2,4
Eignarskattar	8.710	9.208	498	5,7
Skattar á vörur og þjónustu	132.860	136.900	4.040	3,0
Virðisaukaskattur	88.021	91.521	3.500	4,0
Aðrir skattar	821	826	5	0,6
II Aðrar rekstrartekjur	**25.721**	**24.221**	**-1.500**	**-5,8**
Arðgreiðslur	3.726	4.165	439	11,8
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	15.121	12.921	-2.200	-14,5
Neyslu- og leyfisgjöld	5.912	6.173	261	4,4
Annað	962	962	0	0,0
III Sala eigna	**540**	**540**	**0**	**0,0**
V Fjárframlög	**1.143**	**1.143**	**0**	**0,0**
Heildartekjur ríkissjóðs.	**282.021**	**290.240**	**8.218**	**2,9**
Sjóðshreyfing	**267.140**	**278.357**	**11.217**	**4,2**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tryggingagjöld. Forsendur fjárlaga fyrir árið 2004 um tekjur af tryggingagjaldi eru að mestu óbreyttar. Engu að síður er gert ráð fyrir 700 milljóna króna tekjuaukningu.

Skattar á vöru og þjónustu. Áætlaðar tekjur af sköttum og þjónustu eru um 137 milljarðar króna og hækka um rúma 4 milljarða frá áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má einkum rekja til aukinnar einkaneyslu heimilanna. Áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti eru taldar aukast um 3,5 milljarða. Enn fremur hefur innflutningur bifreiða aukist töluvert það sem af er árinu og er gert ráð fyrir að fluttir verði inn rúmlega 15.000 bílar en á árinu 2003 voru fluttir inn rúmlega 2.600 bílar.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlaðar tekjur af öðrum rekstrartekjum eru rúmlega 24 milljarðar króna og lækka um 1½ milljarð frá fjárlögum. Áætlaðar tekjur af arðgreiðslum ríkisfyrirtækja hækka um 440 milljónir króna og er þar meðal annars greiðsla frá ÁTVR upp á 500 milljónir króna. Í kjölfar niðurstöðu í ríkisreikningi fyrir árið 2003 lækka áætlaðar tekjur vegna dráttarvaxta af tekjum ríkissjóðs um 1 milljarð króna frá fjárlögum. Einnig lækka áætlaðar tekjur af öðrum vaxtatekjum ríkissjóðs um 1,2 milljarð króna, meðal annars vegna lægra vaxtastigs.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf til verkefna og stofnana og leitað skýringa á tilefni þeirra. Leitað hefur verið skýringa á frávikum frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð. Miðað er við að í fjáraukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og -úrskurðir. Þá eru hagrænar forsendur fjárlaga endurmetnar, svo sem vaxtagjöld og atvinnuleysi, auk þess sem útgjöld almannatrygginga eru endurmetin í ljósi framvindunnar á árinu. Tekið er tillit til lagabreytinga sem hafa áhrif á útgjöld og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Loks er lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana og verkefna verði bættur í þeim tilvikum þar sem verkefni er lokið eða sýnt þykir að komið sé jafnvægi á reksturinn og ekki verði um áframhaldandi hallarekstur að ræða.

Með frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir verði hækkaðar um 6,3 milljarða kr., þar af eru rúmir 2 milljarðar kr. til félagsmálaráðuneytisins, einkum vegna eins milljarðs kr. útgjalda atvinnuleysistrygginga, 300 m.kr. útgjalda Ábyrgðasjóðs launa og um 250 m.kr. framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis aukast um rúma 2 milljarða kr. og vegur þar þyngst 675 m.kr. framlag til reksturs Landspítala – háskólasjúkrahúss, rúmlega 550 m.kr. eru vegna útgjalda sjúkratrygginga, einkum vegna lyfjakostnaðar, um 350 m.kr. eru útgjöld bóta félagslegrar aðstoðar og um 300 m.kr. útgjöld lífeyristrygginga vegna fjölgunar öryrkja umfram forsendur fjárlaga. Rúmlega 930 m.kr. eru aukin útgjöld er falla undir fjármálaráðuneyti, þar af eru 600 m.kr. vegna vaxtabóta umfram áætlun og 300 m.kr. vegna kostnaðar við kjarasamninga á almennum markaði umfram launaforsendu fjárlaga og dreifast þau útgjöld á önnur ráðuneyti. Útgjöld menntamálaráðuneytis aukast um 500 m.kr., þar af eru 250 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum, rúmar 100 m.kr. vegna lokaframkvæmda við Þjóðminjasafn og 100 m.kr. eru hækkuð afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Útgjöld samgönguráðuneytis aukast um rúmlega 410 m.kr., þar af eru 375 m.kr. vegna jarðganga undir Almannaskarð. Útgjöld utanríkisráðuneytis aukast um tæplega 300 m.kr. Þar vega þyngst tæplega 190 m.kr. auknar tekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli af öryggis- og lendingargjöldum sem skilað er til stofnunarinnar sem er í B-hluta. Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis aukast um tæplega 170 m.kr. og vegur þar þyngst rúmlega 50 m.kr. framlag til að endurnýja samning um Tetra-fjarskiptakerfið, 35 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn héraðsdómstóla og 35 m.kr. framlag til að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík. Útgjöld landbúnaðarráðuneytis aukast um tæplega 165 m.kr. og munar þar mest um 135 m.kr. framlag vegna sauðfjárframleiðslu er féll niður í fjárlögum. Útgjöld forsætisráðuneytis hækka um 125 m.kr. og vegur þar þyngst 70 m.kr. framlag til niðurrifs á Sölvhólsgötu 11 í Reykjavík. Loks lækka útgjöld viðskiptaráðuneytis um 90 m.kr. vegna niðurlagningar á Flutningsjöfnunarsjóði sements og útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins lækka um tæplega 470 m.kr. þar sem gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins var lagt af frá 1. september sl. Útgjöld annarra ráðuneyta breytast minna.

Nánar er fjallað um breytingar á útgjaldaheimildum í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2004	Heimildir 2004	Breyt.frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	78.027	79.356	1.329	1,7
Lífeyrisskuldbindingar	4.704	4.704	0	0,0
Önnur gjöld	62.273	63.156	883	1,4
Sértekjur	-18.902	-18.601	301	-1,6
Rekstrargjöld samtals	**126.102**	**128.615**	**2.513**	**2,0**
Fjármagnskostnaður	**15.140**	**15.140**	**0**	**0,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	28.939	29.236	297	1,0
Sjúkratryggingar	14.452	15.007	555	3,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.310	7.450	140	1,9
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	6.427	6.676	249	3,9
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	5.865	6.211	346	5,9
Fæðingarorlofssjóður	5.826	5.826	0	0,0
Barnabætur	5.430	5.430	0	0,0
Vaxtabætur	4.505	5.105	600	13,3
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.420	4.470	1.050	30,7
Afskriftir skattkrafna	4.000	4.000	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.412	3.412	0	0,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.739	2.739	0	0,0
Ríkisútvarpið	2.298	2.405	107	4,7
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	19.213	19.707	494	2,6
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**113.835**	**117.674**	**3.839**	**3,4**
Viðhald				
Vegakerfi	2.307	2.307	0	0,0
Annað	1.813	1.863	50	2,8
Viðhald samtals	**4.120**	**4.170**	**50**	**1,2**
Fjárfesting				
Vegakerfi	7.220	7.595	375	5,2
Heilbrigðisstofnanir	1.896	1.896	0	0,0
Hafnarframkvæmdir	1.072	1.072	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar	1.062	1.062	0	0,0
Flugvellir	287	287	0	0,0
Annað	4.562	4.101	-461	-10,1
Fjárfesting samtals	**16.099**	**16.013**	**-86**	**-0,5**
Gjöld samtals	**275.296**	**281.611**	**6.316**	**2,3**

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármögnun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er leitað heimilda til breytinga á endurlánum ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir að Landsvirkjun endurgreiði 400 m.kr. virkjanarannsóknir með skuldabréfi.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir alls 5.382 m.kr. lækkun heimildar til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Annars vegar er um að ræða 5.457 m.kr. lækkun á heimildum Íbúðalánasjóðs frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum en hins vegar er farið fram á að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimiluð allt að 75 m.kr. lántaka til að kosta undirbúning að stækkun Lagarfossvirkjunar. Breytingar hjá Íbúðalánasjóði skiptast þannig að heimild vegna húsbréfadeildar og almennra íbúðalána hækkar um 7.250 m.kr., heimild vegna leiguíbúða lækkar um 5.100 m.kr., heimild vegna viðbótarlána lækkar um 2.900 m.kr. og heimild vegna endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna lækkar um 4.707 m.kr.

Horfur á aukinni lánsfjárþörf til almennra íbúðalána skýrast af mikilli eftirspurn á fyrri hluta ársins. Búist er við að eftirspurnin á síðari hluta ársins verði ekki eins mikil en útreikningar gera engu að síður ráð fyrir að heildareftirspurn á árinu verði umfram áætlun fjárlaga. Þessir útreikningar voru gerðir áður en núverandi samkeppni í íbúðarlánum hófst þannig að líkur eru á að heildaraukning í almennum íbúðarlánum verði ekki eins mikil og þeir sýna. Ástæða minni lánsfjárþarfar vegna leiguíbúða og viðbótarlána skýrist að miklu leyti að því að gert er ráð fyrir að hætt verði við sumar þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru á árinu eða að þær dragist fram á næsta ár. Lækkun á lánsfjárþörf eldri byggingarsjóðanna stafar af því að endurgreiðslur útistandandi lána hafa ásamt uppgreiðslum staðið undir stærri hluta af endurgreiðslum eldri fjármögnunarlána en áður var reiknað með. Vegna nýtilkominnar samkeppni á markaði um lán til íbúðakaupa er gerður fyrirvari um áætlanir Íbúðalánasjóðs. Verða þær áætlanir endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Í milljónum króna	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**-1.787**	**3.114**	**4.901**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-3.267	-2.867
Veitt löng lán	-4.800	-5.250	-450
Afborganir veittra lána	20.860	23.000	2.140
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400	-400	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540	540	0
Fjármunahreyfingar samtals	**15.800**	**14.623**	**-1.177**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**14.013**	**17.737**	**3.724**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	27.300	26.000	-1.300
Afborganir af teknum lánum	-31.300	-33.000	-1.700
Fjármögnun samtals	**-4.000**	**-7.000**	**-3.000**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7.500	-7.500	0
Breyting á handbæru fé	**2.513**	**3.237**	**724**

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er nú gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 3,1 milljarður króna árið 2004 og hækki því um 4,9 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Breytingin skýrist að stærstum hluta af 1,9 milljarða króna hagstæðari tekjujöfnuði ásamt um 3 milljarða króna betri innheimtu tekna. Á móti kemur að horfur eru nú á að fjármunahreyfingar taki til sín um 1,2 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þar eru stærstu breytingarnar tæplega 2,9 milljarða króna hækkun á veittum stuttum lánum vegna uppgjörs við Reykjavíkurborg á lífeyrisskuldbindingum vegna samreksturs stofnana og 450 m.kr. hækkun á veittum löngum lánum, þar af 400 m.kr. til Landsvirkjunar vegna endurgreiðslu virkjanarannsókna. Á móti kemur að afborganir veittra lána hækka um ríflega 2,1 milljarð króna. Reiknað er því með að hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs batni um 3,7 milljarða króna frá áætlun fjárlaga verði og 17,7 milljarðar króna. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða 7,5 milljarða króna inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, greiða langtímaskuldir niður um 7 milljarða króna og bæta stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 3,2 milljarða króna.

Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs árið 2004 verði 26 milljarðar króna og er það 1,3 milljörðum króna minni lántaka en áætluð var í fjárlögum ársins. Þá eru horfur á að afborganir af teknum lánum verði 33 milljarðar króna eða 1,7 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Reiknað er því með að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar um 7 milljarða króna á árinu 2004 og er það 3 milljarða króna meiri niðurgreiðsla en áætluð var í fjárlögum.

4 Heimildir

Sótt er um 4 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að í lið 3.34 er óskað eftir því Öldugata 17 verði seld og heimilt verði að ráðstafa andvirði eignarhluta ríkisins til tækjakaupa á augndeild Landspítala – háskólasjúkrahúss en ríkissjóður á eignina til helminga á móti Sjónverndarsjóði Íslands. Heimild 6.33 er til komin vegna skipulags og hagræðingar í tengslum við húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm. Í lið 7.12 er óskað eftir heimild fyrir Flugmálastjórn Íslands til að ráðstafa um 250 m.kr. af eigin fé Alþjóðaflugþjónustunnar í tengslum við hlutafélagastofnun á grundvelli 7. gr. laga nr. 60/1998. Ástæðan fyrir heimildinni er kaup stofnunarinnar á rekstri fjarskiptamiðstöðvarinnar í Gufunesi af Landssíma Íslands. Í lið 7.13 er að finna heimild sem skýrir sig að mestu sjálf og varðar sölu á rannsóknarskipinu Dröfn RE 35 og ráðstöfun á andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip Hafrannsóknarstofnunar.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 68 m.kr.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna 50% álags á þingfararkaup þeirra alþingismanna sem eru formenn stjórnmálaflokka en eru ekki jafnframt ráðherrar, skv. lögum nr. 141/2003.

1.06 Almennur rekstur. Farið er fram á 14 m.kr. fjárheimild vegna viðbótarútgjalda við þingstörfin í maí, umfram það sem áætlað var, og sumarþingið í júlí. Hér er um að ræða aukinn launakostnað, kostnað við sérstakar ráðstafanir, flutninga o.fl. og annan viðbótarkostnað, svo sem ferðakostnað og kostnað vegna varamanna.

5.20 Fasteignir. Óskað er eftir 44 m.kr. viðbótarframlagi til viðhalds Alþingishúss. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlar að viðhaldskostnaðurinn geti orðið alls 119 m.kr. og er það 44 m.kr. umfram fjárveitingu í fjárlögum. Þrír meginþættir skýra þessa aukningu: Í fyrsta lagi voru tilboð í verkið heldur hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir en samið var við lægstbjóðanda. Í öðru lagi kom í ljós eftir að framkvæmdir hófust að magnaukning og aukaverk yrðu mun meiri en kostnaðarramminn gerði ráð fyrir. Í þriðja lagi gat verktakinn ekki hafið verkið á umsömdum tíma vegna þess að þinglok urðu mun seinna en ráð hafði verið fyrir gert og einnig urðu tafir og margvíslegt óhagræði af völdum sumarþingsins. Á sama tíma var ekki hægt að lengja verktímann þar sem öllum framkvæmdum þurfti að ljúka tímanlega fyrir þingsetningu í haust.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 125,4 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.16 Evrópunefnd. Lagt er til að veitt verði 2,2 m.kr. framlag til að mæta kostnaði vegna starfa Evrópunefndar, sem skipuð er af forsætisráðherra. Nefndinni er ætlað að skerpa og skýra um hvaða atriði þarf að ræða í Evrópumálum og hver ekki. Evrópu-

nefndinni er auk upplýsingaöflunar ætlað að greina aðalatriði mála og helstu staðreyndir til að auðvelda umræður á skynsamlegum forsendum um evrópumálin. Nefndarmenn eru alls níu. Gert er ráð fyrir starfsmanni í hálfu starfi auk kostnaðar við aðkeypta sérfræðivinnu. Einnig er sótt um fjárveitingu til starfs nefndarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á samningi við Vesturfarasetrið á Hofsósi frá 25. nóvember 1999. Framlaginu skal m.a. varið til frekari uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi vegna þjónustu og afþreyingar fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Jafnframt er sótt um 12 m.kr. framlag vegna samningsins í fjárlagafrumvarpi 2005 til fjögurra ára. Heildarframlagið nemur því samtals 54 m.kr. á árunum 2004 til 2008.

1.90 Ýmis verkefni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki um samtals 27,2 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 11,5 m.kr. vegna endurskoðunar almannavarna og björgunarmála. Um er að ræða endurskoðun laga um almannavarnir og vinnu við samhæfingu á stjórn og skipulagi leitar- og björgunarmála í einni miðstöð í Skógarhlíð. Verkefnið varir árið 2004 og 2005 og er einnig gerð tillaga um framlag til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2005. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,5 m.kr. framlag til að mæta kostnaði er tengist sérfræðivinnu og ráðgjöf vegna fjölmiðlalaga. Um er að ræða kostnað vegna fjölmiðlanefndar menntamálaráðherra, vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum og sérfræðivinnu starfshóps til undirbúnings að löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu. Kostnaður vegna fjölmiðlanefndar nemur 3,7 m.kr. og önnur sérfræðivinna 6,8 m.kr. Í þriðja lagi er óskað eftir 5,2 m.kr. vegna kostnaðar við athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við verð annars staðar á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins en ráðist var í þá athugun samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi þann 11. desember 2002. Gerður var samningur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um úttekt og rannsóknir vegna verkefnisins.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit. Lagt er til að veitt verði 70 m.kr. framlag til niðurrifs á húseigninni Sölvhólsgötu 11. Um er að ræða framlag til fyrri áfanga verksins sem felst í að rífa húsið, fjarlægja brotarusl, grófjafna lóðina og klæða gafl Sölvhólsgötu 13. Í öðrum áfanga er áformað að ganga frá lóð og bílastæðum.

255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.

6.21 Framkvæmdir. Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna kostnaðar á árinu 2004 við að ljúka endurbótum á Gljúfrasteini og frágangi lóðar. Kostnaður við lagfæringar og endurbætur hefur orðið meiri en ráð var fyrir gert í upphafi. Jafnframt

hefur orðið að fresta til næsta árs ýmsum frágangsverkefnum við húsnæðið og lóð og farið er fram á framlag vegna þess í fjárlagafrumvarpi 2005.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 504 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Óskað er eftir 14 m.kr. viðbótarfjárheimild í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að verkefni Norrænu eldfjallamiðstöðvarinnar færist til Háskóla Íslands. Einnig er farið fram á 1 m.kr. til Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála í stjórnmálafræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Framlaginu er ætlað að standa straum af kostnaði við uppbyggingu fjarnáms í opinberri stjórnsýslu o.fl. varðandi hið opinbera fyrir stofnanir og sveitarfélög úti um land.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Farið er fram á að fjárheimild verði aukin um 250 m.kr. til þess að mæta nemendafjölgun í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga. Nemendaspá bendir til þess að fjöldi ársnemenda geti orðið allt að 1.100 umfram forsendur fjárlaga og er miðað við að lækka meðalframlag á nemanda frá því sem gert hafði verið ráð fyrir.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu í tilefni af opnun safnsins 1. september 2004. Fjárveitingin er ætluð til uppsetningar á sýningum og vegna kynningarmála.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Farið er fram á 100 m.kr. fjárheimild til að ljúka að fullu framkvæmdum við hús Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu. Endurskoðuð áætlun leiðir í ljós að fjárþörf hefur aukist um 65 m.kr. annars vegar vegna hækkunar á kostnaði við grunnsýningu og loftræstikerfi og hins vegar kostnaðar við aukaverk og ófyrirséða verkþætti. Í fyrri áætlun var ekki gert ráð fyrir að innrétta turnbyggingu á þessu ári en nú er lögð áhersla á að ljúka þessu m.a. vegna öryggis sýningargripa. Kostnaður við þá framkvæmd, m.a. innréttingar, lyftu og húsgögn er áætlaður 35 m.kr.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Óskað er eftir að framlag til Ríkisútvarpsins verði aukið um 107 m.kr. í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fyrirtækisins í framhaldi af hækkun afnotagjalda um 7% þann 1. maí sl.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Sótt er um 6 m.kr. framlag til verkefnisins Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 1 m.kr. framlagi til verkefnisins en það átti að vera 7 m.kr.

999 Ýmislegt.

1.44 Snorrastofa. Farið er fram á 6 m.kr. stofnkostnaðarframlag vegna Snorrastofu í Reykholti. Í fjárlagafrumvarpi 2004 var gert ráð fyrir 6 m.kr. stofnkostnaðarframlagi sem síðan var fellt niður með breytingartillögu við 2. umræðu vegna þess að samningur um verkefnið var runninn út. Þeir sem að Snorrastofu standa höfðu hins vegar miðað áætlanir sínar við að þessi fjárheimild yrði til staðar, með tilvísun í frumvarpið.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 297,8 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.02 Varnarmálaskrifstofa. Gert er ráð fyrir 45 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis. Annars vegar er óskað eftir 32 m.kr. framlagi vegna hreinsunar á svökölluðu Nikkelsvæði sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli skilaði ríkissjóði árið 2001. Samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn sáu þeir um að fjarlægja pípur neðanjarðar en ríkissjóður tók að sér yfirborðshreinsun landsins. Hins vegar er farið fram á 13 m.kr. framlag vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við varnarmálaskrifstofu.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að sértekjur embættisins hækki um 17 m.kr. vegna útseldrar þjónustu við öryggisþjónustu og við vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi.

1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að sértekjur embættisins hækki um 60 m.kr. vegna útseldrar þjónustu við öryggisþjónustu og við vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur. Með lögum nr. 88/2004, um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, var lendingargjöldum í millilandaflugi breytt, vopnaleitargjald lagt niður en upp tekið öryggisgjald. Áætlað er að tekjur stofnunarinnar hækki við þessar breytingar um 187,8 m.kr. á árinu frá því sem áætlað var í fjárlögum.

300 Sendiráð Íslands.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 42 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna flutnings sendiráðs Íslands í Brussel í nýtt húsnæði. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna innréttinga og flutnings nemi 34 m.kr. og kostnaður vegna endurnýjunar húsgagna nemi 8 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir.

1.87 Íslensk friðargæsla. Annars vegar er farið fram á að fjárveiting hækki um 70 m.kr. vegna kostnaðar við íslensku friðargæsluna umfram forsendur fjárlaga árið 2003. Verkefni friðargæslunnar voru mjög umfangsmikil það ár og reyndust kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ákveðið að leita eftir 30 m.kr. framlagi í frumvarpinu vegna flutninga með flugi í þágu öryggissveita Atlantshafsbandalagsins til Afganistan.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 164,9 m.kr.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Farið er fram á 5 m.kr. framlag til sýnatöku vegna heilnæmisrannsókna á fóðri og landbúnaðarafurðum. Verkefnið er samevrópskt og fjallar aðallega um að rannsaka magn díoxíðs, díoxínlíkra PCB-efna og bendi PCB-efna í fóðri og landbúnaðarvörum. Sjávarútvegsráðuneytið hefur einnig staðið fyrir svipuðum rannsóknum á sjávarfangi.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Farið er fram á að framlög í lífeyrissjóð bænda hækki um 5,3 m.kr eða sem nemur 4% af beinum greiðslum til bænda.

1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar. Farið er fram á 130,3 m.kr. viðbótarframlag í samræmi við samninga um greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að niður falli tímabundið 129 m.kr. framlag til álagsgreiðslna

vegna uppkaupa á greiðslumarki. Samkvæmt breytingum á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem tóku gildi í lok ársins 2002, er gert ráð fyrir að umræddri fjárhæð skuli varið til álags á gæðastýrða framleiðslu en tilgangur lagabreytinganna var að fresta gildistöku ákvæðis um gæðastýrðan framleiðsluferil til 1. janúar 2004. Áðurnefndar álagsgreiðslur vegna uppkaupa á greiðslumarki byggjast á að beingreiðslum sem svara til þess að fyrstu 25.000 ærgildunum, sem ríkið kaupir upp, skuli varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt fyrstu þrjú árin. Eftir það skal álagið notað til að styðja við gæðastýrða framleiðslu sauðfjár.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Gert er ráð fyrir að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 9,3 m.kr. vegna uppgjörs á aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Samningurinn er uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs að frádreginni árlegri 2,5% hagræðingarkröfu. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluvöruverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt. Óskað er eftir 16,2 m.kr. hækkun á fjárheimild í samræmi við ákvæði í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Undir þessum lið eru tvö verkefni. Í fyrsta lagi voru áætlaðar 25 m.kr. til niðurgreiðslu á rafmagni. Ákvæðið hljóðar upp á 1,08 kr./kWst. niðurgreiðslu raforku til grænmetisframleiðslu. Samkvæmt uppgjöri fyrir árin 2002–2004 varð þessi niðurgreiðsla 23,4 m.kr. fyrir árið 2002, 34 m.kr. fyrir árið 2003 og áætlað er upphæðin haldist óbreytt fyrir 2004. Samtals er þetta 92,4 m.kr. og því vantar 16,4 m.kr. á núverandi fjárheimildir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 0,2 m.kr. lækkun vegna ákvæðis um 2,5% hagræðingarkröfu.

1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum. Farið er fram á 1,4 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna uppgjörs á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% hagræðingarkröfu árlega en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluvöruverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt. Farið er fram á 1,2 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna uppgjörs á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% hagræðingu árlega en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluvöruverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.91 Loðdýrafóður. Óskað er eftir 20 m.kr. framlagi til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Tillagan er í samræmi við álit nefndar frá maí 2004 um bráðan rekstrarvanda loðdýraræktarinnar. Einnig hefur verið gert ráð fyrir svipaðri fjárhæð í fjárlagafrumvarpi 2005.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði lækkuð um 458,5 m.kr.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til fjárheimild að fjárhæð 8,5 m.kr. í frumvarpinu til að greiða fyrir hluta taps á vísindaveiðum á hrefnu árið 2003. Heildartap samkvæmt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar var um 12 m.kr.

1.30 Rannsóknaskip. Farið er fram á 35 m.kr. viðbótarfjárheimild til að bæta mælingar á loðnustofninum. Vegna erfiðleika við að mæla loðnustofninn á síðasta vetri var talin þörf á að fjölga leiðöngrum r/s Árna Friðrikssonar þannig að skipið var 36 dögum lengur við loðnurannsóknir á tímabilinu janúar til júní sl. en ráðgert hafði verið í rannsóknaáætlun stofnunarinnar. Niðurstöður loðnumælinga Hafrannsóknastofnunarinnar eru lagðar til grundvallar við ákvörðun á leyfilegum heildarafla og því var talið nauðsynlegt að efna til þessara viðbótarleiðangra.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1.01 Almenn starfsemi. Óskað er eftir 10 m.kr. fjárveitingu til að endurgreiða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins styrk sem það veitti á árinu 1998 til Rannsóknastofnunar fiskiðnarsins til að þróa og smíða fiskvinnslubúnað. Í framhaldi af athugasemdum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins athugaði Ríkisendurskoðun framkvæmd samnings sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði við íslenskt fyrirtæki vegna verkefnisins. Að mati Ríkisendurskoðunar var framkvæmdin ekki í samræmi við ákvæði samningsins og ríkislögmaður mat að forsendur fyrir endurkröfu styrksins á hendur samstarfsaðila væru ekki fyrir hendi.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Samkvæmt breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, sem samþykkt var á vorþingi 2004, breyttist fjármögnun stofnunarinnar þannig að veiðieftirlitsgjald féll niður frá og með 1. september 2004 eða frá sama tíma og veiðigjald var tekið upp. Falla því niður 270 m.kr. ríkistekjur af veiðieftirlitsgjaldinu sem runnu áður til Fiskistofu. Í staðinn er lagt til að greiðsla til stofnunarinnar úr ríkissjóði hækki um sömu fjárhæð.

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins.

6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Samkvæmt breytingum á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt voru á vorþingi 2004 falla niður tekjur og framlög til sjóðsins frá og með 1. september 2004. Á tímabilinu frá 1. september til lok ársins 2004 hafði verið gert ráð fyrir innheimtu á 512 m.kr. ríkistekjum sem rynnu til sjóðsins. Falla því niður tekjur og framlög úr A-hluta sem því nemur.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 166 m.kr.

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir 35 m.kr. viðbótarfjárheimild í frumvarpi til fjáraukalaga til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda héraðsdómstóla. Dómstólarnir hafa átt við rekstrarvanda að stríða um nokkurt skeið sem má að mestu rekja til fjölgunar mála. Gerð var úttekt á rekstrarstöðu dómstóla í upphafi þessa árs og var talið að rekstrarfjárveitingin væri 17 m.kr. of lág á ársgrundvelli ef gert væri ráð fyrir óbreyttum rekstri. Gert er ráð fyrir hækkun á rekstrarfjárveitingu til dómstólanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag vegna siglingaverndar en í lögum, sem samþykkt voru á sl. vorþingi, er gert ráð fyrir að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd sem eiga að stuðla að vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógnum eða hryðjuverkum. Í kostnaðarumsögn um frumvarpið er gert ráð fyrir að kostnaður embættis ríkislögreglustjóra við innleiðingu siglingaverndar verði um 30 m.kr. og þar af eru u.þ.b. 23 m.kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna en 7 m.kr. eru vegna þjálfunar og kynningar lögregluembætta og vinnu við vottun verndarfulltrúa hafnanna.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.

1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að veitt verði 35 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir launum tíu lögreglumanna en þeim verður fjölgað í áföngum frá 1. maí. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að efla sérsveit lögreglunnar á næstu árum. Á árinu 2004 voru 16 sérsveitarmenn fluttir frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra og var jafnframt ákveðið að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík um tíu í almennri deild til að mæta þeim tilflutningi.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Lögð er til 51 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna viðbótarsamnings ríkisins við Tetra Ísland ehf. í kjölfar fjárhagslegra endurskipulagningar fyrirtækisins. Tetra Ísland ehf. rekur fjarskiptakerfi fyrir lögreglu, slökkvilið og ýmsa aðra öryggis- og björgunaraðila, einkum á suðvesturhorni landsins. Á þessu stigi liggur ekki fyrir skipting kostnaðaraukans á einstakar stofnanir og er gert ráð fyrir að fjárheimildin verði millifærð til þeirra þegar það hefur verið kannað nánar. Viðbótarkostnaður vegna samningsins er áætlaður um 76 m.kr. á ársgrundvelli og hefur verið gert ráð fyrir fjárheimild vegna þess í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Farið er fram á 9 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna laga um siglingavernd sem sett voru á sl. vorþingi en þar er gert ráð fyrir að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd sem eiga að stuðla að vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógnum eða hryðjuverkum. Í kostnaðarumsögn um frumvarpið er gert ráð fyrir að kostnaður Landhelgisgæslu Íslands verði um 9 m.kr. Þar af eru 4 m.kr. vegna kaupa á vopnum og skotheldum vestum fyrir átta manns í áhöfn hvers varðskips. Auk þessa gerir gæslan ráð fyrir 1,3 m.kr. árlegum kostnaði við æfingar og námskeiðshald vegna siglingaverndar og er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 6 m.kr. viðbótarframlag vegna stöðu aðfararmála hjá sýslumanninum í Reykjavík. Fjárnámsbeiðnum hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík hefur fjölgað verulega á síðustu árum eða úr tæplega 17 þúsund beiðnum árið 2000 í tæplega 29 þúsund beiðnir árið 2003. Hefur þetta skapað vandkvæði í aðfarardeild embættisins þrátt fyrir auknar fjárveitingar til embættisins í heild á undanförnum árum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 2.060,8 m.kr.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 10 m.kr. til breytinga á húsnæði ráðuneytisins í samræmi við úttekt á öryggismálum þess. Meðal annars þarf að gera breytingar á afgreiðslurými ráðuneytisins til að mæta auknum kröfum um öryggi.

302 Ríkissáttasemjari.

1.01 Ríkissáttasemjari. Farið er fram á 11,3 m.kr. viðbótarfjárheimild til embættisins vegna kostnaðar við kjarasamninga á þessu ári.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til að taka þátt í kostnaði Reykjavíkurborgar við lengda viðveru eldri barna við Öskjuhlíðarskóla. Gert er ráð fyrir að Svæðisskrifstofa Reykjavíkur standi að samkomulaginu við Reykjavíkurborg fyrir hönd félagsmálaráðuneytis.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 249 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni. Spáin miðast við að skatttekjur verði 254.697 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 483.344 m.kr. árið 2003.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að fjárheimild verði hækkuð um 4 m.kr. til að ráða starfsmann hjá Vinnumálastofnun til að annast útgáfu atvinnuleyfa vegna starfsemi á virkjanasvæðum við Kárahnjúka og vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn verði í nánu samstarfi við svæðisvinnumiðlun Austurlands. Á framlagið að standa undir hluta af launagreiðslum og öðrum kostnaði svo sem ferðum.

981 Vinnumál.

1.90 Ýmislegt. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir 1,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna þátttöku fulltrúa Íslands í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og í samninganefndum samtaka aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu. Ríkisstjórnin samþykkti sameiginlega tillögu félagsmálaráðherra og utanríkisráðherra um þetta efni á fundi sínum 25. maí 2004.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Farið er fram á 300 m.kr. viðbótarfjárheimild til Ábyrgðasjóðs launa þar sem greiðslur úr sjóðnum eru umtalsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Fyrstu sjö mánuði ársins voru útgjöld sjóðsins 501 m.kr. og er gert ráð fyrir því að heildarútgreiðslur á árinu nemi á milli 800–850 m.kr. en fjárheimild sjóðsins er 527 m.kr. í fjárlögum.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins hækki alls um 948 m.kr. Stafar það annars vegar af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 í tengslum við kjarasamninga um að atvinnuleysisbætur hækki um 11,3% frá 1. mars sl. Hins vegar er um að ræða að nú er spáð 3,0% atvinnuleysi á árinu en forsendur fjárlaga byggðust á spá um 2,5% atvinnuleysi. Að auki er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins lækki um 422 m.kr. og verði 380 m.kr. vegna lægri vaxta og minnkandi inneignar sjóðsins hjá ríkissjóði.

1.31 Kjararannsóknarnefnd. Farið er fram á 7 m.kr. hækkun á fjárheimild nefndarinnar en hún vinnur að launakönnun í samvinnu við Hagstofuna sem nær til allra höfuðatvinnu- og starfsgreina á vinnumarkaðnum. Í lok ársins 2003 náðist m.a. sá áfangi að launakönnunin náði til útgerðarfyrirtækja og á árinu 2004 mun könnunin einnig ná til fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða. Aukin breidd könnunarinnar hefur í för með sér mikinn ávinning en einnig stóraukna gagnavinnslu.

1.41 Framlög og styrkir. Farið er fram á 95 m.kr. viðbótarframlag í kjölfar samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2004 um að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði í þessu skyni verði alls 410 m.kr. á samningstímanum sem skiptast þannig að 95 m.kr. verði greiddar árið 2004, 100 m.kr. árið 2005, 105 m.kr. árið 2006 og 110 m.kr. árið 2007. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum er kveðið á um að hún muni beita sér fyrir að fyrirkomulag um fjármögnun starfsmenntasjóða, sem gilt hefur, verði framlengt til ársins 2007.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að greiða leigu á húsnæði sem Byrgið hefur til afnota að Efri-Brú í Grímsnesi. Upphæð þessi féll niður við afgreiðslu fjárlaga 2004 en þegar hefur verið skrifað undir leigusamninga.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.058 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Óskað er eftir 18,2 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði við framkvæmd á aldurstengdri örorkuuppbót frá 1. janúar 2004. Í

kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpi um breytingar á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að tímabundinn kostnaðarauki stofnunarinnar vegna innleiðingar á þessum nýja bótaflokki lífeyristrygginga verði 10 m.kr. Í annan stað er farið fram á 8,2 m.kr. til að mæta kostnaði við að taka upp og kynna evrópskt sjúkratryggingaskírteini sem ákveðið hefur verið að taka upp hér á landi frá 1. janúar 2005. Skírteinið kemur í stað eldra vottorðs fyrir ferðamenn innan EES (E-111) sem er fjögurra blaðsíðna pappírsvottorð. Kortið veitir rétt til heilbrigðisþjónustu ef þörf fyrir sjúkrahjálp kemur upp meðan á dvöl íslenskara ríkisborgara stendur innan EFTA-/EES-ríkja.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Farið er fram á 250 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta auknum útgjöldum vegna endurhæfingarlífeyris. Árið 2003 voru útgjöld vegna endurhæfingarlífeyris 522 m.kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að hann nemi 582 m.kr. en þróun innan ársins bendir til að útgjöldin verði um 832 m.kr. Fjölgun bótaþega er verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Á árinu 2003 nam fjölgun innan ársins 212 einstaklingum sem er um 50%. Gert var ráð fyrir að á árinu 2004 dragi úr þessari aukningu.

1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa. Farið er fram á 96 m.kr. viðbótarfjárveitingu til bifreiðakaupastyrkja. Áætluð útgjöld í ár eru 300 m.kr. en voru 368 m.kr. á árinu 2003. Í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 752/2003, sem tók gildi 1. júní 2004, var sá tími, sem hreyfihamlaðir geta aftur sótt um styrk, lengdur úr fjórum árum í fimm. Þá var horfið til fyrra horfs við úthlutun á 500 þús. kr. styrkjum. Þar sem reglugerðin tók gildi síðar á árinu en áformað var er áætlað að útgjöld verði 96 m.kr. umfram fjárlög 2004.

204 Lífeyristryggingar.

1.11 Ellilífeyrir. Lögð er til 70 m.kr. lækkun á fjárheimild ellilífeyris til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins og má ætla að útgjöldin vegna ellilífeyris verði 6.630 m.kr. á árinu.

1.15 Örorkulífeyrir. Lögð er til 240 m.kr. hækkun á fjárveitingu örorkulífeyris til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld bótaflokksins í ár en gert er ráð fyrir að útgjöld ársins vegna örorkulífeyris verði um 4.195 m.kr.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 211 m.kr. lækkun á fjárveitingu til tekjutryggingar ellilífeyrisþega til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins en gert er ráð fyrir að útgjöld verði 9.170 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 473,7 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi sem varið er til þessara verkefna hækki um sömu fjárhæð frá forsendum fjárlaga 2004.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 201 m.kr. hækkun á framlagi til tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Gert er ráð fyrir að útgjöld ársins verði um 5.070 m.kr.

1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega. Lögð er til 40 m.kr. lækkun á fjárheimild vegna tekjutryggingarauka til ellilífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Áætlað er að útgjöld ársins verði um 913 m.kr.

1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega. Lögð er til 73 m.kr. hækkun á framlagi til tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Gert er ráð fyrir að útgjöld ársins verði um 820 m.kr.

1.35 Barnalífeyrir. Lögð er til 104 m.kr. hækkun á framlagi til barnalífeyris til samræmis við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Áætlað er að útgjöld ársins verði 1.860 m.kr.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Farið er fram á 70 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna lækniskostnaðar en áform um sparnað á þessu ári náðu ekki fram að ganga og ekki varð af afslætti sérgreinalækna vegna eininga umfram samninga. Einnig er farið fram á millifærslu á 7,3 m.kr. fjárheimild frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til fjárlaganliðarins vegna flutnings á einingum þriggja meltingarsérfræðinga frá spítalanum á samning Tryggingastofnunar við sérgreinalækna.

1.15 Lyf. Lögð er til 285 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta lyfjaútgjöldum sjúkratrygginga. Gert er ráð fyrir að lyfjakostnaður verði um 6.445 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun Tryggingastofnunar um útgjöld á árinu. Er gert ráð fyrir að ráðstafanir til lækkunar útgjalda síðari hluta ársins skili um 100 m.kr. til lækkunar í lyfjaútgjöldum almannatrygginga.

1.21 Hjálpartæki. Gert er ráð fyrir að fjárheimild viðfangsefnisins hækki alls um 143 m.kr. Í fyrsta lagi stefnir í að útgjöldin aukist um 14% frá fyrra ári og svarar það til 63 m.kr. hækkunar. Í öðru lagi er farið fram á 80 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum vegna bifreiðakaupastyrkja. Þau útgjöld voru 163 m.kr. á síðasta ári. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að reglugerð yrði gefin út í upphafi árs sem þrengdi skilyrði fyrir styrknum en hún tók fyrst gildi 1. júní sl. og tekur þá aðeins yfir síðustu úthlutun ársins.

1.31 Þjálfun. Farið er fram á 100 m.kr. hækkun á framlagi til þjálfunar í samræmi við endurskoðaða spá. Áætlað að útgjöld ársins verði 1.300 m.kr. en tilvísanir á sjúkraþjálfun eru langt umfram upphaflega áætlun.

1.55 Sjúkradagpeningar. Lögð er til 50 m.kr. lækkun á fjárveitingu til sjúkradagpeninga. Gert er ráð fyrir að útgjöld ársins fari ekki umfram 210 m.kr. en í fjárlögum er áætlað fyrir 260 m.kr. Útgjöld á þessum lið hafa dregist saman síðustu ár.

209 Sjúklingatryggingar.

1.11 Sjúklingatryggingar. Lögð er til 20 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta útgjöldum vegna sjúklingatryggingar. Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, tóku gildi árið 2001 og hefur tryggingin farið hægt og bítandi af stað. Í ár er hins vegar gert ráð fyrir að liðurinn fari 20 m.kr. umfram fjárlög ársins.

340 Málefni fatlaðra.

1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða. Lagt er til að millifærðar verði 22,4 m.kr. á liðinn vegna samnings um sjúkraþjálfun fatlaðra í Kópavogi. Samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Endurhæfingu ehf. í Kópavogi tók endurhæfingarstöðin að sér endurhæfingu fatlaðra einstaklinga á göngudeild sem áður fengu þjónustu hjá sjúkra- og iðjuþjálfun Landspítalans í Kópavogi. Annars vegar er 20 m.kr. fjárheimild flutt af lið *08-379 Sjúkrahús*, óskipt, sem ætluð var til reksturs Rjóðursins árið 2003 og hins vegar 2,4 m.kr. af fjárlagalið Rjóðursins en afgangur varð á þessum heimildum þar sem hvíldarheimilið tók ekki til starfa fyrr en í apríl á þessu ári.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús. Farið er fram á 675 m.kr. fjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss en á þessu ári hefur náðst nokkur árangur í kostnaðaraðhaldi innan sjúkrahússins. Einnig er gert ráð fyrir að 7,3 m.kr. fjárheimild verði millifærð af Landspítala – háskólasjúkrahúsi til viðfangsefnis lækniskostnaðar sjúkratrygginga vegna flutnings á einingum þriggja meltingarsérfræðinga frá spítalanum á samning Tryggingastofnunar við sérgreinalækna.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að millifærðar verði 20 m.kr. af liðnum á lið *08-340 Málefni fatlaðra* vegna samnings um sjúkraþjálfun fatlaðra í Kópavogi. Samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Endurhæfingu ehf. í Kópavogi tók endurhæfingarstöðin að sér endurhæfingu fatlaðra einstaklinga á göngudeild sem áður fengu þjónustu hjá sjúkra- og iðjuþjálfun Landspítalans í Kópavogi. Fjárhæðin var ætluð til reksturs Rjóðursins árið 2003 en það tók hins vegar ekki til starfa fyrr en á þessu ári.

384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn.

1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn. Lagt er til að millifærðar verði 2,4 m.kr. af liðnum á lið *08-340 Málefni fatlaðra* vegna samnings um sjúkraþjálfun fatlaðra í Kópavogi. Samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis við Endurhæfingu ehf. í Kópavogi tók endurhæfingarstöðin að sér endurhæfingu fatlaðra einstaklinga á göngu-

deild sem áður fengu þjónustu hjá sjúkra- og iðjuþjálfun Landspítalans í Kópavogi. Rjóðrið tók ekki til starfa fyrr en í lok apríl á þessu ári og nýtir því ekki að fullu fjárheimildir sínar.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga. Farið er fram á 2,4 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við hækkun nefndarlauna en launagreiðslur til nefndarmanna hækkuðu á árinu í samræmi við ákvörðun þóknananefndar.

1.14 Lyfjaverðsnefnd. Lagt er til að 2,4 m.kr. verði millifærðar af fjárheimildum lyfjaverðsnefndar til lyfjagreiðslunefndar sem tók við störfum hinnar fyrrnefndu þann 15. ágúst 2004.

1.16 Lyfjagreiðslunefnd. Lagt er til að samtals verði 6,3 m.kr. millifærðar af fjárheimildum annarra viðfangsefna þessa fjárlagaliðar til lyfjagreiðslunefndar vegna verkefna sem hún tók við frá og með 15. ágúst 2004. Um er að ræða 2,4 m.kr. af *1.14 Lyfjaverðsnefnd*, 3,1 m.kr. af *1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum* og 0,8 m.kr. af *1.45 Útgáfa lyfjaskráa.*

1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum. Lagt er til að 3,1 m.kr. verði millifærð af fjárheimildum lyfjaverðsnefndar til lyfjagreiðslunefndar sem tók við störfum hinnar fyrrnefndu þann 15. ágúst 2004.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á 2,2 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands. Við gerð samningsins var miðað við 200.000 sérfræðieiningar vegna sérskoðana á ári með vikmörkum frá 93% í 107%. Fjöldi sérfræðieininga 2002 var 225.104 og er því farið fram á fjárveitingu fyrir 11.104 einingum.

1.45 Útgáfa lyfjaskráa. Lagt er til að 0,8 m.kr. fjárheimild verði færð vegna útgáfu lyfjaskráa til lyfjagreiðslunefndar þar sem sú nefnd tekur við verkefninu frá 15. ágúst.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að fjárheimild viðfangsefnisins hækki um 23 m.kr. í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er farið fram á 15 m.kr. fjárveitingu vegna stuðnings Íslands við aðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á sviði alnæmi. Á 57. alþjóðaheilbrigðisþinginu, sem var haldið í Genf sl. vor, var alnæmisvandinn í heiminum meginefni þingsins. Framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur lagt til að þjóðir heimsins sameinist í að koma að lausn þessa vanda og er framlagið liður í því. Í annan stað er óskað eftir 8 m.kr. framlagi til að ljúka verkefni sérstaks átakshóps um sóttvarnir í Eystrasaltslöndunum. Í samræmi við niðurstöðu þriðja fundar þjóðarleiðtoga aðildarríkja Eystrasaltsráðsins, sem haldinn var árið 2000, var ákveðið að stofna til sérstaks átakshóps sem hefði það hlutverk að draga úr smitsjúkdómum á svæðinu. Var mælst eftir stuðningi aðildarríkja og lagði Ísland 30,7 m.kr. til átaksins en fjárveitingin miðaðist

við verklok í árslok 2003 eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Verkefnið var hins vegar framlengt fram á mitt ár 2004 og verður þá kostnaður Íslands samtals 38,7 m.kr.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Lögð er til 60 m.kr. leiðrétting á tekjum hjúkrunarheimila vegna aukinnar þátttöku vistmanna í rekstrarkostnaði þeirra. Hækkun teknanna færist á viðfangsefnið *1.83 Greiðslur frá vistmönnum* en hér er gert ráð fyrir að veitt verði jafnhá útgjaldaheimild til að ráðstafa tekjunum til rekstrar- og stofnkostnaðarverkefna hjá hjúkrunarheimilum. Farið er fram á að sértekjunum verði varið til eftirfarandi verkefna: til að mæta kostnaði við breytingar á dvalarrýmum í hjúkrunarrými; til að greiða kostnað við endurbætur á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum (kostnaður umfram framlög); til framlengds reksturs biðdeildar á LSH (Vífilsstaðir voru teknir seinna í notkun en áætlað var); til aðstoðar öldrunarheimildum með verulegan halla.

1.83 Greiðslur frá vistmönnum. Lögð er til 60 m.kr. leiðrétting á tekjum hjúkrunarheimila vegna aukinnar þátttöku vistmanna í rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila og færist á þetta viðfangsefni. Jafnframt er gert ráð fyrir samsvarandi hækkun útgjalda til rekstrar- og stofnkostnaðarverkefna hjá hjúkrunarheimilum á viðfangsefninu *1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.*

437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.

1.01 Hjúkrunarrými. Lögð er til 13,3 m.kr. fjárveiting til Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands vegna langtímaveikinda starfsfólks. Kostnaðurinn er vegna starfsfólks sem var fjarverandi samfellt lengur en tvo mánuði á árinu 2003 vegna veikinda. Það er mat heilbrigðisráðuneytisins að um ófyrirséðan kostnað hafi verið að ræða.

494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.

1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða. Farið er fram á 12 m.kr. viðbótarfjárheimild til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla. Á árinu 2003 var rekstrarhalli heimilisins 5,8 m.kr. og á þessu ári stefnir í sama halla. Launakostnaður er um 87% af rekstrarkostnaði heimilisins. Hér er um að ræða lítið heimili sem hefur takmarkað svigrúm til breytinga þar sem um fáa starfsmenn er að ræða.

571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri.

1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 9,2 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal.

1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 9,9 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi.

1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 21,6 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

576 Heilsugæslustöðin Laugarási.

1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 16,5 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

578 Heilsugæslustöðin Hveragerði.

1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 15,2 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn.

1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 8,5 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.

1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á 5 m.kr. fjárheimild til uppgjörs á uppsöfnuðum halla stofnunarinnar. Rekstur stofnunarinnar hefur verið í jafnvægi síðustu ár en uppsafnaður halli fyrri ára veldur stofnuninni greiðsluerfiðleikum.

751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.

1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á 5 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna brýnnar nauðsynjar á endurnýjun á hita- og neysluvatnslögnum í elsta hluta stofnunarinnar.

761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á alls 40 m.kr. fjárheimild vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára en þar af færast 20 m.kr. á þetta viðfangsefni. Heilbrigðisstofnunin hefur átt við talsverðan rekstrarvanda að glíma undanfarin ár í kjölfar sameiningar heilsugæslustöðva í Þingeyjarsýslum. Rekstur stofnunarinnar er að

komast í jafnvægi og í rekstraráætlun ársins er gert ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði innan fjárheimilda.

1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á alls 40 m.kr. fjárheimild vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára en þar af færast 20 m.kr. á þetta viðfangsefni.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.01 Heilsugæslusvið. Gert ráð fyrir að fjárveiting hækki um samtals 25 m.kr. Annars vegar er lögð til 15 m.kr. fjárveiting vegna aukinnar heilsugæsluþjónustu í kjölfar stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi. Vegna framkvæmda við álver, jarðgöng og mikilla umsvifa í tengslum við virkjanaframkvæmdir jókst álag á heilsugæsluna verulega þegar á fyrri hluta ársins 2004. Nú er aðeins einn læknir starfandi á þessu svæði. Nauðsynlegt er því að bæta við þjónustu læknis og hjúkrunarfræðings þegar á þessu ári. Hins vegar er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna aukinnar heilsugæsluþjónustu á Egilsstöðum. Í tengslum við virkjanaframkvæmdirnar hefur mikil aukning orðið á starfsemi heilsugæslunnar á Egilsstöðum. Samskiptafjöldi jókst um 11% á árinu 2003 og tímafrekum samskiptum fjölgaði verulega. Mikið er um samskipti við erlenda starfsmenn á virkjanasvæðinu sem taka að jafnaði lengri tíma vegna tungumálaerfiðleika og vegna þess að um flóknari og erfiðari tilfelli er að ræða en almennt gerist hjá skjólstæðingum stofnunarinnar. Brýn þörf er því fyrir að bæta við einum lækni og einum hjúkrunarfræðingi.

785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi.

1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á 5,9 m.kr. framlag til viðhalds Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi sem er jafnt söluandvirði íbúðar að Fossheiði 54, Selfossi. Einnig er gerð tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 40,4 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 138,1 m.kr. verði millifærð á nýjan fjárlagalið, *08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.* Nánari skýringar koma fram við þann lið.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

1.01 Heilsugæslusvið. Gerð er tillaga um að fjárheimildir sem samtals nema 121,3 m.kr. verði millifærðar á þetta viðfangsefni af *08-571-1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri, 08-572-1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal, 08-574-1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi, 08-576-1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási, 08-578-1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði, 08-579-1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn* og *08-785-1.01 Heilbrigðisstofnunin Selfossi, heilsugæslusvið.* Heilbrigðisstofnun Suðurlands er ný ríkisstofnun sem tók til starfa 1. september sl. samkvæmt reglugerð þar um.

Sameiningin tekur til framangreindra heilsugæslustöðva auk Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi. Markmiðið með sameiningunni er að samræma heilbrigðisþjónustu sem veitt er á svæðinu, efla hana og styrkja. Um 200 manns eru starfandi á þeim stofnununum sem nú verða sameinaðar í eina og velta þær um 1.230 m.kr. á ári. Tillögur um millifærslu fjárheimilda taka mið af því að stofnunin tók til starfa 1. september sl.
1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um að fjárheimild að fjárhæð 138,1 m.kr. verði millifærð á þetta viðfangsefni af *08-785-1.11 Heilbrigðisstofnunin Selfossi, sjúkrasvið* vegna sameiningar stofnana.

791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.
1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu vegna aukins rekstrarkostnaðar á 2. hæð D-álmu Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Hæðin var tekin að fullu í notkun á sl. vetri og er hún nú fullnýtt fyrir aldraða sjúklinga sem koma til skammtímalegu. Í fjárveitingu stofnunarinnar var gert ráð fyrir 50% nýtingu deildarinnar.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 937,8 m.kr.

103 Fjársýsla ríkisins.
Lagt er til að framlög til reksturs stofnunarinnar verði aukin um 181 m.kr. á móti samsvarandi lækkun á stofnkostnaði. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir viðfangsefna stofnunarinnar breytist með eftirfarandi hætti: Af 181 m.kr. hækkun rekstrarheimilda fari 76 m.kr. á viðfangsefnið *1.01 Almennur rekstur*, 22 m.kr. á viðfangsefnið *1.41 Launagreiðslukerfi*, 65 m.kr. á viðfangsefnið *1.43 Tekjubókhaldskerfi* og 18 m.kr. á viðfangsefnið *1.48 Innheimtuskilakerfi*. Af 181 m.kr. lækkun stofnkostnaðarheimilda fari 101 m.kr. á viðfangsefnið *6.41 Launagreiðslukerfi*, 92,3 m.kr. á viðfangsefnið *6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi*, 9,7 m.kr. á viðfangsefnið *6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins* en viðfangsefnið *6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi* hækki um 22 m.kr.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Óskað er eftir 14 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna stórra mála sem eru til meðferðar hjá embættinu. Leita þarf aðstoðar sérhæfðari mannafla og kaupa þjónustu sérfræðinga, svo sem löggiltra endurskoðenda og lögmanna auk þjónustu þýðenda til að ljúka rannsókn málanna. Mál þau sem nú eru til rannsóknar hafa reynst umfangsmeiri en gert var ráð fyrir.

262 Tollstjórinn í Reykjavík.

1.01 Tollstjórinn í Reykjavík. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til embættisins í samræmi við kostnaðarumsögn með frumvarpi til laga um farmvernd. Þann 1. júlí 2004 tók gildi ný alþjóðleg siglingaverndaráætlun sem byggist á alþjóðasamþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi mannslífa á hafinu auk alþjóðakóða um skipa- og hafnavernd. Gert er ráð fyrir að tollstjórar fari með veigamikið hlutverk í siglingavernd með því að annast farmvernd. Með farmvernd er átt við fyrirbyggjandi aðgerðir til verndunar farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum. Rekstrarkostnaður embættisins af þessum verkefnum er áætlaður 10 m.kr. á ársgrundvelli og hefur verið gert ráð fyrir honum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005. Í tillögunni er gert ráð fyrir 5 m.kr. stofnkostnaði á yfirstandandi ári vegna búnaðarkaupa o.fl.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Gert ráð fyrir að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta vegna húsnæðislána hækki um 600 m.kr. Samkvæmt tölum sem liggja fyrir um skattálagningu ársins 2004 hafa þessar greiðslur orðið talsvert hærri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga þar sem velta á fasteignamarkaði og húsnæðislán hafa aukist meira en reiknað var með.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

1.01 Rekstur húsnæðis. Gerð er tillaga um 9,8 m.kr. hækkun á fjárheimild rekstrarfélagsins. Frá því að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins flutti úr húsnæði að Lindargötu 9 um síðustu áramót hafa staðið yfir endurbætur á því og Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga orðið af leigutekjum sökum þess. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðuneytið flytji í húsnæðið í desember nk. Leigutapið í 11 mánuði nemur 9,8 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gert er ráð fyrir 300 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar til að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna breytinga á launakjörum ríkisstarfsmanna eftir afgreiðslu fjárlaga. Fjárheimildin nam 520 m.kr. í fjárlögum 2004. Þar af er gert ráð fyrir að 100 m.kr. verði ráðstafað til framhaldsskóla. Undir lok síðasta árs var gert samkomulag um framlengingu kjarasamnings framhaldsskólakennara til haustsins 2004 og 3% hækkun á launum 1. janúar sl. Í fjárlögum var hins vegar reiknað með 1,5% hækkun samkvæmt fyrri samningi. Þá eru fjárheimildir að fjárhæð 218 m.kr. fluttar af liðnum á fjárlagaliði heilsugæslustöðva til leiðréttingar á fyrra mati á úrskurðum kjaranefndar um breytingar á fyrirkomulagi greiðslna vegna vottorða og læknisverka. Sú ráðstöfun er í samræmi við tillögu um málið sem afgreidd var við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2004. Einnig er gert ráð fyrir tæplega 380 m.kr. fjárheimild til að hækka launafjárveitingar stofnana í kjölfar kjarasamninga við Starfs-

greinasambandið og félög iðnaðarmanna sl. vor og sumar. Í fjárlögum var almennt reiknað með 3% hækkun frá áramótum hjá þessum félögum en upphafshækkanir hafa reynst vera nokkru meiri, auk þess sem samið var um sérstakar kjarabætur til þeirra sem sinna umönnunarstörfum á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Þá er gert ráð fyrir að fjárvöntun vegna ýmissa annarra hækkana á launakostnaði geti numið alls um 100 m.kr. á árinu.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á 4 m.kr. fjárheimild á þessu viðfangsefni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta gera heildstæða athugun á uppbyggingu stofnanakerfis ríkisins og á fyrirkomulagi verkefna ríkisins út frá markmiðum um skilvirkni, hagkvæmni og betri þjónustu við borgarana. Yfirstjórn verkefnisins verður í höndum fjármálaráðherra og þriggja annarra ráðherra. Ráðherrarnir skipa hver fyrir sig einn fulltrúa í framkvæmdanefnd undir formennsku fulltrúa fjármálaráðherra. Fjárheimildin er einkum ætluð til að standa straum af kostnaði framkvæmdanefndarinnar við aðkeypta þjónustu.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 411,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.34 Flugskóli Íslands. Farið er fram á 11,1 m.kr. framlag til Flugskóla Íslands hf. Beiðnin er í samræmi við niðurstöður nefndar sem falið var að gera tillögur að endurskipulagningu á rekstri skólans með það að leiðarljósi að atvinnuflugmannsnámi verði áfram sinnt hér á landi. Í fjáraukalögum 2003 var veitt 12,3 m.kr. framlag til hækkunar á árlegum rekstrarstyrk til skólans en þá láðist að gera tillögu þá sem hér er gerð. Framlög til skólans eru hækkuð í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005.

212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

6.10 Framkvæmdir. Farið er fram á 375 m.kr. framlag til jarðgangagerðar undir Almannaskarð. Í fyrsta lagi eru 175 m.kr. vegna kostnaðarauka við vegaframkvæmdir að göngunum. Hins vegar eru 200 m.kr. vegna tilfærslu á milli ára þar sem verkefninu miðar hraðar en áður var áætlað.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Með lögum 47/2003 tók gildi breytt fyrirkomulag skipaskoðunar sem heimilar Siglingastofnun að fela viðurkenndum skoðunarstofum að annast skoðun flestra skipa, sbr. reglugerð 94/2004. Áætlað er að útgjöld stofnunarinnar lækki um 20 m.kr. á árinu. Kostnaðurinn var fjármagnaður með tekjum af skoðunargjöldum skipa.

471 Rekstur Flugmálastjórnar.

1.01 Flugmálastjórn. Farið er fram á 45,5 m.kr. hækkun á gjaldaheimildum Flugmálastjórnar til samræmis við samgönguáætlun. Með lögum nr. 95/2004, um breytingar á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, var flugvallagjald lagt niður en upp tekinn flugvallaskattur og varaflugvallagjald. Áætlað er að tekjur af hinum nýju gjöldum verði 30,4 m.kr. hærri á árinu 2004 en verið hefði að óbreyttu flugvallagjaldi. Beint framlag greitt úr ríkissjóði lækkar samsvarandi.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 6,5 m.kr.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Lagt er til að veitt verði 3,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til hreinsunar álverslóðar á Austfjörðum. Um er að ræða m.a. byggingar og girðingar og er reiknað með að sorphirðugjald vegna þessa nemi 1,8 m.kr. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3 m.kr. fjárveiting til rannsókna á fornminjum á lóð sem ætluð er undir álver Alcoa á Reyðarfirði. Í fjáraukalögum ársins 2003 var veitt 13,4 m.kr. fjárveiting en nú, þegar verkinu er lokið, er ljóst að kostnaðurinn nemur tæpum 16,5 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði lækkuð um 90,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál. Lagt er til að veitt verði 4,5 m.kr. framlag vegna skipunar nefndar um stefnumótun viðskiptalífs á Íslandi. Nefndin var sett á laggirnar þann 27. janúar 2004. Henni er ætlað að taka fyrir hvernig bregðast megi við aukinni samþjöppun og með hvaða hætti skuli þróa reglur þannig að viðskiptalífið sé skilvirkt og njóti trausts.

821 Flutningssjóður sements.

1.10 Flutningssjóður sements. Samkvæmt lögum nr. 63/2004 var flutningsjöfnunargjald af sementi lagt af frá 1. júní 2004 og fellur því niður 95 m.kr. fjárheimild til ráðstöfunar á gjaldinu til sjóðsins eftir þann tíma.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 14 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 14 m.kr. hækkun á fjárveitingu viðfangsefnisins í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna evrópskrar lífskjarakönnunar. Hér er um að ræða nýtt verkefni sem er samræmt fyrir öll ríki Evrópska efnahagssvæðisins og verðandi aðildarríki ESB. Hagstofan er skuldbundin til að sinna þessu verkefni vegna EES-samningsins. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, leggur nokkurt fé til verksins fyrstu 3 árin. Endanleg ákvörðun um kostnaðarþátttöku Eurostat fékkst ekki fyrr en undir lok sl. árs en í henni var m.a. skilyrt að verkefnið hæfist á árinu 2004. Kostnaður við könnunina er áætlaður um 14 millj. kr. á árinu 2004 en þar af mun Eurostat greiða um 4 millj. kr. Jafnframt er sótt um fjárveitingu til verkefnisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005. Í öðru lagi er leitað eftir heimild fyrir 4 m.kr. framlagi til áframhaldandi vinnu við uppbyggingu gagnasafns á vefnum en vefurinn, sem enn er í þróun, hefur stóraukið aðgengi notenda að gögnum Hagstofunnar. Verkefnið er nátengt haggagnabanka Hagstofunnar sem lýtur að vistun gagna en veflausnin snýr að aðgengi að gögnunum. Í fjárlögum 2004 féll niður framlag Íslenska upplýsingasamfélagsins til Hagstofunnar en Hagstofan hafði talið sér óhætt að reikna með áframhaldandi framlagi á sama hátt og önnur ráðuneyti.

1.50 Þjóðskráin. Farið er fram á að bein greiðsla úr ríkissjóði hækki um 14 m.kr. til að mæta lækkun tekna af sölu upplýsinga úr þjóðskrá. Hagstofan hefur takmarkað aðgengi að þjóðskrá til að koma til móts við sjónarmið um persónuvernd. Þá hefur verðlagningu fyrir aðgengið verið breytt mikið og þannig brugðist við sjónarmiðum um verðlagningu opinberra upplýsinga og jafnan aðgang að þjóðskrá. Með þessum breytingum er fleirum veitt tækifæri á að nýta sér grunnupplýsingar þjóðskrár á sanngjörnu verði en jafnframt takmarkaður aðgangur að ítarlegum upplýsingum um einstaklinga. Þessar breytingar leiða til þess að ríkistekjur þjóðskrár verða mun minni í ár en áður var áætlað. Er hér um að ræða breytingu á fjármögnun en útgjöld verða óbreytt. Reiknað er með að til skamms tíma dragi úr tekjum Hagstofunnar en að fjölgun viðskiptavina leiði til þess að á árinu 2006 hafi náðst að vinna upp þann tekjumissi.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna rekstrarvanda úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Umboðsmaður Alþingis hefur gagnrýnt hve langan tíma það hefur tekið að fá úrskurð frá nefndinni og mælst til þess að á því verði unnin bót. Lögfræðingur hefur verið ráðinn tímabundið til starfa hjá nefndinni og áætlað er að afgreiðslutíminn verði kominn í viðunandi horf um næstu áramót. Nefndin fékk 6 m.kr. fjárveitingu á fjáraukalögum 2003 til að hraða afgreiðslu mála sem safnast höfðu upp. Ljóst er að verkið mun taka lengri tíma en upphaflega var áætlað.

211 Umhverfisstofnun.

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Lögð er til 6 m.kr. fjárveiting svo að taka megi fyrsta skrefið í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs með því að stækka núverandi þjóðgarð í Skaftafelli þannig að hann nái einnig yfir suðurhluta Vatnajökuls og friðlýsta svæðið í Lakagígum. Jafnframt er sótt um fjárveitingu vegna stækkunar þjóðgarðsins í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 en áætlað er að kostnaður vegna stækkunarinnar verði 19 m.kr. árið 2005 en 15 m.kr. á ári eftir það.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Í frumvarpinu er áætlað að vaxtatekjur Ofanflóðasjóðs af inneign á mörkuðum tekjum af forvarnargjaldi hjá ríkissjóði verði 85 m.kr. og gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilt að nýta þær tekjur, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, til framkvæmda.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.02 Setur í Reykjavík. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu til að vega upp á móti fyrirsjáanlegri lækkun sértekna frá áætlun fjárlaga. Munar þar mest um vinnu sem fyrirhuguð var fyrir Landsvirkjun og Orkusjóð en nú hefur verið frestað. Að auki er gerð tillaga um 3 m.kr. framlag til rjúpnarannsókna. Á vegum Náttúrufræðistofnunar er unnið að vöktun rjúpnastofnsins í samræmi við rannsóknaráætlun sem staðfest hefur verið af umhverfisráðuneytinu og tekur til áranna 2003 til 2007. Á árinu 2003 greiddi Veiðikortasjóður 12 m.kr. fyrir rannsóknirnar en með því var fé sjóðsins uppurið það árið. Gert er ráð fyrir að í ár greiði Veiðikortasjóður 3,5 m.kr. til rannsóknanna.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Óskað er eftir 11 m.kr. framlagi til áframhaldandi vöktunar á Mýrdalsjökulssvæðinu og Húsavíkursvæðinu. Í lok árs 2002 féll niður fjármögnun þessara verkefna, þ.e. 5,6 m.kr. framlag úr ríkissjóði vegna vöktunar á Mýrdalsjökli og um 4 m.kr. framlag úr rannsóknarsjóðum ESB vegna Húsavíkurvöktunar en aukafjárveiting fékkst á fjáraukalögum 2003. Hér er farið fram á fjárveitingu vegna áfallins kostnaðar vegna þessara vöktunarverkefna á árinu 2004. Samhliða þessari tillögu er sótt um 11 m.kr. varanlega fjárveitingu til vöktunar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005.

77. Fyrirspurn [77. mál]

til félagsmálaráðherra um langtímaatvinnulausa.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast langtímaatvinnulausir eftir kyni, aldri, búsetu og menntun og er vitað hve margir öryrkjar falla í þennan flokk?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að hlutfall langtímaatvinnulausra hefur hækkað úr 19% af öllum atvinnulausum árið 2002 í 34% í ágúst sl.?

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er meginskýring þess að 75% allra atvinnulausra eru á höfuðborgarsvæðinu og að atvinnuleysi kvenna er nær tvöfalt meira en karla og hvernig ætlar ráðherra að bregðast við því?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að snúa við þeirri ófugþróun að 4–6 þúsund manns séu að jafnaði á atvinnuleysisskrá?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til félagsmálaráðherra um samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að viðmið lánveitinga verði hækkað úr 85% af brunabótamati í 100%, sbr. 30. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004, til að auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs miðað við aðrar lánastofnanir?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæð íbúðabréfa og liggur fyrir mat Seðlabanka á áhrifum breytinganna á lána- og fasteignamarkaðinn?
3. Er ráðherra reiðubúinn að auka með reglugerðarbreytingu sveigjanleika varðandi veðröð annarra lána á undan ÍLS-veðbréfum, ef heildarveðsetning ÍLS-veðbréfa og óhagstæðra lána einstaklinga á 1. og 2. veðrétti fer ekki yfir tilskilin veðmörk um matsverð eigna, sbr. 30. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004?

80. Fyrirspurn [80. mál]

til félagsmálaráðherra um langtímaatvinnuleysi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Eru til vísbendingar um að langtímaatvinnuleysi sé að aukast og festast í sessi hér á landi og hvernig skilgreina og kortleggja stjórnvöld slíkt?
2. Hvert er hlutfall þeirra sem teljast langtímaatvinnulausir af heildarfjölda atvinnulausra:
   a. þeirra sem hafa verið án vinnu sl. sex mánuði,
   b. þeirra sem hafa verið án vinnu eitt ár eða lengur?
3. Eru í gangi eða fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir af hálfu ráðuneytisins til að taka á málefnum langtímaatvinnulausra?

81. Fyrirspurn [81. mál]

til forsætisráðherra um aukin opinber verkefni og þjónustu á landsbyggðinni.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður gerð áætlunar um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins?

82. Fyrirspurn [82. mál]

til félagsmálaráðherra um framlög aðalsjóðs sveitarfélaga til fræðslumála.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hversu hátt hlutfall af tekjum aðalsjóðs sveitarfélaga fór til fræðslumála árin 2002 og 2003? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Skriflegt svar óskast.

83. Fyrirspurn [83. mál]

til viðskiptaráðherra um Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver er árleg fjárhæð þeirra sekta sem samkeppnisráð hefur ákvarðað frá upphafi árið 1993, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á núgildandi verðlagi?
2. Hvert runnu þessar sektargreiðslur?
3. Hvert hefur verið árlegt framlag ríkissjóðs til Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs á sama tíma á verðlagi hvers árs og á núgildandi verðlagi?
4. Hver hefur starfsmannafjöldi Samkeppnisstofnunar verið þessi ár?

Skriflegt svar óskast.

84. Fyrirspurn [84. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna milli landshluta.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður aðgerðum til þess að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sem boðaðar eru í núgildandi byggðaáætlun?

85. Frumvarp til laga [85. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.576“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 5.738.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2005 vegna tekna ársins 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,9% eða 162 kr. og nemi 5.738 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.576 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga, en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,9% frá meðalverði ársins 2004 til meðalverðs ársins 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 5.738 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.576 kr. í gildandi lögum. Hækkun á hvern gjaldanda nemur 162 kr., eða 2,9%. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði 164.500 og því hækka tekjur sjóðsins um 24 m.kr. og verða 928 m.kr. á greiðslugrunni verði frumvarpið að lögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir þeirri hækkun.

86. Fyrirspurn [86. mál]

til fjármálaráðherra um kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig er kynjaskiptingin í stjórnum tíu stærstu lífeyrissjóðanna og í stjórnunarstöðum hjá þeim sundurliðað eftir sjóðum?
2. Telur ráðherra ástæðu til að lögfesta tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnum lífeyrissjóðanna og stjórnunarstöðum hjá þeim?

Skriflegt svar óskast.

87. Fyrirspurn [87. mál]

til viðskiptaráðherra um uppgreiðslugjald.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að innheimta uppgreiðslugjalds hjá fjármálafyrirtækjum samrýmist lögum um neytendalán?
2. Hver er skoðun ráðherra á uppgreiðslugjaldi og er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir lagabreytingum svo að tekin verði af öll tvímæli um að óheimilt sé að innheimta uppgreiðslugjald ef núgildandi lög eru óljós í því efni?
3. Þekkist það í nágrannalöndum okkar að fjármálafyrirtæki hafi heimild til innheimtu uppgreiðslugjalds þegar fólk vill greiða upp skuldir sínar?

88. Fyrirspurn [88. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðismál geðfatlaðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um að kanna húsnæðismál geðfatlaðra og koma með tillögur til úrbóta?

89. Fyrirspurn [89. mál]

til fjármálaráðherra um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvernig er kynjaskiptingin í stjórnum 50 stærstu hlutafélaganna á atvinnu- og fjármálamarkaði?

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til viðskiptaráðherra um lágmarkshlutfall kynja í stjórnum hlutafélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir lagabreytingum um tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga?

91. Fyrirspurn [91. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefni.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mikið var gert upptækt af fíkniefnum eftir tegundum árin 2002, 2003 og það sem af er árinu 2004 og hvert er götuverðmæti þeirra?
2. Hve mikið var gert upptækt af fjármagni og öðrum verðmætum í tengslum við upptöku fíkniefna á þessum árum og hvert renna þau verðmæti?
3. Hversu mikið af þeim fíkniefnum sem eru í umferð hér á landi er talið nást og hvernig er samanburðurinn við önnur lönd?
4. Hve margar líkamsárásir og önnur ofbeldisverk má rekja beint til fíkniefnaneyslu?
5. Hve margir hafa hlotið dóma fyrir innflutning eða dreifingu fíkniefna árlega sl. þrjú ár og hversu þunga?
6. Hve mikið fé hefur fíkniefnadeild lögreglunnar fengið árlega sl. þrjú ár?
7. Lágu fyrir óskir frá lögregluyfirvöldum vegna fjárlagagerðar fyrir árin 2002, 2003 og 2004 um að auka fjármagn til að takast á við fíkniefnavandann? Ef svo er, hverjar voru óskirnar og hvernig var orðið við þeim?

Skriflegt svar óskast.

92. Fyrirspurn [92. mál]

til dómsmálaráðherra um efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ástæða til að ætla að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sé undirmönnuð og anni ekki þeim málum sem henni berast til rannsóknar?
2. Eru dæmi þess að dráttur á rannsókn mála hafi leitt til þess að refsingar séu mildaðar?
3. Hvernig hefur fjöldi mála sem borist hafa efnahagsbrotadeildinni þróast sl. þrjú ár og hvernig skiptist málafjöldinn milli brotaflokka?
4. Hvaða fjárveitingar hafa runnið til efnahagsbrotadeildarinnar sundurliðað sl. þrjú ár og hve margir hafa starfsmenn verið á þessum sama tíma?
5. Hve langur tími hefur að meðaltali farið í rannsókn mála hjá efnahagsbrotadeildinni skipt eftir málaflokkum og árum sl. þrjú ár?

Skriflegt svar óskast.

93. Fyrirspurn [93. mál]

til félagsmálaráðherra um breytingar á húsnæðismarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir hafa greitt upp lán hjá Íbúðalánasjóði síðan 23. ágúst þegar KB-banki kynnti ný húsnæðislán? Um hvaða fjárhæðir er að ræða og hvernig skiptist uppgreiðslan milli lánaflokka?
2. Hvaða breytingar hafa orðið á hlutdeild Íbúðalánasjóðs í nýjum lánveitingum með aukinni samkeppni við bankana og hvernig má ætla að þróunin verði á þessu og næsta ári?
3. Að hve miklu leyti ná tilboð banka og sparisjóða um lægstu vaxtakjör húsnæðislána og ótakmarkaðar lánsfjárhæðir (miðað við tilskilin veðmörk) til landsbyggðarinnar að mati Íbúðalánasjóðs og hvaða áhrif hefði það á húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni ef lánveitingar Íbúðalánasjóðs legðust af?

Skriflegt svar óskast.

94. Fyrirspurn [94. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir gegn félagslegum undirboðum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur umfang svonefndra félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. að launakjör, vinnuaðstæður og aðbúnaður starfsmanna af erlendum eða innlendum uppruna sé ekki í samræmi við hérlenda kjarasamninga, lög og reglur um aðbúnað, öryggi o.s.frv., verið kannað sérstaklega?
2. Hafa umsvif starfsmannaleigna verið skoðuð sérstaklega með tilliti til hættu á félagslegum undirboðum?
3. Hyggst félagsmálaráðuneytið aðhafast eitthvað til að draga úr hættu á félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði?
4. Hvernig er háttað samskiptum ráðuneytisins við aðila vinnumarkaðarins hvað snertir varnir gegn félagslegum undirboðum?

95. Fyrirspurn [95. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur verið háttað undirbúningi að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum í framhaldi af ályktun Alþingis þar um hinn 16. mars sl.?

2. Er hafin athugun á þeim þáttum sem tillagan gerir ráð fyrir að verði kannaðir sérstaklega og ef svo er, hvernig er þá að slíku staðið?
3. Er þess að vænta að tímaáætlun um framlagningu málsins haustið 2005 standist?

96. Fyrirspurn [96. mál]

til menntamálaráðherra um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður áformum um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík?
2. Hverjar væru meginforsendur fyrir slíkri sameiningu ef af yrði?
3. Hvaða áhrif hefði möguleg sameining skólanna á tækifæri iðnaðarmanna til framhaldsnáms og hver yrðu afdrif raungreinadeildarprófs Tækniháskólans?
4. Hafa kostir þess að sameina Tækniháskóla Íslands og verkfræðideild Háskóla Íslands verið skoðaðir til samanburðar?

97. Fyrirspurn [97. mál]

til umhverfisráðherra um störf nefndar um eyðingu minka og refa.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur nefnd sem ráðherra skipaði um minka- og refaveiðar skilað niðurstöðum?
2. Hvenær má vænta þess að tillögur nefndarinnar um aðgerðir til að draga úr skaða af völdum refa verði kynntar?
3. Verður auknu fjármagni varið til þessa málaflokks til að koma til móts við stóraukinn kostnað sveitarfélaganna?

98. Fyrirspurn [98. mál]

til fjármálaráðherra um skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverjar urðu endanlegar tekjur ríkis og sveitarfélaga í formi tekjuskatts og útsvars erlendra starfsmanna sem unnu við Kárahnjúkavirkjun árið 2003?
2. Hvernig skiptust þessar tekjur niður á mánuði, hve margir voru greiðendur hverju sinni og til hvaða sveitarfélaga runnu útsvarstekjurnar, sundurliðað eftir mánuðum?
3. Hvert runnu útsvör, ef einhver voru, erlendra starfsmanna sem lengur eða skemur unnu við Kárahnjúkavirkjun en voru á svonefndri utangarðsskrá?
4. Hvernig gekk innheimta skatttekna af þeim erlendu starfsmönnum á vegum starfsmanna-

leiga aðal- eða undirverktaka sem dvöldu hér um skamman tíma og hurfu svo aftur úr landi innan ársins, t.d. margra sem unnu við uppsetningu vinnubúða?
5. Hve margir erlendir starfsmenn, sem unnu lengur eða skemur við byggingu Kárahnjúkavirkjunar á síðasta ári, skiluðu skattframtali hér á landi vegna tekna ársins, sbr. 90. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt?
6. Hafa verkkaupi, aðalverktaki eða eftir atvikum aðrir hlutaðeigandi uppfyllt staðgreiðsluskyldu sína að fullu, sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra frá 27. ágúst 2003, og einnig þegar í hlut á vinnuafl á vegum undirverktaka eða erlendra starfsmannaleigufyrirtækja?
7. Eru enn þá óútkljáð mál tengd Kárahnjúkavirkjun sem varða skattskyldu, skil á staðgreiðslu, skattheimtu og skattaframkvæmd almennt og, ef svo er, hvar eru þau deilumál á vegi stödd?
8. Er ráðuneytið enn þeirrar skoðunar að engin sérstök álitamál eða vandamál hafi komið upp, né séu líkleg til þess, í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar, sbr. svar við fyrirspurn á þingskjali 821 á 130. löggjafarþingi?

Skriflegt svar óskast.

99. Fyrirspurn [99. mál]

til menntamálaráðherra um fjárframlög til Þjóðminjasafnsins.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hversu há voru framlög fyrirtækja og stofnana til endurgerðar Þjóðminjasafnsins frá lokun þess vegna viðgerða til opnunar þess 2004? Svarið óskast sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og stofnunum.

Skriflegt svar óskast.

100. Fyrirspurn [100. mál]

til menntamálaráðherra um menntunarmál geðsjúkra.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað líður viðræðum við Fjölmennt um menntunarmál geðsjúkra?

101. Fyrirspurn [101. mál]

til menntamálaráðherra um frávísanir framhaldsskóla og háskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hve mörgum var vísað frá námi í framhaldsskólum í haust, sundurliðað eftir skólum, og hve margir sem hugðust snúa aftur til náms eftir að hafa hætt tímabundið námi fengu ekki inni í neinum skóla?
2. Hve mörgum var vísað frá námi í haust í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum?

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [102. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnir í fíkniefnamálum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að auka útgjöld til forvarna í fíkniefnamálum um 1 milljarð kr., sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um framlög til forvarna (407. mál 130. þings)?

103. Fyrirspurn [103. mál]

til landbúnaðarráðherra um sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað líður þeim áformum um sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins sem ráðherra lýsti yfir í umræðum á Alþingi í vor í svari við fyrirspurn um hvort slíkt kæmi til greina?

104. Fyrirspurn [104. mál]

til iðnaðarráðherra um þrífösun rafmagns.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvar á landinu er þrífösun rafmagns ekki lokið og hvar er hún fyrirhuguð á næstunni?

Skriflegt svar óskast.

105. Fyrirspurn [105. mál]

til heilbrigðisráðherra um fræðslu um meðferð kynferðisafbrotamála.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er hafin vinna við að samræma og efla fræðslu og þekkingu fagstétta um meðferð kynferðisafbrotamála?

106. Fyrirspurn [106. mál]

til fjármálaráðherra um stimpilgjald við endurfjármögnun fasteignaveðlána.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

1. Í hvaða aðildarríkjum OECD eru stimpilgjöld lögð á við endurfjármögnun fasteignaveðlána?
2. Eru ávallt innheimt stimpilgjöld við endurfjármögnun fasteignaveðlána?
3. Hvaða rök eru fyrir því að stimpilgjöld séu lögð á í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun fasteignaveðlána?
4. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að hætt verði að innheimta stimpilgjöld við endurfjármögnun fasteignaveðlána?

107. Fyrirspurn [107. mál]

til menntamálaráðherra um uppbyggingu og rekstur safna.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hversu há hafa framlög úr ríkissjóði verið annars vegar til uppbyggingar og hins vegar til reksturs safna síðastliðin 10 ár? Svarið óskast sundurliðað eftir árlegum framlögum til hvers safns fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

108. Fyrirspurn [108. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afsláttarkort.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir þeirra sem hafa greitt umfram hámark fyrir læknisþjónustu hafa sótt um afsláttarkort síðustu þrjú árin?
2. Er vitað hvort ákveðnir hópar sjúklinga sækja síður um afsláttarkort en aðrir eftir að réttur til þess hefur skapast?
3. Eru áform um að auðvelda þeim að nýta sér þennan rétt sem ekki geta vegna sjúkdóms eða fötlunar borið sig eftir honum?

109. Fyrirspurn [109. mál]

til menntamálaráðherra um minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Áformar ráðherra að tryggja að Fornleifavernd ríkisins geti sinnt skráningu og mati á minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða landsins?

110. Fyrirspurn [110. mál]

til dómsmálaráðherra um umferðarsektir.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hver er heildarfjárhæð umferðarsekta árlega undanfarin fimm ár og hvernig er skiptingin eftir eðli sektanna?

Skriflegt svar óskast.

111. Fyrirspurn [111. mál]

til samgönguráðherra um varnir gegn umferðarslysum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hve miklu fé hefur hið opinbera varið til varna gegn umferðarslysum undanfarin þrjú ár í formi:

a. vegagerðar, t.d. merkinga og breytinga á vegum,
b. fræðslu í skólum,
c. fræðslu til almennings, t.d. í fjölmiðlum,
d. fræðslu til erlendra ferðamanna?

Skriflegt svar óskast.

112. Fyrirspurn [112. mál]

til samgönguráðherra um símtöl til Grænlands.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða ástæður eru fyrir því að símtöl til Grænlands eru eins dýr og raun ber vitni?

113. Fyrirspurn [113. mál]

til heilbrigðisráðherra um undirbúning í heilbrigðiskerfinu vegna umskorinna kvenna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hefur starfsfólk í heilbrigðiskerfinu verið undirbúið sérstaklega undir móttöku og þjónustu við konur sem hafa verið umskornar? Ef svo er, hvaða starfsfólk og í hverju hefur undirbúningurinn falist?

114. Fyrirspurn [114. mál]

til heilbrigðisráðherra um sérhæfða þjónustu við yngri alzheimersjúklinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða sérhæfð þjónusta stendur alzheimersjúklingum undir 67 ára til boða í heilbrigðiskerfinu?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þessi hópur fái aðgang að hjúkrunarheimilum?

115. Fyrirspurn [115. mál]

til forsætisráðherra um menningarkynningu í Frakklandi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikil voru útgjöld ríkisins í tengslum við menningarkynningu sem nú stendur yfir í Frakklandi, skipt á forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og aðra sem stóðu undir kostnaði af kynningunni?
2. Fyrir hve marga embættismenn, stjórnmálamenn og aðra sem sóttu menningarkynninguna greiddi ríkið og hve mikið var greitt í ferðakostnað og dagpeninga?
3. Var gerð kostnaðaráætlun fyrir menningarkynninguna og, ef svo er, hvernig hefur hún staðist?
4. Var gert ráð fyrir þessum fjármunum á fjárlögum og þarf að sækja um aukafjárveitingu vegna verkefnisins?
5. Voru skoðaðir aðrir kostir á sviði menningar og lista sem skilað gætu því sama til landkynningar og fjölgunar ferðamanna og var gert kostnaðarmat og samanburður í því sambandi?

Skriflegt svar óskast.

116. Fyrirspurn [116. mál]

til félagsmálaráðherra um kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Eru kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks í samræmi við lög og reglur, sbr. t.d. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda?
2. Hefur ráðherra tekið þetta mál upp við aðila vinnumarkaðarins eins og hann lýsti yfir opinberlega í nóvember 2003 að hann hygðist gera? Ef svo er, hver var niðurstaðan?

117. Fyrirspurn [117. mál]

til heilbrigðisráðherra um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar eru hugmyndir ráðherra um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum og hverjar verða tillögur Íslands í því efni á aukafundi heilbrigðisráðherra Norðurlanda í október?
2. Hversu miklu á íbúa ver hvert ríki á Norðurlöndunum til áfengis- og fíkniefnaforvarna?
3. Telur ráðherra að samræma eigi áfengiskaupaaldur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum varðandi kaup á léttvíni og bjór þannig að hann verði 18 ár og mun ráðherra beita sér fyrir auknu fjármagni til forvarna ef sú leið verður valin hér á landi?

118. Fyrirspurn [118. mál]

til umhverfisráðherra um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

Frá Merði Árnasyni.

Hvað líður undirbúningi að stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, sbr. skýrslu nefndar um það efni frá maí í vor?

119. Fyrirspurn [119. mál]

til menntamálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins.

Frá Merði Árnasyni.

Hvað er að frétta af tilraunum ráðherra til að létta af Ríkisútvarpinu lífeyrisskuldbindingum sem á það voru lagðar árið 1993?

120. Fyrirspurn [120. mál]

til heilbrigðisráðherra um framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvers vegna eru framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn ekki hafnar?
2. Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist og hvenær á þeim að ljúka?
3. Hver hefur verið undirbúningskostnaður við verkið fram til þessa?

121. Fyrirspurn [121. mál]

til umhverfisráðherra um Vatnajökulsþjóðgarð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Kemur til greina að Eldgjá og Langisjór verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs líkt og Lakagígar, sbr. nýlega yfirlýsingu ráðherra þess efnis?

122. Fyrirspurn [122. mál]

til iðnaðarráðherra um háhitasvæðið við Torfajökul.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hafa orkufyrirtæki sýnt háhitasvæðinu við Torfajökul áhuga sem virkjunarkosti og, ef svo er, hvaða orkufyrirtæki eru það? Hver er afstaða ráðherra til rannsókna og virkjunar á þessum stað?

123. Fyrirspurn [123. mál]

til iðnaðarráðherra um Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur verið sótt um rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun?
2. Hver er staða mála varðandi Villinganesvirkjun annars vegar og hins vegar Skatastaðavirkjun?

124. Fyrirspurn [124. mál]

til iðnaðarráðherra um tilraunir með vindmyllur.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður tilraunaverkefni með vindmyllur í Grímsey sem ráðherra boðaði á sínum tíma? Hvaða rannsóknir hafa farið fram? Telur ráðherra að vindmyllur geti orðið kostur í orkuframleiðslu hérlendis?

125. Fyrirspurn [125. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuvinnslu til vetnisframleiðslu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hefur ríkisstjórnin gert áætlun um orkuvinnslu til vetnisframleiðslu?

126. Fyrirspurn [126. mál]

til landbúnaðarráðherra um veiði í vötnum á afréttum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu mörg vötn á afréttum og hálendi Íslands eru nytjuð til veiða?
2. Hverjir hafa veiðirétt í þeim og hvernig er veiðirétturinn tilkominn?
3. Er almenningi veittur aðgangur að vötnunum?
4. Hvað liggur til grundvallar gjaldtöku fyrir veiðileyfi?

Skriflegt svar óskast.

127. Fyrirspurn [127. mál]

til fjármálaráðherra um úttekt á umfangi skattsvika.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvenær má vænta niðurstaðna starfshóps sem átti samkvæmt þingsályktun frá 3. maí 2002 að gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi og skila niðurstöðum fyrir 1. júlí 2003?

128. Fyrirspurn [128. mál]

til dómsmálaráðherra um sektakerfi lögreglunnar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað voru sektarboð mörg árið 2003 og það sem af er árinu, og hvernig skiptast þau eftir tegundum brota?
2. Hverjar voru heildarfjárhæðir sekta skipt eftir brotum árið 2003 og það sem af er árinu?

3. Hvað fengu margir staðfesta umferðarpunkta árið 2003, sundurliðað eftir kyni og aldri?
4. Hvernig hefur sektakerfið reynst að mati ráðherra og eru fyrirhugaðar breytingar á því?

Skriflegt svar óskast.

129. Fyrirspurn [129. mál]

til forsætisráðherra um neyslustaðal.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að framfylgja þingsályktun um gerð neyslustaðals frá maí 2001 og niðurstöðu nefndar fjármálaráðherra um fjölþrepaskatt sem fjallaði um málið og taldi brýna þörf að koma á neyslustöðlum en nefndin skilaði af sér tillögum 3. apríl 2003?

130. Fyrirspurn [130. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða breytingar urðu milli áranna 2002 og 2003 á heildarútgjöldum vegna bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar, sundurliðað eftir hverjum þessara útgjaldaþátta og í krónum?
2. Hjá hvaða ráðuneytum og ríkisstofnunum varð raunhækkun á bifreiða-, ferða- og risnukostnaði milli áranna 2002 og 2003 og hve mikil var raunhækkunin miðað við neysluvísitölu, annars vegar í prósentum og hins vegar krónum?

Skriflegt svar óskast.

131. Fyrirspurn [131. mál]

til viðskiptaráðherra um álag á Samkeppnisstofnun.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg mál hafa beðið úrlausnar hjá Samkeppnisstofnun árlega sl. fimm ár og hver hefur meðalbiðtími eftir afgreiðslu verið á þessum árum?
2. Hvaða áhrif hefur það haft að Samkeppnisstofnun tók upp formlega forgangsröðun mála árið 2003?

3. Hve mörg mál hefur Samkeppnisstofnun tekið upp að eigin frumkvæði árlega sl. fimm ár og í hve mörgum málum á þessum tíma sem varða samkeppnishindranir hefur stofnunin talið sig hafa þurft að hafa frumkvæði að rannsókn?
4. Hve mikið fé telur Samkeppnisstofnun sig þurfa annars vegar til að geta með eðlilegum hætti afgreitt þau mál sem henni berast og hins vegar til að geta haft frumkvæði að rannsókn á málum sem varða alvarlegar samkeppnishindranir?
5. Hver er skoðun ráðherra á þeirri hugmynd að eftirlitsskyldir aðilar greiði að hluta eða öllu leyti kostnaðinn við samkeppniseftirlitið eða tiltekna þætti þess?

Skriflegt svar óskast.

132. Fyrirspurn [132. mál]

til félagsmálaráðherra um gjaldskrá leikskóla.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra þeirrar skoðunar að giftir foreldrar og foreldrar í sambúð standi undir niðurgreiðslum til þeirra sem greiða lægri leikskólagjöld og um sé að ræða ólögmæta gjaldtöku?
2. Er ráðherra sammála þeim sjónarmiðum að gjaldskráin verði leiðrétt og sama gjald verði fyrir öll börn, en niðurgreiðslan komi af skattfé?
3. Er sambærilegur mismunur hjá stærstu sveitarfélögum á gjaldskrá eftir tekju- eða hjúskaparstöðu? Ef svo er ekki, er óskað samanburðar á gjaldskrám stærstu sveitarfélaganna.
4. Hversu mikil er niðurgreiðsla leikskólagjalda árlega, annars vegar fyrir þá sem njóta hennar og hins vegar miðað við útgjöld stærstu sveitarfélaganna?

Skriflegt svar óskast.

133. Fyrirspurn [133. mál]

til menntamálaráðherra um símenntun.

Frá Merði Árnasyni.

Telur ráðherra að þær tillögur sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 1998 um átak í eflingu símenntunar, að fram komnu áliti sérstakrar nefndar um þau efni, séu í samræmi við það að gert hefur verið erfiðara en áður að hefja að nýju nám í framhaldsskóla og að kröfur um undirbúning fyrir háskólanám eru að þrengjast?

134. Fyrirspurn [134. mál]

til félagsmálaráðherra um styrki úr starfsmenntasjóði.

Frá Merði Árnasyni.

Hverjir hafa fengið styrki úr starfsmenntasjóði og til hvaða verkefna frá því að lög nr. 140/1996 tóku gildi?

Skriflegt svar óskast.

135. Frumvarp til laga [135. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Helgi Hjörvar.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá

löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð væri gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð.

Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum. Frumvarp þetta hefur verið lagt fram á undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga.

136. Fyrirspurn [136. mál]

til fjármálaráðherra um skattalækkanir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mikið er og verður tekjutap ríkissjóðs vegna breyttra skatta einstaklinga frá 2003 og fyrirhugaðrar lækkunar og hvernig skiptist lækkunin eftir tekjuhópum? Óskað er eftir að miðað verði við tekju- og eignarskattsstofna samkvæmt framtölum vegna álagningar 2004 og lækkun skatttekna ríkissjóðs verði reiknuð út miðað við:
   a. 4% lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins
      1. ef persónuafsláttur helst óbreyttur frá álagningu tekjuskatts 2004,
      2. ef skattleysismörkin haldast óbreytt frá álagningu tekjuskatts 2004,
   b. lækkun, eða afnám, hátekjuskattsins úr 7% í 0%, annars vegar miðað við skattleysismörk hátekjuskatts við síðustu álagningu þegar hann var 7% og hins vegar ef skattleysismörkin breytast í sama hlutfalli og persónuafslátturinn fram að álagningu 2004,
   c. lækkun og afnám almenna eignarskattsins miðað við frieignamörk við álagningu 2004.
2. Hvernig skiptist framangreind lækkun eftir tekjuhópum, bæði miðað við hvern lið um sig og liðina samtals, ef gjaldendum er skipt eftir heildartekjum (þ.e. almennum tekjum og fjármagnstekjum samanlögðum) og 5% þeirra eru í hverju bili? Bæði er spurt um fjárhæð og hlutfall og óskað er eftir að gerð verði grein fyrir dreifingunni fyrir einhleypa annars vegar og hjón og sambúðarfólk hins vegar.
3. Hvernig skiptist lækkunin, sbr. 2. lið, ef í stað 5% tekjubila er miðað við eftirfarandi heildartekjur á ári:
   a. undir 1 millj. kr.,
   b. 1–1,5 millj. kr.,
   c. 1,5–2 millj. kr.,
   d. 2–3 millj. kr.,
   e. 3–4 millj. kr.,
   f. 4–6 millj. kr.,
   g. 6–8 millj. kr.,
   h. 8–10 millj. kr.,
   i. 10–15 millj. kr.,
   j. yfir 15 millj. kr.?

Skriflegt svar óskast.

137. Frumvarp til laga [137. mál]

um breytingu á lögum nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Birgisson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

98. gr. laganna orðast svo:

Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Skattstjóri skal senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 130. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90 7. maí 2003. Þar segir í 1. mgr.:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.“

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir síðan:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“

Eins og sjá má af framangreindum lagaákvæðum þá leggur núgildandi löggjöf þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggi frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skattskrám í heild eða að hluta er heimil.

Forsaga birtingar álagningar- og skattskráa.

Skattyfirvöldum hefur um áratugaskeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskrár hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallaðar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Þannig segir í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74 27. júní 1921:

„Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna."

Í 36. gr. laganna er síðan að finna þær kæruheimildir sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar segir:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar."

Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, og í 37. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 46 14. apríl 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70 28. apríl 1962, var gerð veigamikil breyting á fyrrgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. og 40. gr. laganna var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70 28. apríl 1962, kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni, en þar segir:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver

gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til."

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, meðal annars samkvæmt þeim ákvæðum sem vikið er að hér að framan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Löggjöf á Norðurlöndum.

Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru ekki samræmdar á Norðurlöndum. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga um tekjuskatt og eignarskatt hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

Annmarkar á núgildandi löggjöf.

Ýmsa annmarka má nefna á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvutæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2003, kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

Helstu rök fyrir frumvarpinu.

Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattayfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatt. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögum nr. 70 28. apríl 1962 og áðurnefnd kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns var felld niður, brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem eðlilegt og sanngjarnt er að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskránna hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning álagningar- og skattskráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hefur verið bættur verulega. Má í því sambandi nefna setningu laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, og upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lög-

festingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62 19. maí 1994 og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139 22. desember 1998.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila, samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl.

Í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þagnarskyldan meðal annars til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161 20. desember 2002, um fjármálafyrirtæki, er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Skv. 2. mgr. 58. gr. laganna gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. 58. gr. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997, og lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við framangreind ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að framlagningin brjóti í bága við meginreglur 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því

sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem frumvarp þetta kveður á um.

Að lokum er rétt að geta þess að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna á hverjum öðrum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Núgildandi ákvæði 98. gr. leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar muni liggja frammi. Jafnframt heimilar núgildandi ákvæði 98. gr. opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa og birting upplýsinga úr skattskrám er heimiluð hvort sem er í heild eða að hluta. Gerir breytingin á ákvæðinu sem frumvarp þetta kveður á um ráð fyrir að framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af. Af því leiðir að útgáfa þeirra í heild eða að hluta verður ekki lengur heimiluð. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

138. Fyrirspurn [138. mál]

til félagsmálaráðherra um Fæðingarorlofssjóð.

Frá Merði Árnasyni.

Hvaða upphæð í krónum sparast hjá Fæðingarorlofssjóði árin 2001, 2002 og 2003 við það að ekki er greitt orlof úr sjóðnum:

a. til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga,
b. til annarra?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í svari við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur á 128. löggjafarþingi (574. mál) staðfesti þáverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, þann skilning fyrirspyrjanda að sjóðnum væri skylt að leggja hefðbundnar orlofsgreiðslur við fæðingarorlofsgreiðslurnar. Aldrei hefur þetta orlof þó verið greitt úr sjóðnum og síðsumars féll dómur í undirrétti þar sem því var hafnað að sjóðnum væri að lögum skylt að greiða orlof. Núverandi félagsmálaráðherra hefur lýst yfir að hann muni ekki beita sér fyrir breytingum á lögum að dómnum felldum og er því ljóst að stefnubreyting hefur orðið í þessu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar frá vorinu 2003 til hausts 2004. Nauðsynlegt er að fram komi um hversu mikið fé hér er að ræða.

139. Fyrirspurn [139. mál]

til félagsmálaráðherra um rétt foreldra vegna veikinda barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd þingsályktunar sem Alþingi samþykkti 3. maí 2002 um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna en skila átti niðurstöðu til Alþingis á haustþingi árið 2002?
2. Hverjar eru tillögur nefndar sem hafði það verkefni að gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna? Hafði hún í starfi sínu hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum eins og þingsályktunin frá maí 2002 kvað á um?
3. Hver er skoðun ráðherra á þeim takmarkaða rétti sem foreldrar langsjúkra barna hafa til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna sinna og telur hann að ríkisvaldið eigi að koma að fjármögnun lengri veikindaréttar með líkum hætti og gerist annars staðar á Norðurlöndum?

140. Fyrirspurn [140. mál]

til samgönguráðherra um framtíð áætlunarflugs til Sauðárkróks og Siglufjarðar.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að tryggja framhald áætlunarflugs milli Reykjavíkur og Sauðárkróks og Siglufjarðar?

141. Fyrirspurn [141. mál]

til landbúnaðarráðherra um rekstur sláturhúss í Búðardal.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig samræmist það stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og eflingu atvinnulífs í Dalabyggð og nærsveitum að láta loka sláturhúsinu í Búðardal?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem stuðla munu að áframhaldandi rekstri sláturhúss og kjötvinnslu í Búðardal?

142. Frumvarp til laga [142. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Einar Már Sigurðarson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Námslán eru veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað.
c. 5.–7. mgr. orðast svo:
   Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán.
   Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán hafi námsmaður undirritað skuldabréf, sbr. 5. mgr.
   Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi skuli fullnægja.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytist 30% af upphæð námsláns í styrk. Styrkurinn er skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns.

Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu

að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,75“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: 3,75.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.
b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Um námslán og námsstyrki.**

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt fólk hefur orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu.

Einnig er lagt til að endurgreiðsluhlutfalli námslána verði breytt úr 4,75% í 3,75% í því skyni að greiðslubyrði afborgana verði viðráðanlegri. Þá er nauðsynlegt að hluti af endurgreiðslum námslána verði frádráttarbær frá skatti og munu þingmenn Samfylkingarinnar flytja um það sérstakt mál.

Að lokum skal þess getið að lagt er til í 2. gr. laganna að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistarskólann í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum náms-

lán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að lána til sérnáms sem er undirbúningur að námi í listaháskóla. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistaskólann í Reykjavík og er því á framhaldsskólastigi þó svo að innihald námsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi.

Um 2. gr.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á sínu námsláni.

Um 3. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á lögunum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 8. gr. laganna um endurgreiðsluhlutfall námslána þar sem núverandi hlutfallstala endurgreiðslu þykir of há. Lagt er til að hlutfallstala endurgreiðslu verði 3,75 í stað 4,75. Skv. 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga er lánstími námsláns ótilgreindur og greitt skal af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd. Lækkun sú sem hér er lögð til mun ekki hafa úrslitaþýðingu í þessu sambandi. Hins vegar mun lægra endurgreiðsluhlutfall leiða til þess að greiðslubyrði verður viðráðanlegri.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lögð er til breyting á heiti II. kafla laganna svo að það lýsi betur inntaki hans.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

143. Frumvarp til laga [143. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Mörður Árnason, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Við 5. tölul. 2. mgr. 27. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hvert kjörtímabil stjórnar er lengst þrjú ár og stjórnarmaður skal ekki halda umboði lengur en sex ár samfleytt.

2. gr.

Við 6. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna bætist: og skal leitast við að tilnefna einstaklinga sem ekki sitja í stjórn lífeyrissjóðsins og ekki hafa veruleg hagsmunatengsl við stofnun eða atvinnufyrirtæki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til viðbótar framangreindum skilyrðum skal menntun, starfsreynsla og starfsferill stjórnarmanna vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði sjóðinn.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn lífeyrissjóðs skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við almenn viðskipti sjóðsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti eða lánveitingar.

4. gr.

Við 4. mgr. 34. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Starfsmenn lífeyrissjóðs, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og eignastýringu, skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Lífeyrissjóði ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. gr.

Við 4. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skulu upplýsa stjórn skriflega um hagsmunatengsl sín samkvæmt ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga og skal Fjármálaeftirlit veita leiðbeiningar um þá upplýsingaskyldu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. þingi. Það er flutt á ný með breytingum sem taka helst mið af athugasemdum sem komu fram í umsögnum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd við meðferð málsins á því þingi. Báðir þessir umsagnaraðilar töldu jákvætt að settar yrðu skýrari reglur um stjórnir og stjórnarhætti í lífeyrissjóðum.

Með frumvarpinu er ætlunin að setja ítarlegri reglur um stjórnir lífeyrissjóða, stjórnarmenn og starfsmenn sem vinna við eignastýringu hjá lífeyrissjóðum en eru í gildandi lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfskjör launafólks.

Frumvarpið byggist að nokkru leyti á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem hafa að geyma ítarlegar reglur um ábyrgð stjórna fjármálafyrirtækja og hæfiskröfur til stjórnarmeðlima, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem vinna við eignastýringu sem og reglur um setu stjórnarmanna í öðrum fyrirtækjum.

Flestir lífeyrissjóðir voru stofnaðir eftir að samtök launþega og atvinnurekenda sömdu um það í almennum kjarasamningum árið 1969 að greiða hluta af launum launþega í lífeyrissjóð og að atvinnurekandi greiddi framlag á móti. Árið 1974 varð lögskylt að greiða af dagvinnulaunum launþega í lífeyrissjóð og af heildarlaunum frá árinu 1981, og voru sjálfstæðir atvinnurekendur þá einnig skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð. Með lagasetningunni hætti ábyrgð á sjóðunum að byggjast eingöngu á kjarasamningum milli launþega og atvinnurekenda heldur færðist einnig yfir á stjórnvöld og lagði þannig grunn að langtímasparnaði meðal landsmanna.

Eignir lífeyrissjóðanna á Íslandi hafa aukist gríðarlega frá þessum tímamótum, eru nú að nálgast 1.000 milljarða kr. og vega æ þyngra í hagkerfi þjóðarinnar. Á árinu 1980 námu heildareignir lífeyrissjóðanna 10% af landsframleiðslu Íslendinga en tíu árum síðar eða 1990 námu þær um 40%. Árið 2000 voru eignir lífeyrissjóðanna samtals 515 milljarðar kr. sem samsvaraði 78% af landsframleiðslu þjóðarinnar. Á árinu 2002 voru heildareignir sjóðanna nærri 690 milljarðar kr. og lætur það nærri að vera um 87% af vergri landsframleiðslu það árið. Ljóst má því vera að meðferð á ráðstöfun eigna lífeyrissjóðanna hreyfir við þjóðhagslegum stærðum og skiptir því miklu máli að fagleg sjónarmið ráði ferðinni og að stjórnendur hafi forsendur til að taka upplýstar, faglegar og vandaðar ákvarðanir.

Lífeyristryggingar eru ein mikilvægasta stoð tryggingakerfisins og hvílir rík samfélagsleg ábyrgð og miklar skyldur á sjóðunum að standa undir þeim framtíðarskuldbindingum sem stofnast hafa, varðveita og ávaxta eignirnar sem best, og á löggjafanum að setja skýran ramma um starfsemi sjóðanna þannig að sjóðfélagar séu vel tryggðir hjá sjóðunum hver sem starfsgrein þeirra er, en aðild að sjóðunum grundvallast á kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein.

Þegar heildarlög voru sett um starfsemi lífeyrissjóða, lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, voru ekki settar skýrar reglur um ábyrgð stjórnenda lífeyrissjóða, hversu lengi stjórnarmenn gætu setið í stjórn eða reglur um hverja stjórn geti skipað til setu í stjórnum fyrirtækja sem viðkomandi sjóður á fulltrúa í. Með vísan til þessarar samfélagslegu ábyrgðar og skyldu sem sjóðirnir bera og mikilla umsvifa þeirra á fjármálamarkaði liggja mikilvæg rök því til grundvallar að setja skýrar reglur um ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og gera ríkar kröfur til stjórnarmanna, t.d. um starfsreynslu, menntun og hæfi, en slíkar kröfur eru gerðar til framkvæmdastjóra sjóðanna. Þá þykir einnig rétt að setja skýrari reglur um hæfiskröfur starfsmanna sem vinna við eignastýringu hjá sjóðunum, hliðstæðar þeim sem gerðar eru til framkvæmdastjóra sjóðanna, og gera kröfu um að þeir hafi

lokið prófi í verðbréfaviðskiptum sbr. ákvæði um hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn sem fyrsti flutningsmaður lagði fram á 130. þingi kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði í nokkuð mörgum tilvikum gert athugasemdir við lánveitingar til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila sem tengjast þeim, sérstaklega varðandi hæfi til afgreiðslu lánveitinga, fjárhæðir, reglur um veðhlutfall eða að nauðsynlegar upplýsingar vegna lánveitinga væru ekki til staðar hjá lífeyrissjóði. Í svarinu koma einnig fram upplýsingar um hagsmunaárekstra vegna setu stjórnarmanna lífeyrissjóða í öðrum stjórnum og hversu algeng hagsmunatengslin eru. Fram kom að um 70% stjórnarmanna lífeyrissjóða sitji í stjórnum hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Að meðaltali sitja þessir stjórnarmenn í stjórn fjögurra félaga, hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Tæplega 40% þeirra sitja í tveimur stjórnum eða fleiri.

Lagt er til að kjörtímabil hverrar stjórnar skuli ekki vera lengra en þrjú ár en heimilt verði að hafa það styttra ef slíkt er ákveðið í samþykktum sjóðs. Þá er lagt til að einstakir stjórnarmenn haldi ekki umboði til að sitja í stjórn lengur en sex ár samfleytt. Með því ætti að vera tryggð endurnýjun og aðhald þótt ekki sé lagt bann við því að fyrrum stjórnarmenn fái endurnýjað umboð þegar þeir hafa setið hjá eitt kjörtímabil eða meira. Þar sem hinir almennu sjóðfélagar, eigendur lífeyrissjóðanna, hafa lítil eða engin áhrif á hverjir veljast í stjórnir sjóðanna er eðlilegt að setja hámark á ráðningartíma stjórnarmanna.

Það veitir aðhald og styrkir eftirlit stjórnarmanna með hagsmunum sjóðfélaga að ekki sé sjálfgefið að endurnýja setu í stjórn. Almennt eru það hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda sem tilnefna fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs en huga mætti að því að gera almennum sjóðfélögum kleift að tilnefna stjórnarmenn.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórn lífeyrissjóðs skuli leitast við að tilnefna einstaklinga utan stjórnar sem fulltrúa sjóðsins í stjórn stofnunar eða fyrirtækis þannig að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum. Þetta er til samræmis við nýjar leiðbeinandi reglur sem Kauphöllin o.fl. hafa gefið út og taka má mið af, en þær kveða á um að leitast skuli við að a.m.k. tveir óvilhallir aðilar sitji í stjórn hlutafélags. Í þeim reglum kemur m.a. fram að æskilegt sé að meiri hluti stjórnar sé óháður viðkomandi félagi og að auki sé æskilegt að minnsta kosti tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthöfum. Þetta er rökstutt með því að stjórn sé skylt að hafa eftirlit með þeim sem annast daglegan rekstur fyrirtækisins. Í þeim leiðbeinandi reglum sem áður var vitnað til kemur fram að við mat á því hvort stjórnarmenn séu óháðir skuli líta til þess hvort viðkomandi sé einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið. Ítök stjórnarmanna í lífeyrissjóðum geta verið veruleg bæði í sjóðunum og úti á markaði vegna stærðar sjóðanna á fjárfestingarmarkaði. Því getur verið óæskilegt að þeir sitji jafnframt í stjórn fyrirtækis sem viðkomandi lífeyrissjóður á verulegan hlut í þar sem tengslin og áhrifin geta orðið of mikil. Jafnframt er lagt til að lífeyrissjóðum verði bannað að tilnefna aðra þá sem hafa aðra verulega hagsmuni af þeim rekstri. Með verulegum hagsmunum er hér átt við t.d. verulegan eignarhlut og sifjatengsl við forsvarsmenn eða ráðandi eigendur fyrirtækis.

Eitt það mikilvægasta í starfsemi sjóðanna er ávöxtun iðgjalda, en lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli fjárfest í fyrirtækjum og öðlast með því oft seturétt í stjórnum. Þó að nauðsynlegt sé að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna með setu í stjórnum fyrirtækja sem fjárfest er í er mikilvægt að skilja í sundur eins og kostur er setu í stjórn lífeyrissjóðs og setu í stjórn fyrirtækis sem lífeyrissjóðurinn á stóran hlut í. Það kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra og styrkir eftirlitsskyldu stjórnar lífeyrissjóðs með fjárfestingum hans, en eitt meginhlutverk stjórnar lífeyrissjóðs er að hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráð-

stöfun eigna sjóðsins, auk þess að móta fjárfestingarstefnu og er óeðlilegt að stjórnarmenn eigi jafnframt seturétt í stjórnum þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Það tryggir betri stjórnarhætti og virkara eftirlit með fjárfestingum sjóðanna að greina þarna á milli. Auk þess er verkefni stjórnar að ákveða hver skuli vera fulltrúi lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis og óeðlilegt að stjórnarmenn skipi sjálfa sig til þeirra verka.

Í skýrslu viðskiptaráðherra á 130. þingi varðandi starfsemi Fjármálaeftirlitsins um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi lagt áherslu á hlutverk og ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og innra eftirlit með lífeyrissjóðum. Þar kemur fram að hjá allflestum lífeyrissjóðum sem voru skoðaðir hafi verið gerðar athugasemdir við ýmis atriði er vörðuðu fyrirkomlag innra eftirlits. Í þeim sjóðum þar sem fjárfestingar hafa ekki verið í samræmi við lög hefur innra eftirliti ekki verið nægilega vel sinnt. Fram kemur að almennt megi segja að gögnum um innra eftirlit frá lífeyrissjóðum hafi verið heldur ábótavant og gögn ekki skilað sér nægilega vel. Bent er á að nokkur brögð hafi verið að því að ársreikningar og fjárfestingarstefna lífeyrisjóðanna hafi ekki verið í samræmi við reglur og hafa margvíslegar athugasemdir verið gerðar við sjóðina í þessu sambandi og úrbóta verið krafist. Fjármálaeftirlitið hefur lagt megináherslu á fjárfestingarathuganir og hefur í mörgum tilvikum gert athugasemdir og krafist úrbóta. Þessar athugasemdir styðja það að styrkja þurfi eftirlit stjórnarmanna með starfsemi lífeyrissjóðanna og mikilvægur þáttur í því er að aðskilja setu í stjórn sjóðs og setu í stjórn fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.

Jafnframt er lagt til að gerðar verði sambærilegar kröfur til stjórnarmanna um menntun, starfsreynslu og starfsferil og gerðar eru til framkvæmdastjóra sjóðanna og stjórna fjármálafyrirtækja almennt. Einnig er lagt til að teknar verði upp reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki og fela í sér að stjórn megi ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við almenn viðskipti sjóðsins og að einstakir stjórnarmenn skuli ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti eða lánveitingar. Í þessu felst að einstakir stjórnarmenn geti t.d. ekki gefið framkvæmdastjóra eða undirmönnum hans fyrirmæli um afgreiðslu einstakra mála en sé umfangið verulegt beri framkvæmdastjóra að bera viðskiptin undir stjórn sjóðsins.

Að síðustu er lagt til að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skuli upplýsa stjórn um hagsmunatengsl sín samkvæmt ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga svo að stjórnin viti hvernig tengslum þeirra er háttað við aðila og fyrirtæki í atvinnulífinu og sé þá ljóst hvort efni séu til að draga ákvarðanir eða viðskipti í efa á grundvelli þeirra eða þegar litið er til samkeppnishagsmuna. Lagt er til að upplýsingarnar verði veittar skriflega og að Fjármálaeftirlitið veiti leiðbeiningar þar um. Leiðbeiningarnar gætu m.a. falist í útgáfu eyðublaða sem nota mætti við öflun þessara upplýsinga.

Í gildandi lögum er heimild til handa Fjármálaeftirliti til að beita eftirlitsskylda aðila, þ.m.t. lífeyrissjóði, dagsektum, stjórnvaldssektum. Því hefur í þessu frumvarpi verið fellt brott sektarákvæði eldra frumvarps. Það ákvæði heimilaði einnig að stjórnarmenn yrðu sektaðir sjálfir en slíkt gengur lengra en ábyrgð stjórnarmanna annarra eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði. Umsagnaraðilar gagnrýndu þetta og flutningsmenn telja rétt að taka tillit til þess.

Flutningsmenn telja eðlilegt þegar litið er til hagsmuna almennra sjóðfélaga og stöðu sjóðanna, sem eru með umsvifamestu aðilum á fjármálamarkaði, að sambærilegar reglur gildi hjá lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum um stjórnir og æðstu starfsmenn þeirra.

144. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um nýtt tækifæri til náms.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og menntastofnanir. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2005.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 128. og 130. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskólanámi er eitt brýnasta verkefni í menntamálum samtímans. Samfélaginu ber skylda til að skapa þeim nýtt tækifæri sem horfið hafa frá námi, t.d. vegna takmarkaðrar þjónustu menntakerfisins eða persónulegra erfiðleika. Þekkingu á ýmsum námsörðugleikum hefur fleygt fram og nú er t.d. hægt að greina bæði lestrar- og stærðfræðierfiðleika með viðeigandi greiningartækjum. Margir hurfu frá námi af félagslegum ástæðum og þurfa nú aðeins hvatningu, upplýsingar eða ráðgjöf til að hefja nám á ný. Með sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast þessum hópi ný leið til menntunar.

Jöfnun námstækifæra.

Nýtt tækifæri til náms á að byggjast á aðgengilegu grunn-, framhalds- eða starfsnámi auk sérstakra námstilboða fyrir þá sem vilja bæta við fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum. Þannig má jafna tækifæri til náms, stuðla markvisst að því að allir nýti tækifæri sín og virkja þann auð sem hvað mestu skiptir, þ.e. mannauðinn. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar síðastliðin ár eru um 30% þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Þetta er markhópur umræddds átaks. Hluti þessa hóps er hinn svokallaði „brottfallshópur“ framhaldsskólans sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, auk hins formlega framhaldsskólanáms. Þá er þessi hópur hlutfallslega stærstur meðal atvinnulausra og fellur fyrst út af vinnumarkaði þegar að þrengir. T.d. var atvinnuleysi á landinu á árinu 2002 3,3% en 6,5% í hópi þeirra sem minnsta hafa menntunina.

Stéttaskipting framtíðar.

Átak um nýtt tækifæri til náms hefur einnig mikið gildi litið til framtíðar því að rannsóknir sýna tengsl milli háskólanáms og menntunar foreldra, sbr. t.d. sænska rannsókn sem sýnir að 9% barna verkafólks sæki háskóla en um 85% barna háskólamenntaðra. Stéttaskipting framtíðarinnar gæti markast af því hverjir hefðu aðgang og tækifæri til menntunar og hverjir ekki og tekur verkefnið sem hér er gerð tillaga um mið af þessu. Annað markmið tillögunnar

er að koma í veg fyrir að til verði tvær þjóðir í landinu, þ.e. sú sem hefur tækifæri til að afla sér þekkingar og hin sem ekki fær tækifæri til þekkingaröflunar.

Sí- og endurmenntun.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum. Líkt og víða erlendis hefur það hins vegar komið í ljós hérlendis að sá hópur sem minnstrar menntunar hefur notið nýtir sér slík námstækifæri síður en aðrir. Er það mat flutningsmanna að ríkisvaldið, atvinnulífið, sveitarfélög og samtök launafólks þurfi að taka höndum saman um átak í þessum tilgangi. Er það sjálfsögð skylda samfélagsins að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms.

Skýringar á því hvers vegna þeir sem hafa styttri skólagöngu nýta sér síður tækifæri til sí- og endurmenntunar geta verið margar en þessar eru taldar helstar:

a. slæm reynsla og neikvæðar minningar frá fyrri skólagöngu,
b. langur tími liðinn frá því að nám var stundað,
c. lítil námshvatning úr umhverfinu,
d. lág laun og minni skilningur á gildi náms,
e. fá tækifæri til náms.

Margar nágrannaþjóðir okkar hafa skipulagt sams konar átak til að hækka menntunarstigið. Má þar nefna Svía, Dani, Norðmenn, Finna og Skota sem hafa skipulagt sérstakt átak til að gefa þeim sem stysta skólagöngu hafa nýtt námstækifæri. Átakið byggist á þeim grunni að örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing geri kröfur um aukna hæfni. Hugmyndafræðin er m.a. byggð á því að:

a. mannauðurinn sé mikilvægasta auðlindin og hana megi ekki vannýta,
b. auka megi hæfni þjóðarinnar með því að leggja áherslu á nám fyrir þann hóp sem hefur stysta skólagöngu,
c. tryggja jafnan rétt allra til náms,
d. sí- og endurmenntun auki hæfni einstaklinga í atvinnulífinu til að mæta sem best kröfum morgundagsins.

Náms- og starfsráðgjöf.

Mikilvægt er að tekið verði fullt tillit til þeirrar reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér utan hins hefðbundna skólakerfis og hún verði metin sem hluti af námi. Byggt verði upp formlegt matskerfi sem mælir hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun. Slíkt er bæði hvatning til að bæta við þekkingu og til að nýta sér ný námstækifæri.

Byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun til að meta og aðstoða við skipulagningu námsins. Venjan er sú að meta menntun út frá formlegu námi en á tímum símenntunar þegar þekkingar er aflað eftir ýmsum leiðum, bæði formlega og óformlega, er afar brýnt að slík þekking verði metin á viðeigandi hátt.

Átakinu má skipta eftir hópum, t.d.:

1. þeim sem ekki hafa lokið grunnskólanámi,
2. þeim sem lokið hafa grunnskólanámi en þurfa styrkingar og upprifjunar við,
3. þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og eru án grunnmenntunar.

Mikilvægt er að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf, en nú er nánast ekkert slíkt fyrir hendi. Í ráðgjöfinni fælist hvatning og stuðningur til náms og mat á þörfum fólks. Enn fremur þarf að veita upplýsingar um námsframboð og leiðbeiningar um vinnubrögð í námi.

Þjóðarsátt um nýtt tækifæri.

Til að átak sem þetta heppnist er nauðsynlegt að tryggja eins konar þjóðarsátt milli stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar. Í því felst að skipta þarf kostnaði milli aðila þar sem allt samfélagið mun hagnast til lengri tíma litið. Í raun er fórnarkostnaður lítill þar sem átakið mun skila hagnaði til allra. Átakið þarf að taka mið af þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og skapa þeim jafnframt aðgengileg tækifæri til náms. Þarfir einstaklingsins þurfa að hafa forgang, námstilboðin þurfa að vera opnari og sveigjanlegri en þau sem boðið hefur verið upp á hingað til og fjölbreytni þarf að vera sem mest. Tengja þarf saman nám og vinnustaði, meta þá reynslu sem fæst með vinnu og auka tengsl fræðslustofnana og atvinnulífs. Þá þarf átakið að tryggja að einstaklingarnir hverfi ekki af vinnumarkaði þótt þeir afli sér viðbótarmenntunar.

Með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var stigið mikilvægt skref í sömu átt og markmið tillögunnar. Mikilvægt er að sú reynsla sem þar hefur fengist nýtist sem best en ljóst er að þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við fræðslumiðstöðina dugar ekki til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er fyrir markhóp tillögunnar.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Nýlega vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu fyrir Eflingu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og starfsmenntaráð um menntareikninga. Í skýrslunni koma fram ýmsar upplýsingar og rökstuðningur sem tengjast þessari tillögu til þingsályktunar. Í upphafskafla skýrslunnar segir m.a.:

„Almennt er talið að menntun auki hagvöxt og framleiðni og bæti lífskjör fólks, enda er eitt helsta hlutverk ríkisins að tryggja jafnrétti til náms. Kröfur um menntun og starfsþekkingu hafa enn fremur vaxið á síðustu árum í atvinnulífinu og tekjubilið milli faglærðra og ófaglærðra breikkað. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til aukinna tækniframfara og alþjóðaviðskipta en hennar gætir um allan hinn vestræna heim. Íslendingar standa að sumu leyti vel í samanburði við aðrar þjóðir hvað menntun áhrærir, einkum hvað varðar fjölda háskólamenntaðs fólks. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um lægri skólastig, en vegna mikils brottfalls úr framhaldsskólum er framhaldsskólamenntun ekki jafnalmenn hérlendis og meðal annarra vestrænna ríkja. Á mynd 1 má sjá að hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi á Íslandi er mun lægra en annars staðar á Norðurlöndunum.

Mynd 1. Hlutfall þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólanámi á aldrinum 25–31 árs árið 2001 á Norðurlöndunum[1]



Þetta hlýtur að teljast áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag þar sem möguleikar og hæfileikar margra einstaklinga eru ekki nýttir sem skyldi vegna skorts á menntun og fagþjálfun. Af þeim sökum má færa rök fyrir því að nauðsyn sé á nýjum úrræðum í menntamálum sem ná til þeirra sem hafa hætt námi eftir grunnskóla en vildu gjarnan bæta við sig þekkingu. Í þessari skýrslu er stungið upp á sérstökum sparnaðarreikningum – svokölluðum menntareikningum – sem nýrri leið að þessu markmiði.

Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launþegi ákveður að nýta sér innstæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekenda sem væri þá einnig fast hlutfall af launum starfsmanns. Ef launþegi hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem lífeyrissparnað. Þetta fyrirkomulag er ekki ólíkt fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissjóða hér á Íslandi þó þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Hægt væri að byggja reikningana á því söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar, en það hefur reynst vel og hafa aðilar á vinnumarkaði fengið traust á því.

Þegar kemur að menntun er lykilatriði að þeir einstaklingar sem ljúka menntun, hvort sem hún er starfstengd eða ekki, hljóti einhverja staðfestingu á áunninni færni. Þar kemur fram nauðsyn þess að samræma skráningu menntunar hjá stofnunum sem bjóða upp á menntun og starfsþjálfun þannig að atvinnurekendur og aðrir geti gengið að því vísu hvaða menntun einstaklingur hefur að loknu námskeiði. Norðmenn hafa verið í fararbroddi hvað varðar sameiginlegt skráningarkerfi, svokallað raunfærnikerfi, þar sem frammistaða einstaklinga í námi og þjálfun og færni í vinnu er metin að verðleikum. Markmiðið er að setja upp kerfi sem skráir og metur hæfni, getu, reynslu og þekkingu einstaklinga sem hægt er að nýta á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Raunfærni tekur til allrar menntunar og skipulags náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum, námskeiðum og með almennri þátt-

[1] Heimild: Eurydice (2002).

töku í samfélaginu. Kerfinu er ætlað að vega upp á móti síbreytilegum þörfum vinnumarkaðarins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja. Íslendingar standa höllum fæti hvað varðar menntun á framhaldsskólastigi. Í stað þess að halda uppi ósveigjanlegum reglum skólakerfisins væri hægt að koma til móts við þá sem vilja mennta sig frekar. Ljóst er að aðilar á vinnumarkaði eru í fararbroddi þegar kemur að símenntun og ýmiss konar fullorðinsfræðslu á Íslandi, þar sem félagsmönnum er þá boðið upp á möguleika til að bæta við sig þekkingu og auka hæfni í gegnum hina ýmsu starfsmennta- og fræðslusjóði. Stigið hefur verið skref í þá átt að þróa heilsteypt kerfi símenntunar á Íslandi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í desember 2002 sem er samstarfsverkefni ASÍ og SA, en eitt af markmiðum hennar er að vinna skipulega að því að meta og votta óformlegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulífið. Á næstu misserum mun Fræðslumiðstöðin standa fyrir víðtæku átaki í starfs- og endurmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði.

Menntareikningum er ætlað að efla símenntun og byggja á því samstarfi sem nú þegar er milli aðila á vinnumarkaði og fræðsluaðila og þannig sporna gegn aukinni misskiptingu menntunar í landinu. Vorið 1998 gerði Félagsvísindastofnun könnun á símenntun á Íslandi miðað við síðastliðna 12 mánuði, en þar kom í ljós að um helmingur þeirra sem svöruðu hafði hlotið fræðslu eða menntun utan skólakerfisins á umræddu tímabili, um 34% sóttu starfstengd námskeið og um 20% tómstundanámskeið. Í könnun um símenntun, sem IBM gerði fyrir menntamálaráðuneytið í febrúar 2003, kom fram að um 49,3% aðspurðra höfðu stundað eitthvert nám á síðustu 12 mánuðum sem er svipað hlutfall og var árið 1998. Niðurstöðurnar Félagsvísindastofnunar sýndu fram á að einkenni þeirra sem sóttu ekki símenntun voru að vera eldri en 45 ára, hafa stutta skólagöngu að baki og vinna sérhæfð störf. Á mynd 2 má sjá að námskeiðssókn var minni meðal þeirra sem hafa aðeins grunnskólanám að baki.

Mynd 2. Námskeiðssókn eftir menntun



Það kom fram að þeir sem hafa stutta skólagöngu að baki og gætu haft mestan ábata af símenntun sækja hana þó aðeins í litlum mæli. Sá hópur ætti hins vegar að vera eins konar forgangshópur hvað varðar símenntun á Íslandi ef hún á að einhverju leyti að koma til móts við þá sem hafa ekki sótt framhaldsskólanám.“

145. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um heiðurslaun listamanna.

Flm.: Mörður Árnason.

Alþingi ályktar að veita skuli árlega heiðurslaun listamanna á fjárlögum. Heiðurslaunin séu að jafnaði veitt allt að fjörutíu íslenskum listamönnum hverju sinni og ekki færri en tuttugu og fimm. Sá sem hefur fengið heiðurslaun skal halda þeim ævilangt. Launin skulu að fjárhæð miðast við lífeyriskjör kennara.

Menntamálanefnd geri, ef ástæða þykir til, tillögur fyrir 3. umræðu um fjárlagafrumvarp ár hvert um það hvaða listamenn bætist í þann hóp sem heiðurslaun hlýtur. Nefndin skal við það verk hafa samráð við forystumenn Bandalags íslenskra listamanna. Við tillögugerðina skal miða við að listamaðurinn hafi varið starfsævi sinni eða verulegum hluta hennar til liststarfa, að hann hafi skarað fram úr við listsköpun sína eða störf hans að listum skilað miklum árangri á Íslandi eða á alþjóðavettvangi, og að listamaðurinn sé kominn á eftirlaunaaldur eða nálgist starfslok. Nefndin skal eftir atvikum taka tillit til skiptingar í hópi heiðurslaunamanna eftir listgreinum og kynjum.

Greinargerð.

Heiðurslaun listamanna voru veitt samkvæmt lögum nr. 29/1967 fram til 1991 þegar þau lög voru felld úr gildi en ný lög um listamannalaun, nr. 35/1991, tóku við. Í hinum nýju lögum var ekkert ákvæði um heiðurslaunin og hefur Alþingi síðan samþykkt að veita þau frá ári til árs í tengslum við fjárlagaumræðu að hausti.

Um veitingu heiðurslauna hefur ekki verið verulegur vafi á Alþingi þótt engin séu lögin enda hefur þingið fullt frelsi til slíkrar fjárveitingar. Hins vegar hafa verið uppi ýmis viðhorf um ástæður heiðurslaunanna og hafa þau sjónarmið komið fram, m.a. af hálfu listamanna, að eðlilegt sé að gera skýran greinarmun á þeim og listamannalaunum (starfslaunum listamanna). Hér er gert ráð fyrir að Alþingi lýsi vilja sínum í þessum efnum með þingsályktun en án lagasetningar.

Með samþykkt tillögunnar væru forsendur þessarar heiðursfjárveitingar skilgreindar á ýmsa vegu, að mestu í samræmi við þá hefð sem hefur skapast í meðförum þingsins. Menntamálanefnd stæði betur að vígi við val heiðurslaunahafa þar sem vísir að starfsreglum lægi fyrir. Samþykkt tillögunnar mundi að auki lýsa stöðu heiðurslaunahafa og greina betur á milli heiðurslaunanna og starfslauna listamanna en verið hefur.

Listamenn sem njóta heiðurslauna voru í upphafi þessa árs 25 talsins. Hér er lagt til að sú tala marki framvegis lágmarksfjölda í þessum hópi, en eðlilegt er að smám saman fjölgi í hópnum enda hefur það verið reynslan undanfarna áratugi. Rétt þykir þó að hafa einnig efri mörk og er hér lögð til talan 40. Fyrirvari er þó settur við þessi mörk.

Að tillögunni samþykktri lægi fyrir sá vilji Alþingis að heiðurslaunamenn njóti launa sinna til æviloka, eins og nú er venja.

Í tillögunni er menntamálanefnd falið að gera tillögur um heiðurslaunamenn eins og verið hefur venja. Það nýmæli er hér lagt til að nefndin hafi samráð við Bandalag íslenskra listamanna um tillögu sína. Ljóst er að þingsályktun af þessu tagi nýttist nefndarmönnum vel við þessi störf í framtíðinni og samráð við samtök listamanna stuðlar að traustum faglegum grunni við tillögugerðina.

Þeir listamenn koma til greina samkvæmt tillögunni sem skarað hafa fram úr í listsköpun sinni. Einnig er gert ráð fyrir að listamönnum geti talist til tekna mikilsvert verk í þágu lista hér og erlendis. Hér getur til dæmis verið um að ræða listamenn sem hafa staðið framarlega í listfræðum, verið frumherjar í listgrein eða frumkvöðlar í stefnum og straumum, forystumenn í félagslífi listamanna eða mikilvirkir í alþjóðasamskiptum á listasviði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að heiðurslaun hljóti að jafnaði listamenn sem eru komnir á almennan eftirlaunaaldur eða nálgast starfslok. Þetta er í samræmi við álit flestra þeirra sem um þessi mál hafa fjallað. Starfslaunaskipaninni er ætlað að tryggja stuðning við listamenn á ferli sínum og er ekki eðlilegt að blanda um of saman heiðurslaununum og starfslaununum. Orðalag í tillögunni ætti þó að tryggja að hægt sé að taka tillit til ýmislegra aðstæðna í þessu efni og er ekki miðað við ákveðinn lífaldur. Rétt er að geta þess hér að lífeyrismál margra listamanna hafa verið í bágu lagi og má ætla að það loði við áfram þrátt fyrir breyttar aðstæður í lífeyrismálum. Heiðurslaunin hafa af þessum sökum komið ýmsu öldruðu listafólki einkar vel.

Þá er í tillögunni áskilið að taka skuli að öðru jöfnu tillit til skiptingar í heiðurslaunahópi eftir kynjum og listgreinum. Er það í samræmi við sjónarmið sem fram hafa komið við veitingu heiðurslauna að undanförnu.

Þá er gert ráð fyrir að upphæð heiðurlauna haldist svipuð frá ári til árs og eru lífeyriskjör kennara hér lögð til sem viðmiðun. Starfslaunin nema nú 201.204 kr. á mánuði og eru miðuð við ákveðinn taxta háskólakennara (lektorslaun II). Mætti sem hægast mynda þá vinnureglu að heiðurslaunin séu að krónutölu ákveðið hlutfall af upphæð starfslaunanna, t.d. 80 eða 90 af hundraði. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er upphæð heiðurslauna á mann aðeins 1,6 millj. kr. á árinu, eða rúmar 133 þús. kr. á mánuði. Ef þessi leið yrði farin þyrfti að bæta nokkuð í fjárlagaliðinn strax í haust.

Tillaga þessi er að nokkru sniðin eftir tillögu sem Svavar Gestsson, fyrrverandi menntamálaráðherra, flutti á Alþingi vorið 1999 en komst aldrei til umræðu. Þar var einnig lagður til rammi um fjölda heiðurslaunamanna og að þeir héldu launum ævilangt. Í tillögu Svavars var að auki miðað við 65 ára aldur og það aldursmark var einnig nefnt í frumvarpi að listamannalögunum frá 1991. Hér er hins vegar gert ráð fyrir nokkrum sveigjanleika gagnvart lífaldri heiðurslaunahafa.

Þess má vænta að samþykkt þingsályktunartillögu sem þessarar skapi meiri festu við veitingu heiðurslaunanna og dragi úr núningi og jafnvel deilum sem stundum hafa komið upp um veitinguna. Heiðurslaunin eiga að vera mikilvæg viðurkenning sem Alþingi sæmir bestu listamenn okkar fyrir hönd þjóðarinnar og er þinginu skylt að búa heiðurslaununum umgjörð sem hæfir tilgangi þeirra.

146. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Flm.: Birkir J. Jónsson, Halldór Blöndal, Kristján L. Möller,
Steingrímur J. Sigfússon, Sigurjón Þórðarson, Dagný Jónsdóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra undirbúning að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Haft verði að markmiði að bjóða upp á nám til stúdentsprófs auk þess sem skólinn sérhæfi sig í sjávarútvegsmenntun.

Ráðherra skipi undirbúningshóp sem í sitji fulltrúi menntamálaráðherra, sem veiti hópnum forustu, fulltrúi ráðherra byggðamála, fulltrúi sjávarútvegsráðherra, fulltrúi Dalvíkurbyggðar, fulltrúi Ólafsfjarðarbæjar og fulltrúi Siglufjarðarkaupstaðar.

Greinargerð.

Við utanverðan Eyjafjörð búa um 4.500 manns en þar er enginn framhaldsskóli. Ljóst er, samkvæmt skýrslu Hermanns Tómassonar frá árinu 2001, að afgerandi meirihluti foreldra á svæðinu kysi að hafa þar framhaldsskóla og samkvæmt könnun sem gerð var á sama tíma hefði meiri hluti nemenda áhuga á framhaldsskólanámi á svæðinu. Kannanir sýna einnig að brottfall nemenda þaðan í framhaldsskólum á Akureyri er meira en gengur og gerist.

16–18 ára fólk telst börn eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður en fólk á þessum aldri af svæðinu á einungis kost á framhaldsskólanámi fjarri heimili sínu. Æskilegt væri að hægt væri að stunda nám í heimabyggð fram að 18 ára aldri. Einnig mundi framhaldsskóli sinna sí- og endurmenntun á svæðinu, til hagsbóta fyrir íbúa og atvinnulíf.

Sérhæfing skólans, auk náms til stúdentsprófs, væri á sviði sjávarútvegs. Vagga útgerðar og fiskvinnslu í landinu er við Eyjafjörð og því eðlilegt að þar fari fram menntun skipstjórnarmanna og fiskvinnslufólks. Framhaldsskólahefð er fyrir á svæðinu, t.d. eiga fiskvinnsluskóli og stýrimannaskóli sér langa hefð í Dalvíkurbyggð.

Mikill stuðningur er við stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð hjá sveitarfélögunum Dalvíkurbyggð, Ólafsfirði og Siglufirði og ljóst að með jarðgöngum um Héðinsfjörð mun samstarf sveitarfélaganna eflast til muna á öllum sviðum. Ljóst er að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð er mjög mikilvægt verkefni í byggðalegu tilliti enda er fjallað um málið í skýrslu sem verkefnisstjórn um byggðaáætlun Eyjafjarðar hefur skilað iðnaðarráðherra.

147. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Örlygsson, Helgi Hjörvar, Hjálmar Árnason, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Mörður Árnason, Sigurjón Þórðarson, Siv Friðleifsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 18 ára. Þá er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22% þeim sem er yngri en 20 ára.

2. gr.

C-liður 3. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: áfengi sem ungmenni yngri en 18 ára hafa undir höndum og áfengi sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22% og ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna reynsluna af lækkun aldursmarka í 18 ár til kaupa á léttvíni og bjór frá gildistöku laga þessara. Nefndin skal taka til starfa 1. janúar 2007 og skila Alþingi skýrslu um athuganir sínar í upphafi þings árið 2008. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði lækkuð úr 20 ára aldri í 18 ára aldur. Er það til samræmis við það sem fyrir löngu hefur gerst hjá flestum þeirra þjóða sem við berum okkur saman við. Auk þess er verið að samræma réttindi og skyldur unga fólksins sem eru ekki í takt við þær lagabreytingar sem orðið hafa. Má þar nefna að lögræðislögum var breytt 1979 og lögræðisaldur lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Með lögum frá 1972 var heimill aldur til hjúskaparstofnunar lækkaður í 18 ár. Árið 1984 var svo kosningaaldur lækkaður úr 20 ára aldri í 18. Sjálfræðisaldur var síðan hækkaður úr 16 árum í 18 árið 1998. Ákvæðið um 20 ára aldursmörk í áfengislögunum hefur hins vegar staðið óbreytt frá 1969, en þá var aldursmarkið fyrir neyslu áfengis lækkað úr 21 ári í 20 ár. Var sú breyting í samræmi við breytta löggjöf um kosningarrétt, kjörgengi, fjárræðisaldur og hjúskaparaldur.

Forsaga málsins.

Á 120. löggjafarþingi árið 1995 var flutt frumvarp þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi yrðu lækkuð úr 20 ára aldri í 18 ára aldur. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Með þessu frumvarpi er gengið skemur og lagt til að lækkun aldursmarka til áfengiskaupa nái aðeins til léttvíns og bjórs. Er það gert til að meta reynsluna af breytingunni, áður en skrefið yrði stigið til fulls, sem ætti að vera til þess fallið að ná betri samstöðu um málið, en ljóst er að skiptar skoðanir eru um að lækka aldurinn til áfengiskaupa. Jafnframt er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að tveimur árum eftir gildistöku laganna verði áhrif breytinganna metin.

Á árinu 1998 náðist samstaða um það í allsherjarnefnd að leggja til með ákvæði til bráðabirgða í áfengislögunum að sett yrði á laggirnar nefnd sem yrði falið það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Verkefnið var m.a. að skilgreina kosti og galla breytinga á áfengiskaupaaldri. Jafnframt átti nefndin að meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að lækka áfengiskaupaaldur í 18 ár. Sömuleiðis átti nefndin að meta hvort rétt væri að lækka áfengiskaupaaldurinn tímabundið í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu yrði miðað við að lækka aldurinn úr 20 árum í 18 ár að því er varðaði léttvín og bjór. Nefndinni var líka falið það verkefni að kanna hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.

Á 130. löggjafarþingi gaf allsherjarnefnd út nefndarálit um sama mál þar sem lagt var til að frumvarpið yrði samþykkt með lítils háttar tæknilegum breytingum (163. mál, þskj. 1593). Þar sagði m.a.: „Á undanförnum áratugum hafa réttindi og skyldur ungs fólks verið samræmd að miklu leyti þannig að þau miðist við 18 ára aldur. Þannig má nefna að rétturinn til að ganga í hjónaband hefur miðast við 18 ár frá árinu 1972, lögræði hefur miðast við 18 ár frá árinu 1979, kosningarréttur hefur miðast við 18 ára frá árinu 1984 og sjálfræðisaldur var færður úr 16 árum í 18 ár árið 1998. Nefndin lítur svo á að í ljósi framangreindra breytinga í þjóðfélaginu varðandi réttindi og skyldur 18 ára einstaklinga skjóti það skökku við að þessir einstaklingar geti ekki tekið ákvörðun um kaup og neyslu léttvíns og bjórs."

Frumvarpið var hins vegar ekki tekið til 2. umræðu og er því lagt fram á nýjan leik að teknu tilliti til þeirra breytinga sem allsherjarnefnd lagði til.

Niðurstaða nefndarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar sem dómsmálaráðherra lagði fyrir 125. löggjafarþing (1999–2000) var eftirfarandi:

1. Áfengiskaupaaldurinn verði óbreyttur.
2. Endurskoðað verði að hækka ökuleyfisaldur úr 17 í 18 ár.
3. Leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur verði lækkaður í 0 prómill.
4. Auka þarf markvisst löggæslu-, eftirlits- og forvarnastarf og fylgja málum eftir. Verði ákveðið að gera tilraun með að lækka áfengiskaupaaldur gildi það aðeins um léttvín og bjór. Ljóst er að samhliða þarf að stórauka forvarnir, eftirlit og löggæslu.

Þrátt fyrir þá niðurstöðu nefndarinnar sem birtist í 1. tölul. hér að framan telja flutningsmenn þessa frumvarps fulla ástæðu til þess að breyta áfengislögunum og lækka aldurinn til kaupa á léttvíni og bjór í 18 ár. Flutningsmenn eru sammála þeim tillögum sem fram koma í 2. og 4. tölul. og telja rétt að kannað verði hvort lækka skuli almennt leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna. Þá leggja flutningsmenn til að samhliða því að í lög verði leidd lækkun á áfengiskaupaaldrinum verði þeim tillögum nefndarinnar hrundið í framkvæmd.

Rökin með og á móti lækkun áfengiskaupaaldurs.

Í skýrslu dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldur sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi koma fram sterk rök fyrir að heimila lækkun á áfengiskaupaaldri. M.a. kemur fram að þversagnarkennt sé að maður verði lögráða 18 ára og ráði þá einn öllum sínum málum, en að hann geti ekki keypt og neytt áfengis. Er nefnt sem dæmi að kosningarréttur og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna er miðaður við 18 ára aldur og stofna má til hjúskapar 18 ára. Sömuleiðis kemur fram að áfengiskaupaaldur sé ekki í samræmi við helstu persónuréttindi er menn öðlast við 18 ára aldur, svo sem hæfi til að ráða persónulegum högum, ráða fé sínu, stofna til fjárskuldbindinga, kjósa til Alþingis og sveitarstjórna, stofna til hjónabands o.fl.

Önnur rök með lækkun áfengiskaupaaldurs sem sett eru fram í skýrslunni eru eftirfarandi:

1. Lækkun áfengiskaupaaldurs samræmist sjálfræðisaldri og öðrum þeim helstu persónuréttindum er menn öðlast við 18 ára aldur.
2. Með lækkun áfengiskaupaaldurs væri verið að breyta lögum sem meiri hluti ungmenna fer ekki eftir og ekki hefur verið framfylgt.
3. Lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár, einkum hvað varðar léttvín.
4. Erfitt er að framfylgja 20 ára áfengiskaupaaldri þegar ungmennum yngri en 20 ára er heimilaður aðgangur að vínveitingastöðum.
5. Hár áfengiskaupaaldur getur gert áfengi eftirsóknarverðara í augum ungmenna.
6. Takmarkað aðgengi og hátt verðlag áfengis getur stuðlað að neyslu ólöglegra vímuefna.
7. Sumir foreldrar telja að betra sé að lækka áfengiskaupaaldurinn í 18 ár og standa staðfastlega við hann og finnst erfitt að neita börnum sínum um áfengi eftir 18 ára aldur. Þeir líta jafnframt á börn sín sem fullorðnar manneskjur og finnst erfitt að fylgja lögunum um 20 ára áfengiskaupaaldur.
8. Með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár hvað varðar bjór og léttvín væri verið að reyna að breyta drykkjuvenjum til hins betra. Með breytingu á áfengislöggjöfinni þannig að fólki 18–20 ára væri heimilt að kaupa bjór og léttvín en ekki sterkt áfengi væri verið að reyna að gera áfengisneysluna hættuminni og hafa áhrif á drykkjumynstrið.

Í skýrslu dómsmálaráðherra um lækkun áfengiskaupaaldurs kemur m.a. fram að áform um að lækka áfengiskaupaaldur samræmist ekki þeirri stefnumótun sem samþykkt var af ríkisstjórninni árið 1996. Þessi rök eru nokkuð langsótt því að ekki er hægt að fullyrða að slík áform, t.d. hvað varðar bjór og léttvín, muni auka drykkju ungmenna. Allt eins gæti sú breyting haft áhrif á drykkjumynstur ungmenna. Má í því sambandi benda á að í skýrslu dómsmálaráðherra þar sem vitnað er í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um málið kemur fram að rannsóknir bendi til þess að við 18 ára aldur sé almenn drykkja ungmenna þegar hafin og því hefði breytingin sennilega lítil áhrif á það hvenær drykkja hefst.

Einnig er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem m.a. fól í sér að draga stórlega úr áfengisnotkun barna og ungmenna, er langt frá því að skila þeim árangri sem að var stefnt. Þótt áfengiskaupaaldur hafi ekki verið lækkaður hefur áfengisneysla barna og ungmenna aukist verulega samkvæmt skýrslu áfengis- og vímuvarnaráðs sem gefin var út árið 2003. Þannig jókst fjöldi þeirra sem voru í áfengismeðferð á Vogi 19 ára og yngri úr 180 árið 1996 í 294 árið 2001, en stefnumótun ríkisstjórnarinnar í áfengisvörnum var gefin út 1996. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að það hefur færst í aukana að unglingar undir tvítugu komi í meðferð á Vogi. Árið 1991 var hlutfall þeirra sem voru 20 ára eða yngri 7% en tíu árum síðar var hlutfall þeirra orðið 16%. Þannig er ekki gefið að það feli í sér einhverja vörn gegn drykkju ungmenna að hafa áfengiskaupaaldurinn 20 ár en ekki 18 ár eins og hjá flestum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Miklu álitlegra til

áfengisvarna er að auka forvarnir og herða eftirlit með því að löglegur áfengiskaupaaldur sé virtur, en til þess þarf að efla löggæslu og herða eftirlit inni á vínveitingastöðum. Ljóst er líka og flestir viðurkenna að aðgengi barna og ungmenna að áfengi er auðvelt þrátt fyrir löggjöfina um 20 ára aldursmark til áfengiskaupa.

Athyglisvert er að í skýrslunni er einungis vitnað til reynslu Bandaríkjanna af lækkun áfengiskaupaaldurs þótt nefndinni hafi verið falið að kanna reynslu annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri. Þetta eru gagnrýnisverð vinnubrögð því það er nánast ómarktækt að bera Ísland saman við Bandaríkin í þessu efni þar sem aðstæður eru allt aðrar varðandi vegalengdir og samgöngur. Víða í Bandaríkjunum eru engar skipulagðar strætisvagnaferðir eða leigubílar, ökuleyfisaldurinn er í sumum fylkjum 15 ár, auk þess sem það var sett sem skilyrði að fylkin í Bandaríkjunum hækkuðu áfengiskaupaaldur ella mundu þau missa styrki frá Bandaríkjastjórn til þjóðvegagerðar. Til þess er líka vitnað að hjá ökumönnum á aldrinum 17–20 ára sé slysatíðni yfirleitt hæst. Að því er síðan leitt getum að með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 ára í 18 ár megi búast við fjölgun alvarlegra bílslysa af völdum ungra ölvaðra ökumanna. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að í allflestum löndum Evrópu er ökuleyfisaldurinn 18 ár en 17 ár hér á landi sem gæti skýrt að einhverju leyti að slysatíðni sé yfirleitt hæst hjá þeim sem eru undir 20 ára aldri.

Áfengiskaupaaldur lægri hjá flestum nágrannaþjóðum.

Í áður tilvitnaðri skýrslu dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldurinn kemur fram fróðlegur samanburður á því hvernig áfengiskaupaaldri er hagað í öðrum löndum. Þar kemur fram eftirfarandi:

Víðast hvar á Norðurlöndunum og í öðrum Evrópulöndum er áfengiskaupaaldur lægri en hérlendis.

Í Danmörku er verslunum óheimilt að selja áfengi yngri börnum en 15 ára (Lov om ændring af lov om foranstaltninger mod alkoholmisbrug nr. 411/1998). Þá er óheimilt að veita börnum yngri en 18 ára sterkt áfengi á veitingastöðum og öðrum stöðum sem hafa veitingaleyfi fyrir sterkt áfengi. (Restaurationsloven nr. 256/1993.)

Í Svíþjóð er ekki leyfilegt að selja fólki yngra en 20 ára sterkt/brennt áfengi, léttvín og sterkan bjór í vínbúð. Á veitingastöðum mega þeir sem náð hafa 18 ára aldri neyta hvers kyns áfengra drykkja. Bjór í flokki I telst óáfengur og engin aldurstakmörk eru fyrir neyslu hans. (Alkohollag 1994/1738.)

Í Noregi er heimilt að selja og veita fólki 20 ára og eldra sterka/brennda drykki, en allt annað áfengi er heimilt að selja þeim sem náð hafa 18 ára aldri. (Lov om omsetning af alkoholdig drikk m.v. nr. 27/1989.)

Í Finnlandi er 20 ára aldurstakmark hvað varðar sterka drykki en 18 ára fyrir bjór og léttvín í vínbúðum. Á veitingastöðum gildir 18 ára aldurstakmark fyrir alla áfenga drykki.

Af öðrum löndum má nefna Írland, Lúxemborg, Bretland, Tyrkland, Lettland, Litháen, Rúmeníu, Rússland og Pólland sem hafa 18 ára áfengiskaupaaldur.

Í Sviss, Hollandi og Þýskalandi er 18 ára aldurstakmark hvað varðar sterkt áfengi en 16 ára hvað varðar léttvín og bjór.

Í Frakklandi, á Spáni, í Belgíu og á Ítalíu er hins vegar 16 ára aldurstakmark til að kaupa allt áfengi.

Löglegur áfengiskaupaaldur í nokkrum löndum.

	Léttöl	Bjór	Vín	Sterkt/brennt áfengi
Danmörk (lög frá 1998)	15 ár	15 ár	15 ár	15 ár úr búð 18 ár á veitingastað
Finnland (lög frá 1969)	18 ár	18 ár	18 ár	20 ár úr vínbúð 18 ár á veitingastað
Ísland (lög frá 1998)	÷	20 ár	20 ár	20 ár
Noregur	18 ár	18 ár	18 ár	20 ár
Svíþjóð (lög frá 1969)	≤ 3,5% ÷	20 ár sterkur 18 ár flokkur II	18 ár 21 ár	20 ár úr vínbúð 18 ár á veitingastað
Bandaríkin	÷	21 ár	21 ár	21 ár
Nýja-Sjáland (upplýsingar frá 1997)	÷	20 ár í búð 18 ár á veitingastað með fylgd	20 ár í búð 18 ár á veitingastað með fylgd	20 úr búð 18 á veitingastað með fylgd

Af framangreindu er ljóst að Íslendingar skera sig frá öðrum þjóðum sem flestar hafa lækkað áfengiskaupaaldurinn í 18 ár, a.m.k. hvað varðar léttvín og bjór. Þessi breyting á áfengislögunum felur í sér að unga fólkinu yrði treyst til að umgangast áfengi af skynsemi og gera sér grein fyrir þeirri hættu sem ofnotkun þess fylgir. Slík viðhorfsbreyting löggjafans til unga fólksins gæti þýtt breytt viðhorf þess til umgengni við áfengi.

Áfengisvandamál óvíða meiri en á Íslandi.

Nefnd dómsmálaráðherra setti fram mjög athyglisverð sjónarmið um þetta efni, sem rökstyðja að rétt sé að gera þá breytingu sem hér er lögð til. Eftirfarandi kemur fram í skýrslunni: „Það kemur á óvart að þrátt fyrir þessa lágu heildarneyslu virðast áfengisvandamál óvíða vera meiri en á Íslandi. Hvergi í Evrópu er annað eins framboð á meðferð fyrir áfengissjúka og hvergi hefur jafnstór hluti einnar þjóðar farið í einhvers konar meðferð vegna misnotkunar áfengis, auk fjölda aðstandenda sem tekið hefur þátt í einhvers konar námskeiðum og fundum um alkóhólisma og skaðsemi áfengis. Einkenni þessara drykkjuvandamála eru þó fyrst og fremst félagsleg. Líkamleg sjúkdómseinkenni sem rekja má til mikillar áfengisneyslu, svo sem skorpulifur, eru fáséðari hérlendis en annars staðar en á hinn bóginn virðast mikil félagsleg vandamál fylgja drykkjunni. Ástæða þessa er sú að drykkjumynstrið er öðruvísi á Íslandi en víða annars staðar. Fólk hefur þá tilhneigingu að drekka áfengi fyrst og fremst í því augnamiði að verða mjög ölvað sem síðan leiðir til stjórnleysis. Reyndar er þetta gömul saga og útlendingar hafa um margra áratuga- eða aldaskeið furðað sig á þessari ríku tilhneigingu til að drekka sig ávallt mjög ölvaða í hvert sinn sem tappi er tekinn úr flösku. Ekki hefur fundist nein einhlít skýring á þessu. Spurningin er hvort hið takmarkaða aðgengi geti mögulega leitt til þess að drykkjan verði meiri og alvarlegri þegar hún fer fram en fylgi ekki drykkjusiðum annarra Evrópuþjóða. Þrátt fyrir þá staðreynd að meira sé drukkið virðast margar aðrar Evrópuþjóðir nálgast áfengi með öðru hugarfari en Íslendingar. Áfengi og þá sérstaklega léttvín og bjór er hluti af daglegu lífi, máltíðum og félagslegu samneyti. Drykkjan á Íslandi miðast frekar við helgarneyslu þar sem mestu skiptir að drekka sem allra mest á sem stystum tíma. Þessi ofurdrykkja þegar drukkið er, með tilheyrandi ölvun og stjórnleysi, leiðir síðan til alvarlegra félagslegra vandamála, líkamsmeiðinga, ölvunaraksturs, heimilisofbeldis og margs konar slysa."

Full ástæða er til að íhuga alvarlega þessa skoðun nefndarinnar og hvort lækkun áfengiskaupaaldurs, þar sem unga fólkinu yrði treyst til að fara af skynsemi með áfengi, auk þess

sem neyslunni yrði beint frá sterku áfengi að veikara, geti ekki átt verulegan þátt í því að breyta neysluvenjum unga fólksins.

Óvirk áfengislöggjöf.

Eftir þá breytingu sem hér er lögð til á áfengislöggjöfinni væri líka auðveldara að framfylgja áfengislögunum og einbeita sér frekar að þeim sem eru yngri en 18 ára. Þá væri þessu samfara hægt að koma af stað lögbundinni, markvissri og skynsamlegri áfengisstefnu, þar sem jafnframt yrði reynt að draga úr áfengisneyslunni með öðrum aðferðum en aðeins boðum og bönnum. Slíkt hefur ekki gefist nægilega vel, enda eru óteljandi möguleikar til að komast fram hjá því. Með því að lækka áfengiskaupaaldurinn er verið að breyta lögum sem ekki er farið eftir og erfitt er að framfylgja. Lög sem ekki er farið eftir, mörgum finnst óréttlát og óskynsamleg og örðugt er að framfylgja eru ekki góð lög. Út frá siðferðissjónarmiði vaknar líka spurning um áhrif þess að ungt fólk alist upp við að ekkert mál sé að brjóta lög.

Hvað sem lögunum líður hefur ungt fólk greiðan aðgang að áfengi. Erfitt er að sjá að áfengisvandinn liggi í því hvort 18, 19 eða 20 ára ungmenni hafa lagalega heimild til neyslu áfengis. Orsakir vandans eiga sér oftast dýpri rætur og tengjast meira því þjóðfélagslega umhverfi sem unga fólkinu er búið. Ástæða er fremur til að brjóta þann þátt til mergjar en að skella skuldinni á einhver óskilgreind unglingavandamál og skýla sér bak við úrelta löggjöf til að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnotkun unga fólksins.

Frá því síðast var lagt fram frumvarp um lækkun á áfengiskaupaaldrinum árið 1995 hefur sjálfræðisaldurinn verið aðlagaður þeirri þróun sem orðið hefur á sl. áratugum varðandi réttindi og skyldur ungs fólks og er nú 18 ár. Eftir situr því aðeins að lækka áfengiskaupaaldurinn til að samræma öll réttindi og skyldur við 18 ára aldurinn. Ástæða er til að draga saman rökin sem sett voru fram í frumvarpinu 1995 fyrir lækkun á áfengiskaupaaldrinum. Þar kom fram eftirfarandi í greinargerð frumvarpsins: „Mikil þversögn felst í því að við 18 ára aldur getur fólk ráðið sjálft öllum persónulegum högum sínum, hefur jafnt sjálfræði sem fjárræði. Þannig getur 18 ára einstaklingur tekið bankalán, orðið sjálfskuldarábyrgðarmaður vegna þriðja aðila eða handhafi greiðslukorta. Honum er treyst fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir giftingu og uppeldi barna, að hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna, en ekki sjá fótum sínum forráð og bera ábyrgð á meðferð og neyslu áfengis eins og aðrir. 18 ára einstaklingur getur líka haft rétt til að kjósa um hvort opna skuli áfengisútsölu í tilteknu bæjarfélagi.“ Við þetta má bæta að við 18 ára aldur ræður einstaklingur hvort hann flytur að heiman, heldur áfram skólagöngu o.s.frv. Þversögn er líka í því fólgin að við 17 ára aldur er honum treyst til að aka bifreið og bera þannig ábyrgð á lífi og limum fólks í umferðinni, en sama einstaklingi er ekki fyrr en þremur árum síðar treyst til að sjá fótum sínum forráð í neyslu áfengis. Ástæða er líka til að benda á að ekkert í áfengislögum bannar fólki að afgreiða áfengi á vínveitingahúsi þó að kaup þess sjálfs og neysla sé bönnuð.

Í greinargerð áðurnefnds frumvarps frá árinu 1995 kemur eftirfarandi m.a. fram: „Í ljósi umræðna um vaxandi vímuefna- og áfengisnotkun ungmenna gæti slík breyting á áfengislögunum virst mótsagnakennd. Ástæða er hins vegar til að ætla að ákvæði áfengislöggjafarinnar um 20 ára aldursmörk séu í reynd óvirk því að þeim sem ætla sér að neyta áfengis og eru undir 20 ára aldri eru yfirleitt opnar leiðir til að ná sér í áfengi þegar þeim hentar. Engin vörn er því í umræddu ákvæði. Þvert á móti ýta þessi ákvæði, sem fólk virðir ekki, undir ólöglegan innflutning á áfengi, aukna neyslu á bruggi og landasölu og jafnvel fíkniefnaneyslu unglinga.“

Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík og félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar.

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík sem barst allsherjarnefnd Alþingis um frumvarpið um lækkun áfengiskaupaaldurs frá 1995 er vakin athygli á því ósamræmi sem er í áfengislögunum þess efnis að lágmarksaldur fyrir dvöl á veitingastað að kvöldi til þar sem áfengisveitingar eru leyfðar er 18 ár en samkvæmt ákvæðum sömu laga má ekki selja, veita eða afhenda áfengi yngri en 20 ára. Það leiði síðan til þess að 18 ára ungmennum er heimil dvöl í áfengisveitingahúsun, en þjónar mega ekki veita eða afhenda áfengi gestum yngri en 20 ára. Orðrétt segir síðan í umsögninni: „Því má ljóst vera, að innan veggja slíkra húsa er tíðum hópur gesta sem ekki má veita áfengi. Getur slíkur hópur verið býsna stór, jafnvel 80–90% allra gesta, einkum á stöðum sem yngra fólk sækir. Umrætt ósamræmi á aldri gesta veldur mjög miklum erfiðleikum í eftirliti, bæði af hálfu lögreglu eða eftirlitsmanna og veitingamanna þar sem ekki er hægt að sýna fram á brot á 3. mgr. 16. gr. laganna þegar komið er að 18 eða 19 ára gömlum gestum með áfengisglas í hendi þar sem talsvert virðist vera um að gestir tvítugir og eldri kaupi áfengi fyrir þá sem yngri eru. Er því mælt með því, að aldurstakmörk í lagaákvæðum þessum verði samræmd.“ Þannig mæla lögregluyfirvöld í Reykjavík með því að áfengiskaupaaldurinn verði lækkaður og kemur fram í umsögninni að það þyki eðlilegt að aldur til áfengiskaupa verði sá sami og er til aðgangs að áfengisveitingahúsum. Um þetta sagði í frumvarpinu 1995: „Vandamál hefur líka skapast vegna ósamræmis sem er í áfengiskaupaaldri og aldursmarki til að sækja vínveitingastaði sem er við 18 ára aldur. Margt bendir einmitt til þess að ein af orsökum svokallaðs „miðbæjarvandamáls unglinga“ um helgar megi rekja til þessa umrædda ákvæðis í áfengislögunum. Vínveitingastaðir mega í raun hleypa inn 18 ára og eldri en hins vegar má ekki selja þeim áfengi sem eru undir tvítugu. Til að losna við vandræði af þessum sökum setja allmargir þessara staða aldursmörkin við tvítugt. Jafnvel þekkist að miðað sé við 25 ára aldur. Þannig er ungu fólki undir tvítugu oft vísað frá skemmtistöðunum vegna þessara ákvæða í áfengislögunum, jafnvel þó það ætli ekki inn þeirra erinda að kaupa sér áfengi. Styður það einmitt það umkvörtunarefni ungs fólks að það komist ekki inn á skemmtistaðina sem það telur veigamikla ástæðu fyrir því að unga fólkið safnast saman í miðbænum. Jafnvel eru sum kaffihús, sem hafa áfengisleyfi, lokuð þessu aldurshópi.“

Í umsögn félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar til allsherjarnefndar Alþingis um framangreint frumvarp er einnig fallist á röksemdir flutningsmanna þess um lækkun áfengiskaupaaldurs, en orðrétt segir í umsögninni: „Félagsmálaráð fellst á þau rök, sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, varðandi lækkun á aldurstakmarki til kaupa á áfengum drykkjum og er því fylgjandi frumvarpinu. Jafnframt leggur félagsmálaráð áherslu á, að eftirlit með neyslu og kaupum unglinga á áfengum drykkjum verði hert, bæði af hálfu löggæslu, skóla og félagsmálayfirvalda í samvinnu við foreldra.“ Flutningsmenn þessa frumvarps hafa bent á ósamræmi í lögum varðandi tiltekin réttindi og skyldur ungs fólks og benti félagsmálaráð einnig á þau atriði í umsögn sinni en þar segir: „Félagsmálaráð telur auk þess tímabært að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár og að aldursmörk varðandi fleiri réttindi ungs fólks verði samræmd.“

Forvarnir efldar – skref stigin í áföngum.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja rétt að stíga skrefið til lækkunar áfengiskaupaaldurs í áföngum líkt og víða er gert annars staðar. Því er lagt til að áfengiskaupaaldurinn verði lækkaður í 18 ár til neyslu og kaupa á léttvíni og bjór. Telja flutningsmenn rétt að reynslan af þessari breytingu verði metin eftir þrjú ár og framhald málsins skoðað í ljósi reynslunnar.

Sömuleiðis er lögð áhersla á að markvisst verði unnið að því að fólk umgangist áfengi með öðru hugarfari en verið hefur og að fólk verði vel meðvitað um hættur samfara áfengisneyslunni þannig að það finni til meiri ábyrgðar á eigin gjörðum. Ekki er nægilegt að marka þá stefnu í áfengismálum að draga eigi svo og svo mikið úr áfengisneyslu heldur þarf að skipuleggja markvissa og faglega baráttu gegn áfengisbölinu.

Flutningsmenn leggja því áherslu á að allar forvarnir verði efldar. Í því skyni flytja nokkrir flutningsmanna annað frumvarp sem kveður á um að framlag í forvarnasjóð til áfengis- og fíkniefnavarna verði tvöfaldað. Einnig leggja flutningsmenn áherslu á að kannað verði hvort ekki eigi að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur. Víða hefur komið til framkvæmda lækkun á leyfilegu áfengismagni en mismikið eftir löndum. Í Svíþjóð var lækkun úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill fyrir alla ökumenn, en hér á landi er heimilt áfengismagn í blóði 0,5 prómill. Sum lönd hafa einungis lækkað leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur hjá ungum ökumönnum og víða er það 0 prómill. Í áður tilvitnaðri skýrslu dómsmálaráðherra um lækkun áfengiskaupaaldurs kemur fram að lækkun á leyfilegu áfengismagni í blóði niður í 0 prómill fyrir unga ökumenn á aldrinum 17–20 ára veldur samkvæmt rannsóknum verulegri fækkun ölvunarslysa. Í skýrslunni kemur fram að að auki hafi slíkt bann uppeldislegt gildi þar sem ungur ökumaður verður fyrstu árin að aðskilja alveg akstur og áfengi og því meiri líkur séu á að hann haldi því áfram þegar hann eldist. Nefnd dómsmálaráðherra leggur til að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0 prómill.

Flutningsmenn telja einnig rétt að kanna vandlega hvort ekki skuli hækka aldur til ökuleyfis úr 17 árum í 18 ár. Nú er í gangi átak á vegum Umferðarstofu til að draga úr slysum ungra ökumanna, sem hófst um sl. áramót og stendur í þrjú ár. Það felst í reglum um akstursmat í umferðarlögum og reglugerð um ökuskírteini. Samkvæmt reglunum þarf ökumaður sem er með bráðabirgðaskírteini að fara í akstursmat áður en hann fær bráðabirgðaskírteinið endurnýjað eða fær fullnaðarskírteini.

Það er mat flutningsmanna að hér sé farið varlega í að lækka áfengiskaupaaldurinn, bæði með því að heimila aðeins lækkun á aldri til kaupa á bjór og léttvíni, með auknum forvörnum og fjármagni til þess, og enn fremur að kannað verði hvort lækka skuli leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur. Með samþykkt frumvarpsins er verið að veita íslenskum ungmennum sömu réttindi og nágrannaþjóðir okkar hafa gert og með því sýnir löggjafarþingið að það vill gera þessa tilraun og treysta þar með unga fólkinu til að umgangast áfengi af skynsemi.

Flutningsmenn telja rétt að reynslan af breyttu aldursmarki verði könnuð ítarlega innan hæfilegs tíma frá gildistöku laganna. Lagt er til að dómsmálaráðherra skipi nefnd sem taki til starfa 1. janúar 2007 og kanni áhrif lækkunar á áfengiskaupaaldri. Lagt er til að nefndin taki til starfa tveimur árum eftir gildistöku laganna en þá ættu upplýsingar að liggja fyrir til að meta áhrif breytinganna.

Flutningsmenn leggja loks til að við þinglega meðferð máls þessa verði jafnframt skoðað hvort rétt sé að breyta 2. mgr. 18. gr. áfengislaga á þann veg að 16 og 17 ára ungmennum verði heimil fylgdarlaus dvöl á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga lengur en til kl. 20 á kvöldin eins og gert er ráð fyrir í gildandi ákvæði. Það kann að skjóta skökku við að 16 og 17 ára ungmennum sé meinað að dvelja á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga eftir kl. 20 á kvöldin, nema í fylgd með foreldrum eða maka í þeim undantekningartilvikum sem slíkt á við. Flutningsmenn telja eðlilegt að skoðað verði vandlega hvort svigrúm 16 og 17 ára ungmenna til að koma saman án fylgdar foreldra skuli aukið. Eftir sem áður yrði auðvitað haft eftirlit með því að þessi ungmenni keyptu ekki áfengi. Í þessu sambandi benda flutningsmenn jafnframt á ákvæði barnaverndarlaga um útivistartíma barna, en samkvæmt því mega börn á aldrinum 13–16 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 22, enda séu þau ekki

á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Það getur varla talist eðlilegt að strangari reglur gildi um 16 og 17 ára ungmenni en börn á aldrinum 13–16 ára.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 20 ára aldur þurfi til að kaupa áfengi með meiri vínandastyrkleika en 22% en áfengi með minna vínandamagn er almennt flokkað sem létt áfengi. Skilgreining á léttu og sterku áfengi er ekki að finna í áfengislögunum en 22% markið hefur verið notað af fjármálaráðherra við setningu reglugerðar um innflutning áfengis með stoð í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Telja flutningsmenn rétt að notast við sömu skilgreiningu.

Um 2. gr.

Aldursmark er hér fært til samræmis við ákvæði 1. gr. frumvarpsins. Sérstaklega er tekið fram að hægt sé að gera upptækt sterkt áfengi, þ.e. áfengi sem er yfir 22% að vínandastyrkleika, sem er í vörslu 18 og 19 ára ungmenna.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

148. Fyrirspurn [148. mál]

til fjármálaráðherra um breytingar á heildarskattbyrði einstaklinga.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á heildarskattgreiðslum einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga á valdatíma ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks?
2. Hvaða breytingar verða orðnar á heildarskattgreiðslum einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga á sama tíma þegar þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur náð samkomulagi um hafa komið til framkvæmda?

Svarið óskast einnig sundurliðað eftir eftirfarandi tekjuhópum, með mánaðartekjur innan við:

a. 100.000 kr.,
b. 200.000 kr.,
c. 300.000 kr.,
d. 400.000 kr.,
e. 500.000 kr.,
f. 700.000 kr.,
g. 1.000.000 kr.

Skriflegt svar óskast.

149. Fyrirspurn [149. mál]

til samgönguráðherra um veggjöld.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvenær kemur til framkvæmda boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjald í Hvalfjarðargöngum og hvaða aðgerðir hefur ráðherrann í undirbúningi til að lækka gjaldið eða fella það niður?
2. Hverjar eru niðurstöður stefnumörkunar um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja, þ.e. veggjöld, sem ráðherra sagði í vor að mundi liggja fyrir á þessu hausti?

150. Fyrirspurn [150. mál]

til menntamálaráðherra um fiskvinnslunám.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fiskvinnslunám verði endurvakið?

151. Fyrirspurn [151. mál]

til iðnaðarráðherra um söluandvirði hlutabréfa í Fjölni á Þingeyri.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvert var söluandvirði hlutabréfa Byggðastofnunar í Fjölni á Þingeyri sem seld voru í mars sl.?

Skriflegt svar óskast.

152. Fyrirspurn [152. mál]

til iðnaðarráðherra um sementsverð á landsbyggðinni.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur það gengið eftir, sem fram kom í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 63/2004, að hækkun sementsverðs á landsbyggðinni yrði að líkindum óveruleg þótt hætt yrði að jafna flutningskostnað á sementi?

153. Fyrirspurn [153. mál]

til félagsmálaráðherra um heimilislausa.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um tillögur til úrlausna fyrir heimilislausa?

154. Fyrirspurn [154. mál]

til dómsmálaráðherra um árangurslaus fjárnám.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var fjöldi einstaklinga, skipt eftir kyni og aldri, sem gert var árangurslaust fjárnám hjá á árunum 2001, 2002 og 2003 og hver var heildarfjárhæð krafna sundurliðað á sömu ár?
2. Hver var fjöldi kröfuhafa og heildarfjárhæð krafna í þessum tilvikum, sundurliðað á eftirfarandi hátt:
   a. bankar og aðrar lánastofnanir,
   b. Íbúðalánasjóður,
   c. ríkissjóður,
   d. tryggingafélög,
   e. aðrir einkaaðilar og opinberir aðilar?

Skriflegt svar óskast.

155. Fyrirspurn [155. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrissjóði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve háar fjárhæðir voru greiddar annars vegar úr fimm stærstu almennu lífeyrissjóðunum og hins vegar opinberu lífeyrissjóðunum á árinu 2003 og við hvaða vísitölutengingu eru greiðslurnar miðaðar? Óskað er sundurliðunar á a) lífeyrisgreiðslum og b) örorkulífeyri.
2. Hverjar væru fjárhæðirnar skv. 1. lið ef greiðslurnar hefðu tekið mið af launavísitölu annars vegar og meðallaunabreytingum á árinu 2003 hins vegar?
3. Hve mikið af fjármagni lífeyrissjóðanna, annars vegar opinberu lífeyrissjóðanna og hins vegar fimm stærstu almennu lífeyrissjóðanna, er bundið í erlendum hlutabréfum eða skuldabréfum og hve mikið í innlendum?

4. Hvað má ætla að vöxtur lífeyrissjóðanna verði mikill á næstu tíu árum?

Skriflegt svar óskast.

156. Fyrirspurn [156. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir aukinni þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna?

157. Fyrirspurn [157. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir lagaheimild sem eykur gegnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins, t.a.m. með því að rýmka heimildir þess til að greina frá framkvæmd eftirlits og niðurstöðum í einstaka málum?
2. Telur ráðherra rétt að Fjármálaeftirlitið fái heimildir til að beita sektum, t.d. fyrir innherjasvik, og hvaða áhrif hefði það haft á mál sem komið hafa til kasta þess og tengjast innherjasvikum ef slíkar heimildir hefðu verið fyrir hendi sl. 3 ár?

158. Fyrirspurn [158. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vinnutilhögun unglækna.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Telur ráðherra vinnutilhögun svokallaðra unglækna forsvaranlega?
2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir breytingum á vinnutilhögun unglækna, t.d. með frítökurétti eða álagi handa unglæknum?

159. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. A, svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 1. mgr. 5. gr., verði samskráð. Skilyrði samskráningar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Jafnframt hafi öll félögin sama reikningsár. Samskráning skal vera í nafni móðurfélagsins og skal að lágmarki standa í fimm ár. Ef samskráningu er slitið er ekki heimilt að fallast á slíka skráningu að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að fyrri samskráningu var slitið.

Umsókn um samskráningu skal beint til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélagið er heimilisfast eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til. Breytingar á forsendum samskráningar, svo sem breytt eignarhald, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Með samskráningu falla á móðurfélagið allar skyldur varðandi uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts skv. VII. og IX. kafla laga þessara vegna allra þeirra félaga sem samskráð eru. Öll bera félögin þó óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts á grundvelli samskráningarinnar.

Viðskipti milli samskráðra félaga hafa ekki í för með sér skyldu til innheimtu og skila virðisaukaskatts, nema að því leyti sem um er að ræða afhendingu vöru eða þjónustu til annarra nota en varðar sölu viðtakandans á virðisaukaskattsskyldum vörum og þjónustu eða til nota í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skráningu frá og með 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem fela í sér að skráningarskyldum hlutafélögum og einkahlutafélögum verði heimiluð samskráning á virðisaukaskattsskrá að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildarvirðisaukaskattur allra félaganna verði jafnhár og hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi.

Með breytingunni er opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög og einkahlutafélög sem stofnað hafa eitt eða fleiri dótturfélög geti skilað sameiginlega virðisaukaskatti fyrir öll félögin. Af ýmsum rekstrarlegum ástæðum getur verið hagkvæmt fyrir fyrirtæki að vera með atvinnustarfsemi í fleiri en einu félagi, t.d. vegna stjórnunarlegra ástæðna eða atriða sem snerta fjármögnun, ábyrgð eða annað.

Réttaráhrif samskráningar félaga á virðisaukaskattsskrá verða þau að með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi hinna samskráðu sem ein starfsemi og viðskipti milli samskráðra bera ekki virðisaukaskatt umfram það sem væri ef starfsemi samskráðra félaga væri öll á einni hendi. Því ber að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum milli samskráðra félaga

í tilvikum sambærilegum við skattskyldar úttektir skráðra aðila skv. 1. mgr. 11. gr. laganna. Hvert hinna samskráðu félaga um sig ber fulla ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts af samskráðri starfsemi.

Heimild til samskráningar er eingöngu ætlað að taka til skyldubundinnar skráningar skv. 5. gr. laganna en ekki frjálsrar eða sérstakrar skráningar á grundvelli 6. gr. laganna.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að sömu skilyrði hvað varðar eignarhald, sama reikningsár og lengd samskráningar verði sett fyrir heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá og gilda um samsköttun félaga í 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lagt er til að umsóknir um samskráningu berist skattyfirvöldum í síðasta lagi átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem óskað er eftir að samskráningin taki til. Er sá tímafrestur sá sami og gildir um tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Þá er lagt til að uppgjör og skil virðisaukaskatts samskráðu félaganna verði í nafni og á ábyrgð móðurfélags en greiðsluábyrgð hvíli óskipt á öllum félögunum.

Í lokamálsgrein greinarinnar er lagt til að áréttað verði að samskráningu er ekki ætlað að veita samskráðum félögum rýmri rétt en hefði verið ef starfsemi þeirra hefði verið á hendi einnar lögpersónu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta miðar að því að heimilt verði að samskrá móður- og dótturfélög á virðisaukaskattsskrá að uppfylltum vissum skilyrðum. Tilgangurinn með því er að fyrirtæki sem af rekstrarlegum ástæðum skipta starfseminni í tvö eða fleiri félög geti starfað sem ein skattaleg eining þannig að virðisaukaskattur allra félaganna verði ekki hærri í heildina en hann hefði orðið ef öll starfsemin hefði verið rekin í einu félagi. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs né heldur á tekjur af virðisaukaskatti.

160. Frumvarp til laga [160. mál]

um þriðju kynslóð farsíma.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi.

Lög þessi taka til úthlutunar tíðna til starfrækslu farsímaneta á tíðnisviðunum 1900–1980 MHz, 2010–2025 MHz og 2110–2170 MHz.

Í lögum þessum merkir þriðja kynslóð farsíma þráðlaust farsímakerfi samkvæmt IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins, þ.m.t. UMTS-stöðlum.

Í lögum þessum merkir UMTS-farsímanet þráðlaust farsímakerfi sem býður upp á breiðbands- og margmiðlunarþjónustu með meiri hraða en fyrsta og önnur kynslóð farsímaneta.

2. gr.
Úthlutun tíðna.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar tíðnum skv. 1. gr.

Úthlutun tíðna skal fara fram að undangengnu almennu útboði í samræmi við ákvæði 5. gr.

Heimilt er að áskilja að tíðnir skuli teknar í notkun innan hæfilegs tíma ella falli heimildin niður. Tíðniúthlutun skal bundin við nafn og er framsal óheimilt.

Gildistími tíðniúthlutunar er 15 ár.

3. gr.
Útbreiðsla.

Lágmarkskrafa til hvers rétthafa er að UMTS/IMT-2000 þjónusta nái til 60% íbúa eftirfarandi svæða:

a. höfuðborgarsvæðis,
b. Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra,
c. Norðurlands eystra og Austurlands,
d. Suðurlands og Suðurnesja.

Nánari ákvæði um áfanga og hraða uppbyggingar og kröfur um sendistyrk munu skilgreind við útboð á tíðnum.

4. gr.
Tíðnigjald.

Fyrir hverja tíðniúthlutun skv. 2. gr. skal greiða 190 millj. kr. tíðnigjald. Þar af skal rétthafi greiða 5 millj. kr. þegar tíðni hefur verið úthlutað, en eftirstöðvar tíðnigjalds greiðast ríkissjóði með fjórum jöfnum greiðslum frá því að tíðniúthlutun fer fram þar til tvö ár eru liðin frá úthlutun.

Fyrir uppbyggingu fjarskiptanets umfram lágmarkskröfu skv. 3. gr. skal veittur afsláttur af tíðnigjaldi. Afsláttur nemur 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Tekið verður tillit til afsláttar vegna útbreiðslu umfram 60% frá upphafi. Tíðnigjald skal þó aldrei verða lægra en 40 millj. kr.

Til viðbótar tíðnigjaldi greiðir hver handhafi úthlutunar gjald sem nemur 4 millj. kr. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að selja útboðsgögn til að standa straum af kostnaði við gerð útboðsgagna skv. 5. gr.

5. gr.
Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun skal með almennu útboði gefa þeim sem vilja fá úthlutað tíðnum skv. 2. gr. kost á að gera tilboð í tíðnir til reksturs UMTS/IMT-2000 farsímanets hér á landi. Með útboði verður allt að fjórum bjóðendum úthlutað tíðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvaða hlutar tíðnisviða sem tilgreind eru í 1. gr. fylgja hverri úthlutun fyrir sig.

Póst- og fjarskiptastofnun skal semja ítarlega útboðslýsingu þar sem skilmálar útboðsins eru settir fram á hlutlægan og skýran hátt, þar á meðal allir þættir sem lagðir verða til grundvallar við val á rétthöfum í samræmi við markmið laga þessara og jafnframt vægi einstakra atriða við mat á tilboðum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu og tæknilega getu sem fullnægja þarf til þess að hafa rétt til þátttöku í útboðinu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur hafnað tilboði ef það er ekki í samræmi við útboðslýsingu eða ef bjóðandi leggur ekki fram upplýsingar eða gögn sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynleg til þess að leggja mat á tilboðið.

Meðal atriða sem koma skulu fram í tilboðum er viðskiptaáætlun sem miðast við að bjóðandi byggi upp net sitt sjálfur, áætlun um útbreiðslu farsímanetsins og þjónustu bæði eftir mannfjölda og svæðum, áætlun um hraða við uppbyggingu nets og áætlun um frágang mannvirkja.

Hver bjóðandi má aðeins senda inn eitt tilboð. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að hafna tilboðum frá bjóðendum sem eiga ráðandi eignarhlut í öðrum bjóðendum.

Komi engin tilboð í tíðniúthlutun samkvæmt UMTS-staðli verður að hámarki þremur bjóðendum úthlutað tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma.

6. gr.
Ákvæði fjarskiptalaga.

Ákvæði laga um fjarskipti og laga um Póst- og fjarskiptastofnun gilda um þriðju kynslóð farsíma eftir því sem við á.

Við úthlutun tíðna skal Póst- og fjarskiptastofnun setja skilyrði í samræmi við lög þessi, lög um fjarskipti og tilboð hvers rétthafa fyrir sig.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Meginmarkmið stjórnvalda í fjarskipta- og upplýsingamálum er að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra, góða og aðgengilega fjarskiptaþjónustu. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að stuðla að raunverulegri samkeppni og jafnframt að tryggja aðgang landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu á sanngjörnum kjörum. Þetta markmið er

haft að leiðarljósi við val aðferðar við úthlutun á tíðnum í fjarskiptaþjónustu. Við úthlutun takmarkaðs tíðnisviðs er mikilvægt að stýra aðgangi að tíðnirófinu eftir hlutlægum mælikvarða.

Til að ná þessu markmiði er í frumvarpi þessu lagt til að tíðnum verði úthlutað að loknu útboði þar sem bjóðendum gefst kostur á að skila inn tillögum, m.a. varðandi útbreiðslu farsímanetsins og þjónustu, hraða við uppbyggingu nets og móttökustyrk sendinga. Þar sem tíðnirófið er takmörkuð auðlind er mikilvægt að beita hlutlægum mælikvarða þegar umsóknir eru metnar og að skilyrði sem fullnægja þarf verði ákveðin fyrir fram með skýrum hætti í útboðslýsingu.

Ýmis önnur rök hnigu að því að útboðsleiðin varð fyrir valinu og má þar nefna:

- Mikil reynsla er af þessari aðferð hér á landi.
- Með því að ákveða fyrir fram skilyrði og aðferðir við mat á tilboðum má tryggja hlutlægni við val á bjóðendum.
- Það er ekki skilyrði fyrir árangri að bjóðendur séu fleiri en úthlutaðar tíðnir.
- Með því að heimila reikisamninga er hagkvæmni aukin og unnt að komast hjá óarðbærum fjárfestingum þrátt fyrir mikla útbreiðslu.

II. Þriðja kynslóð farsíma.

Á undanförnum árum hefur farsímanotendum í heiminum fjölgað gífurlega. Tvö farsímakerfi eru nú rekin sem veita talsímaþjónustu og í einhverjum mæli lághraðaþjónustu. Það eru annars vegar hliðræn kerfi (NMT) og hins vegar stafræn kerfi (GSM 900 og DCS 1800). Hliðræn kerfi eru skilgreind sem fyrsta kynslóð en stafræn kerfi sem önnur kynslóð.

GSM-farsímakerfi er að finna í 195 löndum, með 500 farsímanetum sem þjóna nálægt 1.200 milljónum manna, sem er tíföldun frá árinu 1997. Um hálf milljón nýrra notenda bætist við á degi hverjum og spár benda til að þessi tala verði komin upp í tvo milljarða á árabilinu 2007–2010. Í N-Evrópu er útbreiðsla farsíma langmest á heimsvísu. Á Íslandi eru nú yfir 260 þúsund farsímar sem er með því mesta sem þekkist, miðað við höfðatölu. Mest aukning farsímanotkunar undanfarin ár hefur verið í Suðaustur-Asíu og nemur aukningin þar um 50% af aukinni farsímanotkun.

Nú er svo komið að áskrifendur í farsímakerfum eru orðnir fleiri en í fastlínukerfum í heiminum. Þetta ræðst m.a. af því að víða í þróunarríkjum hefur farsíminn orðið skjótvirkari og ódýrari lausn en lagning koparþráðar eða ljósleiðara. Milljónir hafa aðeins aðgang að fjarskiptaþjónustu með þessum hætti. Þá eru símafyrirtæki í Evrópu byrjuð að hvetja notendur til að færa talviðskipti frá fastlínu yfir á farsíma til að auka flutningsgetu heimtauga í háhraðasamböndum (xDSL). Þessi þróun virðist einnig vera í fyrirtækjarekstri þar sem farsímafyrirtæki eru farin að veita fastlínufyrirtækjunum verulega samkeppni í heildarlausnum með farsíma.

Nýir tímar eru fram undan í fjarskipta- og upplýsingatækni. Notendur gera kröfu um fjölbreytta og ódýra þjónustu sem unnt er að veita óháð tíma og rúmi, þráðlausa háhraðaþjónustu.

Með nýrri kynslóð farsíma, þriðju kynslóðinni, er aukin áhersla lögð á gagnaflutning og nýjar leiðir opnast fyrir samskipti með háum bitahraða. Þriðja kynslóð farsíma er ekki bundin ákveðinni tækni, en Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa ákveðið að nota UMTS-farsímakerfið (Universal Mobile Telecommunications System).

Til þess að teljast UMTS þarf farsímakerfi að geta veitt margvíslega þjónustu. Auk hefðbundinnar grunnþjónustu eins og hágæðatalsíma, faxsendinga, myndsíma og gagnaflutnings með miklum hraða þarf UMTS að geta ráðið við margmiðlun, þjónustu í mismunandi um-

hverfi, umfram það sem önnur kynslóð farsímakerfa eins og GSM er fær um, hvort sem hún er veitt í tækjum sem hreyfast hægt eða hratt, veitt virkan aðgang að internetinu, staðarnetum og annarri IP-staðlaðri þjónustu, ráðið við þjónustu í mismunandi UMTS-umhverfi.

Notendabúnaður fyrir þriðju kynslóð farsíma er kominn á markað. Hann er fullkomnari en núverandi GSM-búnaður og er lögð áhersla á stóran skjá vegna aukins gagnaflutnings. Líkt og gilti fyrir GSM-farsíma munu evrópskir staðlar liggja til grundvallar framleiðslu þriðju kynslóðar farsímanna og þeir verða því notaðir í öllum löndum sem byggja upp UMTS-farsímakerfi en jafnframt má búast við að farsímar verði framleiddir sem nota má í öllum IMT-2000 farsímakerfum.

Taflan hér á eftir sýnir muninn á 1., 2., 2,5. og 3. kynslóð farsíma:

Kynslóð	Eiginleikar
1	NMT-langdræga farsímakerfið, ca. 10 Kb/s hliðrænt.
2	GSM, DCS 1800 9,6 Kb/s stafrænt.
2,5	GPRS, EDGE á GSM-kerfum 12-384 Kb/s stafrænt.
3	IMT-2000, UMTS 64 Kb/s-2Mb/s stafrænt.

Í Evrópu verða þriðju kynslóðar kerfi almennt sett upp í tengslum við annarrar kynslóðar kerfi. Ef þriðju kynslóðar rétthafi hefur ekki annarrar kynslóðar kerfi er æskilegt að hafa reikisamning við fyrirtæki á því svæði sem hann ætlar að starfa á. Samspil þriðju kynslóðar við fyrirliggjandi farsímakerfi er mikilvægt vegna þess að með því að flytja umferð sem ekki þarf mikla bandbreidd yfir í fyrirliggjandi kerfi er hægt að létta á þriðju kynslóðar kerfinu og auka þannig afkastagetu þess fyrir umferð sem þarf mikla bandbreidd. Þriðju kynslóðar kerfi verða helst sett upp á þéttbýlisstöðum þar sem mikilla gagnaflutninga og samtímanotkunar er að vænta. Þörf er á reikisamningum á svæðum sem UMTS nær ekki til svo að búnaðurinn nýtist sem GSM-sími þar sem önnur þjónusta er ekki í boði. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að Alþjóðafjarskiptasambandið samþykkti nýjan staðal um hágæðatalfjarskipti 31. janúar 2002. Hinn nýi staðall, tilmæli G.722.2, mun auka mjög samhæfni fjarskiptabúnaðar hvort heldur sem um er að ræða GSM, ISDN, talsímaþjónustu í fastanetinu eða gagnaflutninga á IP-umferðarstjórnunarkerfum. Staðallinn mun því færa öll fjarskipti nær þeirri tækni sem internetið byggist á.

Áætlað er að verð búnaðar fyrir þriðju kynslóðar kerfi muni falla hratt á næstu árum eða um leið og hann kemst í almenna framleiðslu.

Nú þegar hafa 32 ríki úthlutað u.þ.b. 120 þriðju kynslóðar leyfum. Í Asíu virðist útbreiðsla þriðju kynslóðar farsíma mun hraðari en í Evrópu. Japönsk farsímafyrirtæki hófu starfrækslu um mitt ár 2001 en áttu við nokkra byrjunarörðugleika að etja. Þar hefur notendum nú fjölgað verulega að undanförnu og eru orðnir yfir 19 milljónir. Í S-Kóreu hefur þróunin einnig verið hröð en þar eru nú yfir 6 milljónir notenda. Þessa aukningu má m.a. þakka lækkandi verði á notendabúnaði og fjölbreyttari þjónustu sem náð hefur hylli neytenda.

III. Staðan í aðildarríkjum EES.

Í júnímánuði 2002 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út stöðuskýrslu um þriðju kynslóð farsíma í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdastjórnin bindur miklar vonir við þriðju kynslóð farsíma við þróun upplýsingasamfélagsins og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir nú um markaði fyrir þriðju kynslóðina er vonast til þess að tilkoma þeirrar tækni muni skapa grunninn að

þráðlausum breiðbandstengingum sem veita notendum fjölbreytta þráðlausa þjónustu. Í öllum 15 aðildarríkjum ESB hefur tíðnum verið úthlutað.

Skilyrði fyrir tíðniúthlutun eru breytileg, eins og tafla í fylgiskjali nr. 1 ber með sér, og mismunandi aðferðum hefur verið beitt, uppboði, útboði eða þriðju leiðinni. Fjöldi tíðniúthlutana í aðildarríkjum eru fjórar til sex og tíðnigjöld frá 0–53.000 kr. á hvern íbúa. Heildarfjárhæðin sem greidd hefur verið fyrir tíðnir í þessum 15 ríkjum er rúmlega 10.000 milljarðar króna og má búast við svipuðum kostnaði vegna fjárfestinga. Til að fjármagna þennan kostnað hafa fjarskiptafyrirtæki leitað til fjármagnsmarkaðarins sem hefur skert lánstraust þeirra. Gildistími tíðniúthlutana, útbreiðslukröfur og heimild til reikisamninga er breytilegt frá einu landi til annars.

Velgengni þriðju kynslóðarinnar er undir því komin hvernig markaðurinn sjálfur bregst við. Kerfið er mjög lítið komið í notkun og lítið er vitað um væntanlega þjónustu. Tíminn mun leiða þetta í ljós. Innleiðing UMTS-kerfa í Evrópu hefur gengið mun hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Lengst komnir eru Finnar, Svíar og Bretar en þjónustan er enn takmörkuð og byggist aðallega á MMS en möguleikunum fjölgar hratt.

IV. Lög og reglur.

1. Fjarskiptalög.

Ný fjarskiptalög, nr. 81/2003, tóku gildi 25. júlí 2003. Í lögunum er að finna almennar reglur um úthlutun tíðniréttinda til fjarskiptafyrirtækja, þ.m.t. fyrir farsímaþjónustu. Reglur þessar gilda eftir því sem við á einnig um tíðniúthlutanir fyrir farsíma af þriðju kynslóð. Samt sem áður er þörf á að setja sérstök lög um úthlutun þessara tíðniréttinda, til nánari útfærslu á ýmsum atriðum og til að tryggja heimildir til að leggja viðeigandi skyldur á réttthafa, m.a. varðandi útbreiðslu þjónustunnar og til innheimtu sérstaks gjalds fyrir afnotaréttinn. Þá þykir einnig rétt að tryggja hér enn frekar en gert er í fjarskiptalögum að við val á rétthöfum verði í sem minnstum mæli byggt á huglægum ákvörðunum yfirvalda.

Í III. kafla fjarskiptalaga er fjallað um heimildir til fjarskiptastarfsemi. Ákvæði þessa kafla eru byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (heimildatilskipun). Með þessari nýju tilskipun er afnumin með öllu sú regla að fjarskiptafyrirtæki þurfi að sækja um rekstrarleyfi. Framvegis dugir einföld skráning til þess að mega bjóða fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki skulu haga starfsemi sinni í samræmi við almenn skilyrði sem Póst- og fjarskiptastofnun setur. Ef fjarskiptafyrirtæki þurfa á tíðnum eða númerum að halda sækja þau um slík réttindi til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við ákvæði IV. kafla fjarskiptalaga. Stofnunin úthlutar tíðnum og setur sérstök skilyrði, í hverju tilfelli fyrir sig, varðandi afnot af þeim. Skilyrði sem setja má eru talin í 10. gr. laganna. Samkvæmt heimildatilskipuninni er einungis heimilt að takmarka fjölda tíðniréttinda fyrir hverja tegund þjónustu eða fjarskiptaneta að því leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja hagkvæma nýtingu. Við ákvörðun um takmörkun á fjölda rétthafa skal leggja áherslu á hagsmuni notenda og örvun virkrar samkeppni. Tíðnisvið sem ætlað hefur verið til notkunar fyrir þriðju kynslóð farsíma er takmarkað og því er heimilt og í raun nauðsynlegt að takmarka fjölda rétthafa.

Á grundvelli ákvæða fjarskiptalaga hefur Póst- og fjarskiptastofnun efnt til útboða við úthlutun leyfa til reksturs TETRA, DCS 1800, GSM 900 fjarskiptakerfa og notendakerfa á örbylgjusviði (FWA). Auglýst hefur verið eftir umsóknum og birt hafa verið fyrir fram þau atriði sem ráða vali á milli bjóðenda, svo sem fyrirhuguð útbreiðsla þjónustunnar, hraði uppbyggingar, gæði, reynsla af fjarskiptarekstri og fleira. Varðandi þriðju kynslóð farsíma er talin þörf á að setja sérreglur um framkvæmd útboðs. Til þess að tryggja almennt aðgengi

landsmanna að þessari mikilvægu þjónustu verður að setja ákveðin skilyrði um lágmarksútbreiðslu og jafnframt að setja skilmála sem hvetja fyrirtæki til þess að þjóna sem stærstum hluta landsins umfram það lágmark sem sett er.

Í 6. gr. frumvarps þessa segir að ákvæði fjarskiptalaga skuli gilda um þriðju kynslóð farsíma, eftir því sem við á. Því gilda ákvæði laganna um afturköllun og endurúthlutun tíðna og viðurlög vegna vanefnda og enn fremur ákvæði um aðgang að netum og þjónustu, um samtengingu og ákvæði um aðgang að aðstöðu í umráðum fjarskiptafyrirtækja. Ákvæði fjarskiptalaga munu því gilda um starfsemi þriðju kynslóðar farsímafyrirtækja jafnt og aðra farsímarekendur. Fyrirtækin munu og lúta eftirliti í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun.

Við fyrri leyfisveitingar hefur reynt á ákvæði um afturköllun og endurúthlutun tíðniheimilda. Þegar þriðji rekstrarleyfishafinn í GSM 900 þjónustu fékk rekstrarleyfi var þeim tveimur sem fyrir voru gert að skila hluta tíðni sem talið var að þeir hefðu ekki full not fyrir. Hugsanlegt er að á síðari stigum uppbyggingar þriðju kynslóðar farsímaneta og farsímaþjónustu muni enn á ný reyna á þessi ákvæði. Hitt er einnig mjög líklegt að vegna eðliseiginleika þráðlausra fjarskipta á svo háu tíðnibandi þurfi netuppbygging að vera mjög þétt. Þar af leiðandi er líklegt að reyna muni í auknum mæli á samstarf rétthafa við uppbyggingu neta og reglur fjarskiptalaga um aðgang að netum og aðstöðu fjarskiptafyrirtækja.

2. EES-samningurinn.

Þegar kemur að því að úthluta tíðnum til reksturs þriðju kynslóðar farsíma þarf ekki aðeins að taka mið af ákvæðum fjarskiptalaga heldur þarf einnig að líta til skuldbindinga Íslands vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þær réttarheimildir sem skipta mestu í því sambandi eru annars vegar fyrrnefnd heimildatilskipun nr. 2002/20/EB og hins vegar ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 128/1999/EB um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa innan bandalagsins.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa (UMTS-ákvörðunin) varð hluti EES-réttar með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/1999 frá 24. september 1999. Ákvörðuninni var ætlað að auðvelda hraða og samhæfða innleiðingu UMTS-farsímaneta og þjónustu innan bandalagsins á viðskiptaforsendum í samræmi við fjórfrelsisákvæði EES. Aðildarríki áttu að gera ráðstafanir sem tryggja samhæft og framsækið framboð UMTS-þjónustu á þeirra yfirráðasvæði eigi síðar en 1. janúar 2002. Reglur um úthlutunaraðferðir hvers ríkis áttu að liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2000. Í raun hafa mörg aðildarríki farið fram yfir tímafresti til að innleiða úthlutunarreglur enda var nauðsynlegur tækjabúnaður ekki tilbúinn fyrir 1. janúar 2002 þegar áætlað var að þjónustan færi af stað. Eins og áður er rakið hvíldi sú skylda á íslenska ríkinu samkvæmt EES-samningnum að innleiða reglur um úthlutun réttinda fyrir þriðju kynslóð farsíma enda mikilvægt að lagaumhverfi sé tilbúið þegar markaðurinn kallar á úthlutun.

UMTS-ákvörðunin kvað á um að úthluta skuli tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma í samræmi við ákvarðanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna Evrópu, CEPT, og að notaðir verði staðlar frá Staðlastofnun Evrópu, ETSI. Ákvörðunin mælti fyrir um að ríki skuli stuðla að því að leyfishafar semji um reiki við leyfishafa í öðrum aðildarríkjum til að stuðla að samfelldri þjónustu á efnahagssvæðinu auk þess sem þeim er heimilað að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja útbreiðslu þjónustunnar á strjálbýlum landsvæðum. Ákvörðunin var tímabundin og hún féll úr gildi í lok janúar 2003, fjórum árum eftir gildistöku hennar.

Heimildatilskipunin nr. 2002/20/EB tók gildi í ríkjum Evrópubandalagsins 25. júlí 2003. Tilskipunin var leidd í lög hér á landi með nýju fjarskiptalögunum en gildistakan á EES-

svæðinu hefur tafist, m.a. vegna afstöðu Liechtenstein. Gildistakan á EES-svæðinu verður 1. nóvember 2004. Nýja tilskipunin auðveldar aðgengi fyrirtækja að fjarskiptamörkuðum. Eins og áður segir þarf ekki frá og með gildistöku tilskipunarinnar að sækja um sérstakt rekstrarleyfi til þess að veita fjarskiptaþjónustu heldur nægir að tilkynna stjórnvöldum um fyrirhugaða starfsemi. Tíðnum fyrir farsímaþjónustu verður þó áfram úthlutað með sérstökum ákvörðunum. Áfram verður heimilt að taka gjald fyrir úthlutun tíðnisviðs og úthlutunum munu áfram fylgja sérstök skilyrði sett af eftirlitsstofnun.

Þó að réttarheimildir EES hafi frá 1997 sett leyfisveitingum ákveðinn ramma hefur fyrirkomulag á Evrópska efnahagssvæðinu verið nokkuð breytilegt milli landa. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þar sem nauðsynlegt er að takmarka fjölda rétthafa. Mörg ríki nota samanburð umsókna til þess að ákveða úthlutun rekstrarleyfa á takmörkuðu tíðnisviði en önnur hafa farið uppboðsleiðina og úthlutað leyfum til hæstbjóðanda. Báðar leiðir rúmast í raun innan rammans. Meginreglur um hlutlæga, gagnsæja úthlutunaraðferð sem hámarki not tíðnisviðsins gera ekki formlegan mun á aðferðum svo lengi sem framangreind markmið nást.

Meginregla heimildatilskipunarinnar nr. 2002/20/EB varðandi gjöld sem innheimt eru af fjarskiptafyrirtækjum er sú að gjöldin eigi aðeins að standa straum af nauðsynlegum stjórnsýslukostnaði sem tengist almennum heimildum og sérstökum réttindum fjarskiptafyrirtækja. Undantekning er heimiluð þegar um er að ræða takmarkaðar auðlindir og er þá heimilt að taka sérstakt gjald fyrir afnot af tíðnum. Við gjaldtöku skal gæta jafnræðis milli rétthafa og taka tillit til sjónarmiða varðandi samkeppni og þróun þjónustu. Í frumvarpi þessu felst að bjóðendur muni, auk þess að greiða gjald í upphafi, keppa um útbreiðslu þjónustunnar sem felur í sér eitt form endurgjalds fyrir tíðni.

3. Alþjóðlegt samstarf.

a. Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).

Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur um árabil unnið að undirbúningi fyrir þriðju kynslóð farsíma. Sambandið hefur bæði unnið að samræmingu staðla og tíðnimála. ITU stendur reglulega fyrir alheimstíðniráðstefnum þar sem teknar eru ákvarðanir um tíðninotkun á heimsvísu. Alheimstíðniráðstefnan sem haldin var árið 1992, WARC '92, setti til hliðar ákveðin tíðnisvið fyrir framtíðarnot í alheimsfjarskiptakerfi fyrir landfarþjónustu sem undanfarin ár hefur gengið undir heitinu IMT-2000. Á WARC '92 voru valin tíðnisviðin 1885–2025 MHz og 2110–2200 MHz (þessi tíðnisvið verður að hluta til að nota hvort í sína áttina í samskiptum) fyrir IMT-2000. Til samanburðar skal þess getið að í GSM 900 farsímakerfinu eru notuð tíðnisviðin 890–915 MHz/935–960 MHz og í DCS 1800 (einnig nefnt GSM 1800) tíðnisviðin 1725–1800/1805–1880 MHz. Tíðnisviðin sem valin voru fyrir IMT-2000 eru í mörgum löndum í annarri notkun, t.d. fyrir örbylgjuleiðir eða hernaðarfjarskipti og gera verður ráðstafanir til þess að flytja slíka notkun yfir í önnur tíðnisvið. Út af þessu geta orðið hagsmunaárekstrar og er t.d. ljóst að ekki verður auðvelt að losa IMT-2000 tíðnisviðin í Bandaríkjunum þrátt fyrir vaxandi áhuga þar í landi á þriðju kynslóðar farsímum.

Á þeim tíðnisviðum sem verða tekin frá fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi eru nokkur fastaörbylgjusambönd í notkun. Í gildi eru um 20 leyfi í tíðnisviðinu 1900–1980 MHz og rúmlega 30 í sviðinu 2110–2170 MHz auk þriggja leyfa í sviðinu 2010–2025 MHz. Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt leyfishöfum að þeir megi vænta þess að þurfa að flytja þessi sambönd yfir í önnur tíðnisvið. Á alheimstíðniráðstefnunni 2000 var ákveðið að taka frá eftirfarandi viðbótartíðnisvið fyrir þriðju kynslóð farsíma: 806–960 MHz, 1710–1885 MHz og 2500–2690 MHz. Þessi tíðnisvið eru í annarri notkun í dag og því er það langtímamarkmið að nota þau fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Upphaflegt markmið ITU var að koma á alþjóðlegum staðli fyrir þriðju kynslóð farsíma. Samstaða hefur hins vegar ekki náðst um einn staðal og verða því drög ITU að staðli fyrir þriðju kynslóð farsíma IMT-2000 yfirheiti sem rúmar fjölskyldu mismunandi þriðju kynslóðar staðla í stað þess að verða alheimsstaðall.

Innan IMT-2000 rúmast nokkur kerfisafbrigði:

- IMT-DS sem byggist á W-CDMA mótunaraðferð og staðlinum UTRA FDD.
- IMT-MC sem byggist á CDMA2000 mótunaraðferð.
- IMT-TC sem nýtir TD-SCDMA og byggist á staðlinum UTRA TDD.
- IMT-SC sem einnig nefnist UWC-136.
- IMT-FT, einnig þekkt undir heitinu DECT (Digital European Cordless Telephone).

Hugtakið UMTS (Universal Mobile Telecommunications System) nær yfir IMT-DS og IMT-TC og er fyrri aðferðin notuð þegar flutningsgeta þarf að vera jafnmikil í báðar áttir en hin seinni þegar hún er misjöfn. UTRA stendur fyrir UMTS Terrestrial Radio Access og er heiti staðla sem skilgreina þráðlausan aðgang að farsímakerfinu.

b. Staðlastofnun Evrópu (ETSI).

Staðlar fyrir GSM 900 og DCS 1800 hafa verið gerðir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, ETSI, í samvinnu við samtök framleiðenda farsíma og rekstraraðila neta. ETSI hefur einnig unnið að gerð staðla fyrir UMTS-farsíma. Hörð keppni hefur verið milli framleiðenda fjarskiptabúnaðar um að fá tillögur sínar um tæknilega útfærslu samþykktar. Náðst hefur málamiðlun um tæknina sem á að vera grundvöllur UMTS. Enda þótt flestir hafi gert ráð fyrir að UMTS yrði sá staðall sem mundi verða notaður í Evrópu og í mörgum löndum utan Evrópu, hefur verið vakin athygli á því að samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um fjarskipti felur í sér að óheimilt er að áskilja við útboð að einungis megi nota einn staðal. Þannig megi ekki útiloka notkun annarra IMT-2000 staðla.

V. Útboð – uppboð.

Við úthlutun réttinda til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi í öðrum löndum hefur einkum verið beitt tveimur aðferðum, þ.e. útboðsaðferð eða uppboði. Báðum aðferðum fylgja kostir og gallar. Helstu útboðsaðferðirnar og þær sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, eru annars vegar almennt útboð og hins vegar lokað útboð að undangengnu forvali. Það sem aðgreinir þessar útboðsaðferðir eru fyrst og fremst möguleikar bjóðenda til þátttöku.

Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð er kallað almennt útboð. Þessi aðferð er algengust útboðsaðferða. Öllum er heimil þátttaka og getur verkkaupi tekið hvaða tilboði sem er eða hafnað þeim öllum. Opinberir aðilar hafa þó ekki frjálsar hendur við val á tilboði og ber þeim að taka hagkvæmasta tilboði samkvæmt útboðsreglum.

Í lokuðu útboði er tilteknum völdum aðilum gefinn kostur á þátttöku og er þessi háttur hafður á þegar mikil vinna og kostnaður felst í gerð tilboða eða tilboð eru tæknilega erfið og flókin. Þátttakendur í lokuðu útboði eru valdir í forvali, sem sérstaklega er auglýst. Í forvalsgögnum kemur fram hvaða skilyrði væntanlegir bjóðendur þurfa að uppfylla og hvaða þættir ráða vali á þátttakendum. Þeir sem valdir eru til þátttöku í útboðinu fá síðan útboðsgögn. Lög og reglur um opinber innkaup gera þá kröfu að nota skuli forval við val þátttakenda í lokuðu útboði.

Við útboð stendur valið á milli almenns útboðs og lokaðs útboðs með forvali. Til að útboð skili tilætluðum árangri þarf að tryggja að samkeppni ríki meðal bjóðenda og að þeir hafi

hvatningu til að skila inn sínu besta tilboði. Óvissa ríkir um fjölda áhugasamra bjóðenda og vera kann að þeir séu færri en fjöldi farsímaleyfanna og gæti slíkt haft veruleg áhrif á gæði tilboða þar sem engin þörf væri á að yfirbjóða aðra bjóðendur. Þar af leiðandi er opið útboð æskilegra en lokað útboð til að tryggja að bjóðendur viti ekki hverjir af öðrum og skapa þá samkeppni sem nauðsynleg er til að tryggja hámarksárangur útboðsins.

Ýmsar þjóðir hafa valið þá leið að hafa uppboð á farsímaleyfum. Í uppboði er keppt um verð eingöngu. Bjóðendur sem teljast hæfir skila inn tilboðum samtímis í nokkrum umferðum.

Að framansögðu er almennt útboð talin heppilegasta aðferðin til að ná fram yfirlýstum markmiðum um hámarksútbreiðslu hagkvæmrar farsímaþjónustu. Það er sú leið sem farin er í þessu frumvarpi. Í útboðslýsingunni verða settar fram nákvæmar kröfur um hæfi bjóðenda, þ.e. bæði fjárhagslegar og tæknilegar, kröfur um tíðnigjald, útbreiðslu og útbreiðsluhraða og fleira sem tryggir góða þjónustu við notendur um allt land. Enn fremur mun koma skýrt fram í útboðsgögnum hvaða forsendur liggja til grundvallar við mat á tilboðum.

VI. Úrvinnsla tilboða.

Í frumvarpinu er lagt til að allt að fjórum bjóðendum verði úthlutað tíðnum að undangengnu útboði. Með því að velja útboðsleiðina og hafa öll skilyrði og matsaðferð opinbera fyrir fram er leitast við að tryggja hlutlæga úthlutun tíðnanna.

Við úthlutun tíðna til reksturs þriðju kynslóðar farsíma verður beitt málsmeðferð sem hefst frá sjónarhóli bjóðenda á því að útboð verður auglýst. Í útboðslýsingu verða gerðar nákvæmar kröfur til þess hvaða upplýsingar eiga að koma fram í tilboði. Tilboð í tíðnir verða metin eftir þeirri aðferðafræði sem fram kemur í frumvarpi þessu og útboðslýsingu.

Til að auka hlutlægni við mat umsækjenda verður úrvinnslu á umsóknum skipt í tvennt. Fyrst fer fram könnun þar sem metið er hvort bjóðandi hafi fjárhagslega og tæknilega burði til að framkvæma þau áform sem lagt er upp með í umsókninni án þess að gert verði upp á milli umsækjenda á einhvern hátt. Þegar þessum þætti er lokið og bjóðendum hefur verið kynnt hvort þeir uppfylli lágmarkskröfur útboðsins fer fram mat á útbreiðslu og hraða uppbyggingar í tilboðum.

Verði bjóðendur fjórir eða færri mun þeim verða úthlutað tíðnum ef þeir uppfylla lágmarkskröfur útboðslýsingar. Verði bjóðendur fleiri en fjórir fer fram mat þar sem þeir sem bjóða mesta uppbyggingu á sem stystum tíma fá tíðnir. Við mat á tilboðum skal einkum taka mið af eftirgreindum atriðum:

- Útbreiðslu UMTS-þjónustu til landsmanna með eigin fjarskiptaneti sem byggist á UMTS/IMT-2000 staðlinum. Mat á útbreiðslunni skal taka mið af dreifingu íbúa á landi.
- Hvenær áskrifendur umsækjanda muni njóta aðgangs að UMTS-neti hans.

Við mat á tilboðum verða veitt stig fyrir áætlaða útbreiðslu og útbreiðsluhraða eftir ákveðnum reglum og er miðað við að bjóðendur geti reiknað út stig sín áður en tilboðum er skilað inn. Matið gengur út frá þremur mismunandi tímapunktum miðað við áfangaskiptingu sem tilgreind verður í útboðslýsingu.

Mat á útbreiðslu til lands og íbúa er sambærilegt á öllum tímapunktum. Veitt eru stig í hverjum áfanga fyrir uppbyggingu. Þeim sem fá flest stig verður úthlutað tíðnum. Stigagjöfin mun byggjast á upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Útbreiðsla.

Langdrægi UMTS-þjónustu frá sendi er minna en þekkist í eldri farsímakerfum. Þá minnkar bandvídd þjónustunnar almennt eftir því sem fjær sendi dregur auk þess sem mjög

dregur úr sendistyrk. Af þessari ástæðu verður gerð lágmarkskrafa um að sendistyrkur frá sendi utan húss sé í 1,7 metra hæð a.m.k. 58 dB:V/m/5MHz til að svæði teljist njóta UMTS-þjónustu.

Rétthöfum verður heimilt að hafa samstarf um það hvernig þeir uppfylli útbreiðslukröfur samkvæmt tilboðum sínum, þannig að ekki þurfi að byggja upp samhliða fjarskiptanet þar sem markaðsaðstæður standa ekki undir slíkri uppbyggingu. Rétthafar verða skuldbundnir til að byggja sjálfir upp dreifikerfi samkvæmt lágmarkskröfum ef þeir ná ekki samningum um reiki og munu þeir skuldbinda sig til þess við gerð tilboðs.

Stefnt er að því að byggt sé upp öflugt fjarskiptakerfi um allt land. Til að stuðla að víðtækri útbreiðslu þriðju kynslóðar farsímaþjónustu er lagt til að gerð verði lágmarkskrafa um útbreiðslu á tilgreindum svæðum. Skipting í svæði miðar að því að ná sambærilegri útbreiðslu á farsímaþjónustunni um allt land.

Eftir því sem auknar kröfur eru gerðar um útbreiðslu á strjálbýlum svæðum hækkar kostnaður á hvern notanda þar sem færri notendur verða um hvern sendi. Gera má ráð fyrir að markaðurinn kalli á útbreiðslu á þéttbýlisstöðum með fleiri en 2.000 íbúa sem samsvarar almennt 40–60% útbreiðslu í landshlutum.

Lagt er til að lágmarkskrafa um útbreiðslu verði 60% á hverju svæði. Ef gerðar eru enn meiri kröfur til útbreiðslu verður lítið svigrúm fyrir bjóðendur að veita viðbótarþjónustu umfram lágmarkskröfur og verður þá erfitt að gera upp á milli bjóðenda.

VII. Mat á efnahagslegum áhrifum laganna.

Eins og áður hefur komið fram mun allt að fjórum bjóðendum verða úthlutað tíðnum til reksturs þriðju kynslóðar farsímaneta að undangengnu almennu útboði. Gildistími tíðni úthlutunar verður 15 ár og er tíðnigjald ákveðið 190 millj. kr. Tíðnigjaldið mun þannig skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð, sem líta má á sem gjald fyrir afnot af þeim takmörkuðu gæðum sem til úthlutunar eru. Gjaldið er þó mun lægra en þekkist víðast annars staðar eins og sýnt er á mynd nr. 1. Rétt er þó að hafa í huga í þessu samhengi að það er ekki útboðið sem slíkt sem mun skila tekjum og að þau tíðnisvið, sem eru til úthlutunar samkvæmt lögum þessum, eru í raun ekki verðmæti í sjálfu sér. Þau verða hins vegar verðmæt á grundvelli viðskipta- og markaðssjónarmiða þar sem þau eru takmörkuð, en gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir tíðnum til reksturs fjarskiptaþjónustu verði meiri en framboð þeirra. Þetta er háð ýmsum atriðum, fyrst og fremst tíðnigjaldinu og útbreiðslukröfu. Verðmæti þeirra tíðnisviða sem eru til úthlutunar eru síðan endanlega leyst úr læðingi í skjóli þeirrar aðferðar sem yfirvöld ákveða að viðhafa við úthlutun þeirra. Þar sem aðstæður eru ólíkar hér á landi og í öðrum ríkjum innan EES-svæðisins, m.a. þar sem markaður hér er minni og landfræðilegar aðstæður um margt ólíkar, ber að fara varlega í allan samanburð á þeim tekjum sem tíðnigjald skilar í ríkissjóð. Á endanum greiða neytendur fyrir tíðnigjaldið. Þannig má telja öruggt að þar sem tíðnigjald verður mjög hátt munu gjöld fyrir fjarskiptanotkun endurspegla þá staðreynd, auk þess sem það gæti hugsanlega tafið framþróun fyrir þriðju kynslóð farsíma, ef farsímafyrirtæki færu að skuldsetja sig verulega til að greiða fyrir tíðnir. Slík niðurstaða er ekki í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnar Íslands að hlúa beri að upplýsingaþjóðfélaginu og örva alla tækniþróun í landinu.

Við ákvörðun þeirrar aðferðar sem viðhöfð verður við úthlutun tíðna var framangreint haft í huga og reynt að fara bil beggja, þ.e. að tryggja að ríkið fái hæfilegt endurgjald fyrir að veita afnot af þeim takmörkuðu gæðum sem eru til úthlutunar, en jafnframt að koma í veg fyrir að gjaldtakan hafi óæskileg áhrif á framþróun þriðju kynslóðar farsímakerfa.

Með þriðju kynslóð farsíma verður til nýr þjónustumarkaður þar sem beitt verður nýrri tækni og nýjum aðferðum til samskipta í viðskiptum sem ætla má að hafi almennt jákvæð áhrif á efnahagslífið. Gera má ráð fyrir að réttindi til reksturs þriðju kynslóðar farsíma og útbreiðsla kerfisins muni einnig hafa í för með sér aukna samkeppni á farsímamarkaði.

VIII. Þróun á Íslandi.

Stærstu þátttakendur á markaði farsímakerfa annarrar kynslóðar eru fjarskiptafyrirtækin sem hafa fengið leyfi til að reka kerfin. Reynsla annarra þjóða af úthlutun tíðna til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi hefur sýnt fram á að mun fleiri aðilar en þeir sem veita hefðbundna talsímaþjónustu hafa sýnt málinu áhuga.

Mikil gróska hefur verið á íslenskum fjarskiptamarkaði undanfarin ár og fjölmörg fyrirtæki hafa fengið rekstrarleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Veitt hafa verið þrjú GSM 900-leyfi, sex DCS 1800-leyfi, tvö TETRA-leyfi og eitt NMT-leyfi.

Á árinu 2002 hófst sameining þriggja keppinauta Landssímans á fjarskiptamarkaðinum. Halló fjarskipti sem rak fastlínusímaþjónustu sameinaðist Íslandssíma í ágúst og í október keypti Íslandssími meiri hluta í farsímafyrirtækinu Tal. Þessi þrjú fyrirtæki sameinuðust síðan formlega í Íslandssíma hf. Fyrirtækið skipti síðar um nafn og kallast nú Og fjarskipti hf., en notar „Og Vodafone“ við markaðsfærslu á þjónustu sinni samkvæmt samningi við hina alþjóðlegu Vodafone-samstæðu.

Með sameiningunni varð til fyrirtæki sem í árslok 2002 hafði u.þ.b. 40% hlutdeild á farsímamarkaðinum og 20–25% af heildarfjarskiptamarkaðinum. Eftir sameininguna eru einungis tvö fyrirtæki sem starfa á þessum markaði hér á landi. Sá markaður hefur stækkað jafnt og þétt og í árslok 2003 voru GSM-notendur á landinu orðnir 255.768 sem er rúmlega 8% aukning frá árinu áður.

Þessi samruni leiddi síðan til þess að Póst- og fjarskiptastofnun taldi félagið hafa umtalsverða markaðshlutdeild á markaði fyrir farsímanet og farsímaþjónustu og úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála taldi síðan í úrskurði sínum sl. haust að félagið hefði einnig umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði.

Miðað við reynslu annarra landa er ekki ólíklegt að núverandi GSM-leyfishafar muni hafa áhuga á að reka UMTS-net eða UMTS-þjónustu.

Við upphaf undirbúnings frumvarpsins í árslok 2001 leitaði samgönguráðuneytið álits rekstrarleyfishafa á nokkrum atriðum varðandi þriðju kynslóð farsíma, m.a varðandi tíðnisvið, gildistíma tíðniúthlutunar, kröfur til utbreiðslu, útbreiðsluhraða, tæknilega eiginleika o.fl. Auk þess var leitað umsagnar þeirra um drög að frumvarpinu, áður en það var lagt var fyrir á síðasta þingi. Tillit hefur verið tekið til þeirra athugasemda í frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er rakið markmið frumvarpsins sem er að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi. Efnislega er samhljómur í markmiði frumvarps þessa og heildarmarkmiði gildandi fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sbr. 1. gr. þeirra. Þar sem útboðsskilmálar munu fela í sér skorður við atvinnufrelsi fjarskiptafyrirtækja sem fá úthlutað tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma vegna takmarkaðs tíðnisviðs er mikilvægt að markmið laganna komi skýrt fram í upphafi þeirra. Markmið íslenskrar fjarskiptalöggjafar tekur mið af tilskipunum Evrópubandalagsins sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig koma heildarmarkmið um tíðniúthlutanir í fjarskiptum fram í inngangsorðum heimildatilskipunarinnar nr. 2002/20/EB. Markmið frum-

varpsins komu fram í inngangsorðum UMTS-ákvörðunar Evrópubandalagsins 128/1999/EB. Markmið 1. gr. UMTS-ákvörðunarinnar var hins vegar af öðrum meiði, því að ákvörðuninni var ætlað að örva hraða og samræmda innleiðingu samhæfðra UMTS-neta og þjónustu innan bandalagsins, samkvæmt grundvallarreglum innri markaðarins og í samræmi við þarfir.

Í 2. mgr. segir að frumvarpið taki til úthlutunar tíðna til starfrækslu farsímaneta á tíðnisviðunum 1900–1980 MHz, 2010–2025 MHz og 2110–2170 MHz. Eins og áður sagði er ætlast til þess að UMTS-símar verði samhæfðir innan Evrópu og stefnt er að því að þá megi nota um allan heim. Tíðnisvið hafa verið tekin frá fyrir tæknina á alþjóðlegum vettvangi. Á tíðniráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins, ITU, árið 2000 var ákveðið að bæta aukinni bandvídd við tíðniskipulag það sem ætlað er þriðju kynslóð farsíma. Þessi tíðnisvið eru ekki rakin í ákvæði 2. mgr. enda hefur ekki verið tekin ákvörðun alþjóðlega um hvenær þau verða til ráðstöfunar fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Í 3. mgr. er hugtakið þriðja kynslóð farsíma skilgreint sem þráðlaust farsímakerfi samkvæmt IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins, þ.m.t. UMTS-stöðlum.

Í 4. mgr. ákvæðisins er merking hugtaksins UMTS-farsímanet skilgreind sem þráðlaust farsímakerfi sem býður upp á breiðbands- og margmiðlunarþjónustu á meiri hraða en önnur kynslóð farsíma, GSM og GPRS.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. fær Póst- og fjarskiptastofnun það hlutverk að úthluta tíðnum skv. 1. gr. frumvarpsins með útboði.

Í 2. mgr. segir að úthlutun tíðna skuli fara fram að undangengnu almennu útboði skv. 5. gr. frumvarpsins. Um inntak hugtaksins í skilningi frumvarps þessa vísast til athugasemda við tilvitnað ákvæði. Ef ekki er úthlutað öllum tíðnum við útboð, eða réttindi til tíðninotkunar eru lögð inn, er heimilt að bjóða út tíðni að nýju samkvæmt lögum þessum.

Í 3. mgr. segir að heimilt sé að fella niður úthlutun ef tíðni er ekki tekin í notkun innan hæfilegs tíma. Markmiðið er að koma í veg fyrir að aðilar haldi tíðnum ónotuðum sem aðrir sækjast eftir. Þá segir enn fremur að réttindi til að nota tíðnir skuli bundin við nöfn og að framsal þeirra sé óheimilt. Í þessu felst að úthlutun tíðna og framsalsheimild er með sama hætti og verið hefur og er nú að finna í samhljóða ákvæði í 7. gr. gildandi fjarskiptalaga.

Í 4. mgr. segir að gildistími tíðniúthlutunar fyrir UMTS-þjónustu sé 15 ár. Hér er lagt til að tíðniúthlutun verði tímabundin eins og í öðrum löndum. Gildistíminn er mislangur í öðrum Evrópuríkjum. Við ákvörðun á gildistíma ber á það að líta að verulegur kostnaður verður því samfara að byggja upp net fyrir UMTS-þjónustu. Því er eðlilegt að gildistími rekstrarleyfis sé í lengra lagi til að auka líkur á að fjárfesting í uppbyggingu UMTS-farsímanets beri sig.

Um 3. gr.

Við ákvörðun á aðferð við úthlutun á tíðnum samkvæmt frumvarpi þessu er sérstök áhersla lögð á að UMTS-kerfi fái sem víðtækasta útbreiðslu. Ósennilegt er að uppbygging UMTS-þjónustu á smærri þéttbýlisstöðum sé fjárhagslega hagkvæm, en til að stuðla að víðtækri uppbyggingu þjónustunnar er gerð nokkuð rík krafa um uppbyggingu kerfisins á landsvísu. Tíðnigjald og heimild til reikis taka mið af kröfum um útbreiðslu.

Í lagaákvæði þessu er lagt til að þjónustan skuli ná til 60% íbúa þeirra svæða sem skilgreind eru. Ef gert er ráð fyrir að markaðslegar ástæður leiði til 95% útbreiðslu á höfuðborgarsvæðinu leiðir krafa um útbreiðslu á öðrum svæðum til 82% útbreiðslu á landsvísu.

Með þessu móti er tryggt að útbreiðsla verði almenn um landið og að háhraðafarsímaþjónusta verði aðgengileg um allt land.

Í greininni eru eftirfarandi svæði tilgreind:

a. Höfuðborgarsvæðið.
b. Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra.
c. Norðurland eystra og Austurland.
d. Suðurland og Suðurnes.

Gert er ráð fyrir nánari ákvæðum og kröfum sem skilgreindar verða í útboðsskilmálum. Við gerð útboðsskilmálanna er Póst- og fjarskiptastofnun m.a. ætlað að taka mið af markaðsaðstæðum varðandi kröfur um uppbyggingarhraða og útbreiðslu.

Að öðru leyti er vísað til VI. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 4. gr.

Lagt er til að tíðnigjald verði 190 millj. kr. sem verður að teljast mjög hófleg gjaldtaka í samanburði við það sem tíðkast í öðrum ríkjum Evrópu, sjá myndir 1 og 2, en gjaldið er mjög breytilegt eftir löndum. Gert er ráð fyrir að bjóðendur greiði staðfestingargjald að fjárhæð 5 millj. kr. þegar úthlutun tíðna liggur fyrir en eftirstöðvar tíðnigjalds greiðast ríkissjóði með fjórum jöfnum greiðslum frá því að tíðniúthlutun fer fram þar til tvö ár eru liðin frá úthlutun.



Mynd 1. UMTS-leyfisgjöld á íbúa.



Mynd 2. UMTS-leyfisgjöld á GSM-notanda.

Samanburður leyfisgjalda við upphaf úthlutunar í Evrópu.

Land	Íbúafjöldi (millj. íbúa)	Leyfisgjald milljónir ISK	Leyfisgjald/ íbúa	Hlutfall GSM-áskrifenda (% af mannfjölda)	Leyfiskostnaður á GSM-áskrifanda
Austurríki	8,1	68.060	8.361	72,0%	11.613
Belgía	10,3	36.916	3.587	47,0%	7.632
Bretland	60,1	3.154.950	52.517	60,0%	87.528
Danmörk	5,4	41.910	7.808	63,0%	12.394
Finnland	5,2	0	0	76,0%	0
Frakkland	59,3	803.600	13.541	46,0%	29.438
Holland	16,1	219.760	13.649	64,0%	21.326
Írland	3,9	20.418	5.271	68,0%	7.752
Ísland*	0,3	760	2.655	73,0%	3.637
Ítalía	58,0	1.200.480	20.692	70,0%	29.559
Noregur	4,5	4.408	973	71,0%	1.371
Portúgal	10,3	32.800	3.184	61,0%	5.219
Spánn	40,4	42.640	1.055	59,0%	1.788
Sviss	7,3	11.136	1.534	62,0%	2.475
Svíþjóð	8,9	4	0	70,0%	1
Þýskaland	82,4	4.165.600	50.578	52,0%	97.265
Samtals	380,5	9.803.442			
Meðaltal			**25.766**		**19.937**

* Útreikningur á Íslandi miðast við 190 millj. króna leyfisgjald fyrir hvert leyfi og úthlutun fjögurra leyfa.

Miðað við reynsluna af uppboði tíðnirása er ljóst að verðlagning tekur mjög mið af almennu viðhorfi á hlutabréfamarkaði. Einnig er ljóst að útboðsskilmálar, fjöldi bjóðenda og stærð markaðar ræður úrslitum um markaðsverðmæti tíðninnar. Athygli vekur að uppboð á Ítalíu leiðir til lægri tekna ríkissjóðs en úthlutun á grundvelli mats í Frakklandi. Af því verður að ætla að annaðhvort sé aðgangur að tíðnirófinu verðmætari í Frakklandi en Ítalíu, sem þó eru ekki ósvipaðir markaðir, eða að stjórnvöld í Frakklandi hafi ofmetið verðmæti tíðninnar eftir uppboðið í Bretlandi. Á sama tíma og Frakkar tóku ákvörðun um fjárhæð tíðnigjalds var UMTS-tíðnum úthlutað í Hollandi á grundvelli uppboðs. Þrátt fyrir að ætla mætti að Holland væri heppilegra til uppbyggingar farsímaneta en Frakkland var aðgangurinn verðlagður á svipuðu róli af markaðinum sem er vísbending um of háa verðlagningu í Frakklandi. Af þessu má sjá að verðlagning UMTS-leyfa í Evrópu er mjög breytileg. Af þeim sökum er ekki unnt að byggja tíðnigjald á meðaltali tíðnigjalda í öðrum löndum.

Auk þess gjalds sem tekið verður samkvæmt ákvæðinu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að innheimta ýmiss konar gjöld sem mælt er fyrir um í almennri löggjöf. Póst- og fjarskiptastofnun innheimtir nú af fjarskiptafyrirtækjum árlega 0,2% af bókfærðri veltu í rekstrargjald skv. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 og skv. 3. mgr. 14. gr. sömu laga eru greidd árleg gjöld af úthlutuðum símanúmerum. Einnig ber að nefna jöfnunargjald sem fjarskiptafyrirtæki skulu greiða skv. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Jöfnunargjaldið er nú 0,12% af veltu. Auk þess geta komið til ýmis gjöld samkvæmt gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar, nr. 313/2002. Þar eru m.a. tilgreind árleg starfrækslugjöld, sem greidd eru til Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir radíósenda í þráðlausum fjarskiptanetum, þar sem tíðniheimildir hafa verið gefnar út til rekstraraðila. Gjaldskrárliðir fyrir senda í farsímanetum eiga jafnt við þriðju kynslóðar farsímanet sem önnur farsímanet. Gjöld þessi standa undir kostnaði Póst- og fjarskiptastofnunar vegna skipulagningar á notkun ljósvakans til fjarskipta í samræmi við evrópskar reglur þar að lútandi og eftirlit í þeim tilgangi að tryggja truflanalaus fjarskipti á þeim tíðnum sem um er að ræða.

Til að stuðla að víðtækri útbreiðslu á landsvísu er gert ráð fyrir að rétthafar fái afslátt af tíðnigjaldi ef þeir skuldbinda sig til víðtækari útbreiðslu en tilgreind er sem lágmarkskrafa. Afsláttur nemur 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Afsláttur miðast við útbreiðslu í lok þriðja áfanga, en er veittur strax.

Í niðurlagi greinarinnar er heimild til gjaldtöku sem er ætlað að standa straum af kostnaði Póst- og fjarskiptastofnunar af undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu útboðs skv. 5. gr. Rétt þykir að gera greinarmun á gjaldtökunni sem annars vegar tekur mið af kostnaði við gerð og afgreiðslu útboðsgagna og greiðist af öllum þeim er taka þátt í útboðinu og hins vegar sérstakri gjaldtöku sem miðast við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslukostnað stofnunarinnar af útboðinu og er borin af þeim sem fá úthlutað tíðnum. Fyrirsjáanlegt er að sá kostnaður verði nokkur og eðlilegt þykir að hann verði greiddur stofnuninni af þeim sem fá úthlutað tíðnum, frekar en að hann komi af almennu rekstrarfé hennar. Fjárhæðin tekur mið af áætlun Póst- og fjarskiptastofnunar af þessum þætti.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er þeim sem vilja fá úthlutað tíðnum gefinn kostur á að gera tilboð í rekstur UMTS/IMT-2000 farsímaneta á grundvelli útboðslýsingar sem samin verður af Póst- og fjarskiptastofnun. Allt að fjórum bjóðendum verður úthlutað tíðnum.

Samkvæmt 2. mgr. mun Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvernig tíðnisviðinu verður skipt niður á einstaka rétthafa. Ekki er sjálfgefið að allir rétthafar þurfi jafnstórt tíðnisvið en það ræðst af ýmsum atriðum, svo sem uppbyggingu fjarskiptanets og tegundum þjónustu sem

rétthafi hyggst bjóða. Það er grundvallarregla í fjarskiptalögum að stuðla á að hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins og því ætti tíðniheimild hvers rétthafa að takmarkast við þær þarfir sem hann getur sýnt fram á. Eftir atvikum er mögulegt að auka við tíðniheimildir einstakra rétthafa síðar ef tíðniþörf þeirra eykst og einhverjar tíðnir eru lausar til ráðstöfunar.

Í 3. mgr. er kveðið á um samningu útboðslýsingar. Gert er ráð fyrir ítarlegri lýsingu á skilmálum útboðs og lögð áhersla á hlutlægni og skýrleika. Í útboðslýsingu verða settir fram þeir þættir sem ráða munu vali á milli bjóðenda og vægi þeirra skilgreint. Þessir þættir verða ákveðnir með markmið frumvarpsins að leiðarljósi og ganga m.a. út á það að tryggð verði sem best þjónusta á sem flestum stöðum á landinu.

Með 4. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til þess að ákveða lágmarksskilyrði sem bjóðendur þurfa að uppfylla til þess að fá að taka þátt í útboðinu. Nauðsynlegt er að setja slík skilyrði því að liggja þarf ljóst fyrir að bjóðandi hafi fjárhagslega og tæknilega getu til þess að uppfylla þau loforð sem hann setur fram í tilboði sínu. Heppilegra er að velja hæfa bjóðendur úr strax í byrjun í stað þess að leggja vinnu í að meta ófullnægjandi tilboð.

Ákvæði 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 6. mgr. eru talin nokkur atriði sem ófrávíkjanlega skulu koma fram í tilboðum. Um er að ræða áætlanir um uppbyggingu fjarskiptaneta bjóðanda. Bjóðandi þarf að sýna fram á að hann hafi ákveðnar áætlanir um uppbyggingu og hafi bolmagn til þess að hrinda þeim í framkvæmd. Talning 6. mgr. á þessum liðum tilboða er á engan hátt tæmandi, enda er nauðsynlegt að gera kröfur varðandi mörg önnur atriði í útboðslýsingu sem samin verður í samræmi við 3. mgr.

Til þess að tryggja virka samkeppni er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að eitt fyrirtæki nái til sín fleiri en einni tíðniúthlutun. Því er í 7. mgr. tekið fram að ekki verði tekið við fleiri en einni umsókn frá sama bjóðanda eða frá bjóðanda sem á ráðandi hlut í öðrum bjóðanda.

Í 8. mgr. er sleginn varnagli sem koma á í veg fyrir að öllu tíðnisviðinu verði úthlutað til bjóðenda sem hyggjast nota aðra staðla en UMTS. UMTS er undirflokkur staðla í IMT-2000. Ekki var talið heimilt að einskorða útboðið við UMTS-staðla en það eru þeir staðlar sem komið var upp á EES-svæðinu samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun 128/1999/EB. Ef svo ólíklega vildi til að allir bjóðendur mundu kjósa að byggja á öðrum stöðlum en UMTS væri hægt að halda eftir einni tíðniúthlutun til þess að freista þess að hrinda ákvörðun 128/1999/EB í framkvæmd síðar. Ekki er líklegt að nokkur bjóðandi sæi sér hag í því að bjóða fram aðra staðla en UMTS en vissara þykir að hafa varann á.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. segir að ákvæði fjarskiptalaga gildi um þriðju kynslóð farsíma. Þar á meðal eru ákvæði um afturköllun og endurúthlutun leyfa og viðurlög vegna vanefnda og enn fremur ákvæði um aðgang að netum og þjónustu, um samtengingu, ákvæði um aðstöðu í umráðum fjarskiptafyrirtækja og um reiki svo að það helsta sé nefnt.

Samkvæmt 2. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun setja skilyrði við úthlutun tíðna í samræmi við frumvarpið, fjarskiptalög og tilboð hvers rétthafa fyrir sig. Þessi skilyrði lúta m.a. að útbreiðslukröfum sem gerðar eru í frumvarpinu og skilyrðum fjarskiptalaga um skilvirka notkun tíðna og að dregið sé úr skaðlegum truflunum og rafsegulgeislun.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Leyfisveitingar í nokkrum Evrópulöndum.

Land	Leyfisveitingar aðferð	Heildarverð fyrir leyfin (evrur)	Íbúafjöld í viðkomandi landi	Gjald per íbúa í evrum	Gjald per íbúa ISK	Heildar leyfisgjald framreiknað m.v. íbúafjölda á Íslandi (ISK)	Gjald per leyfi á Íslandi (m.v.4 leyfi)
Austurríki	Uppboð	830.000.000	8.139.900	102	8.361	2.393.626.027	598.406.507
Belgía	Uppboð	450.200.000	10.292.100	44	3.587	1.026.830.521	256.707.630
Bretland	Uppboð	38.475.000.000	60.075.300	640	52.517	15.034.187.282	3.758.546.821
Danmörk	Lokað útboð	511.093.544	5.367.200	95	7.808	2.235.372.439	558.843.110
Finland	Samanburðarkeppni	4.000	5.194.900	0	0	16.075	4.519
Frakkland	Samanburðarkeppni	9.800.000.000	59.343.500	165	13.541	3.876.592.887	969.148.222
Holland	Uppboð	2.680.000.000	16.101.200	166	13.649	3.907.273.619	976.818.405
Írland	Samanburðarkeppni	249.000.000	3.873.500	64	5.271	1.509.013.283	377.253.321
Ítalía	Uppboð	14.640.000.000	58.017.900	252	20.692	5.923.472.101	1.480.868.025
Noregur	Samanburðarkeppni	53.760.000	4.528.400	12	973	278.683.819	69.670.955
Portúgal	Samanburðarkeppni	400.000.000	10.302.900	39	3.184	911.376.409	227.844.102
Spánn	Samanburðarkeppni	520.000.000	40.427.600	13	1.055	301.941.396	75.485.349
Sviss	Uppboð	135.800.000	7.257.600	19	1.534	439.242.159	109.810.540
Svíþjóð	Samanburðarkeppni	46.800	8.909.700	0	0	123.305	30.826
Þýskaland	Uppboð	50.800.000.000	82.360.000	617	50.578	14.479.202.768	3.619.800.692
			Meðaltal	314	25.784	7.381.178.585	1.845.294.646

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma.

Tilgangur frumvarpsins er að veita Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi. Úthlutunin fer fram að undangengnu almennu útboði og er gildistími tíðniúthlutunar 15 ár. Í frumvarpinu er lögð til sú lágmarkskrafa að útbreiðsla farsímakerfisins nái til 60% íbúa á eftirtöldum fjórum svæðum: 1. Höfuðborgarsvæðinu, 2. Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, 3. Norðurlandi eystra og Austurlandi, 4. Suðurlandi og Suðurnesjum. Fyrir hverja tíðniúthlutun skal greiða 190 m.kr. gjald til ríkissjóðs og eftir að tíðnum hefur verið úthlutað skal rétthafi greiða 5 m.kr. staðfestingargjald. Eftirstöðvar tíðnigjalds greiðist ríkissjóði með fjórum jöfnum greiðslum frá því að tíðniúthlutun fer fram þar til tvö ár eru liðin frá úthlutun. Fyrir uppbyggingu fjarskiptanets umfram lágmarkskröfuna er veittur afsláttur af tíðnigjaldinu. Afslátturinn er 10 m.kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Tíðnigjaldið skal þó aldrei vera lægra en 40 m.kr. Til viðbótar tíðnigjaldi er Póst- og fjarskiptastofnun veitt gjaldtökuheimild til að standa straum af kostnaði við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu útboðs. Gjaldtakan miðast annars vegar við kostnað við gerð og afgreiðslu útboðsgagna og greiðist af öllum sem taka þátt í því og hins vegar af sérstakri gjaldtöku sem miðast við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslukostnað stofnunarinnar af útboðinu og greiðist af þeim sem fá úthlutað tíðnum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum geta tekjur ríkissjóðs orðið frá 40 m.kr. til 760 m.kr. fyrir tíðnirnar. Kostnaður Póst- og fjarskiptastofnunar ræðst af fjölda þeirra sem taka þátt í útboðinu og þeirra sem fá úthlutað tíðnum og greiðist af þeim.

161. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa það að strandsiglingar verði eðlilegur hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2005.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi og allt útlit er fyrir að 1. desember nk. verði þær úr sögunni með öllu. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi til aðgerða áður en Eimskipafélagið leggur af þennan þátt starfsemi sinnar þann 1. desember enda gefur auga leið að eftir það verði róðurinn þyngri að tryggja slíkar samgöngur.

Á 128. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn ásamt Árna Steinari Jóhannssyni fram tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hefði verið þarft innlegg í umræðuna og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta í tillögunni.

Tillagan sem nefndarmenn leggja nú fram gengur lengra en sú sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi að því leyti að í henni felst að hafinn verði beinn undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafi komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Einnig hafa nýlega verið fluttar af því fréttir að Evrópusambandið sjálft hyggist nú stórauka framlög til að efla sjósamgöngur og auka flutninga á sjó, ám og vötnum og siglingaleiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun og létta álagi af vegum. Í því sambandi má nefna að talið er að ending vega í sumum landshlutum verði helmingi minni en nú er ef þungaflutningar aukast sem svarar því vörumagni sem nú er flutt sjóleiðis.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2005. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 2005.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Eimskipafélagið – einkavæðing og gamall Morgunblaðsleiðari. Ögmundur Jónasson. (Morgunblaðið, 4. ágúst 2004.)
II. Flutningar á sjó og landi. Rtstjórnargrein. (Morgunblaðið, 5. ágúst 2004.)
III. Fjölþættur ávinningur strandsiglinga. Landvernd. (Fréttir, 3. ágúst 2004.)
IV. Af óskabarni þjóðarinnar og hremmingum þess. Jón Bjarnason. (Morgunpóstur VG, 8. ágúst 2004.)

162. Fyrirspurn [162. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fjölgun öryrkja.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Hverjar eru ástæður þess að öryrkjum sem fá greiddar örorkubætur frá hinu opinbera hefur fjölgað um 50% á tímabilinu 1998–2004, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra 4. október sl.?
2. Hversu mikið hefur öryrkjum fjölgað á hverju ári á ofangreindu tímabili?
3. Hversu hátt hlutfall vinnuafls á Íslandi fær greiddar örorkubætur?
4. Hversu mikið hafa heildarbótagreiðslur ríkisins til öryrkja aukist á tímabilinu 1998–2004?

Skriflegt svar óskast.

163. Fyrirspurn [163. mál]

til félagsmálaráðherra um nýtingu sveitarfélaga á tekjustofnum.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Af hve miklu fé hafa sveitarfélögin orðið sökum þess að þau hafa ekki nýtt tekjustofna sína á sl. fimm árum? Svarið óskast einnig sundurliðað eftir sveitarfélögum, árum, tekjustofnum og hlutfalli tekna viðkomandi sveitarfélaga af þeim.

Skriflegt svar óskast.

164. Fyrirspurn [164. mál]

til umhverfisráðherra um gerð stafrænna korta hjá Landmælingum Íslands.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða ástæður liggja að baki því að ekki er gert ráð fyrir fé í fjárlögum til áframhaldandi vinnu við gerð stafrænna korta í mælikvarðanum 1:50.000 (IS 50V), sem er m.a. hluti af stefnumótun stofnunarinnar og árangursstjórnunarsamningi sem umhverfisráðherra hefur staðfest?
2. Hvaða áhrif hefur þessi ákvörðun á mannahald og umfang starfsemi Landmælinga Íslands ef af verður og hyggst ráðherra gera ráðstafanir til að tryggja að starfsemi Landmælinga Íslands dragist ekki saman vegna þessa?

165. Fyrirspurn [165. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur fjármagnstekjuskatts.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu margir einstaklingar annars vegar og lögaðilar hins vegar greiddu fjármagnstekjuskatt árin 2002 og 2003 og hvað er áætlað að þeir verði margir í ár?
2. Hversu margir af þessum gjaldendum greiða fjármagnstekjuskatt sem er:
   a. undir 100 þús. kr.,
   b. 100–199 þús. kr.,
   c. 200–399 þús. kr.,
   d. 400–999 þús. kr.,
   e. 1.000–1.499 þús. kr.,

f. yfir 1.500 þús. kr.
og hve há er meðalgreiðslan í hverjum þessara flokka?

Skriflegt svar óskast.

166. Fyrirspurn [166. mál]

til menntamálaráðherra um leyfi til útvarps á öðrum málum en íslensku.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hefur á þessu ári verið veitt leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku skv. 7. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000?
2. Hvaða útvarpsstöðvar hafa nú slíkt leyfi og hverjar eru hinar sérstöku ástæður til slíkra útsendinga, áskildar í fyrrnefndri lagagrein?

167. Fyrirspurn [167. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við gjafsókn.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hvernig hefur kostnaður ríkissjóðs við gjafsókn þróast árin 1998–2003?
2. Hvernig er þróunin miðað við fjölda mála fyrir dómstólum á sama tíma?
3. Hvernig skiptist kostnaður á milli gjafsóknar skv. a-lið og b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991?
4. Hvernig skiptist kostnaður við gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála eftir því hvort byggt er á að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði einkahagi umsækjanda?

168. Fyrirspurn [168. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hversu margir íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa ekki heimilislækni eða aðgang að heilsugæslustöð og á hverju byggjast tölurnar?
2. Hvað eru margar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, hve mörg stöðugildi eru við hverja þeirra og hve margir njóta þjónustu á hverri um sig?

3. Hvað er gert ráð fyrir að þær tvær heilsugæslustöðvar sem áætlað er að koma á fót á þessu ári þjóni mörgum íbúum?
4. Hve mikið fjölgaði komum á heilsugæslustöðvar á síðastliðnu ári og hvað er talið skýra fjölgunina?

169. Fyrirspurn [169. mál]

til umhverfisráðherra um hreindýrarannsóknir.

Frá Þuríði Backman.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir frekari fjárveitingum til hreindýrarannsókna vegna virkjanaframkvæmda og mikillar umferðar á búsvæði hreindýra?
2. Verða sérstakar rannsóknir gerðar á árstíðabundnum ferðum hreindýra og búsvæðum eða bithögum með notkun senditækja?
3. Mun ráðherra láta gera sérstaka úttekt á svæðum utan hefðbundinna búsvæða hreindýra í ljósi þess að hreindýr hafa í haust fundist vestan Jökulsár á Fjöllum?
4. Veita hreindýratalningar vísbendingu um breytingar á ferðum hreindýra eftir að virkjanaframkvæmdir hófust norðan Vatnajökuls?

170. Fyrirspurn [170. mál]

til dómsmálaráðherra um kynbundið ofbeldi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig verður brugðist við tilmælum eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda varðandi ofbeldisbrot gegn konum?
2. Má vænta endurskoðunar á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða heimilisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi?

171. Fyrirspurn [171. mál]

til félagsmálaráðherra um gjaldfrjálsan leikskóla.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Kemur til greina að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaga til að hægt sé að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla?

172. Fyrirspurn [172. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigubætur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hafa árleg heildarútgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta verið árin 1998–2004? Óskað er eftir sundurliðun á árlegum útgjöldum stærstu sveitarfélaganna.
2. Hvernig hefur kostnaðarskipting vegna húsaleigubóta verið milli sveitarfélaga og ríkisins árlega á sama tímabili, bæði hlutfallslega og í krónum? Hefur framkvæmdin verið í samræmi við lög og reglur og samninga milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu?
3. Hefur verið haft samráð við sveitarfélögin um breytingar á lögum um húsaleigubætur sem leitt hafa til hærri útgjalda?
4. Hvernig hefði kostnaðarskiptingin orðið milli sveitarfélaga og ríkisins árlega sl. fimm ár ef hlutfall ríkisins í útgjöldunum hefði verið 60% en sveitarfélaganna 40%?

Skriflegt svar óskast.

173. Fyrirspurn [173. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hafa útgjöld stærstu sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar þróast árin 2000–2004, sundurliðað eftir sveitarfélögum og tegund aðstoðar, og hversu hátt hlutfall er aðstoðin af tekjum einstakra sveitarfélaga? Óskað er eftir áætlunum um útgjöld á árinu 2004.
2. Hversu margir nutu fjárhagsaðstoðar stærstu sveitarfélaganna á sama tímabili, sundurliðað eftir sveitarfélögum, kyni og fjölskylduaðstæðum?
3. Telur ráðherra að öll sveitarfélög hafi sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem uppfylli skyldur þeirra í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga?
4. Telur ráðherra réttlætanlegt að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að sú skattlagning verði afnumin?

Skriflegt svar óskast.

174. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 7. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna kemur: 5. mgr. 7. gr.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á bætur sem greiddar eru vegna atvinnuleysis í desember skal greiða 30% uppbót.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er ætlunin að stíga það skref að lögfest verði ákvæði um sérstaka desemberuppbót til þeirra einstaklinga sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Markmið frumvarpsins er að bæta að þessu leyti stöðu þeirra einstaklinga sem heyra undir lög nr. 12/1997.

Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga jafnan rétt á 30% uppbót í desember á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og á fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993. Hið sama gildir um þá sem starfa á almennum vinnumarkaði en þeir eiga almennt rétt á uppbót á laun sín í desembermánuði.

Verði frumvarpið að lögum munu þeir sem eiga bótarétt samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og fá greiddar bætur í desembermánuði eiga rétt á greiðslu sem svarar til 30% af þeirri fjárhæð sem þeir eiga rétt á samkvæmt ákvæðum laganna.

Gera má ráð fyrir að kostnaður við þessa breytingu verði tæpar 150 millj. kr. Miðast sú fjárhæð við greiddar atvinnuleysisbætur í desembermánuði árið 2003.

175. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um íslenskun á ræðum æðstu embættismanna.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á þeirri almennu reglu að ræður sem forseti Íslands og ráðherrar flytja á erlendu tungumáli í embættis nafni verði íslenskaðar ef þess er óskað.

Greinargerð.

Hinn 21. nóvember 2003 hafnaði skrifstofa forseta Íslands að þýða ræðu sem forsetinn flutti á ensku í Columbia-háskólanum í New York miðvikudaginn 12. nóvember 2003. Forsetaembættið skýrði synjun sína með því að vísa til vinnureglu opinberra aðila, svo sem ráðherra, auk þess sem það mundi leiða til umtalsverðs aukins kostnaðar ef ræður yrðu þýddar á íslensku. Þingsályktunartillaga þessi felur í sér að umræddri vinnureglu verði breytt á þann veg að ef upp kemur ósk um þýðingu ræðu af erlendu máli yfir á íslensku þá verði orðið við þeirri ósk og viðkomandi embætti dragi úr öðrum útgjöldum.

Það ætti að vera fulltrúum þjóðarinnar kappsmál að láta þýða ræður sínar og rit á erlendum málum yfir á íslensku. Landsmenn þurfa að hafa greiðan aðgang að málflutningi æðstu embættismanna þjóðarinnar til þess að geta metið störf þeirra á opinberum vettvangi.

176. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson, Margrét Frímannsdóttir,
Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf sem felur það í sér að stjórnvaldsfyrirmæli um nánari útfærslu laga komi til skoðunar Alþingis, t.d. þeirrar þingnefndar sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög, og hljóti ekki staðfestingu ráðherra fyrr en samþykki viðkomandi þingnefndar liggur fyrir.

Greinargerð.

Samkvæmt grundvallarreglum stjórnskipunar Íslands, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er það hlutverk Alþingis að setja þegnum landsins lög. Í þessu felst heimild til handa Alþingi, kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, til að setja þegnunum löggjöf hvort heldur hún varðar samskipti þegnanna innbyrðis eða samskipti þegnanna við ríkisvaldið.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gerir þannig ráð fyrir þrígreiningu ríkisvaldsins. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Ef 2. gr. stjórnarskrárinnar er skilin eftir orðanna hljóðan og með hliðsjón af því að hugtakið löggjafarvald táknar þá starfsemi sem fólgin er í setningu réttarreglna, hverju nafni sem nefnast, ætti öðrum en löggjafanum að vera óheimilt að setja réttarreglur. Löggjafanum ætti samkvæmt þessu að vera óheimilt að framselja löggjafarvald sitt, og skal í því sambandi bent á að í stjórnarskránni eru engin ákvæði sem heimila löggjafanum að framselja þetta vald sitt.

Öllum er hins vegar ljóst að sú venja er löngu helguð að í einstökum lögum sé heimild eða boð til framkvæmdarvaldshafa um að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna eða önnur tilgreind atriði í reglugerð eða öðrum stjórnvaldsboðum. Hefur þetta tíðkast allt frá setningu stjórnarskrárinnar árið 1874, en ljóst er að þetta hefur færst í vöxt. Hefur þessi framkvæmd þannig helgast af langri venju. Ástæða þessa er að löggjafinn getur sparað sér að setja ítarlegar reglur um hrein framkvæmdaratriði og lagasetning öll yrði flóknari og yfirgripsmeiri og löggjafarstarf allt seinunnara. Þá þarf oft að breyta reglum þegar reynsla af þeim

liggur fyrir eða í einstökum málaflokkum varðandi daglega útfærslu og því oft nauðsyn að hafa þennan hátt á, og má nefna ýmsar ástæður svo sem þessar:

1. *Tímaskortur.* Á Alþingi er oft mikið vinnuálag og fjöldi aðkallandi mála getur verið mikill. Hér kemur einnig til að þingið situr ekki allt árið, sumarhlé, jólaleyfi o.fl. stytta starfstímann.

2. *Mannekla.* Nátengd tímaskorti þingmanna er mannekla á Alþingi. Meðan stöðugt fjölgar starfsfólki hjá hinu opinbera hefur ekki verið sama þróun á Alþingi. Þetta leiðir til aukins vinnuálags á þingmenn sem hefur það m.a. í för með sér að þingmenn verða að fela framkvæmdarvaldshöfum mikinn þátt í setningu réttarreglna með því að bjóða eða heimila þeim setningu reglugerða og annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

3. *Tæknileg viðfangsefni.* Nútímalöggjöf krefst oft lagasetningar um flókin tæknileg viðfangsefni sem ekki er á færi nema sérfróðra manna að fást við svo vel sé. Erfitt getur verið fyrir stjórnmálamenn að átta sig á þessum viðfangsefnum og setja um þau þær réttarreglur sem vel mundu hæfa í hverju einstöku tilviki. Þetta leiðir oft til þess að löggjafinn framselur löggjafarvald sitt um þessi efni til sérfróðra framkvæmdarvaldsaðila.

4. *Ófyrirsjáanlegar aðstæður.* Þegar lög eru sett miða þau yfirleitt við það ástand sem er á hverjum tíma, enda löggjafanum ekki frekar en öðrum gefið að sjá fram í tímann. Framkvæmd lagasetningar hefur þannig þróast í þá átt að Alþingi hefur sett lög, grunnreglur, en falið handhöfum framkvæmdarvalds, ráðherrum, að setja reglur um nánari útfærslu laganna. Hér er því um það að ræða sem kallað er framsal löggjafarvalds, þ.e. þegar um er að ræða heimild í lögum til þess að setja þegnunum fyrirmæli eða reglur, sem án slíkrar lagaheimildar hefði aðeins verið hægt að setja í lögum.

Eftirlitsvald dómstóla með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa leiðir af 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þess ber þó að gæta að í þessu felst engin frumkvæðisskylda dómstóla varðandi þetta eftirlitsvald með t.d. reglugerðum. Það reynir því aðeins á þetta eftirlit dómstóla að eitthvað það komi fram í máli sem til þeirra er skotið sem athugavert þykir, t.d. við lagastoð reglugerðar.

Vegna þessa er eðlilegt að koma á þeirri skipan að Alþingi hafi eftirlit með þeim fyrirmælum sem koma frá framkvæmdarvaldshöfum á grundvelli framsals Alþingis á löggjafarvaldi.

Eðlilegast er að sá aðili sem veitir öðrum heimild til þess að vinna þessi verk, að setja þegnunum reglur, hafi eftirlit með því að heimildin sé notuð á þann hátt sem heimildargjafinn getur samþykkt og ekki sé farið út fyrir heimildina. Hér er því gerð tillaga um að eftirlit þetta verði í höndum Alþingis, t.d. á þann hátt að sú nefnd sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög fari yfir reglugerðirnar og framkvæmdarvaldsfyrirmælin og þau hljóti ekki staðfestingu fyrr en að þeirri skoðun lokinni. Þannig er tryggt virkt eftirlit Alþingis með því löggjafarvaldi sem það hefur framselt til framkvæmdarvaldshafa að reglugerðir hafi bæði lagastoð og séu í samræmi við þau lög sem þær byggjast á og anda þeirra laga. Með þessu fyrirkomulagi væru skerptar línur 2. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi fari með löggjafarvaldið.

Þingmál þetta var flutt í sömu mynd á 127. og 128. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

177. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [177. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123. löggjafarþingi 1998–1999 af Siv Friðleifsdóttur. Jafnframt flutti Kristinn H. Gunnarsson frumvarp á 130. löggjafarþingi 2003–2004 þar sem m.a. var lögð til sambærileg breyting.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telja flutningsmenn rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Í dag er staðan sú að ráðherra getur sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. Mjög ólíklegt er að ráðherra mundi gera slíkt að öllu óbreyttu, því að ef hann missti ráðherraembættið aftur þá ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel. Frumvarpið er í anda stefnu Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar. Á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins var til að mynda gerð svofelld samþykkt í tengslum við umfjöllun um stjórnsýslu ríkisins: „Auka þarf þrískiptingu

ríkisvaldsins. Í því skyni skal stefnt að því að ráðherrar ríkisstjórnar afsali sér þingmennsku". Í stefnuskrá Framsóknarflokksins 2003 segir enn fremur í kaflanum um skilvirka og réttláta stjórnsýslu: „Skilja verður að fullu á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og mun það auka lýðræði og aðhald innan stjórnsýslunnar. Ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmannsstarfi." Þá segir eftirfarandi m.a. í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar 2003 um lýðræðismál: „Ráðherrar eiga að segja af sér þingmennsku á meðan þeir þjóna sem framkvæmdarvaldshafar og gera á landið að einu kjördæmi."

178. Fyrirspurn [178. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gleraugnakostnað barna og ungmenna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg börn undir 18 ára aldri þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984, skipt eftir aldurshópum eins og kostur er?
2. Er ástæða til að ætla að börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri fari ekki reglulega í augnskoðun vegna mikils kostnaðar við gleraugnakaup?
3. Hver má ætla að sé meðalkostnaður fjölskyldu vegna gleraugnakaupa barns á grunnskólaaldri og hve algengt er að fleiri en eitt barn í sömu fjölskyldu þurfi á gleraugum að halda?
4. Hefur Sjónstöð Íslands eða landlæknisembættið haldið uppi virku eftirliti og skráningu á sjón barna og ungmenna?
5. Hver yrðu útgjöld ríkissjóðs ef heimilað yrði að sérhver sjónskertur einstaklingur yngri en 18 ára, sem þyrfti á gleraugum að halda samkvæmt umsókn frá augnlækni, ætti rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja án tillits til orsaka sjónskerðingar einu sinni á hverju tveggja ára tímabili?
6. Hver eru rökin fyrir því að réttur barna og ungmenna sem eiga við sjónvandamál að stríða er minni en annarra sem þurfa á sjúkrahjálp að halda?
7. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að ríkið taki þátt í gleraugnakostnaði barna og ungmenna með líkum hætti og nú er gert t.d. varðandi heyrnarskert börn og ungmenni?

Skriflegt svar óskast.

179. Fyrirspurn [179. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd reglugerðar um slátrun og meðferð sláturafurða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvaða sláturhús hafa starfsleyfi frá ráðuneytinu án þess að uppfylla allar kröfur reglugerðar nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða? Hvaða kröfur eru ekki uppfylltar í hverju tilviki og hversu langur frestur hefur fengist til úrbóta?
2. Hve mörgum sláturhúsum hefur verið synjað um starfsleyfi á grundvelli þess að þau uppfylli ekki reglugerðina síðan hún tók gildi og hvaða ákvæði eru það sem hvert og eitt hefur ekki uppfyllt?

Skriflegt svar óskast.

180. Fyrirspurn [180. mál]

til fjármálaráðherra um kjarasamninga grunnskólakennara og lífeyrisskuldbindingar.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu mjög má ætla að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist á samningstímanum vegna væntanlegra kjarasamninga launanefndar sveitarfélaga við stéttarfélög grunnskólakennara ef samið verður miðað við:
   a. tilboð launanefndar sveitarfélaga sem í fjölmiðlum hefur verið sagt ígildi 16,3% launahækkunar út samningstímann,
   b. kröfur stéttarfélaga grunnskólakennara sem í fjölmiðlum hafa verið sagðar ígildi 35% launahækkunar út samningstímann?
2. Hve mikið eykst verðmæti lífeyrisréttinda hvers starfandi grunnskólakennara að meðaltali skv. a- og b-lið 1. liðar?

Skriflegt svar óskast.

181. Fyrirspurn [181. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðireglu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er árangurinn af notkun veiðireglu við uppbyggingu þorskstofnsins á Íslandsmiðum?

182. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að afnema verðtryggingu á inn- og útlánum í áföngum sem og að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Nefndin verði skipuð með aðild aðila vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 128. og 130. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi í rúmlega 30 ár, en meginforsendan fyrir verðtryggingunni var að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum. Jafnframt hafði verðtrygging verulega þýðingu til að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Þótt verðtrygging fjárskuldbindinga hafi sína kosti hefur hún sætt mikilli gagnrýni, ekki síst í byrjun níunda áratugarins þegar mikið misgengi varð milli launa og lánskjara með því að vísitala launa var tekin úr sambandi en verðtryggingu fjárskuldbindinga viðhaldið.

Stigin hafa verið skref í þá átt að draga úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum. Árið 1995 var ákveðið að minnka verðtryggingu í áföngum. Síðasta skrefið var stigið 1998 en þá var gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en þriggja ára og styttri útlán en fimm ára. Þetta hefur ekki haft veruleg áhrif og lítið dregið úr verðtryggingu fjárskuldbindinga. Er verðtryggingin enn á flestöllum lengri skuldbindingum. Eins og áður sagði hefur verðtryggingu ekki verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf. Verðtryggingu ríkisskuldabréfa er að finna í átta OECD-ríkjum: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja Sjálandi og Svíþjóð. Hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum er hæst hér á landi, um 86%, í Bretlandi er það um 18%, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Afar mikilvægt er að kostir og gallir þess séu metnir af fyllstu varfærni, en ljóst er að verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Lagt er til að nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila, atvinnulífs og hins opinbera. Jafnframt er lagt til að sett verði fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðla-

banka um verðbólguspá. Eins og af þessu sést er hér lagt til að varlega sé farið í sakirnar. Vissulega er það svo að rök eru bæði með og á móti verðtryggingu. Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldara. Sömuleiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldara, skekkir allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfum engin áhrif á, eins og verðhækkanir erlendis, geta keyrt upp vísitöluna. Nefna má einnig að verðtryggingin er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur því torveldað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekkja til notkunar verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Trú á viðvarandi stöðugleika er líka forsenda þess að hægt sé að stíga stórt skref í afnámi verðtryggingar því að ella er hætta á að lánveitendur vilji áskilja sér verulega hátt áhættuálag sem kemur fram í hærri vöxtum. Afnám verðtryggingar gæti líka leitt til styttri lánstíma og hærri raunvaxta ef ekki er farið varlega í sakirnar.

Líta verður líka á að efnahagslegar aðstæður eru hér allt aðrar en þær sem kölluðu á verðtryggingu undir lok áttunda áratugarins þegar verðbólgan var mjög sveiflukennd og sparifé landsmanna brann upp á verðbólgubálinu. Á sl. einum og hálfum áratug hefur orðið veruleg breyting á fjármálamarkaðinum. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu. Auk þess sem innleitt hefur verið frelsi í vaxtaákvörðunum er fjármagnsflæði milli landa orðið vaxandi þáttur í atvinnulífinu, jafnframt því sem fyrirtæki eru í auknum mæli að færa út starfsemi sína til annarra landa. Verðtryggingin hafði vissulega afar jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn, einkum fyrir peningalegan sparnað, og var því nauðsynleg á tímum niðursveiflu og mikillar verðbólgu.

Stöðugleiki hefur varað nú í hartnær tíu ár með nokkrum undantekningum í verðbólguskotum sem staðið hafa í tiltölulega skamman tíma. Þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankinn vinnur nú eftir ættu líka að auðvelda gerð skipulegrar áætlunar um afnám verðtryggingar í áföngum. Vissulega er mikilvægt að markaðurinn hafi trú á viðvarandi stöðugleika og sterkri peningamálastjórn og það er einmitt ein meginástæða þess að rétt er að fara varlega í sakirnar eins og hér er gert ráð fyrir og að verðbólgumarkmið Seðlabankans gangi fram á næstunni. Engu síður er mikilvægt að kannaðir séu kostir þess og gallar að fjárskuldbindingar heimila og fyrirtækja séu án verðtryggingar eins og er í flestum löndum í kringum okkur. Með ólíkindum er reyndar að þrátt fyrir verðtrygginguna séu vextir með þeim hæstu sem þekkjast og vaxtamunur inn- og útlána eins mikill og raun ber vitni. Til sanns vegar má að vísu færa að á Íslandi eru hvað mestar sveiflur í efnahagsmálum miðað við önnur vestræn ríki og hagkerfi okkar er lítið þannig að líkur eru á að sveiflur verði áfram meiri hér en annars staðar. Því reynir enn meira á styrka stjórn peninga- og efnahagsmála hér á landi ef afnema á verðtryggingu á fjárskuldbindingum.

Flutningsmenn telja að fyrsta skrefið sé að gera þá úttekt sem hér er lögð til og áður hefur verið lýst og að gerðar verði áætlanir til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Líklegt er að skynsamlegt sé að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum fyrst í stað á lánveitingum til skemmri tíma en 20 ára. Einnig er lögð áhersla á að skoðað verði að heimila að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

183. Frumvarp til laga [183. mál]

um veðurþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum nauðsynlegar upplýsingar um veður og veðurhorfur á Íslandi.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um opinbera veðurþjónustu og veðurfræðilega sérþjónustu.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Almennar veðurhorfur:* Yfirlitsspár um veðurlag á Íslandi til nokkurra vikna, mánaða eða lengri tíma eftir því sem aðstæður leyfa.
2. *Almennar veðurspár:* Svæðis- eða staðbundnar spár um veður og veðurbreytingar á Íslandi og nærliggjandi hafsvæði sem unnar eru reglulega, daglega eða oftar, ná til nokkurra daga og miðlað er til almennings, sbr. 8. gr.
3. *Grunnkerfi:* Söfnun grunnupplýsinga um veður og rekstur veðurstöðvakerfis, meðhöndlun og varðveisla athuganagagna í gagnagrunnum og rekstur þeirra. Gerð eða öflun tölvureiknaðra spágagna.
4. *Grunnþjónusta:* Miðlun rauntímagagna, vinnsla á almennum veðurspám og spám um almennar veðurhorfur, öryggisþjónusta og önnur veðurþjónusta sem Íslandi ber skylda til að veita samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum þar um.
5. *Opinber veðurþjónusta:* Grunnþjónusta og rekstur grunnkerfa.
6. *Rauntímagögn:* Mæli- og athuganagögn um veður eða einstaka veðurþætti sem nýtt eru vegna öryggisþjónustu eða miðlað til notenda eins fljótt og unnt er eftir að mæling hefur farið fram.
7. *Sérþjónusta:* Veðurþjónusta sem ekki fellur undir grunnþjónustu. Hér er átt við þjónustu við fyrirtæki, stofnanir eða einstaklinga sem felst í gagnaafhendingu, sérhæfðri vinnslu, ráðgjöf eða túlkun gagna.
8. *Tölvuspár:* Rafrænir útreikningar á ýmsum veðurþáttum sem settir eru fram myndrænt eða á stafrænu formi.
9. *Veður:* Ástand lofthjúpsins á hverjum tíma, þ.e. vindur, loftþrýstingur, úrkoma, skýjafar, skyggni, lofthiti og loftraki.
10. *Veðurtengdir þættir:* Ofanflóð, hafísútbreiðsla, sjólag, sjávarflóð, vatnsflóð, eldingar, dreifing gjósku í lofti, ókyrrð í lofti og ísing í lofti, á láði og á legi.
11. *Öryggisþjónusta:* Vöktun og viðvaranir eða ráðgjöf um yfirvofandi hættu af völdum veðurs eða veðurtengdra þátta sem miðar að því að vernda líf og eignir.

4. gr.
Yfirstjórn.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til. Veðurstofa Íslands er ráðherra til ráðgjafar.

5. gr.
Grunnkerfi.

Veðurstofa Íslands skal reka grunnkerfi með því m.a. að starfrækja nauðsynlegan fjölda veðurathugunarstöðva í hverjum landshluta og með því að afla gagna frá erlendum veðurstofum. Enn fremur skal Veðurstofa Íslands afla annarra veðurfræðilegra gagna, svo sem fjarkönnunargagna, eftir því sem tök eru á. Markmið með rekstri grunnkerfa Veðurstofu Íslands er að auki að byggja upp, viðhalda og auka þekkingu á veðurfari landsins og orsökum veðurfarsbreytinga.

Veðurstofa Íslands skal varðveita veðurupplýsingar þær sem fást úr rekstri grunnkerfa í aðgengilegum og áreiðanlegum gagnagrunnum.

Veðurstofa Íslands skal beita sér fyrir samræmingu á grunnkerfum opinberra stofnana sem og fyrirtækja sem að einhverju leyti starfa á sviði veðurþjónustu.

6. gr.
Grunnþjónusta.

Veðurstofa Íslands skal inna af hendi grunnþjónustu með því að:

a. veita öryggisþjónustu vegna veðurs á landi, í lofti og á legi,
b. sjá um að gerðar séu almennar veðurspár eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma fyrir Ísland og umhverfi þess,
c. veita veðurþjónustu fyrir flugvelli og flugumferð í samræmi við lög, fyrirmæli stjórnvalda og samkvæmt alþjóðlegum reglum og samþykktum,
d. veita öryggisþjónustu vegna veðurtengdra þátta,
e. veita aðra þá grunnþjónustu sem ráðherra ákveður eða samið er um í alþjóðlegum samningum.

7. gr.
Fjármögnun grunnkerfa og grunnþjónustu.

Kostnaður við uppbyggingu, rekstur, þróun og viðhald grunnkerfa, svo og grunnþjónustu, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.
Miðlun veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands skal miðla upplýsingum um veður, almennar veðurspár, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti a.m.k. daglega til fjölmiðla og annarra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi.

9. gr.
Viðvaranir.

Veðurstofu Íslands er skylt að gefa út viðvaranir um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta eftir því sem tilefni er til hverju sinni og í samræmi við alþjóðlegar

viðmiðanir. Þess skal gætt að viðvaranir séu settar fram á skýran og ótvíræðan hátt. Veðurstofan skal koma viðvörunum sínum tafarlaust á framfæri m.a. við fjölmiðla sem ná til landsins alls og staðbundinna miðla eftir því sem tilefni er til.

10. gr.

Sérþjónusta.

Veðurstofa Íslands veitir veðurfræðilega sérþjónustu, svo sem að annast veðurspár, framkvæmd og túlkun veðurmælinga og ráðgjöf um veðurfræðileg og veðurfarsleg málefni gegn greiðslu, enda sé það gert á forsendum jafnræðis gagnvart einkareknum veðurþjónustufyrirtækjum og öðrum ríkisveðurstofum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Starfsemi sérþjónustu Veðurstofu Íslands skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

11. gr.

Þjónustusamningar.

Veðurstofa Íslands getur falið öðrum aðilum, stjórnvöldum sem einkaaðilum, að annast ákveðna verkþætti á starfssviði sínu með sérstökum samningi þar um.

12. gr.

Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi. Ráðherra setur að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands gjaldskrá um afhendingarkostnað vegna gagna sem afhent eru samkvæmt ákvæði þessu.

13. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um veðurþjónustu og veðurtengda öryggisþjónustu.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt verða eftirfarandi breytingar á 3. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985:

a. 1. og 2. tölul. orðast svo:
   1. að sjá um rekstur grunnkerfa og annast grunnþjónustu á sviði veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu,
   2. að annast verkefni á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

b. 3., 5. og 7. tölul. falla brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 3. október 2003 af umhverfisráðherra og var falið að semja frumvarp um veðurþjónustu þar sem skilgreint væri hver þáttur hins opinbera skyldi vera í almennri veðurþjónustu og veðurtengdri öryggisþjónustu, sbr. 1. gr.

laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985. Jafnframt var það verkefni nefndarinnar að gera tillögur um það hvernig opinberri veðurþjónustu væri best komið fyrir.

Í nefndinni áttu sæti: Einar Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, formaður, Sigrún Ágústsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, bæði skipuð án tilnefningar, Baldur Bjartmarsson, forstöðumaður hjá Siglingastofnun, tilnefndur af samgönguráðuneyti, Guðrún Johnsen hagfræðingur, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, og Magnús Jónsson veðurstofustjóri, tilnefndur af Veðurstofu Íslands. Nefndin lauk störfum í febrúar 2004.

Lög um Veðurstofu Íslands hafa staðið að mestu leyti óbreytt frá árinu 1985 en á sama tíma hafa flestir þeir málaflokkar aðrir sem undir umhverfisráðuneytið heyra verið endurskoðaðir. Tímabært þótti að skilgreina verkefni hins opinbera á sviði veðurþjónustu nánar í lögum en á undanförnum árum hafa risið upp ákveðin álitamál þar um.

Einkaaðilar hafa á undanförnum árum boðið afmarkaða veðurfræðilega þjónustu og m.a. óskað eftir afnotum af gögnum sem Veðurstofa Íslands hefur framleitt eða aflað. Í árslok 2000 barst Samkeppnisstofnun erindi frá fyrirtækinu Halo ehf. sem sérhæft hafði sig í gerð og miðlun veðurspáa á netinu. Þess var óskað að Samkeppnisstofnun rannsakaði starfsemi Veðurstofu Íslands vegna meintra brota hennar á samkeppnislögum. Fór Halo ehf. fram á að Samkeppnisstofnun hlutaðist til um það sem kallað var misnotkun á markaðsráðandi stöðu Veðurstofunnar þar sem Veðurstofan taldi sig ekki hafa heimild til þess að afhenda Halo ehf. veðurgögn og tölvureiknaðar spár til frekari úrvinnslu. Halo ehf. óskaði auk þess eftir því að Samkeppnisstofnun setti almenn skilyrði sem tryggja ættu eðlilega samkeppni á veðurþjónustumarkaði. Niðurstaða samkeppnisráðs í máli þessu var sett fram í fimm liðum:

1. Stofnuð verði sérstök eining um rekstur þeirrar þjónustu sem er og verður á samkeppnismarkaði. Reiknishald þessarar þjónustueiningar skal vera sjálfstætt.
2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Eignir sem teljast til þjónustueiningarinnar skulu metnar á markaðsverði sé þess kostur en annars á endurkaupsverði.
3. Með skyldum þjónustueiningarinnar skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi samkeppnisstarfseminnar.
4. Öll viðskipti milli þjónustueiningarinnar og annarra sviða Veðurstofu Íslands skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.
5. Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði þjónustueiningarinnar auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.

Í frumvarpi þessu er brugðist við niðurstöðu Samkeppnisstofnunar með þeim hætti að skilgreina þjónustu í markaðsumhverfi sérstaklega og kveða á um fjárhagslegan aðskilnað hennar frá annarri starfsemi Veðurstofu Íslands, sbr. 10 gr. frumvarpsins.

Í ársbyrjun 2002 boðuðu ráðuneytisstjórar umhverfis- og samgönguráðuneyta til fundar um veðurþjónustu á vegum opinberra stofnana. Þar var ákveðið að stofna starfshóp til að vinna tillögur um samstarf þeirra opinberu stofnana sem annast rekstur á veðurstöðvum eða sinna veðurþjónustu með öðrum hætti. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti, samgönguráðuneyti, Vegagerðinni, Siglingastofnun, Flugmálastjórn og Veðurstofunni, en veðurstofustjóri stýrði starfi hópsins. Tildrög skipunar þessa starfshóps voru þau að vegna aukinna krafna um greiðar og öruggar samgöngur á landi, í lofti og á sjó, sem almennt eru háðar veðri, höfðu stofnanir eins og Vegagerðin, Siglingastofnun og Flugmálastjórn aukið miðlun hvers kyns veðurupplýsinga sem aflað er með sjálfvirkum mælingum. Æskilegt þótti að þessar stofnanir ásamt Veðurstofu Íslands ykju samstarf sitt og samræmingu í meðhöndlun og miðlun veðurupplýsinga með það að markmiði að auka öryggi þeirra

hópa sem þurfa á þessum upplýsingum að halda og eins það að tryggja hagkvæmni í þeirri starfsemi sem viðkomandi stofnanir eiga að sinna lögum samkvæmt. Starfshópurinn lagði m.a. til í tillögum sínum um mitt ár 2002 að skilgreint yrði og sett í lög hvað teldist almenn veðurþjónusta og veðurtengd öryggisþjónusta sem opinberir aðilar bæru ábyrgð á. Starfshópurinn lagði einnig til að þróuð yrði sameiginlega eða á hverri stofnun fyrir sig sérhæfð öryggis- og vöktunarþjónusta með þarfir einstakra markhópa í huga. Starfshópurinn lagði í þriðja lagi til að kerfi sjálfvirkra veðurathugunarstöðva þeirra opinberu stofnana sem hlut eiga að máli yrði samræmt eftir því sem unnt er.

Samkvæmt 2. gr. laga um vitamál, nr. 132/1999, ber Siglingastofnun Íslands að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag. Jafnframt skal Siglingastofnun, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum. Ekki er kveðið á um veðurþjónustu í öðrum sérlögum. Það var mat þeirrar nefndar sem samdi frumvarp þetta að samræming veðurathuganakerfa opinberra stofnana væri afar æskileg og að henni yrði náð með samkomulagi eða samningum á milli Veðurstofu Íslands og annarra opinberra aðila sem stunda reglulegar veðurmælingar af einhverju tagi. Lagt er til að Veðurstofu Íslands verði falið að beita sér fyrir þeirri samræmingu, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Að höfðu samráði við fulltrúa Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og fleiri aðila þótti ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um skyldur þeirra stofnana á sviði veðurþjónustu í frumvarpi þessu og er því eingöngu fjallað um þá öryggis- og vöktunarþjónustu sem Veðurstofa Íslands er ætlað að veita.

Í júní 2003 lauk stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Veðurstofu Íslands, en hún hófst í nóvember 2002. Í inngangi hennar segir að við slíka endurskoðun sé reynt að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt. Í niðurstöðu stjórnsýsluúttektarinnar segir m.a. að mikilvægt sé að umhverfisráðuneytið endurskilgreini sem fyrst lagaramma Veðurstofunnar sem og hlutverk stofnunarinnar. Að því búnu þarf að taka skýra afstöðu til þess að hve miklu leyti veðurþjónusta verði skilgreind sem samkeppnisþjónusta og verðlögð í samræmi við það. Eins bendir Ríkisendurskoðun á það að full ástæða sé til þess að kannað verði gaumgæfilega hvaða leiðir séu færar til þess að samræma þá veðurþjónustu sem opinberar stofnanir sinna.

Í frumvarpi þessu er brugðist við framangreindri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar með því að skilgreina verksvið Veðurstofu Íslands hvað varðar veðurþjónustu með skýrum hætti, sbr. einkum 5. og 6. gr., svo og 10. gr. frumvarpsins. Litið er svo á að með þeim hætti verði grundvöllur fjárveitinga til stofnunarinnar skýrari, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Á alþjóðavettvangi hefur á síðustu áratugum mikið verið unnið í að gera veðurþjónustu á breiðum grundvelli skilvirkari og ódýrari. Hlutverk ríkisins sem þjónustuaðila hefur verið til umfjöllunar síðustu árin hjá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO), en Ísland er eitt 185 aðildarríkja hennar. Þrettánda allsherjarþing WMO 1999 samþykkti stefnumarkandi yfirlýsingu, svokallaða „Genfaryfirlýsingu“, um veðurþjónustu og hlutverk og rekstur þjóðarveðurstofa. Á þeim grundvelli samþykkti framkvæmdaráð WMO árið 2003 yfirlýsinguna „Hlutverk og rekstur ríkisveðurstofa“ (e. The Role and Operation of National Meteorological Services). Í Genfaryfirlýsingunni segir m.a. að veður og veðurfar hafi áhrif á daglegt líf flestra jarðarbúa og að meira en aldarlöng reynsla hafi sýnt fram á mikla þjóðhagslega hagkvæmni skilvirkrar veðurþjónustu fyrir þjóðir sem reka hana og viðhalda henni. Fáar atvinnugreinar eða einstök fyrirtæki eru algjörlega óháð veðri og kostnaður vegna röskunar

starfsemi af völdum veðurs verður seint ofmetinn. Í yfirlýsingunni er einnig fjallað um hlutverk veðurstofa á 21. öld, framtíð veðurþjónustunnar og þátt hennar fyrir samfélagið. Mikilvægasta hlutverk veðurstofa er talinn þáttur þeirra í öryggisþjónustu varðandi líf og eignir og sá þáttur sem þær eiga í að draga úr áhrifum náttúruhamfara. Stefnumörkun WMO er til í styttri íslenskri þýðingu og var stuðst við hana við samningu frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að á Veðurstofu Íslands verði tekin upp skipting starfsemi veðurþjónustu á sama hátt og lögð er til í Genfaryfirlýsingunni, þ.e. í grunnkerfi, grunnþjónustu og sérhæfða þjónustu. Tilhneiging hefur verið til að draga úr vægi hlutar hins almenna skattgreiðanda í fjármögnun veðurþjónustunnar, en auka á móti hlut sérstakra notenda. Því er æskilegt að greina á milli grunnkerfa og grunnþjónustu sem rekin er fyrir opinbert fé og síðan sérþjónustu sem notendur hennar greiða fyrir.

Starfsumhverfi Veðurstofu Íslands og þarfir þeirra sem nota sér þjónustu hennar taka stöðugum breytingum. Veðurþjónusta hér á landi, eins og reyndar víðast annars staðar, er að mestu kostuð og starfrækt af opinberum aðilum. Auk Veðurstofu Íslands veita aðrar stofnanir eins og Vegagerðin, Siglingastofnun, Flugmálastjórn o.fl. veðurþjónustu í formi veðurmælinga og hefur miðlun þeirra upplýsinga þann tilgang að greiða fyrir og bæta öryggi í samgöngum. Sums staðar í nágrannalöndum okkar hafa einkaaðilar í vaxandi mæli boðið upp á virðisaukandi starfsemi á sviði veðurþjónustu, einkum við úrvinnslu og miðlun veðurupplýsinga og veðurspáa á ýmsu formi. Veðurmælingar, varsla veðurupplýsinga og ákveðin grunnþjónusta er þó yfirleitt á vegum ríkisins. Á síðustu árum hefur tækniþróun og alþjóðavæðing haft mikil áhrif á starfsemi veðurstofa í heiminum. Ekkert er alþjóðlegra en veðrið og því er fjölþjóðlegt samstarf forsenda árangursríkrar veðurþjónustu um allan heim. Mismunandi stefna stjórnvalda í hinum markaðsvædda heimi hefur hins vegar skapað umtalsverð vandamál í veðurþjónustunni. Má sem dæmi nefna kröfu stjórnvalda í Vestur-Evrópu um að ríkisstofnanir afli sértekna með sölu á tiltekinni þjónustu en ríkisstofnunum í Norður-Ameríku er almennt meinað að afla tekna á markaði með sölu á gögnum og þjónustu. Í Vestur-Evrópu hafa einkarekin fyrirtæki reynt fyrir sér á afmörkuðum sviðum veðurþjónustunnar auk þess sem markaðsreglur Evrópska efnahagssvæðisins gilda á vissum sviðum þjónustunnar. Þannig er samkeppni milli ríkisveðurstofanna á EES-svæðinu innbyrðis auk samkeppni milli einstakra ríkisveðurstofa og einkafyrirtækja í veðurþjónustu. Af þessum sökum hefur skapast óvissa hér á landi sem annars staðar þar sem skilgreiningar hefur skort um það hvaða þjónustu Veðurstofa Íslands ætti að veita án endurgjalds og hvaða þjónustu ætti að selja.

Í reglugerð um starfsemi Veðurstofu Íslands, nr. 367/1996, er fjallað nánar um verkefni Veðurstofunnar á sviði veðurþjónustu og hefur hún auk þeirra gagna sem að framan eru rakin verið höfð til hliðsjónar við undirbúning frumvarps þessa.

Verði frumvarp þetta að lögum verða ákveðnar breytingar á lögum um Veðurstofu Íslands í þá veru að vísað verður til laga um veðurþjónustu um verkefni stofnunarinnar á því sviði. Jafnframt er vísað til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, en þar er ítarlega fjallað um verkefni stofnunarinnar á því sviði.

Veðurstofa Íslands annast vöktun á jarðvá með margs konar mælingum á jarðskjálftum, þenslu í jarðskorpunni, hægfara hreyfingum hennar o.fl. og vinnur úr þessum gögnum. Einnig safnar stofnunin upplýsingum um eldgos og öskufall. Þessi verkefni tengjast ekki veðri, veðurfari eða veðurtengdum þáttum beinlínis. Þykir því ekki ástæða til að fjalla um þessi verkefni í sérlögum um veðurþjónustu. Í lögum um Veðurstofu Íslands er einnig kveðið á um að Veðurstofan skuli gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu. Mengunarmál heyra almennt undir Umhverfisstofnun. Mengun verður almennt ekki vegna veðurs þótt

veður kunni að hafa áhrif á dreifingu mengunarinnar. Er því lagt til að þetta ákvæði verði óbreytt í þeim lögum þar sem það er ekki nema öðrum þræði tengt veðurþjónustu. Á fundi nefndarinnar með fulltrúa almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra kom fram ábending um geislavá og aðra sambærilega hættu, svo sem hættu vegna gastegunda. Nefndin sem samdi þetta frumvarp taldi að halda ætti þeim þætti fyrir utan frumvarp þetta þar sem svipað háttar til með slíka vá og mengunarvá. Geislavarnir ríkisins annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum samkvæmt lögum um geislavarnir, nr. 44/2002. Dæmi eru um það að hættulegt, náttúrulegt gas streymi úr jörðu bæði samfara eldgosum hér á landi og eins annars staðar frá en að mati nefndarinnar fellur slík hætta undir jarðvá.

Nefndin sem samdi frumvarp þetta fékk á fund til sín eftirtalda samráðsaðila: Björn Ólafsson og Nikolai Jónasson frá Vegagerðinni, Brand Guðmundsson frá Flugmálastjórn, Hafþór Jónsson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Sigurð Steinar Ketilsson, frá Landhelgisgæslunni, Sigurð Þ. Ragnarsson frá Stöð 2, Guðmund Hermannsson og Ingvar Hjálmarsson frá mbl.is og Kára Jónasson frá Ríkisútvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er gildissvið frumvarpsins afmarkað efnislega. Ekki þykir þörf á að afmarka gildissvið frumvarpsins landfræðilega en í 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, segir að hlutverk Veðurstofu Íslands sé að annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess, svo og vinna að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra fræðigreina er falla undir starfssvið hennar. Gert er ráð fyrir að ákvæði þetta haldi gildi sínu verði frumvarp þetta að lögum. Samkvæmt samningum milli Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO frá 1948 veitir Veðurstofa Íslands veðurþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu (Reykjavík FIR) sem nær langt út fyrir efnahagslögsöguna. Frumvarp þetta fjallar um opinbera veðurþjónustu, þ.m.t. flugveðurþjónustu, veðurtengda þjónustu og veðurfræðilega sérþjónustu, og eru þetta fyrstu sérlögin á því sviði. Skilið er milli veðurþjónustu og veðurtengdrar þjónustu eins og nánar kemur fram í skilgreiningum og öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru í fyrsta sinn skilgreind í lögum hugtök á sviði veðurs og veðurþjónustu. Mikilvægt þykir að hugtök frumvarpsins séu skýr þar sem tilgangur þess er m.a. að skilja á milli grunnþjónustu sem greidd er af almannafé og sérþjónustu sem veitt eftir því sem eftirspurn er eftir hverju sinni. Jafnframt er lögð áhersla á öryggisþjónustu vegna veðurs og veðurtengdra þátta. Litið er svo á að skýr hugtök geri öryggisþjónustuna markvissari. Sérstakt samspil er milli skilgreininga og 4. gr. frumvarpsins. Einnig eru tengsl milli skilgreininga innbyrðis.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um yfirstjórn málaflokksins og er ákvæðið í samræmi við ákvæði annarra laga er undir umhverfisráðuneytið heyra.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um rekstur grunnkerfa á sviði veðurs og veðurtengdra þátta. Veðurstofan rekur grunnkerfi veðurathugunarstöðva sem samanstendur af um 120 mönnuðum veðurstöðvum. Þar af eru um 45 skeytastöðvar, um 15 svokallaðar veðurfarsstöðvar en á hinum er aðeins mæld úrkoma. Þá rekur Veðurstofan um 90 sjálfvirkar athugunarstöðvar. Líklegt er, miðað við þróunina í nágrannaríkjum okkar, að mönnuðum veðurstöðvum muni fækka í náinni framtíð en sjálfvirkum stöðvum fjölga. Ýmsir opinberir aðilar, t.d. Vegagerðin, reka æ fleiri veðurathugunarstöðvar í því skyni að bæta öryggi á vegum landsins. Þá rekur Flugmálastjórn fullkomnar veðurstöðvar við helstu flugvelli landsins utan Keflavíkurflugvallar, og Siglingastofnun Íslands hefur sett upp stöðvar við marga vita landsins og eru þær reknar í nánu samstarfi við Veðurstofuna. Veðurathuganir gegna þrenns konar hlutverki. Þær mynda net veðurupplýsinga fyrir veðurspár og öryggisþjónustu. Í því skyni hefur lengi verið við lýði alþjóðlegt kerfi þar sem opinberar veðurstofur og stofnanir skiptast á veðurathugunum. Þá eru sumar veðurathugunarstöðvar sem mæla veðurþætti sem fyrst og fremst er ætlað að viðhalda og bæta þekkingu á veðurfari og veðurfarssögu landsins. Í sumum tilvikum koma þær ekki við sögu í daglegri veðurþjónustu. Í þriðja lagi er hlutverk veðurathugana eingöngu það að miðla rauntímagögnum til þeirra sem þær nýtast. Veðurathuganir Vegagerðarinnar, Flugmálastofnunar og Siglingastofnunar Íslands hafa þann megintilgang. Í greininni er enn fremur getið fjarkönnunargagna, en þeirra er aflað m.a. frá gervitunglum og veðurratsjám. Vægi fjarkönnunar í grunnkerfum hefur farið vaxandi og samvinna ríkja umfangsmikil á því sviði.

Í 2. mgr. er kveðið á um gagnagrunna veðurathugana og annarra veðurupplýsinga. Gagnagrunnar veðurupplýsinga eru hluti grunnkerfa og gert er ráð fyrir því að þeir séu aðgengilegir og áreiðanlegir, en í því felst m.a. að veðurathuganir og mælingar hafi verið yfirfarnar og leiðréttar eftir því sem unnt er og gögnin geymd og sett fram á samræmdan hátt.

Í 3. mgr. ákvæðisins er fjallað um samræmingu milli grunnkerfa opinberra stofnana og fyrirtækja. Talið er eðlilegt að Veðurstofa Íslands hafi það hlutverk að beita sér fyrir samræmingu þessara kerfa. Vegagerðin, Siglingastofnun Íslands, Flugmálastjórn og Landsvirkjun eiga og reka fjölda sjálfvirkra stöðva. Veðurstofan nýtir þessi gögn til vöktunar og hluti þeirra er vistaður í gagnagrunnum stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um grunnþjónustu. Í fyrstu tveimur stafliðunum er kveðið á um grunnþjónustu vegna veðurs. Í c-lið er getið sérstaklega flugveðurþjónustu, ekki síst vegna víðtæks hlutverks Íslands í samningum við Alþjóðaflugmálastjórnina. Í d-lið er kveðið á um öryggisþjónustu vegna veðurtengdra þátta. Loks er í e-lið heimild ráðherra til að kveða á um ítarlegri grunnþjónustu, svo sem til að bregðast við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma. Öllum þessum þáttum er nú sinnt af hálfu Veðurstofunnar. Talið er að grundvallarhlutverk ríkisrekinna veðurstofa sé að veita öryggisþjónustu vegna veðurs og veðurtengdra þátta í þágu almennings, samgangna og atvinnulífs.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að kostnaður við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu ásamt þróun kerfanna skuli greiddur úr ríkissjóði. Talið er að með skilgreiningum á grunnkerfum og grunnþjónustu verði grundvöllur fjárveitinga til málaflokksins skýrari. Framlag Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nam um 17% af tekjum Veðurstofu Íslands árið 2002. Er því fjármagni ætlað að standa undir veðurþjónustu vegna flugs á alþjóðlegu hafsvæði sem Ísland

hefur tekið að sér að sinna. Framlag ICAO rennur í ríkissjóð og þaðan til Veðurstofu Íslands. Þykir orðalag ákvæðisins því samræmast þessu fyrirkomulagi.

Gert er ráð fyrir að önnur þjónusta sem Veðurstofan veitir verði verðlögð þannig að hún standi undir sér og verði fjárhagslega aðskilin frá grunnþjónustu og rekstri á grunnkerfum.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skyldur Veðurstofunnar til að sjá um að miðla reglulega upplýsingum um veður, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti til fjölmiðla og annarra miðla. Ljóst er að upplýsingar um veður og veðurspár hafa litla þýðingu ef þeim er ekki komið á framfæri. Mikilvægt er því að koma grunnupplýsingum um veður og veðurtengda þætti á framfæri við fjölmiðla sem hafa almenna útbreiðslu eða aðrar upplýsingaveitur sem almenningur hefur frjálst aðgengi að.

Á undanförnum árum og áratugum hefur orðið mikil breyting á því hvaða fjölmiðla almenningur notar mest til að nálgast veðurupplýsingar. Ríkisútvarpið og loftskeytastöðvar voru lengi eina miðlunarleið veðurfregna, síðan bættist Ríkissjónvarpið við og á síðustu 15–20 árum hafa bæst við margir aðrir miðlunarkostir, svo sem aðrir fjölmiðlar, jafnt dagblöð sem einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar, textavarpið, símsvarar og síðast en ekki síst netið sem valdið hefur straumhvörfum í miðlun hvers kyns veðurupplýsinga. Rétt þykir að Veðurstofa Íslands meti það hverju sinni hvaða fjölmiðlunarleiðir eru skilvirkastar fyrir veðurfregnir og komi viðvörunum og veðurspám á framfæri við þá miðla. Starfssvæði stofnunarinnar nær til alls landsins, stórra hafsvæða umhverfis það og til alþjóðlegs flugsvæðis þar umfram samkvæmt alþjóðlegum samningum. Þeim veðurupplýsingum sem er ætlað að þjóna siglingum er komið á framfæri með útvarpi, loftskeytum og sjálfvirkri móttöku textaskeyta (NAVTEX) og upplýsingum vegna flugs er komið á framfæri eftir sérstöku fjarskiptakerfi flugmálayfirvalda.

Um 9. gr.

Rétt þykir að Veðurstofan hafi það hlutverk að gefa út skýrar viðvaranir um yfirvofandi hættu vegna veðurs og veðurtengdra þátta eftir því sem tilefni er til og þannig leitast við að tryggja öryggi fólks í híbýlum sínum sem og öryggi sjófarenda, vegfarenda og flugsamgangna. Jafnframt er nauðsynlegt að koma þeim viðvörunum tafarlaust á framfæri við fjölmiðla svo að þær geti komið að gagni. Þetta ákvæði kemur hins vegar ekki í veg fyrir að aðrir en Veðurstofa Íslands geti varað við ýmsum þáttum er snerta veður.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Veðurstofa Íslands geti veitt sérþjónustu á sviði veðurfræði, svo sem annast veðurspár, framkvæmd og túlkun veðurmælinga, ráðgjöf um veðurfræðileg og veðurfarsleg málefni gegn greiðslu, enda sé það gert á forsendum jafnræðis gagnvart einkareknum veðurþjónustufyrirtækjum og öðrum ríkisveðurstofum á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þessu er sérþjónusta skilgreind sem þjónusta á markaði hvort sem á honum er virk samkeppni eða ekki. Lítið hefur verið um framboð einkaaðila af þjónustu af þessu tagi og þykir því rétt að tryggja það að þessi þjónusta verði á boðstólum ef óskað er eftir. Gera má ráð fyrir að einkaaðilar muni bjóða þjónustu á þessu sviði í vaxandi mæli í framtíðinni og hafa verður í huga að allar ríkisveðurstofur sem starfa á EES geta starfað á þessum markaði hér á landi samkvæmt ákveðnum reglum sem samkeppnisyfirvöld ESB hafa ákveðið að skuli gilda í veðurþjónustu á efnahagssvæðinu. Kveðið er á um það að starfsemi sérþjónustu Veðurstofunnar verði rekin sem sjálfstæð eining, fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi

stofnunarinnar. Haft var samráð við Samkeppnisstofnun um orðalag ákvæðisins. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hefur hugtakið fjárhagslegur aðskilnaður fengið ákveðna mótaða túlkun á 11 ára gildistíma samkeppnislaga. Nánar er fjallað um hugtakið í ritinu *Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri ríkisstofnana, stefna, greinargerð og leiðbeiningar* sem fjármálaráðuneytið gaf út í nóvember 1997.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að Veðurstofan getur falið öðrum aðilum, stjórnvöldum sem einkaaðilum, að annast fyrir sig ákveðna verkþætti á starfssviði stofnunarinnar með sérstökum samningi þar um. Á undanförnum árum hefur færst í aukana að einkaaðilum sé falið að annast einstaka þjónustuþætti fyrir hið opinbera og þykir því nauðsynlegt að slík heimild sé í lögum um veðurþjónustu.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er að finna það nýmæli að Veðurstofunni er gert skylt að afhenda þau gögn sem framleidd eru eða aflað er af stofnuninni einungis gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum sem fjalla um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi. Tekur ákvæðið mið af þeirri stefnu sem fram kemur í skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði í febrúar árið 2001 og falið var að móta almenna stefnu um verðlagningu opinberra upplýsinga. Nefndin skilaði skýrslu sinni í desember 2002. Samstarf við ýmsar erlendar veðurstofur og aðrar erlendar stofnanir um gagnaafhendingu til Veðurstofu Íslands byggist m.a. á því að ákveðin gögn þeirra, svokölluð „viðbótargögn", séu ekki afhent aðilum í markaðsstarfsemi nema gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá þeirra.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra. Í gildi er reglugerð um starfsemi Veðurstofu Íslands, nr. 367/1996, sem sett er á grundvelli laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985. Í þeirri reglugerð er kveðið á um ýmis atriði sem frumvarp þetta fjallar um. Verði frumvarp þetta að lögum þykir rétt að þau ákvæði reglugerðarinnar verði endurskoðuð. Er því nauðsynlegt að lög um veðurþjónustu hafi að geyma sérstaka reglugerðarheimild.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að felldir verði niður nokkrir töluliðir í 3. gr. laga um Veðurstofu Íslands sem ýmist er fjallað um með ítarlegum hætti í frumvarpi þessu eða lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um veðurþjónustu.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hlutverk ríkisins í rekstri veðurþjónustu og draga skýrari línur milli grunnþjónustu, sem Veðurstofu Íslands

er skylt að sinna og greiða skal úr ríkissjóði, og sérþjónustu sem veitt er samkvæmt ósk kaupanda og standa skal undir með tekjum af seldri þjónustu á markaðslegum forsendum.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Í því eru fyrst og fremst afmörkuð nákvæmar þau verkefni sem Veðurstofa Íslands sinnir nú. Ákvæði 10. gr. um sérþjónustu skýrir þó betur stöðu stofnunarinnar til sjálfstæðrar tekjuöflunar en sú starfsemi mun fara fram í samræmi við reglur á samkeppnismarkaði og óvíst er um áhrif hennar á sértekjur stofnunarinnar.

184. Frumvarp til laga [184. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eftir 1. júlí 2007 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistökuna:

a. áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m^2 eða meira,
b. áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2007 er 50.000 m^3 eða meiri,
c. áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökusvæða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m^2 eða meira,
d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii-lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr.

Eftir 1. júlí 2010 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Þann 20. júní 2003 skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem skyldi gera tillögur til ráðuneytisins um það með hvaða hætti væri hægt að binda leyfum töku efna úr námum sem störfuðu fyrir 1. maí 1994, þ.e. áður en ákvæði laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, tóku gildi, og fyrir 1. janúar 1998 áður en skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, tóku gildi. Í 27. gr. þeirra laga er kveðið á um að framkvæmdaleyfi þurfi fyrir meiri háttar framkvæmdum sem geta haft áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, séu þær ekki háðar byggingarleyfum skv. IV. kafla laganna.

Í starfshópinn voru skipuð: Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, formaður, Níels Árni Lund, skrifstofustjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu, Edda Lilja Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, tilnefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Sigurrós Friðriksdóttir, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Gunnar Bjarnason, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, tilnefndur af Vegagerðinni, Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, tilnefnd af frjálsum félagasamtökum um náttúruvernd, og dr. Helgi Torfason, jarðfræðingur og sviðsstjóri jarðfræðisviðs Náttúrufræðistofnunar Íslands, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands. Jafnframt var Kristján Jónasson, jarðfræðingur, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, skipaður starfsmaður og ritari starfshópsins. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra 2. mars 2004.

Almennt um verkefni starfshópsins.

Ný ákvæði um efnistöku voru tekin upp við setningu núgildandi laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þar er mælt fyrir um að öll efnistaka sé háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, gerð verði áætlun um efnistöku og gengið snyrtilega frá efnistökusvæði. Áður en leyfi til efnistöku er veitt skal afla umsagnar náttúruverndarnefndar og Umhverfisstofnunar í þeim tilgangi að tryggja að efnistaka fari ekki fram á stöðum sem hafa augljóst náttúruverndargildi, nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laganna sem þessir aðilar hafa gefið umsögn um. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skulu efnistökusvæði koma fram í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Efnistaka er auk þess tilkynningarskyld og eftir atvikum matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ef umfang hennar er yfir tilteknum mörkum. Framkvæmd þessa málaflokks hefur því eftir gildistöku laga nr. 44/1999 komist í ákveðinn farveg þar sem aðkoma yfirvalda er tryggð og efnistaka lýtur ákveðnum reglum.

Í nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarlaga kemur fram að ákvæði laga um framkvæmdaleyfi séu að mati nefndarinnar íþyngjandi fyrir landeigendur og rétthafa efnistökusvæða og feli í sér skerðingu á hagnýtingarrétti þeirra. Því verði ekki talið að slík ákvæði geti tekið til framkvæmda sem hafnar voru fyrir gildistöku laganna, enda sé hvergi í skipulags- og byggingarlögum kveðið á um slíka afturvirkni. Er niðurstaða úrskurðarnefndarinnar í samræmi við þau sjónarmið sem almennt hafa verið uppi um að hinar nýju reglur um efnistöku nái ekki til eldri náma sem enn eru í notkun. Hins vegar getur það verið vafamál hvenær efnistaka telst hafa hafist, t.d. þegar gamlar námur sem ekki hafa verið nýttar lengi eru opnaðar á ný. Á sama hátt hafa lög um mat á umhverfisáhrifum ekki verið talin ná til náma sem störfuðu fyrir 1. maí 1994, þ.e. fyrir gildistöku eldri laga um mat á umhverfisáhrifum.

Vegna þess sem hér hefur verið rakið hefur ekki tekist, þrátt fyrir gildistöku nýrra reglna um efnistöku, að koma böndum á stóran hluta af þeim námum sem í landinu eru. Var því starfshópnum, eins og áður segir, falið að gera tillögur að því með hvaða hætti væri hægt að binda leyfum töku efna úr eldri námum.

Staða efnistökumála.

Áætlað er að heildarnotkun jarðefna hér á landi sé um 8 milljónir rúmmetra á ári og að þar af séu um 60% notuð til vegagerðar. Auk vegagerðar eru jarðefni t.d. notuð við stíflugerð, hafnargerð, í steinsteypu og í hvers konar fyllingar við gerð mannvirkja. Efnið er að mestu tekið úr námum en talsvert magn fellur einnig til úr skeringum, t.d. í vegagerð. Flokka má jarðefni í tvo meginflokka, annars vegar efni sem unnin eru úr lausum jarðlögum og hins

vegar efni sem unnin eru úr föstum berggrunni. Sandur og möl eru algengustu jarðefni sem unnin eru úr lausum jarðlögum en auk þess má nefna jökulruðning, skriðuefni, vikur, gjall og jarðveg. Efni sem unnin eru úr berggrunni eru að mestu úr basalti en einnig má nefna líparít og gabbró. Talsvert er enn um að efni séu tekin úr hraunum frá nútíma, móbergi (m.a. bólstrabergi) og jafnvel úr eldgígum. Meginhluti jarðefna, eða um 80–90%, er unninn úr lausum setlögum en einungis um 10–20% úr berglögum. Efnistaka í sjó nemur líklega 1–1,4 milljón rúmmetrum á ári af uppdældum sand- og malarefnum. Erlendis er talsvert gert af því að endurnota og endurvinna frákastsefni við mannvirkjagerð, m.a. frákast úr verksmiðjum og efni sem fellur til við niðurrif bygginga. Slík endurunnin efni hafa fremur lítið verið notuð hér á landi, þó helst til uppfyllingar.

Í námuskrá Vegagerðarinnar eru nú skráðar 3.040 námur og eru um 55% af þeim eða 1.658 námur skráðar ófrágengnar. Um helmingur ófrágenginna náma er talinn vera í notkun en auk þess má gera ráð fyrir að lítils háttar efnistaka, m.a. af hendi landeigenda, sé úr mörgum fleiri námum. Ekki eru til upplýsingar um stærð efnistökusvæða eða magn efnis sem tekið hefur verið úr námum. Þó er ljóst að langflestar námur eru litlar að umfangi. Í grennd við þéttbýlisstaði eru tiltölulega fáar stórar námur þar sem fram fer nokkuð stöðug efnisvinnsla. Langflestar námanna hafa verið í notkun síðan fyrir gildistöku laga um náttúruvernd, 1. júlí 1999, og hefur framkvæmdaleyfis almennt ekki verið aflað fyrir þær.

Niðurstaða starfshópsins.

Eins og áður hefur komið fram gilda um alla nýja efnistöku ákveðnar reglur. Þessar reglur hafa hins vegar að takmörkuðu leyti verið taldar ná til eldri náma og því hefur ekki tekist að koma böndum á stóran hluta af þeim námum sem í landinu eru. Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd að skipulag og eftirlit með efnisvinnslu hafi verið í miklum ólestri á undanförnum árum og áratugum. Mörgum merkum náttúrufyrirbrigðum hafi verið spillt og þær gjörðir verði ekki aftur teknar. Efnisnámur skilji eftir sig ljót sár í umhverfinu og beri að fækka þeim sárum með færri námum og vönduðum frágangi. Þá segir að tilgangur lagaákvæða um efnistöku sé ekki að koma í veg fyrir efnistöku heldur fyrst og fremst að tryggja virkt eftirlit af hálfu náttúruverndaryfirvalda og vönduð vinnubrögð þannig að efnistaka verði eins og kostur er í sátt við umhverfið.

Nýting jarðefna er mikilvæg forsenda byggðar í landinu og eru veruleg verðmæti fólgin í jarðefnum og virðisauki í vinnslu þeirra og flutningi. Margt má hins vegar betur fara í skipulagi efnisvinnslu og eftirliti með henni. Að mati starfshópsins hefur reynslan sýnt að tilgangur ákvæða náttúruverndarlaga um efnistöku hefur ekki náðst nema að hluta til og þau ekki virkað sem skyldi þar sem eftirlitslítil efnistaka hefur áfram viðgengist á hinum gömlu námusvæðum. Fyrri efnistaka verður ekki bætt. Ljóst er að ef efnistöku er haldið áfram á gömlu efnistökusvæði fer nýtt land undir efnistökuna. Áframhaldandi óheft efnistaka á gömlu efnistökusvæði getur valdið umhverfisspjöllum sem æskilegt er að sporna við. Nauðsynlegt er því að ákvæði um umgengni og frágang efnistökusvæðis nái einnig til efnistöku í eldri námum.

Starfshópurinn er, með hliðsjón af framangreindu, sammála um að eðlilegt sé að öll efnistaka í landinu lúti sömu reglum. Hér er þó einungis átt við efnistöku til framtíðar, en að sjálfsögðu er ekki unnt að binda leyfum efnistöku sem þegar hefur farið fram. Telja verður ótvírætt að setning reglna sem ná til allra starfandi náma á landinu séu almennar takmarkanir sem heimilt er að setja eignarréttindum án þess að bótaskylda skapist á grundvelli eignarréttarákvæða stjórnarskrár, en meiri hluti náma í landinu mun vera í einkaeign. Samkeppnissjónarmið mæla með því að allir sem vinna efni úr námum sitji við sama borð. Hins vegar telur

starfshópurinn rétt að þeim sem stunda efnistöku í dag á svæðum þar sem framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir sé veittur sanngjarn frestur til að sækja um slíkt leyfi og laga sig þannig að breyttu lagaumhverfi.

Eins og fram kemur hér að framan skal í skipulagsáætlunum sveitarfélags gera grein fyrir allri efnistöku í sveitarfélaginu. Í þeim sveitarfélögum þar sem skipulag liggur fyrir á því að vera ljóst hvar efnistaka á sér stað. Vegagerðin heldur jafnframt skrá um allar námur í landinu. Starfshópurinn telur því að ekki eigi að vera miklum vandkvæðum bundið að binda hinar eldri námur leyfum á sama hátt og þær nýju. Jafnframt telur hann nauðsynlegt að í framkvæmdaleyfi skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Efnistökunni sé þannig markaður rammi fyrir fram sem auðvelda á alla framkvæmd og eftirlit. Gera þarf breytingar á skipulagsreglugerð til að ná þessu markmiði. Í skipulags- og byggingarlögum eru þvingunarúrræði sem grípa má til ef ekki er farið að skilmálum framkvæmdaleyfisins eða látið hjá líða að sækja um slíkt leyfi.

Ný efnistaka er í dag ekki einungis háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar heldur þarf í mörgum tilvikum að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum sem tekur ákvörðun um matsskyldu hennar. Umfangsmesta efnistakan er sjálfkrafa matsskyld. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að fram geti farið mat á umhverfisáhrifum allrar efnistöku sem áætluð er í framtíðinni. Fari efnistaka fram á svæði sem þegar hefur verið raskað kann það að leiða til þess að umhverfisáhrif hennar verði talin minni en ella. Það kemur þó ekki sjálfkrafa í veg fyrir að umhverfismat geti farið fram.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um náttúruvernd. Gert er ráð fyrir að efnistaka á eldri efnistökusvæðum verði gerð framkvæmdaleyfisskyld í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga verði sjónum beint að þeirri efnistöku sem væri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ef um nýja efnistöku væri að ræða. Þar er bæði um að ræða stór efnistökusvæði og efnistöku á verndarsvæðum. Að mati starfshópsins er hér um að ræða þá efnistöku sem mest hætta er á að valdi umhverfisspjöllum og mikilvægast er að koma böndum á sem fyrst. Gert er ráð fyrir að mat á umhverfisáhrifum geti einnig farið fram vegna slíkrar efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Starfshópurinn leggur síðan til að í seinni áfanga verði öll efnistaka í gömlum námum gerð framkvæmdaleyfisskyld óháð stærð, á sama hátt og gildir um alla nýja efnistöku.

Um 1. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um að eftir 1. júlí 2007 verði efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af þeim atriðum sem talin eru upp í a–d-liðum eiga við um efnistökuna. Þannig er gert ráð fyrir að ef fyrirhuguð efnistaka nær tilteknu umfangi, sbr. a–c-liði, þurfi að afla framkvæmdaleyfis fyrir henni. Með tilgreindu efnismagni er átt við heildarmagn þess efnis sem tekið verður á viðkomandi efnistökusvæðum eftir 1. júlí 2007. Einnig þarf skv. d-lið 1. mgr. að afla framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku á verndarsvæðum eins og það hugtak er skilgreint í lögum um mat á umhverfisáhrifum, óháð umfangi hennar. Þessi mörk eru sambærileg við ákvæði a-liðar 2. tölul. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem gerð er grein fyrir því hvaða efnistöku skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem síðan metur hvort ástæða sé til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Að auki er í d-lið kveðið á um að afla þurfi framkvæmdaleyfis á þeim svæðum sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem Alþingi hefur samþykkt, sbr. 65.

og 66. gr. laga um náttúruvernd. Slík efnistaka er ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, en í þeim tilvikum þegar Alþingi hefur staðfest mikilvægi landsvæðisins út frá náttúru verndarsjónarmiðum þykir rétt að kveða á um að efnistaka á slíkum svæðum þurfi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Tilgangur 2. og 3. mgr. er að tryggja að sömu reglur gildi um efnistöku á gömlu efnistökusvæði og nýju. Þannig skal við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. náttúruverndarlaga þar sem er að finna almenn ákvæði um leyfisveitingar vegna efnistöku, frágang efnistökusvæðis o.fl. Til að taka af allan vafa er í 3. mgr. kveðið á um að ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum skuli gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr.

Í lokamálsgreininni er síðan kveðið á um að eftir 1. júlí 2010 skuli afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd. Eftir 1. júlí 2010 eiga þannig sömu reglur að gilda um alla efnistöku á landi og á hafsbotni innan netlaga sem fram fer hér á landi. Frá þeim tíma verður því öll efnistaka framkvæmdaleyfisskyld.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).

Frumvarpið miðar að því að gera efnistöku í eldri efnisnámum framkvæmdaleyfisskylda og að lög um mat á umhverfisáhrifum gildi um efnistökuna.

Ekki liggur fyrir með neinni vissu hversu margar námur gætu orðið tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar en áætlað hefur verið að það gætu orðið um 100 námur. Ef til mats á umhverfisáhrifum kemur þá ber framkvæmdaraðili þann kostnað en ekki er lagt mat á þann kostnað hér. Skipulagsstofnun ber hins vegar sjálf kostnað sem hlýst af vinnu við ákvörðun matsskyldu. Reiknað er með að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárhagsramma stofnunarinnar.

185. Fyrirspurn [185. mál]

til menntamálaráðherra um stúdentspróf af iðn- og starfsgreinabrautum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu margir nemendur luku stúdentsprófi af iðn- og starfsgreinabrautum árin 2001, 2002, 2003, 2004?
2. Hversu margir með slík stúdentspróf sem sóttu um inngöngu í háskóla fengu inni í skóla á þessum árum og í hvaða skólum var það?
3. Til hvaða aðgerða hyggst menntamálaráðherra grípa til að tryggja nemendum með stúdentspróf af iðn- og starfsgreinabrautum aðgang að háskólanámi?

4. Telur ráðherra koma til greina að öll stúdentspróf verði talin fullgild, þ.e. veiti aðgang að háskóla? Ef ekki, hvar vill ráðherra setja mörkin?

186. Fyrirspurn [186. mál]

til fjármálaráðherra um niðurfellingu þungaskatts af öðrum orkugjöfum en bensíni og dísilolíu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Verður undanþága samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, framlengd til þess er lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., taka gildi 1. júlí á næsta ári?
2. Hvaða hvatning verður í skattkerfinu til að nýta aðra orkugjafa en bensín eða dísilolíu eftir 1. júlí 2005?

187. Fyrirspurn [187. mál]

til menntamálaráðherra um tónlistarnám.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í undirbúningi lagabreyting þess efnis að ríkisvaldið beri kostnaðinn af tónlistarnámi á framhaldsstigi eins og öðru námi á framhaldsskólastigi?

188. Fyrirspurn [188. mál]

til samgönguráðherra um háhraðatengingar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að tryggja íbúum dreifbýlis og þeirra þéttbýlisstaða, sem eru undir íbúamörkunum sem Síminn setur um lagningu ADSL eða háhraðatenginga, aðgang að háhraðatengingu?

189. Fyrirspurn [189. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall úr framhaldsskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að grípa til sérstakra aðgerða til að minnka brottfall úr framhaldsskólum?

190. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 125. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 38 19. apríl 1994, orðast svo: Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um starfshætti gjafsóknarnefndar í reglugerð.

2. gr.

1. mgr. 126. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingi má veita gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé. Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.

3. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Nú hefur aðila verið veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi á grundvelli b-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 fyrir gildistöku laga þessara og skal þá heimilt að veita honum gjafsókn vegna sama máls fyrir Hæstarétti, gangi það þangað.

II. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58 10. júní 1998, með síðari breytingu.

4. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að veita aðila gjafsókn í samræmi við reglur XX. kafla laga um meðferð einkamála. Þrátt fyrir skilyrði 126. gr. laga um meðferð einkamála er heimilt að veita aðila gjafsókn þegar úrlausn máls hefur:

a. verulega almenna þýðingu eða

b. varðar verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag hans.

III. KAFLI
Gildistaka.
5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Við gerð þessa frumvarps hefur verið tekið mið af niðurstöðu meiri hluta allsherjarnefndar og breytingartillögum hans. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um meðferð einkamála um gjafsókn. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta um sama efni. Frumvarpið miðar að því að setja skýrari reglur um gjafsókn þannig að efnalítið fólk geti fengið fjárstuðning úr ríkissjóði til þess að reka mál fyrir dómstólum og jafnframt að nýta sem best það fjármagn sem ætlað er til að kosta gjafsóknarmál.

Meginreglurnar um gjafsókn er að finna í XX. kafla laga um meðferð einkamála. Um skilyrði gjafsóknar er fjallað í 126. gr. laganna, en þar er kveðið á um að gjafsókn verði aðeins veitt ef nægilegt tilefni er til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er fullnægt: að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, sbr. a-lið 1. mgr. 126. gr., eða úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda, sbr. b-lið 1. mgr. 126. gr. laganna.

Ákvæði b-liðar er afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis. Er því lagt til í 2. gr. frumvarpsins að það verði fellt brott þannig að almenna reglan verði sú að veiting gjafsóknar byggist fyrst og fremst á því að einstaklingur hafi ekki nægilega fjármuni til að gæta réttar síns fyrir dómstólum. Það er grundvallarskilyrði samkvæmt gildandi lögum að nægilegt tilefni sé til málsóknar. Til viðbótar þessu skilyrði er lagt til að metið verði hvort eðlilegt sé að gjafsókn sé kostuð af almannafé. Það geta komið upp tilvik þar sem ekki er hægt að fullyrða að málsókn sé tilefnislaus, en óeðlilegt er að ríkissjóður kosti málsóknina svo sem nánar er skýrt í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins. Þá er í 2. gr. lagt til að settur verði skýrari grundvöllur undir heimildir dómsmálaráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn. Með frumvarpinu er þannig ætlunin að gera skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar skýrari og tekur frumvarpið að því leyti mið af álitum umboðsmanns Alþingis.

Vegna framgreindra tillagna er lagt til að við lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta bætist ákvæði um gjafsókn. Liggja til þessa jafnræðisrök; þegar eru mál vegna ákvarðana óbyggðanefndar hafin á einu landsvæði og þykir því rétt að svipaðar reglur gildi um ákvarðanir nefndarinnar á öðrum svæðum. Einnig má hafa í huga að í þessum málum hefur ríkisvaldið haft frumkvæði að ákveðinni lagasetningu og mörgum þeirra málaferla og krafna sem lýst hefur verið í kjölfar hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin sem lögð er til í þessari grein tengist efni 2. gr. frumvarpsins og vísast til þess sem kemur fram í almennum athugasemdum og í athugasemdum um þá grein hér á eftir.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að gjafsóknarheimildir byggist á því grundvallaratriði að efnalítið fólk geti leitað réttar síns fyrir dómstólum. Samkvæmt gildandi lögum er gjafsóknarnefnd ætlað að meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til gjafsóknar, bæði hvað varðar fjárhagsstöðu umsækjanda og hvort hann hafi nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar. Mat á tilefni getur verið erfitt. Í sumum tilfellum getur verið óeðlilegt að veita einstaklingi gjafsókn í máli gegn öðrum jafnvel þótt fjárhagsstaða hans gefi tilefni til þess. Má sem dæmi nefna ef málstilefnið er hæpið og engar eða mjög litlar líkur eru á að kröfur umsækjanda verði dæmdar honum í hag, málshöfðun er ónauðsynleg eða ótímabær, óverulegir hagsmunir eru í húfi, mál varðar viðskipti er tengjast verulega atvinnustarfsemi einstaklings og viðkomandi einstaklingur hefur með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi komið sér í þá aðstöðu sem málsókninni er ætlað að bæta úr eða mál er þess eðlis að óeðlilegt sé að veita gjafsókn, svo sem ef mál er milli nákominna og málsefnið er þess eðlis að ekki sé eðlilegt að reka það fyrir dómstólum. Gert er ráð fyrir að mat á tilefni verði áfram í höndum gjafsóknarnefndar og þá eins þegar deilt er um lagatúlkun í væntanlegu dómsmáli.

Með 2. málsl. 2. gr. er ætlunin að styrkja heimildir dómsmálaráðherra til að kveða á um skilyrði gjafsóknar í reglugerð og er þannig stefnt að því að unnt verði að veita gjafsóknarnefnd nánari leiðbeiningar um þau atriði sem líta ber til við mat á því hvort skilyrði séu til veitingar gjafsóknar og að um leið verði þau sjónarmið sem liggja að baki ákvörðunum nefndarinnar gagnsærri. Auk þeirra atriða sem upp eru talin hér að framan væri í reglugerð rétt að kveða nánar á um við hvaða tekjumark beri að miða við mat á getu einstaklings til að kosta málshöfðun eða málsvörn sína sjálfur. Jafnframt væri unnt að mæla fyrir um önnur atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsgetu einstaklings í reglugerð. Má þar nefna hvort tekjur eru launatekjur, bótagreiðslur, fjármagnstekjur eða tekjur af atvinnurekstri, eigna- og skuldastöðu viðkomandi, vaxtabyrði vegna íbúðarhúsnæðis, framfærslubyrði vegna barna eða annan framfærslukostnað, félagslega stöðu viðkomandi og væntanlegan málskostnað. Með sama hætti væri æskilegt að setja í reglugerð nánari ákvæði um með hvaða hætti og í hvaða tilfellum sé heimilt að takmarka gjafsókn, sbr. 1. mgr. 127. gr. laganna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Um röksemdir fyrir þessari grein vísast til almennra athugasemda. Lagt er til að í lög nr. 58/1998 verði tekið hliðstætt ákvæði og áður gilti um gjafsókn fyrir óbyggðanefnd og sérstaklega var sniðið að þörfum og hagsmunum þeirra sem aðild eiga að þjóðlendumálum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frumvarp þetta var áður flutt á sl. vorþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt með litlum breytingum. Frumvarpið miðar að því að gjafsókn verði fyrst og fremst veitt þeim einstaklingum sem ekki hafa nægilega fjármuni til að gæta réttar síns fyrir dómstólum. Einnig verði á því byggt að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar og að eðlilegt megi teljast að málsóknin sé kostuð af almannafé. Frumvarpið felur í sér að felld verði niður almenn heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Í tengslum við þá breytingu er þó jafnframt lagt til að sérreglu verði bætt í lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þar sem gjafsókn verði veitt í slíkum málum á þessum grundvelli. Byggist það bæði á því að ríkið hefur haft frumkvæði að þeirri lagasetningu og kröfugerð og að mál vegna ákvarðana óbyggðanefndar eru þegar hafin á einu landsvæði þannig að eðlilegt þykir að sömu reglur gildi um ákvarðanir nefndarinnar á öðrum svæðum.

Verði þessar breytingar lögfestar má gera ráð fyrir einhverri fækkun á veitingu gjafsóknar og að útgjöld vegna þeirra aukist minna en verið hefur undanfarin ár, eða lækki jafnvel, en það mun ráðast af nánari skilyrðum í reglugerð. Frumvarpið breytir ekki rétti til gjafsóknar vegna þjóðlendumála miðað við gildandi lagaákvæði og ætti því ekki að hafa í för með sér kostnaðaráhrif að því leyti.

191. Frumvarp til laga [191. mál]

um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Í Stjórnartíðindum skal birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi.

2. gr.

A-deild Stjórnartíðinda.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

Við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna.

3. gr.

B-deild Stjórnartíðinda.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga sem tilkynnt hafa verið á árinu og heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna.

4. gr.

C-deild Stjórnartíðinda.

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti.

Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar.

5. gr.

Vafamál um hvar birta skuli.

Vafamál um það hvar birta skuli atriði þau er í 1.–4. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, ákveður dómsmálaráðherra.

6. gr.

Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út.

Skylt er stjórnvöldum að fá útgefanda handrit af hverju því sem afgreitt hefur verið og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

Dómsmálaráðherra kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

7. gr.

Heimild til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað skuli, að hluta eða í heild, eingöngu gefin út og dreift á rafrænan hátt, enda séu öryggi og áreiðanleiki birtra upplýsinga tryggð.

Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Verði útgáfa Stjórnartíðinda eða Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd, gagnaöryggi og ákvörðun útgáfudags.

8. gr.

Réttaráhrif birtingar.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Óbirt fyrirmæli binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra.

Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt, ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 22. september 2000 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Nefndinni var meðal annars falið að endurskoða gildandi lög þar að lútandi með tilliti til möguleika á rafrænni birtingu samhliða eða í stað hefðbundinnar birtingar. Í nefndina voru skipaðir Benedikt Bogason héraðsdómari, formaður nefndarinnar, Eygló Halldórsdóttir, ritstjóri Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, og Skúli Magnússon, þá lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Einnig tóku sæti í nefndinni Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytisins, Nökkvi Bragason deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðingur, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin hóf starf sitt með því að undirbúa rafræna birtingu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs á netinu. Í því skyni var útbúinn sérstakur gagnagrunnur Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs sem var opnaður á netinu 1. febrúar 2002. Upp frá því hafa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað verið aðgengileg á slóðinni www.lagabirting.is samhliða hinni prentuðu útgáfu. Að því marki sem eldri tölublöð hafa verið til í rafrænu formi hafa þau einnig verið birt á netinu. Þannig er nú öll tölublöð Lögbirtingablaðsins frá ársbyrjun 2001 að finna á framangreindri vefsíðu.

Góð reynsla af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins á netinu varð til þess að heimilað var með lögum nr. 165/2002 að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs og gefa það eingöngu út á rafrænu formi, þó þannig að þeir sem þess óska geti keypt rafræna útgáfu

blaðsins prentaða. Á grundvelli þessarar heimildar er ráðgert að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs og gefa blaðið eingöngu út á rafrænu formi.

Að fenginni tæplega þriggja ára reynslu af rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þykir tímabært að leggja til að lögfest verði sams konar heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi. Samhliða hafa gildandi lög verið endurskoðuð í því skyni að uppfæra þau og taka upp nokkur atriði sem til þess eru fallin að gera birtingu laga, stjórnvaldserinda og milliríkjasamninga í senn skilvirkari og ódýrari, án þess að á nokkurn hátt sé slakað á þeim kröfum sem gera ber til réttaröryggis við miðlun upplýsinga af þessu tagi. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru samkvæmt þessu eftirfarandi:

1. Lagt er til að heimilað verði að gefa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað eingöngu út á rafrænu formi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.
2. Lagt er til að birting á EES-reglum og öðrum þjóðréttarreglum, sem leiða þarf í landsrétt, verði gerð skilvirkari en nú er.
3. Lagt er til að heimilað verði í undantekningartilvikum að birta þjóðréttarreglur á erlendu máli að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
4. Lagt er til að tekið verði af skarið um gildistöku birtra fyrirmæla í lögum og að kveðið verði sérstaklega svo á að birt fyrirmæli skuli binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

Að öðru leyti felur frumvarpið í sér einföldun á orðalagi og efnisskipan, eða skýringar á atriðum sem hafa verið talin felast í gildandi lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum. Sérstaklega er ástæða til að árétta að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta túlkun dómstóla á efnisreglu gildandi 7. gr. laga nr. 64/1943 og 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, á þá leið að óbirtum reglum í settum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum verði ekki beitt. Verða tvö fyrstgreindu atriðin nú reifuð nánar, en að öðru leyti er vísað til skýringa við einstakar greinar frumvarpsins.

II.

Eitt af ófrávíkjanlegum skilyrðum réttarríkis er að lög séu birt eða séu með einhverjum hætti aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim. Þannig er það forsenda þess að menn geti fylgt þeim réttarreglum sem gilda um háttsemi þeirra að þeir viti hverjar þessar reglur eru. Þannig stuðlar formleg birting laga á veigamikinn hátt að réttaröryggi í samfélaginu. Birting laga þjónar einnig því mikilvæga hlutverki að gera almenningi kleift að ganga úr skugga um að handhafar ríkisvalds, ekki síst dómarar, fari að lögum í starfsemi sinni.

Krafan um að lögin séu aðgengileg þeim sem eiga að fara eftir þeim á í sjálfu sér við um allar heimildir réttarins. Til dæmis er það eitt af skilyrðum fyrir því að venja hljóti löghelgan sem réttarvenja að hún sé almennt kunn. Einnig styðst úgáfa dóma Hæstaréttar við þau rök að í þessum gögnum komi fram fordæmi sem nauðsynlegt sé að birta opinberlega. Þörfin á formlegri birtingu er sérstaklega brýn þegar um er að ræða settar reglur, enda eru slíkar reglur oft íþyngjandi. Er því ekki að undra þótt lög hafi verið kunngerð hér á landi með einhverjum hætti allt frá upphafi allsherjarríkis.

Allt þar til lög nr. 11 frá 24. ágúst 1877, um birting laga og tilskipana, tóku gildi 1. ágúst 1878 voru lög birt með upplestri þeirra í heyranda hljóði á Alþingi og síðar í Landsyfirréttinum sem stofnaður var þegar Alþingi var lagt niður árið 1800. Auk þess tíðkaðist sérstök lýsing laga á þingum í héruðum sem þó varð ekki lögboðin fyrr en með konungsbréfi 7. desember 1827 sem lögleiddi danska tilskipun um þetta efni frá 8. október 1824. Í 10. gr. stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 kom fram að konungur annaðist um að lögin yrðu birt og þeim fullnægt. Ekki virðist þetta ákvæði þó hafa verið skilið svo að

breyta þyrfti þeirri framkvæmd á birtingu sem þá tíðkaðist og var það ekki fyrr en með lögunum frá 1877 að birting laga og tilskipana í prentuðu riti, Stjórnartíðindum fyrir Ísland, varð skuldbindandi í stað þeirrar kynningar í heyranda hljóði sem áður hafði tíðkast. Ákvæði laganna giltu um birtingu laga allt þar til sett voru lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sem að stofni til eru gildandi lög um efnið.

Með lögum nr. 64/1943 var reglum um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs skipað í ein heildarlög, en útgáfa Lögbirtingablaðs hafði hafist árið 1908 í samræmi við lög nr. 32/1907. Með lögum nr. 64/1943 voru í fyrsta sinn sett afdráttarlaus ákvæði um hvenær beita mætti lögum. Í athugasemdum við frumvarpið, sem varð að lögum nr. 64/1943, sagði að með þessu væri skorið úr ágreiningi fræðimanna um þessi efni, með því að sumir telji rétt að beita óbirtum fyrirmælum gagnvart þeim sem þekki þau. Orðrétt sagði svo í athugasemdum við frumvarpið: „Aðalatriðið virðist vera það, að fyrirmælin séu birt með þeim hætti, að almenningur geti aflað sér vitneskju um þau. Og eftir það verði allir að sæta ákvæðunum, en enginn fyrr. Með því skapast mest réttaröryggi.“ (Alþt. 1943, A-deild, þskj. 70, bls. 225.) Þessi ummæli í frumvarpinu hafa í engu misst gildi sitt. Ef undanskildir eru tveir dómar Hæstaréttar frá sjötta áratug 20. aldar (H 1950:316 og H 1951:240) hefur það verið staðfest/samfelld afstaða íslenskra dómstóla að óbirtum reglum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum verði ekki beitt og gildi þá einu hvort um þær var kunnugt.

Helstu breytingar á lögum nr. 64/1943 voru fólgnar í stofnun C-deildar Stjórnartíðinda samkvæmt lögum nr. 22/1962, þar sem birta skyldi samninga Íslands við önnur ríki, svo og auglýsingar um gildi þeirra. Með lögum nr. 95/1994 og lögum nr. 63/2001 var lögunum breytt sérstaklega til að auðvelda birtingu reglna sem stafa frá Evrópska efnahagssvæðinu. Að lokum var lögunum breytt með lögum nr. 165/2002 til þess að heimila rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs.

III.

Samkvæmt 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal birta lög, en um birtingarháttu og framkvæmd laga skal fara að landslögum. Eins og áður segir hefur efnislega sambærilegt ákvæði verið í stjórnlögum allt frá því að sett var stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands árið 1874. Regla ákvæðisins hefur aðeins verið talin eiga við um sett lög Alþingis og ræðst því birting stjórnvaldsfyrirmæla alfarið af almennum lögum.

Ákvæði 27. gr. stjórnarskrárinnar kveður ekki á um tiltekið form við birtingu laga, t.d. að lög skuli birt í prentuðu riti eins og nú tíðkast. Verður það best ráðið af því að við gildistöku stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands árið 1874 tíðkaðist enn ekki að birta lög með bindandi hætti á prenti. Í 27. gr. stjórnarskrárinnar felst því aðeins að birta skuli lög, en löggjafanum er látið eftir að ákveða hvernig það skuli gert. Við mat á því hvernig standa skuli að birtingu laga verður að taka tillit til þeirra grunnraka umræddrar reglu stjórnarskrárinnar að lögin skuli vera aðgengileg öllum þeim sem eftir þeim eiga að fara. Birting laga verður því að vera með þeim hætti að allir geti með sanngirni kynnt sér lögin. Miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður verður að telja þessum kröfum fullnægt með birtingu í prentuðu riti, Stjórnartíðindum, sem unnt er að kaupa á viðráðanlegu verði eða fá aðgang að á almenningsbókasöfnum. Með þróun upplýsingatækninnar kemur til skoðunar hvort þessi nýja tækni geti leyst af hólmi prenttæknina við birtingu laga og þá að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Um nokkurt skeið hefur tíðkast að birta lög og stjórnvaldsfyrirmæli á rafrænum upplýsingaveitum á vegum ríkisins. Hér má einkum nefna vef Alþingis og réttarheimildavef Stjórnarráðsins. Þessar upplýsingaveitur hafa eingöngu þjónað því hlutverki að auðvelda aðgengi að settum réttarheimildum sem nokkurs konar aukabirting þeirra. Engin réttaráhrif hafa hins

vegar verið tengd birtingu á þessum veitum. Þess vegna verður því að gera skýran greinarmun á eiginlegri rafrænni birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla, þar sem útgáfa með rafrænum miðli markar upphaf þess tímamarks þegar beita má reglum, annars vegar og hins vegar rafrænni birtingu sem hefur eingöngu upplýsingagildi um reglur sem þegar hafa verið birtar á bindandi hátt annars staðar. Með eiginlegri rafrænni birtingu laga eru almenn réttaráhrif birtingar laga tengd við birtingu með rafrænum miðli í stað hinnar prentuðu útgáfu sem tíðkast hefur og leysti upplestur á þingum af hólmi.

Ljóst er að rafræn birting laga og annarra settra réttarreglna getur haft ýmsa kosti í för með sér, einkum þá að auðvelda aðgengi að þeim og stuðla að sparnaði og hagræðingu þegar fram í sækir. Með hliðsjón af þeim megintilgangi birtingar að tryggja að lögin séu aðgengileg þannig að réttaröryggi sé tryggt þarf þó ýmsum skilyrðum að vera fullnægt svo að rafræn birting komi til álita.

Fyrst er að nefna að almenningur verður að hafa aðgang að nauðsynlegum vél- og hugbúnaði til að nálgast hinar rafrænu heimildir. Af þessum sökum er mikilvægt að fyrirkomulag rafrænnar birtingar taki mið af því að búnaður sem flestra nýtist og er sérstaklega á því hnykkt í frumvarpinu. Er það sama löggjafarstefna og mörkuð var með lögum nr. 51/2003, um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993, í þágu rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála. Birtingu ætti því almennt ekki að haga þannig að almenningur þurfi að leggja út sérstakan kostnað við öflun á viðeigandi hug- eða vélbúnaði. Einnig er það skilyrði að almenningur hafi nægilega kunnáttu (tölvulæsi) til að umgangast það kerfi sem notað er til birtingar. Samkvæmt niðurstöðum kannana sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið gengst reglulega fyrir til að mæla tölvueign og netnotkun landsmanna voru einkatölvur á 83,2% íslenskra heimila árið 2002, en 92% af þessum tölvum voru tengdar netinu. Samkvæmt þessu eru 77,9% íslenskra heimila með tengingu við netið. Auk þess eru nettengdar tölvur á flestum almenningsbókasöfnum. Aðgengi almennings að netinu er því gott og full ástæða til að gera lög aðgengileg á netinu. Ef lagt er til grundvallar að almenningur eigi þess ávallt kost að fá prentað það sem birt er rafrænni birtingu kemur ekki að sök þótt hluti þjóðarinnar geti af einhverjum ástæðum, enn sem komið er, ekki nýtt sér upplýsingatæknina til þess að kynna sér birt lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Þótt tekin sé upp rafræn birting laga er því ekki gengið gegn áskilnaði 27. gr. stjórnarskrárinnar ef þeim, sem ekki geta nýtt sér upplýsingatæknina, er gert kleift að nálgast lögin með hefðbundnum hætti, þ.e. í prentuðu formi. Í frumvarpinu er í samræmi við þetta gert ráð fyrir því að enda þótt útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verði eingöngu rafræn skuli þeir, sem þess óska, áfram eiga þess kost að kaupa það sem birt er rafrænt á prenti.

Í annan stað gefur rafræn birting laga tilefni til ýmissa álitaefna frá tæknilegu sjónarhorni. Ljóst er að rafræn birting laga verður fortakslaust að vera svo örugg að ekki fari á milli mála hvaða lög gildi og hafi gilt í landinu á hverjum tíma. Í þessu felst í fyrsta lagi að það kerfi sem notað er til birtingar verður að vera traust þannig að raunverulegt aðgengi almennings sé tryggt. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að lög verða bindandi eftir að þau hafa verið birt, eftir atvikum gerð aðgengileg á rafrænan hátt. Má því enginn vafi vera á að almenningur hafi í raun mátt kynna sér efni laganna með aðstoð upplýsingatækni á ákveðnu tímamarki. Í öðru lagi verður kerfi til birtingar að vera þannig úr garði gert að þær upplýsingar sem þar birtast séu örugglega réttar með tilliti til villna eða jafnvel íhlutunar óviðkomandi aðila. Jafnt almenningur sem hið opinbera verður að geta treyst þeim upplýsingum sem miðlað er í rafrænum Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði. Æskilegt er að hægt sé að fá staðfestingu um að upplýsingar séu réttar svo að mögulegt sé að framvísa þeim áfram, t.d. rafrænt. Af þessu leiðir að vandlega þarf að huga að villuleysi vél- og hugbúnaðar, vörnum gegn innbrotum og

smitun, vistun gagnagrunns og öryggi húsnæðis, aðgengi að grunninum, svo aðeins einhver atriði séu nefnd. Í þriðja lagi verður kerfið að vera þannig úr garði gert að það geti geymt varanlega gögn þannig að unnt sé að framvísa þeim til notenda um ótiltekna framtíð. Þessi tæknilegu atriði er ekki ástæða til að fjalla nánar um hér, enda ekki löggjafarmálefni í sjálfu sér. Hins vegar er vakin athygli á því að rafræn útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verður ekki að fullu tekin upp nema gengið hafi verið úr skugga um að öryggi sé fyllilega tryggt.

Að því er varðar rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs koma nokkur fleiri atriði til skoðunar. Við rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs þarf þannig að gæta reglna um persónuvernd, en þær upplýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði kunna að teljast viðkvæmar í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum. Einnig þarf við útgáfu Lögbirtingablaðs að tryggja að tiltekin útgáfa verði aðgengileg öllum á sama tíma, enda kunna í Lögbirtingablaði að birtast auglýsingar sem hafa þýðingu fyrir samkeppnisstöðu manna, t.d. auglýsingar um sölu eigna, útboð eða stöður. Að því er varðar rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs má að öðru leyti vísa til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 165/2002 (128. löggjafarþing 2002–2003, þskj. 389, 352. mál).

IV.

Almennt er viðurkennt að reglur þjóðaréttar verði jafnan ekki sjálfkrafa hluti íslensks réttar, enda þótt finna megi einstök tilvik úr réttarframkvæmd þar sem vikið virðist frá þessu meginviðhorfi (sbr. t.d. H 1990:2 og H 1992:172). Reglur þjóðaréttar verður því að leiða í lög með þeim aðferðum sem íslensk stjórnskipun gerir ráð fyrir. Á þetta jafnt við um reglur EES-samningsins og aðrar reglur þjóðaréttar. Séu þessar reglur ekki leiddar í lög á viðhlítandi hátt kann ríkið að teljast brotlegt gagnvart skyldum sínum að þjóðarétti, enda þótt ekki verði byggður réttur á þessum reglum fyrir íslenskum dómstólum. Af þessu leiðir meðal annars að þær reglur, sem ætlað er að innleiða EES-gerð, verður að birta á fullnægjandi hátt í samræmi við meginreglu 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Áður en lög nr. 63/2001, um breytingu á lögum nr. 64/1943, voru sett, taldist ekki fullnægjandi að birta þjóðréttarreglur, sem taka bar upp í landsréttinn, eingöngu í C-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt því bar að birta þær reglur, sem þetta átti við um, jafnhliða birtingu í C-deild í A- eða B-deild. Með lögum nr. 63/2001 var þessu breytt með tilliti til EES-gerða, sem unnt er að innleiða með svonefndri tilvísunaraðferð, á þann veg að í stjórnvaldsfyrirmælum, sem sett eru til að veita þeim gildi, nægir nú að vísa til birtingar viðkomandi gerðar eða gerða í C-deild eða EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Í frumvarpinu er lagt til að þessi heimild haldi gildi sínu en við inntak hennar aukið á þann hátt að hún taki auk EES-gerða til annarra þjóðréttarskuldbindinga, sem taka á upp í landsrétt á sams konar hátt, og gildi ekki einvörðungu um þær sem innleiða má með stjórnvaldsfyrirmælum heldur einnig þær sem taka þarf upp í lög.

V.

Allt frá gildistöku EES-samningsins og setningu laga nr. 91/1994 hafa EES-gerðir ekki verið birtar í C-deild Stjórnartíðinda heldur sérstöku blaði, EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nú Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Með lögum nr. 63/2001 var lögfest heimild til að vísa til birtingar í þessu blaði þegar EES-gerðir voru innleiddar með svokallaðri tilvísunaraðferð í stjórnvaldsfyrirmælum. Ekki þurfti því að taka EES-gerð upp sem fylgiskjal með stjórnvaldsfyrirmælum sem kváðu á um að tiltekin gerð skyldi öðlast gildi á Íslandi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að þessi heimild nái einnig til innleiðingar með settum

lögum, en ekki stjórnvaldsfyrirmæla einvörðungu. Í settum lögum, þar sem vísað er til EES-gerða og þær látnar öðlast gildi án þess að þær séu teknar upp í lagatextann eða umritaðar, yrði því heimilt að vísa til birtingar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Um nánari skýringar á þessu fyrirkomulagi má vísa til athugsemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 63/2001 (Alþt. 2000–2001, A-deild, bls. 3606–3611). Rétt er að árétta að þetta hagræði við birtingu EES-gerða við lögleiðingu þeirra hefur engin áhrif á mat á því hvernig gerðir verða efnislega teknar rétt upp í íslenskan rétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að í Stjórnartíðindum skuli birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samninga við önnur ríki og auglýsingar um gildi þeirra. Um efni A-, B- og C-deildar Stjórnartíðinda er svo nánar kveðið á í 2.–4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um efni Lögbirtingablaðs. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 3. gr. gildandi laga að því frátöldu að sleppt er tilvísun til vörumerkja sem nú eru birt í sérstöku blaði, ELS-tíðindum, sbr. lög um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum. Þá er lagt til að afnumin verði heimild til að birta auglýsingar og tilkynningar einstakra manna í Lögbirtingablaðinu, enda hafa einkaaðilar nú fjölmarga aðra möguleika sem geta nýst í því skyni. Með þessu móti verður efni blaðsins helgað auglýsingum og tilkynningum frá hinu opinbera, enda fyrst og fremst vettvangur fyrir það sem stjórnvöld birta almenningi.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er að finna efnislega sambærilega reglu og í 1. gr. laga nr. 64/1943 en orðalag er einfaldað og uppfært.

Í 2. mgr. er heimilað að vísa til birtingar í C-deild Stjórnartíðinda þegar settar eru reglur til að lögleiða þjóðréttarreglur með svokallaðri tilvísunaraðferð. Ef þjóðréttarreglur eru umritaðar í lög liggur það í hlutarins eðli að inntak þeirra hlýtur að endurspeglast í þeim lagatexta sem birtur er í A-deild Stjórnartíðinda. Þegar um EES-gerðir er að ræða felst í ákvæðinu að heimilt er að vísa til birtingar þeirra í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, ef þær verða á annað borð innleiddar með tilvísunaraðferðinni. Er þetta sambærilegt fyrirkomulag og gilt hefur um innleiðingu EES-gerða með tilvísunaraðferð í stjórnvaldsfyrirmælum skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. lög nr. 63/2001.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér óverulegar efnislegar breytingar frá 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943. Hefur orðalag verið einfaldað og sleppt tilvísunum til heitis reglna og ákvarðana sem ekki tíðkast lengur eða ekki þykir þurfa að birta í Stjórnartíðindum. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að birt sé í B-deild Stjórnartíðinda skrá yfir félög, firmu og vörumerki, eins kveðið er á um í gildandi lögum. Með hliðsjón af núverandi fyrirkomulagi fyrirtækjaskráningar þykir slík skrá, sem unnin hefur verið upp úr Lögbirtingablaði, þjóna takmörkuðum tilgangi á þessum vettvangi.

Í 2. mgr. er að finna sambærilega reglu og í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að því er varðar stjórnvaldsfyrirmæli sem lögleiða þjóðréttarreglur með tilvísunaraðferð. Um það vísast til athugasemda við 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins auk almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 3. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. lög nr. 63/2001. Þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að birta millirríkjasamninga á erlendu máli þegar frumtexti samnings er ekki á íslensku. Hér er um að ræða frávik frá þeirri óskráðu meginreglu að allur texti Stjórnartíðinda sé á íslensku. Heimildin er bundin því afdráttarlausa skilyrði að viðkomandi samningur varði afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Heimildin á við um umfangsmikla samninga (eða viðauka við samninga) þegar sá hópur manna sem þeir varða hefur augljóslega nægilega kunnáttu til að kynna sér efni þeirra án sérstakrar þýðingar á íslensku. Hafa ber í huga að heimilt er að vísa til birtingar skv. 4. gr. frumvarpsins þegar milliríkjasamningar eru lögleiddir með settum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Þarf því að beita umræddri heimild með varfærni, sérstaklega ef um er að ræða refsireglur eða aðrar íþyngjandi reglur. Í vafatilvikum væri hægt að láta íslenska þýðingu milliríkjasamnings fylgja með settum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem lögfestu ákvæði slíks samnings við birtingu þeirra í A- eða B-deild, ef slíkri þýðingu samningsins hefur verið sleppt við birtingu hans í C-deild Stjórnartíðinda.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra taki ákvörðun í stað úrskurðar um vafamál um hvar eða hvort birta eigi. Að öðru leyti er greinin samhljóða 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lagt er til að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað verði gefin út af dómsmálaráðuneytinu með sambærilegum hætti og verið hefur. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna heimild til að gefa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út rafrænt að hluta eða í heild, en um þetta efni er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Hér kemur fyrst og fremst til greina rafræn birting í opnu kerfi, svo sem á netinu. Seint verður nægilega rík áhersla lögð á að öryggi umræddra upplýsinga sé tryggt, enda eru mikilvægir almannahagsmunir bundnir við að upplýsingar þessar séu varðveittar með tryggum hætti og þær ávallt aðgengilegar almenningi. Þá þarf fyrirkomulag rafrænnar birtingar að vera þannig úr garði gert að hægt sé að treysta því að þær upplýsingar sem fást í rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs séu réttar. Fyrirsjáanlegt er að leggja þurfi út í talsverða þróunarvinnu og einhvern kostnað við gerð gagnagrunns sem getur með öllu tekið við af prentaðri útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Sú vinna hefur að einhverju leyti þegar verið unnin. Hér má hafa að leiðarljósi að öryggi og áreiðanleiki upplýsinga verði a.m.k. ekki minni en verið hefur við prentaða útgáfu Stjórnartíðinda. Eins og áður segir er ekki ætlunin að rekja í smáatriðum hér hvernig útfæra ber rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs frá tæknilegu sjónarhorni.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að haga skuli útgáfu þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Þessi regla styðst við jafnræðisrök og á sér samsvörun í lokamálslið 1. mgr. 35. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 2. gr. laga nr. 51/2003. Í málsgreininni er einnig að finna þá mikilvægu reglu að þeir sem þess óska geti keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun

þeirra og sendingu, enda þótt þessi útgáfa verði að fullu rafræn. Er þá gert ráð fyrir að hin rafræna útgáfa sé prentuð út á einfaldan hátt. Með þessum hætti er staða þeirra tryggð sem af einhverjum ástæðum eiga þess ekki kost að nálgast Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað með rafrænum hætti. Jafnvel þótt prentuð útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs væri lögð niður væri því kröfu 27. gr. stjórnarskrárinnar um að lög séu birt fullnægt gagnvart þeim sem ekki hefðu yfir að ráða nægjanlegum tölvubúnaði eða hefðu ekki kunnáttu til að nota hann.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra mæli nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs í reglugerð, þar á meðal um gagnaöryggi og ákvörðun útgáfudags. Eins og áður segir ætti við mótun reglna um rafræna birtingu að hafa að leiðarljósi að öryggi og áreiðanleiki upplýsinga verði a.m.k. ekki minni en verið hefur við prentaða útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Við rafræna útgáfu Stjórnartíðinda þarf sérstaklega að gæta að því að unnt sé að staðreyna með nákvæmni við hvaða tímamark fyrirmæli urðu aðgengileg og töldust þar með birt í skilningi laganna. Við rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs þarf einnig að huga að persónuvernd, eins og áður um ræðir í almennum athugasemdum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. kemur fram efnislega sambærileg regla og í 1. málsl. 7. gr. gildandi laga. Regla ákvæðisins gengur lengra en 27. gr. stjórnarskrárinnar að því leyti að hún á einnig við um stjórnvaldsfyrirmæli og önnur ákvæði almenns efnis, en regla stjórnarskrárinnar hefur aðeins verið talin eiga við lög í stjórnlagafræðilegri merkingu, þ.e. sett lög í þrengri merkingu. Um efnislegt inntak gildandi ákvæðis hefur verið fjallað ítarlega í fræðiritum auk þess sem reynt hefur á það í dómaframkvæmd. Má hér benda á umfjöllun Lárusar H. Bjarnasonar (Íslensk stjórnlagafræði, Reykjavík 1913, bls. 265–269), Ármanns Snævarr (Almenn lögfræði, Reykjavík 1989, bls. 285–292), Ólafs Jóhannessonar (Stjórnskipun Íslands, Reykjavík 1978, bls. 350–359; kaflinn birtist með óverulegum breytingum í riti Gunnars Schram, Stjórnskipunarréttur, Reykjavík 1997, bls. 403–412) og Gunnars Jakobssonar (Birting og gildistaka laga, Úlfljótur 1999, 2. tbl., bls. 235). Ekki er ástæða til að reifa þessa umfjöllun hér.

Síðari málsliður 1. mgr. er nýmæli en styðst þó við rótgrónar kenningar fræðimanna um skuldbindingargildi óbirtra fyrirmæla gagnvart stjórnvöldum. Styðst ákvæðið þannig við þau rök að stjórnvöld geti ekki borið það fyrir sig að farist hafi fyrir að birta fyrirmæli sem veita almenningi eða borgurunum tiltekin réttindi. Það er á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að fyrirmæli séu réttilega birt og því óeðlilegt að þau geti borið fyrir sig eigin vanrækslu við framkvæmd birtingar. Við þetta bætist að stjórnvöld eru almennt í þeirri aðstöðu að þekkja viðkomandi fyrirmæli þótt þau hafi ekki verið birt með formlegum hætti. Samkvæmt ákvæðinu binda fyrirmæli stjórnvöld frá gildistöku þeirra, án tillits til þess hvort þau hafi verið réttilega birt. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að almenn lög taka jafnan gildi þegar forseti hefur samkvæmt tillögu ráðherra staðfest þau og ráðherrann ritar undir þau með honum, sbr. 19. gr. stjórnarskrárinnar, en stjórnvaldsfyrirmæli taka gildi við undirritun þar til bærs stjórnvalds, t.d. ráðherra þegar um er að ræða reglugerðir.

Sú regla sem tekin var upp með síðari málslið 7. gr. laga nr. 64/1943 hefur almennt ekki verið notuð í framkvæmd. Má það heita venja við setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla að þau hafi sjálf að geyma ákvæði um gildistöku sína, oft að þau öðlist þegar gildi. Heppilegast þykir að lögfesta þessa framkvæmd þannig að lög og stjórnvaldsfyrirmæli bindi alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra. Er þá einnig tekinn af vafi um það álitaefni hvort reglum eigi að beita um lögskipti sem verða á útgáfudegi þeirra Stjórnartíðinda þar sem viðkomandi

reglur eru birtar. Samkvæmt ákvæðinu verður reglum almennt ekki beitt fyrr en daginn eftir útgáfudaginn. Ef fyrirmæli hafa að geyma ákvæði um að þau taki gildi „þegar í stað“ mundi lögskýring leiða til sömu niðurstöðu. Í sérstökum tilvikum gætu fyrirmæli haft sérstök ákvæði um gildistöku sína, t.d. á þá leið að þau tækju gildi samdægurs eða jafnvel á ákveðnum tíma dags. Til dæmis mætti hugsa sér að stjórnvaldsfyrirmæli um lokun tiltekins veiðihólfs væru gefnar út á prenti eða rafrænt kl. 12.00 á hádegi tiltekinn dag og þau tækju gildi kl. 20.00 sama kvöld. Réttaráhrif slíkra fyrirmæla væru að sjálfsögðu alltaf háð grunnreglunni í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins og 27. gr. stjórnarskrárinnar. Mætti því fyrirmælum aldrei beita fyrr en í fyrsta lagi eftir birtingu þeirra. Í tilvikum sem þessum væri æskilegt að kynna fyrirmæli einnig með öðrum hætti, t.d. með tilkynningu í ljósvakamiðlum, enda þótt ekki þyki ástæða til að kveða á um slíkar kynningar í lögum.

Loks kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að lög eða eftir atvikum stjórnvaldsfyrirmæli feli stjórnvöldum að taka ákvörðun um gildistöku þeirra á einhverju síðara tímamarki.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Frumvarp þetta var áður flutt á sl. vorþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt óbreytt. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi frá 1. janúar 2005, en að réttaráhrif sem eru bundin birtingu í Stjórnartíðindum verði óbreytt eftir sem áður. Tilsvarandi heimild var veitt í lögum nr. 165/2002 um Lögbirtingablaðið og er á grundvelli þeirrar heimildar ráðgert að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðsins. Jafnframt er nú stefnt að því að hætt verði að prenta Stjórnartíðindi en áfram verði þó hægt fyrir þá sem þess óska að kaupa prentaða útgáfu af Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu. Auk þessa eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum sem miða að því að gera birtingu laga, stjórnvaldserinda og milliríkjasamninga skilvirkari og ódýrari án þess að slakað sé á kröfum sem eru gerðar til réttaröryggis við miðlun upplýsinga af þessu tagi.

Útgjöld vegna Stjórnartíðinda eru áætluð um 49 m.kr. á árinu 2004, þar af eru um 34 m.kr. vegna prentunar og póstburðargjalda. Rafræn útgáfa gæti hins vegar dregið úr prent- og dreifingarkostnaði sem nemur u.þ.b. 35 m.kr. á ári þannig að heildarútgjöld vegna útgáfunnar gætu lækkað í tæplega 14 m.kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum. Tekjur vegna áskriftar og auglýsinga eru áætlaðar um 25 m.kr. og er áformað að þær verði óbreyttar að sinni. Uppsafnaður halli vegna útgáfunnar var áætlaður um 32 m.kr. í árslok 2003. Fyrirhugað er að lækka gjaldskrá fyrir birtingar í Stjórnartíðindum þegar fjármögnun stofnkostnaðar við að koma á rafrænni miðlun verður lokið og rekstrarlegu jafnvægi hefur verið náð sem gert er ráð fyrir að verði eftir 2–3 ár. Breytingar á gjaldskrá verða ákvarðaðar út frá kostnaði við vinnslu og miðlun efnisins. Miðað við gildandi fjárlög er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna útgáfu Stjórnartíðinda lækki í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár um tæplega 18 m.kr. Þegar að

því kemur að gjaldskrá fyrir birtingar verður lækkuð dragast eigin tekjur útgáfunnar saman í svipuðum mæli þannig að veltan verður minni. Þar sem útgáfan er borin uppi af eigin tekjum ætti þörf fyrir fjármögnun með beinum framlögum úr ríkissjóði því hvorki að verða meiri né minni með þessum ráðstöfunum.

192. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð).

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn sem hefur það hlutverk að fjalla um stefnumarkandi þætti sem undir lögin falla og varða atvinnustarfsemi, svo sem lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár, og framkvæmd og samhæfingu eftirlits. Ráðherra og sveitarfélögum ber að leita álits nefndarinnar um þessa þætti auk þess sem nefndin getur haft frumkvæði að því að taka slík mál upp við ráðherra og sveitarfélög.

Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar. Samtök atvinnulífsins tilnefna einn fulltrúa og annan til vara og Samband íslenskra sveitarfélaga einn og annan til vara.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við endurskoðun laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nú lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, kom fram tillaga frá fulltrúa atvinnurekenda í endurskoðunarnefndinni um að opnað yrði fyrir aðkomu atvinnulífsins að undirbúningi stefnumörkunar í þeim málum sem falla undir lögin og varða atvinnulífið. Upphafleg tillaga gekk út á það að atvinnurekendur fengju fulltrúa í stjórn Hollustuverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar. Við endurskoðun laganna var hins vegar gengið út frá því að stjórn Hollustuverndar ríkisins yrði lögð niður í samræmi við þá stefnu umhverfisráðuneytisins að vera ekki með stjórnir yfir stjórnsýslustofnunum, enda væri í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gert ráð fyrir að forstjórar ríkisstofnana færu með ábyrgð á rekstrinum gagnvart ráðherra að öllu leyti. Niðurstaðan varð sú að í staðinn var ákveðið að leggja til stofnun svokallaðs hollustuháttaráðs þar sem atvinnurekendur, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndu einn fulltrúa hver, auk þess sem forstjóri Hollustuverndar ríkisins sæti í ráðinu sem og fulltrúi ráðherra sem yrði formaður. Við afgreiðslu málsins á Alþingi var fulltrúum hins vegar fjölgað úr fimm í níu og komu til viðbótar fulltrúar tilnefndir af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Alþýðusambandi Íslands, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Landlæknisembættinu. Ekki voru gerðar breytingar á hlutverki ráðsins frá upphaflegum tillögum.

Um hollustuháttaráð er fjallað í 17. gr. laganna og er hlutverk þess að fjalla um þá þætti

sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemina, svo sem samhæfingu krafna og eftirlit. Enn fremur skal ráðherra leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár.

Með vísun til framangreinds er ljóst að brugðið var verulega út frá því sem lagt var til upphaflega, þ.e. að ráðið yrði samstarfsvettvangur annars vegar þeirra sem fjalla um stefnumótun, sem eru umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga, og hins vegar þeirra sem standa undir stærstum hluta af rekstri heilbrigðiseftirlitsins, þ.e. atvinnulífsins.

Hollustuháttaráð hefur starfað frá júní 1998 og þykir reynslan af störfum ráðsins ekki gefa tilefni til þess að halda því gangandi í núverandi mynd. Vinna ráðsins hefur fyrst og fremst tengst gjaldskrám sveitarfélaganna fyrir lögboðið eftirlit heilbrigðisnefndanna en að öðru leyti hefur ráðið lítið komið að málum enda hefur því ekki verið ætlað neitt frumkvæði, heldur eingöngu að taka við aðsendum erindum. Ljóst er að ýmsir fulltrúar eiga lítið erindi í ráðið og aðrir telja sig vanhæfa til þess að fjalla um ýmis mál þar sem þeir koma að þeim á öðrum stigum bæði fyrr og síðar og er þar sérstaklega átt við forstjóra Umhverfisstofnunar sem er lögskipaður í ráðið og fulltrúa Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Þannig hefur lítið borið á því að hollustuháttaráð fari yfir reglugerðir eða samþykktir sveitarfélaganna ef frá er talin vinna á vegum ráðsins árið 1999 í tengslum við mengunarvarnareglugerðir sem settar voru í nóvember það ár. Auk þess berast erindi til ráðsins yfirleitt á lokastigi umsagnarferlis og hafa þau samtök og stofnanir sem fulltrúa eiga í ráðinu þá mörg hver þegar fjallað um málið svo að litlar umræður fara fram um viðkomandi mál í ráðinu. Að auki eru menn misjafnlega í stakk búnir til þess að taka þátt í umræðunni þar sem sumir hafa litla vitneskju um málið en aðrir eru búnir að fjalla um þau ítarlega áður.

Að mati umhverfisráðuneytisins er brýnt að sem nánast samstarf sé milli stjórnsýslunnar annars vegar, þ.e. ráðuneytisins og sveitarfélaganna, og atvinnulífsins hins vegar um þá þætti sem nefndin skal fjalla um en ástæðulaust þykir að tengja þessa þætti starfi annarra sem nú eiga sæti í hollustuháttaráði. Það orkar tvímælis að forstjóri Umhverfisstofnunar eigi lögbundið sæti í ráðinu enda mörg af verkefnum ráðsins tengd stofnuninni og enda þar jafnvel í ákvarðanatöku. Heilbrigðis- og umhverfisfulltrúar eru starfsmenn sveitarfélaganna og annast framkvæmd mála fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna og hafa með sama hætti oft komið að málum áður, t.d. í sambandi við gjaldskrár. Hlutverk landlæknis tengist ekki starfsemi sem þessari, að því best verður séð, en samkvæmt 9. gr. laganna er landlæknir ráðgjafi umhverfisráðherra um það sem að lögunum lýtur og undir embætti hans fellur þannig að aðkoma hans að málaflokknum er tryggð. Aðkoma Hins íslenska náttúrufræðifélags orkar einnig tvímælis enda vart hlutverk þess að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits og hið sama er að segja um ASÍ.

Hafa verður í huga að langstærstur hluti eftirlitsins snýr að atvinnustarfsemi í landinu og frá því að lögin voru sett hafa Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasambandið sameinast í ein samtök, Samtök atvinnulífsins, sem gerir framkvæmdina auðveldari. Kostnaður við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits á vegum sveitarfélaganna er að mestu leyti borinn uppi af atvinnulífinu eða sem nemur um ¾ hlutum kostnaðar. Nokkur hluti af rekstri Umhverfisstofnunar er með sama hætti kostaður af atvinnulífinu.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af störfum ráðsins hafa Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga lagt á það áherslu að hlutverki ráðsins og samsetningu verði breytt þannig að um verði að ræða lögbundið samráðsferli er snýr að umhverfisráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins enda eingöngu um að ræða

atriði er varða atvinnustarfsemi. Enn fremur þykir rétt að ráðinu sé einnig ætlað að hafa frumkvæði að því að taka upp slík mál við ráðherra og sveitarfélögin. Því er lagt til að í stað hollustuháttaráðs skipi ráðherra samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn sem fari með hlutverk ráðsins og geti auk þess haft frumkvæði að því að taka upp mál og að í nefndinni eigi sæti fulltrúi ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Lagt er til að skipaðir verði varamenn enda nefndin fámenn, aðeins þriggja manna, og því kann að koma til kasta varamanna. Hlutverk samstarfsnefndarinnar yrði að fjalla um stefnumarkandi þætti sem falla undir lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og varða atvinnustarfsemi, svo sem lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár og um framkvæmd og samhæfingu eftirlits. Ráðherra og sveitarfélögum ber að leita álits nefndarinnar á þessum þáttum auk þess sem nefndin getur haft frumkvæði að því að taka upp slík mál jafnt við ráðherra sem sveitarfélögin.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar og er það í samræmi við gildandi ákvæði um hollustuháttaráð en ljóst er að starfsreglurnar verða með öðru sniði en starfsreglur hollustuháttaráðs enda hlutverk nefndarinnar víðara en þess.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að hollustuháttaráð verði lagt niður í núverandi mynd en umhverfisráðherra skipi í stað þess þriggja manna samstarfsnefnd sem taki við verkefnum þess.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

193. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um starfrækslu fastanefndar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á Íslandi.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að óska eftir við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að skrifstofa fastanefndar framkvæmdastjórnarinnar gagnvart Íslandi verði færð til Íslands í þeim tilgangi að efla tengsl Íslands við Evrópusambandið og skilning þess á íslenskum aðstæðum og samfélagi.

Greinargerð.

Fastanefndir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) eru fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB gagnvart viðkomandi ríki og starfa sem sendiráð ESB. Fastanefndirnar eru

starfræktar í tæplega 130 ríkjum og alþjóðastofnunum. Meðal helstu verkefna þeirra er að veita upplýsingar um starfsemi og stefnumál sambandsins og miðla upplýsingum til ESB varðandi samstarf þeirra ríkja þar sem þær eru. Fastanefndirnar hafa einnig það hlutverk að liðka fyrir samstarfi einstakra ríkja og Evrópusambandsins.

Fastanefnd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gagnvart Íslandi og Noregi var komið á fót árið 1987 og er staðsett í Ósló. Hjá fastanefndinni starfa að jafnaði 20 einstaklingar, þar af aðeins einn íslenskur starfsmaður. Núverandi yfirmaður fastanefndarinnar er Percy Westerlund sendiherra sem tók við embættisbréfi sínu í júní 2004. Hulda Herjólfsdóttir Skogland, MA í stjórnmálafræði, sér um málefni Íslands en að jafnaði er að auki hjá fastanefndinni einn íslenskur háskólanemi í starfsþjálfun.

Fastanefndin starfar því bæði gagnvart Noregi og Íslandi. Ísland er eitt af fáum Evrópuríkjum sem ekki hefur fastanefnd með starfsstöð innan landamæra sinna. Ísland starfrækir hins vegar sendiráð í Brussel og eru því hefðbundnar gagnkvæmisskuldbindingar virtar hvað Ísland varðar.

Burt séð frá hugsanlegri aðild Íslands að ESB er alveg ljóst að það mundi þjóna hagsmunum Ísland ef fastanefnd ESB gagnvart Íslandi væri hér á landi en ekki í Noregi. Með því fengju fulltrúar ESB meiri nálægð við íslenskt samfélag og íslenska hagsmuni. Slíkt eykur skilning sambandsins á íslenskum aðstæðum.

Stærstur hluti milliríkjaverslunar Íslands er við ríki ESB og á alþjóðavettvangi er samstarfið einnig mikið. Þá er margs konar náið samstarf á milli Íslands og ríkja ESB og má þar nefna EES-samninginn og Schengen-samstarfið. Það skiptir því miklu máli að samband Íslands við ESB sé sem best.

Þótt ákvörðun um staðsetningu fastanefnda ESB liggi hjá sambandinu og framkvæmdastjórn þess er alveg ljóst að áhugi og þrýstingur íslenskra stjórnvalda á að fastanefnd verði starfrækt hérlendis skiptir miklu máli. Flutningsmenn telja því að utanríkisráðherra beri að taka þetta mál upp gagnvart Evrópusambandinu og beita sér fyrir starfrækslu slíkrar fastanefndar hér á landi.

194. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Í stað „13,03%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 14,03%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einföldu breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að rýmka heimildir þeirra til álagningar útsvars um eitt prósentustig, þ.e. úr 13,03% í 14,03% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í viðeigandi ákvæðum laga um tekjuskatt og

eignarskatt, nr. 90/2003. Frumvarpið er flutt í beinum tengslum við boðuð áform ríkisstjórnarinnar um að lækka álagningu tekjuskatts um sama hundraðshluta, þ.e. eitt prósentustig um næstu áramót. Samanlagt álagningarhlutfall tekjuskatts og hámarks útsvarsheimildar mun því haldast óbreytt nái frumvarpið fram að ganga og vera 38,78%. Hvergi yrði því um skattahækkun að ræða en lækkunin réðist af því í hve miklum mæli sveitarfélögin nýttu sér aukið svigrúm til útsvarshækkunar á móti lækkun á tekjuskatti til ríkissjóðs.

Það er skoðun flutningsmanna að ekki verði undan því vikist að grípa til ráðstafana til að bæta stöðu sveitarfélaganna. Afkoma þeirra, sem vissulega er mismunandi, er í það heila tekið óviðunandi og hefur verið svo lengi. Þannig hafa sveitarfélögin sem heild verið gerð upp með halla og safnað skuldum nokkurn veginn samfellt í einn og hálfan áratug. Teljist ríkissjóður aflögufær um skatttekjur, sem vissulega má deila um, hlýtur því að vera nærtækast að færa þær tekjur a.m.k. að einhverjum hluta yfir til sveitarfélaganna. Á sveitarfélögunum standa miklar og vaxandi kröfur um þjónustu, þau hafa tekið við ýmsum nýjum verkefnum og fengið á herðar sínar nýjar skyldur, svo sem á sviði umhverfismála sem snerta eftirlit og leyfisveitingar svo dæmi sé tekið, sem ekki hafa fylgt auknir tekjumöguleikar. Í samskiptum við ríkisvaldið virðist sífellt sækja í það far að það halli á sveitarfélögin. Með yfirtöku kostnaðarsamra málaflokka hafa sveitarfélögin, hvað sem líður deilum um fullnægjandi tekjustofna á móti, óumdeilanlega fengið með í kaupunum miklar væntingar um úrbætur og aukin útgjöld, eins og sannast í tilviki grunnskólans. Í ýmsum samstarfsverkefnum hallar á sveitarfélögin með því að ríkið bindur kostnaðarþátttöku sína við framlög á fjárlögum sem oftar en ekki hrökkva hvergi nærri fyrir því kostnaðarhlutfalli sem ríkinu er að nafninu til ætlað að standa straum af. Dæmi um þetta eru húsaleigubætur og eyðing refa og minka. Svipaða sögu er einnig að segja af ákveðnum stofnkostnaðarverkefnum þar sem ætlunin er að ríki og sveitarfélög deili kostnaðinum. Óraunhæf kostnaðarviðmið eða norm valda því að ríkið leggur iðulega minna af mörkum hlutfallslega að lokum en ætlunin er, jafnvel samkvæmt lögbundnu kostnaðarhlutfalli. Loks er þess að geta að sveitarfélögin hafa orðið fyrir tekjutapi vegna ákvarðana um mál, óskyld þeim, svo sem um hagstæðara skattalegt umhverfi einkahlutafélaga sem leitt hefur til mikillar fjölgunar þeirra og tekjutaps sveitarfélaganna í formi minni útsvarstekna á móti sem talið er nema milljarði króna eða liðlega það.

Svigrúm sveitarfélaganna til sjálfstæðra ákvarðana í uppbyggingu og rekstri og til umbóta, t.d. í félags- og umhverfismálum eða til að hlúa að nýsköpun í almennu atvinnulífi, er afar takmarkað eins og að líkum lætur í ljósi bágrar fjárhagsstöðu þeirra upp til hópa. Tilvist sveitarfélaganna einkennist af varnarbaráttu og sóknarfæri verða fá. Slíkt er óviðunandi því auðvitað þurfa sveitarfélögin að geta þróað og byggt upp þjónustu sína og tekið skref fram á við til eflingar velferðarsamfélagsins sem þau leggja ekki síst grunn að. Sem dæmi um slík verkefni má nefna það baráttumál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að leikskóladvöl verði gerð gjaldfrjáls með sérstöku samstarfsverkefni sveitarfélaganna og ríkisins, en flutningsmenn þessa frumvarps flytja jafnframt um það tillögu á yfirstandandi þingi. Sama gildir um möguleika þeirra til að bæta kjör starfsmanna sinna og koma til móts við kröfur um launahækkanir, þó réttmætar og nauðsynlegar séu til að sveitarfélögin geti verið samkeppnisfær um hæft starfsfólk. Sú spennitreyja sem sveitarfélögin eru í að þessu leyti kristallast í yfirstandandi kennaradeilu. Alvarlegast er þó auðvitað að áframhaldandi fjárhagsvandi sveitarfélaganna grefur almennt séð undan þeirri mikilvægu nærþjónustu og þeim umhverfis- og velferðarverkefnum sem sveitarfélögin hafa með höndum. Þannig veikjast undirstöður velferðarsamfélagsins og sveitarstjórnir sjá sig jafnvel knúnar til óyndisúrræða eins og að selja eignir og láta af hendi aðstöðu sem þó er ómissandi fyrir undirstöðu samfélagsþjónustu á þeirra vegum.

Tekjutap ríkissjóðs vegna áformaðrar eins prósentustigs lækkunar tekjuskatts er nálægt fimm milljörðum kr. brúttó en fjórum milljörðum kr. nettó. Sé heimild sveitarfélaganna til hækkunar útsvars aukin að sama skapi og fari úr 13,03% í 14,03%, þá gæfi það sveitarfélögunum svigrúm af sömu stærðargráðu til að auka útsvarstekjur sínar, sbr. fylgiskjal I. Það ber þó að taka skýrt fram í þessu sambandi að ónotaðar eru hjá sveitarfélögunum heimildir til álagningar útsvars sem nema rúmlega milljarði króna og með öllu er óvíst í hve ríkum mæli þau sveitarfélög sem eiga ónýttar heimildir fyrir mundu nýta sér aukið svigrúm. Einnig er ekki víst að öll sveitarfélög sem fullnýta heimildir sínar nú mundu nota sér aukið svigrúm til útsvarsinnheimtu, a.m.k. ekki þegar í stað. Hér ber einnig að leggja áherslu á mismunandi stöðu sveitarfélaganna, samspil eigin tekna þeirra og úthlutunar úr jöfnunarsjóði og fleira sem máli skiptir. Því fer fjarri að flutningsmenn telji þá ráðstöfun sem frumvarpið gengur út á einhverja allsherjarlausn. Æskilegast væri að breytingar af þessu tagi væru liður í heildarendurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem nauðsynlega þarf að fara fram og er forsenda þess að hægt sé í framhaldinu að ráðast í áfanga til eflingar sveitarstjórnarstiginu. Auknar heimildir til innheimtu útsvars væru þó skref í rétta átt fyrir sveitarfélögin. Þær mundu auka nokkuð svigrúm þeirra og sjálfstæði hvað varðar tekjuöflun og ef slíkri aðgerð yrði fylgt eftir með breytingum á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs, þannig að framlög sjóðsins nýtist til enn frekari tekjujöfnunar og jöfnunar á aðstöðu sveitarfélaganna, þá gæti það orðið til umtalsverðra bóta.

Fylgiskjal I.

Samband íslenskra sveitarfélaga:

Útsvarstekjur sveitarfélaga.

Útsvarsstofn v. launa 2003 (m.v. stöðuna 15. sept. sl.)		489.848.589.191
Núverandi nýting	12,80%	62.700.619.416
Fullnýting heimildar	13,03%	63.827.271.172
Mismunur		1.126.651.755
Hækkun og fullnýting hennar	14,03%	68.725.757.063
Mismunur m.v. núverandi nýtingu (12,80%)		6.025.137.647
Mismunur m.v. hækkun úr 13,03% í 14,03%		4.898.485.892

Svnr.	Sveitarfélag	Útsvar 2003	Útsvar 2004	Breyting	Hækkun pr.stig	Hám. 13,03%	Lágm. 11,24%	Útsvarsstofn des.v/launa 2002	Vægi svfél. í stofni	
0000	Reykjavíkurborg	12,70%	12,70%					186.630.657.048	0,41032767479	0,0521116147
1000	Kópavogsbær	12,70%	12,94%	12,94%	0,13			41.467.384.551	0,09117052874	0,011797466
1100	Seltjarnarneskaupstaður	12,46%	12,46%					8.698.501.630	0,0191245962	0,002382925
1300	Garðabær	12,46%	12,46%					16.159.194.608	0,0355277362	0,004426756
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	13,03%	*13,03%*			1		32.102.189.473	0,0705801339	0,009196591
1603	Bessastaðahreppur	13,03%	13,03%			1		2.844.461.659	0,006253856	0,00081488
1604	Mosfellsbær	12,94%	12,94%					9.874.240.231	0,0217095846	0,00280922
1606	Kjósarhreppur	13,03%	13,03%			1		190.816.915	0,00041953	0,0000547
2000	Reykjanesbær	12,70%	12,70%					16.566.025.376	0,0364221976	0,004625619
2300	Grindavíkurkaupstaður	13,03%	13,03%			1		3.627.749.506	0,007975999	0,001039273
2503	Sandgerðisbær	12,60%	12,70%	Hækkun	0,10			1.948.758.930	0,004284557	0,00054414
2504	Gerðahreppur	12,70%	12,70%					1.768.882.052	0,003889078	0,00049391
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	13,03%	*13,03%*			1		1.168.923.666	0,002570005	0,00033487
3000	Akraneskaupstaður	13,03%	13,03%			1		8.753.167.725	0,0192447855	0,002507596
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	11,24%	11,24%				1	234.955.316	0,00051657	0,0000581
3502	Skilmannahreppur	11,24%	11,24%				1	197.184.591	0,00043353	0,0000487
3503	Innri-Akraneshreppur	12,50%	12,85%	Hækkun	0,35			179.575.654	0,00039482	0,0000507
3504	Leirár- og Melahreppur	13,00%	13,03%	Hækkun	0,03	1		138.195.555	0,00030384	0,0000396
3506	Skorradalshreppur	11,24%	11,24%				1	74.346.972	0,00016346	0,0000184
3510	Borgarfjarðarsveit	13,03%	*13,03%*			1		793.521.486	0,001744643	0,00022733
3601	Hvítársíðuhreppur	13,03%	*13,03%*			1		74.051.665	0,00016281	0,0000212
3609	Borgarbyggð	13,03%	*13,03%*			1		3.310.753.755	0,00727905	0,00094846
3701	Kolbeinsstaðahreppur	12,20%	12,20%					85.748.238	0,00018853	0,000023
3709	Grundarfjarðarbær	13,03%	13,03%			1		1.331.404.925	0,002927238	0,00038142
3710	Helgafellssveit	11,99%	11,24%	Lækkun	–0,75		1	68.362.125	0,0001503	0,0000169
3711	Stykkishólmsbær	13,03%	13,03%			1		1.839.031.791	0,00404331	0,00052684
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	12,70%	12,70%					144.409.480	0,0003175	0,0000403
3714	Snæfellsbær	13,03%	13,03%			1		2.734.074.261	0,006011158	0,00078325
3809	Saurbæjarhreppur	13,03%	*13,03%*			1		89.720.904	0,00019726	0,0000257
3811	Dalabyggð	13,00%	*13,00%*					824.633.904	0,001813047	0,0002357
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	13,03%	13,03%			1		1.478.943.293	0,003251617	0,00042369
4200	Ísafjarðarbær	13,03%	13,03%			1		6.237.594.627	0,0137140261	0,001786938
4502	Reykhólahreppur	13,03%	13,03%			1		385.927.124	0,0008485	0,00011056

Svnr.	Sveitarfélag	Útsvar 2003	Útsvar 2004	Breyting	Hækkun pr.stig	Hám. 13,03%	Lágm. 11,24%	Útsvarsstofn des.v/launa 2002	Vægi svfél. í stofni	
4604	Tálknafjarðarhreppur	12,99%	*12,99%*					496.122.507	0,001090779	0,00014169
4607	Vesturbyggð	13,03%	13,03%			1		1.620.379.786	0,00356258	0,0004642
4803	Súðavíkurhreppur	13,03%	13,03%			1		371.374.918	0,00081651	0,00010639
4901	Árneshreppur	13,03%	13,03%			1		68.463.360	0,00015052	0,0000196
4902	Kaldrananeshreppur	13,03%	*13,03%*			1		191.051.411	0,00042005	0,0000547
4908	Bæjarhreppur	12,30%	12,30%					121.718.335	0,00026761	0,0000329
4909	Broddaneshreppur	12,70%	12,70%					72.903.870	0,00016029	0,0000204
4910	Hólmavík/Kirkjubólshr.	13,03%	*13,03%*			1		655.928.514	0,00144213	0,00018791
5000	Siglufjarðarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		2.246.837.048	0,004939914	0,00064367
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	13,03%	13,03%			1		5.716.841.972	0,0125690951	0,001637753
5508	Húnaþing vestra	13,03%	13,03%			1		1.515.054.140	0,00333101	0,00043403
5601	Áshreppur	12,45%	*12,45%*					75.741.973	0,00016653	0,0000207
5602	Sveinsstaðahreppur	12,41%	12,41%					97.213.036	0,00021373	0,0000265
5603	Torfalækjarhreppur	12,80%	12,80%					117.744.207	0,00025887	0,0000331
5604	Blönduósbær	13,03%	13,03%			1		1.323.769.216	0,00291045	0,00037923
5605	Svínavatnshreppur	12,20%	12,20%					153.793.164	0,00033813	0,0000413
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	12,75%	12,75%					94.577.685	0,00020794	0,0000265
5609	Höfðahreppur	13,03%	*13,03%*			1		1.004.575.197	0,002208667	0,00028779
5611	Skagabyggð	12,40%	12,40%					84.511.809	0,00018581	0,000023
5706	Akrahreppur	13,03%	13,03%			1		233.604.881	0,00051361	0,0000669
6000	Akureyrarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		23.282.176.845	0,0511883827	0,006669846
6100	Húsavíkurbær	13,03%	13,03%			1		3.533.677.828	0,007769173	0,001012323
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		1.871.861.371	0,00411549	0,00053625
6400	Dalvíkurbyggð	13,03%	13,03%			1		2.893.655.113	0,006362014	0,00082897
6501	Grímseyjarhreppur	13,03%	*13,03%*			1		187.493.985	0,00041223	0,0000537
6504	Hríseyjarhreppur	13,03%	13,03%			1		260.766.488	0,00057332	0,0000747
6506	Arnarneshreppur	12,70%	13,00%	Hækkun	0,30			248.025.974	0,00054531	0,0000709
6513	Eyjafjarðarsveit	12,70%	13,03%	Hækkun	0,33	1		1.237.409.249	0,002720578	0,00035449
6514	Hörgárbyggð	12,80%	12,80%					454.360.478	0,00099896	0,00012787
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	12,85%	12,85%					502.730.799	0,001105308	0,00014203
6602	Grýtubakkahreppur	13,03%	13,03%			1		626.319.691	0,001377032	0,00017943
6607	Skútustaðahreppur	13,03%	13,03%			1		661.264.600	0,001453862	0,00018944

Svnr.	Sveitarfélag	Útsvar 2003	Útsvar 2004	Breyting	Hækkun pr.stig	Hám. 13,03%	Lágm. 11,24%	Útsvarsstofn des.v/launa 2002	Vægi svfél. í stofni	
6609	Aðaldælahreppur	13,03%	13,03%	13,03%	0,13	1		331.043.008	0,000727834	0,000094837
6611	Tjörneshreppur	12,85%	*12,85%*					77.484.903	0,00017036	0,0000219
6612	Þingeyjarsveit	13,03%	*13,03%*			1		807.012.127	0,001774303	0,00023119
6701	Kelduneshreppur	13,03%	13,03%			1		125.139.410	0,00027513	0,0000359
6702	Öxarfjarðarhreppur	13,03%	13,03%			1		455.518.656	0,001001507	0,0001305
6705	Raufarhafnarhreppur	13,03%	*13,03%*			1		441.431.235	0,00097053	0,00012646
6706	Svalbarðshreppur	12,36%	12,00%	Lækkun	–0,36			140.622.295	0,00030917	0,0000371
6707	Þórshafnarhreppur	13,03%	13,03%			1		631.229.566	0,001387826	0,00018083
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		1.164.406.857	0,002560074	0,00033358
7300	Fjarðabyggð	13,03%	13,03%			1		5.321.759.972	0,0117004646	0,001524571
7501	Skeggjastaðahreppur	13,03%	13,03%			1		216.980.414	0,00047705	0,0000622
7502	Vopnafjarðarhreppur	13,03%	13,03%			1		1.158.662.676	0,002547445	0,00033193
7505	Fljótsdalshreppur	13,03%	13,03%			1		93.674.900	0,00020595	0,0000268
7506	Fellahreppur	13,03%	13,03%			1		559.971.233	0,001231157	0,00016042
7509	Borgarfjarðarhreppur	13,03%	13,03%			1		199.926.466	0,00043956	0,0000573
7512	Norður-Hérað	13,00%	13,03%	Hækkun	0,03	1		291.979.476	0,00064195	0,0000836
7605	Mjóafjarðarhreppur	13,03%	*13,03%*			1		51.279.306	0,00011274	0,0000147
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	12,70%	12,70%					85.125.536	0,00018716	0,0000238
7613	Breiðdalshreppur	13,03%	13,03%			1		346.278.739	0,00076133	0,0000992
7617	Djúpavogshreppur	13,03%	13,03%			1		697.385.997	0,001533279	0,00019979
7618	Austur-Hérað	13,03%	13,03%			1		2.813.734.200	0,006186299	0,00080607
7619	Austurbyggð	13,03%	13,03%			1		1.303.381.624	0,002865625	0,00037339
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	13,03%	13,03%			1		3.388.717.693	0,007450462	0,0009708
8000	Vestmannaeyjabær	13,03%	13,03%			1		7.367.965.976	0,0161992697	0,002110765
8200	Sveitarfélagið Árborg	13,03%	13,03%			1		8.931.742.630	0,0196374017	0,002558753
8508	Mýrdalshreppur	13,03%	13,03%			1		630.424.368	0,001386056	0,0001806
8509	Skaftárhreppur	13,03%	13,03%			1		626.968.178	0,001378457	0,00017961
8610	Ásahreppur	11,24%	11,24%				1	171.099.561	0,00037618	0,0000423
8613	Rangárþing eystra	12,99%	12,99%					2.006.554.413	0,004411627	0,00057307
8614	Rangárþing ytra	12,40%	12,99%	Hækkun	0,59			1.908.725.859	0,00419654	0,00054513
8701	Gaulverjabæjarhreppur	12,70%	*12,70%*					132.250.928	0,00029077	0,0000369
8706	Hraungerðishreppur	13,03%	*13,03%*			1		229.457.605	0,00050449	0,0000657
8707	Villingaholtshreppur	13,03%	*13,03%*			1		207.916.960	0,00045713	0,0000596

Svnr.	Sveitarfélag	Útsvar 2003	Útsvar 2004	Breyting	Hækkun pr.stig	Hám. 13,03%	Lágm. 11,24%	Útsvarsstofn des.v/launa 2002	Vægi svfél. í stofni	
8710	Hrunamannahreppur	13,03%	*13,03%*			1		809.518.370	0,001779814	0,00023191
8716	Hveragerðisbær	12,99%	12,99%					2.492.936.819	0,005480991	0,00071198
8717	Ölfushreppur	12,70%	13,03%	Hækkun	0,33	1		2.463.840.021	0,005417019	0,00070584
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	12,04%	*12,04%*					425.415.436	0,00093532	0,00011261
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	13,03%	13,03%			1		590.518.496	0,001298319	0,00016917
8721	Bláskógabyggð	13,03%	13,03%			1		1.089.798.311	0,002396039	0,0003122
	Meðalútsvarsprósenta	**12,80%**	**12,83%**			**67**	**5**	**454.833.218.706**	**1**	**12,8318%**

Álagning útsvars	Fjöldi sveitarfélaga	Álagningar-hlutfall
Hámark	67	13,03%
Lágmark	5	11,24%
Meðalálagning		12,83%

Með frumvarpinu var einnig fylgiskjal II: Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 29. september 2004.)

195. Fyrirspurn [195. mál]

til landbúnaðarráðherra um styrk til loðdýraræktar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig munu stjórnvöld tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun 116 millj. kr. styrks til loðdýraræktar sem nýlega var ákveðinn?

196. Fyrirspurn [196. mál]

til iðnaðarráðherra um Blönduvirkjun.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hefur afkastageta Blönduvirkjunar verið fullnýtt sl. ár og ef ekki, hversu hátt hlutfall af framleiðslugetu virkjunarinnar hefur verið nýtt?
2. Hversu mikilli orku sem Blönduvirkjun framleiðir var veitt í aðra landshluta en Norðurland vestra, hversu mikill hluti orkunnar tapast í flutningi suður á land, t.d. í Hvalfjörð, og hversu mikil orka er notuð í Skagafirði?

197. Frumvarp til laga [197. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingu.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði í samþykktum“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: þar sem m.a. skal kveðið á um að öllum viðskiptamönnum sparisjóðsins á ákvörðunardegi skuli boðin þátttaka í stofnfjáraukningunni að hluta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að lögum um fjármálafyrirtæki verði breytt þannig að við stofnfjáraukningu í sparisjóði verði skylt að bjóða öllum viðskiptavinum sparisjóðsins að taka þátt í útboði á stofnfénu.

Í ljósi breyttra þjóðfélagshátta og sterkra tengsla sparisjóðanna við heimabyggð er nauðsynlegt að breytt verði reglum um hverjir geti tekið þátt í aukningu stofnfjár sparisjóða. Flutningsmaður telur mikilvægt að alfarið verði horfið frá því formi að handvalið sé í flokk stofnfjáreigenda við útgáfu á nýju stofnfé.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna um hverjum skuli boðin þátttaka í stofnfjáraukningu verði breytt með það að markmiði að hópur stofnfjáreigenda að baki hverjum sparisjóði verði sem breiðastur og opinn öllum viðskiptavinum sparisjóðsins.

Sem betur fer hafa velflestir stærstu sparisjóðirnir valið að hleypa sem flestum í hóp stofnfjáreigenda á liðnum árum en enn þá eru örfáir eftir sem þurfa að taka sig á. Hér er lagt til að fest verði í lög að öllum viðskiptavinum sparisjóðs á tilteknum degi, þ.e. þegar samþykkt er að auka stofnfé, verði boðin þátttaka í stofnfjáraukningunni. Þannig ætti að vera komið í veg fyrir að að einstaklingum og viðskiptamönnum sé mismunað þegar valið er í þennan mikilvæga hóp.

Frumvarpi viðskiptaráðherra sem varð að lögum nr. 71/2001 og heimilaði hlutafjárvæðingu sparisjóða fylgdi tafla yfir starfandi sparisjóði þar sem m.a. má finna fjölda stofnfjáreigenda að baki hverjum sparisjóði á þeim tíma. Tafla þessi fylgir hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.

Stofnfé og stofnfjáreigendur sparisjóða 1999.

	Eignir í m.kr.	Eigið fé í m.kr.	Stofnfé í m.kr.	Stofnfé/ eigið fé, %	Fjöldi stofnfjáreigenda, okt. 2000	Meðaleign í þús.kr.
Sp. Reykjavíkur og nágrennis	27.412	1.831	327,2	17,9	908	360
Sp. Hafnarfjarðar	23.146	1.782	5,1	0,3	45	113
Sp. vélstjóra	16.184	1.393	24,8	1,8	533	47
Sp. í Keflavík	11.446	959	346,8	36,2	510	680
Sp. Kópavogs	6.434	655	418,8	63,9	610	687
Sp. Mýrasýslu*	5.141	686	3,0	0,4	2	1.500
Sp. Bolungarvíkur	4.048	553	36,6	6,6	117	313
Sp. Vestmannaeyja	3.037	314	0,7	0,2	70	10
Sp. Siglufjarðar	1.924	202	0,6	0,3	44	14
Sp. Norðlendinga	2.456	368	2,1	0,6	87	24
Sp. Húnaþings	1.928	229	2,0	0,9	90	22
Sp. Ólafsfjarðar	1.256	79	216,9	274,6	86	2.522
Sp. Svarfdæla	1.688	258	4,5	1,7	150	30
Eyrarsparisjóður	1.429	65	7,5	11,5	98	77
Sp. S-Þingeyinga	1.218	108	6,4	5,9	176	36
Sp. Hornafjarðar	1.837	102	74,1	72,6	182	407
Sp. Norðfjarðar	1.209	200	4,3	2,2	61	70
Sp. Önundarfjarðar	1.213	170	3,1	1,8	33	94
Sp. Þingeyrar	733	179	1,1	0,6	47	23
Sp. Ólafsvíkur	752	124	0,1	0,1	46	2
Sp. Þórshafnar	562	131	0,3	0,2	84	4
Sp. Höfðhverfinga	419	86	3,0	3,5	43	70

	Eignir í m.kr.	Eigið fé í m.kr.	Stofnfé í m.kr.	Stofnfé/ eigið fé, %	Fjöldi stofnfjáreigenda, okt. 2000	Meðaleign í þús.kr.
Sp. Súðavíkur	561	38	13,2	34,7	36	367
Sp. Strandamanna	377	134	1,2	0,9	75	16
Sp. Hólahrepps	21	7	0,1	1,4	-	
	116.431	10.653	1.503,5	14,1	4.133	364

* Sveitarfélög eru einu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Mýrasýslu

198. Fyrirspurn [198. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum árið 2003 og samkvæmt áætlun 2004, skipt eftir skattstofnum?
2. Hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga verður til við endurfjármögnun lána?
3. Hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga er endurgreiddur í formi vaxtabóta?

Skriflegt svar óskast.

199. Fyrirspurn [199. mál]

til utanríkisráðherra um starfsmenn Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða breytingar í stöðugildum hafa orðið á íslensku starfsliði Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli frá 1. janúar 2003 til 1. október 2004?
2. Hver var fjöldi bandarískra hermanna á Keflavíkurvelli 1. janúar 2003 og 1. október 2004?
3. Hver var fjöldi bandarískra starfsmanna Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli, annarra en hermanna, 1. janúar 2003 og 1. október 2004?

200. Fyrirspurn [200. mál]

til dómsmálaráðherra um Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hverjar eru ástæður þess að ekki er gert ráð fyrir fjárframlagi frá dómsmálaráðuneyti til Mannréttindaskrifstofu Íslands í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005?
2. Er það ásetningur ríkisstjórnarinnar að Mannréttindaskrifstofu Íslands verði lokað?
3. Með hvaða hætti vilja stjórnvöld þróa samstarf við frjáls félagasamtök á sviði mannréttindamála og fjárhagsleg samskipti þessara aðila?

201. Fyrirspurn [201. mál]

til samgönguráðherra um grunnlínukerfi símans.

Frá Gunnari Örlygssyni.

Er hægt að aðskilja grunnlínukerfi símans frá fyrirtækinu Landssími Íslands hf.? Væri það tæknilega flókið og ef svo er, á hvaða hátt?

Skriflegt svar óskast.

202. Fyrirspurn [202. mál]

til fjármálaráðherra um grunnlínukerfi símans.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hvert er talið söluandvirði grunnlínukerfis símans á markaði nú og hversu hátt hlutfall er það talið vera af söluandvirði Landssíma Íslands hf.?
2. Hefur verið athugað hvort gerlegt sé fyrir ríkið að selja Landssíma Íslands hf. án grunnlínukerfisins og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?
3. Hefur verið athugað hvort ríkið geti notið tekna af grunnlínukerfinu eftir aðskilnað frá Landssíma Íslands hf. og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?

Skriflegt svar óskast.

203. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Örlygur Hnefill Jónsson, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um landsdóm, nr. 3/1963, og laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og ljúki hún störfum fyrir árslok 2005. Nefndin hafi að markmiði að einfalda framkvæmd laganna og kanna hvort tryggja eigi tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Jafnframt verði kannaðir kostir þess og gallar að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum. Nefndin hafi hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm, nr. 3/1963, með það að markmiði að einfalda framkvæmd laganna sem orðin eru úrelt og hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu. Jafnframt er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu og í því skyni verði höfð hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Þar sem hér er um nátengd mál að ræða er rétt að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem eru orðin rúmlega 40 ára gömul.

Landsdómur.

Forsagan og núverandi skipan mála.

Lög um landsdóm voru fyrst sett árið 1905 en heildarendurskoðun fór fram á þeim lögum árið 1960 og ný lög voru sett um dóminn á árinu 1963. Sú löggjöf fól í sér gagngerar breytingar á lögum um landsdóm. M.a. var dómurum fækkað um helming, en hann skipuðu áður 30 dómarar. Reglurnar um skipan dómsins þóttu úreltar og flóknar. Það nýmæli var þá sett í lögin að Alþingi kysi fimm menn úr sínum hópi, saksóknarnefnd, til að vera saksóknara til aðstoðar þegar mál væri höfðað gegn ráðherra.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1963 fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra en eins og kunnugt er hefur landsdómur aldrei verið kallaður saman hérlendis til að höfða slík mál.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættis-

rekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar er einnig kveðið á um að forseti Íslands geti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt nema með samþykki Alþingis. Stjórnarskráin setur því breytingu á skipan þessara mála þröngar skorður en samkvæmt henni er ákæruvaldið gegn ráðherra í höndum Alþingis og dómsvaldið í þeim málum sem Alþingi samþykkir að höfða hjá landsdómi. Án breytingar á stjórnarskránni virðist löggjafinn því einungis geta ákvarðað um hvernig skipan dómsins skuli háttað, fyrir hvaða athæfi eða verknað ráðherra skuli sæta ábyrgð og hvaða viðurlögum hann skuli sæta.

Lögin um ráðherraábyrgð kveða á um efnisþætti ráðherraábyrgðar, skilyrði sakfellingar og viðurlög. Lögin um landsdóm kveða aftur á móti á um skipan dómsins og dómsferil.

Í greinargerð með frumvarpi sem Ólafur Jóhannesson samdi um landsdóm og varð að lögum nr. 3/1963 kemur eftirfarandi fram: „Satt er það að refsiábyrgðar ráðherra gætir minna, þar sem þingræðisstjórn er komin í fastar skorður. Þar er málshöfðun gegn ráðherra fyrir sérstökum stjórnardómstóli fátíð. Þörf á slíku úrræði er þar miklu minni. Hin þinglega ábyrgð veitir ráðherrum nauðsynlegt aðhald, og ráðherra, sem meiri hluti þings vill losna við, verður að víkja. Í þingstjórnarlöndum er þingmeirihluti oft samábyrgur ráðherra og liggur í hlutarins eðli, að sá meiri hluti samþykkir ógjarna málshöfðun gegn ráðherra. Samt sem áður er það ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsiábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Þar getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á. Vitund um, að sérstakur dómstóll sé tiltækur, ef brot er framið, getur og veitt ráðherra almennt aðhald. Það er því eigi aðeins ástæðulaust heldur og óskynsamlegt, að afskrifa þetta úrræði, sem algerlega gagnslaust."

Ákvæði laga um landsdóm hefur aldrei verið beitt. Ríkar og alvarlegar ásakanir á hendur ráðherra þurfa að koma til til að svo verði. Það sem fyrst og fremst gefur tilefni til þessarar endurskoðunar er úrelt ákvæði laganna og því rétt að sníða þau að því dómskerfi sem við búum við.

Gildandi ákvæði um landsdóm, sem staðið hafa óbreytt frá setningu þeirra, eru mjög þung í vöfum. Í raun má segja að þau séu orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í dóms- og réttarkerfinu þar sem stefnan hefur verið að fækka sérdómstólum. Samkvæmt lögunum fer landsdómur með mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra og dæmir í þeim.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, þ.e. hæstaréttardómarar, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Síðan eru átta kosnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Í 13. gr. laga nr. 3/1963 kemur fram að ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Alþingi kýs jafnframt mann til að sækja málið af sinni hendi. Enn fremur kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar. Síðan tekur við langt, þunglamalegt og flókið dómsferli sem lýst er í yfir fimmtíu greinum í lögunum.

Almennur dómstóll í stað landsdóms.

Það er mat flutningsmanna að ástæða væri til að einfalda mjög skipan þessara mála og jafnvel að leggja af landsdóm þannig að ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum með venjulegum hætti, þ.e. þeir verði saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn. Það krefst breytingar á stjórnarskránni en engu síður er fyllsta ástæða til að kanna þennan kost. Þannig fyrirkomulag tíðkast í Englandi, en jafnframt eru í gildi þar í landi

sérstakar siðareglur fyrir ráðherra. Þótt ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum mætti engu síður hugsa sér að málshöfðunarrétturinn væri í höndum Alþingis eins og áður. Rökin fyrir framangreindu eru m.a. þau að æðstu handhafar framkvæmdarvalds eru ráðherrar. Þær stofnanir sem fara með ákæruvald (ríkissaksóknari/lögreglustjóri) heyra undir ráðherra, a.m.k. að formi til. Í nágrannaríkjum okkar er þó þróunin sú að tryggt verði sjálfstætt ákæruvald. Því verður að telja eðlilegt að Alþingi fari með málshöfðunarréttinn í þessu tilviki. Ætla má að það hafi verið hugsunin að baki núverandi tilhögun ákæru reglna landsdóms og ekki ástæða til að breyta því þótt mál gegn ráðherra verði rekin fyrir almennum dómstólum.

Í þessu samhengi má enn fremur benda á að fræðimenn hafa gagnrýnt tilvist dómsins. Dr. Gunnar G. Schram fjallar um þýðingu hans í bók sinni Um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Segir hann þar m.a.: „Má því spyrja, hvort ekki væri réttara að leggja dómstól þennan niður og fá verkefni hans Hæstarétti, sem fullfær er að annast það.“ Einnig segir dr. Gunnar: „Alþingi myndi eftir sem áður hafa í sínum höndum ákæruvaldið vegna embættisbrota ráðherra.“ Sýnist þetta mun einfaldari og heppilegri lausn. Nægilegt réttaröryggi ætti að vera fólgið í því að ákæruvaldið yrði áfram í höndum Alþingis. Jafnframt mundi sú skipun sem dr. Gunnar nefnir fella úr gildi þær vafasömu reglur sem nú gilda um skipan landsdóms. Sú hugmynd fer að verulegu leyti saman við hugmyndir sem hér eru settar fram um breytingu á dómnum. Þrátt fyrir niðurfellingu landsdóms mætti enn fremur skoða hvort ástæða væri til að huga að breytingum á réttarfarslögum og lögum sem fjalla um dómstóla þannig að Alþingi geti tilnefnt sérstaka meðdómendur í dómsmálum á hendur ráðherrum.

Hér má enn fremur benda á að í Danmörku hafa fræðimenn haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sem sé stirt og þunglamalegt geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Réttur minni hlutans á þingi betur tryggður.

Flutningsmenn telja einnig að rétt sé að kanna hvort ekki væri eðlilegt að tryggja betur rétt minni hlutans á þingi til málshöfðunar. Ástæða þess er einkum sú hefð sem hér er fyrir meirihlutastjórnum og því nauðsynlegt að réttur minni hlutans verði betur tryggður. Það styrkir lýðræðið og veitir um leið stjórnarmeirihlutanum hverju sinni meira aðhald. Í því sambandi er rétt að benda á 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan rannsóknarnefndar sem er algjörlega óvirk. Ástæða þess er að tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa allar verið felldar utan ein er að málefni eða málsástæður ályktunarinnar beinast oft að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Í skjóli meiri hlutans hafa því 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrár sem fluttar hafa verið sl. 40 ár, eða allar utan ein, verið felldar.

Ráðherraábyrgð.

Lagaleg og pólitísk ábyrgð ráðherra.

Ráðherraábyrgð getur hvort tveggja verið lagaleg og pólitísk. Samkvæmt lögum nr. 4/1963 getur lagaleg ábyrgð t.d. falist í stjórnarskrárbroti, broti á landslögum eða að ráðherra misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættismörk sín, og stofnar með því heill einstaklinga eða almennings í hættu. Lögin eiga því við um embættisbrot ráðherra. Skilyrði refsiábyrgðar eru að brotin séu annaðhvort framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Stjórnmálaleg ábyrgð lýtur öðru fremur að hinni þingræðislegu ábyrgð, en um hana segir í tímaritinu Sagnir frá 1985 í grein eftir Magnús Hauksson: „Stjórn-

málalega ábyrgðin er nokkuð annars eðlis en sú lagalega. Hún er engum lagareglum háð. Það má hugsa sér að hún skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er ríkisstjórn ábyrg gagnvart kjósendum því í lýðræðisríkjum verða ráðherrar að leggja embættisverk sín og stjórnarstefnu undir dóm kjósenda við almennar kosningar. Jafnvel þótt ráðherra vilji ekki vera áfram í embætti skiptir dómur kjósenda máli því flokkur hans líður fyrir verk hans eða nýtur þeirra eftir atvikum. Það má því einnig tala um flokkslega ábyrgð ráðherra. Loks má nefna þinglega ábyrgð ráðherra þar sem þingræði er í heiðri haft. Ráðherrar verða að standa þinginu reikningsskil ráðsmennsku sinnar og verja stefnu sína og framkvæmdir. Þar eð þingið ræður í raun og veru hverjir sitja í ráðherrastólunum verða þeir sem í þeim sitja hverju sinni að gæta þess að haga hvorki orðum sínum né gerðum á þann veg að þeir glati trausti meirihluta þingsins.“ Fram kemur einnig í þessari grein að auðvelt ætti að vera að halda lagalegu ráðherraábyrgðinni aðgreindri frá þingræðishugtakinu. Öðru máli gegni hins vegar um stjórnmálalegu ábyrgðina. Þingræði og þingleg ráðherraábyrgð merki það sama.

Pólitíska ábyrgðin lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en sú lagalega. Má segja að um hana gildi frekar skráðar og óskráðar siðareglur og það traust og trúnaður sem ráðherra hefur hjá þingi og þjóð. Hjá nágrannaþjóðum okkar er það algengt, þótt hér heyri það til undantekninga, að ráðherra segi af sér sem ekki nýtur lengur trausts til að gegna þeim trúnaðarstörfum sem honum er treyst fyrir. Hér þarf ekki eingöngu að vera um að ræða refsi- eða bótaábyrgð fyrir embættisbrot eða brot gegn lögum. Miklu fremur liggur hin pólitíska og siðferðilega ábyrgð að baki afsögn ráðherra erlendis. Ljóst er einnig að því markvissari og skýrari sem ráðherraábyrgðarlögin eru verður auðveldara að leggja mat á hina pólitísku ábyrgð ráðherra.

Tilhögun í nágrannalöndum.

Skipan þessara mála er með ýmsu móti í nágrannalöndum okkar. Ákvæði er í stjórnarskrám margra landa um ráðherraábyrgð og um sérstakan dómstól til að dæma í þeim málum sem þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum. Í Danmörku gilda svipaðar reglur og á Íslandi um ábyrgð ráðherra og landsdóm. Hefur fimm sinnum komið til kasta landsdóms þar í landi á grundvelli laga um ráðherraábyrgð og sýnir reynsla Dana að ákvæði um ábyrgð ráðherra geta komið í góðar þarfir. Má í því sambandi nefna að fjögur af þessum fimm málum voru höfðuð í kringum aldamótin 1900 og hafði landsdómur því legið í dvala í um 80 ár áður en hann var endurvakinn í svokölluðu Tamílamáli sem höfðað var gegn fyrrverandi dómsmálaráðherra Danmerkur og dæmt var í árið 1995. Í því tilviki var ráðherrann sakfelldur fyrir að hafa af ásettu ráði og á refsiverðan hátt vanrækt þær skyldur sem á honum hvíldu samkvæmt lögum og eðli stöðu hans. M.a. með hliðsjón af reynslu Dana verður ekki um villst að ákvæði laga um ráðherraábyrgð og refsiábyrgð ráðherra vegna brota í starfi eiga fullan rétt á sér, en af og til hafa komið upp mál hérlendis sem hafa vakið upp spurningar um ábyrgð ráðherra. Athygli vekur hins vegar í þessu samhengi að í Danmörku hafa fræðimenn m.a. haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sé stirt og þunglamalegt og geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Markmið heildarendurskoðunar á lögunum.

Ástæða þess að gerð er tillaga um endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð er sú að telja verður að ýmis ákvæði laganna séu ófullkomin og óskýr og má þá t.d. nefna ákvæði 6. og 7. gr. um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna og er rík þörf á að þau verði tekin sérstak-

lega til skoðunar. Má t.d. benda á að í Danmörku geta ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum.

Einnig má nefna að engin ákvæði er að finna varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Slík ákvæði er t.d. að finna í lögum um ábyrgð ráðherra bæði í Danmörku og Noregi eins og komið verður nánar að hér á eftir. Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar hefur áður lagt fram frumvörp þessa efnis til breytinga á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, sem ekki hafa náð fram að ganga. Rétt þykir hins vegar nú að leggja til að heildarendurskoðun fari fram á ákvæðum laganna samhliða heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 3/1963, um landsdóm.

Ljóst er að æðstu embættismenn framkvæmdarvaldsins fara með vandmeðfarið vald og nauðsynlegt er að samhliða slíku valdi fari rík ábyrgð, enda bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum samkvæmt lögunum og stjórnarskrá. Því er nauðsynlegt að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, ekki síst þar sem lögin eru óljós og matskennd á köflum og inn í þau vantar mikilvægt ákvæði sem t.d. er að finna í norskum og dönskum lögum um ráðherraábyrgð. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að ráðherrar sæti ábyrgð samkvæmt lögunum gefi þeir þinginu röng svör eða villandi upplýsingar. Varla þarf um það að deila að mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Því er nauðsynlegt að lög um ráðherraábyrgð taki til tilvika eins og þeirra ef ráðherrar veita röng eða villandi svör við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi, svo og gagna og upplýsinga sem ráðherrar eða ráðuneytin gefa Alþingi eða einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála sem fyrir liggja. Sambærileg ákvæði má finna í dönskum og norskum lögum sem fjalla um ábyrgð ráðherra en eins og áður segir taka núgildandi lög um ráðherraábyrgð ekki sérstaklega til ábyrgðar ráðherra vegna upplýsinga sem þeir veita Alþingi. Of oft hefur það hins vegar komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar. Slíkt getur leitt til trúnaðarbrests milli þingsins og ráðherra. Auk þess er hætta á að ef vafi leikur á að ráðherrar gefi Alþingi réttar upplýsingar geti það leitt til óvandaðrar málsmeðferðar og lagasetningar sem byggist ekki á staðreyndum um efni máls. Því er nauðsynlegt að nefnd sú er endurskoðar lög um ráðherraábyrgð taki tillit til þessa. Með því verður það refsivert ef ráðherra er fundinn sekur um athæfi eins og að framan greinir. Hér má nefna að þegar lög um ráðherraábyrgð voru sett í Danmörku árið 1964, ári eftir að lög um ráðherraábyrgð voru sett hérlendis, var lögð á það rík áhersla að ráðherra yrði refsiábyrgur í slíkum tilvikum og var það talið mikilvægt til að styrkja stöðu þjóðþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Niðurlag.

Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að forsætisnefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að ráðist verði í vinnu við að einfalda framkvæmd og jafnvel gera grundvallarbreytingar á lögum um landsdóm þannig að hann verði lagður niður og að ráðherrar sæti ábyrgð fyrir almennum dómstólum. Eins og komið hefur fram þyrfti til þess stjórnarskrárbreytingu. Jafnframt mætti halda því fyrirkomulagi sem felst í lögum um landsdóm að Alþingi komi að skipun dómsins, t.d. með því að Alþingi tilnefni sérstaka meðdómendur er tækju sæti í dómi kæmi til þess að höfðað verði mál á hendur ráðherra. Er lagt til að kostir og gallar þess verði kannaðir. Með framangreindum tillögum þarf ekki að afnema málshöfðunarrétt þingmanna, en skoða mætti hvort tryggja ætti betur rétt minni hlutans á þingi í því efni.

Þá er jafnframt lagt til að unnið verði að heildarendurskoðun á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja þingræðið og eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Endurskoðunin á að taka mið af því að færa ráðherraábyrgð til sambærilegs horfs og þekkist í nágrannalöndum okkar. Sérstaklega á að skoða ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi ef ráðherra greinir rangt frá og gefur þingmönnum og þingi rangar upplýsingar eða leynir upplýsingum sem mikilvægar eru fyrir meðferð mála. Mikilvægt er einnig að styrkja ákvæði laga um ráðherraábyrgð sem kveða á um að ráðherra sé ábyrgur fyrir stjórnarframkvæmdum öllum, þ.m.t. vegna athafna undirmanna hans.

Í þessu skyni er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sem ljúki störfum fyrir árslok 2004. Forsætisnefnd tilnefni þrjá nefndarmenn og úr þeim hópi komi formaður nefndarinnar og Hæstiréttur Íslands og lagadeild Háskóla Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn. Æskilegt er að í nefndina veljist menn er hafi víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræði. Þar sem endurskoðun laga um landsdóm og endurskoðun laga um ráðherraábyrgð eru nátengd mál þykir rétt að sama nefndin hafi bæði verkefnin með höndum.

Þingsályktunartillögur sama efnis voru fluttar á 127. og 128. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga. Á 130. löggjafarþingi voru þær sameinaðar í eina, en voru að öðru leyti óbreyttar. Tillagan er nú endurflutt eins og hún var lögð fram á því þingi.

204. Fyrirspurn [204. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um skráningu nafna í þjóðskrá.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Stendur til að breyta skráningu nafna í þjóðskrá þannig að allir geti skráð fullt nafn sitt án þeirra takmarkana sem eru nú á heildarlengd nafna?
2. Hefur kostnaður við slíka breytingu á skráningu verið kannaður og ef svo er, hversu mikill yrði hann?
3. Hefur verið kannað hversu langan tíma tæki að gera slíka breytingu?
4. Hversu margir einstaklingar hafa ekki fengið fullt nafn skráð í þjóðskrá?

205. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ögmundur Jónasson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Örlygsson, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Þuríður Backman.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, XI. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og XII. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með þremur nýjum greinum, 71.–73. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (XI. kafli.)

a. (64. gr.)

Einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur í eigin nafni getur, að uppfylltum skilyrðum 3. mgr., átt rétt á að leita eftir greiðsluaðlögun til allt að fimm ára.

Með greiðsluaðlögun er í lögum þessum átt við það að skuldari sem á í greiðsluvanda og fengið hefur heimild héraðsdómara semur að tilhlutan aðstoðarmanns við kröfuhafa um aðlögun tekna, eigna og fjárskuldbindinga sinna til allt að fimm ára með möguleika á framlengingu. Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt:

1. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að mati dómara að hann geti staðið við skuldbindingar sínar,
2. að skuldari sé fjár síns ráðandi,
3. að skuldari hafi þegar ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín; aðstoðarmaður skuldara þarf að fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans,
4. að bú skuldara sé hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hafi hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga á síðustu fimm árum,
5. að aðstæður hans mæli með því að öðru leyti; við matið ber m.a. að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, hversu gamlar skuldirnar eru, hvernig til þeirra var stofnað og hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert.
6. að skuldari eigi lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

b. (65. gr.)

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á ákveðnar kröfur á hendur skuldaranum, sbr. 1.–5. tölul. 1. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Þó hefur greiðsluaðlögun áhrif á kröfu skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. ef hún er frjáls.

c. (66. gr.)

Skrifleg beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal send héraðsdómi í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili. Með beiðni skal lögð fram yfirlýsing aðstoðarmanns skuldara um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. Tafarlaust eftir að beiðni hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verður tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er fyrst tekin fyrir og mætt af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður sem hann hefur ráðið í byrjun fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

d. (67. gr.)

Þegar gagnaöflun um beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er lokið skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram á síðustu fimm árum áður en beiðni hans um heimild til greiðsluaðlögunar var sett fram og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né henni hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða leitað nauðasamninga á síðustu fimm árum áður en beiðni hans var lögð fram,
3. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða að ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á þá,
4. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðsluaðlögun stendur verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi greiðsluaðlögunar, raunhæfar eða líklegar til árangurs, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á þær,
5. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
6. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingu héraðsdómara skv. 2. mgr. 66. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

e. (68. gr.)
Aðstoðarmaður skuldara skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar boða með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt lánardrottna skuldara og þá sem gengist hafa í ábyrgðir fyrir hann til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 67. gr., en að öðru leyti fer um ákvörðun um stað og stund fundarins og fundarboð eftir ákvæðum 13. gr.

f. (69. gr.)
Á fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem boðað er til skv. 68. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram ítarlega og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við úrskurðardag, sbr. 3. mgr. 67. gr. Að auki skal lagður fram útreikningur á áætluðum framfærslukostnaði skuldarans. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir hvernig hann telur að unnt sé að tryggja kröfur lánardrottna sem best og hvað hefur þegar verið gert í þeim efnum.
Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf þessara aðila til ráðagerða hans og tillögur þeirra koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 89. gr. að því leyti sem við getur átt, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir eða hafa gengist í ábyrgð fyrir hann.

g. (70. gr.)
Í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 67. gr. skal aðstoðarmaður leggja fram sönnur fyrir því að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum eftir fyrirmælum 68. gr. ásamt fundargerð af fundinum og skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun auk skrár um eignir og skuldbindingar skuldarans, sbr. 69. gr. Í skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun skal m.a. koma fram hversu mikið skuldir eigi að lækka og hvernig greitt verði, áætlun um sölu eigna skuldara eftir því sem við á, auk upplýsinga um áætlaðan framfærslukostnað skuldara. Ef lánardrottnar skuldara mæta ekki á dómþing eða gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun með úrskurði.
Mæti lánardrottinn skuldara í þinghald skv. 1. mgr. og leggi þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að beiðnin verði tekin til greina skal fara með slík mótmæli eftir 176. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla frá kröfum sínum. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir mótmæli lánardrottins er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun. Slíkum úrskurði verður skotið til æðra dóms.

B. (XII. kafli.)
a. (71. gr.)
Heimild til greiðsluaðlögunar sem staðfest er með úrskurði héraðsdómara skv. 70. gr. bindur lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um kröfur þeirra á hendur skuldara. Efndir samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.
Áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

Á meðan greiðsluaðlögun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Heimild til frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 124. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

b. (72. gr.)

Árlega skal aðstoðarmaður skuldara gefa lánardrottnum og ábyrgðarmönnum skýrslu um framkvæmd og efndir skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 64. gr. um fimm ára hámarkstíma greiðsluaðlögunar og ákvæði 4. mgr. sömu greinar um að greiðsluaðlögun skuli aðeins veitt einu sinni er skuldara mögulegt að leggja fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með slíka beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

Þóknun aðstoðarmanns skuldara skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

c. (73. gr.)

Standi skuldari ekki við áætlun um greiðsluaðlögun getur kröfuhafi sem vanefnd snertir krafist fundar með skuldara og aðstoðarmanni hans. Aðstoðarmaður skuldara skal þá boða á sannanlegan hátt til fundar, sem haldinn skal innan tveggja vikna frá því krafa kemur fram, með öllum aðilum áætlunar, sbr. 68. gr. Á fundinum skulu skuldari og aðstoðarmaður hans leggja fram tillögu um hvernig skuldari megi bæta úr og standa við allar skyldur sínar samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Fallist einhver eigandi kröfu samkvæmt áætlun til greiðsluaðlögunar, sem ekki hefur verið efnd, ekki á tillögu skv. 1. mgr. er honum heimilt að leita úrskurðar dómara um aðfararhæfi gjaldfelldrar kröfu sinnar samkvæmt áætlun til greiðsluaðlögunar.

Áður en kröfuhafi getur krafist fundar skv. 1. mgr. skal hann hafa sent skuldara og aðstoðarmanni hans tilkynningu þar sem hann veitir skuldara tveggja vikna frest til að standa við áætlunina og upplýsir að hann muni ella krefjast fundar skv. 1. mgr.

3. gr.

Í stað orðanna „heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 166. gr. (er verður 176. gr.) kemur: heimild til greiðsluaðlögunar, sbr. 70. gr., og áframhaldandi greiðslustöðvunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125., 127., 128. og 130. löggjafarþingi og er nú lagt fram lítið breytt frá síðustu framlagningu en tekið hefur verið tillit til nokkurra athugasemda sem fram komu í umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd á 130. löggjafarþingi. Fyrst

og fremst er reynt að gera orðalag skýrara í nokkrum greinum en ein ný efnisgrein hefur bæst við frumvarpið (73. gr.) er mælir fyrir um áhrif þess að skuldari vanefnir skyldur sínar samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Markmið frumvarpsins er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lög um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum heldur einnig fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja oft í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.
- Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.
- Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.
- Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.
- Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.
- Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.
- Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.
- Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar oftar en einu sinni.
- Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabund-

innar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.
- Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Hinn 13. september 1993 var skipuð nefnd af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var falið það verkefni að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndinni var jafnframt falið að kanna reynslu annarra Norðurlandaþjóða af löggjöf um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frumvarp ef þurfa þætti.

Nefndin skilaði skýrslu um málið 16. maí 1994 og þar kom m.a. fram að Danir voru fyrstir til að koma á sérstakri greiðsluaðlögun, 1. júlí 1984. Í byrjun árs 1993 tóku gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun. Í skýrslunni segir síðan nánar um norsku lögin: „Markmið þeirra er að aðstoða einstaklinga sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluvandræðum til að ná tökum á fjármálum sínum“. Til þess að koma megi á greiðsluaðlögun þarf viðkomandi að leggja fram nákvæmt yfirlit yfir eignir, tekjur og skuldir. Framkvæmdin er á herðum sýslumanns („namsmann“). Umsókn um greiðsluaðlögun fer til úrskurðar hjá „namsrett“. Ef skuldameðferð er heimiluð hefst þriggja mánaða tímabil meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir fimm ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar. Lögin veita skuldara viss réttindi meðan unnið er að undirbúningi greiðsluaðlögunar, þau eru:
- samningsréttur,
- réttur til að halda eftir ákveðnu lágmarki tekna til að geta séð sér farborða,
- heimilisréttur sem tryggir húsnæði sem uppfyllir lágmarkskröfur,
- möguleika á að koma sér úr fjárhagsvandræðum í framtíðinni með því að standast skilyrði greiðsluaðlögunar og sýna þannig vilja til að vinna úr vandanum.

Það er álit flestra að árangur af greiðsluaðlögun sé góður í Noregi. Um 5.500 umsóknir bárust fyrsta árið. Áhrifin hafa m.a. orðið þau að í auknum mæli hafa tekist frjálsir samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögunin byggjast á. Rúmlega 22.000 manns hafa leitað til sýslumanna með fyrirspurnir um greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Um 1.100 mál eru í vinnslu en greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum er í gangi hjá 315 skuldurum. Auk þess sem lögin hafa auðveldað frjálsa samninga milli aðila þá hafa þau um leið auðveldað samvinnu milli lánastofnana og opinberra aðila um lausn greiðsluvanda. Lögin hafa lagt grunn að frjálsum samningum milli aðila, verið leiðbeinandi og auðveldað fólki að ná frjálsum samningum þegar í óefni er komið. Fram kemur að opinberir aðilar eiga mun takmarkaðri möguleika á sveigjanleika í samningum vegna þess að þeir starfa jafnan eftir þröngum lagaramma.

Samkvæmt rannsóknum Norðmanna er sá hópur sem lent hefur í erfiðleikum fyrst og fremst fólk með mjög lágar tekjur og skuldir sem eru 5–6 sinnum meiri en almennt gerist. Margir þeirra sem sótt hafa um greiðsluaðlögun eru fráskilið fólk með börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri. Einnig reyndust margir vera með litla menntun, en í Ósló hins vegar voru 40% umsækjenda með háskólamenntun. 87% umsækjenda eru með skuldir sem tengjast núverandi eða fyrra húsnæði en aðeins um helmingur umsækjenda býr í eigin húsnæði. Næstum

allir (98%) eiga ekki fyrir skuldum – eru sem næst gjaldþrota. Mikil vandamál tengjast lánum með ábyrgð þriðja aðila, þ.e. foreldra, systkina, sambúðaraðila eða vina. Í Noregi hafa 20% foreldra sem eiga uppkomin börn gengið í ábyrgð á lánum fyrir börn sín. Verið er að kanna leiðir til úrbóta í þessum málum í Noregi og upplýst hefur verið að væntanlegar eru tillögur um breytingar á reglum um skilyrði fyrir ábyrgð þriðja aðila.“

Þá segir í skýrslunni um ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðir í Noregi:

„Í allri umfjöllun Norðmanna um reynsluna af greiðsluaðlögun er undirstrikuð sérstaklega nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða og mikilvægi fræðslu og ráðgjafar um fjármál heimilanna. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að frelsi á fjármagnsmarkaði hefur aukist með afnámi hafta og skömmtunar á fjármagni. Þá má merkja svipaða þróun útlánaþenslu, aukinnar skuldsetningar heimila, verðfalls fasteigna, aukins atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Á níunda áratugnum var þróunin á Norðurlöndunum á sama veg, skuldir heimilanna jukust verulega umfram ráðstöfunartekjur. Skuldahlutfallið náði hámarki á hinum Norðurlöndunum á árunum 1988–1989 en hefur farið lækkandi. Þessi þróun hefur leitt til þess að leitað hefur verið ráða til að leysa greiðsluvandamál og ekki síst reynt að girða fyrir frekari vandræði í framtíðinni.

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði hefur m.a. leitt til aukinnar samkeppni lánastofnana um lántakendur. Á lánamarkaði eru fleiri kostir í boði en áður og því nauðsynlegt að geta valið um bestu kjör hverju sinni. Oft er erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir raunverulegum fjármagnskostnaði eða bera saman þá möguleika sem í boði eru. Ráðgjöf og fræðsla eru lykilorð í þessu sambandi.“

Þá segir í stuttu máli um norsku lögin í skýrslunni:

„Norskum lögum um greiðsluaðlögun („Lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner“) er ætlað að gefa fólki sem á í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum. Í greiðsluaðlögun felst fjármálameðferð sem miðar að því að finna leið til þess að fólk geti greitt skuldir sínar, að svo miklu leyti sem það er unnt án þess að verða gjaldþrota. Þá er gert ráð fyrir því að þeim verðmætum sem fólkið á, en getur verið án, verði deilt milli kröfuhafa. Fyrst er dregin upp mynd af skulda- og eignastöðu skuldara og síðan er með greiðsluaðlögun skipulagt hvernig leysa megi úr fjármálunum til frambúðar. Greiðsluaðlögun getur byggst á samningum við kröfuhafa, svonefndri frjálsri greiðsluaðlögun eða á úrskurði, þvingaðri greiðsluaðlögun.

Lögin ná yfir allar skuldir einstaklinga, aðrar en þær sem raktar verða til eigin atvinnurekstrar, nema í undantekningatilvikum. Hverjum manni verður aðeins einu sinni veitt greiðsluaðlögun.“

Í skýrslunni var einnig fjallað um hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun á Íslandi með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið:

„Greiðsluaðlögun eins og hún birtist í lögum nágrannaþjóðanna, sérstaklega í löggjöf Norðmanna, er hér hefur verið gerð grein fyrir, virðist henta einstaklingum sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið, komið reglu á fjármál sín. Hins vegar taka lög nágrannaþjóðanna ekki nema að takmörkuðu leyti til þess að heimilt sé með úrskurði að fella niður eða breyta lánstíma og lánakjörum þegar kemur að skuldum sem veð er fyrir og skilja eftir sem næst eyðu þegar kemur að skuldum tryggðum með ábyrgð þriðja manns, kaupum með eignarréttarfyrirvara eða kaupleigu.

Norsku lögin gera ráð fyrir að íbúðarhúsnæði skuldara sé einungis selt til fullnustu skulda, sé þörf á því, og um sé að ræða of stórt eða dýrt húsnæði. Hvað íslenskar aðstæður varðar er sérstaklega bent á að í kjölfar aukins atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu sem brúað hefur erfiðasta bilið í fjárfestingum einstaklinga, má telja líklegt að um nokkurn tíma haldi áfram

að síga á ógæfuhliðina í fjármálum og öruggri búsetu og heimilishaldi einstaklinga. Með það í huga að mikil þörf er þegar fyrir félagslegt eignar- og leiguhúsnæði fyrir einstaklinga sem ýmist hafa ekki haft ráð á því að kaupa eigið húsnæði eða tapað því í kjölfar nauðungaruppboða eða gjaldþrots, virðist æskilegt að með nokkrum öðrum hætti sé á þessu tekið hér á landi. Í ríkari mæli verði tryggt að íbúðarhúsnæði verði ekki selt, sé það innan hæfilegra marka.

Með framanritað í huga og að þeirri staðreynd gefinni að skuldasamsetning íslenskra heimila sé þannig að þar sé verulegur hluti ýmist veðtryggður, tryggður með ábyrgð þriðja manns eða með öðrum álíka tryggum hætti, má vera ljóst að greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd myndi ekki leysa til fullnustu þann brýna vanda sem þúsundir íslenskra fjölskyldna glíma nú við. Hins vegar eru ekki til í dag samræmd úrræði til aðstoðar skuldugum einstaklingum og nothæf lögbundin úrræði skortir. Nefndin er því einhuga um að brýn þörf sé fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun sem sérstaklega yrði sniðin að íslenskum aðstæðum í samræmi við íslenskt réttarfar. Markmið slíkrar löggjafar yrði jafnframt að fylla í þá eyðu sem vanræksla á fjármunalegu uppeldi og langtímafjárhagsvandræði hafa skapað í lífi og starfi íslenskra fjölskyldna. Margföldunaráhrif slíkra aðgerða myndu ekki einasta skila sér til þeirra einstaklinga sem í hlut eiga, heldur einnig til nánustu ættingja og vina. Eins myndi úrræði eins og greiðsluaðlögun gera það verklag lánastofnana og aðila í viðskiptalífi, að lána fé án tillits til greiðslugetu lánþega, fráhrindandi. Nauðsynlegt er að á því sé tekið á meðvitaðan hátt, að breyta þeirri hefð að lánsfé sé ætíð falt án tillits til greiðslugetu, einungis ef veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja manns eru fáanlegar."

Loks segir í skýrslunni um tillögur nefndarinnar um greiðsluaðlögun og fyrirbyggjandi aðgerðir:

„Nota má þann stofn sem hin norrænu greiðsluaðlögunarlög mynda, sérstaklega hin norsku, sem grunn. Nefndin leggur til að við þennan stofn verði bætt úrræðum sem til lengri tíma myndu skapa einstaklingum skjól til endurskipulagningar og meðvitundar um fjármál sín. Þau myndu gera þeim kleift að greiða verulegan hluta skulda sinna án þess að fjölskyldur þeirra komist á vergang og einnig tryggja kröfuhöfum uppgjör þess hluta krafna sinna sem þeir fyrirsjáanlega myndu fá greiddan í kjölfar gjaldþrots, uppboða eða í skjóli ómarkvissrar endurskipulagningar fjármála í kjölfar greiðslustöðvana. Líklegt má og telja að með greiðsluaðlögun fengju kröfuhafar meira í sinn hlut en ella yrði.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur nefndin til að samið verði frumvarp til laga um greiðsluaðlögun sem taki til einstaklinga utan atvinnureksturs. Einstaklingar sem komist hafa í greiðsluvandræði og jafnframt verið aðilar að atvinnurekstri myndu falla undir lögin hafi starfseminni verið hætt, nema sérstaklega standi á.

Skilyrði yrðu að öðru leyti opin enda vart hægt að leggja til að samofin félagsleg- og fjármálaleg úrræði til bjargar einstaklingum í fjárhagsvandræðum standi ekki öllum til boða sem eru í svipaðri stöðu. Um er að ræða úrræði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð félagsleg áhrif fjárhagsvandræða svo sem upplausn fjölskyldna, vanrækslu barna og ör búsetuskipti."

Síðan framangreind skýrsla var unnin hafa stjórnvöld gert tilraunir til að bregðast við vanda einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, m.a. með því að setja á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Úrræði þau sem ákveðin voru fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti, nr. 64/1996, og lögum um mögulega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 71/1996, geta hins vegar ekki komið í stað greiðsluaðlögunar og hafa þau ekki komið til móts við þarfir skuldugra einstaklinga sem vilja

ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn sem Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á Alþingi vorið 1997 kom í ljós, samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum, að á árunum 1992–95 óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga (þskj. 845, 439. mál 121. löggjafarþings). Í 15 tilvikum var slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið en ein beiðni afturkölluð. Frá gildistöku framangreindra laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. júlí 1996, og fram til 10. nóvember 1997 höfðu síðan 47 einstaklingar sótt um slíka aðstoð, 29 fengið, níu verið synjað um slíka aðstoð, þrjár beiðnir verið afturkallaðar og nokkrar beiðnir voru enn í nefnd þeirri sem veitir umsögn um réttaraðstoð samkvæmt lögunum.

Á 128. þingi bar Rannveig Guðmundsdóttir þingmaður fram fyrirspurn um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Í svari ráðherra (þingskj. 196 í 74. máli) kemur fram að árið 1998 óskaði 21 einstaklingur eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga, árið 1999 11 einstaklingar, árið 2000 voru þeir 20, 22 árið 2001 og 13 árið 2002. Um afgreiðslu þessara mála segir í svari ráðherra að árið 1998 hafi réttaraðstoð verið veitt í 10 tilvikum, árið 1999 í 7 tilvikum, árið 2000 í 12 tilvikum, í 13 tilvikum árið 2001 og í 6 tilvikum árið 2002. Til viðbótar þessum upplýsingum er lagt fram sem fylgiskjal með þessu máli svar fjármálaráðherra frá 128. þingi við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í skýrslu hagdeildar ASÍ frá desember 2002, um horfur í atvinnumálum í upphafi vetrar, kemur fram á bls. 12 að gjaldþrotum hafi fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1998. Þá voru þau 248 á ári en voru 361 í árslok 2001.

Miðað við þann fjölda heimila í landinu sem býr við mikla greiðsluerfiðleika og ekkert blasir við nema gjaldþrot ef ekkert verður að gert er ljóst að úrræðið um heimild til að leita nauðasamninga er engan veginn nægilega virkt. Þá hefur sú gagnrýni komið fram að fjárhæðin sem einstaklingur á rétt á samkvæmt lögunum, 250 þús. kr. miðað við vísitölu neysluverðs 1. febrúar 1996, dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu lögmanns sem aðstoðar skuldarann. Þá er þess að geta að frá gildistöku framangreindra laga um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til 30. apríl 1997 uppfyllti ekkert erindi skilyrði 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum. Samkvæmt upplýsingum frá Lánstrausti voru gerð 5.393 árangurslaus fjárnám hjá einstaklingum árið 2001 en árið 2000 voru þau 3.941. Aukning milli ára er því um 36%. Ef marka má fyrstu sjö mánuði ársins 2002 stefnir í yfir 20% aukningu milli áranna 2001 og 2002. Þá er þess að geta að árin 1993–95 voru 1.990 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota eða að meðaltali 663 á ári og árið 1995 voru flestir sem úrskurðaðir voru gjaldþrota í aldurshópnum 35–39 ára.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Reykjavík, sem fram komu í mars 2002, fjölgaði nauðungarsölum um nærfellt 550 árið 2001 eða úr 3.851 árið 2000 í 4.400 árið 2001, en það jafngildir rúmlega 14% aukningu. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættinu í Reykjavík voru fjárnám árið 2000 samanlagt 23.387 talsins og þar af voru ný mál á árinu 16.720. Fjárnám árið 2001 voru alls 30.860 talsins en það jafngildir tæplega 32% fjölgun mála milli ára. Ný mál árið 2001 voru 22.709 sem er tæplega 36% aukning milli ára.

Á 121. löggjafarþingi, veturinn 1996–97, fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Tillagan tók mið af því að tryggður yrði betur réttur skuldara við fjárnám, nauðungarsölu og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf

um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins um tillöguna kom eftirfarandi fram: „Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, komi ekki í stað greiðsluaðlögunar, í því formi sem framangreind nefnd [þ.e. nefnd sú sem Jóhanna Sigurðardóttir skipaði og fjallað er um hér að framan] lagði til að yrði tekin upp hér á landi og sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt tillögu til þingsályktunar. Lög um greiðsluaðlögun myndu væntanlega miða að því að verja heimili þeirra fjölskyldna, sem lenda í verulegum greiðsluvanda. Framangreind lög um réttaraðstoð og niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun og á tekju- og eignarskatti ganga ekki nærri eins langt í því efni."

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Greint er á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar frjálsrar greiðsluaðlögunar sem byggist á nokkurs konar samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í allt að átta ár og úrskurðar héraðsdómari um heimild til slíkrar greiðsluaðlögunar. Hins vegar getur héraðsdómari, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil þó að ekki náist samkomulag við lánardrottna og er þá um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og geta lánardrottnar ekki krafist fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða vegna sömu skuldar á greiðsluaðlögunartímabili. Hið sama gildir um ábyrgðarmenn skuldara. Ekki er unnt að ganga að þeim á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða. Veðkröfur falla hins vegar ekki undir áætlun um greiðsluaðlögun ef um þvingaða greiðsluaðlögun er að ræða enda eru veðréttindi óbein eignarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Þá er hið síðastnefnda einnig í samræmi við önnur úrræði sem kveðið er á um í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt. Flestar umsagnir sem borist hafa um málið hafa verið jákvæðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. laganna er gerð til samræmis og með hliðsjón af þeirri breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að unnt verði að leggja fram beiðni til héraðsdóms um heimild til greiðsluaðlögunar auk þeirra úrræða sem fyrir eru, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum þætti í lögin sem beri yfirskriftina Greiðsluaðlögun og undir hann heyri tveir kaflar, XI. kafli, Heimild til greiðsluaðlögunar, og XII. kafli, Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um A-lið (XI. kafla).

Í kaflanum er fjallað um það hvað átt er við með greiðsluaðlögun, hver skilyrði hennar eru, til hvaða krafna áætlun um greiðsluaðlögun nær, aðstoðarmann þess sem beiðist greiðsluaðlögunar, beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar og meðferð hennar og úrskurð héraðsdómara um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun.

Um a-lið (64. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að með greiðsluaðlögun sé átt við að tiltekinn skuldari verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru annars vegar að skuldari þurfi að eiga lögheimili á Íslandi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Þá er í málsgreininni vísað til nánari skilyrða skv. 3. mgr. sem þarf að uppfylla og tekið fram að unnt sé að fá heimild til greiðsluaðlögunar til allt að átta ára.

Í 2. mgr. kemur fram að greiðsluaðlögun geti verið bæði frjáls og þvinguð og vísast um það til athugasemda við g-lið, 70. gr.

Í 3. mgr. er að finna nánari skilyrði þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt. Meðal þeirra skilyrða er að skuldari ráði sér aðstoðarmann sem fullnægja þarf ákveðnum hæfisskilyrðum og að auki má aðstoðarmaðurinn ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans.

Í 4. mgr. er síðan tekið fram að ekki sé unnt að veita sama skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 72. gr.

Um b-lið (65. gr.).

Í greininni er kveðið á um að greiðsluaðlögun hafi ekki áhrif á allar kröfur á hendur skuldara og er vísað til ákvæða 1. mgr. 28. gr. laganna, sem tekur til nauðasamninga, í því sambandi eftir því sem við getur átt. Þó gildir sú undantekning að greiðsluaðlögun tekur einnig til veðkrafna á hendur skuldara ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða enda er þá um samkomulag við lánardrottna að ræða.

Um c-lið (66. gr.).

Hér er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni og setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef skuldari mætir ekki til þings telst beiðni hans afturkölluð, sbr. ákvæði 3. mgr. Ef mætt er af hálfu skuldara er til þess ætlast að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem ekki koma nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu. Þá er gert ráð fyrir að skuldarinn geti fengið skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar eða til að ráða sér nýjan aðstoðarmann ef þess er þörf.

Um d-lið (67. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær héraðsdómara er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar skal tiltaka það í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna þegar endanlegur úrskurður um heimildina verður felldur og þar með gefa skuldara og aðstoðarmanni hans tíma til að ná til lánardrottna og ábyrgðarmanna, sbr. athugasemdir við e-lið, 68. gr., til að kanna afstöðu þeirra.

Um e-lið (68. gr.).

Eftir úrskurð héraðsdómara skv. 67. gr. skal aðstoðarmaður skuldara tafarlaust tilkynna öllum lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem vitað er um, um veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar og boða þá um leið til fundar við sig sem ber að halda a.m.k. þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð til að staðfesta fyrri úrskurð. Aðstoðarmanni ber að senda fundarboðið í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundur verður haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt og hvenær dómari tekur málið fyrir að nýju.

Um f-lið (69. gr.).

Í greininni kemur fram um hvað skal fjalla á fundi aðstoðarmanns og skuldara með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum. Þá er vísað til ákvæða 4. og 5. mgr. 88. gr.

Um g-lið (70. gr.).

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mótmæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B-lið (XII. kafla).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með þá beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á. Þá er gert ráð fyrir að þóknun skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um c-lið (73. gr.)

Í þessari grein er tekið á því hvernig farið skuli með mál ef skuldari vanefnir loforð sitt samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun. Hér er lagt til að einstökum kröfuhöfum verði veitt heimild til að leita eftir úrskurði dómara um aðfararhæfi krafna sinna samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun ef skuldari hefur vanefnt kröfuna. Þó verður kröfuhafi að hafa áður veitt skuldara frest, minnst tvær vikur, til að efna skyldur sínar og krefjast fundar með skuldara og aðstoðarmanni hans þar sem þeim veitist tækifæri til að semja um efndir. Í tillögunni er gert ráð fyrir nokkru samspili kröfuhafa og skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun áður en krefjast má úrskurðar um aðfararhæfi krafna. Það er gert í þeim tilgangi að þrýsta á að aðilar reyni að leita sátta báðum aðilum til hagsbóta.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2005 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sjá þskj. 272, 73. mál 128. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2002–2003, bls. 1321–1322.

206. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Orðin „í landhelgi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

10. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, sem tóku gildi 1. október 2004. Áður en lögin voru samþykkt var skilgreining á mengunarlögsögu Íslands þrengd og 2. gr. breytt til samræmis við það. Það kom hins vegar ekki í ljós fyrr en eftir setningu laganna að láðst hafði að taka tillit til þess að vísað er til mengunarlögsögu Íslands í fleiri ákvæðum en 2. gr. og því hefur þrengingin á hugtakinu leitt til þess að heimildir íslenskra stjórnvalda samkvæmt lögunum eru takmarkaðri innan landhelgi en utan. Það var ekki ætlunin og því er nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðin „í landhelgi“ verði felld brott þar sem í 2. gr. er lagt til að landhelgi verði hluti af mengunarlögsögu Íslands sem og innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði. Nefndin leggur áherslu á að breytingar þessar fela ekki í sér skerðingu á fullveldisrétti Íslands innan landhelginnar, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

207. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nema höfuðstóll kröfu sé 100.000 kr. eða hærri.

Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, greiðir ríkissjóður ekki hærri fjárhæð en:

a. 500.000 kr. fyrir tjón á munum,
b. 5.000.000 kr. fyrir líkamstjón,
c. 1.000.000 kr. fyrir miska,
d. 3.000.000 kr. fyrir missi framfæranda.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ef umsókn um bætur hefur borist bótanefnd í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um ákvörðun bóta eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 128. löggjafarþingi og síðan endurflutt í tvígang en náði ekki fram að ganga þrátt fyrir að einungis sé um að ræða leiðréttingu í samræmi við álit allsherjarnefndar frá árinu 1996 þegar þessar bætur voru skornar niður um helming í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997. Ætlast var til að þessi skerðing gengi til baka, en svo varð ekki.

Á 118. löggjafarþingi voru samþykkt lög á Alþingi um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í 7. gr. laganna var fjallað um hámarksfjárhæð bóta. Fyrir tjón á munum skyldi ekki greiða hærri bætur en 500.000 kr., fyrir líkamstjón skyldu bætur ekki vera hærri en 5.000.000 kr., fyrir miska skyldi ekki greiða hærri bætur en 1.000.000 kr. og fyrir missi framfæranda skyldu ekki greiddar hærri bætur en 3.000.000 kr. Þá áttu fjárhæðir samkvæmt greininni að taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga. Lögin áttu að öðlast gildi 1. janúar 1996 en áður en til þess kom var þeim breytt með 18. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Með breytingunni voru hámarksbætur lækkaðar. Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, skyldi ríkissjóður ekki greiða hærri fjárhæð en 250.000 kr. fyrir tjón á munum, 2.500.000 kr. fyrir líkamstjón, 600.000 kr. fyrir miska og 2.500.000 kr. fyrir missi framfæranda. Þá var gildistöku laganna frestað og ákvæðið um að fjárhæðirnar skyldu taka verðlagsbreytingum samkvæmt skaðabótalögum fellt brott. Í umsögn meiri hluta allsherjarnefndar til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 kom fram að meiri hlutinn taldi skerðingarnar mjög miklar og mæltist eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 yrði miðað við að bætur yrðu greiddar til samræmis við það sem upphaflega var ákveðið. Minni

hluti allsherjarnefndar mótmælti frumvarpinu harðlega og lagði þunga áherslu á að Alþingi tryggði nægilegt fjármagn svo að staðið yrði að fullu við upphafleg markmið laganna.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til verða hámarksfjárhæðir bóta þær sömu og upphaflega var gerð tillaga um og munu þær jafnframt taka verðlagsbreytingum eins og eðlilegt verður að teljast. Ekki er hér um að ræða háar fjárhæðir þegar á heildina er litið og ætti það ekki að hamla samþykkt þessarar breytingar. Um er að ræða löngu tímabæra leiðréttingu enda hefur þessi lækkun á bótagreiðslum bitnað hvað harðast á börnum sem hafa orðið fyrir alvarlegu kynferðislegu ofbeldi. Ekki bólar enn á endurskoðun eða leiðréttingu af hálfu ríkisstjórnar og því er þetta frumvarp nú flutt í fjórða sinn.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með síðari breytingum (276. mál á 130. löggjafarþingi):

Umsögn Lögmannafélags Íslands. (5. mars 2004.)
Umsögn umboðsmanns barna. (11. mars 2004.)
Umsögn bótanefndar. (16. mars 2004.)
Umsögn ríkissaksóknara. (23. mars 2004)
Umsögn Barnaverndarstofu. (15. apríl 2004.)

208. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú telur kirkjugarðsstjórn hagræði að því að sameinast annarri eða fleiri kirkjugarðsstjórnum og skal slík sameining þá heimil að fengnu samþykki viðkomandi kirkjugarðsstjórna og prófasts eða prófasta.

2. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í þremur eintökum. Eitt eintakið geymist hjá kirkjugarðsstjórn, en hin eintökin skal senda ársfjórðungslega annars vegar til sóknarprests og hins vegar til legstaðaskrár kirkjugarðaráðs á netinu.

4. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Kirkjugarðaráð getur, þar sem svo hagar til að sókn er orðin fámenn og sjaldan eða aldrei hefur verið grafið í kirkjugarði á undanförnum árum, ákveðið að fengnu samþykki biskups Íslands að hætt skuli að grafa í honum og leggja hann niður.

5. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Rekstur kirkjugarða skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum. Framlagið tekur mið af fjölda látinna næstliðins árs og stærð grafarsvæða. Útreikningur framlagsins skal byggjast á samkomulagi ríkisins og kirkjugarðaráðs.

Framlag til einstakra garða skal vera í samræmi við úthlutunarreglur er samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs.

6. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með 27. gr. laga nr. 21/1963, skulu renna að lágmarki 8% af fjárveitingu til kirkjugarða skv. 39. gr. en að hámarki 12%. Framlag til sjóðsins skal vera í samræmi við úthlutunarreglur sem samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs. Heimilt er að veita smæstu kirkjugörðum framlag úr Kirkjugarðasjóði í stað hlutdeildar í heildarframlagi til kirkjugarða skv. 39. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og hefur meginhluti þess sem fjallar um nýskipan kirkjugarðsgjalds verið tekinn saman af starfshópi sem í hafa setið fulltrúar ráðuneytisins, fjármálaráðuneytis og Kirkjugarðasambands Íslands. Kirkjuþing hefur fengið málið til umsagnar og samþykkti það hinn nýja grundvöll að ákvörðun kirkjugarðsgjalds og skiptingu þess og heimilaði fyrir sitt leyti flutning frumvarps til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, í samræmi við nefndarálit frá fjárhagsnefnd kirkjuþings.

Markmiðið með lagasetningu þessari er að gjörbreyta grundvelli útreiknings á kirkjugarðsgjaldi, sbr. 5. gr. frumvarpsins, þannig að fjárhæð þess verði ákvörðuð í reiknilíkani sem taki mið af raunverulegum tilkostnaði við greftranir og rekstur kirkjugarða, en verði ekki áfram fast árlegt gjald sem miðast við fjölda sóknarbarna 16 ára og eldri í viðkomandi sókn. Enn fremur er ráðgert að kirkjugarðaráð fái aukið fjárhagslegt svigrúm frá því sem nú gildir.

Aðrar breytingar, sem ráðgerðar eru í frumvarpinu, eru meðal annars að sett verði í lögin heimildarákvæði sem gerir kirkjugarðsstjórnum kleift að sameinast þar sem slíkt þykir hagkvæmt eða heppilegt, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Einnig er lögð til breyting í þá veru að kirkjugarðsstjórnir skuli, þegar þær senda samrit af legstaðaskráningu til viðkomandi sóknarprests, líka senda samrit til legstaðaskrárinnar á netinu í því skyni að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um hinsta hvílustað látinna, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að kirkjugarðaráð geti að fengnu samþykki biskups Íslands ákveðið að hætta skuli greftrun í tilteknum kirkjugörðum, án þess að hlutaðeigandi lög-

mætur safnaðarfundur hafi tekið ákvörðun um það, enda jafnan um strjálbýli að ræða þar sem erfitt er að ná saman sóknarbörnum til ákvarðatöku.

Starfsemi kirkjugarða og skipulag þeirra.

Kirkjugarðar starfa á grundvelli laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftranir og líkbrennslu, með síðari breytingum. Hlutverk kirkjugarða er tvíþætt: Annars vegar að annast greftranir látinna og hins vegar að hafa með höndum uppbyggingu og umhirðu garðanna. Hver kirkjugarður er sjálfseignarstofnun sem kirkjugarðsstjórnir sóknarnefnda hafa umsjón með fyrir hönd safnaðar undir yfirstjórn prófasta. Málefni kirkjugarða eru öðrum þræði heilbrigðismál og bygginga- og skipulagsmál, og tengjast þau því náið ýmsum verkefnum sveitarfélaga.

Framlög ríkisins til kirkjugarða.

Fjárveitingar til kirkjugarða eru fólgnar í lögbundnu framlagi, svonefndu kirkjugarðsgjaldi, sem er tiltekin fjárhæð skv. 3. gr. kirkjugarðslaga. Gjaldið tekur hækkunum milli ára í hlutfalli við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga næstliðinna tveggja ára á undan gjaldárinu. Gjaldið er greitt vegna allra einstaklinga 16 ára og eldri sem búa á viðkomandi svæði í lok ársins á undan gjaldárinu. Gjaldið er greitt mánaðarlega frá ríkinu og var mánaðarleg greiðsla á árinu 2003 246 kr. fyrir hvern einstakling, sem svarar til tæpra 3.000 kr. á ári. Hluti gjaldsins rennur í Kirkjugarðasjóð sem nýtir fé til að jafna aðstöðu kirkjugarða með því að veita lán eða styrki þegar tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum. Ef miðað er við meðalævilíkur 16 ára einstaklinga hér á landi lætur nærri að ríkið greiði um 200 þús. kr. á ævi hvers einstaklings.

Gjaldalíkan Kirkjugarðasambands Íslands.

Frá árinu 2000 hefur verið rætt um nýjar leiðir til að fjármagna kirkjugarðana og beitti Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) sér fyrir gerð gjaldalíkans um útreikning kirkjugarðsgjalda og skiptingu þeirra. Skipaður var vinnuhópur sem vann að gerð og útfærslu gjaldalíkans og lauk því starfi í mars 2003, en þá gaf KGSÍ út skýrslu sem ber heitið: *Skýrsla um fjármál kirkjugarða.* Er þar gerð grein fyrir úttekt vinnuhópsins á öllum kirkjugörðum landsins, útreikningi fyrir hvern þeirra og þeim sjónarmiðum sem lágu að baki gjaldalíkaninu. Jafnframt voru settar fram tillögur um breytta skipan kirkjugarðsmála.

Gjaldalíkanið byggist á skiptingu kirkjugarðanna í landinu í tíu flokka eftir fjölda greiðenda og eru einstakir verkþættir og umfang þeirra í lögboðnum störfum reiknaðir út miðað við upplýsingar um kostnað við þá. Helstu rekstrarliðirnir eru: hirðing að sumarlagi, grafartaka, annað viðhald, prestkostnaður, afskrift/viðhald/rekstur húsnæðis, nýframkvæmdir, bókhald og reikningsskil, stjórnun o.fl. Úthlutun kirkjugarðsgjaldsins er síðan byggð á þessu gjaldalíkani.

Kirkjugarðasamband Íslands hélt marga kynningarfundi og gerði rækilega grein fyrir störfunum að gjaldalíkaninu. Hugmyndum um ákvörðun fjár til kirkjugarðanna var almennt mjög vel tekið.

Að lokinni þessari kynningu var málið tekið til athugunar hjá fulltrúum KGSÍ, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Það var samdóma álit fulltrúa ráðuneytanna að gjaldalíkanið væri of ítarlegt til þess að nota mætti það sem reiknigrundvöll. Í árlegri fjárlagagerð fjölluðu ráðuneytin ekki um forsendur, útreikninga og kostnaðarbreytingar í slíkum smáatriðum. Hins vegar gæti notkun slíks líkans verið skynsamleg og eðlileg til að dreifa

fjármunum til einstakra kirkjugarða. Bent var á nauðsyn þess að ákvörðun fjárframlaga væri einföld og gegnsæ.

Málið var lagt fyrir kirkjuþing haustið 2003 til þingsályktunar og var kirkjumálaráðherra flutningsmaður þess. Var gerð grein fyrir því hvað fælist í hinum nýju hugmyndum um gjaldalíkan og útfærslu á því. Málið fékk hefðbundna meðferð á kirkjuþingi sem ályktaði við afgreiðslu málsins að samþykkja nýjan grundvöll að ákvörðun kirkjugarðsgjalds og skiptingu þess, og heimilaði fyrir sitt leyti flutning frumvarps um lagabreytingar þar að lútandi.

Ráðgert er að gerður verði samningur milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og KGSÍ þar sem nánar verður kveðið á um greiðslur samkvæmt líkaninu. Nýr grundvöllur við ákvörðun framlags til kirkjugarða og skiptingu þess byggist á því að sömu grundvallarverkefni þurfi að vinna í hverjum garði, án tillits til fjölda íbúa í sókn. Mikill munur er á milli kirkjugarða innan sama flokks hvað varðar tölu íbúa, en ekki er að sama skapi eins mikill munur á milli þeirra með vísan til verkefna. Nýja fyrirkomulagið felur í sér að greina lögbundin verkefni og kostnað við að framkvæma þau. Líkanið er einfalt rammareiknilíkan og því ekki mjög nákvæmt. Af þeim sökum þarf kirkjugarðaráð að styðjast við ítarlegri viðmiðunarreglur um útfærslu, þ.e. úthlutunarreglur, sem það notast við þegar að úthlutun kemur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Miklar breytingar hafa orðið á búsetu undanfarna áratugi, í mörgum sóknum hefur fólki fækkað og sumar þeirra eru mjög fámennar. Í ljósi þess hagræðis sem sóknir á tilteknu landsvæði í sama prófastsdæmi geta haft af samnýtingu við greftrun, umhirðu og umsjón með kirkjugörðum o.fl. er hér lagt til að heimilað verði að kirkjugarðsstjórnir geti sameinast. Lega kirkjugarða getur verið þannig að þeir séu hver í sínu prófastsdæmi og hindrar það ekki sameiningu þeirra, enda liggi fyrir samþykki kirkjugarðsstjórna og prófasta.

Um 2. gr.

Skömmu eftir að breyting var gerð á skipan kirkjugarðaráðs með lagabreytingu árið 2002 var veruleg breyting gerð á þjóðminjalögum. Fara nú orðið tvær stofnanir með þau verkefni sem Þjóðminjasafn og þjóðminjavörður önnuðust áður, þ.e. þjóðminjavörður og Fornleifavernd ríkisins. Störf Fornleifaverndar ríkisins lúta í ríkari mæli að kirkjugörðum en verkefni þjóðminjavarðar. Því er talið eðlilegt að forstjóri Fornleifaverndar ríkisins eða fulltrúi hans taki sæti í kirkjugarðaráðinu í stað þjóðminjavarðar eða fulltrúa hans.

Um 3. gr.

Fyrir nokkrum árum var sett upp tölvufærð legstaðaskrá, gardur.is, á netinu. Heimsóknir á heimasíðuna sýna að mikill áhugi er meðal almennings á því að geta leitað þar að legstað forfeðra sinna, ættingja o.fl. Vilji stendur til að bæta skráningu enn frekar og því er lagt til að auk afrits, sem kirkjugarðsstjórn ber að senda sóknarpresti reglulega, skuli hún jafnframt senda eintak til legstaðaskrárinnar á gardur.is.

Um 4. gr.

Í fámennum byggðum kunna að standa kirkjugarðar sem aðeins örsjaldan eða aldrei eru notaðir til greftrunar, án þess að þeir hafi formlega verið lagðir niður. Með því að leggja kirkjugarð formlega niður er unnt að breyta viðhaldi hans og umhirðu þannig að hún verði bæði ódýrari og betri. Hér er lagt til að kirkjugarðaráð geti haft frumkvæði að slíkri niður-

lagningu, enda veiti biskup Íslands samþykki til þess. Sé starfandi umsýsluaðili með garðinum ber kirkjugarðaráði að hafa samráð við hann áður en tillaga þess er lögð fyrir biskup.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir breytingu á útreikningi framlags til rekstrar kirkjugarða þannig að það taki mið af fjölda látinna næstliðins árs og stærð grafarsvæða. Útreikningur framlagsins skuli byggjast á samkomulagi ríkisins og kirkjugarðaráðs. Ekki er kveðið nánar á um grundvöll samkomulagsins, en til greina kemur að byggja það á framlagi til rekstrar miðað við tvær meginbreytur: Annars vegar ákveðna krónutölu fyrir hverja grafartöku og tekur mið af fjölda látinna næstliðins árs samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Greitt er annað og lægra gjald fyrir hverja líkbrennslu og grafartöku í duftgarði. Skal miða við fjölda næstliðins árs samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Hins vegar verður greidd ákveðin krónutala fyrir hvern fermetra í umhirðu næstliðið ár. Fermetrum í umhirðu fjölgar síðan til samræmis við fjölgun fermetra sem nemur fjölda grafartaka.

Einingaverð líkansins tekur verðlagshækkunum með hliðsjón af samsetningu launa og annarra rekstrargjalda hjá kirkjugörðunum.

Heildarfjárhæð verði síðan ráðstafað af kirkjugarðaráði í samræmi við úthlutunarlíkan sem samþykkt er fyrir upphaf hvers fjárhagsárs.

Um 6. gr.

Áður er fram komið að heppilegt kunni að vera að kirkjugarðaráð geti ákveðið smæstu kirkjugörðunum framlag úr Kirkjugarðasjóði í stað hlutdeildar í heildarframlagi. Meðal annars af þessari ástæðu þykir rétt að binda ekki framlagið til Kirkjugarðasjóðs við 8% eins og nú er, heldur að auka svigrúmið í allt að 12%. Enn fremur getur reynslan leitt í ljós ófyrirsjáanleg atriði, sem þarfnast úrlausnar, og þá getur verið nauðsynlegt að hafa borð fyrir báru.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á nokkrum ákvæðum gildandi laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem ekki ættu að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs, svo sem heimildir til að sameina eða leggja niður kirkjugarða og reglur um legstaðaskrá. Megin breytingin snýr hins vegar að því að lagt er til að nokkur breyting verði gerð á forsendum fyrir framlagi úr ríkissjóði til fjármögnunar á rekstri kirkjugarðanna.

Samkvæmt gildandi lögum er fjárveiting ríkisins til hvers kirkjugarðs í mynd lögboðins framlags sem miðast við að greidd sé tiltekin fjárhæð á mánuði, eða 253,20 árið 2004, fyrir hvern einstakling 16 ára eða eldri sem býr á viðkomandi svæði í lok ársins á undan gjaldaárinu. Það svarar til um 3 þúsund króna á ári. Ef miðað er við meðalævilíkur 16 ára ein-

staklinga hér á landi og núgildandi fjárhæð má gera ráð fyrir að ríkissjóður greiði um 200 þús. kr. til kirkjugarða yfir ævi hvers einstaklings. Ef gengið er út frá ævilíkum þeirra sem verða 16 ára á árinu 2004 þá má gera ráð fyrir að framlagið næmi hátt í einum milljarði króna vegna þeirrar kynslóðar einnar. Samkvæmt lögum hækkar fjárhæðin fyrir hvern einstakling milli ára sem nemur hækkun á meðalskatttekjustofni næstliðinna tveggja ára á undan gjaldaárinu. Á grundvelli þessara lögbundnu forsendna er heildarframlagið til kirkjugarðanna áætlað tæplega 680 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Af þessu framlagi renna 8% í Kirkjugarðasjóð samkvæmt núgildandi lögum en hlutverk hans er að jafna aðstöðu kirkjugarða með því að veita lán eða styrki þegar tekjur nægja ekki fyrir útgjöldum.

Starfshópur með fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Kirkjugarðasambands Íslands hefur um hríð haft fjármögnun kirkjugarðanna til athugunar. Starfshópurinn varð sammála um að ýmsir annmarkar hafi verið á forsendum núverandi framlags.

Niðurstaða starfshópsins var að leggja til að teknar verði upp breyttar viðmiðanir fyrir fjárveitingunni með það fyrir augum að framvegis verði byggt á frekar einföldu einingaverðalíkani og forsendum sem eru í betra samhengi við þá þætti sem væntanlega munu ráða mestu um þróunina í umfangi reksturins og kostnaði við hann. Í stórum dráttum byggir reiknilíkanið á því að framlagið verði miðað annars vegar við einingaverð fyrir grafarsvæðin sem þarf að hirða um og annan fastan rekstrarkostnað ársins og hins vegar við einingaverð fyrir nýjar grafir sem teknar eru á árinu og einingaverð fyrir líkbrennslur og annan breytilegan rekstrarkostnað ársins. Framlagið hækki síðan í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga á sama hátt og á við um flestan annan rekstur sem fjármagnaður er úr ríkissjóði. Loks ber að nefna að starfshópurinn lagði það til grundvallar að í reiknilíkaninu væri gengið út frá óbreyttri fjárveitingu fjárlaga fyrir árið 2004 en að fjárhæðin hækki síðan frá og með árinu 2005 í samræmi við stækkun svæða í umhirðu og fjölda greftrana.

Með þessu fyrirkomulagi verður framlagið til kirkjugarðanna ekki lengur lögboðið heldur er gert ráð fyrir að gerður verði samningur um það og reikniforsendur milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og kirkjugarðaráðs. Eftir sem áður verður að gera ráð fyrir því að stjórnvöld kunni að sjá ástæðu til þess í framtíðinni að breyta framlaginu á sama hátt og hjá öðrum ríkisstofnunum og sjálfseignastofnunum vegna áforma um aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Slíkar ráðstafanir hafa einnig verið gerðar áður þótt framlagið hafi verið lögbundið en það hefur þá verið skert með lagabreytingu.

Fjárveiting til kirkjugarða í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er byggð á forsendum reiknilíkans starfshópsins en hún nemur um 715 m.kr. Miðað við forsendur þjóðhagsspár um tekjubreytingar til næsta árs er það nánast sama útkoma og ef byggt hefði verið á gildandi lögum. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að fjöldi látinna aukist jafnt og þétt og að hlutfall látinna af heildarmannfjölda hækki með öldrun þjóðarinnar. Því má ætla að framlag til kirkjugarða aukist meira en það hefði gert samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi þegar litið er til mjög langs tíma, t.d. næstu 20 ára, en ekki er unnt að setja fram áætlanir um það með neinni vissu.

209. Fyrirspurn [209. mál]

til dómsmálaráðherra um heimilisofbeldi.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Hvernig er skráningu heimilisofbeldis háttað hjá lögregluembættum?
2. Hversu margar tilkynningar um heimilisofbeldi fengu einstök lögregluembætti á ári sl. tíu ár?
3. Hverjar voru lyktir þessara mála hjá lögreglu, ríkissaksóknara og dómstólum?

Skriflegt svar óskast.

210. Fyrirspurn [210. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Um hvaða fisktegundir gilda lagaákvæði um aflahlutdeild? Hvenær voru lög sett um hverja tegund, hvaða heildaraflamarki var þá úthlutað og hve miklu var úthlutað í hverri tegund fyrir yfirstandandi fiskveiðiár?

Skriflegt svar óskast.

211. Svar [180. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um kjarasamninga grunnskólakennara og lífeyrisskuldbindingar.

1. *Hversu mjög má ætla að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist á samningstímanum vegna væntanlegra kjarasamninga launanefndar sveitarfélaga við stéttarfélög grunnskólakennara ef samið verður miðað við:*
   a. *tilboð launanefndar sveitarfélaga sem í fjölmiðlum hefur verið sagt ígildi 16,3% launahækkunar út samningstímann,*
   b. *kröfur stéttarfélaga grunnskólakennara sem í fjölmiðlum hafa verið sagðar ígildi 35% launahækkunar út samningstímann?*

Fjármálaráðuneytinu er ekki kunnugt um hvaða kröfur eða tilboð hafa gengið á milli aðila í viðræðum þeirra eða að hve miklu leyti þær tölur sem hafa birst í fjölmiðlum eiga við um heildarlaunakostnað eða hækkun dagvinnulauna. Hækkun lífeyrisskuldbindingar ákvarðast af hækkun dagvinnulauna þar sem eftirlaun ráðast af þeim.

Áfallin heildarskuldbinding B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna grunnskólakennara var í árslok 2003 áætluð 64,3 milljarðar kr. Ef miðað er við að framangreindar forsendur um hækkun launa eigi við um föst laun kennara, þá mun 16,3% hækkun dagvinnulauna því valda 9–10 milljarða kr. hækkun skuldbindingarinnar. Hækkun launa um 35% mun með sama hætti valda 19–20 milljarða kr. hækkun skuldbindingarinnar. Hækkun dagvinnulauna grunnskólakennara hefur bein áhrif á skuldbindingu virkra grunnskólakennara. Sama gildir um skuldbindingu fyrrverandi grunnskólakennara sem eru komnir á lífeyri og miða lífeyri við eftirmann í starfi. Skuldbinding fyrrverandi grunnskólakennara sem komnir eru á lífeyri og og fá lífeyri sem tekur breytingum samkvæmt meðaltalsreglu og grunnskólakennara með geymd réttindi breytist í samræmi við hækkun vísitölu dagvinnulauna. Loks hefur hækkun dagvinnulauna grunnskólakennara óbein áhrif á lífeyrisskuldbindingu annarra sjóðfélaga í B-deild LSR sem taka lífeyri eftir meðaltalsreglu, þar sem hækkunin hefur áhrif á vísitölu dagvinnulauna. Er hér um að ræða hækkun áfallinnar skuldbindingar í heild á samningstímanum vegna áunninna réttinda í árslok 2003. Í útreikningunum er ekki tekið tillit til skuldbindingar vegna nýrra réttinda á samningstímanum, eða iðgjalda frá sveitarfélögum enda hafa þau ekki áhrif á fortíðina.

Hér er reiknað með að aðeins föst laun breytist og að skipting skuldbindingarinnar á þá sem miða lífeyri við eftirmannsreglu og þá sem miða við meðaltalsreglu sé sú sama og hjá LSR í heild. Það fer að sjálfsögðu eftir niðurstöðu samninga hvort hluti launakostnaðarhækkana felst í breytingu á öðrum þáttum, svo sem yfirvinnu eða vinnutilhögun. Þá ber að geta þess að hluti af hækkun skuldbindingarinnar færist til gjalda á rekstrarreikningingi ríkissjóðs en sá hluti sem samsvarar meðalhækkun launa opinberra starfsmanna færist um efnahag. Í ríkisreikningi fyrir árið 2000 hækkaði skuldbindingin um 15,5 milljarða kr. vegna ákvæða í kjarasamningi við grunnskólakennara um hækkun launa í janúar og ágúst árið 2001, en þar af færðust 11,5 milljarðar kr. um gjaldahlið ríkissjóðs.

2. *Hve mikið eykst verðmæti lífeyrisréttinda hvers starfandi grunnskólakennara að meðaltali skv. a- og b-lið 1. liðar?*

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru stöðugildi kennara árið 2003 samtals 4.109. Til að reikna út hve mikið verðmæti lífeyrisréttinda hvers starfandi grunnskólakennara eykst þarf að ráðast í tryggingafræðilega útreikninga á meðalréttindum starfandi grunnskólakennara hjá B-deild. Sá fjöldi fólks sem á rétt til lífeyris sem grunnskólakennarar (þ.e. hafa einhvern rétt til lífeyris og eru nú í öðrum störfum, eru þegar komnir á eftirlaun eða eru enn í starfi sem kennarar) og stendur að baki áfallinni skuldbindingu er annar en fjöldi starfandi kennara.

212. Svar [82. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um framlög aðalsjóðs sveitarfélaga til fræðslumála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu hátt hlutfall af tekjum aðalsjóðs sveitarfélaga fór til fræðslumála árin 2002 og 2003? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Leitað var upplýsinga um málið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, um heildarútgjöld í málaflokki 04, fræðslu- og uppeldismál, og hlutfall þeirra af heildartekjum aðalsjóðs. Undir þann lið heyra útgjöld sveitarfélaga til leikskóla og dagvistunar, grunnskóla, framhaldsskóla og annarrar fræðslustarfsemi, svo sem tónlistarskóla, auk sameiginlegra liða, styrkja og framlaga er tilheyra málaflokknum, sbr. 2. gr. auglýsingar nr. 414/2001, um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Útgjöld til málaflokks fræðslu- og uppeldismála sem hlutfall af heildartekjum aðalsjóðs.

		Heildarútgjöld		Hlutfall af heildartekjum	
Svfnr.	Nafn	2002	2003	2002	2003
0000	Reykjavíkurborg	15.728.092	16.787.467	48,8%	48,2%
1000	Kópavogsbær	3.489.952	3.920.523	49,7%	51,8%
1100	Seltjarnarnesbær	783.835	796.682	55,4%	52,6%
1300	Garðabær	1.414.863	1.537.350	55,5%	56,8%
1400	Hafnarfjarðarbær	3.263.118	3.542.776	57,4%	56,4%
1603	Sveitarfélagið Álftanes	345.172	387.519	66,7%	73,2%
1604	Mosfellsbær	1.100.660	1.128.135	67,5%	59,1%
1606	Kjósarhreppur	37.138	37.447	73,7%	66,2%
2000	Reykjanesbær	1.595.147	1.724.067	52,7%	54,4%
2300	Grindavíkurbær	359.827	377.996	54,4%	54,9%
2503	Sandgerðisbær	259.375	283.513	49,8%	55,8%
2504	Sveitarfélagið Garður	174.390	186.871	49,2%	51,0%
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	175.735	185.120	62,5%	63,1%
3000	Akraneskaupstaður	859.493	923.961	55,0%	55,2%
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	37.617	42.728	48,4%	51,8%
3502	Skilmannahreppur	38.624	44.238	47,5%	60,5%
3503	Innri-Akraneshreppur	18.159	22.365	54,0%	66,8%
3504	Leirár- og Melahreppur	23.583	25.345	71,3%	79,9%
3506	Skorradalshreppur	6.752	9.028	29,5%	40,3%
3510	Borgarfjarðarsveit	139.743	163.632	52,6%	57,9%
3601	Hvítársíðuhreppur	15.911	19.401	64,7%	60,4%
3609	Borgarbyggð	479.274	482.581	55,4%	51,0%
3701	Kolbeinsstaðahreppur	20.712	22.586	60,6%	55,7%
3709	Grundarfjarðarbær	185.293	194.480	54,1%	58,6%
3710	Helgafellssveit	5.906	5.827	42,5%	42,9%
3711	Stykkishólmsbær	228.621	233.642	52,3%	47,9%
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	20.443	25.015	48,6%	64,5%
3714	Snæfellsbær	357.247	375.685	56,7%	59,7%
3809	Saurbæjarhreppur	25.483	26.730	83,8%	92,3%
3811	Dalabyggð	103.627	111.653	40,8%	41,7%
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	161.643	162.006	50,4%	51,1%
4200	Ísafjarðarbær	600.830	625.484	37,8%	40,4%
4502	Reykhólahreppur	79.292	84.312	77,3%	79,6%
4604	Tálknafjarðarhreppur	65.927	64.747	52,9%	57,1%
4607	Vesturbyggð	194.586	176.823	50,3%	44,3%
4803	Súðavíkurhreppur	45.868	49.352	43,7%	49,5%
4901	Árneshreppur	12.452	13.360	51,6%	54,0%
4902	Kaldrananeshreppur	30.028	27.813	69,4%	64,6%

Svfnr.	Nafn	Heildarútgjöld 2002	Heildarútgjöld 2003	Hlutfall af heildartekjum 2002	Hlutfall af heildartekjum 2003
4908	Bæjarhreppur	18.457	20.935	65,4%	90,6%
4909	Broddaneshreppur	12.607	12.451	66,8%	60,4%
4910	Hólmavíkurhreppur	94.029	95.425	51,6%	54,9%
5000	Siglufjarðarkaupstaður	221.276	231.057	39,0%	42,1%
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	754.763	779.392	48,4%	52,9%
5508	Húnaþing vestra	301.768	280.088	61,5%	55,0%
5601	Áshreppur	16.513	23.128	68,3%	78,9%
5602	Sveinsstaðahreppur	16.636	19.118	75,5%	74,1%
5603	Torfalækjarhreppur	16.179	19.360	61,5%	26,9%
5604	Blönduósbær	147.842	157.308	42,3%	41,1%
5605	Svínavatnshreppur	28.303	31.774	49,2%	48,0%
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	22.261	27.033	71,8%	64,3%
5609	Höfðahreppur	98.686	108.132	41,7%	49,9%
5611	Skagabyggð	12.304	15.334	43,2%	51,6%
5706	Akrahreppur	46.969	47.298	73,3%	78,5%
6000	Akureyrarbær	2.227.087	2.386.038	42,0%	42,5%
6100	Húsavíkurbær	374.447	402.034	46,6%	46,6%
6200	Ólafsfjarðarbær	175.636	179.086	46,8%	50,3%
6400	Dalvíkurbyggð	356.300	391.977	54,6%	59,4%
6501	Grímseyjarhreppur *	14.779		48,4%	
6504	Hríseyjarhreppur	35.270	35.106	49,1%	51,3%
6506	Arnarneshreppur	32.076	42.230	53,1%	60,3%
6513	Eyjafjarðarsveit	220.560	237.428	71,4%	72,5%
6514	Hörgárbyggð	71.707	84.484	67,3%	72,1%
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	81.847	84.794	67,8%	72,9%
6602	Grýtubakkahreppur	63.178	66.259	44,9%	46,7%
6607	Skútustaðahreppur	93.831	99.861	53,6%	58,8%
6609	Aðaldælahreppur	61.793	63.106	72,8%	68,9%
6611	Tjörneshreppur	11.741	14.411	65,8%	65,2%
6612	Þingeyjarsveit	170.714	190.913	68,6%	73,7%
6701	Kelduneshreppur	13.518	18.232	50,8%	58,4%
6702	Öxarfjarðarhreppur	101.981	103.713	65,7%	68,2%
6705	Raufarhafnarhreppur	51.682	44.724	46,7%	37,7%
6706	Svalbarðshreppur	28.349	29.038	71,8%	67,1%
6707	Þórshafnarhreppur	76.050	87.354	44,7%	49,3%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	117.241	129.746	35,3%	35,5%
7300	Fjarðabyggð	498.510	544.087	45,8%	51,0%
7501	Skeggjastaðahreppur	21.977	23.780	46,0%	55,0%
7502	Vopnafjarðarhreppur	133.803	141.465	53,7%	53,6%
7505	Fljótsdalshreppur	20.377	22.051	53,2%	45,9%
7506	Fellahreppur	117.624	120.866	72,7%	68,3%
7509	Borgarfjarðarhreppur	28.175	26.812	47,6%	52,2%
7512	Norður-Hérað	68.862	69.148	62,9%	66,6%
7605	Mjóafjarðarhreppur	8.077	8.626	74,7%	59,5%
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	13.033	14.537	64,3%	67,2%
7613	Breiðdalshreppur	55.059	60.802	55,1%	62,0%
7617	Djúpavogshreppur	92.235	97.397	54,9%	54,8%
7618	Austur-Hérað	396.962	429.531	50,8%	51,7%

Svfnr.	Nafn	Heildarútgjöld 2002	Heildarútgjöld 2003	Hlutfall af heildartekjum 2002	Hlutfall af heildartekjum 2003
7619	Austurbyggð	167.449	185.009	55,0%	53,4%
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	430.230	449.539	50,0%	49,8%
8000	Vestmannaeyjabær	676.303	705.165	45,2%	46,2%
8200	Sveitarfélagið Árborg	936.810	1.065.663	54,6%	55,5%
8508	Mýrdalshreppur	108.896	110.234	56,1%	59,0%
8509	Skaftárhreppur	109.049	118.279	58,0%	58,0%
8610	Ásahreppur	24.562	22.079	36,4%	30,6%
8613	Rangárþing eystra	292.735	333.342	54,7%	56,8%
8614	Rangárþing ytra	284.438	295.882	59,3%	57,3%
8701	Gaulverjabæjarhreppur	28.162	31.751	66,8%	77,9%
8706	Hraungerðishreppur	46.302	48.196	74,0%	78,8%
8707	Villingaholtshreppur	36.345	40.716	71,0%	81,7%
8710	Hrunamannahreppur	167.383	179.220	57,2%	58,2%
8716	Hveragerðisbær	296.928	322.182	51,1%	55,8%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	255.319	272.007	47,0%	48,1%
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	72.642	94.539	37,6%	42,5%
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	127.636	143.892	57,4%	64,0%
8721	Bláskógabyggð	192.105	228.439	55,6%	58,1%
	Samtals öll sveitarfélög	**44.380.786**	**47.591.863**	**50,7%**	**51,1%**

* *Ársreikningur 2003 hefur ekki borist ráðuneytinu.*

213. Frumvarp til laga [211. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi fjármálafyrirtækis sem er:

a. dótturfélag fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki,
b. dótturfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða
c. undir yfirráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðu í fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélagi í öðru aðildarríki.

Samráð skv. 2. mgr. skal m.a. taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 42. og 52. gr.

Samráð skv. 2. mgr. gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

Með aðildarríki í lögum þessum er átt við ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

Lokamálsliður 17. gr. laganna orðast svo: Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

3. gr.

4. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.

4. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé umsækjandi fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, móðurfyrirtæki slíks aðila, einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir aðilanum og ef slíkt eignarhald leiðir til þess að félagið sem fjárfest er í telst vera dótturfélag eða undir yfirráðum viðkomandi aðila skal Fjármálaeftirlitið við mat á hæfi umsækjanda um virkan eignarhlut hafa samráð við lögbær yfirvöld þess ríkis í samræmi við ákvæði um mat á umsókn um starfsleyfi, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. Samráð samkvæmt framangreindu gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að hæfisskilyrði séu uppfyllt.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „100. gr." í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: 103. gr. Enn fremur verða eftirfarandi breytingar á tilvísunum í lögunum: Í stað „101. gr." í 71. gr. kemur: 106. gr.; í stað „98. gr." í 1.–3. mgr. 99. gr. kemur: 101. gr.; og í stað „99. gr." í 1. og 2. mgr. 100. gr. kemur: 102. gr.

6. gr.

Við 3. mgr. 84. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eiginfjárhlutfall fyrir fjármálasamsteypur skal reikna samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

7. gr.

2.–4. mgr. 85. gr. laganna orðast svo:

Þegar fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengdu fjármálasviði, vátryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. málsl. 1. mgr.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði, sbr. 1. mgr., eða í vátryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, sbr. 4. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða við beitingu ákvæða um efirlit með fjármálasamsteypum, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi fyrirtækis.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í vátryggingafélögum og eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, svo og liðir sem taldir eru upp í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 60/1994 og fjármálafyrirtækið á í krafti hlutdeildar í fyrrgreindum félögum, dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 4. mgr. 84. gr. Frádrátturinn sem tengist eignarhlutum í vá-

tryggingafélögum takmarkast þó við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi vátryggingafélags. Þegar um er að ræða fjármálasamsteypur gilda þó ákvæði 3. mgr. 84. gr. um útreikning á eiginfjárhlutfalli.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. 4. og 5. mgr. orðast svo:

Með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði, sem ekki er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtæki er fjármálafyrirtæki.

Með blönduðu eignarhaldsfélagi er átt við móðurfyrirtæki, sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálafyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtæki er fjármálafyrirtæki.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Með blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi er átt við móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.

9. gr.

Við XII. kafla laganna bætist nýr liður, ***A. Endurskipulagning fjárhags lánastofnana,*** með þremur nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

a. (98. gr.)

Endurskipulagning fjárhags.

Með endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar er átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um heimild lánastofnunar til að leita greiðslustöðvunar og nauðasamnings og framkvæmd slíkra ráðstafana enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

b. (99. gr.)

Fjárhagsleg endurskipulagning lánastofnunar með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru EES-ríki.

Nú veitir dómstóll hér á landi lánastofnun heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að íslenskum lögum, með eftirtöldum frávikum:

a. Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.
b. Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.
c. Réttur lánastofnunar vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

d. Heimild til endurskipulagningar fjárhags hefur ekki áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem staðsett eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.
e. Hafi lánastofnun keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild lánastofnunar til endurskipulagningar fjárhags ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggist á fyrirvaranum, enda sé eignin í öðru aðildarríki.
f. Hafi lánastofnun selt eign skal heimild til endurskipulagningar fjárhags ekki hafa áhrif á réttindi kaupanda, enda sé eignin í öðru aðildarríki og afhending hafi farið fram þegar heimild er veitt.
g. Um lögmæti ráðstöfunar lánastofnunar á fasteign, skipi eða flugvél sem háð er opinberri skráningu, svo og framseljanlegum verðbréfum eða öðrum verðbréfum sem skráð eru í verðbréfamiðstöð, fer eftir lögum þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram.
h. Um réttaráhrif úrskurðar um endurskipulagningu fjárhags á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem lánastofnun hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.
i. Þrátt fyrir ákvæði d- og e-liðar er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni lánastofnunar um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal koma upplýsingum um beiðnina og ákvörðun um hana til lögbærra yfirvalda og kröfuhafa lánastofnunarinnar í viðkomandi ríkjum í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

Lögboðnar tilkynningar til þekktra erlendra kröfuhafa lánastofnunar í tengslum við greiðslustöðvun eða nauðasamninga skulu vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

c. (100. gr.)

Fjárhagsleg endurskipulagning lánastofnunar með höfuðstöðvar erlendis en útibú á Íslandi.

Útibúi, sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, verður ekki veitt sjálfstæð heimild til endurskipulagningar fjárhags hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi í því ríki, og tekur ákvörðunin þá sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi.

Nú er talin þörf á endurskipulagningu fjárhags íslensks útibús lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og skal þá tilkynna slíkt til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið skal koma tilkynningu á framfæri við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis.

Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að lögum heimaríkisins með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

Nú er sett fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða um heimild til að leita nauðasamninga á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. vegna útibús sem lánastofnun, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, starfrækir hér á landi. Skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um beiðnina. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um beiðnina. Dómstólar skulu leitast við að samræma aðgerðir með yfirvöldum annarra gistiríkja.

10. gr.

Á eftir orðunum „Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að“ í 4. mgr. 98. gr. laganna kemur: Fjármálaeftirlitið samþykki hana og.

11. gr.

Á eftir 100. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 104. og 105. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

a. (104. gr.)

Slit á lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru EES-ríki.

Nú tekur dómstóll á Íslandi ákvörðun um slit lánastofnunar, sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi, og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að íslenskum lögum með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um ákvörðun um slit.

Ef lánastofnun starfrækir útibú í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið koma upplýsingum um beiðnina og ákvörðun um hana til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríkjum í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

Nú er þekktur kröfuhafi lánastofnunar búsettur í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, og skal þá skiptastjóri án tafar tilkynna honum um upphaf skiptanna. Í tilkynningunni skal greina frá kröfulýsingarfresti, hvert beina skuli kröfulýsingu og afleiðingum vanlýsingar í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

b. (105. gr.)

Slit á lánastofnun með höfuðstöðvar erlendis en útibú á Íslandi.

Útibúi, sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, verður ekki veitt sjálfstæð heimild slita hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi í því ríki, og tekur ákvörðunin þá sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi.

Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að lögum heimaríkisins með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

Nú er tekin ákvörðun um slit útibús lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um ákvörðunina. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um beiðnina.

12. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Endurskipulagning fjárhags, slit og samruni fjármálafyrirtækja.**

13. gr.

Við 102. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum fjármálafyrirtækis við dóttur- og hlutdeildarfélög þess, félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í fjármálafyrirtækinu og við önnur dóttur-

og hlutdeildarfélög þeirra félaga. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum fjármálafyrirtækis við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum. Fjármálafyrirtæki skulu skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

Fjármálaeftirlitið getur að ósk eftirlitsstjórnvalda í öðru ríki staðreynt upplýsingar frá aðilum hér á landi sem falla undir viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Viðkomandi eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að taka þátt í vinnu við að staðreyna slíkar upplýsingar.

14. gr.

Við 103. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna viðeigandi erlendum yfirvöldum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot innlendra lánastofnana sem reka útibú í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ákvæði 52. gr. um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og 84. og 85. gr. um eigið fé gilda einnig um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 30. gr. og 84.–86. gr. skulu einnig gilda um fjármálasamsteypur skv. 3. mgr.
c. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

   Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga þessara. Með fjármálasamsteypu er átt við samstæðu félaga, eða félög sem hafa með sér náin tengsl, sbr. 18. gr., þar sem eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni og a.m.k. einn aðili innan samstæðunnar starfar á fjármálasviði og annar aðili starfar á vátryggingasviði og þar sem umsvif á samstæðugrundvelli og/eða samanlögð umsvif á fjármálasviði annars vegar og hins vegar samsvarandi umsvif á vátryggingasviði eru hvor um sig talin mikilvæg samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Fari enginn eftirlitsskyldur aðili fyrir samstæðunni, en starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á fjármála- eða vátryggingasviði samkvæmt skilgreiningu í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur, telst samstæðan vera fjármálasamsteypa. Sérhverja undirsamstæðu sem uppfyllir skilyrði 2. málsl. skal líta á sem fjármálasamsteypu. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um skilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim.
d. Í stað tilvísunarinnar „8. og 9. mgr. 97. gr.“ í 3.–5. mgr. kemur: 9. og 10. mgr. 97. gr.

Breytingar á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir skilgreiningu á dótturfélagi koma þrjár nýjar orðskýringar, svohljóðandi:
   - eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, fyrirtæki, sem ekki er blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, þar sem meginstarfsemin er að eiga hluti í dótturfyrirtækjum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög,
   - blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, fyrirtæki, sem ekki er vátryggingafélag, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem að minnsta kosti eitt dótturfélag er vátryggingafélag,

- blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.

b. Á eftir skilgreiningu á félagasamstæðu kemur ný orðskýring, svohljóðandi: fjármálasamsteypa, samstæða félaga, eða félög sem hafa með sér náin tengsl, þar sem eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni og a.m.k. einn aðili innan samstæðunnar starfar á vátryggingasviði og annar aðili starfar á fjármálasviði og þar sem umsvif á samstæðugrundvelli og/eða samanlögð umsvif á vátryggingasviði annars vegar og hins vegar samsvarandi umsvif á fjarmálasviði eru hvor um sig talin mikilvæg samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur; fari enginn eftirlitsskyldur aðili fyrir samstæðunni, en starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á fjármála- eða vátryggingasviði samkvæmt skilgreiningu í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur, telst samstæðan vera fjármálasamsteypa; sérhverja undirsamstæðu sem uppfyllir skilyrði upphafsliðar orðskýringarinnar skal líta á sem fjármálasamsteypu.

c. Við skilgreiningu á nánum tengslum bætist nýr stafliður, svohljóðandi: einstaklinga eða félög sem eru varanlega tengd sömu persónunni með yfirráðatengslum.

17. gr.

Við 25. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er verða 4.–6. mgr., svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi félags sem er:

a. dótturfélag vátryggingafélags eða fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í öðru aðildarríki,
b. dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða
c. undir yfirráðum aðila, einstaklinga eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðu í vátryggingafélagi eða fjármálafyrirtæki í öðru aðildarríki.

Samráð skv. 4. mgr. skal m.a. taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 3. mgr.

Samráð skv. 4. mgr. gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   13. a. Hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem vátryggingafélag á í vátryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði.
   b. Liðir sem taldir eru upp í 4. og 5. tölul. þessarar málsgreinar og vátryggingafélag á í krafti hlutdeildar í félögum sem getið er í a-lið hér á undan.
b. Í stað tilvísunarinnar „11.–12. tölul.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 11.–13. tölul.
c. Í stað tilvísunarinnar „1.–12. tölul.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 1.–13. tölul.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar fjárfesting í hlutum í öðru fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengdu fjármálasviði, vátryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. mgr. um frádrátt liða samkvæmt tölulið 13. a og b.
e. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátrygg-

ingafélagsins, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga sem eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga.

f. Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fjármálasamsteypur. Um útreikning á gjaldþoli fyrir fjármálasamsteypur skulu gilda reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

19. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga þessara. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um tilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Fjármálaeftirlitið getur og sett almennar reglur um tilhögun innra eftirlits í fjármálasamsteypum. Fjármálaeftirlitið getur að ósk eftirlitsstjórnvalda í öðru ríki staðreynt upplýsingar frá aðilum hér á landi sem falla undir eftirlit með fjármálasamsteypum. Viðkomandi eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að taka þátt í vinnu við að staðreyna slíkar upplýsingar.

20. gr.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana ráðsins nr. 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu, og nr. 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Ráðstafanir sem ákveðnar hafa verið eða málsmeðferð hafin vegna beiðni um slíka ráðstöfun fyrir gildistöku laganna skulu fara eftir lögunum eins og þau voru þegar ráðstöfun var samþykkt eða málsmeðferð hófst.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lagafrumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipana ráðsins nr. 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu, og nr. 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Sá hluti frumvarpsins sem lýtur að innleiðingu tilskipunar 2002/87/EB (1.–7. gr., 13. gr. og 15.–19. gr.) er saminn af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði 26. janúar 2004. Í nefndinni sátu Ragnar Hafliðason, Fjármálaeftirliti, formaður, Helgi F. Arnarson, f.h. Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, og Sigmar Ármannsson, f.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga. Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, vann með nefndinni.

Sá hluti frumvarpsins sem lýtur að innleiðingu tilskipunar 2001/24/EB (9.–12. gr. og 14. gr.) var saminn í viðskiptaráðuneytinu. Við samningu þessa hluta var höfð hliðsjón af frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og athugasemdum efnahags- og viðskiptanefndar. Þá leitaði ráðuneytið umsagna hagsmunaaðila um efni þessa hluta frumvarpsins.

A. Fjármálasamsteypur.

1. Almennt.

Þróunin í fjármálaþjónustu hér á landi sem annars staðar í Evrópu beinist meira og meira í þá átt að fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður leitast við að veita viðskiptavinum sínum heildarþjónustu í fjármálum. Uppbygging fjármálafyrirtækja tekur mið af þessu og hefur þróunin verið í þá átt að einstök félög og samstæður félaga sem lúta sameiginlegri yfirstjórn veita viðskiptavinum þjónustu á banka-, vátrygginga- og verðbréfasviði. Enn fremur hefur þróunin verið í þá átt að félagasamstæðurnar hafa fært starfsemi sína yfir landamæri og út fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Þessi þróun hefur kallað á alþjóðlega vinnu sem hefur það að markmiði að setja reglur sem tryggja eftirlit með áhættu í slíkum félagasamstæðum. Evrópusambandið samþykkti reglur í þessa veru með tilskipun nr. 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfyrirtækjum í fjármálasamsteypu. Tilskipunin var birt í febrúar 2003 og á að koma til framkvæmda frá og með ársbyrjun 2005.

Tilskipunin kallar á nokkrar breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Enn fremur þarf að setja reglur sem fjalla um starfsemi lánastofnana og vátrygginga- og verðbréfafyrirtækja.

2. Hvað er fjármálasamsteypa?

Samkvæmt tilskipuninni er fjármálasamsteypa samstæða félaga sem tengd eru með margvíslegum og nánar tilgreindum hætti og veita annars vegar þjónustu á banka- og verðbréfasviði og hins vegar á vátryggingasviði. Ef annað framangreindra sviða er óverulegt telst samstæðan ekki vera fjármálasamsteypa. Í tilskipuninni er tilgreint að minna sviðið verði að lágmarki að ná 10% af heildarstarfseminni hvort sem miðað er við stærð efnahags eða eiginfjárgrunn. Ef minna sviðið hefur efnahag sem er stærri er 6 milljarðar evra telst samstæðan engu síður fjármálasamsteypa þó að þessi fjárhæð nái ekki 10% af heildarefnahag samsteypunnar.

Margar fjármálasamsteypur reka starfsemi í mörgum löndum, innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ekki er víst að félag sem fellur undir skilgreiningu um fjármálasamsteypu falli undir skilgreiningu um samstæður á Íslandi. Annars vegar getur verið um að ræða félög sem hafa með sér náin tengsl, en samkvæmt skilgreiningu í 18. gr. laganna skal litið á það sem náin tengsl milli aðila þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sömu persónunni með yfirráðatengslum. Þetta þýðir að félög sem eru í eigu sama einstaklings að hluta eða öllu leyti geta talist til fjármálasamsteypu, þó að þau séu ekki í félagasamstæðu, þar sem eignarhald er ekki milli félaganna sjálfra. Hins vegar getur félag með starfsemi á Íslandi verið hluti af erlendri fjármálasamsteypu og fellur þá ekki undir íslensk lög um samstæður, en telst hins vegar vera hluti fjármálasamsteypu. Í tilvikum sem þessum er skýrt kveðið á um í tilskipuninni hvernig eftirlit með viðkomandi félagi skuli háttað og hvaða eftirlitsaðili beri ábyrgð á framkvæmdinni.

3. Fjármálasamsteypur á Íslandi.

Kannað var hvort samstæða Íslandsbanka hf. félli undir skilgreiningu á fjármálasamsteypu, eftir kaup bankans á Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Íslandsbanki hf. rekur, auk starfseminnar á Íslandi, starfsemi í nokkrum öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Athugun nefndarinnar leiddi í ljós að samstæða Íslandsbanka hf. fellur ekki sjálfkrafa undir skilgreiningu um fjármálasamsteypur þar sem minna fjármálasviðið, tryggingasviðið, náði hvorki 10% hlutfalli af meðaltali eigin fjár og efnahags af heildarstærð samstæðunnar, né því 500 milljarða króna (6 milljarða evra) lágmarksumfangi sem tilskilið er. Skv. 3. tölul. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB er það hins vegar Fjármálaeftirlitsins að ákveða hvort samstæða

Íslandsbanka hf. fellur undir ákvæði tilskipunarinnar um viðbótareftirlit þegar svo háttar til að hlutfall minni fjármálagreinarinnar er yfir 5% af heildarumsvifum hvort sem miðað er við efnahag eða eigið fé og þegar markaðshlutdeild viðkomandi fjármálagreinar er umfram 5% á íslenska markaðinum. Útreikninga fyrir samstæðu Íslandsbanka hf. er að finna í töflu hér á eftir. Önnur fjármála- og vátryggingafélög og samstæður þeirra, þar sem yfirstjórnin er íslensk, falla ekki undir skilgreiningu á fjármálasamsteypu því hlutur minna sviðsins er verulega undir þeim lágmarksviðmiðunarmörkum sem fram koma í tilskipuninni.

Tafla til að tilgreina fjármálasamsteypur:
Fjárhæðir í milljörðum króna, byggt á tölum úr ársreikningi 2003.

Nafn samstæðu: Íslandsbanki hf.

Tegund fjármálastarfsemi	Efnahagur		Eiginfjárkrafa*/ lágm.gjaldþol		Meðaltal hlutfallstalna
	ma.kr.	%	*ma.kr.*	%	%
Bankastarfsemi	425,7	93,4%	24,0	94,9%	94,1%
Vátryggingastarfsemi	30,2	6,6%	1,3	5,1%	5,9%
Samtals	455,9	100,0%	25,3	100,0%	100,0%

* Eiginfjárkrafan fyrir bankann er reiknuð sem 8% af áhættugrunni fyrir móðurfélagið Íslandsbanki hf.

4. Meginmarkmið.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að setja lágmarksákvæði í lög og reglur sem lúta að eftirliti með fjármálasamsteypum, en fjármálasamsteypur eru samstæður félaga sem hafa veruleg umsvif á banka- og verðbréfasviði annars vegar og vátryggingasviði hins vegar. Meginmarkmiðin með eftirliti með fjármálasamsteypum eru eftirfarandi:

- Koma í veg fyrir að unnt sé að nota sama fjármagnið oftar en einu sinni, hvort sem um er að ræða eigið fjármagn eða annars konar fjármagn, til þess að uppfylla mismunandi eiginfjár- og gjaldþolskröfur innan fjármálasamsteypu.
- Gera kröfu um lágmarkseiginfé/gjaldþol í samræmi við viðurkenndar útreikningsaðferðir sem unnt er að nota við að mæla eiginfjárkröfur og gjaldþolskröfur í fjármálasamsteypu og til þess að gera sér grein fyrir fjárhagslegri stöðu fjármálasamsteypunnar.
- Gera kröfur til fjármálasamsteypu um að hún setji upp innra eftirlit til að fylgjast með, mæla og stýra viðskiptum innan samstæðunnar annars vegar og áhættusamþjöppun hins vegar. Í þessu sambandi er markmiðið einkum að koma í veg fyrir að búið sé til eigið fjármagn innan samsteypunnar og að komið sé í veg fyrir keðjuverkandi áhrif innan samsteypunnar af stórum áhættum.
- Tryggja eftirlit með fjármálasamsteypu í heild og samvinnu eftirlitsaðila. Settar eru reglur um tilnefningu samræmingaraðila í eftirliti með samsteypum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samræmingaraðili er opinbert eftirlitsyfirvald sem hefur umsjón með eftirliti með samsteypunni, er ábyrgur fyrir upplýsingastreymi og samvinnu viðkomandi eftirlitsyfirvalda í mismunandi löndum og gengur eftir að skýrslur um eiginfjár-/gjaldþolskröfur og áhættugreiningu skili sér, auk þess að yfirfara útreikninga. Þessi eftirlitsaðili er í tilskipuninni nefndur samræmingaraðili.
- Tryggja sambærilegt eftirlit með fjármálasamsteypum sem eru með höfuðstöðvar eða yfirstjórn utan Evrópska efnahagssvæðisins, en starfa engu að síður innan svæðisins. Sett er upp fastmótað ferli til þess annars vegar að greina og hins vegar að ákveða hvort

viðkomandi fjármálasamsteypa og einstakar einingar lúti viðeigandi eftirliti og sambærilegu því sem gildir um fjármálasamsteypu innan svæðisins.

5. *Hvaða lög og reglur breytast?*

Gerðar eru tillögur að breytingum á eftirtöldum lögum:

- Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- Lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Huga þarf að breytingum á eftirfarandi reglugerðum og reglum:

- Reglur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja.
- Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.
- Reglugerð um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.
- Reglugerð um útreikning gjaldþols vátryggingafélaga.
- Reglugerð um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélaga.
- Reglugerð um samstarf við önnur ríki Evrópska efnahagssvæðisins um eftirlit með gjaldþoli útibúa vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan þess.

Setja þarf sérstakar reglur um tilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim.

6. *Meginsjónarmið sem lágu til grundvallar við gerð tillagna til breytinga á lögum.*

Meginsjónarmið við innleiðingu tilskipunar 2002/87/EB í íslenskan rétt er að gera tillögur að nauðsynlegum breytingum á gildandi lögum í stað þess að gera tillögur að sérstökum lögum um fjármálasamsteypur. Fellur þetta vel að því meginmarkmiði að allir aðilar á fjármálamarkaði skuli lúta sambærilegu eftirliti hvort sem um sjálfstæð félög er að ræða, félagasamstæður eða fjármálasamsteypur. Meginbreytingin á gildandi lögum sem lögð er til er að bæta skilgreiningu á fjármálasamsteypu við lögin og gera samsvarandi breytingar á öðrum köflum viðkomandi laga þar sem fjallað er um hvernig eftirliti með fjármálasamsteypu skuli háttað. Auk þess eru gerðar tillögur að breytingum á skilgreiningum, samskiptum eftirlitsyfirvalda auk annarra atriða.

B. Slit lánastofnana.

1. *Um aðdraganda tilskipunarinnar og efni hennar.*

Tillaga að tilskipun um endurskipulagningu og slit lánastofnana var fyrst lögð fram af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins árið 1985 en afgreiðsla hennar tafðist, einkum vegna deilna Bretlands og Spánar um Gíbraltar. Í kjölfar samkomulags þessara ríkja varðandi tilnefningu lögbærra yfirvalda náðist samkomulag í ráðherraráði Evrópusambandsins um tilskipunina. Tillagan var í kjölfarið lögð fyrir Evrópuþingið sem lagði til 13 breytingar sem allar voru samþykktar.

Í aðgerðaáætlun á fjármálasviði var talið forgangsmál að afgreiða þessa tilskipun þar sem mikið óhagræði var í því fólgið að við slit og endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með útibú í öðrum aðildarríkjum gátu yfirvöld í hverju ríki fyrir sig gripið til aðgerða. Þetta gat leitt til vandkvæða varðandi ákvörðun lögsögu og falið í sér mismunun kröfuhafa. Tilskipunin byggist á þremur meginsjónarmiðum, einingu, algildi og jafnræði (unity, universality and non-discrimnation). Megintilgangur hennar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana og vissa lágmarkssamræmingu landsreglna um þessi atriði.

Tilskipunin er í flestum meginatriðum samhljóða tilskipun 2001/17/EB, um slit og endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélaga, sem innleidd var með lögum nr. 34/2003, um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.

Tilskipunin gildir um lánastofnanir og útbú þeirra með staðfestu í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið öðrum en ríkjum þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Þá er og að finna ákvæði varðandi samstarf eftirlitsaðila vegna endurskipulagningarráðstafana eða slita á útbúum lánastofnana sem hafa höfuðstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins en útibú í fleiri en einu EES-ríki. Með útibúi er átt við starfsstöð sem að lögum er hluti af fjármálafyrirtæki og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá fjármálafyrirtækjum, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í tilskipuninni er fjallað um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana. Með endurskipulagningu í tilskipuninni er átt við ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt ástand aftur og geta haft áhrif á gildandi réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Slit lánastofnunar eru hins vegar skilgreind sem heildarmálsmeðferð sem stjórnvöld eða dómstólar aðildarríkja opna og hafa eftirlit með, sem hefur það að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvalda, þ.m.t. þegar málsmeðferðin er stöðvuð með nauðasamningum eða annarri viðlíka ráðstöfun.

Tilskipunin felur í sér að endurskipulagning fjárhags og slit fara einvörðungu fram í því landi þar sem lánastofnunin hefur skráðar höfuðstöðvar (heimaríki) og gilda lög heimaríkisins að meginstefnu um fjárhagslega endurskipulagningu og slit. Þetta er í samræmi við aðra skipan sem kveðið er á um í bankalöggjöf Evrópusambandsins um starfsleyfi og eftirlit með fjármálastofnunum.

Tilskipunin felur í sér að úrskurður lögbærs yfirvalds um heimild lánastofnunar, sem rekur útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðinu, til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða um slit hennar hefur áhrif á öllu svæðinu, þ.e. tekur bæði til lánastofnunarinnar og útibúa hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að löggjöf heimaríkis gildi að meginstefnu um endurskipulagninguna eða slitin, þ.e. löggjöf þess ríkis þar sem aðalstöðvar lánastofnunarinnar eru og þar sem starfsleyfi hennar er gefið út. Tilskipuninni er þannig ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu eða slit lánastofnunar annars vegar og útibúa hennar hins vegar.

Í tilskipuninni er að finna ýmis ákvæði varðandi samstarf yfirvalda í málum er varða endurskipulagningu og slit lánastofnana. Þannig er kveðið á um tilkynningar til eftirlitsaðila og þekktra kröfuhafa og birtingu ákvarðana um slíkar ráðstafanir.

2. Gildandi réttur.

Í XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki er að finna ákvæði um slit og samruna fjármálafyrirtækja. Með fjármálafyrirtækjum er skv. 1. gr. laganna átt við fyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laganna. Í 2. mgr. 4. gr. segir að fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 3. gr. teljist vera lánastofnun í skilningi laganna. Til lánastofnana teljast því viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki.

Í 98. gr. laganna er kveðið á um að bú fjármálafyrirtækis verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum, en í 100. gr. segir að leiði ekki annað af ákvæðum laganna skuli um skipti á búi fjármálafyrirtækis gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við. Hins vegar er ekki að finna ákvæði er varða greiðslustöðvun eða nauðasamninga. Gilda því ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. að fullu um slíkar ráðstafanir gagnvart fjármálafyrirtækjum, þar á meðal lánastofnunum.

Í II. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er m.a. kveðið á um lögsögu. Í 4.–6. gr. laganna koma fram reglur sem er ætlað að afmarka til hverra manna og félaga aðgerðir geti tekið samkvæmt ákvæðum þeirra. Í 2. mgr. 5. gr. kemur fram að ef skuldarinn er félag, sem á varnarþing hér á landi og starfrækir útbú hér eða erlendis, félagið ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og félaginu er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, og skuli sú heimild ná sjálfkrafa til útibúsins og að eins skuli farið að ef bú félagsins er tekið til gjaldþrotaskipta.

Í 2. mgr. 6. gr. sömu laga segir að heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og gjaldþrotaskipta í öðru ríki hafi ekki áhrif hér á landi ef annað leiðir ekki af samningi. Þá segir jafnframt að ákvæðum laganna verði þó beitt um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings um útibú erlends félags, sem er starfrækt og á skráð varnarþing hér á landi, ef félagið ber ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og hefur áður fengið sömu eða fyllilega sambærilega heimild í sínu heimaríki. Bú slíks útibús verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi, nema bú erlenda félagsins hafi áður verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er kveðið á um að heimilt sé að gera samninga við önnur ríki um að heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, sem veitt er í einu samningsríki, gildi sjálfkrafa í öðru samningsríki með réttaráhrifum sem fylgja slíkri heimild í öðru hvoru ríkinu. Þá er og kveðið á um að á sama hátt sé heimilt að gera samninga við önnur ríki um að gjaldþrotaskipti í einu samningsríki nái einnig til eigna eða réttinda þrotamanns í öðru samningsríki, en ákveða megi í slíkum samningi að gjaldþrotaskipti fari að einhverju leyti eða öllu sjálfstætt fram í hverju samningsríki fyrir sig eftir löggjöf þess eða annars tiltekins ríkis. Í gildi er samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti, sbr. lög nr. 21/1934.

3. Efni frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru, eins og að framan greinir, lagðar til breytingar á og viðbætur við XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunarinnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að innleidd verði sú meginregla að yfirvöld í heimaríki lánastofnunar taki ein ákvarðanir um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnunar og útibús hennar í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Annars vegar felur þessi regla í sér að úrskurður íslensks dómstóls um heimild lánastofnunar með aðalstöðvar hér á landi til greiðslustöðvunar til að leita nauðasamninga eða gjaldþrotaskipta hefur einnig áhrif í öðrum aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar útibú lánastofnunar. Þessa reglu má í raun leiða af 2. mgr. 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hins vegar felur meginreglan í sér að slíkur úrskurður yfirvalda í öðru aðildarríki vegna lánastofnunar með aðalstöðvar í því ríki taki til útibúa þess hér á landi. Kveða þarf sérstaklega á um þetta í lögum um fjármálafyrirtæki þar sem reglan er ekki samhljóða ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Þetta felur í sér að slík útibú eru alfarið felld undan lögsögu íslenskra dómstóla í málum er varða endurskipulagningu fjárhags og slit.

Í öðru lagi er lagt til að innleidd verði sú meginregla að við ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnunar og útibús í öðru EES-ríki verði farið eftir lögum heimaríkis lánastofnunarinnar. Annars vegar felur þessi regla í sér að um ákvarðanir um endurskipulagningu og slit útibús lánastofnunar með staðfestu á Íslandi fer eftir íslenskum lögum. Hins vegar felur reglan í sér að um slíkar ákvarðanir vegna útibús sem lánastofnun með staðfestu í öðru EES-ríki starfrækir hér á landi fer eftir lögum viðkomandi ríkis en ekki íslenskum lögum. Frá þessari meginreglu eru ýmsar undantekningar sem er að finna í frum-

varpinu en þar er fyrst og fremst um að ræða lagaskilareglur varðandi tiltekna samninga, réttindi og eignir sem eru í öðru aðildarríki en heimaríki lánastofnunar.

Í þriðja lagi er lagt til að ráðherra verði veittar heimildir til að kveða nánar á um í reglugerð hvernig haga skuli ýmsum tilkynningum og birtingu ákvarðana vegna slíkra mála. Drög að slíkri reglugerð eru fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að bætt verði við 2. gr. laganna fjórum nýjum málsgreinum. Nýju ákvæðin fela í sér að Fjármálaeftirlitið skuli hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í öðrum aðildarríkum við mat á umsókn um starfsleyfi fjármálafyrirtækis sem tengist fjármálafyrirtækjum eða vátryggingafélögum með starfsleyfi í öðrum ríkjum eða aðilum sem tengjast slíkum fyrirtækjum með tilteknum hætti. Samráðið skal m.a. ná til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda og gilda jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsleyfi séu uppfyllt. Síðasta málsgreinin felur í sér skilgreiningu á hugtakinu aðildarríki og þarfnast ekki frekari skýringa. Með þessari grein eru innleiddar í lög breytingar á 12. gr. tilskipunar nr. 2000/12/ EB um stofnun og rekstur lánastofnana og 6. gr. tilskipunar nr. 93/22/EB um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Um 2. gr.

Breytingin sem lögð er til á lokamálslið 17. gr. laganna felur í sér að Fjármálaeftirlitið geti auk þess að setja reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja jafnframt sett slíkar reglur fyrir fjármálasamsteypur og er það til samræmis við ákvæði 9. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Um 3. gr.

Lögð er til sú breyting á 4. mgr. 30. gr. laganna að reglur um takmarkanir á stórum áhættum fjármálafyrirtækja taki jafnframt til fjármálasamsteypa. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Lagt er til að bætt verði við 42. gr. laganna nýrri málsgrein sem felur í sér að Fjármálaeftirlitið skuli hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í öðrum aðildarríkum við mat á hæfi umsækjanda um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki sé slíkur umsækjandi fjármálafyrirtæki eða vátryggingafélag með starfsleyfi í aðildarríki eða aðili sem tengist slíkum fyrirtækjum með tilteknum hætti. Samráðið skal vera í samræmi við þau ákvæði sem gilda um mat á umsókn um starfsleyfi, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. laganna eftir að breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi hafa tekið gildi. Samráðið gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að hæfisskilyrði séu uppfyllt. Með þessari grein eru innleiddar í lög breytingar á grein 16(2) í tilskipun nr. 2000/12/EB og grein 9(2) í tilskipun nr. 93/22/EB.

Um 5. gr.

Breytingar á tilvísunum í 63., 71., 99. og 100. gr. laganna leiðir af breytingum í 9. og 11. gr. frumvarpsins og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 6. gr.

Breyting sem lögð er til á 3. mgr. 84. gr. laganna felur í sér að útreikningur á eiginfjárhlutfalli fyrir fjármálasamsteypur fari eftir reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Um 7. gr.

Lagðar eru til breytingar á 2.–4. mgr. 85. gr. laganna. Breytingar sem lagðar eru til á 2. og 3. mgr. fela í sér að bætt er inn í upptalningu á tegundum félaga félögum sem tengjast vátryggingasviði. Breytingin er til samræmis við ákvæði 2. mgr. greinar 34(2) í tilskipun nr. 2000/12/EB, sbr. 29. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Breyting á 4. mgr. 85. gr. laganna felur í sér ítarlegri upptalningu en samkvæmt gildandi ákvæði á eignarliðum sem tengjast vátryggingafélögum og koma til frádráttar eigin fé fjármálafyrirtækis við útreikning á eiginfjárhlutfalli. Breytingin er til samræmis við ákvæði 12.–16. tölul. 1. mgr. greinar 34(2) í tilskipun nr. 2000/12/EB, sbr. 29. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB. Þá er í síðasta málslið 4. mgr. 85. gr. nýtt ákvæði sem kveður á um að ákvæði 3. mgr. 84. gr. laganna gildi um útreikning á eiginfjárhlutfalli þegar um er að ræða fjármálasamsteypur.

Um 8. gr.

Lagðar eru til breytingar á 4. og 5. mgr. 97. gr. laganna. Breytingin sem lögð er til á 4. mgr. 97. gr. laganna felur í sér að í skilgreiningu á eignarhaldsfélagi á fjármálasviði (financial holding company) er annars vegar bætt inn hugtakinu blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi (mixed financial holding company) og hins vegar kemur hugtakið fjármálafyrirtæki í stað lánastofnunar. Eftir þessar breytingar er ákvæðið í samræmi við grein 1(21) í tilskipun nr. 2000/12/EB og grein 7(3) í tilskipun nr. 93/6/EB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

Breytingin sem lögð er til á 5. mgr. 97. gr. laganna felur í sér að í skilgreiningu á blönduðu eignarhaldsfélagi (mixed-activity holding company) er annars vegar bætt inn hugtakinu blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi (mixed financial holding company) og hins vegar kemur hugtakið fjármálafyrirtæki í stað lánastofnunar. Eftir þessar breytingar er ákvæðið í samræmi við grein 1(22) í tilskipun nr. 2000/12/EB og grein 7(3) í tilskipun nr. 93/6/EB.

Lagt er til að bætt verði inn í 97. gr. skilgreiningu á hugtakinu blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi (mixed financial holding company) til samræmis við ákvæði greinar 2(15) í tilskipun nr. 2002/87/EB. Vakin er athygli á því að hugtakið fjármálastarfsemi í þessu sambandi nær yfir starfsemi á banka-, verðbréfa- og vátryggingasviði.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að við XII. kafla bætist nýr liður, A-liður, um endurskipulagningu fjárhags, er innihaldi þrjár nýjar greinar er verði 98.–100. gr. Greinarnar fjalla um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar við greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitanir.

Um a-lið (98. gr.).

Í 1. mgr. greinarinnar er að finna skilgreiningu á hugtakinu endurskipulagning fjárhags í skilningi frumvarpsins. Í 2. gr. tilskipunar nr. 2001/24/EB eru endurskipulagningarráðstafanir skilgreindar sem ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt ástand aftur og gætu haft áhrif á þegar gildandi réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Að íslenskum rétti falla einungis greiðslustöðvun og nauðasamningar undir

þessa skilgreiningu. Í samræmi við þetta er í málsgreininni kveðið á um að ákvæðin varðandi endurskipulagningu fjárhags nái einvörðungu til þessara ráðstafana.

Í 2. mgr. er kveðið á um að reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, skuli gilda nema annað komi fram í lögunum. Í frumvarpinu er að finna ýmsar sérreglur varðandi endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar sem hefur útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, en lagt er til að meginreglan verði sú að reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gildi.

Um b-lið (99. gr.).

Greinin fjallar um fjárhagslega endurskipulagningu lánastofnunar sem hefur höfuðstöðvar á Íslandi og starfrækir útibú í öðru EES-ríki. Í 1. mgr. er kveðið á um að í slíkum tilvikum skuli ákvörðunin sjálfkrafa taka til allra útibúa stofnunarinnar í öðrum aðildarríkjum.

Í 2. mgr. er að finna reglur um hvaða lögum skuli beitt við endurskipulagingu fjárhags lánastofnunar. Eins og að framan greinir er meginreglan sú að lög heimaríkis lánastofnunar skuli gilda um endurskipulagningu fjárhags stofnunarinnar og útibúa þess, en það er það ríki þar sem aðalstöðvar lánastofnunar eru og starfsleyfi þess er gefið út. Í a–i-lið 2. mgr. er að finna ýmsar undantekingar frá þessari reglu.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómstóll tilkynni Fjármálaeftirlitinu um framkomna beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings við kröfuhafa. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 3. mgr. 90. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum. Mikilvægt er að slík tilkynning berist Fjármálaeftirlitinu um leið og beiðni er lögð fram þar sem um eftirlitsskyldan aðila er að ræða og nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitinu sé eins fljótt og kostur er gert kunnugt um ef slíkir erfiðleikar hafa komið upp í rekstri lánastofnunar. Þá er gert ráð fyrir að að Fjármálaeftirlitið tilkynni eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þar sem lánastofnun rekur útibú þegar heimild hefur verið veitt til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana. Í 4. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði er varðar upplýsingagjöf til eftirlitsaðila gistiríkis. Þá er og í 6. gr. tilskipunarinnar kveðið á um birtingu útdráttar úr ákvörðun um fjárhagslega endurskipulagningu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins auk tveggja dagblaða í hverju gistiríki þegar ákvörðun getur haft áhrif á réttindi þriðju aðila í gistiríki og þegar málskot er hugsanlegt í heimaríki varðandi ákvörðunina. Lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um slíkar tilkynningar í reglugerð.

Í 4. mgr. er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um lögboðnar tilkynningar um greiðslustöðvun og nauðasamninga til þekktra erlendra kröfuhafa. Í 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að þegar krafist er samkvæmt löggjöf heimaríkis að kröfum sé lýst eigi að taka þær gildar eða lögboðið að tilkynna lánardrottnum í heimaríki um ráðstöfunina skuli einnig tilkynna slíkt þekktum lánardrottnum í öðrum aðildarríkjum.

Um c-lið (100. gr.).

Greinin fjallar um fjárhagslega endurskipulagningu lánastofnunar sem hefur höfuðstöðvar erlendis en rekur útibú hérlendis. Með greininni eru innleidd ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar. Annars vegar er um að ræða tilvik þar sem lánastofnun hefur höfuðstöðvar í EES-ríki (1.–3. mgr.) og hins vegar þar sem lánastofnun hefur höfuðstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins (4. mgr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að útibú sem starfrækt er á Íslandi af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru EES-ríki verði ekki veitt sjálfstæð heimild til greiðslustöðvunar eða að leita nauðasamninga. Þá er og kveðið á um að ákvörðun lögbærs yfirvalds í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi í því ríki skuli gilda sjálfkrafa um útibú lánastofnunarinnar hér á landi. Í 1.

mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er að finna heimild til að gera slíka samninga við önnur ríki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef talin er þörf á endurskipulagningu fjárhags útibús sem starfrækt er hér á landi af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru EES-ríki skuli beina tilkynningu um þetta til Fjármálaeftirlitsins sem ber að koma slíkri tilkynningu á framfæri við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis.

Í 3. mgr. er innleitt ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar en greinin kveður á um að endurskipulagningarráðstöfunum skuli beitt í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi eru í heimaríkinu, nema kveðið sé á um annað í tilskipuninni. Þá segir að slíkar ákvarðanir skuli hafa fullt gildi, skuli án frekari formsatriða gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis, þ.m.t. gagnvart þriðju aðilum í öðrum aðildarríkjum jafnvel þótt lög gistiaðildarríkja kveði ekki á um slíkar ráðstafanir eða gera framkvæmd þeirra háða skilyrðum sem ekki eru uppfyllt. Loks er kveðið á um að slíkar ráðstafanir skuli gilda á gervöllu Evrópska efnahagssvæðinu þegar þær taka gildi í heimaríkinu. Til einföldunar og skýringa er í 3. mgr. vísað til b-liðar 9. gr. frumvarpsins (2. mgr. 99. gr.). Þetta felur í sér að sambærilegar undantekingar frá fyrrgreindri meginreglu gilda þegar um er að ræða útibú á Íslandi.

Í 4. mgr. er að finna reglu um það þegar sett er fram beiðni um endurskipulagningarráðstöfun. Á sama hátt og Fjármálaeftirlitinu getur eftirlitsstjórnvöldum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins verið nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. sé lánastofnun með starfsemi í viðkomandi ríki.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um að ákvörðun hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda um að slíta lánastofnun sé því aðeins gild að Fjármálaeftirlitið samþykki hana. Með þessari breytingu er innleitt ákvæði 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um að samráð skuli haft við lögbær yfirvöld heimaríkis á undan slitum að eigin frumkvæði.

Um 11. gr.

Greinin er í tveimur liðum. A-liður (104. gr.) fjallar um slit lánastofnunar sem hefur höfuðstöðvar á Íslandi en starfrækir útibú í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Með greininni eru innleidd ákvæði 9. og 13. gr. tilskipunarinnar. Greinin er að flestu leyti samhljóða ákvæðum b-liðar 9. gr. frumvarpsins (99. gr.).

B-liður greinarinnar (105. gr.) fjallar um slit lánastofnunar, sem hefur höfuðstöðvar erlendis, en starfrækir útibú hérlendis. Með greininni eru innleidd ákvæði 9. og 19. gr. tilskipunarinnar en greinin er að flestu leyti efnislega samhljóða ákvæðum c-liðar 9. gr. frumvarpsins (100. gr.).

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til að við 102. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar sem verði 5. og 6. mgr. Í 5. mgr. er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með viðskiptum fjármálafyrirtækis við tengd félög, hlutdeildarfélög og aðra tengda aðila. Ákvæðið er samhljóða 3. og 4. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og er í samræmi við 8. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Í nýrri 6. mgr. 102. gr. er kveðið á um samvinnu Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsstjórnvöld í öðrum ríkjum í sambandi við eftirlit með fjármálasamsteypum og eru þau ákvæði til samræmis við ákvæði greinar 6(3) í tilskipun nr. 98/78/EB um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi, með áorðnum breytingum, sbr. 28. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna viðeigandi erlendum yfirvöldum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot innlendra lánastofnana sem reka útibú í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 15. gr.

Lögð er til breyting á 3. málsl. 1. mgr. 104. gr. laganna sem felur í sér að ákvæði 52. gr. laganna um hæfisskilyrði stjórnar skuli einnig gilda um eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Breytingin er til samræmis við grein 54a í tilskipun nr. 2000/12/EB, sbr. 29. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Lagt er til að í 1. mgr. 104. gr. laganna verði bætt nýjum málslið sem felur í sér að ákvæði 30. gr. um takmarkanir á stórum áhættum og 84.–86. gr. um eigið fé skuli einnig gilda um fjármálasamsteypur. Breytingin er til samræmis við ákvæði 6. og 7. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Lagt er til að bætt verði inn í 104. gr. laganna nýrri málsgrein sem verður 3. mgr. um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laganna. Þau ákvæði sem einkum eiga við í þessu sambandi eru ákvæði varðandi eiginfjárkröfur, áhættusamþjöppun, innri viðskipti og innra eftirlit. Eftirlit með þessum þáttum er megintilgangur tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Í 2.–4. málsl. nýrrar 3. mgr. er skilgreining á hugtakinu fjármálasamsteypa. Skilgreiningin er til samræmis við 14. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB. Samkvæmt síðasta málslið málsgreinarinnar er síðan gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um skilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Í slíkum reglum yrði kveðið nánar á um afmörkun á fjármálasamsteypum og hvernig eftirliti skuli háttað með þeim.

Breytingu á tilvísun í 3.–5. mgr. leiðir af breytingu á 97. gr. í b-lið 8. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Lagt er til að bætt verði við 7. gr. laganna þremur nýjum orðskýringum. Um er að ræða hugtökin eignarhaldsfélag á vátryggingasviði (insurance holding company), blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði (mixed-activity insurance holding company) og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi (mixed financial holding company). Tvær fyrstnefndu orðskýringarnar eru til samræmis við ákvæði greina 1(i) og 1(j) í tilskipun nr. 98/78/EB en síðastnefnda orðskýringin er til samræmis við ákvæði greinar 2(15) í tilskipun nr. 2002/87/EB. Vakin er athygli á því að hugtakið fjármálastarfsemi sem fram kemur í síðastnefndu orðskýringunni nær yfir starfsemi á banka-, verðbréfa- og vátryggingasviði.

Lagt er til að næst á eftir skilgreiningu á félagasamstæðu í 7. gr. laganna komi ný orðskýring sem felur í sér skilgreiningu á hugtakinu fjármálasamsteypa. Skilgreiningin er til samræmis við 14. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Lögð er til breyting á skilgreiningu á hugtakinu náin tengsl í 7. gr. laganna. Með breytingunni er skilgreining þessa hugtaks færð til samræmis við skilgreiningu sama hugtaks í

lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Eftir breytinguna er skilgreiningin í samræmi við ákvæði 13. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Um 17. gr.

Lagt er til að bætt verði við 25. gr. laganna þremur nýjum málsgreinum sem fela í sér að Fjármálaeftirlitið skuli hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í öðrum aðildarríkum við mat á umsókn um starfsleyfi vátryggingafélags sem tengist vátryggingafélögum eða fjármálafyrirtækjum með starfsleyfi í öðrum ríkjum eða aðilum sem tengjast slíkum fyrirtækjum með tilteknum hætti. Samráðið skal m.a. ná til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda og gilda jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsleyfi séu uppfyllt. Með þessari grein eru innleiddar í lög breytingar á 12. gr. tilskipunar nr. 73/239/EB, 1. tilskipun um skaðatryggingar, og 12. gr. tilskipunar nr. 79/267/EB, 1. tilskipun um líftryggingar.

Um 18. gr.

Breytingin á 1. mgr. 29. gr. felur í sér að bætt er við nýjum tölulið, 13. tölul., en þar er um að ræða nánar tilgreinda eignarhluta eða kröfur sem dragast skulu frá í útreikningi á gjaldþoli vátryggingafélags. Með þessari grein eru innleiddar í lög breytingar á grein 16(2) í tilskipun nr. 73/239/EB og grein 18(2) í tilskipun nr. 79/267/EB.

Breytingar á tilvísunum í 2. mgr. 29. gr. leiðir af breytingu á 1. mgr. 29. gr. og þarfnast þær ekki frekari skýringar.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 29. gr. sem felur í sér að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði um frádrátt á eignarhlutum í tilteknum fyrirtækjum þegar um er að ræða tímabundna ráðstöfun eins og nánar er lýst í ákvæðinu. Með þessari grein eru innleiddar í lög breytingar á grein 16(2) í tilskipun nr. 73/239/EB og grein 18(2) í tilskipun nr. 79/267/EB.

Breyting á 3. mgr. 29. gr. felur í sér að hugtökin eignarhaldsfélag á vátryggingasviði og blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eru hluti af upptalningu á tegundum félaga sem taka þarf tillit til við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags. Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi ákvæði.

Breytingin á 4. mgr. 29. gr. felur eingöngu í sér orðalagsbreytingu en ekki efnisbreytingu. Orðalagið „eignarhaldsfélags á vátryggingasviði“ kemur í stað „félags þar sem meginstarfsemin er eignarhald á vátryggingafélagi“ samkvæmt gildandi ákvæði.

Lögð er til sú breyting að ákvæði 29. gr. um gjaldþol og lágmarksgjaldþol skuli einnig gilda um fjármálasamsteypur og að við útreikning á gjaldþoli fyrir fjármálasamsteypur skuli gilda reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Um 19. gr.

Lagt er til að við 54. gr. laganna verði bætt nýrri málsgrein sem verður 5. mgr. um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laganna. Þau ákvæði sem einkum eiga við í þessu sambandi eru ákvæði varðandi eiginfjárkröfur, áhættusamþjöppun, innri viðskipti og innra eftirlit. Eftirlit með þessum þáttum er megintilgangur tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Samkvæmt 2. málsl. málsgreinarinnar er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um tilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Í slíkum reglum yrði kveðið nánar á um afmörkun á fjármálasamsteypum og hvernig eftirliti skuli háttað með þeim.

Samkvæmt 3. málsl. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sett almennar reglur um tilhögun innra eftirlits í fjármálasamsteypum til samræmis við ákvæði 9. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Í 4. og 5. málsl. er kveðið á um samvinnu Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsstjórnvöld í öðrum ríkjum í sambandi við eftirlit með fjármálasamsteypum og eru þau ákvæði til samræmis við ákvæði greinar 6(3) í tilskipun nr. 98/78/EB, sbr. 28. gr. tilskipunar nr. 2002/87/EB.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

DRÖG AÐ REGLUGERÐ um tilkynningar og birtingu vegna ákvarðana um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um tilkynningar vegna endurskipulagningar fjárhags og slita lánastofnana sem starfrækja útibú í öðrum aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Endurskipulagning fjárhags lánastofnunar: Heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Gistiaðildarríki: EES-ríki þar sem lánastofnun hefur útibú.

Lánastofnun: Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002.

Útibú: Starfsstöð sem að lögum er hluti af lánastofnun og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá lánastofnunum.

3. gr.

Tilkynning ákvörðunar um endurskipulagningu fjárhags eða slit.

Fjármálaeftirlitið skal eins fljótt og auðið er, og eigi síðar en strax þegar ákvörðun hefur verið tekin um endurskipulagningu fjárhags eða slits lánastofnunar, tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkja um slíka ákvörðun.

Í slíkri tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um lánastofnun sem ákvörðun beinist að og réttaráhrif ákvörðunar.

4. gr.

Birting í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Nú er ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags líkleg til að hafa áhrif á réttindi þriðju aðila, annarra en stjórnenda, hluthafa og einkstaklinga sem taka þátt í rekstri innra skipulags lánastofnana og skal aðstoðarmaður eða umsjónarmaður þá þegar láta birta í Stjórnartíðind-

um Evrópusambandsins og a.m.k. tveimur innlendum dagblöðum í hverju gistiaðildarríki útdrátt úr ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar.

Útdráttur skv. 1. mgr. skal vera á opinberu tungumáli viðkomandi gistiaðildarríkja. Í honum skal m.a. koma fram tilgangur og lagagrundvöllur ákvörðunarinnar, tímafrestir og fullt heimilisfang aðstoðarmanns eða umsjónarmanns.

Skiptastjóri skal láta birta auglýsingu um ákvörðun um skipti á lánastofnun í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og a.m.k. tveimur innlendum dagblöðum í hverju gistiaðildarríki. Tilkynningin skal vera á tungumáli heimaríkis og til þess notuð þar til gerð eyðublöð.

5. gr.

Tilkynningar til þekktra kröfuhafa.

Nú er þekktur kröfuhafi lánastofnunar búsettur í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, og skal þá skiptastjóri án tafar tilkynna honum um upphaf skiptanna. Tilkynningin skal vera í formi auglýsingar og þar skulu koma fram upplýsingar um kröfulýsingarfrest, hvert beina skuli kröfulýsingu, viðurlög við vanlýsingum og hvort lýsa þurfi forgangskröfum eða kröfum sem njóta hlutaréttartryggingar.

6. gr.

Reglubundin miðlun upplýsinga til kröfuhafa.

Skiptastjórar skulu miðla upplýsingum reglulega og á viðeigandi hátt til kröfuhafa lánastofnunar, einkum um framvindu slitanna.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglugerðin er sett á grundvelli tilskipunar 2001/24/EB og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn sem birt var í EES-viðbæti Stjórnartíðinda EB.

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerð sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 2004.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Markmið frumvarpsins er innleiðing tilskipana um slit lánastofnana og á fjármálasamsteypum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

214. Frumvarp til laga [212. mál]

um greiðslur yfir landamæri í evrum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin um greiðslur yfir landamæri í evrum er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2560/2001

frá 19. desember 2001

um greiðslur yfir landamæri í evrum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa([5]) var leitast við að bæta þjónustu við færslu fjármuna yfir landamæri, einkum skilvirkni hennar. Markmiðið var einkum að gera neytendum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að færa fjármuni á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Slíkar færslur fjármuna og greiðslur yfir landamæri almennt eru enn þá afar dýrar, miðað við greiðslur innanlands. Athugun, sem framkvæmdastjórnin lét gera og birti 20. september 2001, leiddi í ljós að neytendur fá ófullnægjandi eða engar upplýsingar um kostnað við færslu fjármuna og að meðalkostnaður við greiðslur yfir landamæri hefur vart breyst frá árinu 1993 þegar sambærileg athugun var gerð.

2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. janúar 2000 um smásölugreiðslur á innri markaðnum ásamt ályktunum Evrópuþingsins frá 26. október 2000

([1]) Stjtíð. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 270.
([2]) Áliti var skilað 10. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB C 308, 1.11.2001, bls. 17.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. desember 2001 (Stjtíð. EB C 363, 19.12.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.

([5]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og frá 4. júlí 2001 um leiðir til að aðstoða rekstraraðila við að breyta yfir í evru, svo og skýrslur Seðlabanka Evrópu frá september 1999 og september 2000 um að bæta þjónustu í tengslum við greiðslur yfir landamæri, hafa allar lagt áherslu á brýna nauðsyn skilvirkra umbóta á þessu sviði.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, svæðanefndarinnar og Seðlabanka Evrópu frá 3. apríl 2001 um undirbúning vegna innleiðingar evruseðla og -myntar er tilkynnt að framkvæmdastjórnin muni íhuga að nota öll tæki sem henni eru tiltæk og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kostnaður við færslu fjármuna yfir landamæri verði færður til samræmis við kostnað við færslu fjármuna innanlands og þar með að gera hugmyndina um evrusvæðið sem „innlent greiðslusvæði“ áþreifanlega og skýra í hugum borgaranna.

4) Ef miðað er við markmiðið sem var áréttað þegar evran var tekin upp sem reikningsgjaldmiðill, nánar tiltekið að ná fram ef ekki samræmdri, þá a.m.k. svipaðri gjaldtökustefnu varðandi evruna, hefur ekki orðið neinn marktækur árangur að því er varðar lækkun kostnaðar vegna greiðslna yfir landamæri, miðað við greiðslur innanlands.

5) Magn greiðslna yfir landamæri eykst stöðugt eftir því sem innri markaðurinn nær betri fótfestu. Á þessu landamæralausa svæði hefur tilkoma evrunnar gert greiðslur auðveldari.

6) Sú staðreynd að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri eru áfram hærri en gjöld fyrir innlendar greiðslur hamlar viðskiptum yfir landamæri og hindrar því eðlilega starfsemi innri markaðarins. Einnig er líklegt að þetta hafi áhrif á tiltrú á notkun evrunnar. Í því skyni að greiða fyrir starfsemi innri markaðarins er því nauðsynlegt að tryggja að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum séu þær sömu og gjöld fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis en það mun einnig efla tiltrú á evrunni.

7) Að því er varðar rafræna greiðslumiðlun yfir landamæri í evrum skal meginreglan um sömu gjöld gilda frá og með 1. júlí 2002, að teknu tilliti til aðlögunartímabila og þess aukna vinnuálags sem breytingin yfir í evrur hefur í för með sér. Til að mögulegt sé að koma á nauðsynlegu grunnvirki og skilyrðum skal til 1. júlí 2003 vera í gildi aðlögunartímabil að því er varðar færslu fjármuna yfir landamæri.

8) Eins og sakir standa er ekki ráðlegt að beita meginreglunni um samræmdar gjaldfærslur þegar um er að ræða pappírsávísanir þar sem þær eru þess eðlis að ekki er hægt að meðhöndla þær á jafn skilvirkan hátt og annan greiðslumáta, einkum rafrænar greiðslur. Þó skal meginreglan um gagnsæi gjaldfærslu einnig gilda um ávísanir.

9) Í því skyni að gera viðskiptavini kleift að meta kostnað við greiðslu yfir landamæri er nauðsynlegt að hann fái upplýsingar um þau gjöld sem í gildi eru og allar breytingar á þeim. Það sama á við þegar greiðsla yfir landamæri í evrum tekur einnig til annars gjaldmiðils en evrunnar.

10) Þessi reglugerð hefur engin áhrif á möguleika stofnana til að bjóða eitt heildargjald fyrir mismunandi greiðsluþjónustu, að því tilskildu að ekki sé gerður greinarmunur á greiðslum yfir landamæri og innanlands.

11) Einnig er mikilvægt að auðvelda greiðslustofnunum að annast greiðslur yfir landamæri. Í tengslum við þetta skal stuðla að stöðlun, einkum að því er varðar notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN) ([6]) og bankanúmers (BIC) ([7]) sem nauðsynleg eru við rafræna vinnslu á færslu fjármuna yfir landamæri. Sem viðtækust notkun þessara númera er talin afar mikilvæg. Þar að auki skulu aðrar aðgerðir, sem fela í sér aukakostnað, aflagðar í því skyni að lækka gjaldtöku af viðskiptavinum í tengslum við greiðslur yfir landamæri.

12) Til að létta byrði stofnana sem annast greiðslur yfir landamæri er nauðsynlegt að afnema í áföngum skyldur um reglubundna, innlenda skýrslugjöf að því er varðar hagskýrslur um greiðslujöfnuð.

13) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin sjá til þess að til séu fullnægjandi og skilvirkar verklagsreglur um kvartanir eða málsskot til að jafna deilur milli sendanda og stofnunar hans eða milli viðtakanda og stofnunar hans, og nota verklagsreglur sem fyrir eru þegar við á.

([6]) ISO-staðall nr. 13613.
([7]) ISO-staðall nr. 9362.

14) Æskilegt væri að framkvæmdastjórnin legði fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 1. júlí 2004.

15) Setja skal ákvæði um verklag sem gerir kleift að beita þessari reglugerð einnig á greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki ákveður svo.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um greiðslur í evrum yfir landamæri í því skyni að tryggja að gjöld fyrir þessar greiðslur séu þau sömu og fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis.

Hún skal gilda um greiðslur í evrum yfir landamæri sem nema innan bandalagsins allt að 50 000 evrum.

Þessi reglugerð skal ekki gilda um greiðslur yfir landamæri sem færðar eru milli stofnana fyrir eigin reikning.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „greiðslur yfir landamæri“:

i) „færsla fjármuna yfir landamæri“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki í þeim tilgangi að hafa ákveðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibúi stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili,

ii) „rafræn greiðslumiðlun yfir landamæri“:

— færsla fjármagns með rafrænum greiðslumiðli, nema stofnun mæli fyrir um færsluna og framkvæmi,

— úttekt reiðufjár með rafrænum greiðslumiðli og hleðsla (og afhleðsla) rafræns seðils með búnaði á borð við hraðbanka og seðlavélar og hjá útgefanda eða stofnun sem er bundin af samningi um að taka við greiðslumiðlinum,

iii) „ávísanir yfir landamæri“: þær ávísanir sem skilgreindar eru í Genfarsamningnum þar sem kveðið er á um samræmd lög um ávísanir frá 19. mars 1931, og gefnar eru út á stofnun sem staðsett er í bandalaginu og notaðar við færslu fjármuna yfir landamæri í bandalaginu;

b) „rafrænn greiðslumiðill“: fjargreiðslumiðill og rafeyrir sem gerir handhafa kleift að framkvæma rafræna greiðslumiðlun einu sinni eða oftar;

c) „fjargreiðslumiðill“: miðill sem gerir handhafa kleift að taka út fjármuni af reikningi sínum í stofnun og að inna af hendi greiðslu til viðtakanda og alla jafna krefst persónulegs auðkennisnúmers og/eða annarrar ámóta sönnunar. Til fjargreiðslumiðla teljast einkum greiðslukort (kreditkort, debetkort, debetkort með greiðslufresti eða kreditkort án hámarks) og síma- og heimabankaþjónusta. Færsla fjármuna yfir landamæri fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

d) „rafeyrir“: hlaðanlegur greiðslumiðill, hvort sem um er að ræða reiðufjárkort eða tölvuminni sem greiðslueiningar eru geymdar á með rafrænum hætti;

e) „stofnun“: einstaklingur eða lögaðili sem annast færslur fjármuna yfir landamæri;

f) „gjaldfærslur“: allar gjaldfærslur stofnunar sem tengjast beint greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri.

3. gr.

Gjöld fyrir rafræna greiðslumiðlun og færslu fjármuna yfir landamæri

1. Frá og með 1. júlí 2002 skulu gjöld stofnunar fyrir rafræna greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna samskonar greiðslumiðlunar í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast rafrænu greiðslumiðlunina yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2003 skulu gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjöld sömu stofnunar vegna samskonar færslu fjármuna í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast færslu fjármuna yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

3. Frá og með 1. janúar 2006 skal fjárhæðin 12 500 evrur hækkuð í 50 000 evrur.

4. gr.

Gagnsæi gjaldtöku

1. Stofnun skal koma á framfæri við viðskiptavini sína skriflega og, ef við á samkvæmt innlendum reglum, með rafrænum hætti, á eðlilegu og skiljanlegu máli fyrirfram- upplýsingum um gjaldtöku í tengslum við greiðslur yfir landamæri og greiðslur innan aðildarríkisins þar sem stofnunin hefur starfsstöð sína. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um að á ávísanaheftum skuli vera yfirlýsing þar sem neytendur eru varaðir við því að gjald er tekið fyrir notkun ávísana yfir landamæri.

2. Allar breytingar á gjaldtöku skulu tilkynntar á sama hátt og segir í 1. mgr. áður en þær taka gildi.

3. Þegar stofnanir taka þóknun fyrir að skipta gjaldeyri yfir í og úr evrum skulu þær veita viðskiptavinum sínum:

a) fyrirframupplýsingar um þær þóknanir sem þær hyggjast taka fyrir skiptin; og

b) sérstakar upplýsingar um þær þóknanir sem þær hafa fengið fyrir skiptin.

5. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri

1. Stofnun skal, þegar það á við, tilkynna hverjum viðskiptavini, óski þeir þess, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar.

2. Viðskiptavinurinn skal, sé þess óskað, tilkynna stofnuninni, sem annast færsluna, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) viðtakanda og bankanúmer (BIC) stofnunar sem viðtakandi skiptir við. Veiti viðskiptavinurinn ekki framangreindar upplýsingar er stofnuninni heimilt að taka aukaþóknun. Í slíku tilviki skal stofnunin, í samræmi við 4. gr., veita viðskiptavinum upplýsingar um aukaþóknunina.

3. Frá og með 1. júlí 2003 skulu stofnanir láta alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar koma fram á reikningsyfirlitum allra viðskiptavina eða í viðauka við þau.

4. Birgir sem tekur við greiðslu með færslu fjármuna, skal við gerð vörureikninga fyrir vörur og þjónustu yfir landamæri í bandalaginu tilkynna viðskiptavinum sínum alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar sem hann skiptir við.

6. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar skyldur varðandi innlenda skýrslugjöf vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð um greiðslur yfir landamæri sem nema allt að 12 500 evrum.

2. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar innlendar skyldur varðandi lágmarksupplýsingar sem veita skal um viðtakanda sem koma í veg fyrir að greiðslan fari fram á sjálfvirkan hátt.

7. gr.

Beiting þessarar reglugerðar

Beiting þessarar reglugerðar skal tryggð með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

8. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2004, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

— þróun grunnvirkja greiðslukerfa yfir landamæri,

— réttmæti þess að bæta þjónustu við neytendur með því að styrkja samkeppnisskilyrði við veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri,

— áhrif beitingar þessarar reglugerðar á gjöld fyrir greiðslur innan aðildarríkis,

— réttmæti þess að hækka upphæðina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., í 50 000 evrur frá og með 1. janúar 2006, með tilliti til afleiðinga þess fyrir fyrirtæki.

Skýrslunni skulu fylgja tillögur að breytingum eftir því sem við á.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Þessi reglugerð gildir einnig um greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi um gjaldmiðil þess.

Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynninguna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Rýmkunin öðlast gildi 14 dögum eftir téða birtingu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	A. NEYTS-UYTTEBROECK
forseti.	*forseti.*

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með ályktun sinni 16. mars 2004 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003 varðandi breytingu á XII. viðauka EES-samningsins (Frjálsir fjármagnsflutningar) og fella reglugerðina, sem lagafrumvarp þetta byggist á, inn í samninginn. Lagafrumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu.

Aðdragandi.

Evrópuþingið og ráðið samþykktu 19. desember 2001 reglugerð nr. 2560/2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum. Reglugerðin er hluti af aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar varðandi smásölu í fjármálaþjónustu.

Frá árinu 1990 hafa greiðslukerfi í aðildarríkjum innri markaðarins verið til skoðunar innan Evrópusambandsins. Fyrsta könnunin um þetta efni var gerð árið 1990 og voru niðurstöður hennar að rekstur greiðslukerfa gengi vel í hverju landi fyrir sig en síður ef um var að ræða greiðslur á milli landa. Árið 1993 var svo birt athugun á gjaldtöku vegna greiðslna yfir landamæri á innri markaðnum. Niðurstöður hennar voru að gjaldtaka fyrir færslur yfir landamæri væri í flestum tilvikum verulega hærri en vegna færslna innan lands, sérstaklega ef um lágar fjárhæðir væri að ræða. Framkvæmdastjórnin leit svo á að þessi kostnaður hamlaði skilvirkni innri markaðarins og skoraði á bankakerfið að gera bragarbót á, ellegar mundi Evrópusambandið grípa til viðeigandi aðgerða.

Árið 1994 birti framkvæmdastjórnin svo orðsendingu um færslur yfir landamæri sem innihélt frumdrög að tilskipun, sem síðar varð að tilskipun 97/5/EB um færslu fjármuna yfir landamæri, og drög að orðsendingu um beitingu samkeppnisreglna í slíkum færslum. Með tilskipun 97/5/EB var leitast við að bæta þjónustu við færslu fjármuna yfir landamæri, einkum skilvirkni hennar. Markmiðið var einkum að gera neytendum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að færa fjármuni á skjótan og áreiðanlegan hátt frá einum hluta innri markaðarins til annars. Tilskipunin lýtur að gagnsæi skilyrða fyrir færslu fjármuna á milli landa, upplýsingum sem bankar þurfa að veita áður en færsla er afgreidd, skuldbindingum um að afgreiða færslur fyrir tiltekinn tíma og endurgreiðslukvöð banka ef færsla er ekki afgreidd. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 1/98 frá 30. janúar 1998 og innleidd í íslenskan rétt með breytingum á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Athugun sem gerð var á vegum Evrópusambandsins og birt var árið 2001 leiddi í ljós að neytendur fá ófullnægjandi eða engar upplýsingar um kostnað við færslu fjármuna og að meðalkostnaður við greiðslur yfir landamæri hafði lítið breyst frá árinu 1993. Í niðurstöðum hennar kom fram að gjaldtaka fyrir hverja færslu að fjárhæð 100 evrur var rúmar 24 evrur. Í ljósi þessarar niðurstöðu og þess að til stóð að taka upp evruna í 10 löndum Evrópusam-

bandsins samþykkti framkvæmdastjórnin í júlí 2001 að leggja fram tillögu að reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum og var hún sem áður segir samþykkt 19. desember 2001.

Markmið og efni reglugerðarinnar.

Reglugerðin fjallar um greiðslur yfir landamæri í evrum. Markmið hennar er að tryggja að gjöld vegna slíkra greiðslna verði hliðstæð því sem gerist í greiðslum innan lands. Reglugerðin kveður á um að gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri skuli vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna sams konar færslu fjármuna í evrum innan lands. Reglugerðin tekur annars vegar til rafrænnar greiðslumiðlunar í evrum yfir landamæri og hins vegar færslu fjármuna yfir landamæri. Reglugerðin nær til færslna að fjárhæð allt að 12.500 evrur en frá og með 1. janúar 2006 hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að aðildarríki geti ákveðið að rýmka beitingu hennar þannig að hún gildi einnig um gjaldmiðil þess. Þannig hafa sænsk stjórnvöld ákveðið að reglugerðin skuli ná til sænsku krónunnar. Norðmenn hafa á hinn bóginn ákveðið að reglugerðin skuli ekki gilda um norsku krónuna. Í frumvarpinu er ekki lagt til að reglugerðin nái til íslensku krónunnar.

Þá er í reglugerðinni einnig kveðið á um gagnsæi gjaldtöku fjármálastofnana í tengslum við greiðslur innan lands og yfir landamæri en í 4. gr. hennar er sú skylda lögð á þær að láta viðskiptavinum sínum fyrir fram í té upplýsingar um gjaldtöku. Í 5. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði sem ætlað er að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri en þar eru fjármálastofnanir og viðskiptavinir skyldaðir til að gefa upp alþjóðleg bankareikningsnúmer og bankanúmer. Í 6. gr. er kveðið á um að afnema skuli allar skyldur varðandi upplýsingagjöf til innlendra aðila vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð greiðslna yfir landamæri. Það sama skal eiga við um allar skyldur innan lands varðandi lágmarksupplýsingar sem veita skal um viðtakanda sem koma í veg fyrir að greiðslan fari fram á sjálfvirkan hátt.

Í 7. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að beiting hennar skuli tryggð með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif. Í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á dagsektir og févíti. Telja verður að umrædd ákvæði uppfylli þær skyldur sem reglugerðin setur hvað þetta varðar. Þá er og í lögunum að finna heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Gert er ráð fyrir að á grundvelli þessarar heimildar verði Fjármálaeftirlitinu falið að setja verklagsreglur um kvartanir eða málskot til að jafna deilur milli aðila.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að innleiða reglugerð Evrópusambandsins nr. 2560/2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum. Frumvarpið felur í sér að tryggt verði að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum verði hliðstæð því sem gerist innan lands. Taka lögin til rafrænnar greiðslumiðlunar í evrum yfir landamæri og hins vegar færslu fjármuna

yfir landamæri. Reglugerðin nær til færslna allt að 12.500 evrum en frá og með 1. janúar 2006 hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

215. Fyrirspurn [213. mál]

til forsætisráðherra um stuðning við byggð og búsetu í Árneshreppi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvað líður störfum nefndar sem ríkisstjórninni var falið að setja á stofn samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti 15. mars 2003 og var ætlað að gera tillögur „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu“?

216. Tillaga til þingsályktunar [214. mál]

um skilgreiningu á háskólastigi.

Flm.: Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að skilgreina stöðu og hlutverk skóla á háskólastigi. Nefndin fjalli um hlutverk skólanna út frá kennsluhlutverki, rannsóknarskyldu, stjórnun, samþættingu, verkaskiptingu og öðrum þáttum er máli skipta. Niðurstöður nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. apríl 2005. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, tilnefndum af menntamálaráðherra. Nefndin leiti álits og samráðs starfandi háskóla, rannsóknarstofnana, samtaka námsmanna og annarra er máli kunna að skipta.

Greinargerð.

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað á síðustu árum að nemendum á háskólastigi hefur fjölgað um yfir 50% frá árinu 2000. Markviss menntastefna virðist skila árangri og má ætla að hækkað menntastig þjóðarinnar skili framförum á flestum sviðum mannlífs á komandi árum. Þá hefur skólum á háskólastigi fjölgað á allra síðustu árum og munu nú vera níu talsins. Af umræðunni má ráða að nokkuð sé á reiki hvernig skólar á háskólastigi séu skilgreindir og hvert hlutverk þeirra sé talið. Þannig er á stundum gerður greinarmunur á háskóla í merkingunni kennslu- og rannsóknarstofnun og háskóla með áherslu á kennslu til hagnýtra starfa. Markmið tillögunnar er að láta skoða þessar skilgreiningar og draga fram tillögur til breytinga, sé þeirra talin þörf. Mikilsvert er að menntastefna þjóðarinnar á þessu sviði sé skýr og skilvirk þannig að hver skóli þjóni þeim markmiðum sem honum er ætlað. Þá gerir tillagan jafnframt ráð fyrir því að skoðað verði hvort auka megi verkaskiptingu, samþættingu eða jafnvel sameiginlega stjórn eins eða fleiri skóla á háskólastigi þannig að starf skólanna, fjármögnun og stjórnun verði sem skilvirkust og fjármunum til háskólastigsins sé varið á sem

skynsamlegastan hátt. Mikilvægt er í þessari vinnu að líta til og virða sem mest sjálfstæði einstakra skóla.

Lagt er til að menntamálaráðherra skipi þriggja manna nefnd án tilnefningar til að gera fyrrgreinda úttekt og leggi niðurstöður þeirrar nefndar fyrir Alþingi fyrir 1. apríl 2005. Lögð er áhersla á að nefndin leiti eftir umsögnum og áliti sem flestra er tengjast háskólastarfi þannig að sem gleggst mynd fáist af stöðunni.

217. Frumvarp til laga [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jón Gunnarsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson, Einar K. Guðfinnson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1996.

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990.

2. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 79/1997.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 151/1996.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 57/1996 voru sett þau ströngu refsi- og viðurlagaákvæði sem hér er lagt til að breytt verði á þann hátt að neðri mörk viðurlaganna verði felld niður. Í V. kafla þeirra var jafnframt lögfest breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Eldri viðurlagaákvæði laga nr. 38/1990 voru í 19. gr. þeirra og vörðuðu sektum, nema þyngri refsing lægi við samkvæmt öðrum lögum. Í 19. gr. var enginn refsirammi markaður eins og er nú í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 57/1996 og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 38/1990. Þá var með 17. gr. laga nr. 79/1997 og 14. gr. laga nr. 151/1996 settar sömu lágmarkssektir, 400.000 kr., en ekki er fjallað um ítrekuð brot í þeim.

Ekki er því í móti mælt að sett séu viðurlög við brotum á þeim lögum sem hér er um fjallað og viðurlögin samræmd í þessum helstu lagabálkum um stjórnun fiskveiða og umgengni um nytjastofna, veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og fiskveiðar utan lögsögunnar. Þjóð sem byggir afkomu sína í jafnríkum mæli á veiðum og vinnslu sjávarfangs eins og við Íslendingar þarf að stuðla að því að farið sé að reglum varðandi þessa starfsemi. Hins vegar er engin þörf að ákvarða refsirammann svo sem gert er í þessum lögum en sérstaklega eru neðri mörkin há. Líta verður til þess að líkast til er hvergi um annað eins regluverk að ræða og það sem byggist á fiskveiðilöggjöfinni, í formi reglugerða, reglna og stjórnvaldsfyrirmæla.

Regluverk þetta mælir meira og minna svo fyrir að brot gegn ákvæðum þess varði við refsiákvæði laga nr. 38/1990, laga nr. 57/1996, laga nr. 79/1997 eða laga nr. 151/1996. Stöðugt eru því þegnunum settar reglur af hálfu framkvæmdarvaldsins, þær koma aldrei til skoðunar Alþingis en varða þeim þungu viðurlögum sem hér er lagt til að verði breytt.

Eðli máls samkvæmt geta brot á regluverki um fiskveiðar og sjávarnytjar innan fiskveiðilandhelginnar og utan lögsögu Íslands verið alvarleg og stórfelld og af ásetningi framin. En hitt er einnig til að brot þessi séu smávægileg eða af gáleysi sem ekkert réttlætir að sæti viðurlögum að lágmarki 400.000 kr.

Þetta er ekki í neinu samræmi við aðrar atvinnugreinar, eða aðra háttsemi þegnanna, þar sem kveðið er á um sektir og eru dómstólar fullfærir um að kveða á um sektir, eins og hér er lagt til að refsiramminn verði. Að óbreyttri löggjöf geta dómstólar ekki hnikað frá lágmarkssekt að fjárhæð 400.000 kr. og er það óásættanlegt. Líta verður til þess að þeir sem hafa atvinnu sína af sjómennsku og fiskveiðum eru fæstir það fjáðir að ekki muni um 400.000 kr. í rekstri. Einyrkjar sem róa smábát án mikilla aflaheimilda finna þungt fyrir lögbundnum viðurlögum ef þeir teljast sekir um brot, hvort heldur er af ásetningi eða gáleysi. Ætíð verður það þó svo að dómari sem dæmir í máli getur litið til alvarleika brots og hagsmuna sem það varðar þegar hann ákveður viðurlög. Er því tilgangur þessarar lagabreytingar að koma í veg fyrir að smávægilegar yfirsjónir kosti viðkomandi 400.000 kr. heldur geti dómstólar litið á hvert mál fyrir sig og ákveðið viðurlög innan rýmri refsiramma en nú er heimilt.

218. Skýrsla [216. mál]

iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Hér með leggur iðnaðarráðherra fram á Alþingi skýrslu um framvindu stefnumótandi áætlunar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meginþáttum byggðaáætlunarinnar, hvaða aðgerðum stjórnvöld hafa staðið fyrir í því skyni að ná markmiðum hennar og lagt mat á hvernig til hefur tekist.

Meginþættir byggðaáætlunar.

Alþingi samþykkti eftirfarandi ályktun 3. maí 2002:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.
c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.
e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.“

Lagt var til að þær aðgerðir sem beitt yrði til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar byggðust á eftirtöldum meginstoðum: Traustu og fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum byggðarlögum, aukinni þekkingu og hæfni, bættum samgöngum og áherslu á sjálfbæra þróun.

Byggðaáætlunin hefur tólf stefnumarkandi áherslusvið:

1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi.
2. Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum.
3. Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs.
4. Stefnumótun innan atvinnugreina með framleiðslustýringu.
5. Efling sveitarfélaga.
6. Búsetuskilyrði.
7. Starfsskilyrði atvinnuveganna.
8. Mikilvægi menningar.
9. Efling Akureyrar sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland.
10. Bættar samgöngur.

11. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.
12. Aukið alþjóðlegt samstarf.

Samþykkt Alþingis fylgdu tillögur um aðgerðir í tuttugu og tveimur liðum til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Aðgerðirnar eru ekki tæmandi og taka ekki til allra þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í framangreindum stefnumarkandi áherslusviðum. Tiltekin ráðuneyti eða Byggðastofnun bera ábyrgð á framkvæmd hverrar aðgerðar. Til þess að tryggja sem best framgang áætlunarinnar var skipuð sérstök verkefnastjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni. Hana skipa fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Hlutverk verkefnastjórnarinnar er nánar tilgreint að fylgjast með framgangi verkefna samkvæmt tillögunum tuttugu og tveimur um beinar aðgerðir, upplýsa viðkomandi ráðuneyti um framgang byggðaáætlunar eins og þurfa þykir og beita sér eftir þörfum fyrir því að unnið sé að framgangi áætlunarinnar. Verkefnastjórnin skal gera iðnaðarráðherra grein fyrir framkvæmd og framvindu byggðaáætlunarinnar árlega.

Öflun efniviðar.

Skýrsla þessi var unnin þannig að iðnaðarráðherra fól Byggðastofnun haustið 2003 að taka saman þær upplýsingar sem hún hefði tiltækar um framkvæmd tillagnanna tuttugu og tveggja um aðgerðir, sem gerð er tillaga um í byggðaáætlun. Í kjölfarið óskaði iðnaðarráðherra eftir nánari upplýsingum frá þeim ráðuneytum, sem fulltrúa eiga í verkefnisstjórn um framvindu byggðaáætlunarinnar, auk forsætisráðuneytis. Bæði var óskað eftir að ráðuneytin greindu frá framvindu þeirra aðgerða sem þau eru ábyrg fyrir og að þau skiluðu eftir atvikum upplýsingum um aðrar aðgerðir sem unnið hefði verið að á þeirra vegum og tengdust meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Þessar upplýsingar voru teknar saman og þess að lokum farið á leit við Byggðastofnun að hún legði heildarmat á hvernig framkvæmd byggðaáætlunarinnar hefði undið fram, þar á meðal hvernig miðaði í átt að meginmarkmiðum áætlunarinnar. Jafnframt var í október 2004 leitað eftir frekari upplýsingum frá Byggðastofnun og ráðuneytum um framvindu byggðaáætlunar.

Heildarmat Byggðastofnunar á árangri.

Bréf Byggðastofnunar til iðnaðarráðherra, dags. 20. nóvember 2003, fer hér á eftir:

„Með bréfi dagsettu 4. nóvember 2003 fór iðnaðarráðuneytið þess á leit við Byggðastofnun að lagt verði heildarmat á hvernig miðað hafi í átt að meginmarkmiðum stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Ljóst er að framkvæmd er hafin við flestar þær aðgerðir sem upp var lagt með í byggðaáætlun fyrir 2002–2005. Jafnframt hefur á ýmsum sviðum verið unnið að því af hálfu stjórnvalda að efla og bæta starfsskilyrði atvinnulífsins og búsetuskilyrði fólks á landsbyggðinni.

Meginmarkmið byggðaáætlunar eru fimm og eru nokkuð almennt orðuð, þannig að það er vandkvæðum bundið að leggja sjálfstætt mat á einstaka þætti. Almennt er þó hægt segja að unnið sé að fjölmörgum verkefnum, sem tengjast áhersluatriðunum fimm.

Annað atriði sem skapar vanda við mat er að einungis hluti af áætlunartímanum er liðinn og vinna því í mörgum tilvikum hafin, en henni ekki lokið. Eins og gefur að skilja mun árangur af framkvæmd byggðaáætlunar koma í ljós með vaxandi þunga eftir því sem líður á áætlunartímabilið.

Með byggingu raforkuvers við Kárahnjúka og samningum um byggingu álvers á Reyðarfirði er stigið eitt stærsta spor sem stigið hefur verið á síðari árum til að bæta lífskjör og

afkomumöguleika fólks á Austfjörðum þaðan sem fólksflótti hefur verið hvað mestur á undanförnum árum. Þessi framkvæmd hefur nú þegar haft mjög mikil áhrif á atvinnuástand og íbúaþróun á Austurlandi þó svo hún sé rétt farin af stað.

Þá hefur ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar 2003 um sérstakt 700 millj. kr. framlag til þess annars vegar að leggja fram hlutafé í sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum í skýrum vexti og hins að styðja rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna til að styðja grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar augljós áhrif til að bæta starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni.

Sérstakt átak sem ákveðið var að ráðast í til að flýta samgöngubótum sem ríkisstjórnin ákvað er til þess fallið að draga úr mismun á lífskjörum fólks og bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni. Hér er ástæða til að benda á að samkvæmt áliti Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnunar Íslands þá eru samgöngubætur sú aðgerð sem best er til þess fallin að bæta afkomu og lífskjör íbúa á landsbyggðinni.

Sérstök byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð hefur að markmiði að efla búsetu á Norðurlandi og hafin er vinna við byggðaáætlun fyrir Vestfirði, þar sem stefnt er að eflingu byggðar vestra. Uppbygging Háskólans á Akureyri og rannsóknarstarfs honum tengt hefur haft mjög mikil og jákvæð áhrif á byggðaþróun á Akureyri. Hið sama má segja um uppbyggingu framhaldsnáms víðar á landinu.

Samningar um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni munu gera almenningi auðveldara að rækta menningu sína og auðga þar með þjóðlífið.

Það er mat stofnunarinnar að skýrslan lýsi framkvæmd áætlunarinnar með fullnægjandi hætti og að samkvæmt henni sé vinna við flesta liði í viðunandi farvegi. Hins vegar verður ekki hægt að meta árangur að fullu fyrr en að áætlunartímabilinu lýkur.“

Framvinda aðgerða sem lagðar eru til í byggðaáætlun.

1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Framkvæmd. – Impra nýsköpunarmiðstöð.

Impra nýsköpunarmiðstöð tók til starfa á Akureyri í desember 2002. Nýsköpunarmiðstöðinni er ætlað að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi og atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Iðnaðarráðuneytið fól Iðntæknistofnun Íslands að setja nýsköpunarmiðstöðina á stofn og reka hana til 31. desember 2005. Helstu verkefni nýsköpunarmiðstöðvar frá opnun eru þessi:

Stuðningsverkefni fyrir fyrirtæki í rekstri:

a. Verkefnið „Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum“. Markmið að bæta árangur í rekstri, auka þekkingu og gera fyrirtæki hæfari til að takast á við nýjungar, fjórtán fyrirtæki hafa tekið þátt í verkefninu, níu hafa lokið því og fimm fyrirtæki munu ljúka verkefninu í byrjun árs 2005.
b. „Vöruþróun í starfandi fyrirtækjum“. Tuttugu og sex fyrirtæki hafa tekið þátt í verkefninu við þróun jafnmargra nýrra vörutegunda. Ellefu fyrirtæki hafa nú þegar lokið sínum verkefnum og sett vörur á markað og 15 fyrirtæki munu væntanlega ljúka sínum verkefnum í lok ársins 2004.
c. Verkefnið „Skrefi framar“ hefur að markmiði að styðja fyrirtæki til að afla sér ráðgjafar og byggja upp þekkingu til að auka veltu og arðsemi, 20 fyrirtæki hafa tekið þátt í verk-

efninu, ellefu hafa lokið því nú þegar og 8 munu ljúka því fyrir áramót 2004/2005 og eitt á miðju ári 2005.

d. Verkefnið „Hagnýt viðmið“ fyrir meðalstór fyrirtæki hefur verið rekið á landsvísu til að gefa fyrirtækjum færi á að meta rekstur sinn í samanburði við það besta sem gerist í Evrópu.
e. Fjögur hagnýt leiðbeiningarrit hafa verið gefin út og dreift til atvinnuráðgjafa, fyrirtækja og frumkvöðla um allt land: Vöruþróun, Gæðahúsið, Markaðsmál, Verkefnastjórnun. Fimmta leiðbeiningarritið, Klasar verður gefið út í lok október 2004.
f. Búið er að setja upp verkáætlun um þróun netsamstarfsverkefna/klasa, m.a. í samstarfi við Byggðastofnun og mun vinna samkvæmt þeirri áætlun hefjast í nóvember 2005.

Stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla:

a. Vaxandi eftirspurn er eftir handleiðslu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Unnið hefur verið að gerð nýs upplýsingaefnis fyrir frumkvöðla.
b. Gagnvirk handleiðsla er ný þjónusta sem opnuð verður á internetinu í nóvember. Upplýsingaefni, fræðsla og hagnýt rekstrartæki fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.
c. Brautargengi er fimmtán vikna námskeið fyrir konur til að hvetja þær til atvinnusköpunar og til að bæta rekstur fyrirtækja sem þær reka. Námskeiðinu lýkur með gerð viðskiptaáætlunar. Námskeiðið hefur verið haldið samtímis með hjálp fjarfundarbúnaðar á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum og á haustmánuðum 2004 er kennt á Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Alls hafa um 60 konur tekið þátt í verkefninu á landsbyggðinni.
d. Frumkvöðlaskólinn starfar á Akureyri. Kennt er á miðvikudögum og er náminu skipt í þrjú missiri. Fyrstu tvö byggjast á kennslu, en það þriðja á verkefnavinnu með frumkvöðlafyrirtæki. Nú þegar hefur hluti þátttakenda hafið rekstur/undirbúning að rekstri fyrirtækja.
e. Frumkvöðla- og handleiðslustyrkir styðja nýsköpunarhugmyndir einstaklinga og fyrirtækja. Styrkirnir eru til nýnæmisathugana, einkaleyfisumsókna, hönnunarverndar, viðskiptaáætlana, þróunar, prófana og annarra verkefna á frumstigi nýsköpunar.
f. Átak hefur verið gert í þátttöku örfyrirtækja í sjálfsmatsverkefninu „Hagnýt viðmið“ í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og Samtök iðnaðarins. Ólympíuleikar ungra frumkvöðla voru haldnir 18.–19. júní sl. í samstarfi við Career Scotland og fimmtán önnur þátttökulönd. Stefnt er á að halda undankeppni í öllum landsfjórðungum á árinu 2004 í því skyni að auka áhuga nemenda á aldrinum 15–18 ára á nýsköpun.

Þjónusta við atvinnuþróunarfélög:

a. Vinna er hafin við ellefu samstarfsverkefni Impru og atvinnuþróunarfélaganna.
b. Fiskur undir steini – markmið að útbúa leiðbeiningarefni og rekstrarlíkan um stofnun og rekstur smábáta og minni fiskvinnsla fyrir atvinnuráðgjafa(Vestfirðir og Norðurland eystra).
c. Nýsköpunarnám fyrir grunnskóla á landsbyggðinni (Vestfirðir).
d. Námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja (Austurland).
e. Svæðisbundið ráðgjafaverkefni í fyrirtækjum (Vesturland).
f. Þarfagreining á upplýsinga- og hugbúnaðarþörfum atvinnuþróunarfélaganna.
g. Þróun verkskráningarkerfis fyrir atvinnuþróunarfélögin.
h. Reiknilíkan og leiðbeiningarefni fyrir lítil ferðaþjónustufyrirtæki.
i. Gagnabanki og leiðbeiningar um fjármögnun og stoðkerfi atvinnulífsins.

j. Gæðalíkan í ferðaþjónustu – námskeið (Vestmannaeyjar).
k. Reiknilíkan og leiðbeiningar fyrir smáiðnað og handverk.
l. Gagna- og verkfæragrunn fyrir atvinnuþróunarfélög var opnaður á internetinu í desember 2003.
m. Námskeiðið „Hlutverk ráðgjafans“ var haldið fyrir atvinnuráðgjafa í október. Alls sóttu 32 atvinnuráðgjafar alls staðar að af landinu námskeiðið.
n. Impra stóð að haustfundi atvinnuráðgjafa í samstarfi við Byggðastofnun í október.
o. Starfsmaður á Akureyri tekur þátt í þremur Evrópuverkefnum til þess að byggja upp þekkingu á Evrópusamstarfi á Akureyri og til þess að leggja sérstaka áherslu á þátttöku fyrirtækja á landsbyggðinni í Evrópuverkefnunum. Markmið tveggja verkefnanna er að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í rannsóknarverkefnum, koma þeim í tengsl við evrópsk fyrirtæki, hvetja til tækniyfirfærslu og betri nýtingar á upplýsingatækni í rekstri. Markmið þess þriðja er að efla frumkvöðlakraft ungs fólks á landsbyggðinni en verkefnið er unnið í samstarfi við Samband sveitarfélaga á Vesturlandi, m.a. með stuðningi Byggðastofnunnar.

Nýir samningar Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin.

Hinn 14. febrúar 2003 voru undirritaðir nýir samningar Byggðastofnunar við átta atvinnuþróunarfélög um verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar. Með nýju samningunum er nánar kveðið á um verkefni félaganna, greiðslur og greiðslufyrirkomulag. Er tilgangurinn sá að gera samningana markvissari og gegnsærri. Jafnframt því að gerðir voru nýir samningar við félögin þá voru greiðslur til þeirra hækkaðar frá því sem verið hafði. Voru framlög til atvinnuþróunarfélaganna á árinu 2003 samtals 115 millj. kr. en voru á árinu 2002 103 millj. kr. Þessi hækkun var möguleg meðal annars með því að Byggðastofnun tók á sig allnokkra hækkun framlaga til félaganna umfram fjárveitingu til þeirra á fjárlögum. Á árinu 2004 eru framlög 120,8 millj. kr.

Atvinnuþróunarfélögin gegna ákaflega veigamiklu og nauðsynlegu hlutverki hvert á sínu starfssvæði. Markmið langflestra félaganna er að efla atvinnulíf og stuðla að bættum búsetuskilyrðum á starfssvæðinu. Sömuleiðis hafa flest félögin á stefnuskránni að vinna að nýsköpun og nýjungum í atvinnurekstri. Þessi markmið fara ágætlega saman við þau markmið sem sett eru fram í 1. gr. þeirra samninga sem nú eru í gildi við atvinnuþróunarfélögin. Þar segir að markmið samningsins sé að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs, bæta almenn búsetuskilyrði, uppbygging og miðlun þekkingar og að Byggðastofnun og aðrar stofnanir hafi sem öflugastan samstarfsaðila. Fram kemur í 2. gr. samningsins að forsendur hans séu lög og reglugerð um Byggðastofnun. Í 3. gr. er tiltekið að atvinnuþróunarfélag vinni að; atvinnu- og byggðaþróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, búsetuþáttum, upplýsingaöflun, endurmenntun, samstarfi og verkefnasamningum. Í 4. gr. kemur fram að hlutverk Byggðastofnunar sé að veita faglega aðstoð, vinna að samræmingu og tengslum og hafa umsjón með fundum og ráðstefnum. Í 5. og 6. gr. eru ákvæði um fjármögnun og greiðslur. Flest félögin eiga þess kost að fá greiddar rúmlega 16 millj. krónur í gegnum Byggðastofnun á ári. Í 7. gr. eru ákvæði um eftirfylgni og kemur þar fram að félögin hafa verulega upplýsingaskyldu við Byggðastofnun. Loks eru í 8. gr. ákvæði um að samningurinn sé uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara og að Byggðastofnun skuli hafa frumkvæði að endurskoðun á tveggja ára fresti.

2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Framkvæmd.

Haldnir hafa verið fundir fulltrúa Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Orkusjóðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Byggðastofnunar þar sem aðilar hafa skipst á upplýsingum. Ákveðið er að hafa slíka fundi með reglulegum hætti þannig að samráðsvettvangurinn verði virkur í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli aðila og skilgreina sameiginlega aðkomu að verkefnum í þeim tilvikum sem um slíkt er að ræða. Það er álit Byggðastofnunar að fenginni reynslu að samstarf þetta þurfi að vera með formlegum hætti á reglulegum samráðsvettvangi. Ekki er nægilegt að einungis forstjórar og stjórnarformenn viðkomandi sjóða hittist, heldur þarf að vera virkt samstarf á milli almennra starfsmanna einnig. Þar verði miðlað upplýsingum um verkefni hinna ýmsu sjóða og stofnana, og teknar ákvarðanir um frekara samstarf eftir því sem tilefni eru til. Hugmyndin er að formlegir fundir séu haldnir tvisvar á ári, en vænta má að óformlegt samstarf og upplýsingamiðlun sé mun tíðari.

3. Stækkun og efling sveitarfélaga.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um að vinna markvisst að því að stækka sveitarfélögin í landinu á næstu árum. Þetta verði m.a. gert með hækkun á lágmarksíbúatölu samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Jafnhliða verði reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytt til að þær stuðli markvisst að þessari þróun. Má þar nefna að tekjuhá sveitarfélög greiði til sjóðsins, einnig að framlög úr sjóðnum verði byggð á almennum reglum en í minna mæli á því hvernig sveitarfélögin leysa verkefnin af hendi. Samhliða þessu verði undir forustu félagsmálaráðuneytisins unnið áfram að því að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga markvissari og breyta tekjustofnum sveitarfélaga til samræmis við breytt verkefni.

Markmið.

Að efla sveitarstjórnarstigið, treysta sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga, gera stjórnsýslu þeirra markvissa, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði. Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu.

Ábyrgð á framkvæmd.

Félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Félagsmálaráðherra hefur skipað verkefnisstjórn vegna átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins, sem hefur þegar tekið starfa. Jafnframt hefur ráðherra skipað nefnd sem gera á tillögur um nýja sveitarfélagaskipan, auk nefndar um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og sveitarfélagaskipan. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með átakinu og tryggir nauðsynlegt upplýsingastreymi milli verkefna. Störfum nefndanna er þannig hagað að atkvæðagreiðslur um sameiningartillögur geti farið fram vorið 2005.

Þann 1. október var fulltrúum í tekjustofnanefnd fjölgað um tvo. Þar eiga nú sæti sex fulltrúar, þrír fulltrúar sveitarfélaga og þrír fulltrúar ríkisins.

Verkefnisstjórnin hefur lagt fram tillögur til félagsmálaráðherra um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að treysta sveitarstjórnarstigið og efla

sjálfsforræði byggðarlaganna. Haft var að leiðarljósi að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýr, þannig að ábyrgð á fjármögnun og stefnumótun sé á sömu hendi.

Í tillögum sínum leggur verkefnisstjórnin mesta áherslu á að nærþjónustuverkefni á sviði velferðarmála verði flutt frá ríki til sveitarfélaga. Í þeim efnum er áhersla lögð á málefni fatlaðra og aldraðra, grunnheilbrigðisþjónustu og vinnumiðlun og ráðgjöf. Auk þess leggur verkefnisstjórnin til að framkvæmd opinbers eftirlits fari í auknum mæli fram á vegum sveitarfélaga.

Sameiningarnefnd hefur lagt fram fyrstu tillögur að breytingum á sveitarfélagaskipan. Þær tillögur eru ekki endanlegar, heldur hafa sveitarstjórnir og íbúar tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum til nefndarinnar. Nefndin mun í kjölfarið leggja fram sínar lokatillögur, sem verða bindandi, og um þær verður kosið 23. apríl 2005.

Við tillögugerðina lagði nefndin áherslu á að sveitarfélögin í landinu myndi heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði og verði nægilega öflug til að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

Gangi tillögur nefndarinnar eftir, ásamt þeim sameiningarviðræðum sem nú þegar eru hafnar, gæti sveitarfélögum fækkað úr 103 í 39 á næsta ári. Sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa fækkar mikið samkvæmt tillögunum, eða úr 71 sveitarfélagi í 13. Meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi myndi hækka úr um 2.800 íbúum í um 7.600 íbúa að meðaltali.

Nefnd um endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skilaði tillögum sínum til félagsmálaráðherra í september 2002. Jöfnunarsjóðskafla laga um tekjustofna sveitarfélaga var breytt í desember 2002 og ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tók gildi í febrúar 2003, þar sem tekið er fullt tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í byggðaáætlun. Þess má vænta að frekari breytingar verði gerðar á jöfnunarsjóðnum á grundvelli tillagna tekjustofnanefndar, sem enn er að störfum.

4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Framkvæmd.

Forsætisráðherra fór þess á leit í janúar 2003 að Halldór Blöndal, forseti Alþingis, og Magnús Stefánsson þingmaður yrðu með sér í ráðum um framkvæmd þessarar aðgerðar byggðaáætlunar og færu yfir með ráðherrum hvaða verkefni og störf hefðu verið færð til landsbyggðarinnar eða áform væru um að færa þangað. Þeir skiluðu skýrslu sinni til forsætisráðuneytisins í nóvember 2003. Í skýrslunni kemur m.a. fram að í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar hafi komið fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gæfust til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði. Skýrsluhöfundar benda á að því séu ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum geti orðið. Í því sambandi vilja þeir að áhersla verði einkum lögð á eftirfarandi:

- Að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni þar á meðal frá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi megi m.a. nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur.
- Að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar. Beina beri athygli sérstaklega að einum byggðarkjarna í hverjum landsfjórðungi sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi beri einkum að hyggja að eflingu menntastofnana og sjúkrahúsa. Jafnframt sé mikilvægt að styrkja þá vísa að rannsóknastarfsemi sem byggðir hafa verið á landsbyggðinni með fjölgun verkefna og samstarfi fleiri stofnana.

Forsætisráðherra mun í framhaldi af þessari skýrslu vinna áfram að gerð tillagna að áætlun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni. Að því er stefnt að slík tillaga liggi fyrir á næstu mánuðum.

5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks og 6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á búsetuskilyrðum fólks og fyrirtækja í landinu. Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni „Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni“ sem kom út í mars 2003.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er verið að kanna möguleika á að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Vinnan byggist á tillögum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í kjölfar umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um flutningskostnað haustið 2001 og greinargerð Byggðastofnunar sem unnin var í framhaldinu.

7. Byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð.

Meginhugmynd.

Að ríkið og sveitarfélögin vinni saman að gerð byggðaáætlunar um það hvernig megi styrkja byggð við Eyjafjörð svo fólki fjölgi þar á næstu árum um a.m.k. 2–3% á ári og að atvinnulíf og menningarlíf eflist. Unnið verði að eflingu Akureyrar sem skólabæjar og menningarmiðstöðvar, svo og að eflingu ferðaþjónustu, fiskeldis og fleiri atvinnugreina á svæðinu. Einnig verði unnið að flutningi starfa og verkefna í opinberri þjónustu til svæðisins, t.d. á sviði sjávarútvegs í tengslum við uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarhúss við Háskólann á Akureyri. Þá felast margvísleg sóknarfæri í að efla starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Markmið.

Að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins og styrkja þannig jafnframt byggð á Mið-Norðurlandi. Mikilvægt er í því sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf á staðnum og dregur fólk að.

Ábyrgð á framkvæmd.

Iðnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra skipaði í október 2002 fimm manna verkefnisstjórn um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að gera tillögu til ráðherra um stefnumörkun byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð. Miðað var við að nefndin lyki störfum eigi síðar en við lok ársins 2004. Nefndin skilaði af sér lokaskýrslu og tillögum í apríl 2004.

Í niðurstöðum skýrslu verkefnisstjórnar um byggðaáætlun Eyjafjarðar, er lagt til að gerður verði svokallaður Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæði frá 2004 til 2007 sem byggist á nýjum aðferðum við að styrkja hagvöxt einstakra svæða. Samningurinn taki mið af sambærilegum aðferðum, sem best hafa tekist erlendis. Einnig er að finna m.a. 20 forgangstillögur. Margar

af þessum tillögum bera merki um nýjungar svo sem er varðar háskóla Sameinuðu þjóðanna, líftækninet, stjórnsýslu fiskeldismála, endurbætur í samgöngumálum, aðkomu OECD að byggðamálum og svo mætti halda áfram.

Tillögur skýrslunnar eru um margt nýjung á sviði byggðamála hér á landi, ekki síst hvað varðar uppbyggingu í formi svokallaðs vaxtarsamnings þar sem lögð er áhersla á klasa á sviði mennta og rannsókna, á heilsusviði, ferðaþjónustu og á sviði matvæla. Tillögurnar taka mið af sambærilegum áherslum víða erlendis í fjölmenni eða fámenni, þar sem lögð er aukin áhersla á að efla byggðakjarna með markaðstengdum aðgerðum þar sem atvinnulíf ber uppi hagvöxt svæðisins.

Það er mat verkefnisstjórnar að Eyjafjarðarsvæðið eigi sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir og að fyrir árið 2020 verði íbúatala Eyjafjarðarsvæðisins um 30.000.

Rúmlega 40 aðilar störfuðu í sjö mismunandi starfshópum á vegum verkefnisstjórnarinnar, þar sem komu að hinir ýmsu aðilar m.a. frá öðrum ráðuneytum og stofnunum þeirra, atvinnulífi, launþegum, sérfræðingar, o.fl. Einnig voru fengnir erlendir sérfræðingar til landsins og farnar voru kynnisferðir erlendis. Jafnframt hafði verkefnisstjórnin samvinnu við bæjaryfirvöld og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu og nálægum byggðarlögum.

Á grunni skýrslunnar var strax hafist handa á vegum ráðuneytisins við að útfæra nánar tillögur að Vaxtarsamningi í nánu samráði við viðkomandi aðila á Eyjafjarðarsvæðinu. Þann 5. júlí sl. eða einungis þremur mánuðum eftir kynningu skýrslunnar var skrifað undir Vaxtarsamning á milli helstu aðila á Eyjafjarðarsvæðinu og iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, fyrir hönd iðnaðarráðuneytisins og stjórnvalda.

Heildarfjármagn til reksturs samningsins þessi tæp fjögur ár er áætlað 177,5 millj. kr. þar af kemur um helmingur frá sveitarfélögum á svæðinu, einkaaðilum og stofnunum og um helmingur frá stjórnvöldum.

Þannig leggur iðnaðarráðuneytið fyrir hönd stjórnvalda til 90 millj. kr. þar sem byggt er á fjárheimildum innan ramma byggðaáætlunar sem þegar eru fyrir hendi fyrir árin 2004–5 og væntanlegri byggðaáætlun fyrir árin 2006–2007, með fyrirvara um samþykki Alþingis. Mótframlag að upphæð 87,5 millj. kr. verður fjármagnað af öðrum aðilum samningsins þ.e. Akureyrarbæ, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar fyrir hönd sveitarfélaga í Eyjafirði, Byggðastofnun, Háskólanum á Akureyri, Iðntæknistofnun Íslands, Kaupfélagi Eyfirðinga, Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi og Útflutningsráði Íslands. Framlag stofnana verður að mestu í formi sérfræðivinnu. Auk framangreindra þessara aðila eru stéttarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu aðilar að samningnum.

Stjórn og starfsemi á vegum Vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðisins hefur þegar tekið til starfa.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Meginhugmynd.

Í maí sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999 og lögum um rannsóknir í þágu atvinuveganna, nr. 65/1965, sem fela það í sér að stofnanirnar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum eru sameinaðar í eina stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Hin nýja stofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun sem hefur það markmið að veita fræðslu, hagnýta starfsmenntun, símenntun og

háskólamenntun studda öflugum rannsóknum, fyrir samkeppnishæfan og fjölþættan landbúnað sem byggist á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda landsins.

Hólaskóli.

Hólaskóli er mennta- og rannsóknastofnun sem býður nemendum hagnýtt nám á sviði hestamennsku, fiskeldis og ferðaþjónustu í dreifbýli. Meginmarkmið Hólaskóla er að styðja nýsköpun, framþróun og vöxt í þessum atvinnugreinum þannig að þær geti orðið mikilvægar í atvinnulífi dreifbýlis. Þetta gerir Hólaskóli með öflugu mennta- og rannsóknarstarfi, sem býr einstaklinga undir þátttöku í atvinnulífinu, sjálfstæð vísindastörf eða frekara háskólanám.

Markmið.

Að efla rannsókna- og fræðslustofnanir landbúnaðarins í átaki til eflingar landbúnaði og atvinnulífi í sveitum almennt.

Ábyrgð á framkvæmd.

Landbúnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Landbúnaðarháskóli Íslands tekur formlega til starfa 1. janúar 2005. Fram að þeim tíma starfa núverandi stofnanir í óbreyttu formi en heildarfjöldi nemenda við skólann er nú 272 og starfsmenn eru um 140.

Í apríl 2003 setti landbúnaðarráðherra reglugerð sem gerir Hólaskóla meðal annars kleift að starfa sem háskólastofnun. Þetta gerir skólanum kleift að brautskrá nemendur með háskólapróf. Við skólann eru starfræktar ferðamáladeild, fiskeldisdeild og hrossaræktardeild.Nemendur við Hólaskóla eru nú um 90 og stöðugildi við skólann 47.

9. Efling fiskeldis.

Framkvæmd.

Fiskeldi fellur undir tvö ráðuneyti, eldi sjávardýra undir sjávarútvegsráðuneyti og eldi ferskvatnsfiska undir landbúnaðarráðuneyti. Á vegum þessara ráðuneyta er starfandi sérstök sameiginleg nefnd, fiskeldisnefnd, sem er til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó.

Á árinu 2001 til 2002 var unnið verkefnið „Þorskeldi á Íslandi: Stefnumótun og upplýsingabanki". Um var að ræða samstarfsverkefni sjávarútvegsráðuneytis, auðlindadeildar Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegsfyrirtækja. Meginmarkmið verkefnisins voru að meta samkeppnishæfni þorskeldis á Íslandi, móta stefnu í rannsókna- og þróunarvinnu og afla og miðla upplýsingum um þorskeldi. Hópurinn skilaði skýrslu sem lögð er til grundvallar við stefnumótun á þessu sviði.

Sjávarútvegsráðherra hefur stofnað sérstakan sjóð, AVS-sjóð, sem ætlað er að standa á bak við átak til að auka virði íslenskra sjávarafurða. Á vegum sjóðsstjórnar er starfandi sérstakur fiskeldishópur sem m.a. fer með söfnun upplýsinga, samhæfingu, kynningu og stefnumótun varðandi eldi sjávardýra. Á undanförnum árum hefur sjávarútvegsráðherra árlega veitt sérstaka styrki til fiskeldisrannsókna.

Árið 2002 var unnin fyrir sjávarútvegsráðherra skýrsla um uppbyggingu seiðaeldis á þorski á Íslandi. Í samræmi við tillögur skýrslunnar og álit fiskeldishópsins var unnið að því að fá helstu aðila sem hafa áhuga á þorkseiðaeldi til samstarfs um uppbyggingu einnar stöðvar. Nú hefur verið stofnað fyrirtæki í eigu fjögurra aðila um rekstur seiðaeldisstöðvar á Stað í Grindavík. Þar munu m.a. fara fram rannsóknir er miða að kynbótum á eldisfiski.

Landbúnaðarráðuneytið hefur lagt áherslu á bleikjueldi, en Íslendingar þykja leiðandi á því sviði í heiminum. Útflutningsverðmæti bleikjuafurða er nú um 600 millj. kr. á ári og er gert ráð fyrir verulegri aukningu á næstu árum. Leggja þarf sérstaka áherslu á öflugt markaðsstarf fyrir bleikjueldið.

Laxeldi hefur verið leyft í nokkrum fjörðum á Austurlandi og fer mest af framleiðslu eldislax fram í þeim landshluta en annað fiskeldi víða um land.

Fiskeldi er víða umtalsverður atvinnuþáttur og nefnir landbúnaðarráðuneytið sem dæmi að í Öxarfirði og Kelduhverfi hafi fiskeldisframleiðsla skapað mikla atvinnu í héraði þar sem dregið hefur úr hefðbundnum landbúnaði eins og víða annars staðar, og svo megi segja um fleiri héruð.

Helmingi af andvirði Steinullarverksmiðjunnar eða sem samsvarar 105 millj. kr. hefur verið varið til tveggja verkefna á sviði fiskeldis, en samkvæmt lögum nr. 57/2002, um breytingar á lögum um steinullarverksmiðju, skyldi helmingur söluandvirðis verksmiðjunnar renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem ættu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ákveðið var að veita annars vegar 35 millj. kr. til Sægulls ehf., til að ljúka tilraunum við barraeldi í samvinnu við Nýsköpunarsjóð, og hins vegar 70 millj. kr. til fiskeldisrannsókna við Hólaskóla.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Framkvæmd.

Umtalsverður kostnaður er við að leggja ljósleiðara til allra lögbýla í dreifbýli og fjarskiptafyrirtæki telja það ekki arðbæra fjárfestingu miðað við núverandi tækni og markaðsaðstæður. Innan Símans er verið að kanna möguleika á háhraðasambandi í dreifbýli eftir hagkvæmari leiðum. Landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti hafa undanfarin misseri unnið saman innan verkefnisins Upplýsingatækni í dreifbýli (UD) að því að leita leiða til að auka og bæta gagnaflutningsmöguleika í dreifðari byggðum landsins. Í október 2003 var undirritaðir samningur milli Símans og UD um útbreiðslu ISDN-tenginga í dreifbýli. Undanfarin missiri hefur flutningsgeta grunnnetsins verið stórbætt. Nú er svo komið að einungis 65–70 býli á landinu öllu hafa ekki möguleika á ISDN. Síminn vinnur að áætlun með því markmiði að bjóða öllum lögbýlum ISDN samband með nýrri og endurbættri tækni.

Í ársbyrjun 2004 skipaði samgönguráðherra stýrihóp til að vinna að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Með henni er stefnt að því að móta heildarstefnu í fjarskiptamálum á Íslandi, til þess m.a. að kortleggja með hvaða hætti stjórnvöld geta komið að frekari uppbyggingu í fjarskiptamálum þar sem fjarskiptafyrirtækin telja að ekki séu markaðsforsendur fyrir uppbyggingu.

Stýrihópnum er m.a. ætlað að skoða og gera tillögur um stefnu stjórnvalda er varðar gagnaflutningstengingar á landsbyggðinni, farsímasamband á þjóðvegum og fleira. Miðað er við að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 2004.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Framkvæmd.

Í leyfisbréfi Landssímans og samkomulagi fyrirtækisins við samgönguráðherra frá 16. mars 2001 er tryggð stórfelld uppbygging ATM-gagnaflutningsneta og ADSL-þjónustu, auk þess sem framtíð NMT, langdræga farsímakerfisins, er tryggð. Í kjölfar samkomulagsins kynnti Landssími Íslands hf. aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar á gagnaflutningsþjónustu og til að ná fram markmiðum um aukna gagnaflutningsþjónustu við almenning

og atvinnulíf í landinu. Í áætlunum fyrirtækisins felst stórfelld verðlækkun og aukin þjónusta um allt land. Landssíminn skuldbatt sig til fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að tveggja megabita samböndum yfir ATM-netið eða sambærilegri þjónustu á verði, sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram 17.000 kr. á mánuði.

Landssíminn hefur þegar uppfyllt ákvæði ATM samningsins. Nú býðst 2 Mb/s ATM samband á öllum þéttbýlisstöðum með 150 íbúa eða fleiri, alls 69 þéttbýliskjarnar. Auk þess hafi 2 Mb/s sambandi eða stærra verið komið upp á þeim skólasetrum sem samningurinn tiltók, og víðar. Einnig er verðskrá fyrir ATM 2 Mb/s innan ákvæða samningsins. Þessu til viðbótar að innan og milli 20 þéttbýliskjarna gildi sama verð, þ.e. ekki er tekið millisvæðagjald. Auk þess að á 40 stöðum þar sem ADSL þjónustu hefur verið komið á, bjóðist einnig svokölluð IP-tengileið sem kalla má jafngilda ATM tengileið og að innan og milli þessara 40 staða sé ekkert millisvæðagjald.

12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Meginhugmynd.

Menntamálaráðuneytið hefur mótað stefnu um „rafræna“ menntun og unnið að ýmsum verkefnum í þessum málaflokki. Lagt er til að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut sem ráðuneytið hefur markað. Í því sambandi er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarstöðva verði efld, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að kennsla á grunnskóla- og framhaldsskólastigi verði efld með nýtingu upplýsingatækni. Einnig að fólki hvar sem er á landinu verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.

Markmið.

Að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun á öllum stigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegu námi í fjarnámi en verklegu námi í heimabyggð. Þá hefur mikilvægi símenntunar aukist á undanförnum árum og þarf hún að standa almenningi til boða óháð búsetu.

Ábyrgð á framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti gerðu árið 2003 með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Í samkomulaginu er m.a. lögð áhersla á eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni. Upplýsingatækni verður nýtt til að efla símenntun og starfsmenntun á landsbyggðinni og stuðla að auknu námsframboði á öllum skólastigum. Einnig verður unnið að því að auka aðgengi að menningarefni frá ólíkum landsvæðum. Á grundvelli samkomulagsins munu ráðuneytin sameiginlega leggja fram að lágmarki 100 millj. kr. á ári í þrjú ár, samtals 300 millj. kr. í verkefni í ólíkum landshlutum. Fjármununum er ráðstafað til þessara verkefna á árinu 2004:

a. Háskólanámssetur á Egilsstöðum.
b. Fræðasetur á Húsavík.
c. Efling þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum.
d. Efling símenntunarstöðva um land allt.
e. Kjarnaskólar og framhaldsskólar á landsbyggðinni vegna starfsmenntunar.
f. Þróunarverkefni í grunnskólum í dreifðum byggðum á Vestfjörðum.

g. Þróun framhaldsskóla á Snæfellsnesi.
h. Háskólar vegna skipulags og þróunar námsframboðs í fjarkennslu.
i. Skráningarvinna í menningarstofnunum og miðlun menningarefnis.

Menntamálaráðuneyti leggur í upphafi árs 2005 fram áætlun um samstarfsverkefni ráðuneytanna til samþykktar iðnaðarráðuneytis. Menntamálaráðuneyti leggur í mars á hverju ári fram skýrslu þar sem lagt er mat á árangur verkefnanna. Í lokaskýrslu, sem menntamálaráðuneyti vinnur og leggja á fram í mars 2006 verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Meginhugmynd.

Hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvernig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu. Einnig hvernig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum.

Markmið.

Að skapa tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað ríkisstofnana og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti til dæmis 1–3 daga í viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast mun lengri vegalengd á vinnustað sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Fjarvinnsla eykur jafnframt möguleika fólks til „tvöfaldrar búsetu“, en hún hefur aukist á undanförnum árum. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk. Ef kostir fjarvinnslu verða hagnýttir fyrir umtalsverðan hluta vinnumarkaðarins er líklegt að það dragi úr umferð vegna færri ferða fólks til og frá vinnu og bjóði jafnframt upp á nýjar og hagkvæmar lausnir í skipulagsmálum. Loks má nefna að fjarvinnsla getur sparað ríkinu húsnæðiskostnað.

Ábyrgð á framkvæmd.

Fjármálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Verkefnið er tvíþætt. Fyrri þátturinn fjallar um fjarvinnu en það er þegar ráðningarsamband er milli vinnuveitanda og starfsmanns sem beitir upplýsingatækninni við vinnu sína fjarri reglulegri starfsstöð vinnuveitandans. Hluti ríkisstarfsmanna vinnur nú þegar með þessum hætti heima hjá sér, á ferðalögum eða annars staðar. Umfang fjarvinnu hefur ekki verið kannað hér á landi. Kannanir benda til að í ríkjum Evrópusambandsins hafi 13% vinnandi fólks unnið störf sín í fjarvinnu að einhverju marki árið 2002 og tvöfalt fleiri í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Fólki í fjarvinnu fjölgar ört á báðum þessum svæðum.

Vonir eru bundnar við aukna fjarvinnu hér á landi bæði í tengslum við byggðaáætlun og nýja stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið „Auðlindir í allra þágu“. Í þeirri áætlun er fjármálaráðuneytinu falið að vinna að náskyldu verkefni í samráði við umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga:

„Kannað verði hvernig megi nýta möguleika tækninnar í tengslum við byggðaþróun og fjölskyldustefnu og hvernig megi fækka ferðum almennings til og frá vinnu í samræmi við meginmarkmið Staðardagskrár 21.“

Úr því mál er varða fjarvinnu í tengslum við byggðaáætlun hafa verið tekin upp á víðtækari grundvelli í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið þykir rétt að áfram-

haldandi vinna við það fari fram á þeim vettvangi fremur en undir merkjum byggðaáætlunar. Drög að greiningu á helstu þáttum liggur að mestu fyrir en margt þarfnast enn frekari skoðunar, svo sem réttindi og skyldur starfsfólks í fjarvinnu, stjórnunarleg og félagsleg atriði, kostnaður og fjárhagslegur ávinningur, tölvu- og fjarskiptabúnaður og öryggismál. Þróun á þessu sviði hjá hinu opinbera hlýtur að haldast nokkuð í hendur við þróun á hinum almenna vinnumarkaði, enda sambærileg úrlausnarefni sem menn standa frammi fyrir á báðum stöðum.

Síðari þáttur verkefnis varðar aukin innkaup ríkisaðila á verkefnum sem unnin eru í fjarvinnslu af verktökum. Þessi þáttur fellur vel að innkaupastefnu ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2003–2006 sem fjármálaráðuneytið vinnur að og verkefni á sviði upplýsingasamfélagsins „Auðlindir í allra þágu“ sem er lýst þannig:

„Opinberir aðilar bjóði út ákveðna aðgerðakjarna, hugbúnaðarþróun, upplýsingatækniþjónustu og -rekstur þar sem því verður við komið og hagkvæmt þykir. Verkefni hins opinbera á að leysa þar sem þau eru best leyst, t.d. með því að einkafyrirtæki taki að sér verkefni ef hægt er að leysa þau betur þar. Þannig verði stefnt að auknum sveigjanleika í rekstri opinberra stofnana.“

Vegna þess að mál er varða aukin kaup á fjarvinnsluverkefnum í verktöku falla undir víðtækari stefnu ríkisstjórnarinnar um innkaup ríkisins er talið rétt að áframhaldandi vinna við þau fari fram á þeim vettvangi. Í framhaldi af samþykkt innkaupastefnunnar sendi fjármálaráðuneytið, haustið 2002, umburðarbréf til ráðuneyta og stofnana um að þær móti eigin innkaupastefnu á grundvelli innkaupastefnu ríkisins. Þessu hefur verið og verður fylgt eftir á ýmsan hátt á næstu misserum og í því sambandi m.a. litið til forverkefnis Iðntæknistofnunar frá árinu 1999 um Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni.

14. Verkefnið „rafrænt samfélag“.

Framkvæmd.

Efnt var til samkeppni um rafrænt samfélag í upphafi árs 2003. Byggðastofnun annaðist framkvæmd samkeppninnar, en byggðarlögum af landsbyggðinni gafst kostur á þátttöku. Þrettán byggðarlög tóku þátt í forvali samkeppninnar og á endanum valdi þriggja manna valnefnd, skipuð af iðnaðarráðherra, tvö þeirra til þátttöku í þróunarverkefni um rafrænt samfélag. Verkefnin eru annars vegar Sunnan 3 sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna Árborg, Hveragerði og Ölfus og hins vegar Virkjum alla sem er samstarfsverkefni Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar. Verkefnin hófust bæði s.l. vor með undirskrift samninga á milli Byggðastofnunar og viðkomandi byggðarlaga. Framlag ríkissjóðs til verkefnisins um rafrænt samfélag nemur samtals 120 millj. kr. og dreifist á þrjú ár. Framlag byggðarlaganna er nokkuð hærra, enda var skilyrði að framlag þeirra yrði a.m.k. jafnt framlagi ríkissjóðs.

15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Meginhugmynd.

Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í því sambandi er lagt til að stuðlað verði að þátttöku sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum og að Ísland taki þátt í Norðurslóðaáætlun ESB.

Markmið.

Að auka þátttöku landsbyggðarfyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi, en hún hefur verið fremur lítil. Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist veru-

lega á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar EES-samningsins. Íslendingar hafa náð mjög góðum árangri á sumum sviðum alþjóðlegs samstarfs, einkum með þátttöku í ramma-áætlunum Evrópusambandsins. Þá þurfa Íslendingar að fylgjast vel með stefnu annarra þjóða í byggða- og atvinnumálum og nýta sér þær hugmyndir sem líklegar eru til að geta gagnast í þeim málaflokkum hér á landi. Mikilvægt er að samþætta ólíkar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum, svo sem í samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum, félagsmálum og umhverfismálum. Í því sambandi er gagnlegt að draga lærdóm af reynslu annarra þjóða af samræmdri byggðastefnu.

Ábyrgð á framkvæmd.
Iðnaðarráðuneyti.
Framkvæmd.

Vorið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að **Norðurslóðaáætlun** ESB NPP (Northern Periphery Programme). Áætlunin nær til norðlægra svæða í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Skotlandi, en einnig til Grænlands, Færeyja og Íslands. Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður, með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þessum landshlutum. Reynt er að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja sé hindrun í samstarfi og framþróun byggða og atvinnulífs með það að markmiði að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best.

Áætlunin er rekin á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þar sem innsendar umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Með aukinni alþjóðavæðingu er sífellt mikilvægara að vinna að alþjóðlegum verkefnum til að auka samkeppnishæfni byggða og atvinnulífs. Framlag íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar eru 25 millj. á ári til ársins 2006. Heildarfjármagn áætlunarinnar er um 5 milljarðar íslenskra kr. fyrir árin 2001–2006. Einstök verkefni fá síðan stuðning, eftir mat sérfræðinga frá öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 40%–50% mótframlagi umsóknaraðila, þó að hámarki 70.000 evrur hvað íslensk verkefni varðar.

Nú þegar eru íslenskir aðilar þátttakendur í 14 verkefnum áætlunarinnar sem telja verður afar góðan árangur og sýnir um leið þau tækifæri sem bjóðast með verkefnum sem þessum, fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Í þessu sambandi er þess að geta að þegar er starfandi nefnd norrænna og skoskra aðila um svæðisbundin málefni er ber heitið *„Nordic-Scottish Co-operation Liaison Group"*, er fjallar um mögulegt samstarf, upplýsingamiðlun og verkefni sem nýtast kann þessum aðilum. Fundir þessara aðila hafa verið haldnir í tengslum við NPP fundi. Starf innan nefndarinnar hefur einnig snúið að því að auka möguleika þessara landa innan annarra og tengdra alþjóðlegra verkefna sem tengjast svæðinu á einn eða annan hátt. Nýlega vann skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði byggðamála, Nordregio, einnig skýrslu um möguleika og áherslur á þessu sviði, en skýrslan ber heitið „Trans-National Nordic-Scottish Co-operation – Lessons for Policy and Practice" og má finna á heimasíðu nefndarinnar *http://www.eprc.strath.ac.uk/nordic/projects.htm*

Ísland tekur einnig þátt í **Norrænu Atlantsnefndinni – NORA verkefninu** sem er skammstöfun sem stendur fyrir Nordisk Atlantsamarbejde. Nefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst vera hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæða-samvinnu. NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi. Formlegur umsóknarfrestur er einu sinni á ári og styrkir eru veittir

að undangengnu mati sérfræðinga – innan lands sem og í öðrum aðildarlöndum. Til að fá styrk þarf að vera um samstarfsverkefni á milli landanna að ræða.

Starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur-Noregur. Markmið NORA er að efla samstarf innan starfssvæðis NORA með því að styðja við atvinnu- og byggðaþróunarverkefni. Miðlun þekkingar og reynslu innan svæðisins er talin mikilvæg leið til að yfirvinna hindranir sem felast í miklum fjarlægðum og strjálbýli.

NORA hefur auglýst eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna einu sinni á ári, að jafnaði síðla vetrar og hafa umsóknir verið afgreiddar að vori. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500.000 dönskum kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta af kostnaði við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði og til að fá styrk þarf að vera um samstarfsverkefni á milli landanna að ræða.

Íslendingar eru þátttakendur í fjölmörgum verkefnum á vegum NORA og hefur árangur verið góður. Íslenskir aðilar eru meðal þátttakenda í margvíslegum verkefnum, svo sem verkefni vegna kortagagnagrunns um ferðaþjónustu, íþrótta- og menningarferðaþjónusta, þróun nýrra aðferða við kræklinga-, þorsk- og seiðaeldi, þróun á rafrænni afladagbók, þróun tækis til að afhausa smáan þorsk, þróun köfunarbáts til hafsbotnsrannsókna, framleiðsla sands til byggingariðnaðar, þróun jarðarberjaræktunar, ferðastyrkur vegna alþjóðlegs móts ungra leiðtoga í Nuuk, rannsókn á nýsköpunarumhverfi smárra samfélaga á norðurslóðum, í tengslum við UNESCO verkefnið MOST – CCPP, uppbygging tengslanets á meðal stofnana sem veita ráðgjöf til fyrirtækja í olíu og gasiðnaði, fiskiðnaði, fiskeldi og framleiðsluiðnaði og ferðastyrkur vegna alþjóðlegrar tískusýningar á Íslandi o.fl. Af þessari upptalningu má sjá að umsóknir og verkefni eru afar fjölbreytt. Árleg fjárveiting til NORA er um 4,3 millj. d. kr. sem Norræna ráðherranefndin leggur til og annar sú fjárveiting engan veginn eftirspurn verkefna.

Á fundum NORA hefur einnig verið fjallað um mikilvægi þess að útvíkka starf NORA í einni eða annarri mynd, (svo sem auknum tengslum, verkefnum, ráðstefnum) til landa í kringum Norður-Atlantshaf, þar sem efnahagsstarfsemi fyrirtækja, stofnana sem og menningarleg starfsemi er í vaxandi mæli að tengjast næstu svæðum, svo sem í Skotlandi, Shetlandi, Orkneyjum sem og á austurströnd Kanada. Einnig verður horft til stefnumörkunar Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem áhersla var einnig lögð á aukið samstarf og áherslur á vestnorræna svæðinu.

Byggðastofnun annast umsýslu NPP og NORA á Íslandi, en verkefnin heyra undir iðnaðarráðuneytið. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Byggðastofnunar.

16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið láti gera áætlun um hvernig hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs og fiskeldis með sérstakri áherslu á nýtingu aukaafurða. Gert verði yfirlit yfir allar þær aukaafurðir sem ekki eru nýttar og sett fram áætlun um hvernig hægt verði að nýta þær í framtíðinni. Stuðlað verði að samstarfi sjávarútvegsfyrirtækja, háskóla, sjóða og rannsóknastofnana um rannsóknir og frumkvöðlastarf á þessu sviði með sérstakri áherslu á líftækni og nýjar vinnsluleiðir.

Markmið.

Að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í sjávarútvegi og fiskeldi og stuðla þannig að sterkari stöðu til sjávar og sveita.

Ábyrgð á framkvæmd.

Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd sem var falið að koma með tillögur um hvernig auka mætti verðmæti sjávarfangs. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að miklir möguleikar séu á að auka nýtingu sjávarfangs, þar með talið aukaafurða og auka þannig verðmæti sjávarafurða. Í framhaldi af skýrslunni hefur sjávarútvegsráðherra stofnað AVS-rannsóknasjóð sem veitir styrki til rannsóknaverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs, efla nýsköpun í greininni og auka verðmæti sjávarfangs sem og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2005 er gert ráð fyrir sérstakri 200 millj. kr. fjárveitingu til verkefna sjóðsins. Á yfirstandandi ári hafa verið veittir styrkir til verkefna á sviði fiskeldis, líftækni, markaðsmála og vinnslu- og gæðamála. Sjóðstjórn hefur skipað fjóra starfshópa til að fjalla um einstök svið, meta verkefni og vera ráðgefandi aðilar.

Iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti hafa gert með sér samkomulag um að stefna að uppbyggingu öndvegissetura í auðlindalíftækni í tengslum við Háskólann á Akureyri. Unnið er að því að meta ávinning af því að öndvegissetrið verði stofnað og á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu matsins munu ráðuneytin vinna saman að uppbyggingu þess.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu.

Framkvæmd.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið að því að auka aðgengi almennings að menningarefni sem tengist tilteknum landsvæðum. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni hefur verið ákveðið að veita styrki til verkefna á landsbyggðinni sem felast í því að safna saman upplýsingum, heimildum, fróðleik og myndefni sem er að finna í menningarstofnunum um land allt og búa efnið til birtingar á netinu. Til þessa verkefnis er ráðstafað 15 millj. kr. á árinu 2003.

18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Framkvæmd.

Símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar í öllum landshlutum. Hlutverk þeirra er að efla símenntun með því að miðla námskeiðum og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni byggðarlaga. Símenntunarmiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki í að veita stoðþjónustu við nemendur og aðstöðu fyrir kennslu. Þannig hefur skapast grundvöllur fyrir frekari þjónustu vegna háskólanáms. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni voru settar á fót nefndir sem hafa skilað skýrslum til menntamálaráðherra um uppbyggingu Þekkingarseturs Þingeyinga á Húsavík, Háskólaseturs fyrir Austurland á Egilsstöðum og Þekkingarseturs á Ísafirði. Nú er að störfum nefnd sem á að móta skipulag og koma með tillögur um fjármögnun þekkingar- og háskólanámssetra á landsbyggðinni. Samtals er ráðstafað til þessara verkefna 41 millj. kr. á árinu 2004.

19. Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, tengsl við skipulagsvinnu sveitarfélaga og

markaðssetningu ferðaþjónustu í dreifbýli. Jafnframt verði stóraukin fræðsla og starfsmenntun í greininni. Þetta verði gert með fjárhagslegum stuðningi við þróunar- og markaðsstarf. Lögð sé áhersla á að uppbygging sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins.

Markmið.

Að tryggja markvissa uppbyggingu og sjálfbæra þróun greinarinnar, bæta arðsemi fjárfestinga hins opinbera og einkaaðila og auka samkeppnishæfi einstakra svæða á landsbyggðinni og efla þar með íslenska ferðaþjónustu almennt.

Ábyrgð á framkvæmd.

Samgönguráðuneyti.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra og samgönguráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Samkomulagið felur í sér að ráðuneytin munu sameiginlega vinna að verkefnum er lúta að eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni í samræmi við áherslur byggðaáætlunar. Ráðuneytin hafa beitt sér fyrir því að samtals 100 millj. kr. sé til ráðstöfunar til samstarfsverkefnanna á árunum 2003, 2004 og 2005, þar af 60 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Sex verkefni voru styrkt á grundvelli samkomulags iðnaðarráðherra og samgönguráðherra á árinu 2003. Á árinu 2004 voru verkefnin alls tíu talsins. Í ársbyrjun 2005 mun samgönguráðuneytið leggja fram áætlun um ný verkefni að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti. Samgönguráðuneytið hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna sem styrkt eru á grunni samkomulagsins og leggur í mars ár hvert fram skýrslu þar sem mat er lagt á árangurinn. Í lokaskýrslu, sem samgönguráðuneyti vinnur og leggur fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

Byggðastofnun og Félag ferðamálafulltrúa á Íslandi gerðu könnun um rekstrar- og starfsumhverfi upplýsingamiðstöðva árið 2003, en þær eru hluti af stoðkerfi ferðaþjónustunnar og gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu greinarinnar. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri í samstarfi við Ferðamálaráð Íslands unnu rannsókn á þolmörkum ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum. Umræddar skýrslur og rannsóknir eru mikilvæg tæki til að stuðla að frekari uppbyggingu greinarinnar. Lögð er áhersla á að auka fræðslu og starfsmenntun í greininni og í þeim tilgangi var í nóvember 2003 undirritaður samningur milli Byggðastofnunar og Ferðamálaráðs Íslands, en þessar stofnanir munu standa fyrir námskeiðum fyrir ferðaþjónustuaðila um rekstur ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Á árinu 2000 skilaði nefnd skipuð af samgönguráðherra skýrslunni *Heilsutengd ferðaþjónusta.* Í skýrslunni voru settar fram tillögur varðandi framtíð heilsutengdrar ferðaþjónustu hér á landi og hvernig best væri að standa að uppbyggingu hennar. Einnig skipaði samgönguráðherra nefnd sem skilaði af sér skýrslunni *Menningartengd ferðaþjónusta* sem kom út síðla árs 2001. Þá vann Ferðamálaráð Íslands skýrsluna *Auðlindin Ísland* að frumkvæði samgönguráðherra, en hún kom út árið 2002. Í skýrslunni er lögð áhersla á að kanna styrk einstakra svæða með tilliti til markhópa ferðamanna. Á grundvelli þessarar vinnu hefur samgönguráðherra látið gera ferðamálaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015 og mun leggja fram þingsályktunartillögu um áætlunina á yfirstandandi þingi.

20. Endurgreiðsla námslána.

Framkvæmd.

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna aflað upplýsinga frá Noregi um reglur um afslátt frá endurgreiðslu námslána sem gilda fyrir háskólamenntað fólk sem býr í nyrstu héruðum Noregs og nokkrum öðrum svæðum þar í landi. Einnig hefur verið tekið saman yfirlit yfir helstu atriði sem taka þyrfti afstöðu til verði hliðstæðar reglur teknar upp hér á landi. Athugunin hefur leitt í ljós að afsláttarreglur í Noregi eru töluvert flóknar og er talið líklegt að afsláttarreglur sem settar yrðu hér á landi yrðu jafnvel flóknari vegna þess að staðhættir eru ólíkir. Þá er talið að eftirlit með reglunum geti orðið kostnaðarsamt, feli reglurnar í sér að gert verði upp á milli fólks eftir því t.d. hvar það á lögheimili, hvar á landinu það stundar vinnu, á hvaða aldri það er, í hvaða skóla það hefur stundað nám og hvort það vinnur störf sem krefjast háskólamenntunar. Ekki hefur verið lagt mat á hugsanlegan ávinning og kostnað af slíkum afsláttarreglum verði þær settar. Áfram verður unnið að athugun á málinu.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Meginhugmynd.

Að efla umhverfisstarfsemi sveitarfélaga með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, jafnframt því að mynda stuðningsnet fyrir umhverfisnefndir og þá sem vinna að umhverfismálum hjá sveitarfélögum.

Markmið.

Að efla sveitarstjórnir og starfsmenn þeirra og að fylgja eftir hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Ábyrgð á framkvæmd.

Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni er tengjast innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærri byggðaþróun í fámennum sveitarfélögum. Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár í fjölmörgum sveitarfélögum, en þörf er á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögunum, m.a. með ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Ávinningur sveitarfélaganna er margþættur, þ.e. beinn efnahagslegur ávinningur, samfélagslegur og menningarlegur ávinningur og betri nýting auðlinda. Ráðherrarnir munu beita sér fyrir því að til þessara samstarfsverkefna verði til ráðstöfunar samtals 8 millj. kr. á ári á þriggja ára tímabili, þar af 7 millj. kr. á ári af fjárveitingu iðnaðarráðuneytis til framkvæmdar byggðaáætlunar. Af þessu fé fara 2 millj. kr. á ári í þrjú ár til sérstaks þróunarverkefnis um sjálfbært samfélag í Hrísey.

Í ársbyrjun 2004 og 2005 leggur umhverfisráðuneytið fram áætlun um ný verkefni að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti. Umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna sem styrkt eru á grunni samkomulagsins og leggur í mars eftir hvert áranna þriggja fram skýrslu þar sem mat er lagt á árangurinn. Í lokaskýrslu, sem umhverfisráðuneyti vinnur og lögð verður fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög.

Meginhugmynd.

Að sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins verði gert kleift að nýta sér í vaxandi mæli landupplýsingakerfi í stjórnsýslu. Jafnframt geti þau nýtt sér kosti landupplýsingakerfa við ákvarðanatöku, samþættingu á skráðum upplýsingum og við að auðvelda aðkomu almennings að athöfnum stjórnsýslunnar.

Markmið.

Að bæta grundvöll ákvarðanatöku sveitarfélaga og auka aðgengi almennings að upplýsingum.

Ábyrgð á framkvæmd.

Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni sem tengjast uppbyggingu landupplýsingakerfa sveitarfélaga. Ráðuneytin munu vinna saman og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að verkefnum er lúta að uppbyggingu gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar er snerta rekstur sveitarfélaga. Meginmarkmiðið er að efla hvers kyns samanburð á fjárhagslegum upplýsingum milli sveitarfélaga sem geti nýst þeim sem öflugt tæki við stjórnun og rekstur og leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri sveitarfélaganna. Einnig er gert ráð fyrir að gagnagrunnurinn muni gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í störfum annarra opinberra aðila svo sem fjármálaráðuneytis við gerð efnahagsspár, Hagstofu Íslands við upplýsingaöflun um búskap hins opinbera, félagsmálaráðuneytis við eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og samtaka sveitarfélaga í hagsmunagæslu þeirra. Enn fremur er gert ráð fyrir að íbúar sveitarfélaga geti haft aðgang að hinum samræmdu upplýsingum. Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra munu beita sér fyrir því að samtals verði ráðstafað til verkefna á grunni samkomulagsins 24 millj. kr. á árunum 2003–2005, þar af 12 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Félagsmálaráðuneytið gerir iðnaðarráðuneyti grein fyrir framvindu verkefna á grunni samkomulagsins í lok hvers hinna þriggja ára og gerir grein fyrir heildarárangri eigi síðar en í mars árið 2006.

Félagsmálaráðuneytið samdi í maí 2003 við fyrirtækið Forsvar ehf. á Hvammstanga um smíði upplýsingakerfis sem halda á utan um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga á Íslandi í framtíðinni. Samið er um að smíðinni verði lokið í apríl 2004, en hluti kerfisins verði kominn í notkun fyrir árslok 2003. Einnig er samið um uppfærslu og viðhald kerfisins til ársloka 2006. Stefnt er að því að upplýsingaveitan muni í framtíðinni tengjast samræmdum gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar úr rekstri sveitarfélaga.

Samráðsnefnd umhverfisráðuneytis um þróun landupplýsingakerfa sem sett var á laggirnar árið 2001 til þriggja ára, skilaði bráðabirgðaskýrslu til ráðherra í maí 2003 með tillögum um aðgerðir stjórnvalda. Starfstíma nefndarinnar lauk í apríl 2004 og verið er að leggja drög að frekara samstarfi á þessum vettvangi í umhverfisráðuneytinu.

Landmælingar Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um gagnkvæma notkun á stafrænum landfræðilegum kortagögnum og um fjarkönnun.

Aðrar aðgerðir stjórnvalda.
Iðnaðarráðuneyti.

Sérstök fjárveiting til atvinnuþróunarverkefna.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 11. febrúar 2003 sérstaka 700 millj. kr. fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna. Þar af var Byggðastofnun falið að verja allt að 350 millj. kr. til kaupa á hlutafé í álitlegum félögum sem eru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Byggðastofnun var einnig falið að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna sem eru til þess fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni og heimilað að verja allt að 150 millj. kr. af fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til slíkra verkefna. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, í samstarfi við Byggðastofnun, var falið að meta nýja iðnaðarkosti sem gætu haft afgerandi áhrif á búsetu og atvinnuþróun og taka þátt í stofnun arðbærra hlutafélaga sem tryggðu stöðuga atvinnu með varanlegum hætti. Sjóðnum voru heimiluð kaup á allt að 200 millj. kr. hlutafjár vegna þessa.

Ráðstöfun söluandvirðis Kísilgúrverksmiðjunnar.

Samkvæmt lögum nr. 15/2001, um breytingu á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, skyldi söluandvirði verksmiðjunnar renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem ættu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ákveðið hefur verið að verja 30 millj. kr. af söluandvirðinu til kaupa á hlutafé í Pólýolverksmiðjunni ehf. Féð verður m.a. notað til þess að meta hagkvæmni staðsetningar verksmiðju á Húsavík, sem er eina staðsetningin utan þéttbýlisins á Suðvesturhorninu sem nú kemur til álita. Framleiðsla á pólýoli byggist á notkun jarðgufu, en pólýol er samheiti yfir flokk efna sem m.a. eru notuð við framleiðslu á matvælum, snyrtivörum, plastefnum og lyfjum. Þá hefur 20 millj. kr. af söluandvirði Kísilgúrverksmiðjunnar verið varið til kaupa á hlutafé í Baðfélagi Mývatnssveitar, sem er einkahlutafélag um uppbyggingu og rekstur náttúrulegra heilsubaða í Mývatnssveit.

Námskeið um klasa – til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða.

Í september 2003 stóð Verkefnisstjórn um byggðaþróun við Eyjafjörð ásamt iðnaðarráðuneytinu og fleiri aðilum fyrir námskeiði í Reykjavík um hvernig mætti nýta klasa (Clusters, tengslanet) til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða. Víða erlendis hafa klasar gegnt veigamiklu hlutverki við að auka samkeppnishæfni fyrirtækja á einstaka svæðum, þar sem tengslanet fyrirtækja skipta oft verulegu máli. Klasar hafa orðið til með ýmsu móti, en nýlegar rannsóknir hafa sýnt að ákveðnar aðgerðir fyrirtækja, einstaklinga, samtaka og opinberra aðila geta haft veigamikil áhrif á þróun og þann árangur sem klasar hafa. Af þessu tilefni var fenginn reyndur erlendur sérfræðingur, Ifor Fflowcs-Williams frá Nýja-Sjálandi, til að halda tveggja daga námskeið um uppbyggingu og eflingu klasa og hvað er hægt að gera til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða með markvissum aðgerðum á þessu sviði. Ifor hefur haldið fjölda námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir, svo sem OECD og Alþjóðabankann. Námskeiðið var ætlað fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum, sveitarfélögum, bæjum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi. Námskeiðið var fjölsótt af aðilum víðsvegar af landinu, ekki síst af atvinnuráðgjöfum sem nýtt geta í framtíð þær hugmyndir og þekkingu sem námskeiðið skilaði, til frekari þróunar og framkvæmda hér á landi.

Verkefnisstjórn um byggðaáætlun fyrir Vestfirði.

Í lok september 2003 skipaði iðnaðarráðherra verkefnisstjórn um byggðaþróun fyrir Vestfirði og er hlutverk hennar að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir í byggðamálum á Vestfjörðum fyrir næstu þrjú ár. Meðal meginverkefna nefndarinnar er að huga sérstaklega að aðgerðum sem eru til þess fallnar að styrkja Ísafjarðarbæ sem byggðakjarna á Vestfjörðum.

Í mars 2003 kom út byggðaáætlun fyrir Vestfirði, sem var unnin af fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og fjölda aðila úr atvinnu-, mennta- og menningarlífi svæðisins. Þetta er svæðisbundin áætlun sem fellur vel að markmiðum byggðaáætlunar, og í henni koma fram margar beinar tillögur um ný verkefni sem talið er mikilvægt að unnin verði á Vestfjörðum.

Verkefnisstjórnin mun meta framkomnar tillögur, taka nýjar tillögur til umfjöllunar og gera áætlun um framkvæmd þeirra. Í því starfi verður lögð megináhersla á verkefni sem líkleg eru til að skila árangri í styrkingu atvinnulífs og annarra búsetuskilyrða. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki eigi síðar en við lok ársins 2006.

Vinna verkefnisstjórnar hefur nú tekið um eitt ár og hefur verið unnið ötullega að gagnasöfnun, viðtölum við heimamenn og aðra. Í starfi verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á samspil og aukna samvinnu allra aðila, einstaklinga, samtaka, atvinnulífs, sveitarfélaga og opinberra aðila – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur verið lögð sérstök áhersla á samkeppnishæfni svæðisins á öllum sviðum með hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar. Í megin atriðum má segja að áherslur í störfum verkefnisstjórnar megi skipta í fimm flokka

- Gagnasöfnun.
- Samstarf við helstu aðila á svæðinu.
- Upplýsingamiðlun frá erlendum aðilum.
- Skipuleg greining á sóknarfærum svæðisins.
- Minnisblöð til ráðherra um tillögur að einstaka verkefnum og áherslum

Vinna á áðurnefndum áherslusviðum hefur síðan komið fram í margvíslegum verkefnum og samstarfi, við innlenda sem erlenda aðila. Þann 11. nóvember 2003 var t.d. haldinn kynningarfundur á Hótel Ísafirði á vegum nefndarinnar og iðnaðarráðuneytisins sem bar yfirskriftina, *Byggðaþróun og samkeppnishæfni.* Fjölmargir aðilar, sem láta sig varða atvinnu- og byggðamál sátu þann fund og komu aðilar víða að.

Á grundvelli þeirra tillagna sem og þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 var verkefnisstjórninni falið að meta framkomnar tillögur, taka nýjar tillögur til umfjöllunar og gera áætlun um framkvæmd þeirra. Þær tillögur sem verkefnisstjórnin hefur þegar lagt fram til iðnaðarráðherra eru:

- Tillaga um háskólasetur á Ísafirði.
- Tillaga um uppbyggingu rannsókna í eldis- og veiðarfæratækni í Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði.
- Tillaga um snjóflóðarannsóknarmiðstöð á Ísafirði.

Í öllum þessum tilvikum hefur þegar verið unnið að nánari útfærslu innan ráðuneytis og/eða í samvinnu við önnur ráðuneyti – og eru sumar þessara tillagna þegar komnar í framkvæmd Svo sem tillaga um snjóflóðarannsóknarmiðstöð á Ísafirði. Aðrar tillögur eru þegar langt á veg komnar í framkvæmd. Enn frekari tillögur eru í vinnslu nefndarinnar sem og skýrsla hennar.

Samkomulag um stuðning við markaðsátak erlendis fyrir íslenskar ullarafurðir.

Iðnaðarráðuneyti og Útflutningsráð Íslands gerðu í maí 2003 með sér samkomulag um stuðning við markaðsátak erlendis fyrir íslenskar ullarafurðir. Samkomulagið er gert á grunni

áherslu byggðaáætlunar á að auka þurfi þekkingu og nýsköpun í hefðbundnum greinum. Bent er á nauðsyn þess að stefna stjórnvalda gagnvart atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, eins og landbúnaður, dragi ekki úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennari byggðarlögum þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ. Eitt af sóknarfærunum í landbúnaði tengist útflutningi á íslenskum ullarafurðum. Sérkenni íslenskrar ullar eru mikil og þess má vænta að með endurskipulagningu á markaðssetningu ullarafurða megi ná umtalsverðum ávinningi. Á þessum grundvelli hafa iðnaðarráðuneyti og Útflutningsráð ákveðið að vinna með Fagráði textíliðnaðarins að eflingu markaðsstarfs erlendis á íslenskum ullarafurðum. Átakið er til tveggja ára og er markmið þess að endurskipuleggja markaðs- og sölustarf á íslenskum ullarafurðum og þróa skilvirk markaðs- og söluferli sem nýtast allri atvinnugreininni. Iðnaðarráðuneytið leggur til átaksins samtals 8,5 millj. kr. Útflutningsráð Íslands hefur yfirumsjón með framvindu verkefnisins og leggur í júní 2004 fram skýrslu þar sem lagt er mat á árangur átaksins fyrra starfsárið og lokaskýrslu um heildarárangur átaksins í júní 2005.

Frumkvöðlasetur á Höfn í Hornafirði.

Iðnaðarráðuneyti á aðild að frumkvöðlasetri á Höfn í Hornafirði, sem komið var á fót vorið 2003. Setrinu er ætlað að veita sérhæfða aðstoð við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd.

Útibú Orkustofnunar á Akureyri.

Í upphafi árs 2003 hófst starfsemi á vegum Orkumálasviðs Orkustofnunar á Akureyri, þegar útibú þess tók til starfa í húsnæði Norðurorku á Rangárvöllum. Lögð er áhersla á að verkefni er tengjast landsbyggðinni sérstaklega séu unnin á Akureyri. Tveir starfsmenn er í útibúinu og meðal verkefna þeirra eru umsjón með niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, verkefnisstjórnun með leit að jarðhita á köldum svæðum, samskipti við þá sem hafa hug á að reka eða reka einkarafstöðvar auk verkefna sem tengjast nýjum hitaveitum eða stækkun eldri veitna. Þá er umsýsla Orkusjóðs í Akureyrarútibúinu.

Heilbrigðisráðuneyti.

Fjarlækningar og bráðarannsóknir.

Unnið er að prófunum á búnaði og fyrirkomulagi vegna fjarlækninga, með þátttöku Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (HÞ), Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) og Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH). Markmið verkefnisins er að styrkja tengsl heilbrigðisstarfsfólks á norðausturhorni landsins, auka heilbrigðisþjónustu á svæðinu og draga úr sjúkraflutningum. Einnig að styrkja samstarfið við FSA. Ýmiss konar samskiptum milli heilbrigðisþjónustuaðila vegna bráðaþjónustu er ætlað að nýta sér möguleika með fjarlækningum. Gerðar eru tilraunir með sendingar á röntgenmyndum til greiningar hjá sérfræðingi sem ekki er á þeim stað þar sem myndin er tekin. Einnig eru send hjartarit, stafrænar myndir og prófanir gerðar á stafrænni hlustunarpípu. Skilgreining og prófun á þessari nýju tegund þjónustu er einnig stór hluti verkefnisins.

Fjarlækningar fyrir sjómenn.

Verkefni þar sem gerðar hafa verið prófanir á fjarlækningabúnaði um borð í skipum er lokið, en það var unnið með stuðningi NORA, Niðurstöður þess voru kynntar nýlega, en þær eru m.a. búnaðar-„pakki“ sem hægt er að koma fyrir um borð í skipum og getur gefið sjómönnum kost á læknisþjónustu sem ekki hefur verið til staðar. Gert er ráð fyrir að í fram-

haldsverkefni verði skilgreind og prófuð sú þjónusta sem nauðsynleg er til að búnaður sem þessi nýtist, en það er nauðsynlegur undirbúningur fyrir að hleypa þjónustu sem þessari af stokkunum.

Lyfseðlar.

Á Norðurlandi eru í gangi prófanir á rafrænum lyfseðlum, þar sem FSA, Heilsugæslan á Akureyri, aðrar heilbrigðisstofnanir og apótekin á svæðinu skiptast á lyfseðlum á rafrænu formi. Frá því í lok júní 2003 hafa flestir lyfseðlar frá Heilsugæslunni verið sendir á rafrænan hátt og ekki skrifaðir út, en það bæði einfaldar alla vinnslu lyfseðlanna og eykur öryggi í meðhöndlun þeirra. Verkefnið er undirbúningur fyrir að taka í notkun rafræna lyfseðla á landsvísu.

Umhverfisráðuneyti.

Þjóðgarðar.

Á grundvelli laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, eru starfræktir þrír þjóðgarðar hér á landi auk þjóðgarðsins á Þingvöllum sem starfar samkvæmt lögum nr. 59/1928 og heyrir undir forsætisráðuneytið. Þjóðgarðarnir þrír eru þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, þjóðgarðurinn Skaftafelli og þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum. Árið 2003 var heilsársstarfsmönnum í þeim fjölgað þannig að nú starfa auk þjóðgarðsvarðar og landvarða yfir sumartímann einn starfsmaður allt árið í hverjum þjóðgarði. Unnið hefur verið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á vegum Umhverfisstofnunar og nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hefur skilað tillögum um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, sem verði hluti eins þjóðgarðs, sem taki til Vatnajökuls og jaðarsvæða austan, sunnan og vestan jökuls, sem hafi sérstöðu og tengist beint náttúrufari Vatnajökuls. Tillögurnar eru hjá ríkisstjórn sem þegar hefur samþykkt stofnun fyrsta áfanga Vatnajökulsþjóðgarðs með stækkun þjóðgarðs í Skaftafelli til vesturs og austurs þannig að hann nái í suðurhluta jökulsins sem fellur innan marka Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar ásamt friðlýsta svæðinu í Lakagígjum. Er gert ráð fyrir að föstum starfsmönnum þjóðgarðsins verði fjölgað úr tveimur á árinu 2004 í fjóra á árinu 2005, og að hinir nýju starfsmenn þjóðgarðsins komi til með að hafa starfsstöðvar á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri.

Fráveitumál.

Unnið er samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Ríkið tekur þátt í kostnaði við framkvæmdir sveitarfélaga samkvæmt nánari reglum þar um. Heildarframlag ríkisins til fráveitumála á árunum 1995–2005, þ.e. á gildistíma laganna er áætlað 2,2 milljarðar kr.. Fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins sem starfar samkvæmt lögunum hefur verið falið að gera tillögu að endurskoðuðum lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum með hliðsjón af framkvæmd þeirra hingað til.

Ofanflóðamál.

Samkvæmt lögum nr. 47/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, skal vinna að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla í þeim sveitarfélögum sem búa við hættu vegna ofanflóða. Til þess að fjármagna þessar aðgerðir er innheimt sérstakt gjald af fasteignaeigendum sem nemur 700–800 millj. kr. á ári. Unnið er samkvæmt framkvæmdaráætlun um uppbyggingu varna á landsvísu og er við það miðað að brýnustu aðgerðum verði lokið árið 2010. Fyrirsjáanlegt er að sú tímasetning færist aftar og er nú

unnið að endurskoðun áætlunarinnar í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Jafnhliða uppbyggingu varna hefur verið unnið að hættumati fyrir þéttbýlisstaði og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki að mestu 2004. Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður um 10 milljarðar kr.

Félagsmálaráðuneyti.

Samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Þriggja ára tilraunaverkefni um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var hrint af stað af hálfu félagsmálaráðuneytisins þann 26. mars 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Enn fremur átti hann að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur í kjördæminu. Með samningi milli félagsmálaráðuneytisins og Byggðastofnunar hefur verið tekin ákvörðun um að færa verkefnið út og framlengja það. Um er að ræða samstarfsverkefni þessara aðila um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Samstarf aðilanna gildir til ársins 2005, og eru ráðgjafar staðsettir í Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Byggt er á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra og mun reynslan af því starfi því nýtast öðrum héruðum landsins til sóknar fyrir konur í dreifbýli á vinnumarkaðinn. Verkefnið er sérstaklega brýnt því atvinnuleysistölur sýna að staða kvenna á landsbyggðinni hefur versnað hlutfallslega gagnvart körlum á vinnumarkaði. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir:

- að frá og með 1. ágúst 2002 til ársloka 2004 sé ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Norðausturkjördæmi,
- að frá og með 1. ágúst 2003 til ársloka 2005 sé ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Suðurkjördæmi.

Stofnun Varasjóðs húsnæðismála.

Varasjóður húsnæðismála var stofnaður með lögum nr. 86/2002, um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Lagabreytingin byggðist á samkomulagi milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. apríl 2002. Sjóðurinn veitir framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennan markað og rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Jafnframt hefur sjóðurinn umsýslu með varasjóði viðbótarlána. Ráðgjöf og leiðbeiningar um rekstrarform félagslegra leiguíbúða ásamt upplýsingavinnslu er í verkahring sjóðsins. Varasjóður húsnæðismála er staðsettur á Sauðárkróki og hefur hann einn starfsmann í fullu starfi.

Rannsóknarsetur í húsnæðismálum á Bifröst.

Í ágúst 2003 var undirritaður samningur milli félagsmálaráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs og Viðskiptaháskólans á Bifröst um stofnun rannsóknarseturs í húsnæðismálum. Gert er ráð fyrir því að rannsóknarsetrið muni í fyrstu einbeita sér að hagrænum og efnahagslegum rannsóknum á sviði húsnæðismála, jafnframt því að vinna að víðtækri upplýsingaöflun um húsnæðismál. Mun rannsóknarsetrið sjá um gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga fyrir Íbúðalánasjóð og félagsmálaráðuneytið samkvæmt samningi við þessa aðila. Við stofnun rannsóknarseturs í húsnæðismálum var sett á fót sérstök rannsóknarstaða og er ráðið í stöðuna frá hausti 2003. Innifalin í starfsskyldum forstöðumanns rannsóknarseturs er kennsla við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem svarar til 20% fullrar kennslu. Gert er ráð fyrir að nemendur Viðskiptaháskólans muni koma að starfi rannsóknarseturs samkvæmt ákvörðun forstöðumanns og skólayfirvalda.

Landbúnaðarráðuneyti.

Landshlutabundin skógræktarverkefni.

Sérstök skógræktarverkefni eru starfrækt í öllum landshlutum. Starfað er samkvæmt áætlunum er gerðar hafa verið fyrir hvert svæði. *(Héraðsskógar 1991; Suðurlandsskógar 1997; Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum 2000; Austurlandsskógar 2001).* Meginhugmyndin að baki verkefnunum er að byggja upp nýja auðlind; nytjaskóga á Íslandi, og skapa ný atvinnutækifæri og treysta byggð. Reynsla og úttekt á starfi landshlutabundnu skógræktarverkefnanna sannar mikilvægi þeirra á landsbyggðinni. Markmiðið er að rækta skóga á 5% láglendis á 40 árum. Í hverjum landshluta er starfrækt skrifstofa fyrir hvert verkefni með sérmenntuðu fólki. Ætla má að samtals starfi 15–20 manns við stjórnun, ráðgjöf og áætlanagerð á landsbyggðinni vegna þessa. Þá hafa verkefnin fengið umtalsvert fjármagn sem dreifist á fjölmarga einstaklinga sem vinna að því að byggja upp skóg sem nýja auðlind þessa lands. Á Alþingi 2002–2003 var samþykkt skógræktaráætlun þar sem kveðið er á um ákveðið fjármagn til verkefnanna á árunum 2003–2008. Nú er unnið samkvæmt þeirri áætlun. Fjölmargir hafa sýnt þessum verkefnum áhuga og gerst þátttakendur í þeim. Sérstaklega skal bent á að mikið er um að fólk úr þéttbýlinu vilji hefja skógrækt á jörðum sem það á landsbyggðinni og nokkrir hafa flutt lögheimili sín í sveitirnar til að geta gerst þátttakendur í skógræktarverkefnunum. Auk þess að rækta skóg til nytja er mikið bundið af kolefni með skógrækt og er horft til þess þáttar sem hugsanlegs tekjumöguleika í framtíðinni.

Bændur græða landið.

Um er að ræða verkefni á vegum Landgræðslu ríkisins. Á Alþingi 2001–2002 var samþykkt landgræðsluáætlun 2003–2014 þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir þessum þætti og fjármagni til hans. Meginhugmyndin að baki verkefninu er að nýta krafta bænda við uppgræðslustörf, bæði innan og utan sinna landa. Auk þess að græða landið er mikið bundið af kolefni með slíkri uppgræðslu og horfa bændur til þess þáttar sem hugsanlegs tekjumöguleika í framtíðinni. Markmiðið er að auka þátttöku bænda og jarðareiganda í uppgræðslustarfi og stuðla að því að það fjármagn sem til uppgræðsluaðgerða fer nýtist jafnframt til eflingar byggðar og treysti búsetu. Sífellt fleiri bændur gerast nú verktakar að landgræðsluframkvæmdum. Auk þess leggja margir bændur fram vélar og vinnu á móti áburði og fræi frá Landgræðslu ríkisins í átakinu Bændur græða landið, auk ráðgjafar af stofnunarinnar hálfu. Starfandi eru héraðsmiðstöðvar í nær öllum landshlutum þar sem sérmenntaðir einstaklingar eru til staðar við að leiðbeina þátttakendum í landgræðslustarfi og efla tengsl íbúa héraðanna og Landgræðslunnar. Milli 600 og 700 aðilar eru nú þátttakendur í verkefninu og sífellt vilja fleiri bætast í hópinn.

Landbótasjóður.

Komið hefur verið á fót landbótasjóði í samræmi við landgræðsluáætlun 2003–2014. Sjóðnum er ætlað að styðja við bændur til að fjármagna landbætur á sínu heimalandi. Gert er ráð fyrir 20 millj. kr. framlagi ríkisins á árinu 2004 til sjóðsins. Markmiðið með landbótasjóði er að efla enn frekar gróðurbætur með þátttöku heimamanna. Umráðahafar lands framkvæma verkið en landgræðslan tekur það út. Framkvæmdir velta á framlögum til landbótasjóðs hverju sinni.

Lifandi landbúnaður.

Grasrótarsamtökin Lifandi landbúnaður voru stofnuð á fundi kvenna í íslenskum landbúnaði 15. október árið 2002. Verkefnið hefur verið stutt af landbúnaðarráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu auk annarra aðila. Lifandi landbúnaður eru samtök kvenna í íslenskri bændastétt. Ramminn sem hreyfingin hefur sett sér, er að það sem konurnar taka sér fyrir hendur í nafni hennar hafi eitthvert það markmið sem stuðlar að eflingu kvenna í bændastétt, stuðli að jákvæðum tengslum milli þéttbýlis og dreifbýlis og því að neytendur landbúnaðarafurða séu ánægðir og upplýstir. Meginháherslan er á að byggja upp samskiptanet, sem síðan er hægt að nota í hverjum þeim tilgangi sem þátttakendur kjósa hverju sinni. Fyrsta verkefni Lifandi landbúnaðar nefnist Gullið heima. Stefnt er að því að Gullið heima verði þriggja ára Evrópusamstarfsverkefni sem miðar að því að efla konur í landbúnaði til að takast á við ákveðið upplýsingastarf sem þær hafa lýst vilja sínum til að einhenda sér í, og fá þeim þann efnivið og þjálfun sem til þess þarf. Leiðarljós Lifandi landbúnaðar er gagnkvæm virðing ólíkra menningarheima og miðlun þekkingar. Með samskiptaneti Lifandi landbúnaðar og starfinu að Gullinu heima byggja konurnar brúna sín á milli, þ.e. miðla þekkingu hver til annarrar og tengjast saman í náms- og vinnuhópa. Saman leitast konurnar síðan við að sameina menningarheima þéttbýlis og dreifbýlis. Í verkefninu felst m.a. námsefnisgerð um sveitalíf fyrir leik- og grunnskóla, kynningarefni fyrir almenning, heimsóknir bænda í skóla, kynningar í verslunum og víðar meðal almennings ásamt fræðslu á vefsíðu. Undanfari þessa er námskeiðahald fyrir bændurna og aðra sem að þessu kynningarstarfi kunna að koma. Verkefnið snertir því allt í senn jafnréttismál, menningarmál, menntamál, landbúnaðarmál og byggðamál.

Upplýsingatækni í dreifbýli – UD.

Átaksverkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli hóf formlega starfsemi í byrjun árs 2002 en allnokkur undirbúningsvinna hafði farið fram á árinu 2001. Þátttaka í verkefninu er bundin við íbúa á lögbýlum eða búnaðargjaldsskylda starfsemi. Öðrum er heimilt að sækja tölvunámskeið eða annað sem telst á vegum UD en verða þá að greiða kostnað alfarið sjálfir. Landbúnaðarráðherra skipaði stjórn yfir verkefnið sem afmarkaði viðfangsefni og gerði áætlun um framkvæmd þeirra. Viðfangsefnin voru greind í fjóra flokka en þeir eru: Námskeiðahald, gagnaflutningar, nýting upplýsingasamfélagsins til nýsköpunar og þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Gengið hefur verið frá samningi við Vinnumálastofnun um tilraunaverkefni um miðlun starfa í fjarvinnslu en sá samningur var undirritaður í lok janúar á þessu ári. Þá var hafinn undirbúningur að þátttöku í sameiginlegu upplýsingatækniverkefni nokkurra þjóða í norðanverðri Evrópu, sem sækir um styrk til Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme). Gengið var frá verkefnislýsingu og styrkumsókn á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þá var m.a. unnið að gerð heimasíðu fyrir verkefnið og fjárhagslegur grundvöllur þess styrktur. Námskeiðahald var viðamesti þátturinn í starfsemi ársins 2002, en fyrstu námskeiðin fóru ekki af stað fyrr en í aprílmánuði. Alls sóttu 435 manns námskeið sem voru niðurgreidd af verkefninu. Áætlanir gerðu ráð fyrir 600 þátttakendum á námskeiðum ársins 2003, en aðsókn verður mun meiri. Meginhugmynd verkefnisins er að styrkja stöðu dreifbýlis hvað varðar notkun upplýsingatækni og markmiðið að auka samkeppnishæfni sveitanna með sérstöku átaki í tölvukennslu og tækniviðingu. Verkefnisstjórn réði framkvæmdastjóra sem hefur starfað í 75% starfi frá því í nóvember 2001 með aðsetur á Sauðárkróki. Ekki er um aðra launamenn að ræða, enda mörkuð sú stefna að hafa yfirbyggingu UD-verkefnisins í lágmarki og semja um verkefni við samstarfsaðila á landinu öllu. Eftir töluverðar vangaveltur um rekstrarform, fékk verkefnið í marsmánuði

2002, kennitölu í eigu landbúnaðarráðuneytisins en fjárhagur þess er engu að síður sjálfstæður. Endurskoðandi reikninga er Ríkisendurskoðun. UD gerði í haust samkomulag við Símann um að efna til þriggja ára samstarfsverkefnis um átak um þróun upplýsingatækni í dreifbýli. Einnig hefur verið gerður rammasamningur milli UD og Félags ferðaþjónustubænda sem snýst um að nýta upplýsingasamfélagið til verðmætaaukningar fyrir ferðaþjónustubændur.

Hestamiðstöð Íslands.

Hlutverk sjálfseignarstofnunarinnar Hestamiðstöð Íslands er að beita sér fyrir átaki til gæðastýringar og eflingar fagmennsku í hrossarækt, hestamennsku, hestaíþróttum og hestatengdri ferðaþjónustu. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Skagafirði, en starfsemi hennar er ekki staðbundin. Markmið Hestamiðstöðvar Íslands eru að byggja upp sem mest af sjálfstæðri starfsemi með starfi sínu og stuðningi. Hestamiðstöðin skal vinna að hlutverki sínu með því að veita styrki til verkefna sem samrýmast markmiðum stofnunarinnar, með þátttöku í samstarfsverkefnum og með hlutafjárkaupum í fyrirtækjum í hestatengdri starfsemi. Stuðla á að aukinni fagmennsku innan greinarinnar, aðlaga stærð hrossastofnsins markaðsaðstæðum, ræktunarmarkmiðum og markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, styrkja félagslega samstöðu hrossabænda og hestamanna og auka arðsemi í greininni. Stofnendur Hestamiðstöðvar Íslands eru forsætisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stofnfé er 2 millj. kr. Landbúnaðarráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessara aðila. Stjórn Hestamiðstöðvar Íslands getur ein getur tekið ákvarðanir um styrkveitingar og aðra ráðstöfun fjár til verkefna sem samrýmast markmiðum stofnunarinnar. Sömuleiðis ræður hún eftir þörfum starfsmenn er sinna einstökum samstarfsverkefnum og hafa umsjón með rekstri miðstöðvarinnar. Stjórn verkefnisins skal í samvinnu við samtök greinarinnar og Landgræðslu ríkisins beita sér fyrir aukinni umræðu og fræðslu innan greinarinnar um landnýtingu og standa fyrir umræðu og umfjöllun um nauðsyn þess að landnýting samrýmist markmiðum um sjálfbæra landnýtingu. Stjórn verkefnisins skal í samráði við samtök greinarinnar beita sér fyrir því meðal hrossabænda og annarra hestaeigenda að fjöldi hrossa í landinu sé í samræmi við það sem nauðsynlegt er vegna ræktunarstarfs og tiltækra markaða fyrir lífhross og hrossaafurðir. Áhersluverkefni eru að:

- Styðja með nauðsynlegri setningu laga og reglugerða gæðastjórnunarátak innan hrossaræktarinnar.
- Efla nám á sviði hrossaræktar, hestamennsku og landnýtingar.
- Setja skýr og afdráttarlaus lagaákvæði til þess að koma í veg fyrir ofnotkun lands af völdum hrossabeitar.
- Afla Íslandi alþjóðlegrar viðurkenningar sem upprunalandi íslenska hestsins.
- Greiða fyrir auknum útflutningi hrossa m.a. með viðræðum við stjórnvöld annarra landa um lækkun innflutningstolla og annarra innflutningskvaða á hrossum.
- Tengja íslenska hestinn í auknum mæli opinberri landkynningu.
- Leita leiða til að tryggja til framtíðar örugga vistun á gagnabanka um íslenska hrossakynið.

219. Svar [83. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð.

1. *Hver er árleg fjárhæð þeirra sekta sem samkeppnisráð hefur ákvarðað frá upphafi árið 1993, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á núgildandi verðlagi?*

Samkeppnisráð fékk heimild til að beita stjórnvaldssektum með lögum nr. 8/1993. Fyrstu árin var þeim ekki beitt þar sem rétt þótti að kynna sektarákvæðin fyrir atvinnurekendum áður. Sektir árin 2001 og 2004 eru vegna brota á samkeppnisþætti laganna en árið 2002 var sektað fyrir óréttmæta viðskiptahætti og ófullnægjandi verðmerkingar. Heimild til að sekta fyrir þau brot sem voru tekin fyrir árið 2002 kom með breytingu á samkeppnislögunum sem samþykkt var með lögum nr. 107 25. maí 2000.

Sektir samkeppnisráðs á verðlagi hvers árs.

Ár	Samkeppnisráð	Áfrýjunarnefnd	Héraðsdómur	Hæstiréttur
2001	170.400.000	69.400.000*)	59.400.000**)	69.400.000**)
2002	2.600.000	2.600.000*)	2.600.000**)	2.600.000**)
2004	3.500.000	Ekki áfr.	Ekki vísað	Ekki vísað
	176.500.000	75.500.000*)	65.500.000**)	75.500.000**)

*) Innifelur þær sektir sem ekki var áfrýjað.

**) Innifelur þær sektir sem ekki var vísað til dómstóla.

Sektir samkeppnisráðs á verðlagi í september 2004.

Ár	Samkeppnisráð	Áfrýjunarnefnd	Héraðsdómur	Hæstiréttur
2001	187.424.090	76.333.520*)	65.334.454**)	76.333.520**)
2002	2.746.906	2.746.906*)	2.746.906**)	2.746.906**)
2004	3.574.339	Ekki áfr.	Ekki vísað	Ekki vísað
	193.745.335	**82.654.765***)	**71.655.699****)	**82.654.765****)

*) Innifelur þær sektir sem ekki var áfrýjað

**) Innifelur þær sektir sem ekki var vísað til dómstóla

2. *Hvert runnu þessar sektargreiðslur?*

Sektirnar runnu í ríkissjóð.

3. *Hvert hefur verið árlegt framlag ríkissjóðs til Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs á sama tíma á verðlagi hvers árs og á núgildandi verðlagi?*

Árlegt framlag á verðlagi hvers árs í kr.

Ár	Samkeppnisstofnun	Samkeppnisráð	Auglýsinganefnd
1993	62.740.596	2.433.973	529.121
1994	72.246.931	3.275.830	578.217
1995	75.872.000	3.087.741	482.275
1996	76.026.740	3.298.232	516.794
1997	83.945.218	3.355.921	523.258
1998	93.500.000	5.011.936	652.493

Ár	Samkeppnisstofnun	Samkeppnisráð	Auglýsinganefnd
1999	98.400.000	5.904.260	696.127
2000	121.800.000	5.955.848	718.039
2001	133.400.000	6.075.223	749.672
2002	139.100.000	6.060.804	790.681
2003	151.800.000	8.531.231	814.211
2004	157.300.000	8.879.000	896.000

Árlegt framlag á verðlagi í september 2004 í kr.

Ár	Samkeppnisstofnun	Samkeppnisráð	Auglýsinganefnd
1993	88.143.616	3.419.464	743.357
1994	99.890.710	4.529.258	799.460
1995	103.445.852	4.209.906	657.546
1996	101.254.381	4.392.671	688.280
1997	109.813.955	4.390.089	684.506
1998	119.981.481	6.431.439	837.295
1999	122.337.942	7.340.600	865.475
2000	143.408.696	7.012.483	845.427
2001	146.727.544	6.682.178	824.569
2002	146.959.462	6.403.253	835.356
2003	157.898.808	8.873.987	846.923
2004	157.970.503	8.916.847	899.819

4. *Hver hefur starfsmannafjöldi Samkeppnisstofnunar verið þessi ár?*

Starfsmannafjöldi Samkeppnisstofnunar.

Ár	Starfsmannafjöldi
1993	23,4
1994	23,1
1995	22,1
1996	22,1
1997	23,2
1998	22,6
1999	22,3
2000	22,1
2001	24,0
2002	21,9
2003	22,7

220. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]

um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir,
Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson,
Kjartan Ólafsson, Bjarni Benediktsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Mörður Árnason, Jón Gunnarsson,
Jón Bjarnason, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um árlegan kostnað við að senda dagskrár hljóðvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar.

Greinargerð.

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur verið byggt upp til að ná til byggðra bóla, til fólks með fasta búsetu árið um kring, og með lágmarkstilkostnaði. Talið er að á um 70 sveitabæjum séu léleg eða engin skilyrði til móttöku sjónvarpsins.

Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði hljóðvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu langbylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeyja, eða u.þ.b. 500 sjómílur. Í sparnaðarskyni hafa langbylgjusendingar nýlega verið skertar.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárviðrisspám og tilkynningum um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð fyrir siglingaleiðina Bandaríkin – Nýfundnaland – Ísland nema á Íslandi.

Kunnugt er að Ríkisútvarpið hefur undanfarin ár átt í viðræðum við innlend og erlend fyrirtæki um sjónvarps- og útvarpssendingar um gervitungl. Einnig hefur Ríkisútvarpið staðið fyrir tilraunasendingum um gervitungl. Fyrstu tilraunasendingarnar hófust í október 2002 með efni frá kynningarmyndbandi en beinar sendingar fóru fram í tengslum við alþingiskosningarnar í maí 2003. Tilraunasendingarnar voru opnar en reglubundnar útsendingar á dagskrá sjónvarpsins þurfa að vera lokaðar af rétthafaástæðum og mun þá þurfa lykilkort til opnunar, auk heföbundins búnaðar til móttöku gervitunglasendinga. Tilraunasendingarnar sýndu að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að senda dagskrá sjónvarps (og þar með útvarps) um gervitungl og ná þar með til hópa Íslendinga sem eru utan dreifikerfisins á Íslandi. Þó er ljóst að ekki nást þær sendingar alls staðar á landinu þar sem gervitunglin eru á jarðstöðubraut í um 36 þúsund km hæð yfir miðbaug og eru því ekki hátt á lofti séð frá Íslandi. Sjónlínu þarf frá móttökustað í gervitunglið og hæðir, fjöll og byggingar geta því skyggt á.

Viðbrögð við tilraunasendingunum voru skjót, jákvæð og gríðarmikil og svo vonbrigði að ekki væri um reglubundnar útsendingar að ræða. Talið er að hundruð sjómanna hafi fylgst með útsendingunum og að fjöldi Íslendinga erlendis hafi skipt þúsundum. Einnig heyrðist frá fólki á Íslandi sem hefur gervitungladisk en býr utan þess svæðis sem dreifikerfið nær til. Dagskrá tengd alþingiskosningunum ýtti verulega undir áhuga á tilraunasendingunum.

Af framansögðu er ljóst að gervitunglasendingar munu stórauka og bæta dreifingu Ríkisútvarpsins og ná til flestra þeirra sem nú fá lélega eða enga þjónustu. Þar má nefna íbúa afskekktra býla, sjómenn á hafi úti, sumarbústaðaeigendur og Íslendinga erlendis.

Leita verður allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

221. Fyrirspurn [218. mál]

til iðnaðarráðherra um Grunnafjörð.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Telur ráðherra að fyrirhuguð uppbygging rafskautaverksmiðju á Katanesi samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt Ramsar-samþykktinni, í ljósi þess að Eiðisvatn, sem er innan þynningarsvæðisins, hefur afrennsli í Grunnafjörð?

222. Fyrirspurn [219. mál]

til menntamálaráðherra um aðsókn að Háskóla Íslands.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvernig ætlar ráðherra að bregðast við aukinni aðsókn að Háskóla Íslands?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Háskóli Íslands fái greiðslu fyrir stúdenta sem sóttu þar nám en ekki var greitt með á árunum 2001–2004?

223. Frumvarp til laga [220. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. og 3. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

3. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið allt að 90% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til framar áhvílandi lána þannig að ÍLS-veðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa sem miðast við að veðbréfið hvíli á fyrsta veðrétti. Ella skulu uppfærð, framar áhvílandi lán koma til frádráttar hámarksfjárhæð.

4. gr.

VII. kafli laganna fellur brott.

5. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Vextir af lánum til leiguíbúða geta verið fastir eða breytilegir. Fastir vextir ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa, sbr. 21. gr., að því frátöldu að heimilt er að bjóða lán til leiguíbúða án uppgreiðsluheimildar og án vaxtaálags er af þeirri heimild leiðir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða breytilega vexti.

6. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna kemur nýr málsliður er hljóðar svo: Á sama hátt getur ráðgjafarnefnd fært raunvexti af 3. tölul. til annarra verkefna sjóðsins.

7. gr.

2. og 3. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir viðbótarlán, skal leita samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku nýs eiganda á þeim lánum sem ætlað er að hvíla áfram á eigninni. Að öðrum kosti hefur sjóðurinn heimild til að gjaldfella lánið.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Viðbótarlán sem samþykkt hafa verið fyrir gildistöku laganna skulu afgreidd samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna og reglugerðar um viðbótarlán.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1998, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 er sett fram heildstæð stefnumörkun í húsnæðismálum. Kveðið er á um að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna að ákveðnu hámarki og að leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði efldur.

Í kjölfar þessarar stefnumörkunar ákvað félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að umræddum breytingum með það að leiðarljósi að lánshlutfall fyrir almenna lántakendur yrði eins hátt og kostur væri með eins góðum kjörum og unnt væri að veita. Sett var á fót verk-

efnisstjórn og ráðgjafarhópur, skipaður fulltrúum félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskipta- og iðnaðarráðuneytis, sem starfaði sumarið 2003 og fram á haust. Í þeim undirbúningi var farið ítarlega yfir valkosti við hækkun hámarkslána og haft náið samráð við hagsmunaaðila. Samhliða því var nefndum falið að fara yfir stöðu viðbótarlánakerfisins og stöðu á leigumarkaði. Það frumvarp sem hér er fylgt úr hlaði er afrakstur þeirrar vinnu. Það fylgir í kjölfar breytinga á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs, sem tóku gildi 1. júlí sl., og hafa þegar haft mikil áhrif til lækkunar á útlánsvöxtum sjóðsins.

Húsnæðismarkaður á Íslandi hefur undanfarna áratugi einkennst af miklum skorti á fjármögnun. Drýgstan hluta 20. aldarinnar hefur atbeina ríkisins þurft til að tryggja fjármagn til kaupa á íbúðarhúsnæði, þar sem viðskiptabankar hafa verið tregir til að veita lán nema með háum vöxtum. Í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sumarið 2004 og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 11. ágúst 2004 þess efnis að starfsemi Íbúðalánasjóðs samræmdist ákvæðum EES-samningsins komu viðskiptabankarnir loks fram með tilboð til almennings um lánafyrirgreiðslu við kaup fasteigna sem eru að einhverju leyti sambærileg við þau kjör sem Íbúðalánasjóður hefur veitt. Þau kjör sæta þó takmörkunum sem leiða til þess að ekki sitja allir landsmenn við sama borð. Þannig bjóða bankarnir lægra lánshlutfall utan helstu þéttbýlissvæða á hinum lágu vöxtum sem þýðir að íbúar á landsbyggðinni eiga síður möguleika en aðrir á að fjármagna íbúðakaup. Þrátt fyrir að sú breyting sem nú hefur orðið á lánsframboði sé jákvæð fyrir þróun íslensks húsnæðismarkaðar er jafnljóst að Íbúðalánasjóður og sú fyrirgreiðsla sem sjóðurinn veitir er forsenda fyrir jöfnum aðgangi almennings að lánsfé til fasteignakaupa, óháð búsetu eða fjárhagslegri forsögu. Ljóst er að atburðarásin á lánamarkaði undanfarna mánuði sýnir með skýrum hætti að tilvist og lánaframboð Íbúðalánasjóðs felur í sér nauðsynlegt aðhald gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Um hækkun lánshlutfalls.

Tilgangur laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Frá árinu 1989 hafa lán Húsnæðisstofnunar og síðar Íbúðalánasjóðs verið háð því að lánin rúmist innan 65% af kaupverði íbúðar, eða 70% af kaupverði ef keypt er í fyrsta sinn. Megintilgangur frumvarps þessa er að ná fram hækkun þessa hlutfalls í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Á undanförnum árum hefur þörf almennings fyrir lán til íbúðakaupa aukist hröðum skrefum. Hámarkslán Íbúðalánasjóðs hefur hvorki hækkað í takt við almenna verðþróun né verðþróun á fasteignamarkaði. Þetta hefur leitt til þess að íbúðakaupendur hafa þurft að leita lána hjá fleiri aðilum á lakari kjörum en ella væri unnt að bjóða og jafnvel taka óveðtryggð lán til að fjármagna hluta íbúðakaupa.

Markmiðið með hækkun lánshlutfalls er að auðvelda kaupendum minni og meðalstórra eigna að fá heildstæða fjármögnun til íbúðakaupa á lægstu fáanlegum vöxtum, óháð búsetu og efnahag. Samhliða breytingunni er gert ráð fyrir að lán Íbúðalánasjóðs verði að jafnaði aðeins veitt fremst í veðröð og uppfærð framar áhvílandi lán á eigninni skerði hámarkslán frá Íbúðalánasjóði um krónu á móti krónu. Þannig er dregið úr áhrifum breytingarinnar á stærri og verðmeiri eignir og tryggt að breytingin nýtist fyrst og fremst við kaup á minni og meðalstórum eignum. Þetta skapar jafnframt aukið svigrúm fyrir fjármálastofnanir til að bjóða lán til kaupa á stærri og verðmeiri eignum.

Efnahagslegt mat á breytingunni.

Við undirbúning breytingarinnar var kallað eftir áliti Seðlabanka Íslands, efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á mögulegum efnahagslegum áhrifum breytingarinnar. Almennt má segja að umsagnaraðilar hafi verið sammála um að breytingin kunni að leiða til einhverrar hækkunar á fasteignaverði. Þó kom fram að ekki væri einhlítt að telja afgerandi tengsl milli framboðs lánsfjár og fasteignaverðs. Þvert á móti bendi margt til að kaupmáttur sé ráðandi þáttur í þróun þess. Þá hafi verið hætta á að lánin leiði til aukinnar eftirspurnar í samfélaginu, samfara því að fólk skipti um húsnæði til að fá endurfjármögnun á eldri og óhagstæðari lán. Varað var við hækkun hámarksláns samfara þenslu í efnahagslífi og lögð áhersla á að forðast slíka hækkun á yfirstandandi ári.

Eftir að samþykki ESA við starfsskilyrðum Íbúðalánasjóðs og áformum um hækkun lánshlutfalls lá fyrir í ágústmánuði síðastliðnum tóku viðskiptabankarnir að bjóða íbúðalán á sambærilegum vöxtum og Íbúðalánasjóður upp að 80% af kaupverði án hámarksfjárhæðar. Gera má ráð fyrir að lánsframboð viðskiptabankanna fullnægi eftirspurn eftir endurfjármögnun eldri og óhagstæðari lána í ljósi þess að unnt er að taka lánin óháð því hvort eign er keypt eða ekki. Það er því ljóst að álit þau sem unnin hafa verið um áhrif hækkunar hámarksláns og hækkunar lánshlutfalls í 90% hafi lítið sem ekkert forspárgildi um þensluáhrif breytinganna við þessar breyttu aðstæður. Ljóst er að hækkun hámarksláns og lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs í 90% hafa ekki lykiláhrif á ákvörðun fólks um endurfjármögnun, þegar í boði eru sambærileg lán sem veitt eru án hámarksfjárhæðar og án tengsla við íbúðakaup. Þau þensluáhrif sem umsagnaraðilar gerðu ráð fyrir að breytingin gæti haft eiga því að vera komin fram í kjölfar þess lánaframboðs bankanna sem þegar hefur átt sér stað, óháð hækkun hámarksláns Íbúðalánasjóðs. Þá er ólíklegt að hækkun hámarksláns og lánshlutfalls í 90% breyti einhverju um verðmyndun á fasteignamarkaði frá því sem er við núverandi aðstæður. Ef breytingin hefur einhver áhrif til hækkunar er það væntanlega á þeim svæðum þar sem fyrirgreiðsla bankakerfisins er ekki fyrir hendi og vandséð er að slík verðhækkunaráhrif geti verið skaðleg.

Aðferð við breytinguna.

Eftir víðtækt samráð við hagsmunaaðila og vandaða meðferð málsins á undirbúningsstigi varð það niðurstaða ríkisstjórnarinnar að stefnt skyldi að hækkun hámarkslánshlutfalls innan ramma Íbúðalánasjóðs. Sérstaklega voru kannaðir kostir og gallar þess að fela fjármálastofnunum með einhverjum hætti veitingu lána umfram núverandi hámarksveðmörk Íbúðalánasjóðs. Niðurstaða þeirrar athugunar var að reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð standi því í vegi að fara þá leið.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er ráðherra veitt heimild til að hækka hámarkslánshlutfall í allt að 90% af kaupverði íbúðar. Samkvæmt gildandi lögum er ráðherra heimilt að ákveða hámarkslán með reglugerð og er gert ráð fyrir því að svo verði áfram. Ráðherra mun því hafa svigrúm til innleiðingar breytingarinnar í reglugerð. Gert er ráð fyrir því að þegar breytingin verður að fullu komin til framkvæmda nemi hámarkslánsfjárhæð Íbúðalánasjóðs 90% af verði hóflegs íbúðarhúsnæðis.

Afnám viðbótarlána.

Samhliða gildistöku nýrra lagaákvæða falla úr gildi núgildandi lagaákvæði um veitingu svokallaðra viðbótarlána til tekju- og eignaminni einstaklinga, með þátttöku sveitarfélaga, þar sem almennar lánaheimildir hækka í 90% af kaupverði. Vextir viðbótarlána voru þar til í september 2004 hærri en vextir almennra lána, en í kjölfar vaxtalækkunar viðbótarlánanna

bera þau sömu vexti og almenn lán sjóðsins. Gert er ráð fyrir að öll lán verði veitt með sömu vöxtum eftir breytinguna. Miðað við vaxtastig októbermánaðar 2004 felur það í sér einnar prósentu lækkun vaxta fyrir tekju- og eignaminni kaupendur. Allt frá árinu 1989 hefur verið stefnt að því að aðstoð við tekju- og eignaminni kaupendur verði fyrst og fremst í gegnum skattkerfið. Með þeirri almennu vaxtalækkun og hækkun lánshlutfalls sem nú verður að veruleika fyrir alla kaupendur eru rök fyrir sértækum vaxtakjörum eða lántökurétti tekju- og eignaminni einstaklinga ekki lengur fyrir hendi. Eðlilegt er að aðstoð hins opinbera fari við núverandi aðstæður í gegnum skattkerfið.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga í varasjóð húsnæðismála heyri sögunni til í núverandi mynd. Húsnæðismál verða eftir sem áður meðal verkefna sveitarfélaga, en ríkið mun taka að sér rekstur og fjármögnun lánakerfis húsnæðismála, jafnt almennra lána og lána til tekjuminni kaupenda. Varasjóður viðbótarlána verður áfram til og stendur til tryggingar útistandandi viðbótarlánum. Sveitarfélögin munu hins vegar losna við greiðsluskyldu í sjóðinn og skapast þannig svigrúm fyrir þau til að verja því fé til annarra verkefna á sviði húsnæðismála. Fyrirhugað er að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga semji um það hvernig aðkomu sveitarfélaganna að breyttu húsnæðiskerfi verði háttað.

Heildstætt lánakerfi.

Í drögum að niðurstöðum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að fara yfir stöðu leigumarkaðarins kom fram að staða leigumarkaðarins væri nú almennt góð. Framboð leiguhúsnæðis væri fullnægjandi og ljóst að átak það sem ríkisstjórnin stóð fyrir í uppbyggingu leiguíbúða árið 2001 hefði skilað góðum árangri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stuðla að eflingu leigumarkaðarins með því að heimila Íbúðalánasjóði að bjóða tvenns konar lán til byggingar leiguíbúða. Annars vegar verði sem fyrr boðin lán með breytanlegum vöxtum sem nú eru 4,9%. Hins vegar verði boðið upp á lán með föstum vöxtum án uppgreiðsluheimildar. Vaxtaálag sjóðsins vegna slíkra lána verði með sama hætti og nú gildir um ÍLS-veðbréf, að því frátöldu að ekki verði lagt álag vegna uppgreiðsluáhættu á þessi leiguíbúðalán. Lán til leiguíbúða eru veitt rekstrarfélögum til langs tíma. Þau rök sem eru fyrir uppgreiðsluheimild almennra íbúðalána eiga ekki við um slík lán.

Við gildistöku ákvæða frumvarps þessa verður til heildstætt og einsleitt húsnæðiskerfi. Með því er lokið við það umbótaferli sem hófst með setningu laga um húsnæðismál árið 1998. Tilkoma viðbótarlánakerfisins í stað félagslega íbúðakerfisins árið 1999 hefur sannað gildi sitt, aukið valfrelsi tekju- og eignaminni kaupenda og dregið úr neikvæðum félagslegum afleiðingum afmarkaðra félagslegra íbúða.

Íbúðalánakerfið og reglur EES-samningsins.

Eins og kunnugt er settu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) fram staðhæfingar sumarið 2003 þess efnis að fyrirkomulag lánveitinga Íbúðalánasjóðs bryti gegn ákvæðum EES-samningsins. Samtökin lögðu fyrir verkefnisstjórn félagsmálaráðherra tillögur um hvernig unnt væri að ná fram hækkun hámarksláns, samhliða því að bankarnir tækju að sér að veita íbúðalán með ríkisábyrgð. Félagsmálaráðherra leitaði í kjölfarið sérfræðiálits á því hvort fyrirkomulag íbúðalána á Íslandi stæðist ákvæði EES-samningsins. Niðurstaða þess var að allar líkur væri á að svo væri, en engu að síður þyrfti að tilkynna fyrirhugaða hækkun hámarksláns í 90% til ESA. Þá kom fram það mat að í tillögum SBV um tilflutning íbúðalána með ríkisábyrgð til bankakerfisins fælist í öllum tilvikum tilkynningarskyldur ríkisstyrkur til viðskiptabankanna. Í kjölfar þess ákvað ríkisstjórnin að tilkynna áform um hækkun há-

markslánshlutfalls og var það gert í nóvember 2003. Í apríl 2004 kvörtuðu SBV til ESA yfir starfsskilyrðum Íbúðalánasjóðs og var meðferð þeirrar kvörtunar sameinuð meðferð stofnunarinnar á tilkynningu íslenskra stjórnvalda um hækkun hámarksláns. Ákvörðun ESA lá fyrir 11. ágúst 2004 og var þar fallist á hækkun hámarksláns og talið að starfsskilyrði Íbúðalánasjóðs stæðust í einu og öllu ákvæði EES-samningsins. Þá var fallist á þau rök íslenskra stjórnvalda að fyrirkomulag íbúðalána Íbúðalánasjóðs feli í sér almannaþjónustu sem sé heimil skv. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Sérstaklega er tekið fram að þetta eigi jafnt við um almenn lán Íbúðalánasjóðs og viðbótarlán til tekjuminni kaupenda, enda komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði með öðrum hætti tryggt framboð veðlána til kaupa á íbúðarhúsnæði með sömu kjörum um allt land. Endurgjald það sem Íbúðalánasjóður fær fyrir þjónustuna sé hóflegt og fyrirkomulagið skaði ekki hagsmuni annarra aðildarríkja.

Mikilvægt er að nú hefur allri óvissu um lögmæti íbúðalánakerfisins út frá Evrópurétti verið eytt. Af þeim sökum eru nú betri forsendur til að skapa heildstæða framtíðarumgjörð um fyrirkomulag húsnæðismála. Eftirlitsstofnun EFTA byggir niðurstöðu sína á því að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé nauðsynleg til að tryggja landsmönnum jafnrétti í íbúðakaupum, óháð búsetu eða efnahag. Atburðir undanfarinna vikna sýna svo ekki verður um villst að sú niðurstaða byggist á góðum rökum. Full ástæða er til að fagna því að viðskiptabankar og sparisjóðir telji sér nú loks fært að bjóða almenningi íbúðalán á hliðstæðum vöxtum og Íbúðalánasjóður gerir. Tíminn verður að skera úr um hversu vel þeim gengur að veita lán á þessum kjörum til lengri tíma litið. Sá greinarmunur sem sparisjóðir og viðskiptabankar gera á sumum þéttbýlissvæðum og öðrum markaðssvæðum sýnir hins vegar svo ekki verður um villst að forsendur fyrir niðurstöðu ESA voru réttar.

Eftir stendur að Íbúðalánasjóður tryggir jafnræði allra landsmanna við fjármögnun húsnæðiskaupa. Hin mikla markaðshlutdeild sjóðsins í gegnum árin hefur eingöngu stafað af tregðu bankanna til að bjóða sambærileg kjör. Nú hefur orðið kærkomin breyting þar á. Efnisleg rök eru þó fyrir því að sjóðurinn verði áfram til og tryggi með þeim hætti jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu og efnahag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður hætti að veita viðbótarlán með ábyrgð sveitarfélaga er í greininni fellt brott ákvæði í 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna um að það sé hlutverk húsnæðisnefnda sveitarfélaga að leggja mat á þörf einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður á viðbótarláni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun. Skv. 4. tölul. sömu málsgreinar munu húsnæðisnefndir áfram hafa það hlutverk að veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og felur ákvæðið því einvörðungu í sér óverulega breytingu.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að felld verði niður skylda Íbúðalánasjóðs til að semja við viðskiptabanka eða aðra aðila um mat á greiðslugetu eða veðhæfi íbúða. Skylda sjóðsins til að semja við viðskiptabanka um framkvæmd greiðslumats á rætur að rekja til fyrri tíma þegar viðskiptabankarnir treystu sér ekki til að bjóða sambærileg kjör við Íbúðalánasjóð. Við núverandi aðstæður er óeðlilegt að setja ótvíræða skyldu á sjóðinn í þessu efni. Eðlilegra er að sjóðurinn eigi um það val hvernig hann kýs að haga mati á þessum þáttum, út frá hagsmunum sjóðsins sjálfs. Í breytingunni felst hins vegar ekki að gerðar verði minni kröfur um

lánshæfi lántakenda en verið hefur heldur er gert ráð fyrir að kveðið verði nánar á um þær kröfur í reglugerð.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ÍLS-veðbréf geti numið allt að 90 hundraðshlutum af matsverði íbúðar. Í ákvæðinu felst breyting til hagsbóta fyrir íbúðakaupendur þar sem hámarkslánshlutfall hefur fram til þessa verið 65%, eða 70% ef um er að ræða fyrstu íbúðakaup lántaka. Skv. 30. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004, hefur einnig verið fyrir hendi takmörkun varðandi brunabótamat og er við það miðað að lánsfjárhæð verði ekki hærri en sem nemur 85% af brunabótamati. Takmörkun af þessum toga er til þess fallin að draga úr áhættu Íbúðalánasjóðs en í framkvæmd má vænta þess að hún hafi eingöngu áhrif á lánsheimildir sjóðsins vegna íbúða í hverfum þar sem markaðsverð fasteigna er hærra en brunabótamatsverð. Gert er ráð fyrir hækkun brunabótamatsviðmiðs í 100% af brunabótamati áður en frumvarp þetta verður að lögum.

Í greininni er einnig mælt fyrir um heimild ráðherra til að hækka hámarksfjárhæðir ÍLS-veðbréfa. Samkvæmt reglugerð um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, nr. 521/2004, hefur hámarksfjárhæð verið 9,2 millj. kr. vegna notaðra íbúða og 9,7 millj. kr. vegna nýrra íbúða. Hámarkslánið var hækkað 5. október í 11,5 millj. kr. Miðað við þróun á fasteignamarkaði undanfarin ár er nauðsynlegt að hækka hámarksfjárhæðir til að unnt verði að lána allt að 90% af matsverði meðalíbúðar en gert er ráð fyrir að sú hækkun komi til framkvæmda í áföngum á næstu missirum.

Í greininni er gert ráð fyrir því sem meginreglu að ÍLS-veðbréf hvíli á fyrsta veðrétti á viðkomandi eign. Ekki er þó gert ráð fyrir því að óska þurfi eftir sérstakri heimild Íbúðalánasjóðs til að ÍLS-veðbréf hvíli á síðari veðrétti en þá gildir sú regla að uppreiknuð framar áhvílandi lán koma til frádráttar lánsheimildum Íbúðalánasjóðs, bæði að því er varðar lánshlutfall og hámarksfjárhæð. Sem dæmi má nefna að ef miðað er við núverandi hámarkslán til kaupa á notuðu húsnæði, sem er 11,5 millj. kr., verður Íbúðalánasjóði ekki heimilt að lána nema 10 millj. kr. ef uppreiknað framar áhvílandi lán nemur 1,5 millj. kr. Hér gildir með öðrum orðum regla um að lánsfjárhæð skerðist um krónu á móti krónu þegar ÍLS-veðbréf hvílir ekki á fyrsta veðrétti. Tekið skal fram að gert er ráð fyrir því að áhvílandi lán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna reiknist til frádráttar lánsupphæð á sama hátt og önnur áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs og verður reglugerð um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, nr. 521/2004, breytt í þá veru.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ákvæði VII. kafla laganna, er fjallar um viðbótarlán, falli brott. Viðbótarlán eru ætluð þeim sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa sérstaka aðstoð við íbúðarkaup. Lánin koma til viðbótar húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af markaðsverði íbúðar. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs má þó aldrei fara yfir 90% af markaðsverði að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldbindinga. Ýmsir þættir viðbótarlána eru ívilnandi fyrir lántaka. Þar ber fyrst að nefna að lánin eru stimpilfrjáls og að af þeim er greitt 0,5% lántökugjald í stað 1% af almennum lánum. Einnig eru viðbótarlán afborgunarlaus fyrsta árið, þannig að lántaki greiðir aðeins vexti og verðbætur fyrir þann tíma.

Verði frumvarpið að lögum munu allir íbúðakaupendur eiga kost á 90% lánum og þörf fyrir viðbótarlán verður því ekki lengur fyrir hendi. Vextir viðbótarlána voru framan af ári 2004 5,3% eða umtalsvert hærri en vextir af almennum lánum eftir breytingar á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem tóku gildi 1. júlí 2004. Frá því í septembermánuði bera viðbótar-

lán sömu vexti og almenn lán. Þessi breyting hefur því haft í för með sér verulega betri lánskjör fyrir tekju- og eignaminni kaupendur. Ekki eru því forsendur fyrir sérstökum lánaflokkum fyrir þann hóp við núverandi aðstæður.

Um yfirtöku áhvílandi viðbótarlána er fjallað í 8. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með því ákvæði um frekari skýringar.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að Íbúðalánasjóði verði heimilað að veita tvenns konar lán til leiguíbúða. Annars vegar verði sjóðnum heimilt að veita lán með breytanlegum vöxtum, eins og nú háttar. Vextir þeirra lána breytast árlega og ráðast af vaxtakostnaði þeirra. Í ákvæðinu felst að felld er niður umsagnarskylda Seðlabanka Íslands um vaxtaákvörðun, enda samrýmist slík ráðgjöf ekki hlutverki bankans samkvæmt lögum um bankann. Hins vegar verði sjóðnum heimilt að bjóða leiguíbúðalán á föstum vöxtum sem taki mið af fjármögnunarkjörum sjóðsins hverju sinni. Slík lán yrðu án uppgreiðsluheimildar og vaxtaálag á þau því lægra en almennt vaxtaálag ÍLS-veðbréfa. Talið er eðlilegt að sjóðurinn hafi svigrúm til að bjóða ólíkar tegundir lána til leiguíbúðafélaga, enda mikilvægt að slík félög eigi aðgang að fjölþættum fjármögnunarmöguleikum.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála verði heimilað að færa raunvexti, þ.e. brúttóvexti að frádregnum verðbótaþætti, af ávöxtuðu fjármagni varasjóðs viðbótarlána til annarra verkefna sjóðsins. Með þessu móti er unnt að bæta úr fjárvöntun vegna innlausnar sveitarfélaga á félagslegum íbúðum og sölu þeirra á almennum markaði. Gengið er út frá því að þessi heimild geti nýst vegna raunvaxta ársins 2004 og komandi ára.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 2. og 3. mgr. 45. gr. laganna falli brott. Umrædd ákvæði fjalla um framlög sveitarfélaga í varasjóð viðbótarlána. Ekki er gert ráð fyrir því að sveitarfélög ábyrgist lánveitingar til íbúa sinna eftir þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu heldur beri Íbúðalánasjóður áhættu af útlánatapi. Þessari áhættu er mætt með vaxtaálagi, sbr. 28. gr. laganna, og áhættustýringu.

Húsnæðismál verða eftir sem áður meðal verkefna sveitarfélaga, en ríkið mun taka að sér rekstur og fjármögnun lánakerfis húsnæðismála, jafnt almennra lána og lána til tekjuminni kaupenda. Varasjóður viðbótarlána verður áfram til og stendur til tryggingar útistandandi viðbótarlánum. Sveitarfélögin munu hins vegar losna við greiðsluskyldu í sjóðinn og fá því svigrúm til að verja því fé sem árlega rennur í varasjóð til annarra verkefna á sviði húsnæðismála. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komist að samkomulagi um það hvernig aðkomu sveitarfélaganna að breyttu húsnæðiskerfi verði háttað.

Um 8. gr.

Þegar íbúð með áhvílandi viðbótarláni er seld þarf skv. 32. gr. gildandi laga annaðhvort að greiða lánið upp eða kaupandi að uppfylla öll skilyrði fyrir veitingu viðbótarláns. Til þess að kaupandi megi yfirtaka lánið þarf hann að leggja fram samþykki viðkomandi húsnæðisnefndar á rétti sínum til viðbótarláns. Rétt þykir að leggja til í frumvarpinu að frá gildistöku laganna verði yfirtaka viðbótarláns heimil án sérstakra skilyrða, en tilkynna skal Íbúðalánasjóði slíka yfirtöku, á sama hátt og gildir um yfirtöku annarra lána sjóðsins.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki gildi 1. janúar 2005. Er gert ráð fyrir því að frá þeim tíma afgreiði Íbúðalánasjóður 90% lán til almennra lántakenda.

Þá er tekið fram að viðbótarlán skuli afgreidd samkvæmt núgildandi VII. kafla laganna og reglugerð um viðbótarlán ef þau eru samþykkt fyrir gildistöku laganna.

Að síðustu er kveðið á um endurútgáfa laganna í heild. Miklar breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 44/1998 á undanförnum árum og brýnt er að endurútgefa lögin í heild. Rétt þykir að gera það nú þegar lokið er heildarendurskoðun húsnæðismála með breytingum á hinu almenna lánakerfi og endurskoðun ákvæða um leigumarkaðinn.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum húsnæðismál.

(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 30. júní 2004.)

Megintilgangur frumvarpsins er að hækka lánshlutfall almennra íbúðalána. Frá árinu 1989 hafa lán Húsnæðisstofnunar og síðar Íbúðalánasjóðs verið háð því að lánin rúmist innan 65% af kaupverði íbúðar, eða 70% af kaupverði ef keypt er í fyrsta sinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánshlutfallið verði framvegis að hámarki 90% og að sú breyting taki gildi 1. janúar 2005.

Samhliða gildistöku nýrra lagaákvæða er gert ráð fyrir að gildandi lagaákvæði um veitingu svokallaðra viðbótarlána til tekju- og eignaminni einstaklinga, með þátttöku sveitarfélaga, falli úr gildi. Vextir viðbótarlána voru þar til í september 2004 hærri en vextir almennra lána, en í kjölfar vaxtalækkunar viðbótarlánanna bera þau sömu vexti og almenn lán sjóðsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga í varasjóð húsnæðismála heyri sögunni til og að það verði ekki lengur hlutverk húsnæðisnefnda sveitarfélaga að leggja mat á þörf einstaklinga fyrir viðbótarlán. Húsnæðismál verða eftir sem áður meðal verkefna sveitarfélaga, en ríkið mun taka að sér rekstur og fjármögnun lánakerfis húsnæðismála, jafnt almennra lána og lána til tekjuminni kaupenda.

Varasjóður viðbótarlána verður áfram til og stendur til tryggingar útistandandi viðbótarlánum. Sveitarfélögin munu hins vegar losna við greiðsluskyldu í sjóðinn og fá því svigrúm til að verja því fé til annarra verkefna á sviði húsnæðismála. Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga munu á næstunni hefja viðræður um það hvernig aðkomu sveitarfélaganna að breyttu húsnæðiskerfi verði háttað.

Í heild eru fjárhagsleg áhrif frumvarpsins jákvæð fyrir sveitarfélögin. Fyrir það fyrsta losna sveitarfélögin við að greiða framlög í varasjóð viðbótarlána en á síðasta ári námu framlögin rúmlega 300 m.kr. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2004 námu framlögin rúmlega 200 m.kr. en þess ber að geta að það hlutfall sem sveitarfélögin greiddu í sjóðinn til tryggingar viðbótarlánum lækkaði úr 5% í 4% í október 2003. Frá árinu 1999 til septemberloka 2004 hafa sveitarfélögin greitt alls rúmlega 1.100 m.kr. í framlög í varasjóð viðbótarlána.

Í annan stað gefur ákvæði 6. gr. frumvarpsins varasjóði húsnæðismála aukin tækifæri til að greiða sveitarfélögum tap vegna sölu á félagslegum íbúðum á almennum markaði, en það

fjármagn sem sjóðurinn hefur nú til ráðstöfunar til þessa verkefnis hefur ekki verið nægjanlegt.

Loks ættu sveitarfélögin að ná fram nokkrum vinnusparnaði við það að þurfa ekki lengur að hafa með höndum umsýslu vegna viðbótarlána. 3.338 viðbótarlán voru veitt á árinu 2003. Á þessu ári hafa verið veitt 2.617 lán. Ef gert er ráð fyrir 3.300 lánum pr. ár sem viðmiðun getur sparnaður sveitarfélaga af því að hætt verður að veita viðbótarlán numið um 16,5 m.kr. á ári ef gert er ráð fyrir að hver afgreiðsla kosti sveitarfélag 5.000 kr. (ca. 2 klst. vinnu). Hugsanlega getur sá sparnaður sem um ræðir þó orðið nokkru hærri eða samtals um 20 m.kr. ef gert er ráð fyrir að einhverjar umsóknir fái synjun.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að hækka hlutfall almennra lána Íbúðalánasjóðs í 90% af matsverði íbúðar. Núna er hlutfallið 70% þegar um fyrstu íbúðarkaup er að ræða en annars 65%. Í öðru lagi er lagt til að sérstök viðbótarlán sem veitt eru að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga verði lögð niður. Í þriðja lagi eru felld niður ótvíræð ákvæði um að við afgreiðslu lánsumsókna skuli liggja fyrir mat á veðhæfni fasteignar og greiðslugetu lántaka. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarfélögum og félagasamtökum verði hvort heldur er boðið upp á lán til leiguíbúða með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum sem heimilt verði að veita án uppgreiðsluréttar og þar með uppgreiðsluálags. Þá er fellt niður ákvæði um að ákvörðun sjóðsins um breytilega vexti skuli tekin að fengnu áliti Seðlabanka Íslands. Í fimmta lagi er lagt til í frumvarpinu að ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála verði veitt heimild til að ráðstafa raunvöxtum varasjóðs viðbótarlána til annarra verkefna sjóðsins. Í athugasemdum frumvarpsins eru kynnt áform um hækkun hámarkslána í áföngum á næstu missirum og hækkun brunabótamatsviðmiðs í 100% áður en frumvarpið verður að lögum.

Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum. Aftur á móti mun frumvarpið leiða til aukins lánsfjárframboðs til íbúðakaupenda og getur þannig haft efnahagsleg áhrif með því að auka innlenda eftirspurn og leiða til hækkunar fasteignaverðs. Komi til þess getur það aftur leitt til hækkunar vaxta Seðlabanka og vaxta almennt. Með hækkun útlána Íbúðalánasjóðs hækka ábyrgðir ríkisins sem hefur áhrif á lánshæfismat Íslands erlendis en útlán Íbúðalánasjóðs voru á miðju ári 2004 um 82% af heildarábyrgðum ríkissjóðs.

Samkvæmt upplýsingum Íbúðalánasjóðs hefur sjóðurinn komið að um 50% viðskipta á fasteignamarkaði síðustu vikur en hlutdeild hans var áður um 60%. Viðskipti á fasteignamarkaði í september sl. voru 40% meiri miðað við sama tíma í fyrra og því ólíklegt að markaðshlutdeild sjóðsins sé komin í jafnvægi. Samkvæmt nýrri áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að aukning fasteignaviðskipta á árinu 2005 geti numið 20% en á móti komi minni markaðshlutdeild sjóðsins. Þá gerir sjóðurinn ráð fyrir að breytingarnar leiði til 9% lækkunar útlána í öðrum lánaflokkum, þ.m.t. greiðsluörðugleikalánum. Áætlar sjóðurinn að heildar-

útlán sjóðsins geti orðið 6 milljörðum kr. minni en frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 gerir ráð fyrir.

224. Fyrirspurn [221. mál]

til umhverfisráðherra um þjónustugjöld á náttúruverndarsvæðum.

Frá Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að tekin verði upp þjónustugjöld á náttúruverndarsvæðum, sbr. heimild í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999?

225. Fyrirspurn [222. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjanlega orku í Þingeyjarsýslum.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hve mikla orku er hægt að fá frá núverandi virkjunum í Laxá og Kröflu og hve mikla miðað við mögulega stækkun virkjananna?
2. Hve mikla orku er hægt að fá frá öðrum virkjanakostum í Þingeyjarsýslum, svo sem Þeistareykjum, Bjarnarflagi, Skjálfandafljóti og öðrum álitlegum kostum?
3. Hve mikla orku er hægt að vinna úr lághita á svæðinu?

Skriflegt svar óskast.

226. Fyrirspurn [223. mál]

til samgönguráðherra um göng undir Bakkaselsbrekku og hábungu Öxnadalsheiðar.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Væri hagkvæmt með tilliti til umferðaröryggis og þungaflutninga að gera göng undir Bakkaselsbrekku og hábungu Öxnadalsheiðar?
2. Hve löng þyrftu slík göng að vera til að tryggja greiðari og öruggari umferð en nú?
3. Hver væri kostnaðurinn við slík göng?

Skriflegt svar óskast.

227. Frumvarp til innheimtulaga. [224. mál]

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lúðvík Bergvinsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.
Heimildir til að annast innheimtu.

Sá sem í atvinnuskyni annast innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi skal hafa fengið innheimtuleyfi frá ráðherra. Kallast sá innheimtuaðili í lögum þessum.

Lög þessi taka ekki til innheimtustarfa lögmanna, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998, né heldur innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, sem þeir annast sjálfir.

2. gr.
Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðili má því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að hann hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.,
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta,
b. hefur ekki hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,
c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt,
d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland,
e. er ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta að fjárhæð 500.000 kr. eða hærri.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en fimm ára í senn.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef einstaklingur eða lögaðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti. Ósanngjarnar kröfur um innheimtulaun teljast m.a. til slæmra innheimtuhátta. Það brýtur jafnframt gegn góðum innheimtuháttum að beita skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni, óþægindum eða hótunum eða breiða út persónulegar upplýsingar um þá.

7. gr.

Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörunar.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila,
b. lýsing á kröfu,
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun,
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast,
e. greiðslustaður og
f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þá telst krafa greidd ef greiðsla hefur borist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.

Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu.

Við lok innheimtustarfs samkvæmt lögum þessum skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.

Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.

Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki efnislega tilgangi sínum.

12. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi.

Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert frá gildistöku laganna.

Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Fjármálaeftirlit í umboði viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt getur það varðað sviptingu innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. verður þó að vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna.

Við gildistöku laga þessara orðast 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, svo:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi. Heimild ráðherra takmarkast af heimild viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar samkvæmt innheimtulögum.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127., 128. og 130. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd. Þá lagði viðskiptaráðherra fram sambærilegt frumvarp á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga m.a. vegna ágreinings stjórnarflokkanna um málið. Þrátt fyrir mikilvægi þess að sett verði lög um innheimtu virðast stjórnarflokkarnir ekki hafa náð að leysa þann ágreining sem er þeirra á milli um málið. Það er skoðun flutningsmanna að málið sé brýnt og því verði að leggja það fyrir Alþingi á ný.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Þá er frumvarpinu ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum og þá fyrst og fremst á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur.

Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum. Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft farið fram á að sett yrðu lög um innheimtu. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtuaðilar geti hagað sér frjálslega við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Fyrirtækjum sem sérhæfa sig í innheimtum hefur fjölgað mikið hér síðustu ár og er lögum þessum m.a. ætlað að tryggja eftirlit með starfsemi þeirra og þá ekki síður með hagsmuni kröfuhafa í huga en skuldara. Þannig eru gerðar ítarlegar hæfiskröfur til innheimtuaðila og þeim gert að gæta góðra innheimtuhátta og að hafa starfsábyrgðartryggingu í gildi.

Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum milli þinga að teknu tilliti til umsagna sem borist hafa frá aðilum utan þings.

Í þessu frumvarpi er lagt til að innheimtur sem lögmenn, sem starfa á lögmannsstofum, annast verði undanskildar lögunum. Í fyrri frumvörpum hefur verið lagt til að lögin næðu til innheimtu þeirra á frumstigi jafnt sem annarra innheimtuaðila en að sérreglur giltu um eftirlit með störfum þeirra. Lög um lögmenn taka til starfa þeirra og er þar m.a. kveðið á um skyldu þeirra til að fara að siðareglum í störfum sínum, hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu og ítarleg ákvæði um vörslu fjármuna umbjóðenda þeirra og eftirlit með störfum þeirra.

Lagt var til í frumvarpinu, sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi, og einnig í þessu frumvarpi að lögum nr. 77/1998, um lögmenn, yrði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra yrði gert skylt að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim væri hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu.

Í fyrri frumvörpum hafa opinberir aðilar og bankar og sparisjóðir verið undanþegnir en flutningsmenn leggja til að sú undanþága verði nú takmörkuð við opinbera aðila og innheimtu þeirra á sköttum og gjöldum. Bankar og sparisjóðir verða, samkvæmt því sem hér er

lagt til, að hafa innheimtuleyfi og falla undir kröfur laganna ef þeir innheimta eigin kröfur eða annarra í atvinnuskyni. Vel þekkist að fjármálastofnanir eigi og reki sérstök innheimtufyrirtæki og því telja flutningsmenn takmarkaðar ástæður til að undanskilja banka og sparisjóði frá ákvæðum laga þessara.

Í frumvarpinu er fremur horft til þess hver það er sem innheimtir og hvort innheimta er framkvæmd í atvinnuskyni í stað þess að í fyrri frumvörpum var horft til þess á hvaða stigi innheimta er. Má telja líklegt að með þessu aukist líkurnar á því að lögin geti fylgt hugsanlegri þróun á þessu sviði.

Flutningsmenn telja að hér sé einnig tekið skref í þá átt að bæta stöðu skuldara við innheimtu á grundvelli réttarfarslaga með tillögu þeirra um breytingu á lögum um lögmenn, en þó þurfi að huga hið fyrsta að frekari bótum á því sviði.

Eins og áður segir er frumvarp þetta byggt á eldri frumvörpum ráðherra um sama efni þar sem að hluta var stuðst við norsk innheimtulög og til hliðsjónar höfð löggjöf annarra nágrannalanda um þetta efni.

Í eldri mynd frumvarpsins var að finna nokkuð ítarleg ákvæði um hvenær og hvernig innheimtuaðili mætti snúa sér beint til skuldara, þ.e. það sem kallað var að snúa sér persónulega til skuldara. Þetta var nokkuð gagnrýnt í umsögnum með vísan til þess að slíkt ákvæði tæki einna helst til háttsemi svokallaðra „handrukkara“ sem stunduðu sína starfsemi utan lagarammans. Eðlileg tengsl innheimtuaðila og skuldara hljóti að falla undir ákvæði frumvarpsins um eðlilega innheimtuhætti. Að teknu tilliti til þessarar gagnrýni er frumvarpið nú lagt fram í breyttri mynd. Það er þó e.t.v. rétt að nefnd sem fær málið til meðferðar skoði hvort tilefni sé til að hafa slíkt ákvæði í lögum enda hafa nokkrir aðilar mælt með því, þar á meðal Neytendasamtökin sem telja slíkt ákvæði nauðsynlegt og vísa m.a. til danskra innheimtulaga.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða skal í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum. Tekið skal fram að innheimtur sem opinberir aðilar fela einkaaðilum, sem tíðkast m.a. varðandi ýmis gjöld fyrirtækja í eigu sveitarfélaga, eru hér ekki undanþegnar.

Innheimtur lögmanna sem starfa á lögmannsstofum undanþegnar lögunum með rökum sem þegar hafa verið rakin í greinargerð. Þá er í greininni áréttað gildissvið laganna gagnvart réttarfarslögum.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. þarf sá innheimtuleyfi sem annast innheimtu í atvinnuskyni. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt fyrri málslið þessarar greinar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi nema þeir reki innheimtuna í atvinnuskyni þannig að innheimtukostnaðar sé krafist af skuldara.

Samkvæmt c-lið nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi. Í þessu frumvarpi er ákvæðið fyllra en í eldri frumvörpum sama efnis. Ákvæðið samsvarar nú að miklu leyti ákvæðum 52. gr. laga nr. 161/2002. Þá er sett það skilyrði að ekki séu fyrir hendi vanskil á opinberum gjöldum og vörslusköttum en hliðstæð krafa er í dönsku innheimtulöggjöfinni.

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl.

Þá má ekki veita innheimtuleyfi til lengri tíma en fimm ára í senn.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekanda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Þrátt fyrir að í greininni sé beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni eða óþægindum er eingöngu um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti án þess að um tæmandi talningu tilvika sé að ræða.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur talist brot á góðum innheimtuháttum að breiða út persónulegar upplýsingar um skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda. Um skilgreiningu á hugtakinu persónulegar upplýsingar vísast til laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. mgr. skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skylduviðvörun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilisfangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Ef innheimta fer fram á grundvelli réttarfarslaga gilda ekki ákvæði þessara laga. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Sú breyting er gerð frá fyrra frumvarpi að á eftir orðinu kröfuhafi er bætt við orðunum „eða umboðsmanns hans“. Er með þessu tekið sérstakt tillit til innheimtu á grundvelli handhafabréfa.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests enda sé slíkt sannað.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Við lok innheimtustarfs skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu

þarf að leggja fé á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur.

Nefna má í þessu sambandi að í reglugerð nr. 201/1999, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., segir í 1. gr. að lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, skuli halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin nafni og jafnframt sé honum skylt að veita stjórn Lögmannafélags Íslands upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar sé kveðið á um í reglugerðinni. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt lögunum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. Þar sem í síðari málsliðnum segir „efnislega“ er hnykkt á því að kröfuhafi ber ábyrgð á því að í innheimtubréfi komi það fram sem krafist er í 7. gr. en þarf ekki að sanna birtingu þess fyrir skuldara.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu innheimtuaðila.

Um 15. gr.

Kveðið er á um það í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um almenna reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði.

Lagt er til að við gildistöku laga þessara verði jafnframt gerð sú breyting á 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, að dómsmálaráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óbreytt lögmannalög skylda ekki dómsmálaráðherra til setningar leiðbeininganna. Sú heimild sem hann nú hefur er víðtækari en skylda viðskiptaráðherra samkvæmt lögum þessum þar sem leiðbeiningar dómsmálaráðherra eiga auk þess að ná til þess kostnaðar sem kann að leiða af innheimtuaðgerðum á grundvelli réttarfarslaga, svo fremi sem dómsmál hefur ekki verið höfðað til heimtu kröfu, og þykir því rétt að breyta heimild dómsmálaráðherra í skyldu. Skylda dómsmálaráðherra mun þó augljóslega nú takmarkast af skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem til fellur á frumstigi innheimtu samkvæmt lögum þessum.

228. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um friðlandið í Þjórsárverum.

Flm.: Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað þannig að friðlandsmörkin taki mið af náttúrufari og landslagi og því verði jafnframt lýst yfir að fallið sé frá öllum virkjanaáformum á svæðinu. Einnig verði sótt um að Þjórsárver komist á heimsminjaskrá UNESCO.

Greinargerð.

Miklar deilur hafa risið vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í Þjórsárverum. Verin voru friðlýst árið 1981 og framkvæmdir við Norðlingaöldu og veitulón austast í verunum samræmast ekki samkomulagi því sem gert var þá. Með virkjanaframkvæmdum yrði gengið á ómetanleg náttúruverðmæti en eins og fram kemur í skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er um að ræða verðmætasta hluta hálendisins.

Árið 1999 kom iðnaðarráðuneytið í samráði við umhverfisráðuneytið á laggirnar verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Meginhlutverk verkefnisstjórnar var að semja tillögu að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þar sem virkjunarkostir væru flokkaðir með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, áhrifa þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á aðra landnýtingu. Verkefnisstjórnin kom á fót fjórum faghópum sem tóku fyrir virkjanakosti á Íslandi hver frá sínu sjónarhorni, en þar var samankomið einvalalið valinkunnra fræðimanna: Faghópur I fjallaði um náttúrufar og minjar, faghópur II hafði sem verkefni útivist og hlunnindi, faghópur III bar saman virkjanir með tilliti til áhrifa þeirra á efnahag og og byggðir, faghópur IV hafði það hlutverk að greina virkjunarkosti, meta orkugetu þeirra og stofn- og rekstrarkostnað.

Niðurstöðum 1. áfanga rammaáætlunar var skilað í nóvember 2003, afrakstri fjögurra ára vinnu. Þar kemur fram að Þjórsárver eru talin verðmætasta svæði hálendis Íslands með tilliti til náttúruverðmæta en alls var lagt mat á 41 svæði (bls. 42). Norðlingaölduveita er ekki fýsilegur kostur þar sem umhverfisáhrif eru mikil og orkan ekki slík að sköpum skipti. Aðrir kostir eru vænlegri. Hins vegar er talið hlutfallslega ódýrt að ráðast í þá framkvæmd.

Með úrskurði Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, í janúar 2003 um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu, var verulega dregið úr umfangi Norðlingaöldulóns og það var fært út fyrir friðlandsmörkin. Aftur á móti fól úrskurðurinn í sér viðbótarframkvæmdir sunnan Hofsjökuls, tvö uppistöðulón með veituskurðum til austurs. Innan Þjórsárveranefndar hafði verið samkomulag um að fara ekki út í þessa framkvæmd, sem gekk undir nafninu 6. áfangi Kvíslarveitu.

Úttektir sem gerðar hafa verið sýna að sú viðbótarframkvæmd sem felst í úrskurði setts umhverfisráðherra mun verulega spilla náttúrufari og landslagi í Þjórsárverum. Þetta kemur m.a. fram í meðfylgjandi greinargerðum þeirra Rogers Crofts og Jack D. Ives.

Í tillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004–2008 frá síðasta ári (2003, bls. 238–39) er lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi veranna lendi innan friðlandsmarka, sem og Þjórsárgljúfrin, þ.m.t. fossinn Dynkur, allt niður að Sultartangalóni. Í greinargerðum Crofts og Ives kemur fram að núverandi

friðlandsmörk eru algjörlega ófullnægjandi og telja þeir nauðsynlegt að stækka friðlandið til mikilla muna svo svo verndun nái tilgangi sínum.

Í skýrslum Crofts og Ives er fjallað um möguleika á að koma Þjórsárverum á Heimsminjaskrá UNESCO. Þeir Crofts og Ives hafa báðir unnið með UNESCO og IUCN (Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum) við að meta umsóknir um skráningu svæða á þennan virðingarlista. M.a. voru þeir umsagnaraðilar þegar Þingvellir komu til umfjöllunar. Báðir telja þeir að svæðið búi yfir þeirri sérstöðu á heimsvísu að rík ástæða sé til að kanna hvort það geti hlotið skráningu.

Fyrirhuguð Norðlingaölduveita var á sínum tíma réttlætt með því að hún væri eina framkvæmdin sem hægt væri að ljúka innan þess þrönga tímaramma sem aukin orkusala til stóriðju krafðist. Þessar forsendur eru ekki lengur fyrir hendi. Nú er ljóst að mæta má væntanlegri eftirspurn eftir orku með öðrum hætti en virkjun á vatnsvæði Þjórsárvera og því kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að falla frá öllum áætlunum um 6. áfanga Kvíslaveitu og taka ákvörðun um að stækka friðlandið í samræmi við náttúruverndaráætlun en þar koma fram tillögur um að færa mörk friðlandsins til samræmis við náttúrleg mörk Þjórsárvera. Sátt þarf að nást um framtíð veranna sem eru líklega verðmætasta svæðið á hálendi Íslands. Það verður ekki gert nema með því að stíga þetta skref. Með því yrði komið til móts við stóran hóp umhverfissinna og með varanlegum hætti tryggt að Þjórsárverum verði skilað óskertum til komandi kynslóða.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Skýrsla. Þjórsárver: Verndun einstakra verðmæta til frambúðar. Roger Croft, varaformaður heimsnefndar IUCN um verndarsvæði. (Ágúst 2004.)
II. Skýrsla um heimsókn í Þjórsárver, Íslandi, 23.–30. júní 2004. Jack D. Ives, ráðgjafi í umhverfismálum og sjálfbærri þróun við Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókíó og rannsóknaprófessor með heiðursnafnbót við Carleton University í Ottawa.
III. Sátt um virkjanir og náttúruvernd. Gísli Már Gíslason, prófessor í vatnalíffræði við Háskóla Íslands. (Morgunblaðið 30. júlí 2004.)
IV. Ályktun Áhugahóps um verndun Þjórsárvera. (6. september 2003.)

229. Lög [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

(Afgreidd frá Alþingi 21. okt.)

Samhljóða þskj. 206.

230. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Böðvar Jónsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og markmið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem meginálhersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd og er því endurflutt.

Þann 17. og 21. júní 2000 urðu tveir öflugir jarðskjálftar á Suðurlandi með tilheyrandi eftirskjálftum. Fyrri jarðskjálftinn sem átti upptök sín í Holtum var um 6,6 á Richter, en sá síðari með upptök nálægt Hestfjalli var af stærðinni 6,5 á Richter.

Báðir þessir jarðskjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum. Haustið 2000 hafði þegar verið tilkynnt um 1.800 tjón. Tjón þessi eru að sjálfsögðu mismunandi mikil. Nokkur hús sem skemmdust mjög mikið hafa verið dæmd ónýt, en önnur sem einnig eru mikið skemmd hafa verið dæmd viðgerðarhæf. Þá var einnig um að ræða verulegt tjón á innbúi, vöru og framleiðslu fyrirtækja ásamt óbeinu tjóni sem ekki fellur beint undir tryggingar. Telja verður einstakt lán að ekki urðu umtalsverð slys á fólki í þessum öflugu jarðskjálftum.

Í flestum tilvikum voru það eldri hús og byggingar sem fóru illa, en einnig hús sem voru nálægt upptökum skjálftanna. Vegna fjarlægðar frá upptökum sluppu ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi við verulegar skemmdir á húsnæði. Öflugir jarðskjálftar hafa orðið á Suðurlandi á undanförnum árum þótt þeir næðu ekki sömu stærð og skjálftarnir sumarið 2000. Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem þá urðu og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum.

Suðurland er ekki eina virka jarðskjálftasvæðið. Nægir að minna á Norðurland þar sem stórir skjálftar gætu ógnað byggð á stórum svæðum.

Það er eðlilegt í kjölfar jarðskjálftanna sumarið 2000 og þeirra jarðskjálfta sem þekktir eru að menn leiði hugann að því hvernig efla má varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum, með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til þess að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum. Tillagan

gerir ráð fyrir að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu og að kostnaður vegna þess verði greiddur úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari vinnu verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta.

Mikil vinna hefur verið lögð í að meta það tjón sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 og er sú vinna vel á veg komin. Þar er um að ræða mat á tjóni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um Viðlagatryggingu Íslands. Í þessari vinnu hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er fyrir Alþingi að taka til endurskoðunar lög um Viðlagatryggingu og aðra löggjöf sem málið varðar og einnig þær viðmiðanir sem hafðar eru að leiðarljósi, svo sem gildandi brunabótamat sem reynst hefur mjög ótryggur grunnur til að byggja matsniðurstöður á. Þá er langt í frá að Viðlagatryggingu Íslands sé ætlað að standa undir öllu því tjóni sem varð og því má reikna með að enn sé um óleystan vanda að ræða hjá mörgum þeim sem urðu fyrir tjóni í Suðurlandsskjálftunum. Þann vanda þarf að leysa og einnig að koma til móts við þau sveitarfélög þar sem tjón varð hvað mest. Þau hafa óhjákvæmilega borið mikinn kostnað vegna þessara náttúruhamfara. Margir urðu fyrir óbætanlegu tjóni, en það er mjög mikilvægt að allir þeir aðilar sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni fái það bætt með þeim hætti að enginn verði verr settur fjárhagslega en fyrir skjálftana.

Það má draga mikinn lærdóm af jarðskjálftunum sem urðu sumarið 2000. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hefur tekið saman skýrslu um skjálftana og afleiðingar þeirra. Einnig býr mikil vitneskja hjá sveitarfélögum, matsmönnum Rauða krossins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fleiri aðilum. Þessari vitneskju þarf að sjálfsögðu að safna saman.

Mjög mismunandi er hvernig húsum og innbúi reiddi af í jarðskjálftunum. Nokkur hús skemmdust mikið og hafa verið dæmd ónýt, önnur hús í næsta nágrenni við mesta skjálftasvæðið virðast vera lítið sem ekkert skemmd. Sama máli gegnir um innbú í húsum; víða varð stórtjón en á öðrum stöðum var komið í veg fyrir verulegt tjón með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Þessi lýsing á við þekkt tjón en einnig má reikna með að í nokkrum tilvikum hafi skemmdir orðið á innviðum húsa án þess að þær hafi enn komið í ljós eða að mannvirki eigi eftir að skemmast vegna ýmiss konar röskunar sem varð í skjálftunum. Sem dæmi má nefna að vitað er að víða varð sig á jarðvegi við hús og líkur eru á að einnig hafi orðið sig á fyllingum undir gólfplötum og jafnvel undir sökklum húsa. Við slíkar aðstæður verða gjarnan skemmdir á lögnum undir húsum og við þau, auk þess sem sökklar og gólfplötur geta farið að síga og brotna á næstu mánuðum eða árum. Í timburhúsum gætu þéttingar hafa rofnað þannig að þau verði óþétt í vindi og kaldari, eða að raki fari að safnast í grindur og húsin að fúna. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um hvort slíkar duldar skemmdir hafa orðið, bæði til að unnt verði að gera við húsin ef þess er kostur og einnig til að eyða röngum grunsemdum ef ekkert er að.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið rétt og skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna. Liður í því er að nýta þá vitneskju sem fékkst um eðli og afleiðingar jarðskjálfta. Þar verður að forðast allar öfgar og má hvorki stinga höfðinu í sandinn og vona að nú sé þetta búið í bili og ekkert þurfi að gera né ganga of langt í varkárni og öryggiskröfum. Jarðskjálftar á Íslandi eru staðreynd sem nauðsynlegt er að búa sig undir af skynsemi og af varkárni. Til þess þarf að draga almennan lærdóm af skjálftunum og koma þeim upplýsingum á skipulegan hátt til almennings. Þar sem enn eru taldar verulegar líkur á að stórir jarðskjálftar verði innan tíðar á Suðurlandi þarf að hefjast handa strax.

Gera þarf með skipulegum hætti úttekt á því svæði þar sem skjálftarnir urðu sumarið 2000 og nýta þá þekkingu til forvarna. Þá þarf einnig að gera úttekt á öllum byggingum á Suður-

landi þar sem búast má við að stórir skjálftar verði þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana sem mögulegar eru til að lágmarka það tjón sem kann að verða.

Í framhaldi þarf síðan að fara í skipulega úttekt á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu og gera áhættugreiningu. Á grundvelli slíkrar áhættugreiningar mætti síðan flokka byggingar í áhættuflokka.

Þær upplýsingar væri síðan hægt að nota til að forgangsraða endurnýjun eða endurbótum á byggingum, setja fram hönnunarreglu og leiðbeiningar um forvarnir. Í þessari könnun verði sérstök áhersla lögð á t.d. íbúðarhúsnæði, skóla, leikskóla, sjúkrahús, dvalarheimili og annað húsnæði sem daglega hýsir margt fólk.

Af fenginni reynslu er augljóst að á þekktum jarðskjálftasvæðum er húsnæði sem þarf að afskrifa eða styrkja. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað sem ekki er hægt að velta alfarið yfir á eigendur þess.

Eðlilegt er að strax að lokinni ítarlegri úttekt á fyrsta hluta þess landsvæðis sem gerð yrði úttekt á verði ákveðið hver beri kostnað af niðurrifi eða endurbótum á hættulegu húsnæði. Þar má t.d. hugsanlega víkka hlutverk ofanflóðasjóðs og styrkja þannig að um verði að ræða sjóð vegna allra náttúruhamfara og hann eigi að bera kostnað af verkefnum eins og þessum.

Þá má nýta úttekt eins og þá sem tillagan gerir ráð fyrir til vinnu við leiðbeiningar um hvernig ganga þarf frá innanstokksmunum svo að öryggi íbúa sé sem best tryggt.

Þá er ekki síður mikilvægt að nota þá þekkingu sem fæst til að setja reglur hvað varðar hönnun bygginga.

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikið og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina.

Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Ragnar Sigbjörnsson. (3. október 2000.)
II. Bréf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til ríkisstjórnar Íslands. (Selfossi, 9. október 2000.)
III. Umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (27. febrúar 2001.)
IV. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (27. febrúar 2001.)
V. Umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (2. mars 2001.)
VI. Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (13. mars 2001.)

VII. Umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (14. mars 2001.)
VIII. Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (14. mars 2001.)
IX. Umsögn Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (15. mars 2001.)
X. Umsögn menntamálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XI. Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (15. mars 2001.)
XII. Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XIII. Umsögn Viðlagatryggingar Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XIV. Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (20. mars 2001.)
XV. Umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (17. mars 2001.)
XVI. Umsögn Almannavarna ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (17. apríl 2001.)

Um I. og II. fylgiskjal vísast til samhljóða fylgiskjala í þskj. 116 (116. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 764–772.

231. Svar [93. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um breytingar á húsnæðismarkaði.

Svarið er byggt á upplýsingum frá Íbúðalánasjóði.

1. *Hve margir hafa greitt upp lán hjá Íbúðalánasjóði síðan 23. ágúst þegar KB-banki kynnti ný húsnæðislán? Um hvaða fjárhæðir er að ræða og hvernig skiptist uppgreiðslan milli lánaflokka?*

Nákvæmar upplýsingar um fjölda lána eða lántakenda sem hafa greitt upp lán sín hjá Íbúðalánasjóði frá 23. ágúst sl. til loka september liggja ekki fyrir hjá sjóðnum. Uppgreiðslur lána hjá Íbúðalánasjóði frá 23. ágúst sl. námu um síðustu mánaðamót 13,2 milljörðum kr. Uppgreiðslurnar skiptust þannig að 1,7 milljarðar kr. eru uppgreidd lán Byggingarsjóðs ríkisins, 0,7 milljarðar eru lán Byggingarsjóðs verkamanna og 10,9 milljarðar eru lán húsbréfadeildar.

2. *Hvaða breytingar hafa orðið á hlutdeild Íbúðalánasjóðs í nýjum lánveitingum með aukinni samkeppni við bankana og hvernig má ætla að þróunin verði á þessu og næsta ári?*

Almenn íbúðalán Íbúðalánasjóðs í ágúst sl. voru 5.081 millj. kr. en 4.610 millj. kr. sama mánuð árið áður og í september 4.328 millj. kr. en 5.320 millj. kr. árið áður. Við þennan

samanburð ber að hafa í huga að septembermánuður 2003 var með stærstu útlánamánuðum sjóðsins frá stofnun hans.

Í ljósi þess að fjármálafyrirtæki hafa engar skyldur til að upplýsa um nýjar lánveitingar sínar á íbúðalánamarkaðnum og hafa ekki veitt neinar upplýsingar þar að lútandi hefur Íbúðalánasjóður engar forsendur til að segja til um hugsanleg áhrif aukinnar samkeppni á íbúðalánamarkaðnum og um áhrif á hlutdeild sjóðsins í nýjum lánveitingum. Þegar fram líða stundir og upplýsingar um fasteignaviðskipti og lánveitingar fjármálafyrirtækja verða fyrirliggjandi hjá öðrum opinberum aðilum, eins og Fasteignamati ríkisins og Seðlabanka Íslands, væri hins vegar möguleiki á að gera greiningu á þeirri þróun.

Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að hafa í huga nýlegar breytingar á lánum Íbúðalánasjóðs og fyrirhugaða hækkun á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs í 90% af kaupverði. Hámarkslánsfjárhæðir almennra lána voru hækkaðar þann 14. október sl. í 11,5 millj. kr. og í 13 millj. kr. ef jafnframt er veitt viðbótarlán. Jafnframt var viðmiðun við brunabótamat hækkað úr 85% í 100% af brunabótamati íbúðar. Þessar breytingar munu væntanlega stuðla að meira jafnræði milli sjóðsins annars vegar og fjármálafyrirtækjanna hins vegar. Þó mun ótakmörkuð lánsfjárhæð fjármálafyrirtækjanna áfram veita þeim nokkuð forskot á Íbúðalánasjóð á meðan lán sjóðsins eru bundin ákveðnu hámarki og á meðan útlánavextir endurspegla ekki muninn á alþjóðlegu lánshæfismati Íbúðalánasjóðs annars vegar og fjármálafyrirtækjanna hins vegar.

3. *Að hve miklu leyti ná tilboð banka og sparisjóða um lægstu vaxtakjör húsnæðislána og ótakmarkaðar lánsfjárhæðir (miðað við tilskilin veðmörk) til landsbyggðarinnar að mati Íbúðalánasjóðs og hvaða áhrif hefði það á húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni ef lánveitingar Íbúðalánasjóðs legðust af?*

Íbúðalánasjóður hefur engar upplýsingar um lánveitingar banka og sparisjóða til landsbyggðarinnar. Ein af grundvallarforsendum starfsemi Íbúðalánasjóðs er að veita öllum landsmönnum jafnan rétt á lánum og sömu lánskjör óháð búsetu. Augljóst er að Íbúðalánasjóður hefur verið bakhjarl húsnæðismarkaðar á landsbyggðinni. Engar upplýsingar liggja fyrir um það með einhverri vissu að hve miklu leyti tilboð bankanna ná til landsbyggðarinnar. Kemur þar til að samkvæmt heimasíðum fjármálafyrirtækjanna er mjög misjafnt hvernig markaðssvæði íbúðalánanna er skilgreint og oft á tíðum mjög óljóst hvar mörkin liggja.

232. Svar [151. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um söluandvirði hlutabréfa í Fjölni á Þingeyri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert var söluandvirði hlutabréfa Byggðastofnunar í Fjölni á Þingeyri sem seld voru í mars sl.?

Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun var söluandvirði hlutabréfa Byggðastofnunar í fiskvinnslunni Fjölni hf. 75 millj. kr.

233. Fyrirspurn [227. mál]

til heilbrigðisráðherra um rannsóknarstofu heilsugæslunnar í Reykjavík.

Frá Ástu Möller.

Hvað réð því að ekki var farið að stefnu heilbrigðisráðuneytis um útboð við kaup á sérfræðiþjónustu þegar rannsóknarstofa heilsugæslunnar í Reykjavík var lögð niður sl. sumar og samningur gerður við Landspítala – háskólasjúkrahús um að spítalinn tæki við rekstri hennar?

234. Fyrirspurn [228. mál]

til menntamálaráðherra um eignir Tækniháskóla Íslands.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Voru eignir Tækniháskóla Íslands metnar í aðdraganda samningaviðræðna skólans og Háskólans í Reykjavík? Ef svo er, hver var niðurstaða þess mats?
2. Hvernig er áætlað að farið verði með eignir Tækniháskóla Íslands við sameiningu skólanna? Verða þær lagðar inn í einkahlutafélagið sem hlutaeign ríkisins eða verða þær seldar?

235. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 20 ára og yngri., 100 % kostnaðar.
2. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 100% kostnaðar.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ekki tekjutryggingar, 75% kostnaðar. Fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannplanta gilda sérstakar reglur sem ráðherra setur. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er gerð sú breyting á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun í tannréttingar. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga, en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða forvarnir, almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar, svo og gullfyllingar, krónu- og brúargerð, gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga og eiga aðallega við um börn og unglinga.

Í frumvarpinu er lagt til Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri, svo og fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Kveðið verði á um form reikninga fyrir tannlæknaþjónustu í samningum við tannlækna eða gjaldskrá.

Flutningsmenn hafa áður lagt fram frumvörp um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar. Frumvarpið byggist á frumvarpi sem flutt var af Ögmundi Jónassyni o.fl. á 122., 123. og 125. löggjafarþingi og vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar án þess að hljóta þar afgreiðslu. Frá því að fyrri frumvörp voru lögð fram hefur greiðsluþátttaka TR aukist og er það vissulega mikilvægt. Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga. Í henni var lagt til að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs yrði efld og sérstök tannvernd ákveðinna aldurshópa yrði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu. Lagt var til að greiðsluþátttaka TR fyrir almennar tannlækningar barna og unglinga að 18 ára aldri yrði 90%.

Þingsályktunartillögunni var vísað til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd. Umsagnir um tillöguna voru í heild jákvæðar. Í þeim kom fram að nauðsyn væri talin að bæta tannheilbrigðiskerfið og auka greiðsluþátttöku TR en hins vegar þótti sú skipan sem tillagan gerði ráð fyrir nokkuð flókin í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri athugasemd er hér lögð til einfaldari útfærsla og að TR greiði að fullu almennar tannlækningar fyrir 20 ára og yngri.

Tannheilbrigði barna og unglinga.

Árið 1986 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar tennur (DMF) hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996 þegar síðasta könnun á tíðni tannskemmda meðal barna og unglinga var gerð. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6% en árið 1996 hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5%. Margir hafa því talið að tannheilbriði barna og unglinga færi stöðugt batnandi, en að mati sumra tannlækna hefur ástandið breyst til hins verra á undanförnum árum, bæði hvað varðar tannskemmdir og glerungseyðingu. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaraðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka TR í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Þetta kom m.a. fram á málþingi um tannheilsu barna sem haldið var á Grand Hótel Reykjavík 27. mars 2004. Því er nauðsynlegt að fá hið fyrsta niðurstöður úr nýrri könnun á sömu þáttum og endurtaka slíkar kannanir með reglubundnum hætti, svo bregðast megi við breytingum á almennu heilsufari á þessu sviði.

Tannheilbrigði aldraðra.

Í nýrri skýrslu eru birtar niðurstöður fjórða áfanga könnunar á breytingum á tannheilsu Íslendinga 1985–2000 en hann nær til landsmanna 65 ára og eldri. Að gerð skýrslunnar stóðu Guðjón Axelsson, Tannlækningastofnun Háskóla Íslands og Sigrún Helgadóttir. Þær umfangsmiklu upplýsingar sem aflað hefur verið um tannheilsu Íslendinga undirstrika mikilvægi þess að slíkum rannsóknum verði haldið áfram með reglulegu millibili í framtíðinni. Nauðsynlegt er að meta reglulega árangur af starfinu sem unnið er á þessu sviði heilsugæslu og greina í tíma breytingar sem verða á tannheilsu landsmanna þannig að bregðast megi við þeim. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall þeirra sem eru tannlausir fer stöðugt lækkandi. Af þeim sem svöruðu voru 54,6% tannlausir í báðum gómum eða 17.599 manns og hafði fækkað um 22,4 prósentustig frá 1985.

Mjög sterk tengsl voru á milli tannleysis og aldurs, kynferðis, menntunar, tíma frá síðustu tannlæknisheimsókn og tíðni tannlæknisheimsókna. Einnig komu fram nokkuð sterk tengsl milli búsetu og tannleysis. Í könnunni kom einnig fram að marktækur kynbundinn munur var á tannleysi, þar er algengara meðal kvenna (64,4 %) en meðal karla (44,3%).

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um fjölda eigin tanna, á hvaða aldri fólk varð tannlaust, tíðni heilgóma og parta, þrif, aldur og notkunarvenjur heilgóma, tannhirðu, notkun flúortannkrems, notkun tannlæknisþjónustu og hvort fólk var ánægt með þá tannlæknisþjónustu sem það hefur fengið sl. 10 ár. Þá voru könnuð áhrif kynferðis, búsetu, búsetu mestan hluta ævinnar, hjúskaparstöðu, menntunar, starf, starfs maka, starfs föður og starfs móður á niðurstöður. Kannað var hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á tannheilsu Íslendinga 65 ára og eldri frá 1985, 1990 og 1995 og hvort tekist hafi að ná alheimsmarkmiðum Alþjóðasamtaka tannlækna (FDI) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fyrir árið 2000 fyrir þennan aldurshóp.

Samkvæmt markmiðum þessara stofnana skyldi tíðni tannleysis hjá þeim sem voru 65 ára og eldri árið 2000 hafa minnkað um 25% frá því sem hún var árið 1980 og ennfremur skyldi yfir 50% tenntra einstaklinga hafa minnst 20 tennur í biti. Ekki er vitað hve margir 65 ára og eldri Íslendingar voru tannlausir árið 1980, en sé gert ráð fyrir að hlutfall tannlausra hafi lækkað álíka hratt á árunum 1980–1985 og frá 1985 til 1990 þá hefur hlutfall tannlausra verið rúmlega 80% árið 1980. Hlutfall tannlausra ætti þá að vera nálægt 60% árið 2000. Þetta markmið hefur því náðst á Íslandi.

Í skýrslunni kemur einnig fram að um síðustu aldamót voru 37,5% tenntra 65 ára og eldri Íslendinga með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi og að sýnt hafi verið fram á að í flestum tilfellum eru þeir sem segjast vera með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi með 20 eða fleiri tennur í biti. Það sé því ljóst að ekki hafi tekist að ná því markmiði að 50% tenntra 65 ára og eldri Íslendinga hefðu minnst 20 tennur í biti árið 2000.

Íslensk heilbrigðisáætlun til ársins 2010 tekur mið af markmiðum WHO og FDI. Í þeirri áætlun kemur fram að mikilvægustu verkefni næstu ára hvað aldraða varðar er að vinna að því að fullorðnir hafi a.m.k. 20 tennur í biti, draga úr tannleysi aldraðra og tryggja aðgengi allra þjóðfélagshópa að tannlækningum. Enn fremur verði að koma betra skipulagi á til þess að fylgjast með tannheilsu þjóðarinnar.

Tannheilsa aldraðra hefur batnað og fólk er betur meðvitað um tannheilsu og útlit. Betra aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og bættur fjárhagur fjölmargra aldraðra hefur haft afgerandi áhrif. Ný vandamál í munnholi koma upp með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar og í staðinn fyrir tannskemmdir er tanneyðing orðin töluvert vandamál. Sjúkdómar í tannholdi fylgja hækkandi aldri og breyttum lífsstíl.

Tanndráttur og falskar tennur var viðurkennd meðferð við lélegri tannheilsu fram á seinni hluta síðustu aldar en ætti að heyra fortíðinni til þegar hægt er að byggja upp bit með öðrum hætti. Tannlæknisfræðin þróast hratt með nýrri tækni og efnum svo möguleikar skapast til að stuðla að betra tann- og tannholdsheilbrigði, betra biti og minna tannleysi. Í dag vilja flestir halda sínum tönnum og bæta tannleysi með öðrum ráðum en að láta rífa tennur fyrir heilgóma. Það er því miður of algeng lausn, þar sem hún er í mörgum tilfellum ódýrust fyrir aldraða einstaklinga.

Breytt aldursmörk og endurgreiðsluhlutfall.

Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir að þeir sem væru 18 ára og yngri greiddu einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt væri að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að endurgreiða kostnaðinn að fullu. Í fyrri frumvörpum kom einnig fram að æskilegt væri að auka greiðsluþátttöku TR í áföngum og stefna að hækkun aldursmarka í 20 ár, þ.e. að setja okkur svipuð aldursmörk og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti. Með frumvarpinu er fallið frá þessum aðlögunartíma og gert ráð fyrir 100% greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannheilbrigðisþjónustu landsmanna 20 ára og yngri og ellilífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.

Flutningsmenn telja að miðað við stöðu þessara mála nú þurfi verulegt átak til að koma tann- og munnholsheilsu barna og ungmenna í betra horf. Greiðsluþátttaka TR vegur þyngst ef veita á börnum og unglingum tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag foreldra. Í könnun á hlutfalli barna sem ekki skila sér í eftirlit til tannlækna á Íslandi og birt var í 1. tbl. Tannlæknablaðsins 2002 kom fram að fjöldi barna sem engrar tannlækningaþjónustu nýtur hefur aukist. Í rannsókninni var ekki hægt að greina hvaða hópur barna það er sem ekki skilar sér en talið líklegt að þau börn sem tilheyra þeim hópi þjóðfélagsins sem illa er staddur bæði fjárhagslega og félagslega tilheyri einnig þessum hópi. Tannheilbrigðisþjónusta aldraðra og öryrkja fellur undir það sama, faglegt mat á viðhaldi bits og tanna á ekki að vera háð efnahag hvers og eins.

Dregið úr jaðaráhrifum á elli- og örorkulífeyrisþega.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga af fjárhagsástæðum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Árið 1974 hófust greiðslur TR til tannlækna. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt á meðan samningur tannlækna og TR var í gildi en eftir það hefur kostnaðarhlutdeild barna, aldraðra og öryrkja verið aukin.

Á árunum 1992–1993 var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem nutu óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem bjuggu við skerta tekjutryggingu lækkaður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum fengu nú engan stuðning. Fleiri ráðstafanir voru gerðar í skerðingarátt, einkum á síðustu árum hefur greiðsluþátttaka TR verið aukin aftur og má þar m.a. nefna eftirfarandi: Viðmiðunaraldurs-

mörk hafa verið hækkuð í 17 ár, elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar fá nú aftur 50% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar fá nú greidd 75% af tannlækniskostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og fá ekki vasapeninga fá nú 100% endurgreiðslu af gjaldskrá ráðherra en fengu 75% áður. Þá fá börn í umönnunarflokki 3 nú 90% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra, eins og börn í flokkum 1 og 2, en fengu áður 75%.

Það að ekki skuli vera í gildi samningur um fasta gjaldskrá milli tannlækna og TR skerðir verulega hlut þeirra sem eiga rétt á greiðsluþátttöku stofnunarinnar. Samningur sem gerður var 1992 milli tannlækna og TR gilti til 1998, en þá náðist ekki samkomulag milli samningsaðila um gerð nýs samnings. Núgildandi gjaldskrá ráðherra byggist á samningnum sem gilti til 1998 og hefur ekki breyst í takt við verðlagsþróun og skekkir því greiðsluþátttöku TR verulega. Börn og unglingar sem í dag eiga rétt á 75% endurgreiðslu TR fá í raun ekki nema 50% af þessum sökum þar sem greiðsluþátttaka TR miðast við fasta gjaldskrá ráðherra, en verðskrá tannlækna er frjáls og hefur hækkað umtalsvert umfram flata 20% hækkun gjaldskrárinnar 2002. Ætla má að á fjárlögum 2003 hafi af þessum sökum sparast um 140 millj. kr.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þar kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%, sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins, Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla, sem gefin var út í júlí 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr., þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993, en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað né að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana, enda staðhæfir fólk að svo sé, samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan. Forsenda þess að draga úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknaþjónustu sjúkratryggðra er að í gildi sé gjaldskrársamningur tannlækna og TR vegna sjúkratryggðra og greiðsluþátttaka hins opinbera verði aukin.

Í skýrslu landlæknisembættisins, Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni þar sem í ljós hafi komið að meðal barnafólks með lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði sé allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Í skýrslunni kemur fram að ekki virðast færri fara í aðgerðir á læknastofum en mun færri fara í meðferð hjá tannlækni og reyndar hefur borið á því áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda á undanförnum árum. Í það minnsta eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting því að fyrri rannsóknir hafa ekki bent til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.

Vissulega ber að fagna mikilvægum úrbótum sem gerðar hafa verið. Þær úrbætur eru þó ekki nægar og jafna ekki stöðu þeirra hópa sem hér hafa verið nefndir, t.d. ef borið er saman við þær reglur sem gilda um tannheilbrigðisþjónustu nágrannaþjóðanna.

Opinber stefna.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er bættri tannheilsu barna og unglinga skipað á bekk með forgangsverkefnum. Stefnt er m.a. að því að 12 ára börn hafi að meðaltali minna

en eina skemmda, tapaða eða viðgerða tönn fyrir árið 2010. Tannheilsa íslenskra barna hefur lítið verið rannsökuð á síðustu árum en miðað við þau gögn sem til eru, er talið er að hjá 12 ára börnum sé þetta hlutfall u.þ.b. 1,5.

Ljóst er að auk kostnaðar hafa margir aðrir þættir áhrif á tannheilbrigði. Má þar nefna breytt mataræði, svo sem aukna neyslu gosdrykkja, tannhirðu og erfðir.

Til að halda útgjöldum við tannlækningar niðri er því mikilvægt að halda uppi stöðugri fræðslu, efla tannheilsugæslu og virkja þátt ábyrgðatannlækna svo nokkur dæmi séu nefnd. Það er mikilvægt að sátt náist um opinbera stefnu í tannheilbrigðisþjónustu svo áherslan beinist að þeim hópum sem mest þurfa á því að halda. Komið hefur fram það sjónarmið að breyta megi áherslum og forvörnum í tannheilsuvernd barna og unglinga og leggja meiri áherslu á ákveðna áhættuhópa, en draga jafnframt úr forvarnaraðgerðum meðal barna og unglinga sem hafa góða tannhirðu og heilbrigðar tennur.

Áætlaður kostnaður.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar myndi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Miðað við núverandi gjaldskrá má ætla að kostnaður vegna barna muni aukast um rúmar 180 millj. kr., vegna aldurshópsins 18–20 ára um 185 milljónir og vegna lífeyrisþega, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega, um rúmar 110 millj. kr. Heildarkostnaðaraukinn væri samkvæmt þessu um 475–480 millj. kr. Hins vegar er þess að gæta að gjaldskráin hefur ekki hækkað í takt við verðlagsbreytingar svo gera verður ráð fyrir sérstakri hækkun af þeim sökum umfram þessar 475–480 milljónir.

Með frumvarpinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Heimtur barna til tannlækna. Helga Ágústsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Reynir Jónsson. (Tannlæknablaðið 2002, 1. tbl., bls. 48–49.)

II. Kafli 6.7 Tannheilsa úr heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Birt á vef heilbrigðisráðuneytis. (Nóvember 2000.)

236. Tillaga til þingsályktunar [230. mál]

um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt nokkrum sinnum áður en aldrei orðið útrædd. Nokkur umræða hefur orðið að undanförnu um þörfina á endurskoðun á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins og þykir því rétt að endurflytja tillöguna þannig að hún og þau sjónarmið sem að baki liggja komi til skoðunar ásamt öðrum hugmyndum um breytingar á viðkomandi sviði. Tillagan er endurflutt óbreytt ásamt þeirri greinargerð sem henni fylgdi síðast.

„Ljóst er að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er margþætt og flókið mál. Það er skoðun flutningsmanns að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum sé óheppileg verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins.

Til greina kemur að stofna nýtt ráðuneyti sem tæki við verkefnum á þessu sviði frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti eða að færa þessi mál öll saman til eins af ráðuneytunum, t.d. félagsmálaráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið er þegar fyrirferðarmikið og ekki er að öllu leyti heppilegt að almannatryggingar séu jafnframt vistaðar þar. Sama gildir um fjármálaráðuneytið.

Sameining þessa mikilvæga en um leið vandasama málaflokks í eitt ráðuneyti ætti að auðvelda samræmingu löggjafar og stjórnsýslu á þessu sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til sívaxandi umfangs málaflokksins.“

237. Fyrirspurn [231. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni langveikra barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar voru tillögur nefndar sem skilaði skýrslu til heilbrigðisráðherra í júní 1999 um heildarstefnumótun í málefnum langveikra barna en nefndin var skipuð á grundvelli ályktunar frá Alþingi 2. júní 1998? Tillögurnar óskast sundurliðaðar eftir málefnum og þeim ráðuneytum sem áttu að sjá um framkvæmd þeirra.
2. Hverjar af tillögum nefndarinnar hafa komist til framkvæmda, sundurliðað eftir félagsmálum, heilbrigðis- og tryggingamálum og menntamálum og eftir atvikum öðrum málaflokkum?
3. Hverjar af tillögum nefndarinnar kölluðu á laga- og reglugerðarbreytingar og hvernig hefur þeim verið framfylgt?
4. Hvernig var vinnu sérstakrar stefnumótunarnefndar háttað sem ríkisstjórnin samþykkti síðla árs 1999 að koma á fót til að fylgja eftir tillögum nefndarinnar og gerð heildarstefnumótunar í málefnum langveikra barna? Hefur stefnumótunarnefndin skilað niðurstöðum og ef svo er, hverjar voru hugmyndir hennar og tillögur?

Skriflegt svar óskast.

238. Fyrirspurn [232. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskveiðistjórnarkerfi.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Er ráðherra sammála þeirri einkunnagjöf um fiskveiðistjórnarkerfi sem fram kemur í bókinni The End of the Line, sem ráðherra vitnaði ítrekað í á síðasta aðalfundi Landssambands smábátaeigenda?

239. Fyrirspurn [233. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Frá Þuríði Backman og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvenær má vænta að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?
2. Mun framkvæmdaáætlunin ná til fleiri þátta en ferlimála?
3. Verður lögð áhersla á hönnun fyrir alla?
4. Er unnið að tillögum um breytingar á lögum og reglugerðum sem lúta að aðgengismálum samhliða gerð framkvæmdaáætlunar?

240. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um staðbundna fjölmiðla.

Flm.: Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Sigurjón Þórðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla.

Greinargerð.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að gerð verði úttekt á þeirri stöðu sem nú er á markaði svæðisbundinna fjölmiðla en slík úttekt getur lagt grundvöll að umræðum um aðgerðir til að efla þessa gerð fjölmiðlunar. Svæðisbundnir fjölmiðlar gegna nú þegar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu.

Í skýrslu, sem nefnd menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi skilaði í apríl sl., kom fram að sú skylda hvílir á íslenska ríkinu að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun.

Skýrslan fjallaði nær eingöngu um málefni þeirra fjölmiðla sem hafa útbreiðslu um land allt en að litlu leyti um staðbundna fjölmiðla. Þótt finna megi dæmi um öflugan fjölmiðlarekstur utan höfuðborgarsvæðisins hafa staðbundnir fjölmiðlar átt undir högg að sækja hér á landi. Nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á stöðu þessara miðla svo ræða megi hvort sérstakra aðgerða er þörf til að efla stöðu þeirra.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur fram að ríkisstyrkir séu ein þeirra leiða sem til greina komi til þess að standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu. Er þar vísað til tilmæla Evrópuráðsins um að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum sérstakan fjárstuðning, einkum svæðisbundnum miðlum. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af þessu tagi sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar, sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings. Nefndin gerði þó ekki tillögu um að þessi leið yrði farin.

Sameining sveitarfélaga leiðir til þess að þörf íbúanna eykst fyrir staðbundna fjölmiðlun sem í senn veitir upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu eigi síðar en 1. mars 2005.

241. Frumvarp til laga [235. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,
d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga þessara, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. A-liður fellur brott.
b. Á eftir c-lið kemur nýr liður sem orðast svo: *Frummatsskýrsla:* Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar.
c. D-liður orðast svo: *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
d. 1. efnismálsl. h-liðar orðast svo: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir eftir því sem við á.
e. Við k-lið bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.
f. Á eftir k-lið koma tveir nýir liðir sem orðast svo:
   m. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
   n. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.

5. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

6. gr.

4. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir skulu þær verða hluti af matsáætlun.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan skal unnin af framkvæmdaraðila. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við.
c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í niðurstöðu matsskýrslu skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 1. mgr. kemur: frummatsskýrslu; og í stað orðsins „skýrslan“ í sömu málsgrein kemur: frummatsskýrslan.
b. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: frummatsskýrslu.
c. Í stað orðanna „matsskýrslu“ og „matsskýrsla“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: frummatsskýrslu; og: frummatsskýrsla.
d. Í stað orðanna „Matsskýrslan“ og „matsskýrslu“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: Frummatsskýrslan; og: frummatsskýrslu.
e. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: frummatsskýrslu.
f. 6. mgr. orðast svo:
   Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna matsskýrslu. Framkvæmdaraðili skal gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra í matsskýrslunni.

10. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Innan fjögurra vikna frá því að matsskýrsla liggur fyrir skal Skipulagsstofnun gefa rökstutt álit sitt á því hvort hún uppfylli skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Í áliti Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum þess. Jafnframt skal í álitinu fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust við kynningu á frummatsskýrslu.

Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisaðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki verulega frá frummatsskýrslu skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal það kynnt umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum, svo og þeim sem gert hafa athugasemdir við frummatsskýrslu á kynningartíma. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að áliti Skipu-

lagsstofnunar og skal stofnunin auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að álitið liggi fyrir.

11. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 12. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurskoðun matsskýrslu.

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá því að ákvörðun liggur fyrir. Í auglýsingu skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

12. gr.

12. og 13. gr. laganna verða 14. og 15. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn, en 14. og 15. gr. verða 16. og 17. gr. laganna:

a. (14. gr.)

Málskot til ráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til umhverfisráðherra; sömuleiðis ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Þeir einir geta skotið máli til ráðherra sem eiga lögvarða hagsmuni tengda fyrrgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar í þeim tilgangi að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

b. (15. gr.)

Málskot til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæranleg til úrskurðarnefndar

skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

Um kæru samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir skipulags- og byggingarlögum.

13. gr.

16. gr. laganna verður 13. gr. þeirra og orðast svo:

Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.

Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan viku frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimild og kærufrest þegar það á við.

14. gr.

17. gr. laganna verður 18. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eftirlit framkvæmda.

Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna sem verður 20. gr. þeirra en 18. gr. verður 19. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „úrskurðum“ í f-lið komi: álitum.
b. H-liður fellur brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. um:

   a. undirbúning og málsmeðferð vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda,
   b. undirbúning og málsmeðferð vegna matsáætlana,
   c. undirbúning og málsmeðferð vegna matsskýrslna,
   d. flokkun og viðmið umhverfisáhrifa,
   e. nauðsynleg leyfi vegna matsskyldra framkvæmda.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Reglugerð og leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum.*

16. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 21. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Undanþága frá frestum.

Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Heimilt er að ljúka mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum til 1. janúar 2006.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. tölul. 1. viðauka við lögin:

a. Á eftir orðinu „Efnistaka“ í 1. málsl. kemur: á landi eða úr hafsbotni.
b. 2. málsl. fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 2. viðauka við lögin:

a. D-liður 1. tölul. orðast svo: Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum, svo og ruðningur á náttúrulegum skógi.
b. A-liður 2. tölul. orðast svo: Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er 50.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m^2.
c. Í stað orðanna „100 kW“ í a-lið 3. tölul. kemur: 200 kW.
d. Orðin „ofan jarðar“ í e-lið 3. tölul. falla brott.
e. Við a-, b-, c-, d-, e-, f-, g- og i-lið 7. tölul. bætist: á verndarsvæðum.
f. Við 10. tölul. bætast þrír nýir liðir, a–c-liðir, sem orðast svo:
   a. Iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 15 ha.
   b. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 10.000 m^2 og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 400 stæði.
   c. Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.
g. A-liður 10. tölul., sem verður d-liður, orðast svo: Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflugbraut.
h. Í stað orðanna „á verndarsvæðum“ í g-lið 10. tölul., sem verður j-liður, kemur: 10 km eða lengri og grafnar niður.
i. Á eftir orðunum „á strandlengjum“ í 1. málsl. h-liðar 10. tölul., sem verður k-liður, kemur: á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.
j. Orðin „á verndarsvæðum“ í i-lið 10. tölul., sem verður l-liður, falla brott.
k. Orðin „á verndarsvæðum“ í j-lið 10. tölul., sem verður m-liður, falla brott.
l. Á eftir orðunum „á verndarsvæðum“ í c-lið 11. tölul. kemur: og svæðum á náttúruminjaskrá.

II. KAFLI
Breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

20. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sveitarstjórnum er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

21. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns en nefndin skal tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna sem stýrir fundum nefndarinnar í forföllum formanns. Umhverfisráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir þrjá nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði og þriðji á sviði umhverfismála. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga og samvinnunefndar miðhálendisins, þegar það á við, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku og annara framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin er sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

23. gr.

4. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sé um að ræða framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

25. gr.

Á eftir orðunum „sem nemur kostnaði við“ í 3. málsl. 53. gr. laganna kemur: undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög nr. 106 25. maí 2000, ásamt breytingum á viðaukum við þau, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

27. gr.

Í stað orðanna „úrskurður“ og „úrskurð“ í 6. og 7. málsl. 4. mgr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, kemur: álit.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum:

a. Í stað orðsins „úrskurði“ í 33. gr. laganna kemur: álit.
b. Orðin „og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við“ í 34. gr. laganna falla brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 24. október 2001 af umhverfisráðherra og var falið það hlutverk að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir: „Í ákvæði III til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er kveðið á um endurskoðun laganna en þar segir orðrétt: „Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.“ Jafnframt er nefndinni falið að meta hvort taka þurfi til endurskoðunar önnur ákvæði laganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra.“

Í nefndinni áttu sæti: Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigríður Auður Arnardóttir deildarstjóri, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, öll skipuð án tilnefningar, Elín Smáradóttir lögfræðingur, tilnefnd af Skipulagsstofnun, Ari Edwald framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Hákon Stefánsson, bæjarlögmaður Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Hilmar Malmquist líffræðingur, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Tómas Ingi Olrich óskaði eftir lausn frá störfum með bréfi 2. mars 2002 vegna skipunar hans í embætti menntamálaráðherra.

Vinna við endurskoðun laga nr. 106/2000 kallaði á breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, einkum vegna tengingar mats á umhverfisáhrifum við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir og var nefndinni því jafnframt falið að vinna frumvarp þar að lútandi. Í frumvarpi þessu eru því jafnframt lagðar til breytingar á síðarnefndu lögunum, auk lítils háttar breytinga á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og

lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, til samræmis við framangreindar breytingar. Það var mat nefndarinnar að það væru einkum ákvæði 11.–13. gr. og 16.–17. gr. laganna sem taka bæri til sérstakrar skoðunar. Í þessum ákvæðum er fjallað um úrskurð Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, málskotsrétt vegna ákvörðunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og leyfi til framkvæmda og eftirlit með þeim.

Frumvörp um sama efni voru lögð fram á 130. löggjafarþingi, annars vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, en þau hlutu ekki afgreiðslu á því þingi. Með hliðsjón af umsögnum sem bárust umhverfisnefnd Alþingis við umfjöllun fyrri frumvarpa voru gerðar nokkrar breytingar frá þeim. Þær eru helstar að lagt er til að markmiðsákvæði frumvarpsins verði breytt til samræmis við gildandi lög. Þannig komi fram í ákvæðinu viðmið eins og nú gildir um þær framkvæmdir sem falla undir lögin, þ.e. þær framkvæmdir sem eru mats- og tilkynningarskyldar samkvæmt viðaukum við lögin. Þá er lögð til sú breyting að skilgreining laganna á umtalsverðum umhverfisáhrifum verði ekki felld brott heldur haldist óbreytt en tilvísun til þessarar skilgreiningar er að finna í framangreindu ákvæði. Lagt er til að matsskýrsla framkvæmdaraðila sem Skipulagsstofnun ber að auglýsa verði kölluð frummatsskýrsla en ekki matsskýrsla eins og nú er. Þegar framkvæmdaraðili hefur hins vegar lokið endanlega við gerð frummatsskýrslu eftir að umsagnar- og athugasemdaferli er lokið kallast hún matsskýrsla. Gerð er tillaga um nánari skilgreiningu á því hvernig álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum skuli vera sett fram og að ljóst sé að í álitinu beri að fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem berast við kynningu á frummatsskýrslu. Þá hefur verið gerð breyting á hæfniskröfum tveggja af þremur nefndarmönnum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem Hæstiréttur tilnefnir. Þannig skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála og annar á sviði umhverfismála. Bætt er við nýju ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku, m.a. til að samræma orðalag annars vegar náttúruverndarlaga og hins vegar skipulags- og byggingarlaga um þetta efni. Þá er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Þá skal leyfisveitandi birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan viku frá útgáfu leyfis.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, byggjast í grundvallaratriðum á tilskipunum Evrópusambandsins nr. 85/337/EBE og nr. 97/11/EB sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber því íslenskum stjórnvöldum að sjá til þess að ákvæðum tilskipunarinnar sé framfylgt hér á landi. Af sömu ástæðum hafa m.a. öll önnur ríki Norðurlanda fært í lög ákvæði tilskipunarinnar og reyndar öll önnur ríki Evrópusambandsins. Í lögum nr. 106/2000 er ákvörðunarferli stjórnvalda vegna mats á umhverfisáhrifum með öðrum hætti en tíðkast annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig er hér á landi gert ráð fyrir að það sé hluti af matsferli að fallast á eða leggjast gegn framkvæmd en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu er sú ákvörðun í höndum lögskipaðra leyfisveitenda. Þetta atriði var rætt ítarlega í umhverfisnefnd Alþingis þegar lögin voru til afgreiðslu hjá Alþingi og varð niðurstaða þeirrar umræðu að bæta við fyrrnefndu ákvæði III til bráðabirgða í lögunum.

Við samningu frumvarpsins kynnti nefndin sér löggjöf um mat á umhverfisáhrifum á Norðurlöndum, þó einkum danska löggjöf, en í Danmörku er reglur um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að finna í skipulagslögunum (Lov om planlægning nr. 763/2002). Þá var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af álitsgerð Árna Páls Árnasonar héraðsdóms-

lögmanns um efnis- og formkröfur um mat á umhverfisáhrifum, sem leiða má af skuldbindingum Íslands að Evrópurétti, samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tvær samantektir sem hann tók saman fyrir ráðuneytið. Þar er annars vegar um að ræða samantekt á því með hvaða hætti mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins og hins vegar um þýðingu orðanna „take into consideration" í skilningi tilskipunar 85/337/EBE og 97/11/EB. Þá var skýrsla (A Comparative Study of Nordic EIA Systems. Similarities and Differences in National Implementation) sem gefin var út árið 2001 á vegum Norrænu rannsókna- og fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggingarmálum, Nordregio, jafnframt höfð til hliðsjónar þegar skoðuð var löggjöf Norðurlandanna um mat á umhverfisáhrifum.

Nefndin fékk á fund til sín fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samorku og Vegagerðarinnar. Þessum aðilum voru kynntar tillögur nefndarinnar um helstu breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um og bárust nefndinni skriflegar athugasemdir frá Náttúruvernd ríkisins og Samorku.

Tilskipun Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmd hennar í aðildarríkjum sambandsins.

Reglur um mat á umhverfisáhrifum byggjast á tilskipun ráðsins frá 1985 um mat á umhverfisáhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, nr. 85/337/EBE, með síðari breytingum, nr. 97/11/EB. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar frá 1985 segir um hinar efnislegu kröfur sem settar eru fram um matið að meta skuli hvaða áhrif framkvæmdir geta haft á umhverfið svo gera megi ráðstafanir til að vernda heilsu manna og stuðla að góðum lífsskilyrðum með hollara umhverfi og til að tryggja að margbreytileiki tegundanna haldist óbreyttur og vistkerfið í heild glati ekki hæfileika sínum til endurnýjunar, sem er undirstaða lífs á jörðinni. Í aðfaraorðum tilskipunar frá 1997 er lögð áhersla á það meginmarkmið hinnar eldri tilskipunar að veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum þær upplýsingar sem máli skipta til að gera þeim kleift að taka ákvörðun um tiltekna framkvæmd í fullri vitneskju um líklegar verulegar afleiðingar framkvæmdar á umhverfið. Þá er vísað til þess að matsferlið sé grundvallarverkfæri umhverfisstefnu sambandsins, eins og hún er skilgreind í 130r gr. Rómarsamningsins og fimmtu áætlun Evrópusambandsins um umhverfið og sjálfbæra þróun.

Af aðfaraorðum og ákvæðum tilskipunarinnar má ráða að matsferli því sem tilskipanirnar kveða á um sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og nánar er lýst í tilskipuninni og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis. Skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum í sjálfsvald sett hvort matsferlið er fellt inn í gildandi ferli vegna veitingar framkvæmdaleyfis í aðildarríkjunum eða sérstakt ferli sett á fót vegna mats á umhverfisáhrifum. Þannig gerir tilskipunin ekki kröfu um að sett sé á fót sérstakt matsferli óháð leyfisveitingarferli vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi, heldur eingöngu að þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu undanfari ákvörðunar um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um. Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um aðferð, fremur en efnisviðmið. Af umfjöllun fræðimanna og úrlausnum dómstóls Evrópusambandsins má þó ráða að aðferðin verði að lágmarki að fela í sér þrjá meginþætti:

1. Að fram komi upplýsingar um veruleg áhrif á umhverfisþætti, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipuninni. Í því felst að greint sé frá áhrifum á einstaka umhverfisþætti og þeim lýst. Í tilskipuninni kemur fram hverjar lágmarksupplýsingar eru, en að öðru leyti er þess ekki krafist að upplýsingar séu teknar saman með einhverjum sérstökum hætti eða að eitthvert stjórnvald skuli leggja efnislegt mat á þær.
2. Að tryggt sé að almenningi og opinberum stofnunum sé gert kleift að tjá sig um framkvæmdaáform og áhrif á umhverfisþætti og koma á framfæri viðbótarupplýsingum. Þessi þáttur er vafalaust grunnþáttur tilskipananna og mörg mál hafa verið reist á þeim grunni að upplýsingar um framkvæmdaáform hafi ekki verið nægilega ljósar og almenningi því ekki gefist fullnægjandi tækifæri til að koma að athugasemdum. Ljóst er að gerðar eru kröfur um að framkvæmd sé lýst þannig að allir megindrættir hennar komi fram og að aðgangur almennings og umsagnarréttur sé tryggður. Ekki dugir þannig að leggja fram almenna lýsingu á mögulegri framkvæmd, þar sem áformin verða að vera svo skýr að unnt sé á grundvelli þeirra að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdar á einstaka umhverfisþætti.
3. Að þær upplýsingar og þau gögn sem fram koma í matsferlinu séu tekin til athugunar af því stjórnvaldi sem veitir framkvæmdaleyfi. Hér er áherslan á að upplýsingarnar séu lagðar til grundvallar ákvörðun um framkvæmdaleyfi. Í því felst ekki að ákvörðun um framkvæmdaleyfi sé í samræmi við niðurstöðu matsins, en hins vegar að efnislegu upplýsingarnar sem fram koma í matsferlinu séu grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaleyfi. Þannig þarf í framkvæmdaleyfi að víkja að þeim upplýsingum sem fram komu í matsferlinu um umhverfisáhrif og taka afstöðu til mögulegra mótvægisaðgerða. Útgefandi framkvæmdaleyfis getur hafnað mótvægisaðgerðum eða krafist annarra aðgerða en þeirra sem greindar eru í matsskýrslu og athugasemdum almennings og opinberra aðila, en hann verður að taka efnislega afstöðu til þeirra upplýsinga sem fram komu í ferlinu við veitingu framkvæmdaleyfis.

Upplýsingar frá aðildarríkjum Evrópusambandsins um innleiðingu tilskipunarinnar eru af skornum skammti þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoðar ekki nema að litlu leyti þá löggjafaraðferð sem valin er í hverju og einu tilviki. Þær upplýsingar sem nefndin aflaði leiða í ljós að nokkur munur er á framkvæmdinni milli aðildarríkja, enda þeim gefið verulegt svigrúm í tilskipununum sjálfum. Þannig er ríkjunum í sjálfsvald sett hversu ítarleg ákvæði eru um undirbúning og gerð matsskýrslna, svo lengi sem virt eru þau lágmarksákvæði um efni þeirra sem fram koma í 5. gr. tilskipunarinnar og III. viðauka 85/337/EBE, sbr. breytingu á henni með 7. gr. og IV. viðauka tilskipunar 97/11/EB. Framkvæmdastjórn ESB hefur aftur á móti staðið fyrir gerð leiðbeininga um framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, til að stuðla að góðri og samræmdri framkvæmd mats milli aðildarríkja.

Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa nýtt heimild tilskipunarinnar til að fella umhverfismatsferlið inn í leyfisveitingarferli vegna framkvæmdaleyfis. Af þeirri ástæðu einni er augljóslega mikill munur á eðli innleiðingarinnar, enda hefur leyfisveitingarferlið mótast á löngum tíma í hverju landi fyrir sig. Það er hins vegar nokkur munur á hvernig aðildarríkin hafa farið hér að. Sem dæmi má nefna að í Austurríki var komið á samfelldu kerfi sem hefst með einni umsókn um framkvæmdaleyfi til þess stjórnvalds er veitir það að lögum og lýkur með ákvörðun þess sama stjórnvalds um útgáfu eða synjun framkvæmdaleyfis. Þar var innleiðing tilskipunarinnar nýtt til að leggja af margs konar ólíkar leyfisveitingar á hinum ýmsu

sviðum og koma á einföldu kerfi sem einnig tryggir að framkvæmdaraðili þarf aðeins að leita til eins aðila um framkvæmdaleyfi, sama hvers eðlis framkvæmdin er og hvar hún á sér stað. Í Finnlandi var farin önnur leið og matsferlinu skeytt inn í þau lög er taka til framkvæmdaleyfis á hverju sviði fyrir sig. Í Finnlandi er mat á umhverfisáhrifum byggt á sérstökum matslögum og er málsmeðferð á vegum stofnana sem fara með umhverfismál á svæðisstigi en á vegum viðskipta- og iðnaðarráðuneytis vegna framkvæmda sem tengjast kjarnorku. Umhverfisstofnanir eru ráðgefandi við undirbúning matsskýrslna, kynna skýrslurnar og hafa umsjón með þátttöku almennings. Enn fremur fjalla stofnanirnar um innihald skýrslnanna og gera niðurstöður sínar opinberar. Leyfisveitendum ber að taka tillit til niðurstaðnanna við veitingu framkvæmda- eða byggingarleyfis við sambærilega ákvörðun. Eins og áður hefur komið fram finnast ekki dæmi um að stjórnvald úrskurði um umhverfisþáttinn með sjálfstæðum hætti eins og gildir hér á landi og að veitingarvald framkvæmdaleyfis sé jafnvel bundið af þeim úrskurði, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Samþykkt hefur verið ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 26. maí 2003 nr. 2003/35/EB um þátttöku almennings í gerð tiltekinna áætlana og framkvæmda í tengslum við umhverfismál og breytingar á, með tilliti til þátttöku almennings og aðgangi að réttlátri málsmeðferð, tilskipunum ráðsins 85/337/EBE og 96/61/EB. Tilskipunin felur í sér breytingar á tilskipun 85/337/EBE um mat á umhverfisáhrifum og tilskipun 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir. Með tilskipuninni er verið að tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Byggja ákvæði hinnar nýju tilskipunar á ákvæðum Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Með tilskipuninni eru tekin upp ákvæði er varða kynningu á gögnum í matsferli leyfisskyldra framkvæmda og að almenningur hafi raunverulegt tækifæri snemma í ferlinu til að taka þátt og koma á framfæri athugasemdum meðan allir kostir eru opnir. Einnig eru í tilskipuninni ákvæði um að „almenningur sem málið varðar“ skuli hafa aðgang að áfrýjunarleið fyrir dómstólum eða hlutlausum aðila samkvæmt lögum til að vefengja lagagildi, bæði form og efni, sérhverrar ákvörðunar er varðar leyfisskyldar framkvæmdir sem haft geta umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisverndarsamtök sem uppfylla skilyrði samkvæmt landsrétti skulu ávallt teljast hafa hagsmuna að gæta og njóta þannig kæruréttar samkvæmt tilskipuninni án þess að þurfa að sýna fram á lögvarða hagsmuni. Svo virðist sem ákvæði hinnar nýju tilskipunar um kynningu og kæruleiðir nái til leyfisveitinga vegna matsskyldra framkvæmda, t.d. veitingar framkvæmda- og byggingarleyfa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, starfsleyfa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og orkuleyfa samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar hafa aðildarríkin frest til 25. júní 2005 til að innleiða ákvæði hennar og er nú unnið að innleiðingunni í samráði við utanríksráðuneytið.

Samanburður á löggjöf Norðurlanda um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi á Norðurlöndum á árunum 1987 til 1994. Á vegum Norrænu rannsókna- og fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggingarmálum, Nordregio, hefur verið unnin samantekt um samanburð á mati á umhverfisáhrifum á öllum Norðurlöndunum og innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins. Þau ákvæði tilskipana Evrópusambandsins nr. 85/337/EBE, með síðari breytingum, nr. 97/11/EB, um mat á umhverfisáhrifum, hafa verið uppfyllt með nokkuð ólíkum hætti í löndunum. Ýmist hafa ákvæði tilskipananna verið felld inn í gildandi löggjöf eða sérstök lög verið sett, en öll löndin hafa sett reglugerðir sem kveða nánar á um hvernig framfylgja skuli ákvæðum um mat á umhverfis-

áhrifum. Á árunum 1999 og 2000 voru sett ný lög eða lögum breytt alls staðar á Norðurlöndum til að uppfylla kröfur nýju tilskipunarinnar nr. 97/11/EB um mat á umhverfisáhrifum. Í Danmörku eru reglur um mat á umhverfisáhrifum hluti af dönsku skipulagslögunum eins og áður segir (Lov om planlægning, nr. 763/2002) og hliðstætt fyrirkomulag er í Noregi (Plan og bygningsloven, nr. 77/1985, kafli VII a). Í Svíþjóð hafa reglurnar verið felldar inn í almenna umhverfislöggjöf (Miljöbalken, 1998:808, 6. kafli). Í Finnlandi hafa hins vegar verið sett sér lög um mat á umhverfisáhrifum eins og hér á landi (nr. 468/1994).

Í Danmörku fer umfjöllun um mat á áhrifum framkvæmdar fram á svæðisskipulagsstigi, auk þess sem hlutaðeigandi ráðuneyti eða umhverfisráðherra getur gripið inn í matsferlið. Matsskýrslan er hluti þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar breytingu á svæðisskipulagi, en matsferlið er hluti af málsmeðferð við breytingu skipulags. Þá ber viðkomandi stjórnvöldum að fjalla um og taka tillit til allra þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið í tengslum við meðferð málsins áður en ákvörðun um leyfi er tekin.

Í Finnlandi eru gæði matsskýrslu tryggð með umfjöllun stjórnvalds sem fer með umhverfismál á svæðisstigi, umhverfisstofnana, en viðskipta- og iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmdir sem tengjast kjarnorku. Samkvæmt finnskum lögum um mat á umhverfisáhrifum er umhverfisstofnun ætlað að koma með álit um matsskýrslu framkvæmdaraðila og hvort hún sé fullnægjandi. Yfirvöld mega ekki veita leyfi til að hrinda verkefni í framkvæmd eða taka nein önnur sambærileg skref fyrr en matsskýrsla hefur verið lögð fram ásamt áliti umhverfisstofnunar um hana. Í framkvæmdaleyfi eða sambærilegri ákvörðun um verkefni skal koma fram að hvaða leyti tekið hefur verið tillit til matsskýrslunnar og álits umhverfisstofnunar hennar vegna.

Í Noregi meta þar til bær stjórnvöld innihald matsskýrslu og framfylgd matsferlisins er ýmist á vegum stjórnvalda sem starfa á landsvísu eða skipulagsyfirvalda á svæðis- og aðalskipulagsstigi. Stjórnvöld geta ekki veitt leyfi eða tekið ákvarðanir um matsskyldar framkvæmdir fyrr en öll skilyrði mats á umhverfisáhrifum hafa verið uppfyllt. Ljóst verður að vera hvernig fjallað hefur verið um mat á umhverfisáhrifum, ásamt athugasemdum, og tillit tekið til þess við ákvörðunina, einkum hvað varðar aðra kosti og leiðir til að draga sem mest úr tjóni.

Í Svíþjóð er matsskýrslan hluti af umsókn um framkvæmdaleyfi sem er fjallað um hjá leyfisveitendum. Samkvæmt sænsku umhverfislögunum skal við veitingu framkvæmdaleyfis taka tillit til niðurstaðna matsskýrslu sem komið hafa fram við umfjöllun um hana. Samkvæmt sænskri löggjöf á mat á umhverfisáhrifum að vera fylgiskjal með umsókn um framkvæmdaleyfi. Áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdaleyfi ber til þess bærum yfirvöldum að fjalla um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.

Hér á landi er málsmeðferðin vegna mats á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun en hún fjallar m.a. um gæði og réttmæti upplýsinga sem kynntar eru í matsskýrslu í samráði við leyfisveitendur og aðra umsagnaraðila, eftir því sem við á. Málsmeðferð við veitingu framkvæmdaleyfis er hjá viðkomandi sveitarstjórn.

Málskotsréttur vegna mats á umhverfisáhrifum er með öðrum hætti á Norðurlöndum en hér á landi og eru heimildir til að kæra ákvarðanir vegna þess þrengri en hér tíðkast.

Í Danmörku er öllum heimilt að kæra eigi þeir lögmætra hagsmuna að gæta í málinu. Heimilt er að kæra mál til sérstakrar nefndar (Naturklagenævnet) m.a. á grundvelli eftirfarandi atriða: Ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar, innihalds skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, ákvörðunar um afmörkun matsáætlunar og opinberrar kynningar. Í Finnlandi er ekki að finna nein ákvæði um málskotsrétt í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ákvæði um réttindi þeirra sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni er hins vegar að finna í öðrum

lögum. Umhverfisstofnanir hafa rétt til að kæra niðurstöðu vegna matsskyldu framkvæmdar. Framkvæmdaraðili getur kært úrskurði umhverfisráðuneytis um mat á athugun á hvort framkvæmd er matsskyld til æðra stjórnsýsludómstóls. Í Noregi er ekki hægt að kæra niðurstöður mats á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um hvort framkvæmd sé matsskyld. Í Svíþjóð er ekki heimilt að kæra á sjálfstæðan hátt ákvörðun til þess bærra yfirvalda um hvort mat á umhverfisáhrifum og sú aðferð sem beitt er uppfylli kröfur í 6. kafla umhverfislaga, heldur einungis sem hluta leyfisveitingar. Þeir sem rétt hafa til að kæra eru meðal annars einstaklingur sem dómur eða ákvörðun varðar beint, staðbundin samtök eða landssamtök og eins samtök sem ekki eru stofnuð í hagnaðarskyni og hafa starfað í þrjú ár hið minnsta og í eru að minnsta kosti 2.000 félagar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um eru eftirfarandi:

1. Í matsferlinu verður ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila.
2. Matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina.
3. Álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu.
4. Enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi taki í samræmi við viðeigandi lög ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.
5. Málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfi, og takmarkist við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið laganna og er a-liður er óbreyttur frá gildandi lögum.

Í b-lið er að finna nýmæli, en þar segir að markmið frumvarpsins sé að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Rétt þykir að þetta komi efnislega fram í markmiðsgrein laganna, sbr. forsendur tilskipunar 97/11/EB. Í þessu sambandi er vísað til þess sem segir í nefndaráliti umhverfisnefndar um frumvarp það sem varð að núgildandi lögum: „Nefndin vill minna á að í tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB er byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Þessar meginreglur koma ekki fram í sjálfu frumvarpinu þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og enn í mótun. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að fjallað er um meginreglurnar í 73. gr. EES-samningsins og ber því að hafa þær í huga við framkvæmd laganna."

Gerðar eru breytingar á b-lið gildandi laga sem nú verður c-liður til nánari skýringa en í lögunum og viðaukum með þeim eru nánar tilgreindar þær framkvæmdir sem vísað er til í ákvæðinu.

Í d-lið eru gerðar nokkrar breytingar á c-lið gildandi laga. Til samræmis við breytingu sem fram kemur í 10. gr. um niðurstöðu Skipulagsstofnunar er lagt til að í stað úrskurðar komi álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting að ekki er vísað til þess hvaða framkvæmdir falla undir frumvarpið. Þykir slíkt óþarft, enda er það alveg skýrt hvaða framkvæmdir það eru, sbr. 5.–7. gr. laganna og 1. og 2. viðauka við þau. Í þessum ákvæðum og viðaukum eru tilgreindar þær framkvæmdir sem lögin fjalla um.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á skilgreiningum laganna auk þess sem bætt er við nýjum skilgreiningum. Lagt er til að a-liður 3. gr. laganna falla brott. Í 10. gr. laganna er lýst hvað felst í athugun Skipulagsstofnunar og er því ekki talin þörf á sérstakri skilgreiningu.

Í b-lið er lagt til að hugtakið frummatsskýrsla verði skilgreint. Þannig er lagt til að gerður sé greinarmunur á annars vegar frummatsskýrslu sem er skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun ber að auglýsa á grundvelli 10. gr. laganna og hins vegar matsskýrslu en það er hin endanlega skýrsla framkvæmdaraðila. Frummatsskýrslan er þannig skýrsla framkvæmdaraðila áður en hann er búinn að vinna úr þeim umsögnum og athugasemdum sem berast við kynningu á frummatsskýrslunni.

Í c-lið er lagt til að leyfi til framkvæmda samkvæmt lögunum teljist framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, svo og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum. Dæmi um framangreind leyfi er starfsleyfi Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, rekstrarleyfi veiðimálastjóra til fiskeldis og hafbeitar, sbr. lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og leyfi iðnaðarráðherra fyrir raforkuverum stærri en 1.000 kw, sbr. raforkulög, nr. 65/2003. Í greininni eru þannig talin upp þau leyfi sem framkvæmdaraðili kann að þurfa að afla vegna matsskyldrar framkvæmdar sinnar.

Í d-lið er lagt til að áréttað sé að í matsskýrslu skuli fjallað um mótvægisaðgerðir, sbr. 9. gr. laganna.

Lagt er til í e-lið að skilgreiningunni á umhverfisáhrifum verði breytt, þannig að hún taki ekki til þjóðhagslegra áhrifa og arðsemi einstakra framkvæmda. Um þetta atriði hefur nokkur óvissa ríkt og ýmsir talið að þessi atriði bæri að skoða sem samfélagsleg áhrif á grundvelli gildandi laga. Því þykir rétt að kveða skýrt á um þetta atriði í lögunum. Í úrskurði umhverfisráðherra frá 20. desember 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var sérstaklega fjallað um arðsemi framkvæmda og þjóðhagsleg áhrif þeirra. Í niðurstöðu þessa úrskurðar er hvorki arðsemi né þjóðhagsleg áhrif framkvæmda talin eiga að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hins vegar er eðlilegt að leyfisveitandi við útgáfu leyfis vegna matsskyldra framkvæmda taki þessi atriði til skoðunar ásamt því að skoða umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Þessi túlkun var staðfest í dómi Hæstaréttar í máli nr. 280/2003 frá 22. janúar 2004.

Þá er að lokum í f-lið lögð til skilgreining á umhverfisverndarsamtökum, en lagt er til að slíkum samtökum sé veittur málskotsréttur skv. 12. gr. frumvarpsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Rétt þykir því að skilgreina hugtakið umhverfisverndarsamtök þannig að ekki leiki vafi á hvers konar samtök hafi slíkan málskotsrétt. Í 12. gr. er auk þess lagt til að samtök verði að hafa að lágmarki 50 félagsmenn til að öðlast slíkan rétt.

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til breytingar til samræmis við það að lagt er til í 10. gr. að Skipulagsstofnun veiti álit í stað þess að kveða upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Vísast að öðru leyti til umfjöllunar um 3. gr.

Um 5. gr.

Lagt er til að Skipulagsstofnun geti ákveðið að umhverfisáhrif séu metin sameiginlega þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru háðar hver annarri. Lagt er til að það sé Skipulagsstofnun en ekki ráðherra eins og nú sem tekur slíka ákvörðun en hún sé síðan kæranleg til ráðherra og þannig verði hægt að fá ákvörðunina endurskoðaða. Í tillögunni felst að ekki sé nauðsynlegt að framkvæmdir séu á sama svæði til að Skipulagsstofnun geti ákveðið að umhverfisáhrif séu metin sameiginlega. Það geti einnig átt við að framkvæmdir séu háðar hver annarri en ekki að þær séu nauðsynlega landfræðilega tengdar. Framkvæmd er háð annarri framkvæmd ef um það er að ræða að ekki verði af framkvæmdinni nema til komi önnur framkvæmd henni tengd og að um sé að ræða sammögnunaráhrif þessara framkvæmda. Með þessu verða umhverfisáhrif framkvæmdanna metin saman sem á að gefa skýrara mynd af því hver heildarumhverfisáhrif eru af framkvæmdunum. Þá er lagt til að auk framkvæmdaraðila beri Skipulagsstofnun að hafa samráð við leyfisveitendur áður en hann tekur ákvörðun sína.

Um 6. gr.

Lagt er til að 4. mgr. 6. gr. laganna falli brott en ákvæðið verði að hluta til tekið upp í 12. gr. þar sem fjallað er um málskotsrétt vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að Skipulagsstofnun geti fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda og lagt til að geri stofnunin slíkar athugasemdir þá skuli þær sérstaklega tilgreindar í ákvörðun hennar og verði þar með hluti af matsáætlun. Tillaga þessi er í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 en rétt þykir að árétta það í lögunum sjálfum.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar er varða vinnslu og efni matsskýrslu. Tekið er fram með skýrum hætti að ábyrgð á gerð matsskýrslu sé í höndum framkvæmdaraðila. Þá er lagt til að í matsskýrslu skuli koma fram tillögur framkvæmdaraðila um umhverfisvöktun þar sem það á við. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili geri tillögur um hvernig vöktun á umhverfinu skuli háttað ef hann telur að einhverrar óvissu gæti um einstök umhverfisáhrif og úr því megi bæta með umhverfisvöktun. Þessi breyting er liður í því að bæta matsskýrsluna og auka ábyrgð framkvæmdaraðila á matinu. Í þeim tilgangi að tryggja samræmi og gæði matsskýrslu framkvæmdaraðila er lagt til að í niðurstöðu matsskýrslu skuli geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdarinnar en lagt er til að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar um þau, sbr. 15. gr. Í slíkum leiðbeiningum yrðu

umhverfisáhrif flokkuð eftir áhrifum og sett verða fram viðmið um það hvernig beri að lýsa þessum áhrifum. Umhverfisáhrif yrðu þannig flokkuð eftir gæðum, umfangi, lengd og tegund og innan hvers flokks væru sett fram ákveðin viðmið, svo sem jákvæð, neikvæð, lítil, veruleg og varanleg áhrif. Framkvæmdaraðilum ber skv. d-lið 3. tölul. 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 að kveða á um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum í matsskýrslu, þ.e. mats á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdar og áhrifum starfsemi sem henni fylgir á umhverfið og líffræðilega fjölbreytni vegna tilkomu hennar, nýtingar náttúruauðlinda, losunar mengunarefna, ónæðis og/eða úrgangs. Hér er hins vegar lagt til að niðurstaða um umhverfisáhrif sem fram kemur í matsskýrslu framkvæmdaraðila verði sett fram eftir ákveðnum skýrum viðmiðum. Slík framsetning ætti að auðvelda Skipulagsstofnun og öðrum þeim sem fjalla um matsskýrsluna að gefa álit sitt á henni.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að framkvæmdaraðili sendi Skipulagsstofnun frummatsskýrslu til athugunar og kynningar, enda sé hún í samræmi við samþykkta matsáætlun en það er sama og gildir um matsskýrslu samkvæmt gildandi lögum. Frummatsskýrslan er skýrsla framkvæmdaraðila sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar áður en framkvæmdaraðili er búinn að vinna úr þeim umsögnum og athugasemdum sem berast í kynningarferlinu. Kynning frummatsskýrslu og réttur til athugasemda vegna þeirra fer fram með sama hætti og er samkvæmt gildandi lögum um kynningu á matsskýrslu. Sú breyting er lögð til að Skipulagsstofnun beri að senda framkvæmdaraðila að lokum þær athugasemdir og umsagnir sem stofnuninni hafa borist og skal hann vinna úr þessum gögnum við endanlega gerð matsskýrslu. Framkvæmdaraðili fær þannig rétt til þess að ljúka matsskýrslu sinni á grundvelli þeirra athugasemda sem berast kunna frá almenningi og umsagnaraðilum í kynningarferlinu þannig að matsskýrslan verði eins vel útbúin og unnt er af hans hendi áður en Skipulagsstofnun gefur álit sitt á skýrslunni. Framkvæmdaraðili tekur þannig afstöðu til þessara athugasemda og umsagna í matsskýrslu sinni. Ekki er því gert ráð fyrir eins og nú gildir að Skipulagsstofnun vinni úr þessum gögnum og fjalli um þær athugasemdir og umsagnir sem berast heldur skal framkvæmdaraðili gera það. Þegar Skipulagsstofnun fær matsskýrsluna í hendur á stofnuninni hins vegar að vera ljóst hvernig framkvæmdaraðili hefur tekið á þeim upplýsingum og athugasemdum sem honum hafa borist og ber þá stofnuninni að leggja mat á það hvernig það hefur verið gert, sbr. 10. gr.

Um 10. gr.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum er ákvörðunarferli stjórnvalda um mat á umhverfisáhrifum með öðrum hætti hér en annars staðar gerist. Ísland hefur sérstöðu borið saman við önnur lönd hvað varðar það úrskurðarvald sem Skipulagsstofnun hefur. Á Norðurlöndum er til að mynda ekki um að ræða miðlæga sjálfstæða ríkisstofnun sem sér um framkvæmd laganna og hefur ákvörðunarvald. Telja verður eðlilegra að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að samræma gerð matsáætlana og matsskýrslna og treysta gæði þeirra. Þannig verði Skipulagsstofnun falið að fara yfir matsskýrsluna til að kanna hvort hún sé í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið um gerð, kynningu og efni matsskýrslu en að það sé ekki hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvort hafna eða leyfa skuli framkvæmd, heldur sé slík ákvörðun í höndum viðkomandi leyfisveitenda, sbr. 13. gr.

Því er lagt til að í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar gefi stofnunin álit sitt á endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila.

Í 1. mgr. er gert er ráð fyrir að í áliti Skipulagsstofnunar komi fram hvort matsskýrsla uppfylli skilyrði laganna og þeirra reglugerða og leiðbeininga sem settar eru á grundvelli þeirra og jafnframt hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun mundi þannig m.a. kanna hvort umhverfisáhrifum væri rétt lýst í matsskýrslu miðað við leiðbeiningar stofnunarinnar, sbr. 8. gr. Þá er lagt til að í álitinu sé gerð grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum þess. Sé það mat Skipulagsstofnunar að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni, svo sem að gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir en lagðar eru til í skýrslunni, ber stofnuninni að tilgreina slík skilyrði í áliti sínu og færa rök fyrir þeim, sbr. 2. mgr. Þannig er gert ráð fyrir að stofnunin geti sett fram skilyrði um mótvægisaðgerðir í áliti sínu eða önnur skilyrði, enda telji hún að með því megi draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að ef matsskýrsla víkur verulega frá frummatsskýrslu að mati Skipulagsstofnunar skuli hún auglýst og kynnt í samræmi við 10. gr. laganna. Þannig er öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við matsskýrsluna og Skipulagsstofnun leitar að nýju umsagnar leyfisveitanda og annarra aðila eftir því sem við á. Lagt er til að slíkur varnagli sé settur þar sem að öðrum kosti fengju verulegar breytingar á matsskýrslu ekki þá umfjöllun sem eðlilegt er, af sérfróðum aðilum og öðrum sem kynnu að vilja tjá sig um þær.

Gert er ráð fyrir í 4. mgr. að álit Skipulagsstofnunar sé kynnt sömu aðilum og við á um úrskurð Skipulagsstofnunar samkvæmt gildandi lögum auk þess sem lagt er til að umhverfisráðherra sé jafnframt kynnt álitið eins og venjan hefur verið um úrskurð Skipulagsstofnunar. Lagt er til að Skipulagsstofnun auglýsi í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að álitið liggi fyrir. Í slíkri auglýsingu mundi vera tilgreint hvar álitið væri að finna, svo sem á heimasíðu stofnunarinnar. Þannig er öllum gefið tækifæri til að kynna sér álitið um leið og það liggur fyrir. Hefur sami háttur verið hafður á varðandi kynningu á úrskurðum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um í hvaða tilvikum endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild og þar með að málsmeðferð vegna matsskýrslu fari fram að nýju, sbr. 9.–11. gr. laganna. Ákvæðið er að nokkru leyti byggt á 6. mgr. 11. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um hvenær mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju. Hér er einvörðungu verið að vísa til þess að um sömu framkvæmd sé að ræða. Sé framkvæmdinni breytt í veigamiklum atriðum fer að sjálfsögðu um hana sem um nýja framkvæmd. Einnig kann að vera nauðsynlegt í þessum tilvikum að endurskoða matsáætlun. Þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri endurskoðun eru í fyrsta lagi að framkvæmdir hafi ekki hafist innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Í slíkum tilvikum ber sá leyfisveitandi sem tók afstöðu til matsskýrslu framkvæmdarinnar og álits Skipulagsstofnunar að óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða skuli matsskýrslu í heild eða að hluta hafi verið lögð fram umsókn um leyfi til framkvæmda. Hér getur því annaðhvort verið um að ræða sveitarstjórn eða leyfisveitanda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.

Í 2. mgr. er kveðið á um í hvaða tilvikum Skipulagsstofnun er heimilt að ákveða að endurskoða beri matsskýrslu. Þannig þurfa forsendur að hafa breyst verulega frá því að álitið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál eða að tækniþróun hafi breytt möguleikum til að minnka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Hér er lagt til að ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu verði auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í auglýsingunni verði tilgreindar kæruheimildir og kærufrestir. Þannig er tryggt að þeim sem hafa málskotsrétt vegna framangreindra ákvarðana Skipulagsstofnunar sé kynnt ákvörðun hennar og þeim þannig gefið tækifæri til að gera athugasemdir við þá ákvörðun.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. a-liðar greinarinnar er fjallað um heimild til að skjóta máli til ráðherra vegna ákvarðana sem Skipulagsstofnun ber að taka samkvæmt frumvarpinu verði það að lögum. Hér er um að ræða málskotsheimild vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr., sé matsskyld, ákvörðun um endurskoðun matsskýrslu, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins, og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem tekin er á grundvelli 2. mgr. 5. gr. Fyrsta atriðið er óbreytt frá gildandi lögum en síðari tvö atriðin eru til samræmis við hið nýja hlutverk Skipulagsstofnunar að fjalla um hugsanlega endurskoðun matsskýrslu og taka ákvörðun í þeim efnum og að taka ákvörðun um hvort umhverfisáhrif séu metin sameiginlega og vísast um það til athugasemda um 5. gr.

Þá er í 2. mgr. lagt til að réttur til að skjóta máli til ráðherra verði einungis bundinn við þá sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, sem tengjast ákvörðunum Skipulagsstofnunar, og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem starfa á Íslandi og hafa a.m.k. 50 félagsmenn, enda samrýmist það tilgangi samtakanna eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum eða samþykktum þeirra. Lagt er til að sömu reglur eigi hér við um kæruheimild og kveðið er á um í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að öðru leyti en því að umhverfisverndarsamtök öðlast hér málskotsrétt. Umhverfisverndarsamtök skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í skilgreiningu í 3. gr., sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þær breytingar sem hér eru lagðar til um kæruheimild eru til samræmis við það sem gildir á Norðurlöndum, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum, en réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndum verið eins víðtækur og hér á landi. Þá er tekið af skarið um það, eins og í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, að ákvarðanir Skipulagsstofnunar verði aðeins kærðar til ógildingar eða breytinga. Það þýðir að ekki yrði heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar til staðfestingar einvörðungu.

Í 3. mgr. er lagt til að framkvæmdaraðila sé heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar um synjun eða breytingar á matsáætlun og um að frummatsskýrsla uppfylli ekki kröfur laganna.

Lagt er til í 4. mgr. að umhverfisráðherra kveði upp úrskurð í kærumáli innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út. Hér er því lagt til að frestur ráðherra til að úrskurða vegna matsskyldra framkvæmda verði lengdur frá því sem nú er, en sá frestur er fjórar vikur frá því að kærufrestur rann út. Miðað við þá reynslu sem fengist hefur af þeim málum sem kærð hafa verið er ljóst að fjórar vikur til að úrskurða er of skammur tími, enda þarf ráðherra m.a. að afla umsagna frá ýmsum aðilum og veita kærendum rétt til að koma á framfæri athugasemdum sínum áður en hann kveður upp úrskurð sinn.

Í 1. mgr. b-liðar greinarinnar er nýmæli, tilkomið vegna þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á matsferlinu, en með þeim verður matsferlið nátengdara en áður leyfisveitingum viðkomandi framkvæmdar. Gengið er út frá því í skipulags- og byggingarlögum að unnt sé að skjóta stjórnvaldsákvörðun stjórnsýslu sveitarfélaga til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, þannig verður ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis skotið til nefndarinnar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 10. gr. er ekki gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð vegna mats á umhverfisáhrifum heldur er þess í stað lagt til að stofnunin gefi álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Eftir

þá breytingu væri óeðlilegt að það álit yrði kært til umhverfisráðherra, eitt og sér, heldur er lagt til að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis.

Í 2. mgr. b-liðar er tekið fram, til þess að taka af allan vafa, að um kæru samkvæmt greininni fer að öðru leyti samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um allar leyfisveitingar vegna matsskyldra framkvæmda. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd, sbr. 5. og 6. gr. laganna, fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Lagt er til að leyfisveitandi skuli kynna sér skýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitendum ber þannig að fjalla um álit Skipulagsstofnunar og taka afstöðu til þess og kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila sem því liggur til grundvallar. Sé leyfi veitt þar sem tekið er á einhverjum eða öllum þáttum með öðrum hætti en fram kemur í álitinu þarf leyfisveitandi þannig að geta fært rök fyrir niðurstöðu sinni. Þetta er í samræmi við 8. gr. tilskipunar nr. 85/337/EBE eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB en í þeirri grein er fjallað um útgáfu leyfis. Ákvæðið kveður á um það að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda. Þetta ákvæði hefur verið túlkað á þann veg að stjórnvaldið skuli, í ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmda, vísa til framkominna upplýsinga og athugasemda úr matsferlinu og taka afstöðu til þeirra og geta þess sérstaklega hvaða sjónarmið liggja þar að baki. Álit Skipulagsstofnunar eða niðurstaða matsskýrslu bindur því ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu leyfis til framkvæmda.

Leyfisveiting vegna matsskyldra framkvæmda er í höndum margra stjórnvalda en í 3. gr. er leyfi til framkvæmda skilgreint. Sem dæmi má nefna að leyfi iðnaðarráðherra þarf fyrir raforkuver 1.000 kW og stærri, sbr. 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, til vatnsmiðlunar skv. 69.–70. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og til ýmissa nánar tilgreindra ráðstafana skv. 133. gr. vatnalaga. Þá þarf leyfi iðnaðarráðherra til nýtingar auðlinda úr jörðu, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, til hagnýtingar á efnum á eða í hafsbotni utan netlaga skv. 2. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, og til vinnslu kolvetnis skv. 7. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Til fiskeldis og hafbeitar þarf rekstrarleyfi veiðimálastjóra, sbr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á grundvelli 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarstjórnir veita framkvæmda- eða byggingarleyfi á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, vegna matsskyldra framkvæmda, þó ekki vegna matsskyldra framkvæmda utan netlaga, svo sem vegna fiskeldis í sjó eða efnistöku af hafsbotni, sbr. álit félagsmálaráðuneytis um staðarmörk sveitarfélaga frá 19. október 2000.

Lagt er til að öllum þeim sem veita leyfi til framkvæmda vegna matsskyldra framkvæmda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits um mat á umhverfisáhrifum hennar. Um leyfisveitingu fer að öðru leyti skv. 27., 36., sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga. Lagt er til að ákvörðun hvers og eins leyfisveitanda um útgáfu leyfis verði birt opinberlega innan viku frá útgáfu leyfis ásamt niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar. Þannig liggur fyrir með hvaða hætti leyfisveitandi hefur tekið afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Leyfisveitanda ber ekki að birta álitið í heild heldur einungis niðurstöðu

þess. Eins og fram kemur í 10. gr. ber Skipulagsstofnun að auglýsa álitið þegar það liggur fyrir af hálfu stofnunarinnar en í auglýsingu er nánar tilgreint hvar hægt er að nálgast það. Ekki er gerð krafa um birtingu í ákveðnum blöðum heldur er það val hvers leyfisveitenda með hvaða hætti hann kýs að birta ákvörðunina svo fremi hún er birt opinberlega, t.d. í Lögbirtingablaði eða í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Þá er lagt til að í ákvörðun um leyfisveitingu skuli kveða á um kæruheimild og kærufresti þegar það á við. Mundi það þá eiga við um þær ákvarðanir stjórnvalda þar sem kæruheimild er til staðar. Það á t.d. við um ákvarðanir sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis, en þær eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um eftirlit með framkvæmdum. Leyfisveitendur skulu hafa eftirlit með því að framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfið og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Hér er lagt til að felld verði brott tilvísun til þess að eftirlitið felist í því að framkvæmd skuli vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Þessi breyting er til samræmis við breytingar skv. 10. og 13. gr. varðandi álit Skipulagsstofnunar og leyfi til framkvæmda og vísast til athugasemda við þær greinar.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að Skipulagsstofnun sé veitt heimild til að gefa út leiðbeiningar um ýmsa framkvæmdaþætti sem varða mat á umhverfisáhrifum, svo sem um málsmeðferð vegna matsáætlana og matsskýrslna. Þá skal stofnunin gefa út leiðbeiningar um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa. Eins og fram kom í athugasemdum við 8. gr. ber framkvæmdaraðila við gerð matsskýrslu að hafa slíkar leiðbeiningar til viðmiðunar þegar vægi umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar í matsskýrslu er metið. Slíkar leiðbeiningar Skipulagsstofnunar ættu að auka skilvirkni og samræma vinnubrögð í matsferlinu.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli en nauðsynlegt þykir að Skipulagsstofnun geti í mjög viðamiklum málum vikið frá lögbundnum frestum. Sú reynsla sem fengist hefur af framkvæmd laganna hefur leitt í ljós að í slíkum málum duga frestir laganna ekki. Hér er um undanþágu að ræða sem túlka ber þröngt.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða II falli brott verði frumvarpið að lögum. Í stað þess komi einvörðungu ákvæði um tímabundna heimild framkvæmdaraðila til að ljúka mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt gildandi lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 18. gr. (1. viðauka).

Í a-lið er lagt til að tekið sé fram í ákvæðinu að um sé að ræða efnistöku bæði á hafsbotni og landi. Þetta kemur efnislega fram í greinargerð um ákvæðið í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum og er því ekki um efnisbreytingu að ræða. Hins vegar þykir rétt að þetta sé tekið fram í ákvæðinu sjálfu.

Lagt er til í b-lið að ákvæðið um að efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m^2 svæði eða stærra sé matsskyld framkvæmd verði fellt brott. Slík efnistaka er tilkynningarskyld skv. a-lið 2. tölul. 2. viðauka. Miðað við þá reynslu sem feng-

ist hefur af framkvæmd þessa ákvæðis þykir réttara að metið sé í hvert skipti hvort slík efnistaka sé matsskyld, en ekki sé gert að skilyrði að efnistaka af þessu umfangi sé ætíð matsskyld. Það er Skipulagsstofnunar að meta í hvert skipti hvort þörf er á að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Efnistaka er almennt ekki matsskyld skv. 1. viðauka tilskipunar 97/11/EB og því er í lögunum gengið lengra en tilskipunin gerir kröfu um. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar um b-lið 19. gr.

Um 19. gr. (2. viðauka).

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. viðauka laganna á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna og ábendinga sem komið hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Í a-lið er lögð til breyting varðandi tilkynningarskyldu á nýræktun skóga. Þar sem í gildi er skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkrar framkvæmdar á 50 ha svæði eða stærra þykir ekki ástæða til þess að hún sé tilkynningarskyld vegna mats á umhverfisáhrifum nema þegar um er að ræða skógrækt á verndarsvæðum eins og er í gildandi lögum. Er því lagt til að tilkynna beri nýræktun skóga sem eru stærri en 50 ha að stærð þar sem ekki liggur fyrir staðfest skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt á viðkomandi svæði og leyfisveitingar vegna slíkra verkefna.

Í b-lið er lagt til að tilgreint verði sérstaklega að efnistaka taki bæði til hafsbotns og lands. Er þessi breyting lögð til í samræmi við breytingar í 18. gr. frumvarpsins um efnistöku í 1. viðauka sem ávallt er háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki er því um efnisbreytingu að ræða heldur að þetta komi skýrt fram í ákvæðinu. Framkvæmdir sem falla undir c-lið 2. tölul. II. viðauka tilskipunar 97/11/EB mundu falla hér undir. Þá er lagt til að efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 m^2 svæði eða stærra verði tilkynningarskyld sé um að ræða efnistöku vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði. Lagt er til að ákvæðið verði þrengt þannig að slík efnistaka sé aðeins tilkynningarskyld sé um að ræða efnistöku á sama svæði. Um er að ræða sama svæði til að mynda vegna landfræðilegra aðstæðna, efnistöku úr sömu jarðmyndun eða úr sama árfarvegi. Það að efnistökustaðir ná til samans yfir framangreint svæði ber að skýra á þann hátt að taka beri tillit til sammögnunaráhrifa þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Sammögnun getur verið vegna sjónrænna áhrifa, umferðar, áhrifa á gróður á landi og áhrifa á lífríki áa þar sem ekki eru fyrir náttúrulegar hindranir milli efnistökusvæða, svo sem fossar og flúðir.

Þá er í c-lið lagt til að ákvæðið miðist við að vatnsorkuver 200 kW eða stærri verði tilkynningarskyld í stað 100 kW vatnsorkuvera áður. Á það hefur verið bent að viðmiðunin í lögunum sé óeðlilega lág.

Í d-lið er lagt til að geymsla jarðefnaeldsneytis á verndarsvæðum verði tilkynningarskyld hvort sem hún er ofan jarðar eða neðan en ekki eingöngu ofan jarðar eins og nú gildir.

Í e-lið er lagt til allur matvælaiðnaður sem tilgreindur eru í 7. tölul. verði eingöngu tilkynningarskyldur sé hann á verndarsvæði en að það sé ekki aðeins bundið við fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur, sbr. h-lið. Þessi breyting leiðir til þess að tilkynningarskyldum framkvæmdum fækkar verulega verði frumvarp þetta að lögum.

Í f-lið er lagt til að þær framkvæmdir sem þar eru tilgreindar verði tilkynningarskyldar. Hér er um að ræða framkvæmdir sem falla undir a–c liði 10. tölul. II. viðauka tilskipunar 97/11/EB. Ekki eru settar stærðarviðmiðanir í tilskipuninni en rétt þykir að setja slíkar viðmiðanir hvað varðar a- og b-lið.

Í g-lið eru lagt til að allir flugvellir með minna en 2.100 m langa meginflugbraut verði tilkynningarskyldir en ekki einungis flugvellir á verndarsvæðum eins og nú gildir en það er til samræmis við d-lið 10. tölul. II. viðauka tilskipunar 97/11/EB. Flugvellir sem eru með

lengri en 2.100 m flugbraut eru hins vegar ávallt matsskyldir, sbr. 9. tölul. 1. viðauka laganna.

Þá er lagt til í h-lið að gildissvið g-liðar 10. tölul. verði útvíkkað, þannig að tilkynningarskylda vegna vatnsleiðslna utan þéttbýlis verði ekki bundin við það að þessar framkvæmdir séu á verndarsvæðum heldur að þær séu 10 km langar og grafnar niður. Þetta er til samræmis við j-lið 10. tölul. II. viðauka tilskipunar 97/11/EB. Hér er lögð til sama viðmiðun og fram kemur í b-lið 3. tölul. 2. viðauka laganna.

Lagt er til í i-lið að tilkynningarskylda mannvirkja til að verjast rofi á strandlengjum verði bundin við slíkar framkvæmdir á verndarsvæðum skv. 3. viðauka og á svæðum á náttúruminjaskrá. Með því að miða tilkynningarskylduna við verndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá verður fækkað tilkynningum um fyrirhugaðar framkvæmdir, t.d. á hafnarsvæðum þar sem ljóst má telja að ekki séu líkur á neikvæðum umhverfisáhrifum. Hins vegar yrðu tilkynningarskyldar slíkar framkvæmdir á svæðum sem talið er vert að vernda, t.d. vegna fuglalífs eins og verið hefur.

Lagt er til í j- og k-lið að gildissvið i-liðar og j-liðar 10. tölul. verði útvíkkað þannig að tilkynningarskylda vegna vinnslu grunnvatns og tilflutningur grunnvatns verði ekki bundin við að þessar framkvæmdir séu á verndarsvæðum. Sama á við um mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða. Þetta er til samræmis við l- og m-lið 10. tölul. II viðauka tilskipunar 97/11/EB.

Þá er lagt til í l-lið að skolphreinsistöðvar á svæðum á náttúruminjaskrá verði tilkynningarskyldar, auk þeirra sem eru á verndarsvæðum.

Um 20. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að sveitarstjórn sé heimilt þegar um er að ræða umfangsmiklar matsskyldar framkvæmdir að skipa sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Skal það þá gert í samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur og ber framkvæmdaraðili kostnað af starfi nefndarinnar. Ákvæðið er nýmæli en við stærri framkvæmdir er æskilegt að hafa slíka heimild, t.d. í tilvikum þar sem liggur fyrir að eftirlitið verði mjög umfangsmikið og sérhæft. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar nefndir hafi heimild til að grípa til þvingunarúrræða eins og sveitarstjórn og byggingarnefnd hafa skv. 57. gr. laganna, heldur er slíkt vald í höndum framangreindra aðila og ekki annarra.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um skipun, starfsemi og hlutverk úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru tilkomnar vegna breytinga sem lagðar eru til á ferli matsskyldra framkvæmda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að matsferlið verði nátengdara en áður leyfisveitingum viðkomandi framkvæmdar og að unnt verði að skjóta ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis vegna matsskyldra framkvæmda til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum úrskurði Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum heldur er þess í stað lagt til að stofnunin gefi álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Ekki er lagt til að heimilt sé að kæra álitið til umhverfisráðherra heldur að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis. Vísast hér nánar til umfjöllunar um 12. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála geti auk ágreinings-

mála vegna skipulags- og byggingarmála fjallað um þau ágreiningsmál sem henni er falið að úrskurða í á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í 2. mgr. er fjallað um hvernig úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er skipuð og um skipunartíma hennar. Gert er ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti fimm menn í stað þriggja eins og nú er. Lögð er til sú breyting að yfir nefndina sé skipaður forstöðumaður sem jafnframt er formaður nefndarinnar og hefur starfið að aðalstarfi. Það er breyting frá því sem gilt hefur en starf formanns úrskurðarnefndar hefur verið hlutastarf. Forstöðumaður er embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Lagt er til að úrskurðarnefndin tilnefni varaformann úr hópi nefndarmanna sem hafi það eina hlutverk að stýra fundum í forföllum formanns. Hlutverk hans verður hins vegar ekki að axla skyldur forstöðumanns í fjarveru hans, enda ekki hægt að skipa varamann forstöðumanns ríkisstofnunar. Þá er lagt er til að Hæstiréttur tilnefni þrjá nefndarmenn af fimm í úrskurðarnefndina í stað tveggja eins og nú og tilnefnir Hæstiréttur þannig meiri hluta nefndarmanna. Lögð er til sú breyting að tilgreind eru hæfisskilyrði þeirra nefndarmanna sem rétturinn tilnefnir, en þau er m.a. sett með hliðsjón af breyttu hlutverki nefndarinnar vegna laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 1. mgr. Einnig þykir eðlilegt í ljósi verksviðs nefndarinnar að einn nefndarmanna hafi lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála.

Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk forstöðumanns úrskurðarnefndar en lagt er til að hann ráði annað starfsfólk nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir í 4. mgr. að við úrlausn einstakra mála skuli nefndin að jafnaði skipuð þremur mönnum, formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Í viðamiklum málum skal nefndin vera fullskipuð. Þá er lagt til að nefndin hafi allt að þrjá mánuði frá því að henni berst mál í hendur til að kveða upp úrskurð sinn og er því um að ræða lengri frest en nú, en hann er tveir mánuðir. Í gildandi lögum er hins vegar heimild til að lengja þann frest í þrjá mánuði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd ákvæðisins þykir rétt að fresturinn sé ávallt hinn sami, en þó ekki lengri en þrír mánuðir.

Í 5. mgr. eru tilgreindar þær ákvarðanir sem sæta kæru til úrskurðarnefndarinnar, en þar er einungis um að ræða stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga. Þá er lagt til að ákvarðanir sem ráðherra beri að staðfesta samkvæmt lögunum sæti ekki kæru til nefndarinnar. Slíkar ákvarðanir eru til að mynda staðfesting skipulagsáætlana, þ.e. aðal- og svæðisskipulagsáætlana. Til að taka af allan vafa þykir rétt að þetta sé áréttað í lögunum en ekki þykir rétt að úrskurðarnefndin sem er hliðsett stjórnvald við ráðherra endurskoði hans ákvarðanir. Er þetta í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis, sbr. mál nr. 2906/2000. Þá er lagt til að tilgreint sé í lögunum hverjir eigi málskotsrétt en viðkomandi verður að eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun til að geta skotið máli til nefndarinnar. Er þetta til samræmis við þá framkvæmd sem viðgengst nú varðandi málskotsheimild til nefndarinnar. Hins vegar er málskotsrétturinn rýmri sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, eins og ákvarðanir um útgáfu leyfis vegna matsskyldrar framkvæmdar. Í slíkum tilvikum er rétturinn til málskots ekki einungis bundinn við þá sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta heldur einnig umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem starfandi eru á Íslandi og hafa a.m.k. 50 félagsmenn, enda samrýmist það tilgangi samtakanna eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum eða samþykktum þeirra. Umhverfisverndarsamtök skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 3. gr. þessa frumvarps. Þá er lagt til að tilgreindur sé í lögunum hver sé frestur til að skjóta máli til úrskurðarnefndarinnar, þ.e. einn mánuður, og hvenær sá frestur byrjar að líða.

Í 6. mgr.er lagt til að tekið sé fram að kærandi geti krafist stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Rétt þykir að slík heimild sé áréttuð í lögunum þar sem þau gera ráð fyrir því að slík krafa geti verið sett fram.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar til samræmis við þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á lögum um mat á umhverfisáhrifum um að Skipulagsstofnun úrskurði ekki um hvort leyfa eða hafna beri framkvæmd heldur veiti álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvenær afla þurfi framkvæmdaleyfis sveitarstjórna, þ.e. vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og vegna annara framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þannig þarf ætíð að afla framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og er það ekki breyting á því sem gilt hefur. Ekki er heimilt að hefja þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í ákvæðinu fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórna. Sé framkvæmd byggingarleyfisskyld fer um hana skv. IV kafla laganna og þarf þá ekki að afla framkvæmdaleyfis.

Ekki er fullt samræmi í orðalagi náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, og skipulags- og byggingarlaga þar sem kveðið er á um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku. Til að taka af öll tvímæli er lagt til í 2. mgr. að bætt verði nýrri málsgrein við greinina um að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Einnig er lagt til að framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skuli gefið út, til tiltekins tíma og þar skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis og ýmsum öðrum atriðum sem talin eru upp í greininni.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að þeir sem óska eftir framkvæmdaleyfi beri að senda skriflega umsókn um slíkt ásamt nauðsynlegum gögnum. Er þetta í samræmi við ákvæði 9.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að við útgáfu framkvæmdaleyfis beri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við þær skipulagsáætlanir sem sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um. Þá er áréttað að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Sambærilegt ákvæði er í 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Matsskyldar framkvæmdir eru þær framkvæmdir sem falla undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða þær framkvæmdir sem að mati Skipulagsstofnunar eru matsskyldar, sbr. 6. gr. sömu laga.

Þá er lagt til í 5. mgr. að sveitarstjórn skuli kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort um sé að ræða sömu framkvæmd og lýst er í matsskýrslu. Sveitarstjórn ber síðan að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmið er hér er að sveitarstjórn taki upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar sem sveitarstjórn ber að taka afstöðu til bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í 6. mgr. er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og getur hún þannig í framkvæmdaleyfi

tekið upp eitt eða fleiri af þeim skilyrðum. Skilyrði sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar geta kveðið m.a. á um mótvægisaðgerðir og samráð við tiltekna aðila. Sveitarstjórn er hins vegar heimilt en ekki skylt að taka upp slík skilyrði, enda er hún ekki bundin af áliti Skipulagsstofnunar eins og áður sagði. Það er þó bundið því skilyrði að önnur stjórnvöld, sem veita leyfi til framkvæmdanna, hafi ekki tekið afstöðu til skilyrðanna í áliti Skipulagsstofnunar. Þegar svo stendur á ber sveitarstjórn ekki að taka upp slík skilyrði, enda er það í höndum annarra leyfisveitenda að fjalla um þau. Ákvæðið er í samræmi við þau sjónarmið að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda, sbr. 8. gr. tilskipunar 85/337/EB eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB. Vísast að öðru leyti til athugasemda um 13. gr. Þá getur sveitarstjórn bundið framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins, enda þarf framkvæmd ávallt að vera í samræmi við slíkar áætlanir. Markmið með setningu slíka skilyrða er að tryggja að framkvæmd samræmist þeim skipulagsákvörðunum sem sveitarfélag hefur tekið í viðkomandi skipulagsáætlun og að þeim sé fylgt eftir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn er þannig veitt heimild til að taka efnisatriði skipulagsáætlunar upp sem skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæðið felur því ekki í sér sjálfstæða heimild sveitarstjórnar til að setja framkvæmd viðbótarskilyrði. Markmið ákvæðisins er að tryggja að framkvæmd verði í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.

Lagt er til í 7. mgr. að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar verði birt með auglýsingu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu og að í ákvörðun séu tilgreindar kæruheimildir og kærufrestir. Hér er um að ræða niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar skv. 10. gr. Í auglýsingunni skal vísað til þess hvar álitið sé aðgengilegt í heild, en almenningur skal eiga greiðan aðgang að því samkvæmt framangreindu ákvæði. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður á og Skipulagsstofnun hefur um kynningu á úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig er tryggt að þeim sem hafa málskotsrétt vegna ákvarðana sveitarstjórnar sé kynnt ákvörðun hennar og forsendur þeirrar ákvörðunar og þeim þannig gefið tækifæri til gera athugasemdir sínar við þá ákvörðun. Breytingin felst einkum í því að réttur til málskots vegna matsskyldra framkvæmda hefur færst frá úrskurði Skipulagsstofnunar til ákvörðunar sveitarstjórnar eins og áður sagði.

Í 8. mgr. er kveðið á um það hverjum sé heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar sé vafi um hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

9.–11. mgr. greinarinnar eru samhljóða 3.–5. mgr. 27. gr. laganna, nema gert er ráð fyrir að landgræðslu- og skógræktaráætlanir séu í einungis í samræmi við skipulagsáætlanir.

Um 23. gr.

Í greininni er lagt til að fellt verði brott ákvæði um málskotsrétt til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Ákvæðið er að finna í grein sem fjallar um störf byggingarnefnda en ekki þykir rétt að hafa málskotsheimild laganna þar, heldur er skýrara að sú heimild sé í 8. gr. laganna sem fjallar um starfsemi, skipan og hlutverk úrskurðarnefndarinnar auk málskotsréttarins.

Um 24. gr.

Eins og fram kom í athugasemdum við 3. gr. eru allar matsskyldar framkvæmdir innan staðarmarka sveitarfélaga annaðhvort háðar framkvæmda- eða byggingarleyfi. Þar sem 43. gr. laganna fjallar um byggingarleyfi er lagt til að þar komi fram, líkt og í 27. gr. laganna um

framkvæmdaleyfi, að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldum framkvæmdum sem háðar eru byggingarleyfi fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

Um 25. gr.

Þar sem þær breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um geta leitt til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög, sérstaklega þau minni, er lagt til að ákvæðið um gjaldtöku vegna útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa verði styrkt. Þannig er bætt við nokkrum efnisþáttum í greininni um þau atriði sem heimilað er að taka gjöld fyrir vegna útgáfu þessara leyfa.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. og 28. gr.

Í þessum ákvæðum eru lagðar til þær breytingar sem gera þarf á lögum um lax- og silungsveiði og lögum um náttúruvernd verði frumvarp þetta að lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Meginefni frumvarpsins lýtur að því að breyta hlutverki Skipulagsstofnunar á þann veg að í stað þess að stofnunin úrskurði um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og ákvarði hvort fallist sé á hana eða lagst gegn henni gefi hún álit sitt á því hvort skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum uppfylli skilyrði laganna og lýsi umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt. Í öðru lagi er lögð til sú breyting að við útgáfu framkvæmdaleyfis skuli leyfisveitandi kynna sér matsskýrsluna og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar á henni en vera að öðru leyti óbundinn af afstöðu stofnunarinnar. Í þriðja lagi er lagt til að málskotsréttur til æðra stjórnvalds verði þrengdur og bundinn við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök eftir nánari reglum. Í fjórða lagi er lagt til að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis verði kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Lagt er til að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála verði efld á þann veg að nefndarmönnum verði fjölgað úr þremur í fimm og að formaður nefndarinnar skuli jafnframt vera forstöðumaður hennar og hafa það starf að aðalstarfi.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má reikna með að kostnaður ríkissjóðs aukist um sem svarar einu stöðugildi, eða um 6 m.kr. á ári, vegna eflingar á úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

242. Frumvarp til laga [236. mál]

um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til slysa og atvika sem tengjast umferð ökutækja og sem í lögum þessum eru nefnd umferðarslys.

Rannsóknir umferðarslysa samkvæmt lögum þessum skulu ná til rannsókna einstakra umferðarslysa og til flokka umferðarslysa eða umferðarslysa sem teljast af sama tagi.

Samgönguráðherra skal í reglugerð tilgreina nánar hvað fellur undir umferðarslys í lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknir umferðarslysa samkvæmt lögum þessum skulu aðeins miða að því að leiða í ljós orsakir umferðarslyss til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og stuðla með því að auknu öryggi í umferðinni.

Rannsókn umferðarslysa samkvæmt lögum þessum er óháð rannsókn umferðarslysa samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

II. KAFLI
Skipulag umferðarslysarannsókna.

3. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.

Í rannsóknarnefnd umferðarslysa eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og skal einn skipaður formaður. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Samgönguráðherra skipar varamenn til sama tíma.

Allur kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn.

Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar og gætir þess að hann sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Forstöðumaður ræður til nefndarinnar annað starfsfólk.

5. gr.

Þeir sem skipaðir eru í rannsóknarnefnd umferðarslysa skulu hafa menntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við umferðarslysarannsóknir.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

6. gr.

Forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að tilnefna staðgengil rannsóknarstjóra.

Forstöðumaður skal hafa sérmenntun eða starfsreynslu á sviði umferðarmála eða umferðarslysarannsókna.

Um sérstakt hæfi forstöðumanns fer eftir því sem segir í 2. mgr. 5. gr.

III. KAFLI
Tilkynning um umferðarslys. Framkvæmd rannsóknar.

7. gr.

Verði umferðarslys, sbr. 1. gr., skal vaktstöð samræmdrar neyðarsímsvörunar, eða lögreglan, svo fljótt sem verða má koma boðum um umferðarslysið til rannsóknarstjóra. Rannsóknarstjóri skal tilkynna vaktstöð eða lögreglu svo fljótt sem kostur er hvort hann hyggist koma á vettvang slyssins.

8. gr.

Rannsóknarstjóri, rannsóknarnefnd umferðarslysa og aðrir starfsmenn nefndarinnar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi umferðarslyss.

Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa rétt til að óska aðstoðar lögreglu.

Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi þegar sérstaklega stendur á.

Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa samráð við lögreglu rannsaki lögregla vettvang.

9. gr.

Óski rannsóknarstjóri þess á vettvangi skal hvorki hreyfa né flytja á brott ökutæki eða hrófla við ummerkjum slyssins uns rannsókn er lokið, nema að svo miklu leyti sem slíkt er talið nauðsynlegt til verndar veigameiri hagsmunum.

Rannsóknarstjóra er heimilt að taka til vörslu ökutæki eða hluta þess og annað ef ætla má að geti haft þýðingu við rannsókn.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal svo fljótt sem verða má láta af hendi ökutæki, hluta þess eða annað það sem nefndin hefur tekið í sína vörslu.

Hafi lögregla tekið ökutæki, hluta þess eða önnur gögn sem tengjast umferðarslysi í sínar vörslur á grundvelli laga um meðferð opinberra mála er rannsóknarstjóra heimilt að krefjast þess að slíkt verði ekki afhent eiganda eða lögmætum rétthafa nema að höfðu samráði við rannsóknarstjóra.

10. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt við rannsókn mála að leita eftir upplýsingum varðandi ökutæki, ökumenn, farþega, vitni og annað sem kann að skipta máli varðandi rannsóknina. Heimild þessi nær til öflunar upplýsinga og gagna hjá stjórnvöldum og öðrum, þar á meðal lögreglu, vátryggingafélögum, læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að taka skýrslur af ökumanni, farþegum og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyss.

Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna. Skýrslur aðila og vitna teljast réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana og stofnana sem starfa á sviði umferðarmála, innlendra sem erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn umferðarslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

11. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í þágu nefndarinnar.

Um aðgang að rannsóknargögnum og öðrum gögnum fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

IV. KAFLI
Skýrslur um rannsóknir umferðarslysa. Aðgangur að gögnum.

12. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal gefa út og birta skýrslu um störf sín ár hvert. Í skýrslunni skal m.a. vera að finna yfirlit yfir helstu störf nefndarinnar á yfirstandandi starfsári, tölfræðilegar samantektir auk almennra tillagna um öryggisúrbætur á sviði umferðarmála.

Þegar rannsókn einstaks máls er lokið skv. 1. gr. getur rannsóknarnefnd umferðarslysa samið sérstaka skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar, telji hún tilefni til. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra. Skal skýrslan gerð opinber svo fljótt sem verða má.

Rannsóknarnefndin getur beint tilmælum til viðeigandi aðila um úrbætur í umferðaröryggismálum eftir því sem rannsókn gefur tilefni til og skulu þeir sem tillögum er beint til taka tilhlýðilegt tillit til tilmæla í öryggisátt sem fram koma og hrinda þeim í framkvæmd ef við á. Rannsóknarnefndin getur að liðnum þremur mánuðum frá því að tilmæli voru gefin út krafist upplýsinga um hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum.

Við skýrslugerð samkvæmt ákvæði þessu skal rannsóknarnefnd umferðarslysa gefa aðilum þeim sem sérlega ríkra hagsmuna hafa að gæta að mati nefndarinnar kost á, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að skýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal fella úr skýrslum sínum um einstök mál skv. 2. mgr. beina tilvísun til trúnaðargagna sem hún aflar í tengslum við rannsókn máls, svo og gagna sem aflað hefur verið hjá lögreglu, sé rannsókn opinbers máls ekki lokið, nema að því leyti sem óhjákvæmilegt er talið vegna greiningar á orsökum umferðarslyss. Nöfn aðila er tengjast umferðarslysi skulu jafnframt afmáð úr skýrslu nefndarinnar.

Í skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

13. gr.

Óheimilt er rannsóknarnefnd umferðarslysa að veita aðgang að trúnaðargögnum þeim sem nefndin aflar í tengslum við rannsókn einstakra mála, nema að því marki sem slíkt reynist nauðsynlegt vegna umsagna aðila um skýrslur rannsóknarnefndar umferðarslysa. Eru slík gögn undanþegin ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Til trúnaðargagna í skilningi 1. mgr. teljast m.a. heilsufarslegar upplýsingar, álitsgerðir sem aflað hefur verið í tengslum við rannsókn máls og skýrslur vitna og annarra aðila.

Umsagnaraðilar og þeir sem starfa í þeirra þágu, sbr. 12. gr., skulu virða þagnarskyldu um hvaðeina það sem þeim verður kunnugt vegna aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæði þessu. Er umsagnaraðilum óheimilt að veita öðrum en þeim sem starfa í þeirra þágu við að veita umsögn upplýsingar um eða aðgang að slíkum gögnum.

14. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa um rannsókn einstakra slysa skal hvorki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum né einkamálum.

V. KAFLI
Endurupptaka mála o.fl.

15. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur endurupptekið mál þótt rannsókn nefndarinnar sé lokið, sbr. 12. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati.

Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd umferðarslysa að rannsaka nánar tiltekið umferðarslys eða sérstök atriði sem tengjast umferðarslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn rannsóknarnefndarinnar er lokið.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild. Gildistaka.

16. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um skilgreiningu umferðarslysa skv. 1. gr., meðferð og vörslu málsgagna, persónuskilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna, rannsóknarstjóra og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað, tæki og þjálfun nefndarinnar til vettvangsrannsókna, um fyrirkomulag á birtingu skýrslna nefndarinnar og aðra þætti málsmeðferðar hjá nefndinni.

17. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 83/2002 og 132/2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar umferðarslysa skv. 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, lýkur við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins. Markmið þess er að kveða á um starfsemi sérstakrar rannsóknarnefndar á sviði umferðarmála, rannsóknarnefndar umferðarslysa, sem hafi það hlutverk að rannsaka tildrög umferðarslysa og koma með tillögur um úrbætur í öryggisátt á sviði umferðarmála. Er markmiðið því fyrst og fremst að stuðla að auknu öryggi varðandi umferð ökutækja hér á landi. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að nein breyting verði á núverandi fyrirkomulagi á rannsóknum lögreglu á umferðarslysum samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, sbr. nánar ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins hefur, eftir því sem við á, verið tekið mið af lögum um rannsóknir á öðrum sambærilegum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir flugslysa og sjóslysa,

sbr. til hliðsjónar lög nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, og lög nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst þau að með hliðsjón af eðli og markmiðum rannsóknarnefndar umferðarslysa er óhjákvæmilegt að væntanleg löggjöf taki að nokkru leyti til áþekkra þátta og fjallað er um í lögum um rannsóknir flugslysa og eftir atvikum rannsóknir sjóslysa. Hér má jafnframt nefna að í Finnlandi hafa verið sett sérstök lög um rannsóknir umferðarslysa sem byggjast í veigamiklum atriðum á sömu grundvallarþáttum og efnisatriðum og er að finna í lögum nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, að breyttu breytanda. Við gerð frumvarpsins hefur jafnframt verið höfð hliðsjón af skýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa frá febrúar 2002, sem hefur að geyma yfirlit um uppbyggingu rannsóknarnefnda umferðarslysa í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku, vinnulagi nefndanna og rannsóknaraðferðum. Að auki hefur verið höfð hliðsjón af reglugerð nr. 681/1998 um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Umfjöllun athugasemda með frumvarpi þessu er tvískipt. Í fyrri hluta þeirra er að finna stutt yfirlit yfir gildandi lagaumhverfi hér á landi, sbr. kafla II. Seinni hlutinn hefur síðan að geyma stutt yfirlit yfir efnisatriði frumvarpsins og athugasemdir við einstök ákvæði þess, sbr. nánar kafla III, og helstu breytingar á gildandi rétti í því sambandi.

II.

Hér á landi er ekki að finna heildstæða löggjöf um rannsóknir umferðarslysa í formi almennra laga. Í 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, ásamt síðari breytingum, er þó kveðið á um að ráðherra geti skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Er gert ráð fyrir því að nefndarmenn skuli hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Jafnframt er kveðið á um að ráðherra ákveði fjölda nefndarmanna og setji nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

Í reglugerð nr. 681/1998 er fjallað um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Skv. 2. gr. reglugerðarinnar er hlutverk nefndarinnar að rannsaka umferðarslys og starfar hún sjálfstætt og óháð öðrum stjórnvöldum og rannsóknaraðilum. Rannsóknir hennar skulu miða að því einu að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og stuðla að því að umferðaröryggi megi aukast. Nefndin skal gera tillögur til úrbóta um umferðaröryggi til viðeigandi stjórnvalda eftir því sem rannsóknir á orsökum umferðarslysa gefa tilefni til. Nefndarmenn skulu vera þrír og skipaðir af samgönguráðherra, sbr. 3. gr. Hann skipar einnig formann og varaformann nefndarinnar. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem varðandi umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Nefndin getur ráðið sér starfsmenn að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og getur hún einnig leitað aðstoðar sérfróðra einstaklinga eða rannsóknarstofnana ef þörf krefur. Skv. 4. gr. reglugerðarinnar ákveður nefndin hvenær efni eru til rannsóknar umferðarslyss í samræmi við hlutverk og markmið nefndarinnar. Skal tilkynna lögreglu um hvaða flokka slysa nefndin hefur til rannsóknar á hverjum tíma. Verði umferðarslys í flokki sem nefndin hefur ákveðið að rannsaka skal lögreglan tafarlaust tilkynna Neyðarlínunni um slysið sem kemur boðum til nefndarinnar. Eftir atvikum skulu einn eða fleiri nefndarmenn eða starfsmenn nefndar fara í rannsóknarskyni á vettvang. Lögreglan skal vernda verksummerki slyss eins og kostur er fram að þeim tíma er nefndin kemur á slysstað þótt lögreglan hafi áður lokið vettvangsrannsókn sinni. Skv. 5. gr. skal samgönguráðuneytið láta nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar í té skilríki til sönnunar um störf þeirra. Nefndin skal hafa aðgang að slysstað í samráði við lögreglu og ber lögreglunni að veita nefndinni aðstoð við rannsóknarstörf á slysstað eftir því sem hún hefur tök á. Nefndinni er heimilt að leita eftir upplýsingum varð-

andi ökutækið, ökumann, farþega, vitni og annað er kann að skipta máli varðandi rannsóknina. Þá er nefndinni heimilt að leita eftir upplýsingum um atvik frá ökumanni, farþegum og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins. Nefndin getur óskað eftir því við lögregluna að hún taki í sínar vörslur ökutæki eða hluta þess sem rannsóknin beinist að. Rannsókn umferðarslyss skal teljast lokið þegar fram hafa komið allar þær upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegar um viðkomandi umferðarslys. Nefndin getur, af sjálfsdáðum eða samkvæmt tilmælum ráðherra, endurupptekið áður rannsakað mál ef fram koma ný gögn sem haft geta verulega þýðingu fyrir rannsóknina, sbr. 6. gr. Skv. 8. gr. getur nefndin sett sér starfsreglur sem samgönguráðherra staðfestir. Í 9. gr. er kveðið á um að nefndin skuli gefa út yfirlitsskýrslu um störf sín í byrjun hvers árs. Í skýrslunni skal gera tillögur um úrbætur í umferðaröryggismálum og þar skal vera yfirlit um hvernig fyrri tillögum hefur verið framfylgt.

Að mati samgönguráðuneytisins er talið rétt að skjóta frekari stoðum undir lagagrundvöll starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa og skapa henni þannig réttarstöðu til samræmis við aðrar rannsóknarnefndir á sviði slysa og ófara, svo sem flugslysa og sjóslysa. Ljóst er þó að ekki er hér um sambærilegar rannsóknir að ræða að öllu leyti, og er í frumvarpi þessu að nokkru vikið frá því fyrirkomulagi sem t.d. er mælt fyrir um í lögum nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, auk þess sem skilgreining verkefna nefndanna er með nokkuð ólíkum hætti.

III.

Efnisatriði frumvarpsins lúta að eftirfarandi atriðum:

- Hlutverki og markmiðum rannsóknarnefndarinnar.
- Skipulagi nefndarinnar.
- Framkvæmd rannsókna af hálfu nefndarinnar.
- Samningu skýrslna í tengslum við störf nefndarinnar.
- Aðgangi að gögnum hjá nefndinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að hlutverk nefndarinnar sé að rannsaka umferðarslys. Er lagt til að lögin taki til slysa og atvika sem tengjast umferð ökutækja og sem í lögunum eru nefnd umferðarslys. Rannsóknir umferðarslysa skulu bæði ná til rannsókna einstakra umferðarslysa svo og til flokka umferðarslysa eða umferðarslysa sem teljast af sama tagi. Með flokki umferðarslysa er átt við afmarkaðar tegundir umferðarslysa sem hafa tiltekin einkenni, svo sem banaslys. Einnig gæti flokkun náð til aftanákeyrslna, veltna o.s.frv. Með slysum af sama tagi er hins vegar t.d. átt við öll slys sem verða á einhverjum tilteknum gatnamótum eða tiltekinni tegund gatnamóta á ákveðnu tímabili. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra tilgreini síðan í reglugerð nánar hvað falli undir umferðarslys samkvæmt lögunum.

Um 2. gr.

Samkvæmt markmiðsyfirlýsingu þeirri sem fram kemur í greininni skulu rannsóknir nefndarinnar miða að því einu að leiða í ljós orsakir umferðarslyss til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og stuðla að því að umferðaröryggi megi aukast. Í samræmi við það er lagt til að rannsókn umferðarslyss samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála sé óháð rannsókn umferðarslyss samkvæmt þessum lögum. Markmið rannsókna nefndarinnar er skilgreint með áþekkum hætti í reglugerð nr. 681/1998. Áhersla skal lögð á að ekki

er ætlunin með frumvarpi þessu að hagga því fyrirkomulagi sem nú er á rannsókn lögreglu á umferðarslysum.

Um 3. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum. Verður að telja þetta fyrirkomulag nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með störfum nefndarinnar. Þannig er t.d. mikilvægt þegar nefndin gerir tillögur að úrbótum í tilefni slyss að hún sé óháð öðrum innlendum stjórnvöldum sem kunna að bera ábyrgð á einstökum þáttum sem tengst geta umferðarslysi með einum eða öðrum hætti, svo sem stjórnvöldum á sviði bifreiða- og vegamála.

Lagt er til að skipulag nefndarinnar verði með nokkuð áþekkum hætti og hjá rannsóknarnefnd flugslysa, að breyttu breytanda, sbr. nú lög nr. 35/2004. Í nefndinni skulu því eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og skal einn þeirra skipaður formaður. Jafnframt skal samgönguráðherra skipa varamenn til sama tíma. Allur kostnaður vegna nefndarinnar skal greiðast úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til samgönguráðherra skipi nefndinni sérstakan forstöðumann sem ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar ásamt því að vera rannsóknarstjóri hennar, þ.e. að hafa umsjón með rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Forstöðumaðurinn verði skipaður til fimm ára í senn. Forstöðumaður nefndarinnar skal hafa sérmenntun eða starfsreynslu á sviði umferðarmála eða umferðarslysarannsókna, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins. Með því að fela sérstökum forstöðumanni að annast daglegan rekstur verða störf nefndarinnar markvissari en ella. Að auki er slíkt fyrirkomulag talið tryggja betur sjálfstæði nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður geti ráðið til nefndarinnar annað starfsfólk. Í reglugerð nr. 681/1998 um rannsóknarnefnd umferðarslysa er ekki með beinum orðum gert ráð fyrir forstöðumanni. Aðeins er gert ráð fyrir að nefndin ráði sér starfsmenn að höfðu samráði við samgönguráðuneytið. Hefur rannsóknarnefnd umferðarslysa ráðið sér sérstakan framkvæmdarstjóra, en ekki er kveðið á um verkaskiptingu hans og nefndarinnar í reglugerð nr. 681/1998.

Um 5. gr.

Að því er hæfiskröfur varðar er lagt til að þeir sem skipaðir eru í nefndina hafi menntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við umferðarslysarannsóknir. Í 115. gr. a núgildandi umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er tiltekið sérstaklega að nefndarmenn skuli hafa sérþekkingu, svo sem varðandi umferðarskipulag, slysalækningar og ökutækni. Ekki er talin ástæða til að tilgreina þetta sérstaklega í frumvarpi þessu, enda er eingöngu um tilgreiningu í dæmaskyni að ræða. Reikna má þó með að slík þekking, eða önnur sem talin er nýtast í þessu sambandi, verði höfð til hliðsjónar við skipun í nefindina. Gert er ráð fyrir að um sérstakt hæfi nefndarmanna fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að forstöðumaður nefndarinnar sé jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýri rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi sérþekkingu eða starfsreynslu á sviðum sem sérstaklega tengjast umferðarmálum, þ.e. á sviði umferðarmála eða umferðarslysarannsókna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að

rannsóknarnefndin geti tilnefnt staðgengil forstöðumanns, svo sem vegna forfalla, leyfa eða sambærilegra atvika. Gert er ráð fyrir að staðgengill rannsóknarstjóra komi t.d. úr hópi starfsmanna nefndarinnar, ef þeim er til að dreifa. Um sérstakt hæfi forstöðumanns fari jafnframt eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. tilvísun greinarinnar til niðurlagsákvæðis 5. gr.

Um 7. gr.

Verði umferðarslys sem fellur undir verksvið nefndarinnar er lagt til að vaktstjórn samræmdrar neyðarsímsvörunar, eða lögreglan, skuli svo fljótt sem verða má koma boðum um umferðarslysið til rannsóknarstjóra. Jafnframt er gert ráð fyrir að rannsóknarstjóri tilkynni viðkomandi aðila, vaktstöð eða lögreglu, sem komið hefur boðum til hans um atvik, hvort hann muni koma á vettvang. Hyggist hann ekki koma kemur t.d. ekki til ráðstafana sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr. frumvarpsins varðandi aðgerðir lögreglu og rannsóknarstjóra á vettvangi.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang rannsóknarnefndar umferðarslysa að slysavettvangi. Rannsóknarstjóri, rannsóknarnefnd umferðarslysa og aðrir starfsmenn nefndarinnar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi umferðarslyss. Skal rannsóknarstjóri við vettvangsrannsókn hafa rétt til að óska aðstoðar lögreglu. Þá er lagt til að rannsóknarstjóri skuli hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi þegar sérstaklega stendur á, en almennt er gert ráð fyrir að lögregla annist skýrslutöku á vettvangi en að skýrslutökur á vegum nefndarinnar fari fram á síðari stigum, sbr. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Rannsaki lögregla vettvang skal rannsóknarstjóri við vettvangsrannsókn hafa samráð við lögreglu. Rétt er að ítreka að rannsókn rannsóknarnefndar umferðarslysa fer fram óháð rannsókn lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Í 4. mgr. er kveðið á um að við vettvangsrannsókn skuli rannsóknarstjóri hafa samráð við lögreglu rannsaki lögregla vettvang. Í þessu felst jafnframt að vettvangsstjórn er í höndum lögreglu fari slík lögreglurannsókn fram samhliða. Neyti rannsóknarstjóri lögbundinna rannsóknarheimilda sinna á vettvangi skal slíkt því vera í samráði við lögreglu, rannsaki hún vettvang.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að óski rannsóknarstjóri þess á vettvangi skuli hvorki hreyfa né flytja á brott ökutæki né hrófla við ummerkjum slyssins uns rannsókn er lokið, nema að svo miklu leyti sem slíkt er talið nauðsynlegt til verndar veigameiri hagsmunum. Í því sambandi er miðað við að nauðsynlegt geti verið að afmá að einhverju leyti ummerki eða fjarlægja ökutæki þegar svo stendur á, að hjá því verði ekki komist til að afstýra umtalsverðu tjóni eða vernda umtalsverða hagsmuni. Jafnframt er lagt til að rannsóknarstjóra sé heimilt að taka til vörslu ökutæki eða hluta þess eða annað, ef ætla má að geti haft þýðingu við rannsókn máls. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal svo fljótt sem verða má láta af hendi tæki sem nefndin hefur tekið í sína vörslu, en mikilvægt er að rannsókn við slíkar aðstæður sé hraðað sem frekast er kostur. Hafi lögregla tekið ökutæki, hluta þess eða önnur gögn sem tengjast umferðarslysi í sínar vörslur á grundvelli laga um meðferð opinberra mála er rannsóknarstjóra heimilt að krefjast þess að slíkt verði ekki afhent eiganda eða lögmætum rétthafa nema að höfðu samráði við rannsóknarstjóra. Er hér miðað við að telji lögregla ástæðu til að leggja hald á ökutæki eða annað á umferðarslysavettvangi geti rannsóknarstjóri beint tilmælum til lögreglu um að það sem haldlagt hefur verið verði ekki afhent eiganda eða rétthafa nema að höfðu

samráði við rannsóknarstjóra, en slíkt gefur honum færi á að krefjast þess að fá ökutæki eða hluta þess eða önnur gögn til rannsóknar á grundvelli ákvæðis þessa. Í þessu felst jafnframt að haldlagning lögreglu á grundvelli 78. gr. laga nr. 19/1991 gengur framar rétti nefndarinnar til að taka í sínar vörslur ökutæki, hluta þeirra eða önnur gögn sem tengjast rannsókn umferðarslysa.

Um 10. gr.

Lagt er til að við rannsókn mála sé rannsóknarnefndinni heimilt að leita eftir upplýsingum varðandi ökutækið, ökumann, farþega, vitni og annað er kann að skipta máli varðandi rannsóknina, en sambærilegt ákvæði er að finna í reglugerð nr. 681/1998. Lagt er til að þess verði sérstaklega getið að heimild þessi nái til öflunar upplýsinga og gagna hjá stjórnvöldum og öðrum aðilum, svo sem lögreglu, vátryggingafélögum, læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki. Ákvæði þess efnis er ekki að finna í gildandi reglugerð, en ákvæði í svipaða veru er að finna í lögum um rannsókn flugslysa þótt uppbygging þess sé með nokkuð öðrum hætti. Lögin verða að þessu leyti sérlög gagnvart ákvæðum annarra laga sem kveða á um þagnarskyldu, svo sem ákvæðum lögreglulaga, laga um vátryggingastarfsemi og læknalaga.

Þá er lagt til að nefndinni sé heimilt að taka skýrslur af hverjum þeim aðila sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyss. Til slíkra aðila teljast t.d. ökumenn, farþegar eða starfsmenn stjórnvalda. Jafnframt er lagt til að rannsóknarstjóra og rannsóknarnefndinni skuli vera heimilt að hljóðrita slíkar skýrslutökur í þágu rannsóknarinnar. Þá er lagt til að við rannsókn sína geti nefndin leitað til rannsóknastofnana, innlendra sem erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er, svo og til annarra stofnana sem starfa á sviði umferðarmálefna, svo sem Umferðarstofu og Vegagerðarinnar. Skal innlendum aðilum þá skylt að veita þessa aðstoð. Að auki er gert ráð fyrir því að nefndinni sé heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt. Ákvæði í svipaða veru er að finna í gildandi reglugerð og lögum um rannsókn flugslysa.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um trúnaðarskyldu þeirra sem starfa í rannsóknarnefndinni eða í hennar þágu. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Sérstaklega er kveðið á um að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum fyrir nefndina.

Um 12. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að nefndin gefi út og birti skýrslu um störf sín ár hvert sem hefur að geyma yfirlit yfir helstu störf nefndarinnar á yfirstandandi starfsári, tölfræðilegar samantektir, almennar tillögur um öryggisúrbætur eða þvíumlíkt. Þá er lagt til að þegar rannsókn einstaks máls er lokið skv. 1. gr. laganna geti rannsóknarnefnd umferðarslysa samið sérstaka skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar telji hún tilefni til. Eru þá fyrst og fremst höfð í huga þau tilvik þegar einstakt slys gefur t.d. sérstakt tilefni til athugasemda í umferðaröryggisátt. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum, eða draga úr afleiðingum þeirra. Skýrsluna skal birta opinberlega svo fljótt sem verða má.

Í greininni er gert ráð fyrir að nefndin geti gert tillögur til viðeigandi aðila um úrbætur í umferðaröryggismálum eftir því sem rannsókn nefndarinnar gefur tilefni til. Sérstaklega er gert ráð fyrir að þeir sem slíkum tilmælum er beint að bregðist við tilmælunum eftir því sem ástæða er til. Jafnframt getur nefndin, að tilteknum tíma liðnum, óskað upplýsinga um hvernig staðið hefur verið að úrbótum þeim sem hér um ræðir.

Við skýrslugerð skal rannsóknarnefnd umferðarslysa gefa aðilum þeim sem sérlega ríkra hagsmuna hafa að gæta að mati nefndarinnar kost á, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að skýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Er hér bæði átt við skýrslur nefndarinnar um einstök slys sem og hina árlegu skýrslu nefndarinnar. Sem dæmi mætti hugsa sér að í hinni árlegu skýrslu nefndarinnar væru gerðar athugasemdir við fyrirkomulag gatnakerfis í tilteknu sveitarfélagi. Væri þá eðlilegt að viðkomandi sveitarfélag ætti þess kost að tjá sig um afstöðu nefndarinnar til þess.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal fella úr skýrslum sínum um einstök mál beina tilvísun til trúnaðargagna sem hún aflar í tengslum við rannsókn máls, nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið vegna greiningar á orsökum umferðarslyss. Á sama hátt er gert ráð fyrir að nefndin felli úr skýrslum sínum beina tilvísun til gagna sem aflað hefur verið hjá lögreglu, enda hafi rannsókn opinbers máls þá ekki verið lokið. Þetta gildir þó ekki ef slík tilvísun er óhjákvæmileg til greiningar á orsökum umferðarslyss. Nöfn aðila er tengjast umferðarslysi skulu jafnframt afmáð úr skýrslu nefndarinnar. Þá er lagt til að það verði sérstaklega tekið fram að ekki skuli leitast við að skipta sök eða ábyrgð í skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa, enda slíkt andstætt markmiðum þeim sem búa að baki störfum nefndarinnar.

Um 13. gr.

Lagt er til hér að ekki verði veittur aðgangur að trúnaðargögnum þeim sem nefndin aflar í tengslum við rannsókn einstakra mála, nema að því leyti sem slíkt er nauðsynlegt vegna umsagna aðila um skýrslur nefndarinnar, sbr. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Til trúnaðargagna teljast m.a. heilsufarslegar upplýsingar, álitsgerðir sem aflað hefur verið í tengslum við rannsókn máls og skýrslur vitna og annarra aðila. Er jafnframt lagt til að kveðið verði sérstaklega á um að slík gögn séu undanþegin ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996. Eru lögin því að þessu leyti sérlög gagnvart ákvæðum upplýsingalaga, og því ekki unnt að óska aðgangs á grundvelli þeirra laga. Með þessu er m.a. leitast við að tryggja að þeir aðilar sem afhenda nefndinni gögn í tengslum við rannsókn hennar, eða bera t.d. vitni um tiltekin atriði, geti treyst því að þessar upplýsingar verði ekki hagnýttar í öðrum tilgangi en að greina orsakaþætti umferðarslyss til að koma í veg fyrir að sambærileg slys verði.

Um 14. gr.

Með hliðsjón af eðli og markmiðum rannsóknarnefndar umferðarslysa er lagt til að skýrslum nefndarinnar um rannsókn einstakra slysa verði hvorki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum né einkamálum, svo sem skaðabótamáli í tilefni umferðarslyss. Er með því ítrekað að tilgangur rannsókna á vegum nefndarinnar er ekki annar en sá að stuðla að umferðaröryggi og koma með ábendingar sem geta leitt til þess að sambærileg slys verði ekki. Tilgangurinn er hins vegar ekki að afla sönnunargagna eða gefa álit til notkunar í einka- eða opinberum málum, og miðast málsmeðferðin ekki við slíka gagnaöflun eða álitsgjöf.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að löggjöfin hafi að geyma ákvæði um heimild rannsóknarnefndarinnar til að endurupptaka mál þótt rannsókn hennar sé lokið, komi fram ný og mikilvæg gögn að mati nefndarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að samgönguráðherra sé heimilt að fela rannsóknarnefndinni að rannsaka nánar tiltekið umferðarslys eða sérstök atriði sem tengjast umferðarslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn nefndarinnar er lokið. Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að upp geta komið tilvik þar sem þess er farið á leit við samgönguráðherra, sem yfirmann umferðarmála hér á landi, að leitað verði nánari skýringa eða aflað frekari gagna um tiltekið umferðarslys, og þykir þá eðlilegt að ráðherra geti falið nefndinni að rannsaka eða kanna frekar umferðarslys sem rannsókn er lokið á, eða að rannsakað verði frekar tiltekið atriði varðandi umferðarslys, án þess að sú rannsókn þurfi að taka til allra þeirra þátta sem fyrri rannsókn tók til.

Í reglugerð nr. 681/1998 um rannsóknarnefnd umferðarslysa er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefnd umferðarslysa geti af sjálfsdáðum, eða samkvæmt tilmælum ráðherra, endurupptekið áður rannsakað mál ef fram koma ný gögn sem haft geta verulega þýðingu fyrir rannsóknina.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að ráðherra verði fengin sérstök heimild til að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um skilgreiningu umferðarslysa, meðferð og vörslu málsgagna, persónuskilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað, tæki og þjálfun nefndarinnar til vettvangsrannsókna, um fyrirkomulag á birtingu skýrslna nefndarinnar og aðra þætti málsmeðferðar hjá nefndinni.

Um 17. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi þrjá menn í rannsóknarnefnd umferðarslysa. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður nefndarinnar sem annist daglegan rekstur hennar og að hann verði einnig rannsóknarstjóri umferðarslysa.

Í kostnaðarmati frá samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að kostnaður verði 10 m.kr. á ári verði frumvarpið að lögum. Að mati fjármálaráðuneytisins á sá kostnaður að rúmast innan fjárheimilda samgönguráðuneytisins.

243. Svar [115. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um menningarkynningu í Frakklandi.

1. *Hve mikil voru útgjöld ríkisins í tengslum við menningarkynningu sem nú stendur yfir í Frakklandi, skipt á forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og aðra sem stóðu undir kostnaði af kynningunni?*

Bein útgjöld ríkisins samkvæmt kostnaðaráætlun menningarkynningarinnar í Frakklandi nema 51 millj. kr. Þar af greiðir menntamálaráðuneytið 40 millj. kr. til verkefnisins, samgönguráðuneytið greiðir 10 millj. kr. til kynningarþáttar verkefnisins og utanríkisráðuneytið 1 millj. kr. Framlag íslenskra fyrirtækja er metið á 40 millj. kr. eða sem svarar til um tæplega helmings af kostnaðaráætlun fyrir verkefnið í heild. Ekki liggur fyrir mat á kostnaði franska ríkisins og franskra stofnana, en gera má ráð fyrir að bein útgjöld þeirra, vegna aðstöðu, undirbúnings o.fl. megi meta til hærri fjárhæðar en þeirrar sem íslenskir aðilar leggja fram.

2. *Fyrir hve marga embættismenn, stjórnmálamenn og aðra sem sóttu menningarkynninguna greiddi ríkið og hve mikið var greitt í ferðakostnað og dagpeninga?*

Forsætisráðuneytið.

Á vegum forsætisráðuneytis fóru ráðherra og ráðherrafrú, ráðuneytisstjóri og aðstoðarmaður ráðherra. Þá fór einn embættismaður á vegum stofnana ráðuneytisins. Ferðakostnaður ráðuneytisins var 1.428.347 kr., þar af voru dagpeningagreiðslur 326.726 kr.

Ferð forsætisráðherra var jafnframt vegna fundar hans með forsætisráðherra Frakklands.

Menntamálaráðuneytið.

Á vegum menntamálaráðuneytis fór ráðherra ásamt maka, aðstoðarmanni og ráðuneytisstjóra til að vera í Frakklandi fyrstu daga kynningarinnar. Auk þess voru þrír starfsmenn ráðuneytisins í Frakklandi við vinnu vegna kynningarinnar. Kostnaður ekki liggur fyrir en áætlað er að hann sé um 1,4 millj. kr. og þar af er rúmlega ⅓ vegna ferða.

Samgönguráðuneytið.

Á vegum samgönguráðuneytis fóru ráðherra og ráðherrafrú, auk tveggja embættismanna. Þá fóru tveir embættismenn á vegum Ferðamálaráðs. Heildarkostnaður við ferðir og dagpeninga var 1.113.203 kr.

Utanríkisráðuneytið.

Á vegum utanríkisráðuneytis fóru þrír embættismenn. Ferðakostnaður ráðuneytisins var 417.401 kr., þar af voru dagpeningagreiðslur 197.074 kr.

3. *Var gerð kostnaðaráætlun fyrir menningarkynninguna og, ef svo er, hvernig hefur hún staðist?*

Gerð var kostnaðaráætlun fyrir menningarkynninguna. Ekkert bendir til annars en að hún hafi staðist. Lokauppgjöri er ólokið, en mun liggja fyrir innan nokkurra vikna.

4. *Var gert ráð fyrir þessum fjármunum á fjárlögum og þarf að sækja um aukafjárveitingu vegna verkefnisins?*

Kostnaðaráætlun menningarkynningarinnar byggist á staðfestum fjárframlögum. Ekki eru horfur á að sækja þurfi um aukafjárveitingu vegna verkefnisins.

5. *Voru skoðaðir aðrir kostir á sviði menningar og lista sem skilað gætu því sama til landkynningar og fjölgunar ferðamanna og var gert kostnaðarmat og samanburður í því sambandi?*

Markmið kynningarinnar voru ekki síst þau að koma á framfæri við Frakka upplýsingum um listir og menningu. Mikil athygli og umfjöllun um íslenska listamenn, vísindi og íslensk málefni bendir til þess að betri árangur hafi náðst en raunsætt var að vonast til. Ánægjulegt er að svo virðist sem þessi mikla kynning hafi aukið þannig áhuga á Íslandi að fleiri ferðamenn hyggist leggja leið sína hingað til lands en áður og er aukningin umtalsverð, samkvæmt upplýsingum Ferðamálaráðs Íslands. Fyrirkomulag kynningarinnar var ákveðið í samvinnu við frönsk stjórnvöld. Almennt var lögð á það áhersla að það væru íslenskir listamenn og franskir samstarfsaðilar þeirra sem stofnuðu til þeirra viðburða sem voru á dagskrá, fremur en að stjórnvöld, embættismenn eða aðrir tækju um það ákvarðanir.

Fyrirkomulag menningarkynningarinnar þjónaði markmiðum hennar vel.

244. Svar [104. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um þrífösun rafmagns.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvar á landinu er þrífösun rafmagns ekki lokið og hvar er hún fyrirhuguð á næstunni?

Rafdreifikerfi landsins til sveita var að stórum hluta byggt upp sem einfasa kerfi í byrjun og enn eru um 4.800 km af 11 og 19 kV línum í dreifbýli einfasa eða tæp 60% af þessum línum í dreifikerfi RARIK og Orkubús Vestfjarða. Einfasa línur eru um allt land en lengstu línurnar eru þó á fremur strjálbýlum svæðum.

Ekki er unnið sérstaklega að þrífösun á ákveðnum svæðum heldur er hún samfara endurnýjun kerfisins. Nánast öll endurnýjun á 11 og 19 kV kerfinu er nú fólgin í lagningu þriggja fasa strengja og er árleg endurnýjun þessara lína í dreifikerfinu rúmir 100 km.

Á þessu ári hefur Rarik áformað að verja 236 millj. kr. til styrkingar, endurnýjunar og nýlagna í sveitum. Hjá Orkubúi Vestfjarða hefur lítillega verið unnið við framkvæmdir við styrkingu og endurnýjun dreifikerfis á árinu. Hjá fyrirtækjunum hefur styrking og endurbætur veikustu hluta aðveitu- og dreifikerfisins haft forgang, því næst hafa haft komið þeir hlutar kerfisins þar sem mest töp eru í kerfinu. Af þessari ástæðu hefur uppbygging þriggja fasa kerfis ekki gengið hraðar fyrir sig en raun ber vitni um. Raunar felst í endurnýjun dreifikerfisins þrífösun þess og aðgangur notenda að þriggja fasa rafmagni batnað verulega en aðeins hluti þeirra hefur eigi að síður kosið að taka þriggja fasa rafmagn. Hægfara endurnýjun dreifikerfisins leysir því yfirleitt ekki vanda þeirra aðila er brýnustu þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn.

Árið 2002 var á vegum iðnaðarráðuneytis lokið við úttekt á þörf fyrir uppbyggingu þriggja fasa raforkukerfis og kostnaði við hana. Var gefin út sérstök skýrsla um niðurstöður þessarar athugunar. Við mat á þrífösunarþörf var m.a. byggt á svörum sveitastjórna við spurningum um þörf á þriggja fasa rafmagni í hverju byggðarlagi. Ekki hefur enn verið unnin sérstök framkvæmdaáætlun um þriggja fasa rafmagn, en unnið hefur verið að úrbótum síðustu tvö ár fyrir þá notendur sem mesta þörf hafa haft fyrir þriggja fasa rafmagn, m.a. með notkun tíðnibreyta og svokallaðra rafhrúta, sem breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa rafmagn.

Iðnaðarráðuneytið óskaði nýlega eftir því við Rafmagnsveitur ríkisins að gerð yrði kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um brýnustu þörf fyrir þrífösun dreifikerfisins, sem byggðist á fyrrgreindri skýrslu um það efni og reynslu af notkun rafhrúta við þrífösun hjá einstökum notendum á síðustu tveimur árum. Í framhaldi af því er fyrirhugað að iðnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti ásamt orkufyrirtækjunum geri tillögu um fjármögnun brýnustu aðgerða við þrífösun á landsbyggðinni.

245. Fyrirspurn [237. mál]

til menntamálaráðherra um byggingarmál Iðnskólans í Reykjavík.

Frá Merði Árnasyni.

Hvaða úrlausnar er að vænta í byggingarmálum Iðnskólans í Reykjavík?

246. Svar [126. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um veiði í vötnum á afréttum.

1. Hversu mörg vötn á afréttum og hálendi Íslands eru nytjuð til veiða?

Á Íslandi eru yfir 500 stöðuvötn, þar af um 110 á því svæði sem talist getur til hálendis Íslands (sjá mynd). Á hálendinu eru starfandi veiðifélög sem ná til stórs hluta þeirra vatna sem á svæðinu eru.

Eftirfarandi veiðifélög hafa lögformlegar samþykktir:

- Veiðifélag Síðumannaafréttar
- Veiðifélag Eilífsvatna
- Veiðifélag Hvítárvatns
- Veiðifélag Efri-Þjórsár
- Veiðifélag Holtamannaafréttar
- Veiðifélag Landmannaafréttar
- Veiðifélag Rangárvallaafréttar
- Veiðifélag Skaftártungumanna
- Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru
- Veiðifélag Arnarvatnsheiðar
- Veiðifélag Langavatns
- Veiðifélag Víðidalstunguheiðar
- Veiðifélag Grímstunguheiðar

Í flestum þeim vötnum sem undir þessi veiðifélög heyra er stunduð veiði ýmist útleigð stangaveiði eða netaveiði. Ekki hafa verið mynduð veiðifélög um öll vötn á hálendinu en veiðinýting tilheyrir samkvæmt lax- og silungsveiðilögum landeiganda og/eða þeim lögbýlum sem upprekstur eiga á svæðið.



2. Hverjir hafa veiðirétt í þeim og hvernig er veiðirétturinn tilkominn?

Umrædd veiðifélög fara með veiðirétt í þessum vötnum í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, sem hljóðar svo:

„Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.“

Einnig 3. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 57. gr. sömu laga, sem hljóða svo:

„Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli við gildistöku laga þessara, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.“ (48. gr.)

„Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.“ (57. gr.)

3. Er almenningi veittur aðgangur að vötnunum?

Umferð almennings við umrædd vötn er ekki takmörkuð en veiði er að sjálfsögðu óheimil nema viðkomandi aðili hafa aflað sér veiðileyfis hjá viðkomandi landeiganda, veiðifélagi eða leigutaka.

4. Hvað liggur til grundvallar gjaldtöku fyrir veiðileyfi?

Verð á veiðileyfum er að sjálfsögðu mjög breytilegt eftir vötnum og líkum veiðimanna á því að fá veiði. Meginákrifin á verð koma hins vegar í gegnum framboð og eftirspurn. Vinsæl veiðisvæði eru því dýrari en einnig eru dæmi um mjög ódýr veiðileyfi. Vatnaveiði er hins vegar almennt ódýrari heldur en veiði í straumvötnum.

247. Svar [89. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er kynjaskiptingin í stjórnum 50 stærstu hlutafélaganna á atvinnu- og fjármálamarkaði?

Til þess að afla þeirra upplýsinga sem spurt er um var litið til hlutafélagaskrár sem embætti ríkisskattstjóra heldur. Skoðuð voru 50 stærstu hluta- og einkahlutafélögin miðað við veltu þeirra á árinu 2003. Í stjórnum þessara félaga sitja 246 einstaklingar, þar af 231 karl og 15 konur. Karlar eru því samtals 93,9% af stjórnarmönnum 50 stærstu hlutafélaganna á atvinnu- og fjármálamarkaði en konur samtals 6,1%.

248. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um stofnun framhaldsskóla í sveitarfélaginu með það að markmiði að skólinn taki til starfa haustið 2006.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur fjöldi framhaldsskólanemenda á höfuðborgarsvæðinu aukist mjög líkt og víðast hvar annars staðar á landinu. Á árunum 2000–2003 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum á Íslandi úr 20.332 í 21.901 eða um rúm 7,7% samkvæmt hagtölum frá Hagstofu Íslands. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni var rétt 11,8% á sama tímabili eða úr 4.593 í 5.135 nemendur. Þessi aukna sókn í menntun er mikið fagnaðarefni en hún leggur stjórnvöldum jafnframt skyldur á herðar í uppbyggingu framhaldsskóla. Skemmst er að minnast þess hve tæpt stóð að allir nýir umsækjendur fengju inni í framhaldsskóla á nýliðnu hausti.

Mosfellsbær er tiltölulega ungt en vaxandi bæjarfélag með hátt í 6.700 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er hátt. Nú eru þar um 100 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærsta sveitarfélag landsins sem ekki hefur eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 8.000 á næstu fimm árum og verði um 10.000 árið 2012.

Án efa er það nálægðin við Reykjavík sem mestu veldur um það að Mosfellsbær hefur setið eftir í uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á undanförnum áratugum. Mosfellsbær fer með um 12% af áætluðum kostnaði við Borgarholtsskóla sem er sá framhaldsskóli í Reykjavík sem er næst sveitarfélaginu. Almenningssamgöngur milli Mosfellsbæjar og Borgarholts eru hins vegar ekki nógu góðar til að gera Borgarholtsskóla að ákjósanlegum kosti fyrir framhaldsskólanema í Mosfellsbæ, umfram aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur auga leið að sú staðreynd ýtir undir einkabílanotkun þeirra sem þaðan þurfa að sækja framhaldsskóla til nágrannasveitarfélaganna og eykur umferð um Vesturlandsveg á álagstímum.

Jafnramt er Borgarholtsskóli, sem var þegar með um 1.000 nemendur skólaárið 2002–2003, að mörgu leyti sérskóli þótt þar séu almennar bóknámsbrautir í boði. Borgarholtsskóli státar til dæmis af fjölmenntabraut, félagsþjónustubraut, námsbrautum í margmiðlunarhönnun, bílgreinum, málmiðnum og verslunarþjónustu auk þess að sjá um nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta fjölbreytta námsframboð á tvímælalaust sinn þátt í mikilli aðsókn að skólanum og hefur að öllum líkindum laðað marga til framhaldsnáms sem ella hefðu ekki fundið nám við sitt hæfi.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður við ríkisvaldið um stofnun framhaldsskóla í bænum eins og fulltrúar hennar greindu frá á fundi með fjárlaganefnd haustið 2002. Gert er ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi bæjarins og slíkur skóli mundi vafalaust styrkja innviði sveitarfélagsins verulega. Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla sem gefa hverju byggðarlagi um sig tækifæri til að styrkja sína sérstöðu með samstarfi við skólana.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti því hæglega þjónað fleirum en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem

nú þegar standa sterkum fótum í bæjarfélaginu. Enn fremur yrði hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, á Álfsnesi, í Kjós og nýju hverfi við Úlfarsfell að sækja slíkan skóla vegna nálægðarinnar.

Mikið brottfall úr framhaldsskólum á Ísland er áhyggjuefni þar sem nálega helmingur fólks á framhaldsskólaaldri lýkur ekki því skólastigi þrátt fyrir að það hefji þar nám. Eitt af því sem taka verður á til að sporna gegn brottfalli er að unglingum bjóðist sem víðast samfellt nám í heimabyggð til 18 ára aldurs. Flutningsmenn telja því einboðið að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefjast handa um uppbyggingu framhaldsskóla í svo stóru og vaxandi sveitarfélagi sem Mosfellsbæ með það að markmiði að sá skóli taki til starfa innan tveggja ára.

249. Svar [130. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

1. *Hvaða breytingar urðu milli áranna 2002 og 2003 á heildarútgjöldum vegna bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar, sundurliðað eftir hverjum þessara útgjaldaþátta og í krónum?*

Samkvæmt endurskoðuðu bókhaldi stofnana ríkisins fyrir árin 2002 og 2003 urðu þær breytingar helstar á heildarútgjöldum til bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar á milli áranna að kostnaður vegna þessara liða hefur lækkað um 202 millj. kr. á milli ára. Ferðakostnaður nam 2.346 millj. kr. árið 2003 sem er um 130 millj. kr., eða 5,3%, raunlækkun frá árinu áður. Bifreiðakostnaður nam 1.199 millj. kr. árið 2003 sem er um 37 millj. kr., eða 3,0%, raunlækkun frá árinu áður. Risnukostnaður nam um 331 millj. kr. á árinu sem er um 35 millj. kr., eða 10,4%, raunlækkun frá árinu áður.

2. *Hjá hvaða ráðuneytum og ríkisstofnunum varð raunhækkun á bifreiða-, ferða- og risnukostnaði milli áranna 2002 og 2003 og hve mikil var raunhækkunin miðað við neysluvísitölu, annars vegar í prósentum og hins vegar krónum?*

Vísað er til meðfylgjandi yfirlits frá Fjársýslu ríkisins um kostnað sem til féll árið 2003 ásamt breytingu á milli ára, bæði í krónum og prósentum. Yfirlitið er unnið upp úr upplýsingagrunnum Fjársýslunnar sem í hafa verið færðar endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar úr bókhaldi stofnana vegna gerðar ríkisreiknings fyrir árið 2003.

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risna Kostnaður 2003	Risna Breyting milli ára	Risna í %	Ferðakostnaður Kostnaður 2003	Ferðakostnaður Breyting milli ára	Ferðakostnaður í %	Bifreiðakostnaður Kostnaður 2003	Bifreiðakostnaður Breyting milli ára	Bifreiðakostnaður í %
00	101	Embætti forseta Íslands	13.685	3.936	40,4%	12.548	141	1,1%	5.768	2.217	62,4%
00	201	Alþingi	17.503	-3.762	-17,7%	105.865	-6.097	-5,4%	49.574	-1.192	-2,3%
00	205	Framkvæmdir á Alþingisreit							0	-6	-100,0%
00	301	Ríkisstjórn							0	-198	-100,0%
00	401	Hæstiréttur							992	32	3,4%
00	610	Umboðsmaður Alþingis	483	-428	-47,0%	1.827	341	22,9%	340	15	4,7%
00	620	Ríkisendurskoðun	2.206	-124	-5,3%	5.891	-1.258	-17,6%	1.346	-141	-9,5%
00		**Æðsta stjórn samtals**	**33.878**	**-378**	**-1,1%**	**126.131**	**-6.873**	**-5,2%**	**58.020**	**729**	**1,3%**
01	101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	9.925	-5.418	-35,3%	13.878	-12.789	-48,0%	2.999	-6.048	-66,9%
01	190	Ýmis verkefni	820	637	347,1%	2.127	-2.138	-50,1%	299	-125	-29,4%
01	201	Fasteignir forsætisráðuneytis				0	-31	-100,0%	933	-3	-0,3%
01	203	Fasteignir Stjórnarráðsins	0	-211	-100,0%	336	336	0,0%			
01	211	Þjóðhagsstofnun	0	-433	-100,0%	0	-2.513	-100,0%	0	-3.872	-100,0%
01	231	Norræna ráðherranefndin	746	-2.646	-78,0%	5.007	-1.021	-16,9%	254	115	82,7%
01	241	Umboðsmaður barna	109	26	31,7%	543	-88	-14,0%	153	41	36,7%
01	251	Þjóðmenningarhúsið	433	-136	-24,0%	491	330	205,3%	103	-7	-6,0%
01	253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	79	-26	-25,1%	472	-427	-47,5%	14	14	0,0%
01	255	Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini				121	121	0,0%	56	56	0,0%
01	261	Óbyggðanefnd	111	-31	-21,7%	1.884	339	22,0%	1.303	745	133,8%
01	271	Ríkislögmaður	43	-62	-58,9%	-90	-103	-781,4%	526	82	18,5%
01	303	Kristnihátíðarsjóður	167	-72	-30,1%	140	-36	-20,3%	81	28	53,0%
01	902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	405	-246	-37,8%	2.855	869	43,8%	809	-447	-35,6%
01		**Forsætisráðuneyti samtals**	**12.838**	**-8.618**	**-40,2%**	**27.764**	**-17.151**	**-38,2%**	**7.529**	**-9.420**	**-55,6%**
02	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7.416	501	7,2%	22.330	7.357	49,1%	4.404	161	3,8%
02	201	Háskóli Íslands	10.804	-108	-1,0%	163.823	9.629	6,2%	21.008	-2.167	-9,4%
02	202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	154	-39	-20,1%	4.976	-2.422	-32,7%	4.852	152	3,2%
02	203	Raunvísindastofnun Háskólans	172	145	545,2%	20.282	-8.165	-28,7%	2.983	-221	-6,9%
02	204	Stofnun Sigurðar Nordals	293	21	7,7%	1.424	52	3,8%	53	-43	-45,3%
02	205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	60	-376	-86,2%	481	-2.148	-81,7%	173	-1	-0,5%
02	206	Orðabók Háskólans				626	-103	-14,2%	0	-1	-100,0%
02	207	Íslensk málstöð	135	101	293,8%	2.382	908	61,6%	140	51	56,8%
02	208	Örnefnastofnun Íslands	0	-4	-100,0%	484	167	52,7%	0	-3	-100,0%
02	210	Háskólinn á Akureyri	2.780	958	52,6%	45.650	-3.704	-7,5%	7.064	1.587	29,0%
02	211	Tækniháskóli Íslands	646	-522	-44,7%	4.866	1.412	40,9%	908	500	122,3%
02	215	Kennaraháskóli Íslands	892	252	39,5%	24.927	-2.240	-8,2%	8.258	1.382	20,1%
02	223	Námsmatsstofnun	65	-85	-56,5%	3.331	95	2,9%	1.025	-5	-0,5%
02	231	Rannsóknarráð Íslands	1.098	-2.588	-70,2%	11.272	-2.535	-18,4%	870	-145	-14,2%
02	235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum				194	46	31,6%	134	30	28,8%
02	236	Vísindasjóður				0	-21	-100,0%	4	-10	-68,4%

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risna			Ferðakostnaður			Bifreiðakostnaður		
			Kostnaður 2003	Breyting milli ári	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ári	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ári	í %
02	237	Tæknisjóður	0	-36	-100,0%	65	-176	-73,1%	43	22	101,3%
02	239	Rannsóknamámssjóður				135	87	180,5%	0	-3	-100,0%
02	269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	96	96	0,0%	94	-111	-54,0%			
02	299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	441	418	1864,6%	722	-69	-8,7%	0	-47	-100,0%
02	301	Menntaskólinn í Reykjavík	0	-178	-100,0%	492	361	274,1%	852	-69	-7,5%
02	302	Menntaskólinn á Akureyri	307	-362	-54,1%	1.712	620	56,8%	1.033	376	57,3%
02	303	Menntaskólinn að Laugarvatni	697	436	167,4%	471	379	414,5%	2.485	443	21,7%
02	304	Menntaskólinn við Hamrahlíð				3.176	-850	-21,1%	2.987	664	28,6%
02	305	Menntaskólinn við Sund	359	89	33,1%	853	-2.546	-74,9%	454	-163	-26,4%
02	306	Menntaskólinn á Ísafirði	72	24	49,9%	1.769	106	6,4%	1.037	275	36,0%
02	307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	0	-10	-100,0%	1.235	-1.551	-55,7%	1.193	-410	-25,6%
02	308	Menntaskólinn í Kópavogi	97	-306	-75,9%	4.264	2.955	225,8%	3.151	-880	-21,8%
02	309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1.141	0	0,0%	2.503	2.261	937,0%	1.358	95	7,6%
02	316	Fasteignir framhaldsskóla				26	-274	-91,5%	360	75	26,4%
02	318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður				0	-64	-100,0%	809	369	83,7%
02	319	Framhaldsskólar, almennt	23	-826	-97,3%	3.324	207	6,6%	420	-134	-24,2%
02	350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	0	-153	-100,0%	595	-11	-1,9%	748	-63	-7,7%
02	351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	383	-540	-58,5%	2.647	603	29,5%	1.287	-17	-1,3%
02	352	Flensborgarskóli	175	-364	-67,6%	1.030	-1.140	-52,6%	711	-174	-19,7%
02	353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	29	-124	-81,0%	1.386	852	159,8%	1.578	-375	-19,2%
02	354	Fjölbrautaskóli Vesturlands				963	387	67,2%	9.019	-1.848	-17,0%
02	355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	15	-29	-65,5%	542	-235	-30,2%	358	-18	-4,9%
02	356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3	-37	-92,4%	1.437	465	47,8%	1.312	-282	-17,7%
02	357	Fjölbrautaskóli Suðurlands				2.968	-661	-18,2%	19.067	-1.522	-7,4%
02	358	Verkmenntaskóli Austurlands	452	42	10,2%	2.245	870	63,2%	835	-289	-25,7%
02	359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	211	-182	-46,3%	2.097	-543	-20,6%	1.395	-404	-22,5%
02	360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	667	215	47,5%	3.777	512	15,7%	2.023	163	8,8%
02	361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu				1.370	777	131,1%	651	104	19,1%
02	362	Framhaldsskólinn á Húsavík	32	-49	-60,3%	851	72	9,2%	955	353	58,6%
02	363	Framhaldsskólinn á Laugum	100	100	0,0%	2.421	1.511	166,1%	738	55	8,0%
02	365	Borgarholtsskóli	55	-89	-61,8%	1.825	1.418	348,9%	2.724	150	5,8%
02	430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	1.056	1.056	0,0%	556	-423	-43,2%	1.016	-157	-13,4%
02	441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	0	-74	-100,0%	0	-64	-100,0%	0	-863	-100,0%
02	451	Símenntun og fjarkennsla				216	187	651,9%	101	-77	-43,3%
02	506	Vélskóli Íslands	285	285	0,0%	49	-395	-88,9%	471	-9	-1,9%
02	507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	125	99	387,8%	494	-507	-50,6%	211	16	8,1%
02	514	Iðnskólinn í Reykjavík	722	-191	-20,9%	3.714	99	2,7%	1.002	212	26,8%
02	516	Iðnskólinn í Hafnarfirði				1.297	1.132	682,9%	720	122	20,4%
02	564	Listdansskólinn	372	-121	-24,5%	2.786	-1.887	-40,4%	379	-51	-11,9%
02	571	Sjómannaskólahúsið	224	224	0,0%	103	103	0,0%	120	28	29,7%
02	720	Grunnskólar, almennt	165	165	0,0%	178	-5	-2,5%	622	82	15,2%

			Risna			Ferðakostnaður			Bifreiðakostnaður		
Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Kostnaður 2003	Breyting milli ári	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ári	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ári	í %
02	725	Námsgagnastofnun	310	15	5,1%	1.603	-1.022	-38,9%	1.298	-162	-11,1%
02	804	Kvikmyndaskoðun	344	344	0,0%	1.074	1.006	1486,8%	461	168	57,4%
02	901	Fornleifavernd ríkisins	4	-53	-93,3%	2.788	1.763	171,8%	1.182	100	9,3%
02	902	Þjóðminjasafn Íslands	347	75	27,6%	4.838	645	15,4%	859	44	5,5%
02	903	Þjóðskjalasafn Íslands	1.482	722	95,0%	3.168	-974	-23,5%	1.031	36	3,6%
02	905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	1.344	-775	-36,6%	9.860	2.337	31,1%	736	76	11,6%
02	906	Listasafn Einars Jónssonar	27	-16	-37,5%				75	11	17,3%
02	907	Listasafn Íslands	163	-341	-67,7%	389	-3.108	-88,9%	333	-134	-28,7%
02	908	Kvikmyndasafn Íslands	11	11	0,0%	358	358	0,0%	4	4	0,0%
02	909	Blindrabókasafn Íslands	253	-399	-61,2%	456	-444	-49,4%	196	-211	-51,9%
02	919	Söfn, ýmis framlög	139	111	394,8%	627	199	46,4%	53	53	0,0%
02	969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður				399	-6	-1,4%	121	30	32,5%
02	972	Íslenski dansflokkurinn	170	-164	-49,1%	3.295	-120	-3,5%	181	125	221,7%
02	973	Þjóðleikhús	1.980	508	34,5%	2.331	-64	-2,7%	2.145	-1.078	-33,5%
02	976	Menningarsjóður	36	21	136,8%				40	12	42,2%
02	978	Listasjóðir				8	8	0,0%	5	-11	-69,5%
02	979	Húsafriðunarnefnd	138	120	681,8%	2.407	292	13,8%	1.167	53	4,8%
02	981	Kvikmyndamiðstöð Íslands	1.663	-11	-0,7%	6.403	-2.928	-31,4%	275	-858	-75,7%
02	982	Listir, framlög	653	375	134,7%	1.844	26	1,5%	186	-50	-21,3%
02	983	Ýmis fræðistörf				0	-64	-100,0%	0	-6	-100,0%
02	984	Norræn samvinna	228	216	1730,2%	1.413	-1.340	-48,7%	0	-18	-100,0%
02	985	Alþjóðleg samskipti	1.026	-133	-11,5%	29.202	-2.500	-7,9%	85	56	188,1%
02	988	Æskulýðsmál	0	-46	-100,0%	157	-384	-71,0%	0	-22	-100,0%
02	989	Ýmis íþróttamál	0	-60	-100,0%	1.656	889	116,1%	210	-214	-50,5%
02	994	Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni				199	199	0,0%	126	126	0,0%
02	995	Tungutækni	0	-25	-100,0%	11	-501	-97,9%	0	-5	-100,0%
02	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	278	227	447,5%	4.463	2.058	85,6%	556	-10	-1,7%
02	999	Ýmislegt	320	181	130,0%	2.165	651	43,0%	1.262	94	8,1%
02		***Menntamálaráðuneyti samtals***	**43.734**	**-1.284**	**-2,8%**	**444.553**	**-241**	**-0,1%**	**128.690**	**-4.778**	**-3,6%**
03	101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	17.561	-6.455	-26,9%	113.809	-21.470	-15,9%	8.800	-6.706	-43,2%
03	190	Ýmis verkefni	1.168	-20.388	-94,6%	5.034	-4.023	-44,4%	32	-16.767	-99,8%
03	201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	653	235	56,4%	6.964	-5.084	-42,2%	13.352	5.871	78,5%
03	211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	0	-3.023	-100,0%	0	-12.986	-100,0%	0	-1.744	-100,0%
03	221	Umsýslustofnun varnamála				73	73	0,0%	110	110	0,0%
03	301	Sendiráð Íslands í Berlín	1.759	-48	-2,6%	95	18	24,2%	27	-27	-49,4%
03	302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	2.361	937	65,9%				67	-27	-28,5%
03	303	Sendiráð Íslands í London	2.366	282	13,6%	474	472	19115,0%	258	71	38,3%
03	304	Sendiráð Íslands í Moskvu	1.987	-516	-20,6%				9	-156	-94,6%
03	305	Sendiráð Íslands í Osló	1.279	-103	-7,5%				21	18	484,3%

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risna Kostnaður 2003	Risna Breyting milli ári	Risna í %	Ferðakostnaður Kostnaður 2003	Ferðakostnaður Breyting milli ári	Ferðakostnaður í %	Bifreiðakostnaður Kostnaður 2003	Bifreiðakostnaður Breyting milli ári	Bifreiðakostnaður í %
03	306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	2.539	-748	-22,8%				48	32	192,0%
03	307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.131	21	1,9%	1.533	1.533	0,0%	74	-20	-20,9%
03	308	Sendiráð Íslands í Washington	2.675	-667	-20,0%	29	29	0,0%	87	-4	-4,1%
03	309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðism. Í	4.282	-662	-13,4%	333	-42	-11,2%	184	33	21,4%
03	310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	3.749	-558	-12,9%				12	-12	-49,0%
03	311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	2.880	-4	-0,1%				-24	-71	-151,0%
03	312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2.806	-164	-5,5%	487	224	85,5%	24	23	3011,6%
03	313	Sendiráð Íslands í Vinarborg og fastan. hjá Öryggis-og samvinn	2.004	-41	-2,0%	30	8	36,9%	110	-116	-51,5%
03	314	Sendiráð Íslands í Peking	2.472	-395	-13,8%	204	204	0,0%	61	44	270,7%
03	315	Sendiráð Íslands í Ottawa	3.039	-239	-7,3%	779	506	185,4%	53	-20	-27,7%
03	316	Sendiráð Íslands í Tókíó	2.058	-337	-14,1%	99	-29	-22,6%	141	-3	-2,2%
03	317	Sendiráð Íslands í Helsinki	1.296	401	44,9%	46	37	391,6%	1	-11	-94,9%
03	318	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1.192	-856	-41,8%				56	56	0,0%
03	319	Sendiráð Íslands í Mapútó	462	-221	-32,3%	19	5	37,3%			
03	320	Sendiráð, almennt	195	195	0,0%	33.008	-11.670	-26,1%	344	336	4391,1%
03	390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	2.110	722	52,1%	24.856	2.742	12,4%	900	373	70,6%
03	391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi				625	625	0,0%	34	34	0,0%
03	401	Alþjóðastofnanir	2.655	1.576	146,0%	81.977	52.494	178,1%	163	123	312,3%
03		**Utanríkisráðuneyti samtals**	**66.678**	**-31.054**	**-31,8%**	**270.474**	**3.665**	**1,4%**	**24.945**	**-18.559**	**-42,7%**
04	101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	5.061	687	15,7%	10.343	-2.881	-21,8%	3.345	-531	-13,7%
04	190	Ýmis verkefni	0	-33	-100,0%	847	-1.659	-66,2%	1.005	-1.504	-59,9%
04	211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	315	31	10,8%	11.985	-3.113	-20,6%	5.788	-407	-6,6%
04	221	Veiðimálastofnun	176	93	112,0%	4.911	-107	-2,1%	516	24	4,9%
04	222	Veiðimálastjóri	67	41	160,4%	2.256	-26	-1,1%	879	356	68,1%
04	233	Yfirdýralæknir	78	13	20,9%	5.945	-2.037	-25,5%	14.636	1.176	8,7%
04	236	Aðfangaeftirlit ríkisins	120	88	278,3%	4.048	1.464	56,6%	841	420	99,5%
04	261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði				2.294	-643	-21,9%	5.461	1.703	45,3%
04	271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	0	-62	-100,0%	12.246	3.565	41,1%	3.629	-1.653	-31,3%
04	283	Garðyrkjuskóli ríkisins	236	-452	-65,7%	2.060	352	20,6%	848	-807	-48,8%
04	293	Hagþjónusta landbúnaðarins	2	-25	-93,3%	842	-61	-6,8%	624	-789	-55,8%
04	311	Landgræðsla ríkisins	19	-324	-94,3%	3.984	56	1,4%	12.691	-278	-2,1%
04	321	Skógrækt ríkisins	1.445	994	220,0%	21.113	337	1,6%	4.095	-749	-15,5%
04	331	Héraðsskógar	196	-444	-69,4%	1.754	694	65,4%	1.579	-450	-22,2%
04	343	Landshlutabundin skógrækt	678	533	366,1%	5.556	745	15,5%	6.932	1.024	17,3%
04	831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				289	-277	-48,9%	133	-347	-72,3%
04	843	Fiskræktarsjóður				24	1	5,8%	89	-34	-27,4%
04	851	Greiðslur vegna riðuveiki							0	-27	-100,0%
04		**Landbúnaðarráðuneyti samtals**	**8.393**	**1.140**	**15,7%**	**90.498**	**-3.590**	**-3,8%**	**63.092**	**-2.872**	**-4,4%**

			Risna			Ferðakostnaður			Bifreiðakostnaður		
Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Kostnaður 2003	Breyting milli ára	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ára	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ára	í %
05	101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	3.894	163	4,4%	5.982	-4.874	-44,9%	1.316	-153	-10,4%
05	190	Ýmis verkefni	1.040	-775	-42,7%	23.697	-1.248	-5,0%	977	-167	-14,6%
05	202	Hafrannsóknastofnunin	1.533	-415	-21,3%	53.963	-4.079	-7,0%	6.165	-658	-9,6%
05	203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.154	630	120,3%	9.571	15	0,2%	2.413	-298	-11,0%
05	204	Fiskistofa	523	-185	-26,1%	51.368	822	1,6%	4.259	-1.206	-22,1%
05	213	Verðlagsstofa skiptaverðs	18	1	7,9%	332	-180	-35,2%	133	-10	-7,3%
05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins							152	13	9,2%
05	901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	146	118	425,1%	458	257	127,5%	270	43	19,2%
05		**Sjávarútvegsráðuneyti samtals**	**8.308**	**-462**	**-5,3%**	**145.370**	**-9.287**	**-6,0%**	**15.685**	**-2.436**	**-13,4%**
06	101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.474	-1.158	-15,2%	19.551	3.117	19,0%	1.138	-720	-38,8%
06	102	Stjórnartíðindi	16	16	0,0%				0	-8	-100,0%
06	105	Lögbirtingablað	5	5	0,0%				72	14	23,8%
06	111	Kosningar				1.028	1.028	0,0%	690	632	1104,0%
06	190	Ýmis verkefni	39	6	17,6%	125	1	1,0%	192	-13	-6,1%
06	201	Hæstiréttur	164	67	69,1%	462	-453	-49,5%	549	265	93,0%
06	210	Héraðsdómstólar	572	-620	-52,0%	4.158	160	4,0%	4.788	-532	-10,0%
06	231	Málskostnaður í opinberum málum				21.351	12.818	150,2%	4.640	2.893	165,5%
06	232	Opinber réttaraðstoð				639	639	0,0%	46	-60	-56,5%
06	251	Persónuvernd	113	-67	-37,4%	2.807	-353	-11,2%	25	-35	-57,9%
06	301	Ríkissaksóknari	296	7	2,5%	1.962	-650	-24,9%	811	156	23,9%
06	303	Ríkislögreglustjóri	1.474	53	3,7%	38.814	-7.806	-16,7%	3.425	-78	-2,2%
06	305	Lögregluskóli ríkisins	482	351	267,3%	3.210	-44.129	-93,2%	1.118	281	33,6%
06	311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	128	-144	-52,9%	11.308	-3.161	-21,8%	4.542	-1.835	-28,8%
06	321	Almannavarnir ríkisins	0	-107	-100,0%	212	-1.495	-87,6%	381	-805	-67,9%
06	331	Umferðarráð	0	-110	-100,0%	0	-865	-100,0%	0	-608	-100,0%
06	333	Umferðarstofa	139	45	47,8%	5.649	4.724	510,5%	132	-244	-64,8%
06	390	Ýmis löggæslu- og öryggismál				717	708	8333,2%			
06	395	Landhelgisgæsla Íslands	404	-110	-21,4%	16.680	-223	-1,3%	3.700	565	18,0%
06	397	Schengen-samstarf	1.451	-991	-40,6%	5.824	-408	-6,5%	12	-12	-50,0%
06	398	Útlendingastofnun	120	-53	-30,4%	4.029	1.365	51,2%	430	97	29,2%
06	411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	399	129	47,6%	52	-29	-35,8%	2.166	-7	-0,3%
06	412	Sýslumaðurinn á Akranesi	271	4	1,3%	457	232	103,3%	933	372	66,3%
06	413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	167	167	0,0%	456	325	248,0%	1.210	-761	-38,6%
06	414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	160	1	0,8%	1.006	21	2,2%	2.407	284	13,4%
06	415	Sýslumaðurinn í Búðardal				334	222	198,9%	459	62	15,7%
06	416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði				1.095	283	34,9%	1.355	131	10,7%
06	417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	34	-38	-52,3%	521	380	269,5%			
06	418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	50	-78	-61,0%	1.489	654	78,3%	479	-45	-8,6%
06	419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	119	105	722,2%	1.343	1.194	801,2%	1.632	1.153	240,3%
06	420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	42	42	0,0%	1.329	-333	-20,0%	1.541	538	53,6%

			Risna			Ferðakostnaður			Bifreiðakostnaður		
Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Kostnaður 2003	Breyting milli ár	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ár	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ár	í %
06	421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	331	153	86,0%	1.525	1.047	218,9%	665	-100	-13,1%
06	422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	156	73	88,7%	1.174	532	82,9%	325	10	3,0%
06	423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	209	129	161,5%	169	-518	-75,4%	324	-60	-15,7%
06	424	Sýslumaðurinn á Akureyri	277	-66	-19,2%	2.545	973	61,9%	1.455	151	11,6%
06	425	Sýslumaðurinn á Húsavík	90	-46	-33,7%	1.633	455	38,6%	875	-66	-7,1%
06	426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	37	-416	-91,8%	2.060	1.114	117,9%	1.575	351	28,7%
06	428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	0	-440	-100,0%	1.200	842	235,4%	214	-99	-31,5%
06	429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	20	-37	-65,0%	1.291	460	55,3%	571	285	99,9%
06	430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	105	4	3,5%	261	93	55,0%	615	55	9,8%
06	431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	324	140	76,5%	725	56	8,3%	418	-6	-1,3%
06	432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	181	-280	-60,7%	1.543	644	71,7%	691	88	14,5%
06	433	Sýslumaðurinn á Selfossi	684	560	451,1%	957	384	67,0%	2.516	370	17,3%
06	434	Sýslumaðurinn í Keflavík	598	-207	-25,7%	1.018	562	123,0%	2.332	110	5,0%
06	436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	721	181	33,5%	419	289	221,7%	1.534	-94	-5,7%
06	437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	94	94	0,0%	329	176	114,5%	845	78	10,2%
06	490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta				64	-208	-76,6%	0	-230	-100,0%
06	491	Húsnæði og búnaður sýslumanna				0	-174	-100,0%	0	-129	-100,0%
06	501	Fangelsismálastofnun ríkisins	250	-475	-65,6%	5.334	-1.690	-24,1%	3.501	863	32,7%
06	591	Fangelsisbyggingar				0	-149	-100,0%			
06	701	Þjóðkirkjan	1.799	874	94,5%	6.862	67	1,0%	5.284	618	13,2%
06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals**	**18.997**	**-2.238**	**-10,5%**	**175.716**	**-27.079**	**-13,4%**	**62.610**	**3.879**	**6,6%**
07	101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.529	-501	-10,0%	14.223	158	1,1%	1.500	-572	-27,6%
07	190	Ýmis verkefni	342	247	260,6%	1.175	-38	-3,2%	1.240	-165	-11,8%
07	302	Ríkissáttasemjari	30	-192	-86,4%	561	-294	-34,4%	250	6	2,4%
07	311	Jafnréttisráð				0	726	-100,0%			
07	313	Jafnréttisstofa	152	-48	-24,2%	6.633	1.908	40,4%	505	230	83,6%
07	331	*Vinnueftirlit ríkisins*	431	-396	-47,9%	18.850	1.286	7,3%	21.543	1.698	8,6%
07	400	Barnaverndarstofa	1.064	374	54,1%	6.441	-684	-9,6%	3.727	-1.319	-26,1%
07	401	Barnaverndarráð	0	-179	-100,0%	0	-29	-100,0%	0	-41	-100,0%
07	700	Málefni fatlaðra	22	22	0,0%	462	168	57,1%	127	94	287,9%
07	701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	109	37	52,2%	744	67	9,8%	7.671	569	8,0%
07	702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	38	-443	-92,0%	1.104	201	22,3%	8.122	-3.275	-28,7%
07	703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	16	-30	-65,9%	536	-141	-20,8%	6.159	1.295	26,6%
07	704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	102	1	1,4%	1.601	-294	-15,5%	628	-157	-20,0%
07	705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra				48	7	16,6%	181	26	16,8%
07	706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra				21	14	176,4%	237	-2	-0,6%
07	707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	0	-204	-100,0%	2.151	-318	-12,9%	1.670	171	11,4%
07	708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	5	-87	-94,3%	109	-560	-83,7%	2.445	682	38,6%
07	750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	629	396	169,5%	3.578	-1.231	-25,6%	1.721	196	12,9%
07	795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	108	71	192,4%	261	93	55,5%	508	352	225,7%

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risna Kostnaður 2003	Risna Breyting milli ári	Risna í %	Ferðakostnaður Kostnaður 2003	Ferðakostnaður Breyting milli ári	Ferðakostnaður í %	Bifreiðakostnaður Kostnaður 2003	Bifreiðakostnaður Breyting milli ári	Bifreiðakostnaður í %
07	980	Vinnumálastofnun	985	-970	-49,6%	9.515	235	2,5%	5.097	389	8,3%
07	981	Vinnumál	63	-147	-69,9%	2.315	-1.356	-36,9%	0	-19	-100,0%
07	984	Atvinnuleysistryggingasjóður	97	-222	-69,6%	352	-53	-13,2%	2.835	1.232	76,9%
07	987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga							195	182	1425,5%
07	999	Félagsmál, ýmis starfsemi	303	217	249,5%	1.878	986	110,4%	424	-36	-7,9%
07		**Félagsmálaráðuneyti samtals**	**9.026**	**-2.055**	**-18,5%**	**72.558**	**849**	**1,2%**	**66.784**	**1.534**	**2,4%**
08	101	Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	9.390	3.463	58,4%	22.883	-6.665	-22,6%	3.954	160	4,2%
08	201	Tryggingastofnun ríkisins	2.340	143	6,5%	10.334	1.174	12,8%	2.089	-8	-0,4%
08	209	Sjúklingatryggingar							7	7	0,0%
08	301	Landlæknir	355	94	36,1%	11.157	-268	-2,3%	741	18	2,5%
08	305	Lýðheilsustöð	259	259	0,0%	1.175	1.175	0,0%	412	412	0,0%
08	311	Héraðslæknir í Reykjavík	0	-111	-100,0%	0	-524	-100,0%	0	-74	-100,0%
08	315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	0	-5	-100,0%	0	-649	-100,0%	0	-102	-100,0%
08	324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	32	-57	-63,9%	1.654	187	12,7%	789	-22	-2,7%
08	326	Sjónstöð Íslands	55	-120	-68,6%	1.197	512	74,9%	1.541	116	8,2%
08	327	Geislavarnir ríkisins	209	-110	-34,4%	5.027	-1.093	-17,9%	1.726	91	5,6%
08	330	Manneldisráð	148	148	0,0%	106	5	5,1%	62	-62	-50,3%
08	340	Málefni fatlaðra	27	27	0,0%	84	84	0,0%			
08	358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	117	46	66,0%	32.712	784	2,5%	25.224	2.111	9,1%
08	368	Sólvangur, Hafnarfirði				0	-644	-100,0%	0	-3.499	-100,0%
08	370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi				0	-428	-100,0%	0	-10	-100,0%
08	373	Landspítali - háskólasjúkrahús	1.734	-2.257	-56,6%	170.289	-7.262	-4,1%	133.958	-2.209	-1,6%
08	379	Sjúkrahús, óskipt				417	417	0,0%	417	417	0,0%
08	385	Framkvæmdasjóður aldraðra				0	-30	-100,0%			
08	386	Vistun ósakhæfra afbrotamanna				245	245	0,0%	6.239	6.239	0,0%
08	397	Lyfjastofnun	150	-30	-16,5%	5.837	-1.535	-20,8%	405	-50	-10,9%
08	399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	122	-266	-68,5%	4.884	-1.434	-22,7%	1.034	-605	-36,9%
08	400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	0	-19	-100,0%	0	-2.324	-100,0%	0	-4.694	-100,0%
08	490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna				0	-215	-100,0%	0	-5.847	-100,0%
08	500	Heilsugæslustöðvar, almennt				32	-48	-60,2%	298	192	181,2%
08	505	Heilsugæsla í Reykjavík	1.351	262	24,0%	13.254	-1.564	-10,6%	73.036	3.100	4,4%
08	510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.907	878	85,3%	3.799	-1.022	-21,2%	6.189	-312	-4,8%
08	522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	210	133	171,7%	797	169	26,9%	1.083	268	32,9%
08	524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	329	329	0,0%	937	93	11,0%	856	256	42,6%
08	525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0	-45	-100,0%	405	-1.395	-77,5%	178	-84	-32,2%
08	526	Heilsugæslustöðin Búðardal				1.504	905	151,1%	1.819	1.050	136,4%
08	551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði				487	-292	-37,5%			
08	552	Heilsugæslustöðin Dalvík				799	589	281,1%	329	66	25,1%
08	571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri				0	-296	-100,0%	222	81	57,8%
08	572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	5	5	0,0%	4	-78	-95,2%	133	1	1,0%

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risna Kostnaður 2003	Risna Breyting milli ári	Risna í %	Ferðakostnaður Kostnaður 2003	Ferðakostnaður Breyting milli ári	Ferðakostnaður í %	Bifreiðakostnaður Kostnaður 2003	Bifreiðakostnaður Breyting milli ári	Bifreiðakostnaður í %
08	574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	89	-35	-28,5%	688	416	152,5%	2.164	248	13,0%
08	576	Heilsugæslustöðin Laugarási				376	-249	-39,8%	1.796	-213	-10,6%
08	578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	106	6	6,1%	1.913	1.393	267,7%	814	701	621,8%
08	579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	63	19	44,5%	70	30	76,1%	103	-81	-44,1%
08	582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	84	48	134,5%	3.595	-1.340	-27,2%	9.609	282	3,0%
08	583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	115	58	99,8%	1.357	129	10,5%	3.336	99	3,0%
08	584	Heilsugæsla í Kópavogi	178	-39	-18,0%	4.261	-235	-5,2%	10.586	-925	-8,0%
08	585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	142	-136	-48,9%	1.894	-1.319	-41,1%	2.356	232	10,9%
08	586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	48	-29	-37,5%	2.015	221	12,3%	1.827	241	15,2%
08	621	Forvarnasjóður	106	-7	-6,1%	1.331	-1.245	-48,3%	365	69	23,2%
08	711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	266	-139	-34,3%	4.455	-172	-3,7%	17.613	2.416	15,9%
08	721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði				2.585	-749	-22,5%	1.244	-246	-16,5%
08	725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ				4.545	-1.089	-19,3%	1.406	-443	-24,0%
08	731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	155	108	228,8%	729	275	60,7%	579	-250	-30,2%
08	735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	176	146	475,4%	503	-2.236	-81,6%	938	72	8,4%
08	741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga				1.664	-559	-25,1%	2.802	-474	-14,5%
08	745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi				3.328	902	37,2%	3.093	-1.995	-39,2%
08	751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	275	-97	-26,1%	4.160	-1.918	-31,6%	7.439	2.000	36,8%
08	755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	641	257	67,0%	2.011	119	6,3%	1.566	480	44,2%
08	761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	84	8	10,6%	6.464	765	13,4%	5.910	-910	-13,3%
08	777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	223	-152	-40,6%	24.948	-1.100	-4,2%	7.368	332	4,7%
08	781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	8	-5	-38,8%	2.748	-195	-6,6%	2.556	-223	-8,0%
08	785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi				1.535	-1.887	-55,1%	16.380	1.721	11,7%
08	791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	0	-704	-100,0%	2.405	-4.414	-64,7%	26.159	-2.344	-8,2%
08	795	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	243	243	0,0%	2.225	2.225	0,0%	5.002	5.002	0,0%
08	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	171	67	65,1%	829	-616	-42,6%	7	7	0,0%
08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals**	**21.910**	**2.386**	**12,2%**	**372.654**	**-34.275**	**-8,4%**	**396.758**	**2.803**	**0,7%**
09	101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7.246	430	6,3%	29.212	-3.518	-10,7%	1.852	80	4,5%
09	103	Fjársýsla ríkisins	1.037	311	42,8%	2.967	-2.744	-48,0%	1.869	143	8,3%
09	201	Ríkisskattstjóri	345	-984	-74,0%	6.363	684	12,0%	442	-313	-41,5%
09	202	Skattstofan í Reykjavík	139	-637	-82,1%	66	-527	-88,9%	469	37	8,5%
09	203	Skattstofa Vesturlands	110	-48	-30,4%	357	84	30,8%	815	129	18,9%
09	204	Skattstofa Vestfjarða	116	52	81,5%	506	-75	-13,0%	20	-57	-73,9%
09	205	Skattstofa Norðurlands vestra	281	186	194,9%	280	-417	-59,8%	441	-55	-11,0%
09	206	Skattstofa Norðurlands eystra				505	-135	-21,1%	210	-116	-35,6%
09	207	Skattstofa Austurlands	97	7	7,4%	720	88	13,9%	189	25	14,9%
09	208	Skattstofa Suðurlands	8	8	0,0%	202	-2	-0,9%	388	-23	-5,5%
09	209	Skattstofa Vestmannaeyja	0	-59	-100,0%	560	-82	-12,7%	136	-18	-11,8%
09	211	Skattstofa Reykjaness	36	-79	-68,7%				297	-95	-24,3%
09	214	Yfirskattanefnd	182	-321	-63,8%				12	-23	-66,0%

			Risna			Ferðakostnaður			Bifreiðakostnaður		
Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Kostnaður 2003	Breyting milli ára	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ára	í %	Kostnaður 2003	Breyting milli ára	í %
09	215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	189	189	0,0%	1.415	-233	-14,2%	150	-56	-27,1%
09	262	Tollstjórinn í Reykjavík	3.152	1.105	54,0%	8.431	1.281	17,9%	2.675	132	5,2%
09	402	Fasteignamat ríkisins	793	661	500,0%	5.875	-1.862	-24,1%	10.426	1.930	22,7%
09	901	Framkvæmdasýsla ríkisins	123	81	191,8%	2.305	249	12,1%	2.750	1.085	65,2%
09	905	Ríkiskaup	82	72	742,2%	3.936	1.176	42,6%	2.842	152	5,7%
09	972	Lánasýsla ríkisins	663	-874	-56,9%	641	-923	-59,0%	1.745	-2.433	-58,2%
09	980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	43	-1	-1,4%	633	-267	-29,7%	145	-7	-4,4%
09	981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs				116	93	394,4%	17	13	375,0%
09	984	Fasteignir ríkissjóðs	302	50	19,7%	1.517	54	3,7%	1.634	-6	-0,4%
09	999	Ýmis verkefni	128	55	74,3%	2.980	2.602	689,5%	449	172	61,9%
09		**Fjármálaráðuneyti samtals**	**15.074**	**202**	**1,4%**	**69.587**	**-4.474**	**-6,0%**	**29.970**	**697**	**2,4%**
10	101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	4.556	-426	-8,6%	16.620	-201	-1,2%	3.550	1.260	55,0%
10	190	Ýmis verkefni	110	-497	-81,8%	4.721	2.990	172,7%	114	-257	-69,3%
10	211	Vegagerðin	10.849	1.246	13,0%	170.597	-7.087	-4,0%	227.783	1.189	0,5%
10	335	Siglingastofnun Íslands	1.921	803	71,9%	26.598	1.004	3,9%	14.710	-579	-3,8%
10	381	Rannsóknanefnd sjóslysa	214	214	0,0%	1.426	47	3,4%	341	-62	-15,5%
10	471	Flugmálastjórn	5.160	1.030	25,0%	55.187	-553	-1,0%	31.316	-2.584	-7,6%
10	481	Rannsóknanefnd flugslysa	31	-76	-71,2%	1.136	-525	-31,6%	284	-104	-26,8%
10	512	Póst- og fjarskiptastofnunin	1.300	1.038	397,4%	9.550	1.063	12,5%	1.229	169	15,9%
10	651	Ferðamálaráð	2.909	1.374	89,5%	13.973	5.560	66,1%	3.001	221	7,9%
10		**Samgönguráðuneyti samtals**	**27.050**	**4.706**	**21,1%**	**299.809**	**2.299**	**0,8%**	**282.327**	**-748**	**-0,3%**
11	101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.222	943	338,2%	5.358	470	9,6%	1.047	-15	-1,5%
11	102	Einkaleyfastofan	565	-136	-19,4%	3.251	-27	-0,8%	116	89	328,6%
11	201	Iðntæknistofnun Íslands	1.287	44	3,6%	14.584	526	3,7%	9.827	212	2,2%
11	203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	376	-234	-38,4%	11.239	-7.049	-38,5%	7.258	-287	-3,8%
11	240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1.527	659	75,8%	3.269	18	0,6%	16	-102	-86,5%
11	299	Iðja og iðnaður, framlög	367	-557	-60,2%	2.977	-4.110	-58,0%	55	-138	-71,4%
11	301	Orkustofnun	2.048	666	48,2%	45.862	-11.460	-20,0%	6.936	-2.932	-29,7%
11	373	Niðurgreiðslur á húshitun				122	122	0,0%			
11	399	Ýmis orkumál	352	352	0,0%	496	353	246,3%			
11	401	Byggðaáætlun	402	160	65,9%	3.155	2.638	510,0%	162	162	0,0%
11	411	Byggðastofnun	0	-11	-100,0%	0	-999	-100,0%	0	-534	-100,0%
11		**Iðnaðarráðuneyti samtals**	**8.146**	**1.887**	**30,1%**	**90.313**	**-19.518**	**-17,8%**	**25.419**	**-3.646**	**-12,2%**
12	101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.590	-4.063	-61,1%	8.704	-2.115	-19,6%	1.350	-501	-27,1%
12	190	Ýmis verkefni	858	858	0,0%	5.487	4.891	821,6%	195	195	0,0%
12	302	Löggildingarstofa	605	-141	-18,9%	6.213	-5.430	-46,6%	1.752	-587	-25,1%
12	402	Fjármálaeftirlitið	766	84	12,4%	11.568	1.715	17,4%	1.887	-409	-17,8%
12	902	Samkeppnisstofnun	410	-30	-6,8%	4.083	707	21,0%	992	-116	-10,5%

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Rísna Kostnaður 2003	Rísna Breyting milli ára	Rísna í %	Ferðakostnaður Kostnaður 2003	Ferðakostnaður Breyting milli ára	Ferðakostnaður í %	Bifreiðakostnaður Kostnaður 2003	Bifreiðakostnaður Breyting milli ára	Bifreiðakostnaður í %
12		**Viðskiptaráðuneyti samtals**	**5.229**	**-3.291**	**-38,6%**	**36.054**	**-232**	**-0,6%**	**6.176**	**-1.417**	**-18,7%**
13	101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	3.443	1.105	47,3%	13.200	-1.699	-11,4%	1.997	331	19,8%
13		**Hagstofa Íslands samtals**	**3.443**	**1.105**	**47,3%**	**13.200**	**-1.699**	**-11,4%**	**1.997**	**331**	**19,8%**
14	101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4.700	420	9,8%	19.440	-3.431	-15,0%	2.762	904	48,7%
14	190	Ýmis verkefni	438	298	213,0%	8.863	-1.349	-13,2%	2.344	-259	-9,9%
14	202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn				415	-220	-34,6%	-22	-463	-105,0%
14	205	Náttúruvernd ríkisins	0	-308	-100,0%	-105	-9.355	-101,1%	0	-3.961	-100,0%
14	210	Veiðistjóri				0	-1.873	-100,0%	0	-181	-100,0%
14	211	Umhverfisstofnun	3.081	3.081	0,0%	34.806	34.806	0,0%	7.290	7.290	0,0%
14	213	Hreindýraráð				0	-413	-100,0%	0	-445	-100,0%
14	221	Hollustuvernd ríkisins	0	-1.547	-100,0%	-3.119	-18.152	-120,7%	0	-2.953	-100,0%
14	281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				0	-133	-100,0%	0	-118	-100,0%
14	285	Spilliefnasjóður				0	-602	-100,0%			
14	287	Úrvinnslusjóður	120	120	0,0%	1.775	1.775	0,0%	564	564	0,0%
14	301	Skipulagsstofnun	553	340	160,5%	3.185	641	25,2%	2.383	-216	-8,3%
14	310	Landmælingar Íslands	1.776	722	68,5%	6.358	-1.671	-20,8%	6.375	-1.411	-18,1%
14	321	Brunamálastofnun ríkisins	720	223	44,9%	6.333	-1.684	-21,0%	3.017	-610	-16,8%
14	381	Ofanflóðasjóður	0	-74	-100,0%	675	-204	-23,2%	347	24	7,3%
14	401	Náttúrufræðistofnun Íslands	790	257	48,2%	12.322	-6.634	-35,0%	1.593	-1.146	-41,8%
14	407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	120	-739	-86,1%	2.680	-1.261	-32,0%	161	-253	-61,1%
14	410	Veðurstofa Íslands	1.563	556	55,3%	17.840	-2.848	-13,8%	3.501	11	0,3%
14		**Umhverfisráðuneyti samtals**	**13.860**	**3.350**	**31,9%**	**111.471**	**-12.608**	**-10,2%**	**30.316**	**-3.221**	**-9,6%**
		Samtals öll ráðuneyti	**296.566**	**-34.586**	**-10,4%**	**2.346.152**	**-130.213**	**-5,3%**	**1.199.318**	**-37.025**	**-3,0%**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

250. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson,
Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Mörður Árnason.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna, áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda og á vistkerfi hafsins í heild og mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna. Jafnframt skal við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni af nýtingu einstakra veiðistofna.

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið í samræmi við markmið laganna skv. 1. gr. að afli sem veiddur er með tilteknum veiðarfærum, úr tilteknum fiskstofnum eða á tilteknum svæðum skuli reiknaður með álagi allt að 10% þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lífríki hafsins og fiskstofnarnir sem þar þrífast eru mesta auðsuppspretta Íslendinga. Nýting þessara auðlinda í sem mestri sátt við lífríkið með mesta þjóðhagslegan ávinning að leiðarljósi ætti að vera hafin yfir deilur í landinu. Er ákvæði 1. gr. laganna sniðið að þessu en þar segir m.a. að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár rekið þá stefnu að úthluta skuli veiðirétti til útgerða eingöngu á grundvelli aflahlutdeilda. Ekkert tillit er tekið til mismunandi áhrifa veiðiaðferða á viðkomandi nytjastofna og á lífríki hafsins að öðru leyti. Því síður er við úthlutun á veiðirétti tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni við nýtingu stofna.

Þessi stefna stjórnvalda stríðir í eðli sínu gegn framangreindu markmiði 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um verndun og hagkvæma nýtingu. Öllum ætti að vera ljóst að það er mögulegt að gera betur að þessu leyti. Þrátt fyrir framangreinda galla taldi sjávarútvegsráðherra sérstaka ástæðu til að árétta ríkjandi stefnu stjórnvalda á síðasta aðalfundi Landssambands smábátaeigenda en þar kom fram í máli hans að ekki stæði til að mismuna útgerðaraðilum eftir veiðiaðferðum hér við land. Má ætla að þessi yfirlýsing ráðherra hafi verið sett fram til að sefa ótta áhrifamanna í sjávarútvegi við að þeir gætu misst spón úr aski sínum við slíkar breytingar.

Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn leita atbeina Alþingis til að beina stjórnvöldum inn á skynsamlegri brautir við úthlutun fiskveiðiheimilda og stjórn veiða. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeim sé umbunað sem veiða með vistvænum veiðarfærum, ganga vel um fiskimiðin

og hafa minnst óæskileg áhrif á nytjastofnana og vistkerfi hafsins. Til að fylgja slíkri stefnu fram til fulls þurfa að fara fram margvíslegar rannsóknir á áhrifum veiðarfæra og umgengni við lífríki hafsins á nytjastofna sem og þjóðhagsleg áhrif mismunandi nýtingar og veiðiaðferða. Mikið vantar á að slíkar rannsóknir hafi verið gerðar. Fjármunir til rannsókna á áhrifum veiðarfæra og áhrifum mismunandi nýtingar einstakra stofna hafa verið skornir við nögl og möguleikar Hafrannsóknastofnunarinnar til að takast á við verkefni af þessu tagi hafa engan veginn verið nýttir eins og skyldi. Ástæður þessa háskalega sinnuleysis stjórnvalda við að afla slíkra upplýsinga verður að skoða í ljósi þeirrar stefnu sem þau hafa fylgt.

Þó að mikið vanti á að nægilegar rannsóknir hafi verið gerðar sem nýst gætu til að meta hvernig unnt sé að ná fram bestri nýtingu fiskstofna eru engu að síður til upplýsingar sem unnt er að styðjast við til bráðabirgða þegar áhrif veiðarfæra og mismunandi nýtingaraðferða eru metnar. Má ætla að unnt sé að byggja úthlutun veiðiheimilda og stjórnun veiða á þeim grundvelli að nokkru á meðan frekari rannsóknir eru gerðar. Við slíka ákvarðanatöku verður þó ávallt að leggja áherslu á að nytjastofnarnir og vistkerfi hafsins fái að njóta vafans þar sem slíkur vafi er á annað borð uppi.

Það er eðli stjórnunaraðferða af því tagi sem hér um ræðir að vera í sífelldri þróun, einkum vegna breytileika í lífkerfinu, þróunar veiðarfæra og breytinga sem orðið geta á hagkvæmni nýtingar einstakra stofna vegna verðþróunar á mörkuðum. Flutningsmenn leggja áherslu á að varlega verði farið við upptöku þessara stjórnunaraðferða þó að markvisst skuli stefnt að eðlilegri mismunun milli veiðarfæra á grundvelli bestu þekkingar á hverjum tíma.

251. Tillaga til þingsályktunar [240. mál]

um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Tillagan er nú endurflutt óbreytt, enda aðstæður í öllum aðalatriðum hinar sömu. Greinargerðin er uppfærð í nokkrum tilvikum og aukið við þáttum eins og kafla um málefni bújarða og stóraukin uppkaup efnamanna og fjárfestingafélaga á jörðum. Þá ber þess að geta að í lok síðasta þings var þingsályktunartillaga Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum samþykkt og er því orðin að opinberri stefnu Alþingis sem stjórnvöldum ber að framfylgja.

Óþarfi er að fjölyrða um þann vanda sem blasir við íslenskum landbúnaði og þá erfiðleika sem við er að glíma í byggðamálum í strjálbýlinu. Hæst hefur borið að undanförnu vanda sauðfjárræktarinnar en ljóst er að margar fleiri greinar landbúnaðar búa við mikla erfiðleika. Loðdýrarækt hefur þannig gengið í gegnum mikla erfiðleika að undanförnu þó að þar horfi nú heldur betur og samkomulag hafi loks tekist um aðgerðir til stuðnings greininni. Upplausnarástand ríkti um langt skeið á kjötmarkaði og lék það marga bændur, t.d. framleiðendur nautakjöts, mjög grátt. Fer því fjarri að bændur og afurðasölufyrirtæki séu búin að jafna sig eftir þá erfiðleika sem fylgdu stjórnlausri framleiðsluaukningu, verðstríði og undirboðum á kjötmarkaði missirum saman.

Einna best stendur mjólkurframleiðslan og málefni garðyrkjunnar hafa einnig verið að komast í heldur skárra horf að undanförnu. Sem betur fer hefur að sjálfsögðu ýmislegt jákvætt gerst í atvinnu- og byggðamálum til sveita. Má þar nefna uppbyggingu í ferðaþjónustu og ýmiss konar afþreyingu, handverk og framleiðslu sem þeirri uppbyggingu tengist. Einnig aukna kornrækt, hrossarækt, skógrækt, bleikjueldi og aukinn hlut sveitanna í margs konar umönnunarstörfum svo að eitthvað sé nefnt.

Ný störf af ýmsum toga sem skapast hafa í nokkrum mæli í sveitum landsins að undanförnu breyta ekki því að hin hefðbundna búvöruframleiðsla, ekki síst sauðfjárræktin, er undirstaða hinnar dreifðu búsetu. Fjöldi nýrra starfa dugir tæpast til að vega upp á móti samdrætti og fækkun í hinum hefðbundna landbúnaði. Félagslega mega sveitir landsins yfirleitt ekki við frekari fækkun sem að óbreyttu leiðir til byggðahruns í heilum héruðum og landshlutum innan ekki langs tíma haldi svo fram sem horfir.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur undanfarin ár haft málefni landbúnaðarins og sveitanna stanslaust til umræðu og á dagskrá. Flokkurinn hefur lagt áherslu á sjálfbæra þróun greinarinnar, stuðning við hefðbundnar fjölskyldueiningar í rekstri og hefur varað við tilhneigingum til óhóflegrar samþjöppunar og verksmiðjubúskapar. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur flutt tillögur um stuðning við lífrænan landbúnað og mörg önnur þingmál sem varða hagsmuni landbúnaðarins og hinna dreifðu byggða. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mótað stefnu um að taka beri upp svonefndan búsetutengdan grunnstuðning við landbúnaðinn og búsetu í sveitum. Fyrstu hugmyndir í þessa veru komu fram í umræðum og ályktunum á vettvangi kjördæmisráða á landsbyggðinni fyrir nokkrum árum og síðan hafa slíkar hugmyndir mótast og verið festar í sessi í ályktunum landsfunda og í síðustu kosningastefnuskrá flokksins. Um nánari útfærslu vísast í fylgiskjöl með tillögu þessari.

Sérstök ástæða er til að huga að breyttu fyrirkomulagi opinbers stuðnings við búvöruframleiðsluna og búsetu í sveitum í ljósi þeirrar holskeflu uppkaupa eignamanna og fjárfestingafélaga á bújörðum sem nú gengur yfir. Flutningsmenn telja það afar varhugaverða þróun ef jarðnæði í sveitum fer almennt úr eigu þeirra sem búreksturinn annast og nýta landið og bændur sitji unnvörpum eftir sem leiguliðar. Búsetutengdur grunnstuðningur sem fylgir jörðunum og er bundinn við heilsársbúsetu á þeim verkar hamlandi gegn því að eignarhaldið færist í burtu og jarðirnar fari úr ábúð. Stuðningurinn skilar sér þá beint til þeirra sem sitja og nýta jarðirnar en er ekki framseljanlegur og hefur því ekki verðgildi nema búið sé á viðkomandi jörð. Utanaðkomandi eigendur bújarða eða fjárfestar sem ekki nýta jarðirnar sjálfir og sitja þær geta því ekki fénýtt slíkan stuðning og þaðan af síður flutt hann til eða notað til að greiða með jarðakaupin. Búsetutengdur grunnstuðningur gæti því reynst mikilvægt tæki til að tryggja áfram aðgang bænda að jarðnæði til búskaparnota, treysta sjálfa búsetuna og bæta afkomu bænda.

Tillagan gerir ráð fyrir að kosin verði nefnd fulltrúa allra þingflokka til að vinna að málinu með stjórnvöldum og bændasamtökunum og að sjálfsögðu eftir atvikum einnig öðrum helstu hagsmuna- og málsaðilum svo sem neytendum og aðilum vinnumarkaðarins, aðilum á sviði byggðamála o.s.frv.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Fréttatilkynning / ályktun. (Þriðjudaginn 9. september 2003.)
II. Steingrímur J. Sigfússon: Nýsköpun í atvinnulífi til sveita (Bændablaðið 28. janúar 2003) og Búsetutengdur grunnstuðningur (Bændablaðið 11. febrúar 2003).
III. Steingrímur J. Sigfússon: Nýsköpun í atvinnumálum – hlutverk lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Morgunblaðið 8. desember 2002).

252. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Böðvar Jónsson, Gunnar Örlygsson.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „áfengi“ í 1. mgr. kemur: sterku áfengi, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að dreifa áfengi sem í er minna en 22% af vínanda að rúmmáli sem og sterkara áfengi í heildsölu og smásölu innan lands samkvæmt samningum við birgja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Útsöluverð áfengis er frjálst en þó skal fjármálaráðherra ákveða útsöluverð á sterku áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
b. Við bætist nýr málsliður, er verði 3. málsl., svohljóðandi: Óheimilt að selja áfengi undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt innkaupsverð að viðbættum opinberum gjöldum auk virðisaukaskatts.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar eða framleiðsla áfengis í atvinnuskyni er háð leyfi samkvæmt áfengislögum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Um sölu og dreifingu áfengis fer samkvæmt áfengislögum.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á og gera upptækar til ríkissjóðs vörur sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

6. gr.

25. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: Áfengissmásöluleyfi 30.000 kr.

III. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: smásölu.

8. gr.

Orðin „annað en leyfi til smásölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

9. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu sterks áfengis, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.

10. gr.

Í stað 2. mgr. 11. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal setja eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu smásöluleyfis:

a. Afgreiðslutími skal ekki vera lengri en til kl. 20.00.
b. Starfsmenn sem afgreiða áfengi mega ekki vera yngri en 20 ára.
c. Önnur málefnaleg atriði, svo sem um staðsetningu verslunar, aðgengi, afgreiðslutíma, sbr. þó ákvæði a-liðar, merkingar o.fl.

Sveitarstjórn er óheimilt að veita smásöluleyfi fyrirtækjum sem stunda blandaða smásöluverslun aðra en rekstur stórmarkaða eða matvöru- eða nýlenduvöruverslunar, svo sem starfsemi sem fellur undir eftirfarandi ÍSAT-flokka: 50.11.4 (söluturnar), 50.11.5 (söluturnar með ís eða samlokugerð), 50.11.6 (matsöluvagnar) og 52.12 (önnur blönduð smásala). Þá er sveitarstjórn óheimilt að veita smásöluleyfi til blaðsöluturna, sbr. ÍSAT-flokk 52.26, og myndbandaleiga, sbr. ÍSAT-flokk 71.40.1.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 130. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er lagt til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%.

Á undanförnum árum og áratugum hefur hið opinbera dregið sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti stundað viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum drykkjum til einstaklinga en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja almenningi áfengi í smásöluverslun auk heildsöludreifingar á tóbaki og tóbaksgerðar.

Lengi framan af var sala áfengis algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rök fyrir tilvist Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn henni. Í ársskýrslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2002 reifar stjórnin helstu röksemdina fyrir ríkiseinkasölu, en á bls. 9 í skýrslunni segir: „Forvarnarhlutverk ÁTVR felst nú fyrst og fremst í því að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi“. Þá segir að stefnan sé að nýta áhrifamátt fyrirtækisins til að „hlúa að vínmenningu í landinu og miðla upplýsingum um afleiðingar á misnotkun áfengis“. Þetta verða að teljast afar haldlítil rök til að viðhalda ríkiseinkasölu með vörur. Rétt er að benda á að einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak og hið sama ætti þá væntanlega að gilda um sölu áfengis. Þá verður að spyrja hvort það sé hlutverk ríkisins að hlúa að tiltekinni vínmenningu í landinu með ærnum tilkostnaði. Um rökin gegn ríkiseinkasölu skal í fyrsta lagi nefna að einkaaðilar hafa séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni; ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fastafjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru nú á bókfærðu verði í efnahagsreikningi frá 31. desember 2002 um 1 milljarður kr. en eignir alls ríflega 3,2 milljarðar kr. Eigið fé fyrirtækisins var ríflega 2,1 milljarður kr. Fjármunir sem fengjust með sölu eigna fyrirtækisins mundu nýtast ríkissjóði vel. Eftir sem áður gæti ríkisvaldið náð öllum þeim markmiðum sem það hefur sett sér í áfengismálum. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfin til að selja áfengi yrðu veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

Breytingin á verslun með áfengi og tóbak sem hér er lögð til er að aðrir en ríkið fái að sjá um smásölu léttvíns og bjórs eins og á öðrum sviðum en ekki er um að ræða breytingu á áfengisstefnu, áherslum í tóbaksvörnum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Þó er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjái eitt um sölu sterks áfengis en verði áfram heimilt að dreifa öllu áfengi í heildsölu og smásölu.

Á 123. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps tillögu til þingsályktunar um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis og urðu töluverðar umræður um málið í þinginu. Þá hefur fyrrverandi þingmaður, Vilhjálmur Egilsson, ítrekað lagt fram frumarp til laga um breytingu á einkasölu ríkisins á áfengi en það hefur ekki náð fram að ganga.

Fróðlegt er að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks og fyrir einungis um 15 árum var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Þessum höftum hefur sem betur fer öllum verið aflétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti veitt einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásöluverslunar með léttvín og bjór. Samkvæmt gildandi lögum veita sveitarstjórnir á hverjum stað smásöluleyfi fyrir áfengi og verður það fyrirkomulag í sjálfu sér óbreytt þrátt fyrir að fleiri endurseljendur komi nú til greina. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að selja áfengi og tóbak undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt kaupverð dreifingaraðila að viðbættum opinberum gjöldum, svo sem áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi, að viðbættum virðisaukaskatti. Er þetta gert til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda af þessari vöru og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð. Hins vegar ætti þetta fyrirkomulag ekki að raska eðlilegri samkeppni á markaðnum fyrir einstakar vörutegundir.

Rétt er að vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum takmörkunum á veitingu smásöluleyfis. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði afgreiðslutíma, svo sem verið hefur, þó þannig að verslanir með áfengi mega ekki vera opnar lengur en til kl. 20.00. Þá er það gert að skilyrði að starfsmenn sem afgreiða áfengi skuli vera a.m.k. 20 ára. Sveitarstjórnum verður eftir sem áður heimilt að binda smásöluleyfi frekari skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslana, aðgengi, merkingar o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði leyft að selja áfengi í tilteknum tegundum verslana. Eru hér einkum hafðir í huga söluturnar, myndbandaleigur og söluvagnar. Leitast er við að skilgreina þessa starfsemi nánar með vísan til ÍSAT-flokkunarkerfisins. Gert er ráð fyrir að áfengissmásalar greiði gjald til ríkissjóðs fyrir leyfi til að selja áfengi í smásölu, líkt og gildir um innflutnings- og heildsöluleyfi fyrir áfengi.

Lagt er til að heimild ráðherra í 12. gr. áfengislaga til að ákveða hámarksafgreiðslutíma og önnur sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð verði felld brott enda er gert ráð fyrir að ákvörðun um leyfisveitingu færist til sveitarstjórna.

Flutningsmenn telja jafnframt að taka þurfi til skoðunar áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi samkvæmt lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til dæmis með því að lækka áfengisgjald í þremur áföngum, um allt að 50%, fram til ársins 2007.

Áfengisgjald hefur farið lækkandi í nágrannalöndunum að undanförnu en hér á landi hefur gjaldið stöðugt farið hækkandi, nú síðast í desember 2002. Ljóst er að of hátt áfengisverð leiðir til þess að ákveðinn hópur fólks leitar annarra úrræða. Heimabruggun og smygl á áfengi hefur verið vandamál og ljóst er að ákveðin fylgni er milli áfengisverðs og heima-

bruggunar og smyglaðs áfengis. Samkvæmt könnun sem IBM gerði fyrir Samtök verslunarinnar hafði tæplega fjórðungur landsmanna neytt heimabruggs sl. tólf mánuði og um þriðjungur fólks á aldrinum 20–29 ára. Þá fer markaður fyrir efni til heimavíngerðar ört stækkandi. Ekki þarf að fjölyrða um hættuna sem getur stafað af heimabruggi og fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi veikst alvarlega eftir að hafa drukkið slíkt.

Svo virðist sem smygl á sterku áfengi hafi aukist að undanförnu. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslunni hefur haldlagt sterkt áfengi aukist um 30% á árunum 2002–2003. Árið 2003 er áætlað að haldlagt sterkt áfengi nemi um 1.500 lítrum, létt vín um 700 lítrum og bjór ríflega 800 lítrum. Haldlagt sterkt áfengi nam 1.147 lítrum árið 2002 og hefur magnið því aukist um a.m.k. 350 lítra.

Þá hafa samtök ferðaþjónustunnar bent á að ferðamenn kvarti undan háu áfengisverði hér á landi. Leiða má líkur að því að ferðamannastramur og ráðstefnuhald mundi aukast að einhverju marki með lækkuðu áfengisgjaldi. Ólíklegt verður að telja að heildarneysla áfengis aukist með lækkuðu áfengisgjaldi enda er talið að um 15–30% af heildarneyslunni sé heimabruggað eða smyglað áfengi. Ef áfengisgjaldið yrði lækkað eru verulegar líkur á að neysla á löglega keyptu áfengi mundi aukast á kostnað hins ólöglega. Tekjur ríkissjóðs munu því ekki lækka sem neinu nemur enda verður að gera ráð fyrir að mun meiri hluti af verslun með áfengi flytjist inn í landið, að ekki sé minnst á verulega minni sölu og neyslu á ólöglegu áfengi.

Oft hefur því verið haldið fram að mikil lækkun áfengisgjalds kalli á stóraukna neyslu. Reynslan frá nágrannalöndum okkar sýnir að fólk neytir ekki meira áfengis heldur skýrist aukin sala af því að meira er keypt innan lands en í aðliggjandi löndum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi verði rúmir sjö milljarðar króna. Framlag ríkisins til Forvarnasjóðs skv. 7. gr. laga nr. 95/1996, um gjald af áfengi og tóbaki, er 1% af innheimtu áfengisgjaldi eða um 70 millj. kr. fyrir árið 2005 og að óbreyttum forsendum mundi það lækka um helming. Ef áfengisgjald yrði lækkað væri rétt að hækka framlag til Forvarnasjóðs í samræmi við lækkun áfengisgjalds og við það miðað að hlutfallið verði 2% af innheimtu áfengisgjaldi þegar lækkun hefur að fullu komið til framkvæmda.

Þrátt fyrir að áfengisgjald hér á landi yrði lækkað um helming yrði það svipað og í Svíþjóð og áfram það langhæsta innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fylgiskjal.

Samtök verslunarinnar:

Áfengisgjöld á Íslandi í samanburði við ESB-lönd og önnur lönd sem hafa sótt um aðild.

	Sterkt (kr.) lítri 40%	Vín (kr.) lítri 11%	Bjór (kr.) lítri 5%
Austurríki	342	0	22
Belgía	568	46	18
Búlgaría	88	15	3
Bretland	1.066	239	81
Danmörk	667	92	40
Eistland	317	65	15
Finnland*	970	207	86
Frakkland	496	3	11
Þýskaland	447	0	8
Grikkland	323	0	12
Holland	609	57	21
Írland	1.348	263	85
Ísland	*2.646*	*462*	*161*
Ítalía	220	0	15
Kýpur	71	0	19
Lettland	316	49	9
Litháen	317	42	9
Lúxemborg	356	0	8
Malta	829	0	8
Pólland	369	32	18
Portúgal	302	0	13
Rúmenía	37	6	5
Slóvakía	205	0	8
Spánn	254	0	8
Svíþjóð	1.891	208	69
Tékkland	263	0	0,4
Tyrkland	1.183	123	54
Ungverjaland	235	2	16

*Tekið er tillit til lækkunar áfengisgjalds 1. mars.


Sterkt (ikr) liter 40%
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
Sterkt (ikr) liter 40%


Vín (ikr) liter 11%
500
450
400
350
300
250
200
150
100
50
0
Vín (ikr) liter 11%


Bjór liter 5%
180
160
140
120
100
80
60
40
20
0
Bjór liter 5%

253. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson,
Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Endurskoðun reikninga annarra stofnana, félaga og verkefna en getið er í 1. og 2. mgr. sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hluta skal boðin út eftir ákvæðum laga um opinber innkaup og skal Ríkisendurskoðun í umboði Alþingis hafa umsjón með og annast slík útboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og gilda um endurskoðun reikninga vegna rekstrarársins 2006 og síðar.

Greinargerð.

Í 6. gr. laga nr. 86/1997 er Ríkisendurskoðun falið að annast endurskoðun reikninga stofnana, félaga og sjóða sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þá er Ríkisendurskoðun jafnframt falin endurskoðun sérstakra rekstrarverkefna.

Flutningsmenn telja að Ríkisendurskoðun gegni mjög veigamiklu hlutverki og að stofnunin njóti almenns trausts bæði hjá hinu opinbera og meðal almennings. Á hinn bóginn má segja að Ríkisendurskoðun sinni nú ýmsum verkefnum sem aðrir geta unnið og jafnvel æskilegt að sjálfstætt starfandi endurskoðendur vinni. Eðlilegra þykir í því viðskiptaumhverfi sem ríkir á íslenskum markaði að endurskoðun reikninga félaga í eigu ríkissjóðs sem rekin eru sem sjálfstæðar einingar og mörg hver standa í samkeppni við einkaaðila og þar sem eignarhaldi félaga og stofnana er skipt milli ríkis og einkaaðila fari fram með sama hætti og almennt gerist, þ.e. að sjálfstætt starfandi endurskoðendur annist hana. Af þeim sökum telja flutningsmenn rétt að leggja til breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun.

Hluti þeirra sem 2. mgr. 6. gr. laganna nær til starfa á samkeppnismarkaði. Ekki verður séð að rök standi til þess að láta ríkisstofnun annast endurskoðun reikninga sem sjálfstætt starfandi löggiltir endurskoðendur geta sinnt. Um endurskoðendur gilda lög nr. 18/1997 og um mörg verk þeirra gilda bindandi reglur og staðlar. Því þarf vart að efast um að sjálfstætt starfandi endurskoðendur geti sinnt þeim verkum sem hér er lagt til að þeim verði falin.

Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að hluti þeirra verka sem Ríkisendurskoðun sinnir nú verði boðinn út. Flutningsmenn leggja til að útboð verkanna fari fram undir umsjá Ríkisendurskoðunar. Telja flutningsmenn útboð líklegustu leiðina til að ná fram hagræðingu samfara öðrum breytingum sem hér eru lagðar til.

Miðað er við að núgildandi ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna falli brott þar sem verkefnin sem Ríkisendurskoðanda er þar veitt heimild til að taka gjald fyrir skulu boðin út samkvæmt frumvarpinu.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 og taki til endurskoðunar reikninga frá og með rekstrarárinu 2006. Með því móti ætti Ríkisendurskoðun að vera skapað svigrúm til að bjóða út þjónustu í samræmi við efni laganna.

254. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson,
Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „150.000 kr.“ í 1. tölul., „75.000 kr.“ í 2. tölul., „50.000 kr.“ í 3. tölul., „50.000 kr.“ í 5. tölul., „75.000 kr.“ í 7. tölul. og „60.000 kr.“ í 9. tölul. 13. gr. laganna kemur: 40.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð, sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Lækkunin yrði mismikil eftir tegund þeirra félaga sem um ræðir en mest yrði hún fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga. Þar mundi gjaldið lækka úr 150.000 kr. í 40.000 kr. Lækkun gjalda fyrir skráningu annarra félaga yrði minni. Skráningargjöld félaga eftir breytinguna yrðu þó aldrei hærri en 40.000 kr. Þá mundi skráningargjald fyrir loftfar til atvinnuflugs lækka úr 60.000 kr. í 40.000 kr.

Alþjóðabankinn gefur út samanburð á því hversu mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að stofna fyrirtæki eftir löndum. Þegar bornar eru saman aðstæður til stofnunar fyrirtækja í ýmsum nágranna- og samkeppnislöndum Íslands kemur í ljós að hér á landi er framkvæmdin nokkuð skilvirk og einföld. Hins vegar liggur fyrir að kostnaðurinn er hér hár í samanburði við þessi lönd. Nemur kostnaður við stofnun einkahlutafélags hér á landi um 3,7% af vergri landsframleiðslu á mann en er enginn í Danmörku svo að dæmi sé tekið. Í Finnlandi telst kostnaðurinn vera 1,1%, í Svíþjóð 0,7% og 0,6% í Bandaríkjunum.

Fyrir skráningu hlutafélags og samvinnufélags hefur verið tekið gjald sem nemur nú 150.000 kr. Fyrir skráningu einkahlutafélags er þessi fjárhæð 75.000 kr. Gjald fyrir aðrar skráningar hefur verið allt að 75.000 kr. Þá hefur umskráning einkahlutafélags í hlutafélag kostað 75.000 kr.

Framangreind gjöld eru bein skattheimta og varða ekki sjálfa skráninguna. Kostnaði af skráningum fyrirtækja er mætt með skráningargjaldi sem kveðið er á um í reglugerð nr. 474/2003, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá, með stoð í lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Hár kostnaður við stofnun fyrirtækja er hindrun við uppbyggingu atvinnulífs og kemur mest niður á nýsköpun. Ekki er óvarlegt að ætla að svo há gjöld sem nefnd hafa verið hér hafi fælt einhverja frá stofnun t.d. einkahlutafélags. Það er bagalegt því að hlutafélagaformið er tvímælalaust æskilegra í atvinnurekstri heldur en t.d. rekstur manns í eigin nafni. Með frum-

varpinu er leitast við að ryðja úr vegi þessari hindrun og búa þannig betur í haginn fyrir væntanlegt athafnafólk og nýsköpunarstarf.

255. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmálaþátttöku, áhrifa og valda kvenna.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni viðhorf til kvenna í stjórnmálum, til áhrifa kvenna og valda og til gildis og þýðingar stjórnmálaþátttöku kvenna fyrir samfélagið. Nefndin kanni sérstaklega afstöðu almennra kjósenda, karla og kvenna, en leiti jafnframt eftir sjónarmiðum kvenna sem tekið hafa þátt í stjórnmálastarfi, svo og viðhorfum fjölmiðla, þ.e. blaðamanna og þáttastjórnenda af báðum kynjum.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar og mat á þeim fyrir 1. október 2005.

Greinargerð.

Jafnræði með körlum og konum á vettvangi stjórnmálanna snýst, eins og á öðrum sviðum, um að samfélaginu nýtist sá auður sem býr í krafti kvenna. Í orði ríkir um það almenn sátt í íslensku samfélagi að það sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að konur og karlar komi jafnt að allri stefnumótun og ákvarðanatöku, áhrifum og völdum. Raunin er hins vegar önnur og eru Íslendingar vel meðvitaðir um það ef marka má Gallup-könnun sem gerð var haustið 2003. Þar kom fram að 83,9% þeirra sem spurðir voru töldu stöðu karla vera betri en stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Á vettvangi stjórnmálanna hefur hægt miðað við að ná því markmiði að tryggja jöfn lýðréttindi kvenna og karla og mun hægar á Íslandi en hjá nánustu frændþjóðum okkar, sem hafa í mun meira mæli beitt sérstökum úrræðum, eins og kynjakvótum og fléttulistum, til að tryggja aukinn hlut kvenna. Tölulegar kyngreindar upplýsingar og staðreyndir sýna svart á hvítu hver staða kvenna er, þær sýna afturför á ákveðnum sviðum og vekja jafnframt ugg um hvert stefnir.

Annars vegar eru upplýsingar sem einar og sér sýna mjög sterka og þýðingarmikla stöðu kvenna í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Marktækt fleiri konur en karlar ljúka námi í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum, þar sem hlutur kvenna er 63%. Menntun kvenna vegur því þyngra en karla fyrir mannauðinn sem talinn er grunnurinn að samkeppnishæfni þjóðarinnar. Íslenskar konur eiga hlutfallslega næstflest börn allra kvenna í Evrópu en barneignir eru ráðandi þáttur fyrir efnahagslega afkomu vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þá er atvinnuþátttaka kvenna meiri hér en í nokkru öðru OECD-ríki, eða 83%. Enn eru ekki merki um það hér að konur velji að eiga ekki börn til að geta óhindrað einbeitt sér að því að nýta menntun sína og ná frama í starfi, sem er orðið áhyggjuefni í sumum nágrannalöndum okkar.

Hins vegar sýna staðreyndir og tölulegar upplýsingar hve illa konur standa gagnvart öllum áhrifum og völdum í samfélaginu. Innan stjórnsýslunnar eru aðeins tvær konur ráðuneytisstjórar, aðeins 15 deildarstjórar af 60 eru konur og meðaltalshlutur kvenna í nefndum og

ráðum á vegum ráðuneyta er aðeins 30%. Engin kona er forstjóri eða stjórnarformaður í 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum né 10 stærstu fjármálafyrirtækjunum, en í fyrra tilvikinu eru tvær konur í stjórn af 55 og í því síðara 6 konur af 52. Í 50 stærstu íslensku fyrirtækjunum er aðeins einn kvenforstjóri og einn kvenstjórnarformaður. Af samanlagt 274 stjórnarmönnum í þessum 50 fyrirtækjum eru 25 konur. Ef litið er fram hjá lengd vinnutíma þá námu laun kvenna 2002 aðeins 59% af launum karla og hefur hlutfallið lækkað úr 61% árið 2000. Síðast en ekki síst var hlutur kvenna í sveitarstjórnum 2002 31,1% sem var 3% fjölgun frá kosningunum 1998 en konum fækkaði hins vegar á Alþingi í kosningunum 2003 úr 36,5% við lok kjörtímabilsins á undan í 30,2%.

Í sjálfu sér er enginn ágreiningur um formleg markmið og leiðir í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna. Jafnréttisáætlanir hafa verið samþykktar einróma af þingheimi og almenn samstaða er um samþættingarleiðina. Lagaleg staða karla og kvenna er orðin jöfn, þ.e. eftir orðanna hljóðan, eftir að karlar fengu sama rétt og konur til fæðingarorlofs. Á hinn bóginn standa eftir fjölmörg ákvæði í lögum sem eru ókynbundin í orði en koma misjafnlega við konur og karla, svo sem ýmis ákvæði kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

Lítið hefur miðað í rétta átt undanfarin ár í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna. Auk þess þykjast margir sjá merki um bakslag á ýmsum sviðum, sem leita þurfi skýringa á, ekki síst því að þingkonum fækkaði í síðustu alþingiskosningum. Markmið þessarar tillögu er að leita að rót vandans, en tillagan er takmörkuð við könnun á stöðu kvenna í stjórnmálum og leit að ástæðum hennar í afstöðu og viðhorfum meðal almennings, kvennanna sjálfra og innan fjölmiðlanna.

Konur hafa sýnt að þær standa körlum hvergi að baki, hvorki á vettvangi stjórnmálanna né annars staðar. Ein eða fleiri kvenfyrirmyndir eru til á nær öllum sviðum íslensks samfélags í hefðbundnum karlastörfum og stöðum. Konur hafa hin síðari ár öðru fremur gert þá kröfu að vera aðeins metnar að verðleikum og almennt ekki reynt að höfða til kjósenda sem konur, vegna kynbundinna verðleika eða sérstakra áherslna á hin svokölluðu mjúku mál. Hvorki konur né karlar hafa sérstaklega haldið á lofti árangri eða ávinningi samfélagsins af stjórnmálaþátttöku kvenna eða þeim breytingum sem orðið hafa á viðfangsefnum í stjórnmálum með auknum hlut kvenna. Altalað er að konur standi síður saman eða með öðrum konum en karlar með öðrum körlum í stjórnmálabaráttu, í prófkjörum og starfi innan stjórnmálaflokka almennt. Margir halda því fram að rýrari hlutur kvenna í stjórnmálum stafi fyrst og fremst af rýrari hlut þeirra sem félagsmanna í stjórnmálaflokkum og einnig er því oft haldið fram að starf í stjórnmálaflokkum sé allt á forsendum karla og veki mun síður áhuga kvenna og laði þær síður að. Þá er því haldið fram að litlu skipti þó að konum fjölgi á Alþingi, jafnvel þó að þær næðu 40% hlut meðan þær vinni ekki saman þverpólitískt og verði raunverulegt pólitískt afl. Fleiri og fleiri halda því fram að kyrrstaðan undanfarin ár og bakslagið stafi öðru fremur af því að konur, með 30% hlut bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi, séu farnar að ógna stöðu og stólum karla. Aðrir halda því fram að karlar í stjórnmálum noti konur til að sýna kjósendum jákvæða hlið sína og flokksins, þeim sé bara hossað og hampað fyrir kosningar en ýtt til hliðar og frá völdum og áhrifum að kosningum loknum. Þær vanti baklandið, sterkt bakland kvenna sem styðji þær og hvetji þær til að standa fyrir sínu. Þetta síðasta vekur spurninguna um það hvað konur standa fyrir í íslenskri pólitík í augum kjósenda. Sjá kjósendur skýrar ástæður til að styðja aukinn hlut kvenna í stjórnmálum? En óhjákvæmilega yrði það á kostnað karla því að valda- og áhrifastöður eru fyrir fram ákveðin stærð. Viðhorf kjósenda ráða í raun öllu um hvort konur ná jafnræði á við karla.

Fjölmiðlar ráða miklu um viðhorf almennings. Bæði með því hvað þeir fjalla um og hvernig og með því sem þeir fjalla ekki um. Því vaknar áleitin spurning um kynbundin viðhorf blaðamanna og þáttastjórnenda. Hvað réð því í raun að hlutur kvenna sem þátttakenda í umræðuþáttum í undanfara síðustu alþingiskosninga var aðeins 24%, eins og rannsókn Þorgerðar Þorvaldsdóttur sagnfræðings leiddi í ljós? Gaf þessi fjórðungsþátttaka fyrir fram óyggjandi vísbendingu um hver uppskera kvenna yrði? Vegna skoðanamyndandi áhrifa fjölmiðla þykir eðlilegt að tillaga þessi taki til þess að kanna viðhorf á þeim bænum.

Hugmyndin að viðfangsefni þessarar tillögu til þingsályktunar varð til í kjölfar málþings íslenskra, grænlenskra og færeyskra þingkvenna um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum sem haldið var á vegum færeyska þingsins í Þórshöfn á síðastliðnu sumri. Umræðurnar snerust öðru fremur um ástæður þess að ekki eru fleiri konur á þingi svo og um muninn sem er á hlut kvenna á þingum þessara þriggja landa. Gengi þingkvenna er mjög mismunandi í þeim. Konum fækkaði á Alþingi í síðustu alþingiskosningum. Þeim fjölgaði á hinn bóginn mikið á grænlenska þinginu og eru þær nú yfir 30% þingmanna, meðal annars vegna þeirrar breytingar að landið var gert að einu kjördæmi. Hins vegar eru ekki nema þrjár konur á færeyska þinginu, 9% þingmanna. Það stafar einkum af kosningafyrirkomulaginu en þær fengu samtals 20% atkvæða. Við lok málþingsins voru dregnar saman helstu áherslur í inngangserindum og umræðum. Ein þeirra laut að þörf þess að kanna viðhorf meðal kjósenda og hverjar væntingar þeirra væru til stjórnmálaþátttöku kvenna.

Flutningsmönnum þykir vel við hæfi að Alþingi Íslendinga eigi frumkvæði að slíkri könnun sem þessar nánu frændþjóðir okkar geta síðar notið góðs af og haft til hliðsjónar við sambærilega vinnu.

256. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt nokkrum sinnum á síðasta kjörtímabili en varð aldrei útrædd. Rétt þykir að gefa nýju þingi kost á að fjalla um málið og er tillagan því endurflutt óbreytt en upplýsingar sem fram koma í greinargerð hafa verið uppfærðar.

Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum árin 1994–2003 samkvæmt tölum frá Umferðarstofu:

Ár	Slys	Banaslys	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án meiðsla
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	123
1999	4	0	1	4	122
2000	2	0	0	2	206
2001	5	0	7	3	145
2002	8	0	1	12	254
2003	5	0	1	6	261

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár meira en fjórfaldast á þessu tíu ára tímabili sem upplýsingar liggja fyrir um. Alls hafa 66 manns slasast í þessum óhöppum, þar af 30 á árunum 2001–2003.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem lítið hefur verið til, er að setja upp girðingar meðfram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfénaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar meðfram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fé er rekið um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Þá kemur sama staða víða upp á sauðfjárbúum að vori og hausti þegar fé er á beit heima við en vegir skilja að beitarhólf og vatnsból eða fjárhús. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja framantöldum vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsahólkum undir alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfénað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfénað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjárrásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að hafin verði vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung, reka þarf kýr yfir vegi til mjalta eða bithagar nytjaðir beggja vegna vega. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá hættu sem af þessu getur stafað fyrir alla hlutaðeigandi, bæði menn og skepnur. Sú þróun sem nú stendur yfir í mjólkurframleiðslunni, og mun að öllum líkindum halda áfram næstu árin, einkennist af stækkandi búum og vaxandi tæknivæðingu. Þessi þróun kallar á stærri beitarhólf í næsta nágrenni kúabúa og því vart við öðru að búast en að rekstur nautgripa yfir þjóðvegi aukist frá því sem nú er. Með aukinni notkun sjálfvirkra mjaltaþjóna verður þörfin fyrir vegrásir af þessu tagi enn meiri en áður þar sem kýr verða að hafa greiðan aðgang að fjósi allan sólarhringinn.

Flutningsmaður gerir ekki tillögu að sérstakri viðmiðun umferðarþunga í þessu sambandi

enda getur reynst erfitt að draga mörkin aðeins við ákveðinn bílafjölda. Hins vegar er rétt að benda á að umferðaröryggisnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraness hefur ályktað um girðingar með fram vegum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að girt verði meðfram vegum þar sem 300 bílar eða fleiri fara að meðaltali um á dag að sumarlagi.

Víða um land er góð reynsla af umræddum búfjárrásum, sérstaklega hjá þeim kúabændum sem ella þyrftu daglega að reka kýrnar yfir þjóðvegi til mjalta eða beitar. Móta þarf samræmda stefnu í uppsetningu búfjárrása við alla vegagerð. Sömuleiðis þarf að setja upp framkvæmdaáætlun um uppsetningu rása þar sem umferð er þung og rásirnar því nauðsynlegar til að auka öryggi í umferðinni. Bændur hafa tekið þátt í kostnaði við gerð búfjárrása, en ósamræmi hefur verið í kostnaðarskiptingunni. Líta má á rásirnar sem öryggisbúnað á vegum landsins og eiga þær því að falla undir kostnað Vegagerðar ríkisins.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.



257. Frumvarp til laga [246. mál]

um græðara.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir eða nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og að tryggja gæði þjónustunnar eftir því sem kostur er. Markmiði þessu skal m.a. náð með því að koma á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara.

Lögin taka til skráðra græðara og eftir því sem við á annarra græðara, þótt óskráðir séu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með orðinu *græðari* í lögum þessum er átt við þá sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis.

Með *heilsutengdri þjónustu græðara* er átt við þjónustu sem einkum tíðkast utan hins almenna heilbrigðiskerfis og byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Slík þjónusta felur meðal annars í sér meðferð á líkama einstaklings með það að markmiði að efla heilsu hans, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun.

3. gr.

Skráningarkerfi.

Komið skal á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara. Skráningarkerfið skal vera í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Bandalaginu er heimilt að innheimta skráningargjald sem standa skal undir kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Bandalagið ákveður fjárhæð skráningargjalds og skal hún staðfest af ráðherra. Bandalagið skal tryggja að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um það hvaða græðarar eru skráðir á hverjum tíma og hver sé starfsgrein þeirra.

Skráðum græðara er skylt að hafa skráningarskírteini sitt á áberandi stað á starfsstöð sinni þannig að það sé örugglega sýnilegt þeim sem sækja sér þjónustu viðkomandi græðara.

Heimilt er að skrá græðara sem eru félagar í fagfélagi sem á aðild að skráningarkerfinu. Óski græðari sem ekki á aðild að fagfélagi eftir skráningu er skráning hans heimil að því tilskildu að hann uppfylli menntunarkröfur þess fagfélags sem hann ella ætti að tilheyra og önnur skilyrði skráningar og sæti eftirliti Bandalags íslenskra græðara og landlæknis.

Ráðherra ákveður að fenginni umsögn landlæknis og Bandalags íslenskra græðara hvort fagfélag fær aðild að frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara.

Ráðherra skal með reglugerð kveða á um þær kröfur sem fagfélög þurfa að uppfylla til að eiga aðild að skráningarkerfinu. Þar skal einnig kveðið á um fyrirkomulag skráningar, þær upplýsingar sem fram þurfa að koma um starfsgrein græðara, vistun skráningarkerfisins, eftirlit með viðhaldi þess og þær kröfur sem græðarar þurfa að uppfylla til að fá skráningu.

Nú uppfyllir fagfélag ekki lengur þær kröfur sem reglugerð kveður á um og getur ráðherra þá ógilt aðild þess að skráningarkerfinu.

4. gr.

Ábyrgðartrygging.

Græðari ber bótaábyrgð á störfum sínum eftir almennum reglum.

Skráðum græðurum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna tjóns sem leitt getur af mistökum eða gáleysi í störfum þeirra. Í stað vátryggingar skal græðara þó heimilt að leggja fram ábyrgð sem veitt er af viðskiptabanka eða sparisjóði, enda veiti hún sambærilega vernd. Ráðherra setur reglugerð um lágmark vátryggingarfjárhæðar og framkvæmd vátryggingarskyldunnar. Hann skal hafa samráð við Bandalag íslenskra græðara og landlækni um ákvörðun vátryggingarfjárhæðarinnar.

5. gr.

Trúnaðar- og þagnarskylda.

Græðurum er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu nema lög bjóði annað. Þagnarskylda helst þótt græðari láti af störfum og einnig

þótt sá sem notið hefur þjónustu viðkomandi græðara sé fallinn frá. Um vitnaskyldu græðara gilda ákvæði læknalaga.

6. gr.

Skráning upplýsinga um heilsutengda þjónustu græðara.

Að höfðu samráði við landlækni og Bandalag íslenskra græðara setur ráðherra með reglugerð skilyrði um skráningu og meðferð upplýsinga vegna heilsutengdrar þjónustu græðara sem veitt er utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Að öðru leyti fer um meðferð upplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.

Takmarkanir á heilsutengdri þjónustu græðara.

Meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma skal einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum. Þetta gildir þó ekki ef sjúklingur óskar eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni. Græðari skal í slíkum tilvikum fullvissa sig um að samráð hafi átt sér stað.

Græðurum er óheimilt að gera aðgerðir eða veita meðferð sem fylgir alvarleg áhætta fyrir heilsu sjúklings. Sama máli gegnir um meðferð sjúkdóma sem falla undir ákvæði sóttvarnalaga um smitsjúkdóma og hafa í för með sér hættu fyrir almenning.

Græðurum er óheimilt að ráðleggja fólki að hætta lyfjameðferð eða annarri meðferð sem það hefur hafið hjá löggiltu heilbrigðisstarfsfólki.

Verði græðari þess var að skjólstæðingur sé með vandamál sem fellur utan starfssviðs græðara eða að meðferðin hafi ekki borið tilætlaðan árangur ber honum að vísa skjólstæðingi til læknis.

Heilbrigðisstofnunum er heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara þar sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar.

Ráðherra getur með reglugerð, að höfðu samráði við Bandalag íslenskra græðara og landlækni, kveðið nánar á um þá sjúkdóma, aðgerðir og meðferð sem getið er í 1. og 2. mgr.

8. gr.

Starfsheiti og kynning.

Einungis sá sem er skráður græðari skv. 3. gr. hefur rétt til þess að nota heitið skráður í tengslum við starfsgrein sína.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem takmarkar kynningar og auglýsingar á starfsemi þeirra sem stunda heilsutengda þjónustu með hliðsjón af þeim ákvæðum laga sem gilda um heilbrigðisstéttir.

9. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, framin af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um hlutdeild fer eftir ákvæðum 22. gr. almennra hegningarlaga.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Endurskoðun.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í kjölfar þingsályktunar um stöðu óhefðbundinna lækninga sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002 (33. mál 127. löggjafarþings) skipaði Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, með bréfi dags. 12. 12. 2002, nefnd sem falið var að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga á Íslandi og bera hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum.

Í nefndina voru skipuð: Guðmundur Sigurðsson læknir, formaður nefndarinnar, Ástríður Svava Magnúsdóttir nuddari, Dagný E. Einarsdóttir hómópati, Einar Magnússon, yfirlyfjafræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Haraldur Ólafsson prófessor, Nanna Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur, Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem starfsmaður nefndarinnar.

Samkvæmt þingsályktuninni fólst verkefni nefndarinnar m.a. í því að skoða stöðu óhefðbundinna lækninga, gera tillögur um hvernig koma skuli til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga og að taka afstöðu til þess hvort viðurkenna skuli nám í óhefðbundnum lækningum með veitingu starfsréttinda. Í áfangaskýrslu nefndarinnar sem lögð var fram á Alþingi, 130. löggjafarþingi (þskj. nr. 97 í 97. máli), er gerð grein fyrir upphafsvinnu nefndarinnar sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að æskilegt væri að gefa þeim sem sinna óhefðbundum lækningum (hér eftir kallaðir græðarar) kost á tiltekinni viðurkenningu hins opinbera að uppfylltum ákveðnum menntunarlegum og faglegum kröfum. Með þessu móti taldi nefndin unnt að setja starfsemi græðara ákveðinn ramma og koma á fót virku eftirliti sem væri til hagsbóta jafnt græðurum og þeim sem nýta sér þjónustu þeirra. Nefndin taldi að þetta yrði best gert með lagasetningu og er frumvarpið sem hér er kynnt meginniðurstaðan af starfi nefndarinnar.

Óhefðbundnar lækningar hafa lengi verið stundaðar í einhverri mynd í öllum samfélögum. Viðhorf til þessara mála eru mismunandi milli landa, munur er á því hvaða aðferðir óhefðbundinna lækninga hafa náð fótfestu í menningu ólíkra þjóða og í hve miklum mæli almenningur nýtir sér þær. Í sumum löndum, t.d. í ýmsum Asíu- og Afríkuríkjum, er forgangsmál að viðhalda og efla aðferðir óhefðbundinna lækninga innan heilbrigðisþjónustunnar en í öðrum löndum er hins vegar litið á þessa þjónustu sem viðbótar- eða jaðarþjónustu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) ákvað fyrir nokkrum árum að ráðast í stefnumörkun á þessu sviði í því skyni að ná samstöðu um ákveðnar meginlínur í málaflokknum. Samin voru drög að stefnu sem WHO gaf út undir nafninu „WHO Traditional Medicine Strategy 2002–2005". Drögin fela ekki í sér neinar skuldbindingar fyrir aðildarríkin. Engu að síður verður að telja að þau séu aðildarríkjunum hvatning til þess að móta sína eigin stefnu á þessu sviði og virðist þeirra áhrifa þegar farið að gæta.

Þegar nefnd um óhefðbundnar lækningar tók til starfa stóð yfir umfangsmikil vinna norskra og danskra heilbrigðisyfirvalda við undirbúning að lagasetningu um starfsemi þeirra sem veita óhefðbundna meðferð (alternativ behandling), bæði í Noregi og Danmörku. Í Noregi tóku slík lög gildi 1. janúar 2004 (Lov om alternativ behandling av sykdom mv.) og í Danmörku 1. júní 2004 (Lov om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere). Í báðum löndum hefur verið farin sú leið að koma á fót frjálsu skrán-

ingarkerfi fyrir þá sem veita óhefðbundna meðferð, þótt einhver munur sé á útfærslu. Þetta er einnig sú leið sem lagt er til að farin verði hér á landi og hafa norsku og dönsku lögin verið höfð til hliðsjónar við gerð þessa frumvarps.

Leggja ber áherslu á að græðurum er ekki skylt að skrá sig í skráningarkerfið sem lagafrumvarp þetta fjallar um. Það er hins vegar von nefndarinnar að sú viðurkenning sem skráning felur í sér verði græðurum og einstökum fagfélögum þeirra hvatning til að sækjast eftir aðild að skráningarkerfinu. Aðeins þeir græðarar sem fá skráningu hafa heimild til að kynna sig sem „skráða" græðara á því sviði sem þeir starfa. Skráning er til marks um að þeir uppfylli tilteknar menntunarlegar og faglegar kröfur og felur því í sér ákveðinn gæðastimpil sem nýtist græðurum við að kynna starfsemi sína og veitir jafnframt notendum þjónustunnar ákveðnar upplýsingar um gæði hennar. Nefndin telur að verði frumvarp þetta að lögum hafi það í för með sér ávinning fyrir þá sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara samhliða því að starfsumhverfi græðara verður bætt.

Frumvarp til laga um græðara var sent til umsagnar um miðjan júlí 2004. Umsagnaraðilar voru eftirtaldir:

Fagfélög heilbrigðisstétta:
Ljósmæðrafélag Íslands.
Læknafélag Íslands.
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Iðjuþjálfarafélag Íslands.
Lyfjafræðingafélag Íslands.
Meinatæknafélag Íslands.
Sjúkraliðafélag Íslands.
Félag íslenskra sjúkraþjálfara.
Lyfjatæknafélag Íslands.
Matvæla- og næringafræðingafélag Íslands.
Sjúkranuddarafélag Íslands.
Félag matartækna.
Félag íslenskra kírópraktora.
Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga.
Félag íslenskra náttúrufræðinga.
Félag matarfræðinga.
Samtök heilbrigðisstétta.

Deildir HÍ:
Læknadeild.
Hjúkrunarfræðideild.
Lyfjafræðideild.
Raunvísindadeild (matvælafræðiskor).
Endurmenntunarstofnun.

Aðrar kennslustofnanir:
Tækniháskóli Íslands, heilbrigðisdeild.
Háskólinn á Akureyri, heilbrigðisdeild.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, heilbrigðisskólinn.

Heilbrigðisstofnanir o.fl.:
Heilbrigðisstofnunin Akranesi.
Heilbrigðisstofnun Austurlands.
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík.
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði.
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
Landspítali – háskólasjúkrahús.
Heilsugæslan í Reykjavík.
Landssamtök sjúkrahúsa.
Landssamtök heilsugæslustöðva.

Hagsmunasamtök:
Bandalag háskólamanna (BHM).
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB).

Aðrir:
Landlæknir.
Tryggingastofnun ríkisins, skrifstofa forstjóra.
Menntamálaráðuneytið.
Dómsmálaráðuneytið.
Lyfjastofnun.
Lýðheilsustöð.
Persónuvernd.
Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu.
Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Ríkisskattstjóri.
Starfsgreinaráð um heilbrigðis- og félagsgreinar.
Heilsustofnun NLFÍ.
Samband íslenskra tryggingafélaga.
Osteópatar (Haraldur Magnússon).
Bandalag íslenskra græðara og aðildarfélög:
- Acupunkturfélag Íslands.
- Cranio sacral félag Íslands.
- Cranio, félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara.
- Félag íslenskra nuddara.
- Félag lithimnufræðinga.

- Organon, félag hómópata.
- Samband svæða- og viðbragðsfræðinga.
- Svæðameðferðarfélag Íslands.

II. Almennar athugasemdir.

Samkvæmt frumvarpi þessu skal komið á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Með almennu heilbrigðiskerfi er átt við alla heilbrigðisþjónustu sem veitt er af löggiltu heilbrigðisstarfsfólki, hvort sem ríkið tekur þátt í kostnaði vegna hennar eða ekki. Meginhersla er lögð á neytendavernd og að efla faglega ábyrgð þeirra sem veita heilsutengda þjónustu eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins er nánar skýrt hvað átt er við með heilsutengdri þjónustu. Þeim sem veita slíka þjónustu hefur verið valið samheitið *græðarar*.

Orðið græðari er gamalkunnugt orð í íslensku máli, hefur jákvæða skírskotun, er ekki gildishlaðið og hentar vel til þess að afmarka þann fjölbreytta og sundurleita hóp sem veitir heilsutengda þjónustu eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Einnig hefur orðið græðari verið notað um skeið af bandalagi nokkurra fagfélaga sem veita heilsutengda þjónustu, þ.e. Bandalagi íslenskra græðara sem stofnað var árið 2000. Aðildarfélög bandalagsins eru: Acupunkturfélag Íslands, Cranio sacral félag Íslands, Cranio, félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara, Félag íslenskra heilsunuddara, Félag lithimnufræðinga, Organon, félag hómopata, Samband svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi og Svæðameðferðarfélag Íslands. Markmið Bandalags íslenskra græðara er að sameina græðara, vinna að viðurkenningu og framfaramálum fyrir félagsmenn aðildarfélaganna, miðla upplýsingum og vera tengiliður við stjórnvöld og fjölmiðla.

Fram að þessu hefur engin lögformleg skilgreining verið til á heilsutengdri þjónustu græðara. Græðarar hafa ekki notið opinberrar viðurkenningar og því hafa ekki verið lagðar á þá faglegar skyldur eða kvaðir af hálfu hins opinbera, líkt og á við um löggiltar heilbrigðisstéttir. Samkvæmt frumvarpi þessu er græðurum veitt ákveðin viðurkenning af hálfu hins opinbera ef þeir skrá sig í skráningarkerfi það sem frumvarpið fjallar um. Slík skráning er háð skilyrðum og leggur skyldur og faglegar kröfur á herðar einstökum fagfélögum sem fá aðild að skráningarkerfinu og þeim einstaklingum sem skrá sig í skráningarkerfið.

Aðgangur að skráningarkerfinu er heimill græðurum sem eru fullgildir félagar í fagfélagi sem á aðild að skráningarkerfinu. Heilbrigðisráðherra ákveður að fengnum umsögnum landlæknis og Bandalags íslenskra græðara hvort fagfélagi skuli veitt aðild að skráningarkerfinu. Heimilt er að skrá græðara sem ekki á aðild að fagfélagi að því tilskildu að hann uppfylli öll skilyrði fyrir skráningu og sæti eftirliti landlæknis og Bandalags íslenskra græðara.

Í drögum að reglugerð sem lögð eru fram sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er kveðið á um þær kröfur sem fagfélög þurfa að uppfylla til að hljóta aðild að skráningarkerfinu. Kröfurnar lúta m.a. að menntunarlegum og faglegum kröfum sem einstaklingar þurfa að uppfylla til að teljast fullgildir félagar í viðkomandi fagfélagi. Einnig er fagfélögunum skylt að setja félagsmönnum sínum siðareglur og kveða í samþykktum sínum á um það að félagar skuldbindi sig til þess að reka ábyrga starfsemi, gefa skjólstæðingum sínum allar nauðsynlegar upplýsingar er varða starfsemi þeirra og fleira er varðar öryggi og réttindi þeirra sem nýta sér þjónustu græðara. Með ákvæðum 3. gr. laganna eru þannig lagðar skyldur á einstök fagfélög um að stuðla að gæðum og öryggi þeirrar þjónustu sem félagsmenn þeirra veita.

Starfandi græðurum er ekki skylt að skrá sig í skráningarkerfið. Með því að skrá sig sýnir viðkomandi hins vegar fram á að hann uppfylli tiltekin skilyrði og faglegar kröfur í þeirri grein sem hann fæst við og er skráður fyrir og þeir sem nýta sér þjónustu græðara með skráð

starfsheiti geta gengið að þessu vísu. Skráningarkerfið felur þannig í sér ákveðinn gæðastimpil og er jafnt ætlað að þjóna hagsmunum neytenda og græðara. Einungis sá sem er skráður græðari í samræmi við 3. gr. frumvarpsins hefur rétt til þess að nota heitið skráður í tengslum við starfsgrein sína.

Í meðfylgjandi drögum að reglugerð er kveðið á um að almenningur skuli eiga greiðan aðgang að upplýsingum um hvort græðari sé skráður og í hvaða starfsgrein. Þetta er mikilvægt til þess að hver sá sem vill nýta sér þjónustu græðara geti gengið úr skugga um hvort græðari sá sem hann leitar til uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í frumvarpi þessu og reglugerðum sem á því byggja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið laganna og gildissvið þeirra.

Í 1. mgr. kemur fram að lögunum sé ætlað að tryggja eins og kostur er gæði heilsutengdrar þjónustu sem græðarar veita og stuðla þannig að öryggi þeirra sem nýta sér hana. Kveðið er á um að í þessu skyni verði komið á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara. Með frjálsu skráningarkerfi er átt við að græðurum sé frjálst en ekki skylt að skrá sig.

Samkvæmt 2. mgr. taka lögin til græðara sem skráðir eru í skráningarkerfi því sem frumvarpið fjallar um. Lögin taka einnig til óskráðra græðara eftir því sem það á við. T.d. er kveðið á um þagnarskyldu allra græðara sem veita heilsutengda þjónustu, hvort sem þeir eru skráðir eða ekki. Sama gildir um takmarkanir á þjónustu græðara sem fjallað er um í 7. gr.

Um 2. gr.

Greinin lýtur að því að skilgreina viðfangsefni laganna og skýra hugtakanotkun.

Í 1. mgr. er þeim sem lögin beinast að gefið samheitið græðari og tiltekið að græðarar veiti heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis.

Í 2. mgr. er skýrt hvað átt er við með heilsutengdri þjónustu græðara. Heilsutengd þjónusta græðara felst meðal annars í meðferð á líkama einstaklings með það að markmiði að efla heilsu hans, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun. Að vissu leyti er hér um útilokunarskilgreiningu að ræða þar sem græðarar eru þeir sem njóta ekki löggildingar sem heilbrigðisstétt, standa utan hins almenna heilbrigðiskerfis, en veita þjónustu af einhverju tagi með það að markmiði að efla og bæta líkamlega og andlega heilsu fólks. Þótt tekið sé fram að aðferðir græðara byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum er hvorki útilokað að aðferðir græðara geti í einhverjum tilvikum verið gagnreyndar né heldur að innan heilbrigðiskerfisins sé í einhverjum tilvikum beitt aðferðum sem byggjast fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindum.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um fyrirkomulag frjálsa skráningarkerfisins, hvar það skuli vistað og hvernig viðhaldi þess skuli sinnt. Í drögum að reglugerð sem lögð er fram sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er kveðið á um hvaða kröfur fagfélög þurfi að uppfylla til að fá aðild að kerfinu og hvaða kröfur séu gerðar fyrir skráningu einstakra græðara. Með þessu eru þannig lagðar skyldur á herðar einstökum fagfélögum þar sem þeim er gert að framfylgja ákveðnum reglum með það að markmiði að tryggja eins og kostur er gæði og öryggi þeirrar þjónustu sem félagsmenn þeirra veita. Fagfélögunum og bandalagi þeirra er einnig falin rík ábyrgð á því að framfylgja þessum reglum gagnvart einstökum græðurum.

Í 1. mgr. kemur fram að komið skuli á fót *frjálsu* skráningarkerfi græðara en með því er átt við að græðurum er ekki skylt að skrá sig í skráningarkerfið heldur sé það val hvers og eins. Kveðið er á um að skráningarkerfið skuli vera í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Í umsjóninni felst: að færa á skrá þá græðara sem þess óska að því tilskildu að þeir uppfylli skilyrði um félagsaðild, taka af skrá þá sem þess kunna að óska og afskrá þá sem ekki uppfylla lengur sett skilyrði fyrir skráningu. Mikilvægt er að umsjónaraðili með kerfinu tryggi að skráðar upplýsingar séu ávallt réttar og að allar breytingar séu færðar inn reglulega. Bandalagi íslenskra græðara er heimilt að innheimta skráningargjald af hverjum einstaklingi sem skráir sig í skráningarkerfið. Gjaldið skal vera hóflegt og einungis ætlað til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Fjárhæð gjaldsins er háð staðfestingu ráðherra.

Í 2. mgr. er skráðum græðurum gert skylt að hafa skráningarskírteini sitt á áberandi stað á starfsstöð sinni til að auðvelda notanda að ganga úr skugga um hvort græðarinn sem hann leitar til sé skráður eða ekki.

Í 3. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að skrá græðara sem eru félagar í fagfélagi sem á aðild að skráningarkerfinu. Hér er einnig kveðið á um heimild til að skrá græðara sem ekki á aðild að fagfélagi að því tilskildu að hann uppfylli menntunarkröfur þess fagfélags sem hann ella ætti að tilheyra og önnur skilyrði skráningar sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum.

Samkvæmt 4. mgr. ákveður ráðherra að fenginni umsögn landlæknis og Bandalags íslenskra græðara hvort félagi skuli veitt aðild að skráningarkerfinu.

Samkvæmt 5. mgr. skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er á um þær kröfur sem fagfélög þurfa að uppfylla til að hljóta aðild. Kröfurnar lúta m.a. að menntunarlegum og faglegum kröfum sem einstaklingar þurfa að uppfylla til að teljast fullgildir félagar í viðkomandi fagfélagi. Í drögum að reglugerð með lögum þessum er miðað við að fagfélögum verði skylt setja félagsmönnum sínum siðareglur og kveða í samþykktum sínum á um það að félagar skuldbindi sig til þess að reka ábyrga starsfemi, gefa skjólstæðingum sínum allar nauðsynlegar upplýsingar er varða starfsemi þeirra og fleira er varðar öryggi og réttindi þeirra sem nýta sér þjónustu græðara.

6. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er tekið fram að græðari beri bótaábyrgð á störfum sínum eftir almennum reglum og er þá vísað til almenns skaðabótaréttar. Með 2. mgr. 4. gr. er skráðum græðurum gert skylt að hafa gilda starfsábyrgðartryggingu í formi vátryggingar eða bankaábyrgðar. Þessu ákvæði er ætlað að vernda þá sem nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og tryggja einstaklingum lágmarksbætur verði þeir fyrir tjóni sem rekja má til mistaka eða gáleysis græðara. Nánar skal ákveðið í reglugerð um lágmark vátryggingarfjárhæðar og framkvæmd vátryggingarskyldunnar að öðru leyti. Í 4. gr. kemur fram að ábyrgðartrygging skuli vera hjá vátryggingafélagi sem hefur starsfsleyfi hér á landi. Er þá ekki einungis átt við íslensk vátryggingafélög, heldur öll vátryggingafélög innan evrópska efnahagssvæðisins sem hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að þau vilji veita þjónustu hér á landi.

Um 5. gr.

Gerðar eru sambærilegar kröfur um trúnaðar- og þagnarskyldu græðara og gerðar eru til starfsfólks í heilbrigðisþjónustu samkvæmt 12. gr. laga um réttindi sjúklinga. Þagnarskylda samkvæmt þessu ákvæði tekur jafnt til skráðra sem óskráðra græðara.

Um 6. gr.

Hvorki er talið nauðsynlegt né æskilegt að gera jafnmiklar kröfur til skráningar og varðveislu upplýsinga um heilsutengda þjónustu og gert er í lögum um réttindi sjúklinga hvað varðar meðferð. Hins vegar er talið rétt að heilbrigðisráðherra geti með reglugerð sett ákveðin skilyrði um skráningu og meðferð upplýsinga, t.d. með því að gera kröfu til þess að um þetta sé fjallað í samþykktum fagfélaga. Að öðru leyti fer um meðferð upplýsinga samkvæmt almennum lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um 7. gr.

Greininni er ætlað að tryggja að greining og meðferð sjúklinga vegna alvarlegra sjúkdóma eða smitsjúkdóma sem falla undir ákvæði sóttvarnalaga sé ávallt í höndum lækna og á þeirra ábyrgð. Sama máli gegnir um hvers konar skurðaðgerðir og aðra meðferð sem fylgt getur alvarleg áhætta. Kveðið er á um að græðarar megi ekki ráðleggja fólki að hætta meðferð sem það hefur hafið hjá löggiltu heilbrigðisstarfsfólki. Einnig er kveðið á um skyldu græðara til þess að vísa til læknis einstaklingum sem líkur eru á að þurfi læknisþjónustu með. Með ákvæðum 1. og 2. mgr. 7. gr. er þó ekki tekið fyrir að sjúklingur geti notið heilsutengdrar þjónustu græðara af nefndum ástæðum sé hún veitt að höfðu samráði við lækni. Slík þjónusta getur falið í sér að að lina þjáningar, draga úr sjúkdómseinkennum eða aukaverkunum af meðferð og stuðla að heilun. Enn fremur er í 7. gr. tekið fram að heimilt sé að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara inni á heilbrigðisstofnun sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar.

Um 8.–11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara.

(Drög 11. október 2004.)

1. gr.

Tilgangur.

Skráningarkerfi fyrir græðara er ætlað að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir eða nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og tryggja gæði þjónustunnar eftir því sem kostur er. Auk þess á skráningarkerfið að stuðla að ábyrgri þjónustu og viðskipaháttum græðara.

2. gr.

Frjáls skráning.

Bandalag íslenskra græðara kemur á fót og rekur skráningarkerfi þar sem græðarar eiga þess kost að óska eftir skráningu. Til þess að geta látið skrá sig verður viðkomandi græðari að vera félagi í fagfélagi sem hefur hlotið aðild að skráningarkerfinu samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar, og uppfylla að auki þær kröfur sem gerðar eru í 5. gr.

Óski græðari sem ekki á aðild að fagfélagi eftir skráningu er skráning hans heimil að því tilskildu að hann uppfylli menntunarkröfur þess fagfélags sem hann ætti að tilheyra, hafi undirgengist samþykktir sem mælt er fyrir um í 1.–7. tölul. 3. gr. þessarar reglugerðar og uppfylli jafnframt þær kröfur sem gerðar eru í 5. gr.

Bandalag íslenskra græðara skal jafnan sjá til þess að almenningur hafi greiðan aðgang að réttum upplýsingum um hvaða græðarar eru skráðir í skráningarkerfi græðara á hverjum tíma og hver sé starfsgrein þeirra.

3. gr.

Skilyrði fyrir aðild fagfélags að skráningarkerfinu.

Að fenginni umsókn og umsögnum landlæknis og Bandalags íslenskra græðara getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilað að fagfélög fái aðild að frjálsa skráningarkerfinu sem nefnt er í 2. gr. svo fremi að félagið hafi staðfest:

1. samþykktir þar sem gerðar eru menntunarlegar og faglegar kröfur til þess einstaklings sem óskar eftir því að gerast félagi,
2. samþykktir sem mæla fyrir um siðareglur sem félagar eru skuldbundnir til að hlíta í starfi sínu,
3. samþykktir þar sem félagar skuldbinda sig til þess að reka ábyrga starfsemi,
4. samþykktir þar sem félagar skuldbinda sig til þess að gefa skjólstæðingum allar nauðsynlegar upplýsingar er varða starfsemi þeirra,
5. samþykktir þar sem félagar skuldbinda sig til þess að gæta trúnaðar um allar upplýsingar er varða skjólstæðinginn og heilsu hans,
6. fagfélög hafi í samþykktum sínum ákvæði um skráningu upplýsinga um heilsutengda þjónustu sem veitt er einstaklingum,
7. samþykktir þar sem kæruréttur skjólstæðinga gagnvart faglegu starfi félagsmanna er tryggður; fjallað skal um slíkar kærur í siðanefnd fagfélagsins eða sérstakri kærunefnd sem sett er á stofn;
8. samþykktir sem gera kleift að víkja félagsmönnum úr félaginu í samræmi við frekari starfsreglur sem settar eru þar um,
9. að fagfélagið sé skráð með kennitölu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilkynnir Bandalagi íslenskra græðara um fagfélög sem fengið hafa aðild að skráningarkerfinu í samræmi við ákvæði þessarar gr.

4. gr.

Skyldur fagfélaga sem fengið hafa aðild að skráningarkerfinu.

Fagfélagi sem hlotið hefur aðild að skráningarkerfinu í samræmi við 3. gr. ber skylda til að senda þegar í stað tilkynningu til Bandalags íslenskra græðara ef skráður félagsmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir því að vera á skrá.

5. gr.

Skilyrði fyrir skráningu græðara.

Bandalag íslenskra græðara skráir græðara sem veitir heilsutengda þjónustu ef:

1. Viðkomandi græðari hefur lokið námi sem svarar að lágmarki til 6 eininga í líffæra- og lífeðlisfræði, 5 eininga í heilbrigðis- og sjúkdómafræði og 2 eininga í siðfræði og heilbrigðislöggjöf. Hér er átt við einingar á framhaldsskólastigi. Viðkomandi þarf jafnframt að hafa lokið starfsnámi undir handleiðslu viðurkennds leiðbeinanda í samræmi við kröfur þess fagfélags sem grein hans tilheyrir.

2. a) Skjalfest er að græðarinn er fullgildur félagi í fagfélagi sem hlotið hefur staðfestingu í samræmi við 3. gr. og félagið mælir með skráningu hans.

Eða

b) að fyrir liggur skjalfest staðfesting á því að hann hafi undirgengist þær samþykktir sem mælt er fyrir um í 1.–7. gr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Landlæknisembættið og Bandalag íslenskra græðara mæli með skráningu hans og viðkomandi hefur undirritað yfirlýsingu þess efni að hann mun sæta eftirliti landlæknis og Bandalags íslenskra græðara.

3. Viðkomandi græðari hefur lagt fram staðfestingu á því að hann hafi gilda tryggingu vegna þeirrar fjárhagsábyrgðar sem kann að skapast gagnvart skjólstæðingum vegna starfa hans sem græðari.
4. Græðarinn hefur gefið upp kennitölu sína, nafn, lögheimili og starfsstöð.
5. Græðarinn hefur gefið upp starfsgrein sem hann óskar eftir að fá skráða.

Unnt er að kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins ef græðara er synjað um skráningu.

6. gr.

Skyldur skráðra græðara.

Skráðum græðara er skylt:

1. að senda árlega staðfestingu til Bandalags íslenskra græðara um að hann hafi gilda ábyrgðartryggingu í samræmi við ákvæði 3. tölul. 5. gr.
2. að senda Bandalagi íslenskra græðara þegar í stað tilkynningu ef skilyrði skráningar, eins og þau koma fram í 5. gr. eru ekki lengur fyrir hendi eða ef viðkomandi óskar ekki eftir því að vera áfram á skrá.

7. gr.

Skráningargjald.

Við skráningu skal græðari greiða Bandalagi íslenskra græðara sérstakt skráningargjald til að standa undir kostnaði af rekstri skráningarkerfisins.

8. gr.

Afturköllun skráningar.

Ef græðari uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir skráningu í samræmi við reglugerð þessa skal Bandalag íslenskra græðara taka hann af skrá. Afskráning er kæranleg til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að fengnum tilmælum landlæknis eða Bandalags íslenskra græðara, ákveðið að græðari skuli tekinn af skrá, enda þótt skilyrðum fyrir skráningu sé fullnægt. Þetta getur átt við ef græðari brýtur gegn lögum um græðara eða aðhefst eitthvað annað í starfi sem er andstætt góðum starfsháttum.

Gefa skal hinum skráða kost á að tjá sig um afskráningu sbr. 1. og 2. mgr. áður en hún er ákveðin.

Græðari sem tekinn hefur verið af skrá í samræmi við 1. mgr. getur fengið sig skráðan aftur sýni hann fram á að hann uppfylli að nýju skilyrði fyrir skráningu. Greiðir hann þá skráningargjald að nýju, sbr. 7. gr.

Græðari sem tekinn hefur verið af skrá í samræmi við 2. mgr. getur fengið sig skráðan

aftur að fenginni umsögn landlæknis og Bandalags íslenskra græðara, sýni hann fram á að ástæður afskráningar eigi ekki lengur við.

9. gr

Upplýsingar skráningarkerfisins og upplýsingagjöf.

Skráningarkerfi fyrir græðara skal innihalda upplýsingar um:

1. nafn, heimilisfang og kennitölu græðara sem skráður er, sbr. 5.gr.,
2. dagsetningu sem segir til um hvenær græðari var fyrst skráður í skráningarkerfið,
3. skráningarnúmer, nafn og heimilisfang á viðurkenndum fagfélögum sem hafa skráða félagsmenn í skráningarkerfinu, sbr. 3. gr.,
4. starfsgrein hins skráða, ásamt starfsstöð og skráningarnúmeri viðurkennds fagfélags sem hann er félagi í, sbr. 5. gr. ef það á við.
5. náms- og starfsferil.

Allir hafa rétt til þess að kynna sér hverjir eru skráðir græðarar sbr. 1.–5. tölul.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 3. gr. laga nr. xx um græðara, öðlast gildi nú þegar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um græðara.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara og skal í þeim tilgangi m.a. koma á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Bandalaginu verður heimilt að innheimta skráningargjald sem skal standa undir kostnaði við skráningu, rekstur og viðhaldi skráningarkerfisins. Sjúkratryggingar koma ekki til með að greiða eða taka þátt í kostnaði einstaklinga sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara. Frumvarpið gerir ráð fyrir lítilsháttar eftirliti með umsýslu af hálfu landlæknis og heilbrigðisyfirvalda en kostnaður ríkissjóðs vegna þeirrar vinnu er óverulegur. Ekki er því talið að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Frumvarpinu fylgja drög að reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara og verður ekki séð að gildistaka reglugerðarinnar leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

258. Svar [223. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um göng undir Bakkaselsbrekku og hábungu Öxnadalsheiðar.

1. *Væri hagkvæmt með tilliti til umferðaröryggis og þungaflutninga að gera göng undir Bakkaselsbrekku og hábungu Öxnadalsheiðar?*

Í jarðgangaskýrslu Vegagerðarinnar frá janúar 2000 til undirbúnings jarðgangaáætlunar voru jarðgöng á þessum stað tekin til lauslegrar skoðunar. Það er ljóst að jarðgöng þarna, eins og reyndar víða í vegakerfinu, mundu koma umferðinni til góða. Einkum á það við vetrarumferð og þá ekki síst þungaumferðina. Staðurinn sker sig ekki úr hvað varðar umferðaröryggi, þ.e. óhöpp eru ekki sérstaklega algeng. Fyrst og fremst yrði um að ræða meiri þægindi vegfarenda og meira öryggi varðandi það að komast leiðar sinnar að vetri til, því að vegurinn yrði væntanlega opinn og vel fær alla vetrardaga. Reyndar hefur heiðin ekki lokast vegna veðurs á síðustu árum nema þá stutta stund eða hluta úr degi í einu, bæði vegna aukinnar vetrarþjónustu og lítilla snjóa. Samantekið er því ekki hægt að segja að hagkvæmt sé eða sérstaklega brýnt að huga að jarðgöngum á þessum stað.

2. *Hve löng þyrftu slík göng að vera til að tryggja greiðari og öruggari umferð en nú?*

Tveir jarðgangakostir hafa verið skoðaðir. Sá lengri er undir alla heiðina, úr botni Norðurárdals við Heiðarsporð að Bakkaseli. Sú leið er um 10,7 km. Hinn kosturinn, og sá raunhæfari, er frá neyðarskýli í 500 m y.s. nálægt mynni Eystri-Grjótárdals, að Bakkaseli í 360 m y.s. Þau jarðgöng yrðu um 3,7 km á lengd.

3. *Hver væri kostnaðurinn við slík göng?*

Á núverandi verðlagi má áætla að kostnaðurinn við styttri jarðgangakostinn yrði 2,5 til 3 milljarðar kr.

259. Svar [111. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um varnir gegn umferðarslysum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve miklu fé hefur hið opinbera varið til varna gegn umferðarslysum undanfarin þrjú ár í formi:

a. *vegagerðar, t.d. merkinga og breytinga á vegum,*
b. *fræðslu í skólum,*
c. *fræðslu til almennings, t.d. í fjölmiðlum,*
d. *fræðslu til erlendra ferðamanna?*

Fé til vegagerðar.

Til varna gegn umferðarslysum er veitt af því fjármagni sem Vegagerðin hefur til þjónustu og viðhalds á vegum og af fé til nýframkvæmda, bæði vega- og brúagerðar.

Af fjármagni til þjónustu hefur verið veitt til umferðarmerkja, kantstika, yfirborðsmerkinga og lýsingar, samtals rúmlega 1.000 millj. kr. á undanförnum þremur árum. Af fjárveit-

ingum til viðhalds hafa farið 400 millj. kr. til verkefnisins *Öryggisaðgerðir* á síðustu þremur árum.

Mjög mörg af þeim verkefnum sem unnið er að fyrir fjármagn til framkvæmda eru til þess fallin að auka umferðaröryggi. Einkum má þar nefna breikkun vega og brúa, gerð mislægra gatnamóta og endurbætur á vegferli. Má ætla að árlega sé 500–1.000 millj. kr. varið til framkvæmda sem hafa umferðaröryggi að meginmarkmiði.

Samtals hefur að lágmarki verið varið 3.000 millj. kr. til þessa verkefnis á undanförnum þremur árum en leiða má rök að því að sú upphæð sé hærri eða á milli 4.000 og 5.000 millj. kr.

Fé til slysavarna.

Ýmsir opinberir aðilar verja tíma og fjármunum til slysavarna í ýmsu formi, t.d. lögreglan. Hér á eftir er gerð grein fyrir því fé sem Umferðastofa ver til þessara mála.

Fræðsla í skólum.

Árið 2002 varði Umferðarstofa 15 millj. kr. til fræðslu í skólum, árið 2003 sömuleiðis 15 millj. kr. en á þessu ári er áætlað að verja 41 millj. kr. til slíkrar fræðslu.

Meðal aðgerða eru:

- Gerð og dreifing náms- og fræðsluefnis fyrir börn.

Fræðsla almennings.

Á vegum Umferðastofu er nokkrum fjármunum varið í fræðslu almennings. Árið 2002 voru það 25 millj. kr., 34 millj. kr. árið 2003 en á þessu ári er áætlað að verja 120 millj. kr. til slíkrar fræðslu.

Meðal aðgerða eru:

- Gerð og birting auglýsinga.
- Umferðarútvarpið.
- Erindrekstur og fyrirlestrahald.
- Rannsóknir og kannanir.
- Gerð og dreifing fræðsluefnis.

Fræðsla til erlendra ferðamanna.

Árið 2002 varði Umferðarstofa 1,5 millj. kr. til fræðslu erlendra ferðamanna, 800 þús. kr. árið 2003 en í ár er áætlað að nota 4 millj. kr. til slíkrar fræðslu.

Meðal aðgerða eru:

- Gerð upplýsingamyndbands fyrir erlenda ferðamenn til sýninga á bílaleigum, í flugvélum og á hótelum. Myndbandinu verður meðal annars dreift í gegnum erlendar ferðaskrifstofur og birt á sex tungumálum á netinu. Vinnsla er hafin og er kostnaður áætlaður um 3 millj. kr.
- Bæklingur fyrir erlenda ferðamenn með leiðbeiningum um akstur á Íslandi á þremur tungumálum á prenti og sex tungumálum á heimasíðu Umferðarstofu og annarra aðila sem koma að útgáfunni. Kostnaður við gerð og dreifingu bæklingsins árið 2003 var 1,5 millj. kr. og er áætlað að kostnaður á þessu ári verði 1 millj. kr.

260. Svar [86. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna.

1. *Hvernig er kynjaskiptingin í stjórnum tíu stærstu lífeyrissjóðanna og í stjórnunarstöðum hjá þeim sundurliðað eftir sjóðum?*

Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um kynjaskiptingu í stjórnum tíu stærstu lífeyrissjóðanna. Stærðarröð lífeyrissjóðanna byggist á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um stjórnarskipan er fengin hjá viðkomandi lífeyrissjóðum.

		Fjöldi í stjórn	Karlar í stjórn	Konur í stjórn	Kona stjórnarformaður	Karl stjórnarformaður	Karl framkvæmdastjóri	Kona framkvæmdastjóri
1	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	8	5	3	1	0	1	0
2	Lífeyrissjóður verslunarmanna	8	6	2	0	1	1	0
3	Lífeyrissjóðurinn Framsýn	8	7	1	0	1	1	0
4	Lífeyrissjóður sjómanna	8	8	0	0	1	1	0
5	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	6	6	0	0	1	1	0
6	Lífeyrissjóður Norðurlands	8	8	0	0	1	1	0
7	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	7	7	0	0	1	1	0
8	Almenni lífeyrissjóðurinn	9	8	1	0	1	1	0
9	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7	7	0	0	1	1	0
10	Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	6	6	0	0	1	1	0
		75	**68**	**7**	**1**	**9**	**10**	**0**
			90,67%	9,33%	10%	90%	100%	

2. *Telur ráðherra ástæðu til að lögfesta tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnum lífeyrissjóðanna og stjórnunarstöðum hjá þeim?*

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er kveðið á um almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna í lífeyrissjóði. Að öðru leyti er það eftirlátið einstökum lífeyrissjóðum að ákveða í samþykktum sínum hvernig vali stjórnarmanna skuli háttað. Ekki þykir ástæða til að gera breytingu hér á. Hvað varðar framkvæmdastjóra lífeyrissjóða segir í lögum nr. 129/1997 að auk þess sem framkvæmdastjóri þarf að uppfylla sömu almennu hæfisskilyrði og um stjórnarmenn gilda skuli menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Stjórn lífeyrissjóðs ræður framkvæmdastjóra sjóðsins og framkvæmdastjórinn ræður almennt aðra stjórnendur og starfsfólk. Þykir ekki ástæða til að lögfesta reglur um kynjahlutföll að því er varðar stjórnendur lífeyrissjóða sérstaklega.

261. Svar [209. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um heimilisofbeldi.

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum hjá embætti ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara vegna fyrirspurnarinnar og byggjast svör ráðuneytisins að meginstefnu á þeim upplýsingum er bárust í framhaldi af því.

1. Hvernig er skráningu heimilisofbeldis háttað hjá lögregluembættum?

Í löggjöf hér á landi er ekki að finna ákvæði sem skilgreinir brot sem heimilisofbeldi eða hvenær beri að flokka háttsemi með þeim hætti. Af þessu leiðir að hugtakið heimilisofbeldi er ekki notað í gögnum lögreglu, ákæruvalds eða dómstóla sem formleg skilgreining á broti. Til heimilisofbeldis gætu einkum talist líkamsmeiðingar, sbr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, húsbrot, ofsóknir og hótanir, sbr. 231., 232. og 233. gr., og nauðgun, sbr. 194. gr., en einnig ýmis nauðungar- og frelsissviptingarbrot, sbr. 195., 225. og 226. gr. laganna. Það er ekki vandalaust að skilgreina hugtakið heimilisofbeldi enda geta ofbeldisverk innan veggja heimilanna verið margvísleg. Má í því sambandi nefna átök milli skyldra eða tengdra annars vegar og hins vegar á milli þeirra og gestkomandi, eða jafnvel ókunnugra, og oft tengt gleðskap af einhverju tagi. Með sama hætti geta átök eða ofbeldisverk milli skyldra eða tengdra átt sér stað utan heimilis sem skipt getur máli þegar litið er til þeirrar merkingar sem lögð er í þetta hugtak.

Upplýsingar um það sem fyrirspyrjandi kallar heimilisofbeldi eru samkvæmt því sem hér er lýst ekki tiltækar með formlegum eða heildstæðum hætti hjá lögreglu, ákæruvaldi eða í dómasöfnum. Málaskrá ákæruvalds tekur við upplýsingum úr málaskrá lögreglu og er þar skírskotað til refsiákvæði laga sem háttsemi er talin varða við en ekki til brotaheitis eða brotaflokks. Hins vegar er sérstakur verkefnaflokkur tengdur dagbók og málaskrá lögreglu til að halda utan um útköll varðandi heimilisófrið sem hægt er að skrá miðað við eftirfarandi forsendur:

- Heimilisófriður, ölvun.
- Heimilisófriður, ofbeldi.
- Heimilisófriður, annað.

Þessi skráning gefur ágætis upplýsingar fyrir lögreglu þegar hún fer í útköll, svo sem um fyrri afskipti, en gefur ekki nægilega heildstæðar upplýsingar til að byggja á tölfræðilega samantekt um heimilisofbeldi. Þó svo að tekin væru saman yfirlit yfir heimilisofbeldi, samanber ofangreinda skráningu, þá gæfi niðurstaðan ekki rétta mynd af stöðu þessara mála. Í nýrri málaskrá lögreglu og ákæruvalds, sem fljótlega verður tekin í notkun, skapast nýir möguleikar til úrvinnslu upplýsinga um ofbeldi þar sem aðilaskrá er mun ítarlegi en í núverandi kerfum, og gildir þá einu hvort mál er kært eða ekki. Þá verður með nokkuð aðgengilegum hætti unnt að taka út upplýsingar um heimilisofbeldi þar sem byggt er á tengslum aðila út frá tilteknum öðrum skilgreiningum. Eftir sem áður eru gögn lögreglu langt í frá að vera tæmandi upplýsingar um svonefnt heimilisofbeldi, þar sem einungis er hægt að byggja á málum sem tilkynnt eru til lögreglu, eða að öðru leyti eru færð í skrár lögreglu.

2. Hversu margar tilkynningar um heimilisofbeldi fengu einstök lögregluembætti á ári sl. tíu ár?

Til að átta sig á fjölda málanna, eins og spurt er sl. 10 ár, er ekki önnur leið en að skoða öll mál sem sættu rannsókn á þessu tímabili. Áður þyrfti að liggja fyrir hvaða skilgreiningu miða ætti við varðandi heimilisofbeldi, en það kemur ekki fram hjá fyrirspyrjanda. Þá er rétt að vekja athygli á því að úrvinnsla svo langt aftur í tímann mundi jafnframt kalla á mjög mikla vinnu.

3. Hverjar voru lyktir þessara mála hjá lögreglu, ríkissaksóknara og dómstólum?

Eins og fram kemur í svörum við 1. og 2. lið liggur ekki fyrir skilgreining á því hvaða upplýsingum nákvæmlega er óskað eftir. Af þeirri ástæðu er ekki unnt að svara þessu.

262. Svar [92. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

1. *Er ástæða til að ætla að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sé undirmönnuð og anni ekki þeim málum sem henni berast til rannsóknar?*

Hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans eru rannsökuð hin flóknari og stærri fjármunabrot sem á annað borð koma til lögreglu, auk þess öll skattsvikamál og brot á löggjöf um fiskveiðar og stjórn fiskveiða, verðbréfaviðskipti og brot framin í atvinnustarfsemi sem ætla má að brjóti gegn löggjöf almennt. Þessar rannsóknir eru vandasamar og yfirleitt mjög tímafrekar. Auk þess veitir efnahagsbrotadeildin lögreglustjórum í landinu aðstoð við rannsókn alvarlegra og umfangsmikilla sakamála sem upp koma í umdæmum þeirra og ekki falla undir verkefni efnahagsbrotadeildar lögum samkvæmt.

Með þeim mannafla sem nú vinnur við rannsókn og saksókn hjá efnahagsbrotadeild er leitast við að vinna að öllum þeim verkefnum sem berast, þannig að málsmeðferð þeirra sé eins hröð, örugg og skilvirk eins og kostur er.

Deildin hefur aðeins haft mannafla til þess að vinna að rannsókn og meðferð þeirra mála sem berast henni með kærum. Til þess að hefja athugun og rannsókn að eigin frumkvæði er ekki nægur mannafli og efnahagsbrotadeild getur því ekki tekið upp mál að eigin frumkvæði. Það væri hins vegar æskilegt vegna eðlis mjög margra, ef ekki þá allra, málaflokka sem deildin á að fást við en í flestum tilvikum eru brotaþolar þannig settir að þeir eiga erfitt með að gæta sjálfir réttar síns. Þetta snertir ekki síst eigendur lítils hluta hlutafjár, aðila að lífeyrissjóði, skattgreiðendur og greiðendur að vörum og þjónustu sem ekki eru í aðstöðu til að hafa eftirlit með og gæta réttinda sinna, t.d. með því að vekja athygli yfirvalda og kæra til lögreglu.

Hið sama á við um efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og aðrar eftirlitsstofnanir, verkefni hennar aukast og verða margbrotnari með aukinni efnahagslegri umsýslu, fjölbreytni í viðskiptum og fjölgun og stækkun fyrirtækja. Kröfur varðandi starfsmenn efnahagsbrotadeildar lúta ekki aðeins að fjölda þeirra, heldur einnig menntun, reynslu og almennri þekkingu á hinum ólíku þáttum viðskiptalífsins hér á landi og erlendis.

2. *Eru dæmi þess að dráttur á rannsókn mála hafi leitt til þess að refsingar séu mildaðar?*

Árið 2001 var niðurstaðan í tveim tilvikum í dómi við ákvörðun refsingar að ástæða þótti til að taka tillit til þess að meðferð málsins hefði tekið langan tíma af ástæðum sem hinn ákærði/dæmdi bar ekki ábyrgð á.

Árið 2002 var niðurstaðan í þrem tilvikum í dómi við ákvörðun refsingar að ástæða þótti til að taka tillit til þess að meðferð málsins hefði tekið langan tíma af ástæðum sem hinn ákærði/dæmdi bar ekki ábyrgð á.

Árið 2003 var niðurstaðan í einu tilviki í dómi við ákvörðun refsingar að ástæða þótti til að taka tillit til þess að meðferð málsins hefði tekið langan tíma af ástæðum sem hinn ákærði/dæmdi beri ekki ábyrgð á.

Fram kemur í árskýrslu ríkislögreglustjóra fyrir árið 2003 að efnahagsbrotadeild embættisins hefur á árunum 1998 til og með árinu 2003 ákært í 224 sakamálum vegna skatta- og efnahagsbrota. Í þeim málum sem dómur liggur fyrir í var sakfellt í 95 % tilvika.

3. *Hvernig hefur fjöldi mála sem borist hafa efnahagsbrotadeildinni þróast sl. þrjú ár og hvernig skiptist málafjöldinn milli brotaflokka?*
Sjá eftirfarandi töflu.

Kærumál sem borist hafa efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra 2001–2003 og skipting þeirra eftir aðalflokkum brota.

Kærumál – brotaflokkar (aðalflokkar mála):	**2001**	**2002**	**2003**
Fjárdráttur	7	21	11
Fjársvik	9	20	13
Umboðssvik	3	7	4
Skilasvik	4	4	5
Skjalafölsun – rangfærsla skjala	3	3	5
Skattalög (lög um tekju- og eignarskatt, lög um virðisaukaskatt, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda)	24	28	36
Lög um stjórn fiskveiða – lög um umgengni um nytjastofna sjávar – lög um veiðar í fiskveiðilandhelginni	2	8	1
Tollalög	1	2	5
Samkeppnislög	2	1	1
Tölvubrot af ýmsu tagi, þ.m.t. varsla á barnaklámi, höfundalög, eignaspjöll, hótanir, hugverkaréttindi o.fl.	7	19	6
Lög um verðbréfaviðskipti	4	2	2
Rannsóknarbeiðnir – erlendar	1	2	4
Ýmis brot – t.d. ýmis auðgunarbrot (áður ótalin), brot í opinberu starfi, lög um hlutafélög, lög um hollustuhætti, peningafölsun, peningaþvætti, rangar sakargiftir, útvarpslög o.fl.	10	15	13
Heildarfjöldi kærumála á ári:	**77**	**132**	**106**

Rannsóknaraðstoð og úrvinnsla tilkynninga um ætlað peningaþvætti:			
Rannsóknaraðstoð:	**2001**	**2002**	**2003**
Rannsóknaraðstoð við embætti ríkissaksóknara vegna kærumála á hendur lögreglumönnum í starfi*		25	13
Rannsóknaraðstoð við önnur lögregluembætti		16	24
Heildarfjöldi:		**41**	**37**

Tilkynnningar um ætlað peningaþvætti:	**2001**	**2002**	**2003**
Tilkynnningar sem borist hafa efnahagsbrotadeild um ætlað peningaþvætti	125	189	241

* Efnahagsbrotadeild tók við þessum málaflokkum í árslok 2001.

4. *Hvaða fjárveitingar hafa runnið til efnahagsbrotadeildarinnar sundurliðað sl. þrjú ár og hve margir hafa starfsmenn verið á þessum sama tíma?*

Árið 2001 var varið 58.239.000 kr. til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, árið 2002 83.134.000 kr. og árið 2003 108.299.000 kr. Athuga ber við samanburð að frá árinu 2001 hafa orðið launabreytingar sem skýra mismun umfram kostnað af hverjum starfsmanni sem bæst hefur við.

Árið 2001 voru starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra sem unnu við rannsóknir 10, árið 2002 voru þeir 11 og árið 2003 voru þeir 14.

5. *Hve langur tími hefur að meðaltali farið í rannsókn mála hjá efnahagsbrotadeildinni skipt eftir málaflokkum og árum sl. þrjú ár?*

Ekki er unnt að svara þessari spurningu af mikilli nákvæmni nema leggja í mikla úttekt. Þó er unnt að segja að hinum smærri og smæstu málum megi ljúka á fáum vinnudögum, jafnvel klukkustundum. Að meðaltali tekur 500–1.500 klukkustundir að ljúka meðalstórum málum. Hin stærstu mál taka eitt ár eða jafnvel tvö til þrjú. Á hverju ári er þúsundum til tugþúsundum vinnustunda varið í slík mál, og samtals nokkrum tugum þúsunda stunda í heildarrannsóknartíma sem spannar tvö til þrjú ár og jafnvel meira. Svo umfangsmikil mál eru nokkur á hverjum tíma og hefur þeim fjölgað og umfangið vaxið síðastliðin fjögur ár. En fyrir þann tíma eru vart dæmi um að slík mál hafi komið til kasta lögreglu.

Með framangreindum fyrirvara er eftirfarandi sundurliðun sett fram:

Árið 2001 fóru 24.100 vinnustundir í rannsóknir mála.
Í könnun og meðferð peningaþvættistilkynninga fóru 2.310 vinnustundir.
Í rannsókn skattamála fóru 3.840 vinnustundir sem er lauslega áætlað 160 klukkustundir á hvert mál.
Í rannsókn annarra mála var varið 17.950 vinnustundum.

Árið 2002 fóru 26.410 vinnustundir í rannsóknir mála.
Í könnun og meðferð peningaþvættistilkynninga fóru 2.310 vinnustundir.
Í rannsókn skattamála fóru 4.480 vinnustundir sem er lauslega áætlað 160 klukkustundir á hvert mál.
Í rannsókn annarra mála var varið 19.620 vinnustundum.

Árið 2003 fóru 33.340 vinnustundir í rannsóknir mála.
Í könnun og meðferð peningaþvættistilkynninga fóru 2.310 vinnustundir.
Í rannsókn skattamála fóru 5.760 vinnustundir sem er lauslega áætlað 160 klukkustundir á hvert mál.
Í rannsókn annarra mála var varið 25.270 vinnustundum.

263. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við launþegasamtök og samtök atvinnurekenda um að gera launþegum kleift að ljúka störfum og fá lífeyri fyrr en reglur lífeyrissjóða gera nú ráð fyrir.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er hún því endurflutt.

Íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur og miklar breytingar í atvinnulífinu raska oft högum fólks. Fyrirtæki eru sameinuð til hagræðingar eða starfsemi lögð niður og kröfur til menntunar og starfsþjálfunar breytast hratt. Þeir sem hafa aflað sér sérþekkingar í einhverri atvinnugrein og unnið lengi við hana geta lent í verulegum erfiðleikum vegna tæknibreytinga eða annarrar röskunar á starfsumhverfi. Þeir sem í slíkum vanda lenda seint á starfsævinni geta staðið frammi fyrir því að hafa unnið sér inn fullan rétt til lífeyris sem tekur gildi við t.d. 67 ára aldur en þurfa að hefja vonlitla atvinnuleit og lifa á atvinnuleysisbótum í nokkur ár áður en lífeyristaka getur hafist.

Alþingi ákvað sl. vetur að koma til móts við ráðherra og þingmenn af svipuðum ástæðum og hér hefur verið getið. Sú ákvörðun var umdeild og kröfur launþegasamtaka um samræmingu lífeyrisréttinda voru settar á oddinn í framhaldi af því.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að leita leiða til að aðrir geti notið svipaðra möguleika við óvænt starfslok og Alþingi taldi nauðsynlegt að tryggja ráðherrum og þingmönnum. Möguleikar til að koma áformum um lækkaðan eftirlaunaaldur af sérstökum ástæðum til framkvæmda ættu að vera góðir.

Lífeyrissjóðir hafa eflst mjög og launþegar sem nálgast eftirlaunaaldur eru nú flestir búnir að greiða í lífeyrissjóði svo lengi að þeir eiga töluverð lífeyrisréttindi þó að þeir hafi ekki náð tilskildum aldri. Það er því eðlilegt að lífeyrissjóðir leggi mikið af mörkum til að koma til móts við vanda sjóðfélaga sem á þurfa að halda. Atvinnuleysistryggingasjóður hlýtur að hafa skyldu til að koma til móts við þetta mál enda fengju viðkomandi greiðslur úr honum ef þeir gætu ekki tekið eftirlaun. Það eru því sterk rök fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður gangi myndarlega fram í þessu máli. Samtök launþega hafa sett fram kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda og munu örugglega vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja framgang þessa máls. Engin ástæða er til að halda að samtök atvinnurekenda séu mótfallin því að jafna lífeyrisréttindi með þessum hætti. Komist tillagan til framkvæmda þarf að móta skýrar reglur um hvaða skilyrði þurfi til svo að viðkomandi launþegi geti hafið töku lífeyris.

Flutningsmönnum er kunnugt um að sveigjanleg starfslok hafa verið til skoðunar í nefnd sem forsætisráðherra skipaði og hafa skoðað tillögur hennar. Þar er ekki lagt til að fara þá leið sem hér er nefnd. Einnig flutti Ásta R. Jóhannesdóttir ásamt fleiri þingmönnum á 126. löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í frumvarpinu var lagt til að opinberum starfsmönnum yrði gert kleift að fresta starfslokum. Sú tillaga sem hér er sett fram snýr hins vegar eingöngu að því að flýta starfslokum við sérstakar aðstæður og fjármögnun vegna þeirra. Ef tillagan verður samþykkt felur það í sér einföld og skýr skilaboð Alþingis til launþega um vilja til þess að auka og jafna rétt launþega til að hefja töku lífeyris ef sérstakar ástæður valda atvinnumissi seint á starfsævinni.

264. Svar [210. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um aflahlutdeild.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Um hvaða fisktegundir gilda lagaákvæði um aflahlutdeild? Hvenær voru lög sett um hverja tegund, hvaða heildaraflamarki var þá úthlutað og hve miklu var úthlutað í hverri tegund fyrir yfirstandandi fiskveiðiár?

Meðfylgjandi tafla sýnir hvenær til úthlutunar aflahlutdeildar kom í einstökum tegundum og hver heildaraflinn var þá og hver hann er á yfirstandandi fiskveiðiári. Til skýringar skal þess getið að fiskveiðiárið 1991/1991 var aðeins 8 mánuðir. Enn fremur að endanlegur heildarafli fyrir yfirstandandi loðnuvertíð hefur ekki verið ákveðinn. Þá er rétt að nefna að í tegundum sem veiðast innan og utan lögsögu er aðeins tilgreindur hlutur íslenskra skipa.

		Aflamark 2004/2005	**Hvenær í aflahlutdeild**	**Aflamark það ár**
1	Þorskur	205.000	1991/1991	245.000
2	Ýsa	90.000	1991/1991	48.000
3	Ufsi	70.000	1991/1991	65.000
4	Steinbítur	13.000	1996/1997	13.000
5	Karfi	57.000	1991/1991	55.000
6	Grálúða	15.000	1991/1991	33.000
7	Sandkoli	5.000	1997/1998	7.000
8	Skrápflúra	5.000	1997/1998	5.000
9	Skarkoli	5.000	1991/1991	7.000
10	Þykkvalúra	1.600	1999/2000	1.400
11	Langlúra	2.000	1996/1997	1.200
12	Keila	3.500	2001/2002	4.500
13	Langa	4.000	2001/2002	3.000
14	Skötuselur	2.000	2001/2002	1.500
15	Síld	110.000	1991/1991	110.000
16	Úthafsrækja	20.000	1991/1991	25.000
17	Humar	1.500	1991/1991	2.100
18	Hörpudiskur	0	1991/1991	12.500
19	Innfjarðarrækja	0	1991/1991	6.900
	Tegundir utan og innan lögsögu			
1	Loðna 2004/2005	224.000	1991/1992	740.000
		Almanaksárið 2004		
2	Úthafskarfi	55.000	1997	45.000
3	Rækja Flæmska hattinum	13.644	1997	6.800
4	Kolmunni	713.000	2002	282.000
5	Norsk-íslensk síld	128.205	2002	132.080
6	Norðuríshafsafli	9.518	1999	7.231

265. Svar [163. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um nýtingu sveitarfélaga á tekjustofnum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Af hve miklu fé hafa sveitarfélögin orðið sökum þess að þau hafa ekki nýtt tekjustofna sína á sl. fimm árum? Svarið óskast einnig sundurliðað eftir sveitarfélögum, árum, tekjustofnum og hlutfalli tekna viðkomandi sveitarfélaga af þeim.

Leitað var upplýsinga um málið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu I koma fram upplýsingar fyrir árin 1999–2003, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, um mismun álagðs útsvars samkvæmt álagningarskrá og útsvars miðað við fullnýtingu útsvarsheimilda, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Jafnframt koma fram upplýsingar um mismun á álögðum fasteignaskatti samkvæmt álagningarskrá og fasteignaskatti miðað við fullnýtingu fasteignaskattsheimilda, sbr. 3. gr. sömu laga. Upplýsingarnar eru unnar úr álagningarskrám hvers árs án tillits til síðari leiðréttinga.

Í töflu II koma fram upplýsingar um hlutfall útsvars- og fasteignaskattstekna af heildarskatttekjum sveitarfélaga samkvæmt ársreikningum, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum.

Tafla I.

	Aukning útsvarstekna m.v. fullnýtingu heimildar á álagningarstofna					Aukning fasteignaskattstekna m.v. fullnýtingu heimildar á álagningarstofna, þús. kr.				
	1999	2000	2001	2002	2003	1999	2000	2001	2002	2003
Samtals öll sveitarfélög	**387.537**	**333.925**	**106.142**	**1.113.080**	**1.108.924**	**2.312.635**	**2.757.856**	**2.573.181**	**3.433.788**	**3.604.024**
0000 Reykjavíkurborg	74.926	84.601	0	640.123	665.527	766.114	917.527	1.068.358	1.553.402	1.657.821
1000 Kópavogsbær	15.219	0	0	140.147	149.406	162.188	202.963	241.981	326.381	352.544
1100 Seltjarnarneskaupstaður	56.860	62.423	20.296	50.899	52.938	46.832	54.594	62.527	76.544	80.102
1300 Garðabær	96.426	107.769	36.747	94.096	100.429	77.027	97.279	120.370	150.498	208.507
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	0	0	0	0	0	147.983	175.959	211.217	266.929	253.841
1603 Bessastaðahreppur	3.609	4.221	0	0	0	13.088	15.917	17.687	24.861	26.805
1604 Mosfellsbær	18.034	4.145	4.716	38.364	9.713	58.696	70.202	75.891	116.041	105.098
1606 Kjósarhreppur	0	0	0	0	0	0	854	54	59	59
2000 Reykjanesbær	34.281	0	0	55.831	57.464	78.233	90.635	72.585	89.304	96.556
2300 Grindavíkurkaupstaður	0	0	0	12.264	0	35.369	45.753	15.408	21.960	23.001
2503 Sandgerðisbær	3.049	1.727	1.937	8.584	8.609	29.719	31.085	13.422	36.530	29.658
2504 Gerðahreppur	3.433	0	0	5.985	6.255	11.791	14.362	9.510	12.900	13.195
2506 Vatnsleysustrandarhreppur	0	0	0	0	0	4.742	6.649	4.836	7.711	8.808
3000 Akraneskaupstaður	0	0	0	0	0	65.523	67.001	37.391	48.867	51.482
3501 Hvalfjarðarstrandarhreppur	364	1.585	3.191	4.418	4.000	3.236	16.621	14.811	3.944	4.507
3502 Skilmannahreppur	1.364	1.498	2.733	3.602	3.747	15.673	35.038	31.051	1.410	1.530
3503 Innri-Akraneshreppur	341	399	407	986	976	891	1.035	543	931	1.019
3504 Leirár- og Melahreppur	0	0	300	347	49	1.129	1.288	979	1.138	1.391
3506 Skorradalshreppur	462	448	1.009	1.402	1.399	1.225	1.607	1.676	2.102	2.551
3510 Borgarfjarðarsveit	0	0	0	0	0	7.255	10.131	5.972	8.538	8.988
3601 Hvítársíðuhreppur	0	0	0	0	0	518	813	700	1.182	1.058
3609 Borgarbyggð	0	0	0	0	0	24.945	29.319	17.984	31.818	25.069
3701 Kolbeinsstaðahreppur	184	181	771	1.091	823	1.517	817	524	1.132	629
3709 Grundarfjarðarbær	0	0	0	0	0	10.731	13.032	5.083	5.599	6.320
3710 Helgafellssveit	0	0	460	701	755	778	904	523	662	680
3711 Stykkishólmsbær	0	0	0	0	0	7.940	9.225	5.226	6.036	6.195
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	146	45	0	494	587	1.953	2.238	821	1.228	1.253
3714 Snæfellsbær	0	0	0	0	0	17.006	16.962	9.683	12.389	12.614
3809 Saurbæjarhreppur	0	0	0	0	0	900	1.010	0	220	6
3811 Dalabyggð	350	378	0	258	258	8.174	9.627	5.827	7.545	7.682
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	0	0	0	0	0	11.266	13.125	7.454	7.509	7.599
4200 Ísafjarðarbær	5.425	0	0	0	0	31.635	31.766	21.383	30.764	29.578
4502 Reykhólahreppur	0	0	0	0	0	1.697	1.918	940	1.292	1.340
4604 Tálknafjarðarhreppur	223	230	0	1.713	201	4.217	4.621	2.657	3.044	1.924
4607 Vesturbyggð	0	0	0	0	0	6.222	7.116	2.625	2.675	2.737
4803 Súðavíkurhreppur	0	0	0	0	0	2.653	2.922	1.714	1.896	1.861
4901 Árneshreppur	0	0	0	0	0	419	495	139	141	170
4902 Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	0	1.742	2.123	1.187	1.167	1.245
4904 Hólmavíkurhreppur	0	0	0			4.367	5.723	3.202		
4905 Kirkjubólshreppur	14	13	82			548	690	191		
4908 Bæjarhreppur	131	140	502	900	971	1.874	2.064	1.204	1.315	1.375
4909 Broddaneshreppur	0	0	0	256	258	509	537	262	290	424
4910 Hólmavíkurhreppur				0	0				3.321	3.313
5000 Siglufjarðarkaupstaður	0	0	0	0	0	8.865	12.216	5.402	5.664	5.927

	Aukning útsvarstekna m.v. fullnýtingu heimildar á álagningarstofna					Aukning fasteignaskattstekna m.v. fullnýtingu heimildar á álagningarstofna, þús. kr.				
	1999	2000	2001	2002	2003	1999	2000	2001	2002	2003
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	0	0	0	0	0	34.135	37.987	23.844	21.895	24.367
5508 Húnaþing Vestra	0	0	4.824	5.152	0	14.536	18.487	11.011	12.745	13.059
5601 Áshreppur	157	175	187	458	479	1.284	1.435	998	1.099	1.131
5602 Sveinsstaðahreppur	219	255	282	657	706	967	1.068	789	1.114	1.186
5603 Torfalækjarhreppur	389	327	375	287	282	1.855	2.032	1.111	1.266	1.221
5604 Blönduósbær	0	0	0	0	0	9.244	10.153	5.346	5.583	5.723
5605 Svínavatnshreppur	652	784	831	1.381	1.212	5.626	6.519	6.123	655	549
5606 Bólstaðarhlíðarhreppur	325	89	354	288	280	852	1.381	717	795	856
5607 Engihlíðarhreppur	168	180	0			856	947	632		
5608 Vindhælishreppur	86	86	383			409	415	495		
5609 Höfðahreppur	0	0	0	0	0	4.829	6.782	2.517	2.712	2.673
5610 Skagahreppur	18	22	156			327	474	337		
5611 Skagabyggð				551	591				1.237	1.282
5706 Akrahreppur	0	0	0	0	0	2.308	2.620	713	767	819
6000 Akureyrarkaupstaður	36.510	39.872	0	0	0	113.756	128.457	121.367	162.849	169.702
6100 Húsavíkurkaupstaður	0	0	0	0	0	14.952	19.038	12.020	14.169	12.736
6200 Ólafsfjarðarbær	0	0	0	0	0	8.339	9.204	3.647	4.095	4.212
6400 Dalvíkurbyggð	0	0	0	0	0	18.603	19.528	11.416	12.975	12.710
6501 Grímseyjarhreppur	0	0	0	0		1.079	1.299	1.466	676	805
6504 Hríseyjarhreppur	0	0	0	0	0	1.260	1.412	381	402	409
6506 Arnarneshreppur	297	332	478	836	870	1.578	2.197	1.220	1.475	1.802
6507 Skriðuhreppur	404	395				1.188	1.349			
6508 Öxnadalshreppur	20	20				377	419			
6509 Glæsibæjarhreppur	130	0				2.442	2.429			
6513 Eyjafjarðarsveit	2.794	3.182	0	4.163	4.356	8.951	10.977	6.173	7.929	8.225
6514 Hörgárbyggð			893	1.085	1.142			3.332	4.572	4.706
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	1.497	1.684	892	4.490	5.043	2.716	4.551	4.196
6602 Grýtubakkahreppur	0	0	0	0	0	3.217	3.827	2.167	3.134	3.170
6604 Hálshreppur	0	0	0			960	1.110	844		
6605 Ljósavatnshreppur	0	0	0			1.306	1.976	816		
6606 Bárðdælahreppur	0	0	0			1.026	1.168	395		
6607 Skútustaðahreppur	941	996	0	0	0	6.845	7.916	1.849	5.467	4.730
6608 Reykdælahreppur	52	55	0			3.373	4.222	1.053		
6609 Aðaldælahreppur	0	0	0	0	0	2.414	2.782	0	0	0
6610 Reykjahreppur	405	0	355			2.264	2.072	1.634		
6611 Tjörneshreppur	123	129	139	164	145	768	871	472	517	1.291
6612 Þingeyjarsveit				0	0				3.612	3.702
6701 Kelduneshreppur	0	0	0	0	0	1.616	1.842	770	863	817
6702 Öxarfjarðarhreppur	0	0	0	0	0	4.632	5.622	2.938	3.150	3.137
6705 Raufarhafnarhreppur	0	0	0	0	0	4.388	2.893	0	0	0
6706 Svalbarðshreppur	328	392	428	953	1.073	945	1.235	746	800	886
6707 Þórshafnarhreppur	0	0	0	0	0	3.398	4.121	1.507	2.040	1.812
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	0	0	0	0	0	4.863	5.667	3.333	3.747	3.709
7300 Fjarðabyggð	2.974	0	0	0	0	18.782	22.163	14.642	14.469	13.961
7501 Skeggjastaðahreppur	0	0	0	0	0	1.525	1.746	786	-89	988
7502 Vopnafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	5.555	6.528	3.709	3.948	4.060
7505 Fljótsdalshreppur	0	0	0	0	0	866	1.047	219	229	234
7506 Fellahreppur	0	0	0	0	0	3.205	3.841	2.312	2.652	2.491
7509 Borgarfjarðarhreppur	0	0	0	0	0	1.927	2.292	988	1.245	1.286
7512 Norður-Hérað	129	0	1.210	1.012	290	2.881	3.364	1.684	2.060	1.051
7605 Mjóafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	114	155	131	144	167
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	0	0	0	285	224	523	601	271	279	274
7611 Búðahreppur	0	0	0	0		4.434	5.178	2.461	1.189	
7612 Stöðvarhreppur	0	0	0	0		2.703	3.164	574	566	
7613 Breiðdalshreppur	0	0	0	0	0	2.740	4.346	1.019	2.074	1.719
7617 Djúpavogshreppur	0	0	0	0	0	4.662	5.376	2.449	3.603	3.434
7618 Austur-Hérað	0	0	0	0	0	12.674	15.422	8.359	10.054	9.683
7619 Austurbyggð					0					1.737
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	0	0	0	0	0	28.635	34.366	18.026	20.834	14.850
8000 Vestmannaeyjabær	6.110	0	0	0	0	42.975	49.865	33.578	42.330	42.901
8200 Sveitarfélagið Árborg	0	0	0	0	0	47.636	58.049	47.584	58.822	49.688
8508 Mýrdalshreppur	0	0	0	0	0	6.222	7.148	0	0	0
8509 Skaftárhreppur	2.872	285	0	0	0	6.602	5.260	3.222	3.626	3.652

	Aukning útsvarstekna m.v. fullnýtingu heimildar á álagningarstofna					Aukning fasteignaskattstekna m.v. fullnýtingu heimildar á álagningarstofna, þús. kr.				
	1999	2000	2001	2002	2003	1999	2000	2001	2002	2003
8601 A-Eyjafjallahreppur	331	329	775			1.323	1.547	1.673		
8602 V-Eyjafjallahreppur	223	279	836			2.037	2.295	1.707		
8603 A-Landeyjahreppur	0	0	1.207			1.631	1.834	1.304		
8604 V-Landeyjahreppur	310	300	333			1.587	1.724	815		
8605 Fljótshlíðarhreppur	0	0	685			2.650	3.150	2.727		
8606 Hvolhreppur	0	0	0			11.883	15.315	6.980		
8607 Rangárvallahreppur	0	0	0			6.198	11.053	7.036		
8610 Ásahreppur	1.103	1.270	2.578	3.117	3.470	7.995	9.749	1.820	2.095	2.332
8611 Djúpárhreppur	118	129	2.014			9.633	11.054	3.523		
8612 Holta- og Landsveit	191	214	1.899			4.916	6.008	4.364		
8613 Rangárþing eystra				842	857				15.270	16.007
8614 Rangárþing ytra				12.306	12.630				15.147	16.501
8701 Gaulverjabæjarhreppur	45	46	0	480	461	1.207	1.345	472	555	1.282
8706 Hraungerðishreppur	0	0	0	0	0	1.723	1.899	1.053	865	926
8707 Villingaholtshreppur	0	0	0	0	0	1.686	1.914	700	891	1.008
8708 Skeiðahreppur	0	0	0			2.595	2.766	485		
8709 Gnúpverjahreppur	1.326	0	0			14.136	9.526	5.590		
8710 Hrunamannahreppur	0	0	0	0	0	6.288	7.711	2.273	2.621	2.989
8711 Biskupstungnahreppur	0	0	0			6.307	7.250	3.274		
8712 Laugardalshreppur	0	0	0			2.470	3.136	1.137		
8714 Þingvallahreppur	27	25	406			1.465	1.750	624		
8716 Hveragerðisbær	0	0	0	1.033	1.067	21.632	18.516	14.168	20.906	19.162
8717 Sveitarfélagið Ölfus	12.916	13.958	7.101	8.525	8.709	23.480	29.883	23.213	23.959	26.366
8719 Grímsnes- og Grafningshr.	0	0	2.768	4.561	4.823	11.680	13.781	8.340	10.188	12.516
8720 Skeiða- og Gnúpv.hreppur				0	0				2.880	3.016
8721 Bláskógabyggð				799	0				6.547	7.661

Tafla II.

	Hlutfall útsvarstekna af skatttekjum skv. ársreikningum sveitarfélaga					Hlutfall fasteignaskattstekna af skatttekjum skv. ársreikningum sveitarfélaga				
	1999	2000	2001	2002	2003	1999	2000	2001	2002	2003
0000 Reykjavíkurborg	85%	83%	84%	81%	81%	15%	17%	16%	17%	17%
1000 Kópavogsbær	89%	88%	88%	83%	83%	10%	11%	11%	14%	15%
1100 Seltjarnarneskaupstaður	89%	88%	88%	85%	85%	9%	10%	9%	9%	9%
1300 Garðabær	87%	86%	88%	83%	85%	10%	11%	11%	11%	10%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	80%	80%	80%	79%	79%	12%	12%	13%	12%	13%
1603 Bessastaðahreppur	74%	75%	78%	76%	79%	7%	8%	7%	7%	7%
1604 Mosfellsbær	83%	81%	84%	80%	78%	9%	9%	9%	10%	11%
1606 Kjósarhreppur	49%	46%	48%	44%	50%	26%	24%	21%	22%	20%
2000 Reykjanesbær	85%	83%	83%	81%	77%	12%	12%	8%	8%	9%
2300 Grindavíkurkaupstaður	77%	75%	72%	69%	70%	13%	14%	12%	12%	12%
2503 Sandgerðisbær	59%	57%	58%	48%	50%	31%	34%	21%	29%	31%
2504 Gerðahreppur	69%	70%	68%	67%	68%	7%	7%	5%	6%	7%
2506 Vatnsleysustrandarhreppur	65%	63%	61%	58%	60%	8%	8%	6%	7%	7%
3000 Akraneskaupstaður	84%	82%	80%	81%	80%	10%	11%	9%	9%	9%
3501 Hvalfjarðarstrandarhreppur	42%	39%	39%	34%	31%	44%	49%	33%	39%	38%
3502 Skilmannahreppur	35%	30%	28%	26%	31%	59%	59%	49%	54%	57%
3503 Innri-Akraneshreppur	73%	69%	69%	74%	63%	7%	7%	3%	3%	4%
3504 Leirár- og Melahreppur	61%	61%	56%	55%	59%	9%	9%	7%	8%	9%
3506 Skorradalshreppur	54%	50%	47%	42%	44%	40%	47%	43%	43%	48%
3510 Borgarfjarðarsveit	48%	51%	51%	52%	45%	13%	15%	8%	11%	9%
3601 Hvítársíðuhreppur	39%	33%	35%	35%	34%	12%	12%	10%	9%	8%
3609 Borgarbyggð	65%	65%	65%	61%	60%	14%	14%	11%	10%	11%
3701 Kolbeinsstaðahreppur	39%	37%	30%	28%	29%	10%	9%	6%	7%	6%
3709 Grundarfjarðarbær	64%	63%	61%	58%	60%	8%	9%	5%	10%	7%
3710 Helgafellssveit	57%	64%	71%	68%	54%	9%	10%	7%	8%	6%
3711 Stykkishólmsbær	72%	72%	74%	73%	68%	10%	11%	7%	13%	8%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	46%	49%	50%	51%	57%	11%	14%	9%	11%	9%
3714 Snæfellsbær	70%	69%	71%	64%	65%	12%	14%	5%	8%	8%
3809 Saurbæjarhreppur	**	**	38%	40%	39%	**	**	6%	8%	9%
3811 Dalabyggð	57%	53%	52%	51%	52%	11%	13%	7%	8%	7%

		Hlutfall útsvarstekna af skatttekjum skv. ársreikningum sveitarfélaga					Hlutfall fasteignaskattstekna af skatttekjum skv. ársreikningum sveitarfélaga				
		1999	2000	2001	2002	2003	1999	2000	2001	2002	2003
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	71%	69%	72%	69%	70%	12%	12%	6%	7%	6%
4200	Ísafjarðarbær	69%	70%	68%	68%	68%	12%	15%	8%	14%	8%
4502	Reykhólahreppur	52%	53%	54%	51%	49%	12%	12%	6%	13%	7%
4604	Tálknafjarðarhreppur	64%	65%	62%	57%	58%	10%	11%	5%	5%	6%
4607	Vesturbyggð	63%	61%	56%	57%	56%	13%	14%	7%	6%	6%
4803	Súðavíkurhreppur	52%	46%	**	46%	56%	14%	15%	**	7%	7%
4901	Árneshreppur	51%	47%	43%	46%	46%	13%	16%	11%	11%	11%
4902	Kaldrananeshreppur	62%	58%	57%	68%	61%	8%	9%	4%	0%	4%
4904	Hólmavíkurhreppur	61%	61%	59%			9%	11%	6%		
4905	Kirkjubólshreppur	**	55%	39%			**	14%	7%		
4908	Bæjarhreppur	70%	71%	73%	67%	64%	10%	11%	6%	5%	6%
4909	Broddaneshreppur	55%	46%	43%	46%	42%	8%	8%	5%	6%	5%
4910	Hólmavíkurhreppur				48%	55%				5%	6%
5000	Siglufjarðarkaupstaður	70%	69%	68%	65%	65%	12%	13%	7%	8%	9%
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	64%	63%	64%	62%	64%	12%	13%	8%	8%	8%
5508	Húnaþing Vestra	52%	51%	53%	52%	52%	11%	12%	7%	7%	7%
5601	Áshreppur	51%	48%	46%	42%	31%	13%	12%	8%	6%	6%
5602	Sveinsstaðahreppur	44%	51%	52%	57%	46%	7%	7%	6%	7%	6%
5603	Torfalækjarhreppur	55%	68%	62%	64%	58%	16%	19%	16%	9%	10%
5604	Blönduósbær	62%	62%	63%	60%	54%	16%	17%	8%	8%	7%
5605	Svínavatnshreppur	30%	32%	33%	31%	28%	55%	56%	45%	45%	47%
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	51%	47%	41%	38%	29%	6%	7%	5%	5%	3%
5607	Engihlíðarhreppur	76%	71%	68%			11%	11%	7%		
5608	Vindhælishreppur	**	**	51%			**	**	9%		
5609	Höfðahreppur	73%	75%	74%	67%	70%	9%	9%	6%	6%	6%
5610	Skagahreppur	42%	39%	37%			6%	5%	3%		
5611	Skagabyggð				40%	36%				4%	4%
5706	Akrahreppur	**	**	**	**	46%	**	**	**	**	5%
6000	Akureyrarkaupstaður	82%	80%	78%	76%	75%	13%	14%	11%	11%	10%
6100	Húsavíkurkaupstaður	71%	70%	68%	65%	67%	12%	12%	8%	8%	7%
6200	Ólafsfjarðarbær	73%	71%	70%	71%	73%	9%	11%	7%	6%	7%
6400	Dalvíkurbyggð	66%	62%	60%	63%	64%	10%	12%	7%	7%	7%
6501	Grímseyjarhreppur *	**	**	**	76%		**	**	**	4%	
6504	Hríseyjarhreppur	57%	50%	53%	56%	56%	12%	14%	8%	10%	8%
6506	Arnarneshreppur	67%	71%	64%	**	59%	9%	8%	4%	**	4%
6507	Skriðuhreppur	67%	52%				13%	9%			
6508	Öxnadalshreppur	44%	**				9%	**			
6509	Glæsibæjarhreppur	63%	**				19%	**			
6513	Eyjafjarðarsveit	58%	58%	59%	52%	53%	7%	7%	4%	4%	4%
6514	Hörgárbyggð			56%	56%	52%			9%	9%	8%
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	58%	58%	60%	53%	55%	10%	10%	5%	4%	5%
6602	Grýtubakkahreppur	73%	73%	70%	69%	67%	9%	10%	4%	5%	5%
6604	Hálshreppur	45%	44%	48%			11%	12%	7%		
6605	Ljósavatnshreppur	45%	48%	46%			13%	11%	6%		
6606	Bárðdælahreppur	56%	42%	44%			8%	7%	5%		
6607	Skútustaðahreppur	51%	52%	53%	55%	56%	15%	15%	10%	10%	11%
6608	Reykdælahreppur	**	57%	57%			**	10%	7%		
6609	Aðaldælahreppur	54%	55%	52%	55%	53%	18%	19%	13%	14%	13%
6610	Reykjahreppur	70%	61%	60%			18%	18%	11%		
6611	Tjörneshreppur	50%	48%	40%	54%	45%	5%	6%	3%	3%	3%
6612	Þingeyjarsveit				44%	43%				6%	6%
6701	Kelduneshreppur	55%	57%	56%	61%	61%	19%	18%	9%	8%	7%
6702	Öxarfjarðarhreppur	53%	47%	48%	51%	46%	11%	11%	6%	49%	6%
6705	Raufarhafnarhreppur	68%	60%	49%	59%	51%	14%	18%	7%	10%	10%
6706	Svalbarðshreppur	46%	43%	48%	50%	46%	6%	5%	3%	3%	3%
6707	Þórshafnarhreppur	71%	60%	60%	62%	62%	15%	16%	8%	10%	9%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	68%	66%	63%	60%	61%	16%	17%	12%	12%	14%
7300	Fjarðabyggð	73%	71%	70%	73%	74%	13%	14%	8%	8%	8%
7501	Skeggjastaðahreppur	73%	70%	59%	71%	69%	8%	8%	3%	4%	4%
7502	Vopnafjarðarhreppur	62%	63%	65%	67%	67%	13%	13%	6%	7%	7%
7505	Fljótsdalshreppur	39%	40%	42%	39%	56%	6%	8%	5%	4%	3%
7506	Fellahreppur	55%	53%	55%	48%	54%	9%	11%	6%	5%	5%
7509	Borgarfjarðarhreppur	46%	56%	57%	55%	55%	7%	9%	3%	3%	4%

	Hlutfall útsvarstekna af skatttekjum skv. ársreikningum sveitarfélaga					Hlutfall fasteignaskattstekna af skatttekjum skv. ársreikningum sveitarfélaga				
	1999	2000	2001	2002	2003	1999	2000	2001	2002	2003
7512 Norður-Hérað	43%	41%	43%	40%	46%	5%	6%	3%	3%	5%
7605 Mjóafjarðarhreppur	76%	62%	57%	64%	65%	4%	4%	2%	2%	2%
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	49%	38%	36%	43%	60%	8%	9%	5%	5%	5%
7611 Búðahreppur	62%	65%	65%	65%		16%	15%	8%	10%	
7612 Stöðvarhreppur	**	**	57%	54%		**	**	7%	7%	
7613 Breiðdalshreppur	49%	50%	51%	52%	58%	10%	10%	5%	6%	1%
7617 Djúpavogshreppur	58%	59%	60%	59%	65%	9%	10%	6%	6%	0%
7618 Austur-Hérað	64%	63%	64%	64%	63%	12%	12%	8%	9%	8%
7619 Austurbyggð					60%					8%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	67%	63%	61%	63%	61%	10%	10%	7%	7%	8%
8000 Vestmannaeyjabær	78%	78%	77%	78%	77%	13%	13%	8%	7%	8%
8200 Sveitarfélagið Árborg	77%	77%	77%	73%	71%	15%	15%	11%	12%	12%
8508 Mýrdalshreppur	58%	56%	55%	50%	53%	13%	14%	9%	10%	10%
8509 Skaftárhreppur	49%	49%	49%	46%	48%	11%	13%	7%	9%	9%
8601 A-Eyjafjallahreppur	51%	45%	46%			8%	9%	5%		
8602 V-Eyjafjallahreppur	42%	36%	42%			7%	7%	4%		
8603 A-Landeyjahreppur	43%	41%	40%			8%	9%	4%		
8604 V-Landeyjahreppur	69%	59%	55%			12%	13%	8%		
8605 Fljótshlíðarhreppur	62%	50%	51%			9%	10%	7%		
8606 Hvolhreppur	71%	71%	69%			13%	15%	9%		
8607 Rangárvallahreppur	66%	69%	69%			15%	15%	9%		
8610 Ásahreppur	33%	32%	30%	29%	28%	64%	64%	43%	44%	57%
8611 Djúpárhreppur	39%	45%	41%			40%	37%	28%		
8612 Holta- og Landsveit	54%	59%	62%			12%	13%	9%		
8613 Rangárþing eystra				57%	51%				0%	7%
8614 Rangárþing ytra				54%	53%				12%	14%
8701 Gaulverjabæjarhreppur	44%	51%	41%	40%	40%	9%	10%	5%	5%	6%
8706 Hraungerðishreppur	52%	52%	53%	56%	53%	15%	14%	10%	11%	11%
8707 Villingaholtshreppur	46%	49%	55%	52%	51%	8%	11%	6%	7%	8%
8708 Skeiðahreppur	53%	57%	57%			12%	14%	9%		
8709 Gnúpverjahreppur	44%	42%	35%			33%	40%	40%		
8710 Hrunamannahreppur	51%	48%	47%	44%	44%	13%	14%	10%	10%	11%
8711 Biskupstungnahreppur	54%	56%	57%			19%	21%	17%		
8712 Laugardalshreppur	57%	53%	54%			21%	20%	18%		
8714 Þingvallahreppur	52%	46%	41%			47%	54%	52%		
8716 Hveragerðisbær	67%	66%	68%	65%	63%	10%	12%	8%	8%	8%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	71%	70%	71%	66%	67%	13%	15%	10%	10%	11%
8719 Grimsnes- og Grafningshreppur	42%	40%	34%	32%	33%	48%	54%	47%	45%	48%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur				37%	39%				28%	31%
8721 Bláskógabyggð				46%	46%				20%	21%

* Ársreikningur 2003 hefur ekki borist ráðuneytinu.
** Upplýsingar vantar eða sundurliðun skatttekna ekki fyrirliggjandi.

266. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um stuðning stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa í samráði við landbúnaðarráðherra starfshóp er fái það hlutverk að gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stutt íslenska matreiðslumenn í þeirri viðleitni að auka útflutning á þekkingu þeirra og matargerðarlist en auka um leið útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum, svo sem kjöti, grænmeti og

mjólkurafurðum, en einnig fiski og fiskafurðum og fullunnum matvælum. Verkefni starfshópsins verði að:

1. Leggja mat á árangur sem íslenskir matreiðslumenn hafa þegar náð á erlendri grund og hvernig hann hefur náðst.
2. Leggja mat á hvort stjórnvöld geta stuðlað að frekari árangri á þessu sviði og gera tillögur um hvernig auka má útflutning á þekkingu og færni íslenskra matreiðslumanna.
3. Gera tillögur um hvernig auka megi útflutning íslensks hráefnis og fullunninna matvæla í tengslum við framangreint.

Greinargerð.

Íslenskir matreiðslumenn hafa sýnt það og sannað að þeir eru fagmenn á heimsmælikvarða, um það bera fjölmörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar vitni. Góður árangur þeirra getur orðið íslensku þjóðinni mikils virði ef rétt er á haldið. Með honum hefur hugsanlega verið lagður grunnur að nýjum landvinningum þeirra og auknum útflutningi á íslensku hráefni og unnum matvörum. Starf þeirra hefur einnig mikið gildi af því að hluti af ferðamennsku nútímans er að njóta matarins í viðkomandi löndum. Íslenskt hráefni er í sérflokki, hvort heldur um er að ræða fisk, kjöt, mjólkurafurðir eða grænmeti, og ef hráefnið er meðhöndlað af snilld margfaldar það gildi sitt.

Benda má á að íslenskir matreiðslumeistarar geta unnið uppeldis- og forvarnastarf og lagt á ráðin um hollt mataræði. Athyglisverðir sjónvarpsþættir voru gerðir í samstarfi matreiðslumanna og ríkissjónvarpsins þar sem ungu fólki var kennd matreiðsla. Sömuleiðis má nefna mikilvægt starf bænda og samvinnu þeirra við matreiðslumenn við framleiðslu á landbúnaðarvöru, hvort heldur er hefðbundna, vistvæna eða lífræna.

Klúbbur matreiðslumeistara tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi á Norðurlöndum, í Evrópu og á alþjóðavísu.

Flutningsmaður tillögu þessarar hvetur stjórnvöld, framleiðendur, ferðaþjónustuaðila og forsvarsmenn annarra fyrirtækja til að gefa gaum mikilvægu starfi þessara samtaka að eflingu og kynningu á Íslandi og matvælum sem eru í sérflokki hvað gæði og hreinleika snertir.

267. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili áliti innan árs.

Greinargerð.

Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. Í spá, sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030, kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið 19%. Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins

aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert. Þá fækkar mjög í hópi vinnandi fólks.

Af þessum sökum hafa víða á Vesturlöndum verið gerðar miklar rannsóknir á þeim breytingum á aldursskiptingu sem eru fyrirsjáanlegar næstu áratugi og stafa af því að sífellt fleiri ná háum aldri, m.a. vegna framfara í læknisfræði og betri aðbúnaðar, og ber að sjálfsögðu að gleðjast yfir því.

Umræðan um vandamál er fylgja breyttri aldursskiptingu þjóðarinnar snertir ýmsa viðkvæma þætti í lífi aldraða. Enginn má skilja þá umræðu svo að verið sé að hnýta í aldraða. Miklu heldur er tillaga þessi lögð fram til þess að tryggja afkomu aldraðra og þjónustu samfélagsins við þá. Flestir eiga fyrir höndum að ná háum aldri og þurfa að gera sér grein fyrir þeim breytingum á eigin lífi og í þjóðfélaginu sem fram undan eru. Vaxandi kostnaður heilbrigðisþjónustunnar og lífeyriskerfisins er vandi þjóðarinnar allrar. Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita sameiginlegra lausna eins og aðrar þjóðir hafa reynt. Að vísu virðist vera nokkuð djúpt á lausnum, en þó hafa komið fram ýmsar tillögur sem vert er að gaumgæfa.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár. Fyrir 100 árum hefðu fæstir náð þeim aldri sem eftirlaun eru nú miðuð við.

Þrátt fyrir stöðugt hærri meðalaldur verður ekki hjá því komist að líkaminn slitni með aldrinum, sama hvað við reynum að lifa skynsamlega og hversu góð heilbrigðisþjónustan er. Kvillarnir herja mismikið á fólk og eftir því sem það nær hærri aldri aukast líkurnar á þörf fyrir samfélagslega aðstoð. Kostnaður þjóðfélagsins við þá aðstoð verður meiri eftir því sem fjölgar í þeim hópi sem nær háum aldri, og eins og horfur eru nú í flestum vestrænum löndum mun háöldruðum fjölga gífurlega á næstu árum og áratugum.

Á síðari hluta þessarar aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn og stundum talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Eftirlaunakerfið hefur hins vegar reynst nokkuð dýrt og stjórnvöld hafa víða borið sig illa. Flestum er ljóst að kostnaðurinn á eftir að aukast gífurlega. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meir sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður undan því vikist að skoða áhrif þess á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi víða um heim. Reiknað hefur verið út að árið 2030 geti staðan orðið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins verði tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega, aldurshópar komi til með að takast á um skiptingu fjármagns og öll fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið. Einnig hefur verið bent á að breyttri aldursskipan fylgja pólitískar breytingar. Aldraðir hafa víða styrkt mjög stöðu sína með hvers konar félagsstarfsemi sem hefur það meginmarkmið að hafa áhrif á ákvarðanir löggjafarvaldsins í málefnum aldraðra og er það vel.

Ýmsir vilja draga úr alvarlegum afleiðingum breyttrar aldursskiptingar sem verður áberandi fljótlega eftir aldamót, en svartsýnar spár hafa haft þau jákvæðu áhrif að stjórnvöld og einstaklingar eru farin að skoða áhrif breytinganna og leita leiða til að bregðast við þeim.

Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa nú 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsenda fyrir því að það sé hægt er að sjá áhrifin fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir. Því er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál. Það hlýtur að vera skylda komandi kynslóða að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

268. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á sviði landverndar og landgræðslu.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á Íslandi sem hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á hnignun lands, jarðvegsrofi og endurheimt landgæða. Rannsóknamiðstöðin hafi jafnframt það hlutverk að miðla þekkingu á þessu sviði, m.a. til vísindamanna frá þróunarlöndum. Rannsóknamiðstöðin verði í Gunnarsholti.

Greinargerð.

Ísland hefur þá sérstöðu að fáar ríkar þjóðir hafa glatað jafnstórum hluta af þeim auðlindum sem felast í gróðri og jarðvegi. Íslendingar eiga sér jafnframt óvenjulanga sögu hvað varðar stöðvun jarðvegseyðingar og endurreisn landgæða. Landgræðsla ríkisins er elsta stofnun heims á þessu sviði, en skipuleg barátta gegn uppblæstri lands hófst hér á landi árið 1907, áratugum á undan öðrum löndum. Mikil þekking og reynsla hefur safnast saman um leiðir til að stöðva jarðvegsrof og endurreisa landkosti. Við eigum því miklu að miðla til annarra þjóða á þessum sviðum. Það kom m.a. vel í ljós þegar verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um rannsóknir á jarðvegsrofi og leiðir til að „lesa landið“ fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1998.

Hnignun landgæða er gríðarlegt vandamál í heiminum. Þessi vandi vex stöðugt og mun hafa mikil áhrif á ástand heimsmála næstu árin ef ekki tekst að efla varnir gegn eyðingaröflunum og vinna af meiri krafti að landbótum. Vandamálin eru erfiðust þar sem hagur íbúanna er bágastur, á jaðarsvæðum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Vegna aðstæðna hér á landi hafa Íslendingar óvenjugóðar aðstæður til að rannsaka landhnignun og leiðir til úrbóta miðað við t.d. aðrar Evrópuþjóðir. Ísland staðfesti sáttmálann um varnir gegn eyðimerkurmyndun árið 1997. Íslendingar hafa samt sem áður ekki tekið nægjanlega virkan þátt í slíku starfi á alþjóðavettvangi sem er í mótsögn við mikla þekkingu okkar á þessu sviði. Íslendingar eru öflugir þátttakendur í alþjóðlegu starfi á öðrum sviðum þar sem sérstaða landsins er mikil, t.d. í tengslum við eldvirkni, jarðhita og fiskveiðar. Þetta samstarf veitir bæði hvatningu og leiðsögn um það hvernig unnt er að nýta sérstöðu Íslands hvað varðar vernd og endurreisn landkosta í alþjóðlegu samstarfi. Mikils er um vert að búa svo að faglegu landgræðslustarfi á Íslandi að unnt sé að taka þátt í öflugu alþjóðlegu vísindasamstarfi á þessu sviði. Einkum er mikilvægt að hingað geti komið sérfræðingar frá þróunarlöndunum til að afla sér þekkingar og nýrra viðhorfa á sviði endurheimtar landgæða.

Til þess að svo megi verða þarf að auka og samræma faglegt starf við verndun og endurreisn landkosta á Íslandi með áherslu á alþjóðlegt samstarf. Því er hér lagt til að komið verði á fót alþjóðlegri rannsóknamiðstöð á þessu sviði. Rannsóknamiðstöðin hefði m.a. bein tengsl við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríksins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Slík miðstöð gæti lagt mikla þekkingu af mörkum til þjóða sem berjast gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs.

269. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á eftir orðunum „tilrauna með efni uppfinningar“ í 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: m.a. rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform.

2. gr.

Lög þessi byggjast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, vegna innleiðingar þess þáttar 8. liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 sem varðar tilteknar rannsóknir og prófanir á einkaleyfisvernduðu efni uppfinningar. Í liðnum er að finna ákvæði sem varðar einkaleyfisvernd, sbr. 6. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 2004/27/EB. Er því lagt til að þessi ákvæði verði innleidd í lög um einkaleyfi sem heyra undir iðnaðarráðherra. Tilskipun 2004/27/EB heyrir hins vegar almennt undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og er einnig gert ráð fyrir breytingu á lyfjalögum vegna hennar.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. einkaleyfalaganna verði óbreytt að því leyti að fram komi að einkaréttur samkvæmt einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar. Hins vegar er lagt til, vegna framangreindrar innleiðingar, að auk þess verði tekið sérstaklega fram að einkarétturinn taki m.a. ekki til rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform, sbr. 1.–4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/83/EB eftir breytingu á henni með 8. lið 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB. Í því felst að framleiðanda samheitalyfs er heimilt að gera hér á landi allar rannsóknir og prófanir og aðrar tengdar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í því skyni að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf án þess að slíkt brjóti gegn einkaleyfisrétti eða vottorðum um viðbótarvernd lyfja. Í einkaleyfalögum er ekki kveðið á um hvaða rannsóknir og prófanir eða aðrar tengdar ráðstafanir séu skilyrði fyrir markaðsleyfi t.d. samheitalyfja og vísast því til viðeigandi laga og reglna hvað það varðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að skýrt verði að einkaréttur lyfja taki ekki til rannsókna og prófana ásamt öðrum tengdum ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

270. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um stöðu hjóna og sambúðarfólks.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Ásta Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Nefndin kanni hvort brögð séu að því að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti.

Skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2005.

Greinargerð.

Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, innkaup o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafana í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Á vef Hagstofu Íslands er þess getið að árið 2002 hafi 1.619 pör gengið í hjónaband hér á landi. Lögskilnaðir voru 524. Samkvæmt hjónavígsluskýrslum 2002 höfðu 89% hjónaefna verið í óvígðri sambúð og nær helmingur þeirra verið í sambúð lengur en fimm ár.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með

hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit er vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð. Slíkt getur aðeins haft óheppileg áhrif.

Fram hefur komið hjá þjónandi prestum á höfuðborgarsvæðinu að þeir viti nokkur dæmi um hjónaskilnaði af ástæðum sem að framan greinir.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Gert er ráð fyrir að skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2005.

271. Fyrirspurn [253. mál]

til heilbrigðisráðherra um komur á heilsugæslustöðvar o.fl.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hefur komum á heilsugæslustöðvar fjölgað og ef svo er, hve mikil er fjölgunin?
2. Hefur komum á bráða- og slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og læknavaktina fækkað og ef svo er, hve mikil er fækkunin?
3. Hvernig skiptast komur á heilsugæslustöðvar á dagvinnutíma og síðdegisvaktir og hver er hlutfallsleg aukning á síðdegisvöktum?
4. Hver er munurinn á kostnaði ríkisins annars vegar og sjúklinga hins vegar af hverri komu sjúklings á heilsugæslustöð, læknavaktina og bráða- og slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss?

272. Fyrirspurn [254. mál]

til utanríkisráðherra um sendiherra.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvað starfa margir sendiherrar í þjónustu íslenska ríkisins og hvert er starfssvið þeirra?
2. Hve margir sendiherrar sitja hér á landi og hver eru verkefni þeirra?

3. Hver voru útgjöld íslenska ríkisins vegna launa og ferðakostnaðar sendiherra í septembermánuði 2004?

Skriflegt svar óskast.

273. Fyrirspurn [255. mál]

til dómsmálaráðherra um lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hvernig hefur verið staðið að sérhæfðri móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis á slysa- og bráðasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt samningi frá 2. maí 2003?
2. Hversu margir þolendur hafa notið þjónustunnar?
3. Eru áform uppi um að efla sérhæfða móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis?

274. Fyrirspurn [256. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mikið hafa bankar og sparisjóðir lánað til fasteignakaupa einstaklinga annars vegar og endurfjármögnunar hins vegar frá 23. ágúst til 1. nóvember og hversu margir voru lántakendur í hvorum flokknum fyrir sig?
2. Hve mikið af heildarlánveitingum til einstaklinga á þessu tímabili var yfir eftirgreindum fjárhæðum og hversu margir lántakendur fengu þau lán:
   a. 12 millj. kr.,
   b. 15 millj. kr.,
   c. 18 millj. kr.?
3. Hver var staðan á yfirdráttarlánum einstaklinga í upphafi þessa árs, 1. september sl. og 1. nóvember sl.?
4. Telur ráðherra að mikil útlán banka og sparisjóða ógni stöðugleika í efnahagslífinu og að bregðast þurfi við til að sporna við þenslu?

Skriflegt svar óskast.

275. Fyrirspurn [257. mál]

til samgönguráðherra um æfingaaksturssvæði.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hvað líður áformum um gerð æfingaaksturssvæðis á suðvesturhorni landsins?

276. Fyrirspurn [258. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur Alcan á Íslandi.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hver eru viðbrögð ráðherra við óskum Alcan á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar um að skattgreiðslur fyrirtækisins taki mið af almennri umgjörð íslenskra skattareglna?

277. Fyrirspurn [259. mál]

til menntamálaráðherra um vinnustaðanám.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hverjar eru niðurstöður tilraunar sem ráðist var í 2002 um nám og kennslu á vinnustað?
2. Hvers er að vænta varðandi tilhögun þessa hluta starfsnáms og hvernig er gert ráð fyrir að fjármögnun vinnustaðanáms verði tryggð til frambúðar?

278. Fyrirspurn [260. mál]

til samgönguráðherra um vegaskrá.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu margir vegir hafa verið teknir af vegaskrá á tímabilinu 1980–2004? Hvað heita þessir vegir og hver er lengd þeirra? Hvernig skiptast þeir milli sveitarfélaga og kjördæma?
2. Hvað ræður því hvort vegur er tekinn af skrá Vegagerðarinnar eða ekki?
3. Er samráð haft við sveitarfélög um brottfall vega af vegaskrá?

Skriflegt svar óskast.

279. Fyrirspurn [261. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um taxta tannlækna.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Getur ráðuneytið fylgst með því hversu há gjöld tannlæknar innheimta hjá sjúklingum sínum fyrir tannlæknaþjónustu?
2. Er hin frjálsa gjaldskrá tannlækna í öllum tilvikum hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðuneytisins? Ef svo er, hversu miklu hærri er hún? Óskað er eftir ónafngreindri sundurliðun eftir öllum tannlæknum, frá sl. áramótum að telja.

Skriflegt svar óskast.

280. Svar [91. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fíkniefni.

1. *Hversu mikið var gert upptækt af fíkniefnum eftir tegundum árin 2002, 2003 og það sem af er árinu 2004 og hvert er götuverðmæti þeirra?*

Þótt spurt sé um *upptæk* fíkniefni er gert ráð fyrir að einnig sé óskað eftir upplýsingum um magn fíkniefna sem lögregla og tollgæsla hafa lagt hald á, enda ódæmt í mörgum málum frá þessu tímabili. Tekið er mið af þessu í yfirliti og umfjöllun hér á eftir.

Í töflu 1 má sjá þau efni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á á árunum 2002 til 2003 og það sem af er þessu ári. Einnig eru upplýsingar um ætlað götuverðmæti efnanna. Miðað er við upplýsingar frá SÁÁ varðandi verð fíkniefnanna og reiknað meðalverð síðustu fjögur árin í götusölu (sbr. töflu 3). Við mat á þessum tölum ber sérstaklega að hafa í huga að ekki er tekið tillit til hreinleika efnanna. Amfetamín og kókaín er að stærstum hluta haldlagt á landamærum og því má gera ráð fyrir að við efnin hefði verið bætt íblöndunarefnum áður en þau hefðu farið í götusölu. Þannig hefði fengist mikið hærra verð fyrir þau en fram kemur í töflu 1.

Tafla 1. Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á árin 2002–2003 og það sem af er þessu ári og ætlað söluverðmæti þeirra.

	2004 (staðan 13. okt.)	2003	2002	Ætlað verðmæti (millj. kr.)*
Hass (g)	34.696,57	54.967,69	57.563,83	279.733
Fræ (g)	62,98	64,15	198,35	
Fræ (stk.)	428,00	857,00	408,00	
Plöntur (stk.)	1.083,00	1.794,00	1.207,00	
Marihuana (g)	1.620,89	3.361,81	1.439,47	
Tóbaksblandað hass (g)	216,33	320,28	159,07	
Kannabislauf (g)	342,61	9.875,32	3.606,76	

	2004 (staðan 13. okt.)	2003	2002	Ætlað verðmæti (millj. kr.)*
Kannabisstönglar (g)	1.501,14	3.677,70	85,65	
Kannabisstönglar (stk.)	14,21			
Amfetamín(g)	15.412,75	2.945,40	7.161,22	102.077
Amfetamín (stk.)	72,00	309,5	109,00	
Amfetamín (ml)	105,40			
Kókaín(g)	2.944,78	1.192,09	1.869,56	66.071
E-tafla (g)	19,95	21,22	6,36	
E-tafla (stk.)	7.433,00	3.189,75	814,50	28.593
Heróín (g)		2,89	0,16	
LSD (stk.)	2.032,00	1	0	
LSD (ml)		0	0	

*Einungis er gefið upp verð fyrir helstu efnisflokkana og fyrirvari settur um hreinleika efnanna.

2. *Hve mikið var gert upptækt af fjármagni og öðrum verðmætum í tengslum við upptöku fíkniefna á þessum árum og hvert renna þau verðmæti?*

Þegar mál fara fyrir dóm og verðmæti eru gerð upptæk rennur andvirði þeirra í ríkissjóð. Á því tímabili sem spurt er um eru allnokkur mál í ákærumeðferð eða rannsókn, þannig að upptaka hefur ekki enn farið fram. Sumu af því sem gert er upptækt er eytt, svo sem áhöldum til fíkniefnaneyslu og eftir atvikum öðru sem ekki eru bein verðmæti. Til að svara fyrirspurninni var leitað eftir upplýsingum hjá lögreglustjórunum. Vegna þess hversu stuttan tíma lögreglustjórarnir höfðu til að svara fyrirspurninni má vera að upplýsingarnar séu ekki algjörlega tæmandi (sjá einnig fskj. I).

Tafla 2. Upptækir fjármunir til ríkissjóðs í tengslum við upptöku fíkniefna árin 2002–2003 og það sem af er þessu ári.

	Peningar, kr.	Önnur verðmæti		Skýring
Blönduós		Gróðurhúsalampar, skotvopn o.fl.		Ekki búið að koma í verð
Bolungarvík	5.000			
Ísafjörður	120.000			
Húsavík	7.000			
Kópavogur	87.000			
Reykjavík	1.865.547			
Selfoss	14.500			
Seyðisfjörður			172.900	Vatnssleði, galli og hjálmur – selt á uppboði
Samtals	**2.099.047**		**172.900**	

3. *Hversu mikið af þeim fíkniefnum sem eru í umferð hér á landi er talið nást og hvernig er samanburðurinn við önnur lönd?*

Erfitt er að meta getu löggæslustofnana til að leggja hald á fíkniefni sem flutt eru inn fyrir landamæri viðkomandi landa og gerir það samanburð milli landa mjög erfiðan. Engar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu viðfangsefni en hafa ber í huga að tengsl milli þess magns sem er lagt hald á og þess sem er í umferð er mjög lítið rætt meðal fræðimanna. Að gefinni þeirri forsendu að eftirspurn eftir fíkniefnum, svo sem kannabisefnum, sé svipuð hér á landi og annars staðar er ekki óvarlegt að álykta að innflutningur efna inn á íslenskan

markað sé hlutfallslega svipaður og í löndunum í kringum okkur. Til að nálgast svar við fyrirspurninni er það magn kannabisefna sem lagt var hald á annars staðar á Norðurlöndum umreiknað miðað við íbúafjölda á Íslandi (mynd 1). Ástæðan fyrir því að kannabisefni eru valin við þennan samanburð er að þetta er algengasta ólöglega fíkniefnið og það efni sem mest er lagt hald á.

Þessi mælikvarði varpar ljósi á það magn fíkniefna sem lagt er hald á en mikilvægt er að skoða þetta í samhengi við aðra þætti, svo sem legu landanna, landamæri, hvort um sé að ræða upprunaland (origin), gegnumstreymisland (transit) eða markaðsland (final destination). Þessi atriði geta skipt verulegu máli þegar eingöngu er stuðst við það magn fíkniefna sem lagt er hald á. Þá geta mál þar sem um mikið magn fíkniefna er að ræða raskað tölfræðinni. Magntölugreining eins og þessi er ein tegund mælinga á árangri en aðrar styðja niðurstöður magntölugreiningarinnar, t.d. fjöldi mála þar sem hald er lagt á fíkniefni og götuverð fíkniefna hér á landi í samhengi við erlenda markaði.

Mynd 1. Magn kannabisefna sem lagt er hald á í fjórum löndum miðað við staðlaðan fjölda íbúa 2000–2003.



Á mynd 1 hefur tölum frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku verið bætt við tölur frá Íslandi og þær stilltar af svo að það sést hversu mörg kíló af kannabisefnum norsk, sænsk og dönsk yfirvöld leggja hald á miðað við hverja 290 þúsund íbúa. Greinilegt er að magn kannabisefna sem lagt var hald á er nokkuð svipað í Noregi og á Íslandi. Árið 2003 varð mikil aukning í Noregi en tölur fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs benda til að mun minna verði tekið af efnum í ár en árið á undan. Danmörk sker sig töluvert úr enda gegnumstreymisland og fer mikið af efnum sem neytt er annars staðar á Norðurlöndum þar í gegn. Árið 2003 komu til dæmis frá Danmörku um 87% þeirra hassefna sem lagt var hald á hér á landi í innflutningsmálum. Það að Danmörk er miðstöð fyrir dreifingu kannabisefna til annarra landa eykur magnið sem lagt er hald á þar í landi miðað við íbúafjölda (meira magn í umferð). Íslenskt dæmi um slík áhrif á tölfræðina er þegar lagt var hald á gríðarlegt magn af e-töflum á Keflavíkurflugvelli á árunum 2000 og 2001. Þessi efni voru ekki ætluð fyrir markað hér á landi heldur voru þau á leið frá Hollandi til Bandaríkjanna.

Magn þeirra efna sem lagt er halt á getur sveiflast mikið milli ára og sést það til að mynda á því að magntölurnar fyrir Danmörku detta niður fyrir 100 kílóin árið 2001 (mynd 1). Því

er mikilvægt að horfa til lengra tímabils í stað þess að túlka niðurstöður einstakra ára. Mynd 1 gefur til kynna að það magn fíkniefna sem íslensk lögregla og tollgæsla leggja hald á sé ekki úr takti við það sem gerist í hinum norrænu ríkjunum. Ef miðað er við að eftirspurn hér á landi sé svipuð og í þessum löndum er ekki óvarlegt að álykta að árangur lögreglu og tollgæslu hér á landi sé nokkuð góður.

Lögreglulið í Evrópu segja almennt að þau nái um 10–15% af þeim efnum sem eru í umferð. Það verður hins vegar að hafa í huga að nánast aldrei eru haldbærar tölur eða gögn notuð við það mat. Erlendir fræðingar sem hafa skrifað um þetta tala oft um 5% af heildarmagni án þess að vitna í tölur eða rökstyðja hlutfallstölur á einn eða annan hátt. Þessar hlutfallstölur byggja eingöngu á ágiskunum um sambandið milli heildarmagns efna og þess efnis sem lagt er hald á. Önnur leið til að áætla stærð markaðarins er að nota neyslukannanir og meta út frá þeim en það er mjög varasamt þar sem það fólk sem notar efnin oft er einnig fólkið sem neyslukannanir ná sjaldnast til.

Á sama tíma og lagt hefur verið hald á aukið magn fíkniefna hér á landi hefur haldlagningum (number of seizures) fjölgað mikið. Þessi alþjóðlegi mælikvarði segir til um hversu oft lögregla eða tollgæsla leggja hald á fíkniefni og er óháður tilviljunarkenndum sveiflum í magni efna. Þetta er því annar mælikvarði á virkni lögreglu og tollgæslu.

Mikla fjölgun á haldlagningarmálum á Íslandi má meðal annars rekja til aukinna áherslna lögreglu á fíkniefnamálaflokkinn á síðustu tveimur árum í framhaldi af umburðarbréfi ríkislögreglustjóra til lögreglustjóranna og Lögregluskóla ríkisins og fundum með yfirmönnum lögreglunnar um land allt. Þannig fjölgaði haldlagningum allra ólöglegra fíkniefna á árinu 2003 frá árinu á undan úr 1.170 í 1.640 og sama þróun er á þessu ári. Eins og sjá má á mynd 2 þá stendur Ísland einnig mjög vel í alþjóðlegum samanburði hvað varðar fjölda haldlagninga á kannabisefnum. Þar eru haldlagningartölur frá Íslandi bornar saman við tölur frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku og þær stilltar af svo samanburður fáist um fjölda haldlagninga á kannabisefnum miðað við hverja 290 þúsund íbúa. Ísland sker sig úr vegna mikillar aukningar haldlagninga og fer hlutfallslega langt yfir hin löndin. Síðan kemur Noregur, þá Danmörk og síðast Svíþjóð.

Mynd 2. Fjöldi haldlagninga á kannabisefnum í fjórum löndum 2000–2003.



Verð fíkniefna á Íslandi er mjög hátt og hefur verið það lengi bæði í samanburði við verð annars staðar á Norðurlöndum og í öðrum löndum Evrópu.

Tafla 3. Grófur samanburður á götuverði ólöglegra fíkniefna milli nokkurra landa.

	Hass g	Amfetamín g	Kókaín g	E-töflur stk.
Ísland	1.900	4.000	11.000	2.500
Bretland	400	1.100	6.000	700
Danmörk	800	2.500	7.000	500–1.200
Noregur	1.200	3.000		1.200
Svíþjóð	800–1.000	1.000–3.000	7.000–9.000	1.000–1.500

*Tölur fyrir Ísland er meðaltalsverð áranna 2000–2003 samkvæmt verðkönnun SÁÁ.

Á Íslandi er götuverð fíkniefna mikið hærra en í Bretlandi þar sem gramm af hassi kostar um 400 krónur á götunni, ein e-tafla um 700 krónur, grammið af amfetamíni um 1.100 krónur og grammið af kókaíni um 6.000 krónur (sbr. töflu 3). Annars staðar á Norðurlöndunum er verðið hærra en í Bretlandi, en samt lægra en á Íslandi. Gramm af hassi kostar í Danmörku um 800 krónur og hefur hækkað mikið á stuttum tíma (sú hækkun er rakin til nýrrar stefnu danskra yfirvalda um að taka harðar á meðhöndlun kannabisefna). Í Svíþjóð er verð á hassi um 800–1.000 krónur grammið, amfetamín kostar milli 1.000 og 3.000 krónur grammið (lægra í stórum borgum, nær okkar verði í minni bæjum), e-taflan kostar um 1.000–1.500 krónur og kókaínið kostar um 7.000–9.000 krónur.

Margir þættir, t.d. staðsetning, hafa áhrif á verðþróun. Í Bandaríkjunum er heróín t.d. dýrara en kókaín, en í Evrópu eru þessi efni á svipuðu verði. Það stafar af fjarlægð milli markaða efnanna og framleiðslulanda. Hátt verð fíkniefna á Íslandi í samanburði við nágrannalöndin og hversu stöðugt það hefur verið síðustu ár, á sama tíma og það hefur verið að lækka víða annars staðar, segir auðvitað töluvert. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða að öflug löggæsla, eða aðrar ráðstafanir stjórnvalda gegn fíkniefnavandanum, sé helsta orsökin fyrir háu verði fíkniefna hér á landi. Líklegt er að hátt verð hér á landi stafi af samspili fjarlægðar íslenska markaðarins frá öðrum löndum og öflugrar löggæslu.

Verð á fíkniefnum getur verið breytilegt frá einum tíma til annars. Þá skipta tengsl viðkomandi inn í fíkniefnaheiminn máli, gæði efnanna, hvaða magn um er að ræða, framboð, eftirspurn og fleira.

Mynd 3. Verðþróun á hassi milli Íslands og Bretlands 2000-2003.



Niðurstaða. Ekki er til neinn ábyggilegur mælikvarði á hlutfall fíkniefna í umferð sem löggæslustofnanir leggja hald á, hvorki hér á landi né annars staðar og er samanburður milli landa því erfiður. Þó má af framansögðu ráða að stjórnvöld á Íslandi standi öðrum þjóðum síst að baki í þessum efnum – og jafnvel að hlutfall þess magns sem tekst að leggja hald á hér á landi sé í hærri kantinum miðað við það sem almennt gerist í sambærilegum löndum Evrópu. Magn kannabisefna sem lagt er hald á, að teknu tilliti til íbúafjölda og annarra forsenda, hátt verð á fíkniefnum og mikill fjöldi haldlagninga fíkniefna styðja að svo sé.

4. Hve margar líkamsárásir og önnur ofbeldisverk má rekja beint til fíkniefnaneyslu?

Tölur um fjölda ofbeldisverka sem rekja má beint til fíkniefnaneyslu eru ekki til, enda þyrfti þá að framkvæma blóðtöku af árásarmanninum í beinu framhaldi af broti. Auk þess þyrfti að rannsaka með hvaða hætti fíkniefnin hefðu stuðlað að ofbeldinu í þeim tilvikum þar sem fíkniefnin komu við sögu. Þá má í þessu sambandi taka fram að oft getur nokkur tími liðið frá því árás átti sér stað og þar til tilkynning berst lögreglu og jafnvel er í fyrstu oft ekki vitað hver árásarmaðurinn er, eða að strax sé hægt að ganga að honum. Einnig þarf að hafa í huga að ólöglegum fíkniefnum kann að hafa verið neytt samhliða áfengi og árásarmenn og þolendur í líkamsárásarmálum eru oft ekki tilbúnir til að tjá sig mikið um fíkniefnabrot í tengslum við önnur brot. Í einhverjum tilvikum, svo sem í alvarlegum ránsbrotum, kunna árásarmenn þó að reyna að skýra eða réttlæta brot sitt sem afleiðingu fíkniefnaneyslu þó svo að ástæðan sé kannski önnur.

Í félagsvísindum almennt er mjög hæpið að leiða megi einhverja skýringaþætti beint af afleiðingum og hrein og klár orsakasambönd fyrirfinnast bara ekki. Allt verður flóknara þegar menn skoða málin nánar. Það er hins vegar greinilega óbeint samband á milli fíkniefnaneyslu og ofbeldis, sérstaklega ef menn skilgreina áfengi sem fíkniefni. Bresk könnunin (British Crime Survey) sýnir t.d. að u.þ.b. fjórðungur ofbeldisverka þar sem gerandi og þolandi þekkjast ekki, eiga sér stað á krám og öldurhúsum. Hins vegar er óvarlegt að ályktа að áfengisneysla orsaki beint ofbeldi þar sem langflestir sem eru ölvaðir á öldurhúsum bæja og borga eru ekki ofbeldishneigðir.

Rannsókn ríkislögreglustjóra árið 2001 vegna ofbeldisbrota á árinu 1999 (*Brot gegn lífi og líkama 1999: Samantekt um líkamsmeiðingar, aðrar en kynferðisbrot*) sýndi svipaðar niðurstöður. Þar kom fram að flest ofbeldisbrot sem tilkynnt eru til lögreglu á höfuðborgarsvæðinu eiga sér stað að næturlagi (57%), um helgar (57%) og í og við skemmtistaði (30%). Um 36% brotanna (á höfuðborgarsvæðinu) eiga sér stað eftir deilur milli manna og um 39% eru fyrirvaralaust ofbeldi. Rannsókn ríkislögreglustjóra studdist einnig við tölur frá slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss um komur sjúklinga vegna ofbeldisbrota og gáfu þau gögn mjög líka mynd og lögreglugögnin um það hvenær vikunnar og sólarhrings ofbeldisbrotin áttu sér stað.

Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á bein áhrif af neyslu kannabis og annarra fíkniefna á ofbeldishegðun einstaklinga, þ.e. lyfjafræðileg áhrif þessara efna á ofbeldishegðun. Sú niðurstaða getur verið vegna þess að rannsóknir taka yfirleitt ekki tillit til aðstæðna og því fáum við ekki samspil vímunnar og umhverfisþátta inn í rannsóknirnar. Örfáar rannsóknir hafa tekið umhverfisþætti inn í rannsóknarsnið sín og hefur t.d. í nokkrum rannsóknum verið sýnt fram á að áfengisneysla eykur ofbeldishegðun sumra í ákveðnum aðstæðum (þegar sumir drukknir einstaklingar standa frammi fyrir pirrandi og ógnandi aðstæðum). Líklegt er því að áfengisneysla hafi áhrif á ofbeldishegðun einhverra en þó verður að hafa í huga að þau áhrif eru alltaf hluti af stærra samhengi og þetta verður aldrei skýringin á ofbeldi almennt í samfélaginu.

Unglingar sem drekka og nota fíkniefni eru einnig líklegri til að beita ofbeldi en aðrir unglingar. Í stað þess að líta á þetta sem orsakasamband og segja að „drykkja unglinga veldur ofbeldishegðun" er miklu líklegra að einhver annar undirliggjandi þáttur útskýri báðar tegundir hegðunar, þ.e. neyslu og ofbeldi. Sú staðreynd að unglingar sem fremja ofbeldisglæpi hafa einnig neytt fíkniefna án þess að fíkniefni í sjálfu sér hvetji með beinum hætti til ofbeldis er ekki skrýtin ef þessar tvær tegundir frávikshegðunar eru skoðaðar sem hluti af áhættulífstíl.

Rannsókn Emils Einarssonar fyrir ríkislögreglustjóra og Nýsköpunarsjóð námsmanna árið 2002 (*Líðan og persónueinkenni grunaðra, vitna og kærenda og viðhorf þeirra til starfshátta lögreglu*) styður þetta. Ástæður sem gefnar voru fyrir að beita ofbeldi voru helst innheimta skulda, að verja sig, eða hefnd. Hjá þeim sem urðu fyrir ofbeldinu var skýringin oftast peningaskuld, vegna hefndar, tilviljunar og að sá sem ofbeldinu beitti vissi ekki hvað hann var að gera.

Mælingar á handteknum einstaklingum (NEW ADAM Project í Englandi) sýna að 60% þeirra sem handteknir eru fyrir líkamsárás mælast (með þvagprufu) hafa neytt einhvers konar fíkniefna (neysla á áfengi er ekki talin með). Það virðist hátt hlutfall en sett í samhengi við að 63% þeirra sem handteknir voru fyrir innbrot í verslunarhúsnæði mældust með einhvers konar fíkniefni í líkamanum sýnir að fíkniefni tengjast ekki stærra hlutfalli ofbeldisbrota en annarra brota. Svipaðar niðurstöður hafa fengist annars staðar á Norðurlöndunum þar sem rannsóknir hafa sýnt að nær 70% ofbeldismanna voru drukkin eða undir áhrifum annarra fíkniefna þegar ofbeldisbrotin voru framin.

Niðurstaða. Ekki er hægt að segja að fíkniefni stuðli beint að ofbeldishegðun, heldur eru þau hluti af slæmum lífsstíl og hafa óbein áhrif á ofbeldi og þá í samhengi við aðra þætti í lífi fólks sem einnig skipta máli í að skilja orsakir ofbeldisglæpa.

5. *Hve margir hafa hlotið dóma fyrir innflutning eða dreifingu fíkniefna árlega sl. þrjú ár og hversu þunga?*

Samkvæmt málaskrá ákæruvaldsins féllu dómar gegn 89 einstaklingum í málum sem stofnað var til árið 2001 vegna innflutnings fíkniefna og/eða sölu og dreifingu fíkniefna. Sambærilegur fjöldi fyrir árið 2002 eru dómar gegn 65 einstaklingum og 77 árið 2003 (tafla 4). Miðað er við það ár er brot fór í ákæru, óháð því hvenær brot var kært til lögreglu eða dómur féll í því.

Tafla 4. Fjöldi einstaklinga sem fóru fyrir dómstóla vegna fíkniefnainnflutnings og/eða sölu og dreifingu fíkniefna 2001–2003, samkvæmt málaskrá ákæruvaldsins.

	2001	2002	2003
Máli lokið með héraðsdómi	81	64	74
Hæstaréttardómur	8	1	3
Samtals	**89**	**65**	**77**

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins voru innkomnir dómar vegna allra fíkniefnabrota 183 árið 2001, 172 árið 2002 og 264 árið 2003 (tafla 5). Af þeim 67 dómum árið 2001 þar sem dæmt var í óskilorðsbundið fangelsi voru 15 dómar vegna stórfellds innflutnings (173. gr. hgl). Árið 2002 voru þeir 13 og 20 árið 2003.

Tafla 5. Fjöldi dóma í fíkniefnamálum sem bárust Fangelsismálastofnun 2001–2003.

	2001	2002	2003
Skilorðsbundin refsing	41	50	83
Fangelsisdómur	67	64	83
Sekt	68	52	84
Ekki refsing	7	6	14
Samtals	**183**	**172**	**264**

Á töflu 6 má sjá lengd óskilorðsbundinna dóma sem komu til Fangelsismálastofnunar á tímabilinu. Sjá má að meðallengd fíkniefnadóma var tæplega 17 mánuðir árið 2001, tæplega 13 mánuðir árið 2002 og tæplega 10 mánuðir árið 2003. Árið 2003 var stysti fangelsisdómur í fíkniefnamáli einn mánuður en sá lengsti átta ár sem er svipað og árin á undan.

Tafla 6. Lengd óskilorðsbundinna dóma í fíkniefnamálum sem bárust Fangelsismálastofnun ríkisins 2001–2003.

	Fjöldi daga	Meðalfjöldi daga	Fjöldi mánaða	Meðalfjöldi mánaða	Stysti dómur	Lengsti dómur
2001	33.180	495	1.106	16,5	1 mánuður	9 ár
2002	24.570	384	819	12,8	15 dagar	10 ár
2003	23.721	286	791	9,5	1 mánuður	8 ár

6. Hve mikið fé hefur fíkniefnadeild lögreglunnar fengið árlega sl. þrjú ár?

Þar sem talað er um fíkniefnadeild lögreglunnar er væntanlega átt við fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Eftirfarandi er byggt á upplýsingum frá lögreglustjóranum í Reykjavík.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík er hluti af embætti lögreglunnar í Reykjavík og hefur ekki sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Hluti deildarinnar hefur þó verið fjármagnaður með sérstakri fjárveitingu af fjárlagalið *06-341-125 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála* sem dómsmálaráðuneytið stýrir. Sérfjárveitingin er ætluð til að greiða kostnað við átta stöðugildi í fíkniefnadeild en í deildinni eru 16 starfsmenn. Að neðan má sjá launakostnað í fíkniefnadeild en auk hans má bæta við margvíslegum rekstrarkostnaði sem bókfærður er sameiginlega með öðrum deildum.

Tafla 7. Launakostnaður fíkniefnadeildar og sérstök fjárveiting.

Kostnaður	2001	2002	2003
Launakostnaður fíkniefnadeildar (millj. kr.)	71,2	81,0*	74,0
Sérstök fjárveiting (millj. kr.)	46	50	50

* Launakostnaður var óvenjumikill árið 2002, m.a. vegna eingreiðslu til lögreglumanna samkvæmt dómi sem hafði áhrif í öllum deildum embættisins, þ.m.t. í fíkniefnadeild.

Fyrir utan vinnu lögreglumanna í fíkniefnadeild vinnur fjöldi annarra lögreglumanna að fíkniefnamálum á einn eða annan hátt og má þar nefna upplýsinga- og eftirlitsdeild, tæknideild og einkennda sem óeinkennda lögreglumenn á vöktum.

7. *Lágu fyrir óskir frá lögregluyfirvöldum vegna fjárlagagerðar fyrir árin 2002, 2003 og 2004 um að auka fjármagn til að takast á við fíkniefnavandann? Ef svo er, hverjar voru óskirnar og hvernig var orðið við þeim?*

Ekki lágu fyrir óskir eða tillögur frá lögregluyfirvöldum vegna fjárlagagerðar fyrir árin 2002, 2003 og 2004, sem beinlínis miðuðu að því að auka fjármagn til að takast á við fíkniefnavandann. Það má hins vegar nefna að almennt séð hefur fíkniefnalöggæsla verið efld til mikilla muna á undanförnum árum. Þannig hefur fíkniefnalögreglumönnum verið fjölgað mikið um allt land, tækjabúnaður bættur, þjálfun og rekstri fíkniefnahunda komið í varanlegt horf og svo mætti lengi telja. Sérstakir fíkniefnarannsóknarlögreglumenn starfa nú hjá stærri lögregluliðum í landinu og hafa þeir með sér gott samstarf og vinna náið saman að rannsóknum stærri mála. Því má segja að fjárveitingar til þessa málaflokks hafi aukist en þó þannig að óskir eða tillögur hafa ekki sérstaklega verið eyrnamerktar fíkniefnamálum sem slíkum, heldur hafa fjárlagatillögur í þessu efni fremur miðast við víðfeðmari skilgreiningar, svo sem óskir í formi aukinna stöðugilda lögreglumanna eða hafa jafnframt tekið mið af öðrum verkefnum lögreglunnar, svo sem auknum fjárveitingum til tæknirannsókna, eftirlits með útlendingum, sérsveitar o.s.frv.

Nefna má sérstaklega að því er varðar sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli, að ekki hefur verið farið fram á auknar fjárveitingar til lögreglu vegna fíkniefnamála hjá því embætti þar sem fíkniefnadeild embættisins heyrir að mestu undir tollgæsluna. Hjá embættinu hefur markvisst verið unnið að eflingu fíkniefnadeildar tollgæslunnar undanfarin ár, m.a. með tilfærslu starfsmanna milli deilda en með því hefur starfsmönnum deildarinnar fjölgað um fjóra frá árinu 2001. Á fjárlögum ársins 2002 fékkst umbeðin fjárheimild til endurnýjunar hundabifreiðar fíkniefnadeildarinnar. Embættið á Keflavíkurflugvelli fór fram á auknar fjárheimildir við fjárlagagerð 2004 til þess að unnt mætti vera að fjölga fíkniefnaleitarhundum embættisins úr tveimur í þrjá, ráða hundaumsjónarmann og kaupa bifreið vegna þess. Það náði hins vegar ekki fram að ganga en utanríkisráðuneytið hefur þó, samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið, samþykkt fyrir sitt leyti að í fjárlagafrumvarpi 2005 verði gert ráð fyrir fjárheimild til þessa málaflokks að upphæð 6,5 millj. kr. Það er mat embættis sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli að það sé nægjanlegt fjármagn til ráðstöfunar til nauðsynlegs reksturs þessa málaflokks.

Fylgiskjal I.

Samantekt á haldlögðum munum, byggt á svörum lögreglustjóranna (sbr. 2. lið fyrirspurnarinnar).

Óskað var upplýsinga frá lögreglustjórunum varðandi haldlagt fé og aðra fjármuni, sem og það sem gert hefur verið upptækt. Svör bárust fá öllum embættum.

Akureyri.

Haldlagðar voru 51.500 kr. og lagðar inn á bankareikning. Mál var nýlega flutt fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra en dómur hefur ekki gengið í málinu ennþá og er því ekki um neina upptöku að ræða. Engin verðmæti, önnur en þá ólögleg vopn og fíkniefni hafa verið haldlögð. Þannig að ekki er um neina upptöku á verðmætum að ræða.

Blönduós.

Í fjórum málum er varða fíkniefni hafa verið haldlögð verðmæti. Í tveimur þeirra voru haldlagðir gróðurhúsalampar, skotvopn og skotfæri og hafa þeir hlutir verið gerðir upptækir til ríkissjóð með dómi. Skotfærunum verður eytt. Reynt verður að koma gróðurhúsalömpunum í verð og eins þeim skotvopnum sem lögleg teljast. Andvirðið rennur til ríkissjóð. Í einu málinu voru haldlagðir gróðurhúsalampar úr innbroti og hafa þeir verið afhentir eiganda. Í einu málinu var lagt hald á DVD-spilara og leikjatölvu sem reynt verður að koma í verð og ef það tekst mun andvirðið renna í ríkissjóð.

Bolungarvík.

Í einu máli voru haldlagðar 5.000 kr. sem sama ár voru gerðar upptækar með dómi.

Borgarnes.

Lagt var á 114.190 kr. (tvö mál) árið 2003, og 107.707 kr. (eitt mál) árið 2004, en engir peningar voru haldlagðir 2002. Hvað haldlagningu annarra verðmæta varðar þá eru þær upplýsingar ekki tiltækar með svo skömmum fyrirvara. Hins vegar væri unnt að svara því innan nokkurra daga, ef þess er óskað.

Hafnarfjörður.

Tíu sinnum voru fjármunir haldlagðir á því tímabili er um ræðir, þar af hefur krafa um upptöku ekki verið gerð í sex tilvika, í einu tilviki verið gerð upptökukrafa en málið sjálft enn í ákærumeðferð, í tveimur tilvikum eru mál óafgreidd og eitt mál er hjá ríkissaksóknara. Allir þeir fjármunir sem gerðir eru upptækir renna rakleitt í ríkissjóð.

Húsavík.

Í einu máli voru fjármunir haldlagðir, 7.000 kr., sem síðan voru gerðir upptækir með dómi.

Ísafjörður.

Haldlagt fé var í alls sjö málum, samtals 315.500 kr. Fjögur málin eru í ákærumeðferð og eitt í rannsókn. Samtals voru 120.000 kr. gerðar upptækar. Um var um að ræða tvö mál.

Keflavík.

Frá þessu ári, 2004, eru tvö mál þar sem rannsóknarlögreglan í Keflavík haldlagði fé. Um er að ræða 37.000 kr. í öðru málinu og 51.500 kr. í hinu. Ekki hefur enn verið dæmt í þessum málum.

Keflavíkurflugvöllur.

Embættið hefur lagt hald á fé í fíkniefnamálum þar sem útlendingar koma við sögu og fyrirsjánlegt er að ekki verður hægt að innheimta af þeim, m.a. sakarkostnað, eftir öðrum leiðum. Það fjármagn hefur verið geymt þar til dómur hefur gengið í málum þeirra. Eftir aðstæðum hefur síðan málskostnaður og/eða kostnaður við að senda viðkomandi úr landi verið greiddur með þessu fé. Annað fjármagn eða verðmæti hefur viðkomandi fengið afhent.

Kópavogur.

Árið 2002 var lagt hald á 20.000 kr. og þær síðan afhentar eiganda aftur (eitt mál).
Árið 2003 var lagt hald á 32.500 kr. og þær síðan afhentar eiganda aftur (eitt mál).

Árið 2004 var lagt hald á 344.000 kr. í sjö málum. 87.000 kr. hafa verið gerðar upptækar með dómi, 153.500 kr. hafa verið afhentar eigendum aftur og 103.500 kr. eru tengdar málum sem enn eru í rannsókn eða ákærumeðferð.

Ólafsfjörður.

Í einu máli var lagt hald á 30.000 kr. en þeim var skilað aftur eftir tvo daga þar sem þær sannanlega tengdust ekki málinu.

Reykjavík.

Árið 2002. Haldlagðir peningar voru 2.686.086 kr. Af þessari upphæð var gerðar upptækar 1.751.547 kr. Mismunurinn, 934.539 kr., var greiddur til baka.

Árið 2003. Haldlagðir peningar voru 191.826 kr. Af þessari upphæð var gerðar upptækar 38.500 kr. Greiddar til baka voru 56.116 kr. Óafgreiddar eru 97.210 kr. þar til málinu er lokið.

Árið 2004 (til 15. október). Haldlagðir peningar voru 292.000 kr. Af þessari upphæð voru gerðar upptækar 75.500 kr. Greiddar voru til baka 67.000 kr. Óafgreiddar eru 149.500 kr. þar til málinu er lokið.

Selfoss.

Í þremur málum var lagt hald á fjármuni, samtals 416.500 kr., þar af voru gerðar upptækar 14.500 kr. Eitt málið er fyrir Héraðsdómi Suðurlands og rannsókn í öðru er á lokastigi.

Seyðisfjörður.

Í einu máli var krafist upptöku á vatnasleða („jet ski"), ásamt þurrgalla og hjálmi, sem notað var til ólöglegs innflutnings á fíkniefnum, og var fallist á upptökukröfu í dómi. Sleðinn ásamt galla og hjálmi var selt á lausafjáruppboði árið 2003 fyrir 182.000 kr. og að frádregnum kostnaði við uppboðið var 172.900 kr. skilað til íslenska ríkisins.

Fylgiskjal II.

Fangelsismálastofnun:

Yfirlit yfir jafnvirðisupptöku á árunum 2001–2003.

Dómstóll		Refsing	Brot gegn	Jafnvirðis-upptaka	Sent til
Hæstiréttur	22. feb. 2001	7 ára og 6 mánaða fangelsi - 531 d.g. (Sætir upptöku til ríkissjóðs á jafnvirði 21.400.000 kr., þ.m.t. fjármunum samkvæmt dómkröfu 2.6., liðum a-h í ákæru 18. apríl 2000.)	173.a.1 sbr. 65/74	21.400.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Hæstiréttur	22. feb. 2001	6 ára og 8 mánaða fangelsi - 518 d.g. (Sætir upptöku til ríkissjóðs á jafnvirði 8.000.000 kr., þ.m.t. fjármunum samkvæmt dómkröfu 2.1. í ákæru 18. apríl 2000.)	173.a.1 sbr. 65/74	8.000.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Hæstiréttur	22. feb. 2001	18 mánaða fangelsi (Sætir upptöku til ríkissjóðs á jafnvirði 245.000 kr.)	173.a.1	245.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Hæstiréttur	22. feb. 2001	3 ára fangelsi - 6 d.g. (Sætir upptöku til ríkissjóðs á jafnvirði 3.180.000 kr., þ.m.t. fjármunum samkvæmt dómkröfu 2.4. í ákæru 19. apríl 2000.)	173.a.1 sbr. 65/74	3.180.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Hæstiréttur	22. feb. 2001	4 ára og 6 mánaða fangelsi - 515 d.g. (Sæti upptöku til ríkissjóðs á jafnvirði 11.900.000 kr., þ.m.t. 3.000 dönskum krónum.)	173.a.1 sbr. 65/74	11.900.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Héraðsdómur Reykjavíkur	7. mars 2001	16 mánaða fangelsi - 33 d.g. (Upptaka á jafnvirði 6.500.000 kr.)	264.1 sbr. 2, 65/74	6.500.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Héraðsdómur Norðurlands eystra	14. júní 2001	6 mánaða fangelsi, skb. 3 ár - 12 d.g. (Upptaka á 56.500 kr. og fíkniefnum samkvæmt dómsorði.)	65/74	56.500	Sýslumanninum á Akureyri
Héraðsdómur Reykjavíkur	10. okt. 2001	60 daga fangelsi, skb. 2 ár (Sætir upptöku á 24.000 kr. ásamt fíkniefnum samkvæmt dómsorði.)	65/74, 257.1	24.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Hæstiréttur	8. nóv. 2001	20 mánaða fangelsi - 9 d.g. (Upptaka á jafnvirði 1.000.000 kr.)	264.1sbr. 2, 65/74	1.000.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Hæstiréttur	8. nóv. 2001	14 mánaða fangelsi - 16 d.g. (Upptaka á jafnvirði 100.000 kr. og á fíkniefnum og munum, sbr. dómsorð.)	264.1sbr. 2, 65/74, 254.1	100.000	Sýslumanninum í Keflavík
Héraðsdómur Vestfjarða	26. okt. 2001	140.000 kr. sekt (Upptaka á 9.000 kr. + hassi + hníf, sbr. dómsorð.)	65/74 2 gr. 50/87 37.1, 37.2	9.000	Sýslumanninum á Ísafirði
Héraðsdómur Reykjaness	22. feb. 2002	2 mánaða fangelsi + 2 mánaða fangelsi skb. 2 ár (Upptaka á fíkniefnum og ágóða, 78.000 kr.)	65/74	78.000	Lögreglustjórans í Reykjavík
Héraðsdómur Norðurlands eystra	20. júní 2003	150.000 kr. sekt (Upptaka, sbr. dómsorð.)	65/74 2, rgl. 233/01 2	45.000	Sýslumanninum á Akureyri
Héraðsdómur Reykjaness	8. júlí 2003	12 mánaða fangelsi (Upptaka, sbr. dómsorð.)	173.a.2	150.000	Sýslumanninum í Kópavogi
Héraðsdómur Reykjaness	8. júlí 2003	10 mánaða fangelsi (Upptaka, sbr. dómsorð.)	173.a.2	200.000	Sýslumanninum í Kópavogi

281. Svar [128. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sektakerfi lögreglunnar.

1. *Hvað voru sektarboð mörg árið 2003 og það sem af er árinu, og hvernig skiptast þau eftir tegundum brota?*

Sektarboð voru alls 37.823 á árinu 2003 og það sem af er árinu 2004 nemur fjöldi sektarboða alls 31.810, en síðastnefnd tala miðast við stöðuna hinn 15. október 2004. Um skiptingu eftir tegundum brota og nánari tölfræðilegar upplýsingar vísast til eftirfarandi taflna.

Fjöldi sektarboða frá 1998 til 2003 og það sem af er 2004, eftir umdæmum.

	2000	2001	2002	2003	2004 (staðan 15. okt.)
Akranes	686	593	794	921	748
Akureyri	3.795	2.677	2.998	1.866	2.215
Blönduós	2.188	2.201	2.306	1.859	2.038
Bolungarvík	69	85	51	56	33
Borgarnes	791	1.864	1.561	1.311	742
Búðardalur	25	112	117	139	150
Eskifjörður*	379	343	383	535	528
Hafnarfjörður	3.543	2.930	1.913	3.426	2.657
Hólmavík	286	209	632	760	419
Húsavík	383	554	816	493	475
Hvolsvöllur	650	751	681	1.017	593
Höfn	46	117	151	141	240
Ísafjörður	564	541	592	606	332
Keflavík	2.712	2.936	2.289	2.425	2.128
Keflavíkurflugvöllur	787	843	530	563	797
Kópavogur	2.529	3.462	3.321	2.868	2.241
Ólafsfjörður	55	121	203	187	205
Patreksfjörður	62	155	132	162	43
Reykjavík	12.456	12.374	16.702	10.920	9.032
Sauðárkrókur	581	745	674	810	983
Selfoss	2.405	2.716	3.508	4.001	2.935
Seyðisfjörður	510	548	279	655	437
Siglufjörður	90	73	91	80	172
Snæfellsnes	482	515	570	866	734
Vestmannaeyjar	407	415	535	526	348
Vík	269	302	365	630	585
Samtals	**36.750**	**38.182**	**42.194**	**37.823**	**31.810**

* Embætti sýslumannsins í Neskaupstað var sameinað embætti sýslumannsins á Eskifirði 1. janúar 2000.

Fjöldi brota í sektarboðum 2003 og það sem af er 2004, eftir tegund brots.

	2003	2004 (til 15. okt.)
Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.)	1.281	855
Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.)	21.242	18.187
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998)	4.450	3.548
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998)	1.375	983
Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.)	847	634
Ökumaður vélknúins ökutækis notar farsíma án handfrjáls búnaðar (47a)	699	905
Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.)	2.638	2.235

	2003	2004 (til 15. okt.)
Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48. gr.)	710	668
Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71. gr.)	1.935	2.000
Önnur brot	5.440	4.020
Samtals	**40.617**	**34.035**

Fjöldi brota í sektarboðum 2003.

	Samtals
Að óþörfu ekið svo hægt eða hemlað svo snögglega að það tefur eðlilegan akstur annarra eða skapar hættu (36. gr.)	2
Afstunga, brot á skyldum við umferðaróhapp (10. gr.)	108
Akreinanotkun, röng akreinanotkun og beygja (15. gr.)	3
Akstur bifreiða án starfshæfnisvottorðs (rgl. 136/1995, sbr. 50. gr. umfl.)	2
Akstur bifreiða til farþegaflutnings í atvinnuskyni án réttinda (50. gr.)	2
Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökuréttindi (48. gr.)	165
Akstur bifreiðar eða bifhjóls sviptur ökuréttindum (48. gr.)	3
Akstur bifreiðar, meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, án réttinda (50. gr.)	14
Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis án þess að hafa öðlast réttindi (55. gr.)	14
Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis sviptur réttindum (55. gr.)	1
Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.)	1.281
Akstur utan vega, ökutæki ekið utan vega í þéttbýli (5. gr. a)	26
Akstursdagur ökumanns 4 til 8 klst. of langur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	2
Akstursdagur ökumanns allt að 4 klst. of langur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	7
Áletrunum eða merkjum á ökutæki áfátt (59. gr.)	3
Ásþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark (76. gr.sbr. rg. 528/1998)	258
Ásþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998)	195
Ásþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998)	47
Ásþungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998)	18
Bann við framúrakstri ekki virt (5. gr.)	38
Biðskylda ekki virt (25. gr.)	166
Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi (73. gr.)	17
Brot á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja (75. gr.)	12
Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja (62. gr.)	13
Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól (42. gr.)	6
Brot á sérreglum fyrir torfærutæki (43. gr.)	16
Búnaði fyrir farm áfátt (59. gr.)	2
Börnum, öldruðum, fötluðum, sjúkum ekki sýnd tillitssemi (4. gr.)	16
Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl. (5. mgr. 27.gr)	1
Eftirvagn eða tengitæki tengt við bifhjól (62. gr.)	1
Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki (58. gr.)	3
Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti (4. mgr. 27. gr.)	9
Eigi höfð aðgát við akstur frá vegarbrún, skipt um akrein, ekið til hliðar, stöðvað eða dregið úr hraða (17. gr.)	60
Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a–d liðir 2. mgr 20. gr)	25
Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót (25. gr.)	104
Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða (19. gr.)	1
Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður	1
Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) (25. gr.)	13
Einstefna, ekið gegn einstefnu (5. gr.)	103
Ekið á röngum vegarhelmingi (14. gr.)	7
Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað umferð ökutækja (5. gr.)	9
Ekið eftir gangbraut/gangstíg (13. gr.)	13
Ekið fram úr við eða á vegamótum (22. gr.)	11

	Samtals
Ekið fram úr þegar vegsýn er skert (22. gr.)	4
Ekið hægra megin fram úr (20. gr.)	17
Ekið ógætilega á vegamótum (15. gr.)	10
Ekið óvarlega á vegamótum o.fl. (26. gr.)	1
Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri (20. gr.)	1
Erlend ökuskírteini, reglur þar um (54. gr.)	2
Erlend ökutæki, brot á reglum um erlend ökutæki (66. gr.)	1
Farmur, óhæfilega gengið frá farmi (73. gr.)	23
Farþegar eða farmur byrgja útsýn ökumanns (73. gr.)	1
Farþegar fluttir á þann hátt að það veldur þeim eða öðrum hættu (73. gr)	11
Forgangur ekki virtur (25. gr.)	135
Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur (26. gr.)	3
Framrúða og/eða fremri hliðarrúður þaktar litaðri plastfilmu. (Sbr. rgl. u.g.&b. 09.10.5, sbr. 60. gr. umfl.)	85
Framúrakstur rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni (24. gr.)	13
Fyrirmælum lögreglu ekki hlítt (5. gr.)	11
Gangbrautarréttur eigi virtur (26. gr.)	15
Hangið í ökutæki á ferð (6. gr.)	4
Hélaðar rúður á ökutæki (59. gr.)	6
Hjálmur, farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	1
Hjálmur, farþegi á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	4
Hjálmur, farþegi á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.)	1
Hjálmur, ökumaður á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	3
Hjálmur, ökumaður á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	4
Hjálmur, ökumaður á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.)	3
Hjólbarðar í ólagi (59. gr.)	27
Hlé ekki tekið frá akstri eftir meira en 6 klst. samfelldan akstur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	5
Hliðarbil ófullnægjandi (20. gr.)	1
Hraðamæli áfátt (59. gr.)	3
Hætta eða óþægindi leiða af ökutæki (59. gr.)	3
Hættulegur farmur – ekið án aðstoðarmanns við flutning á sprengifimum vörum (73. gr.)	1
Hættulegur farmur – skortur ökumanns á tilskildum réttindum (ADR-réttindi) (73. gr.)	4
Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl. (27. gr.)	293
Ljóskerjum eða glitaugum áfátt (59. gr.)	316
Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn bifreiðar eða bifhjóls (58. gr.)	4
Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls eða torfærutæki (58. gr.)	4
Merkjagjöf vanrækt (31. gr.)	62
Munum fleygt eða skildir eftir á vegi þannig að þeir hafi í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð (77. gr.)	1
Nagladekk notuð án heimildar (59. gr.)	124
Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það (63. gr.)	57
Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.)	21.242
Of hraður akstur. Sérstök gerð ökutækja (38. gr.)	221
Of hraður akstur. Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður (36. gr.)	65
Of margir farþegar (73. gr.)	108
Of stutt bil milli ökutækja (14. gr.)	84
Óheimil eða röng notkun ljósa (32. gr.)	299
Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, -stíg, umferðareyjum o.þ.h. Gjald skv. 108. gr.	23
Óhreinkun vegar, brot á reglum þar um o.fl. (77. gr.)	5
Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki (35. gr.)	6

	Samtals
Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum (15. gr.)	4
Samfelld sólarhringshvíld styttri en 6 klst. (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	5
Samfelld vikuhvíld of stutt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	17
Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður (71. gr.)	22
Skerming hjóla (17. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.)	3
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998)	4.450
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998)	1.375
Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg (64. gr.)	203
Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg (64. gr.)	1
Skráningarnúmer, brot á reglum um skráningarmerki og skráningarskírteini (64. gr.)	34
Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki (64. gr.)	8
Skyldur ökumanns brotnar, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum (30. gr.)	1
Stokkið af eða á, eða verið utan á ökutæki á ferð (6. gr.)	4
Stýrisbúnaði áfátt (59. gr.)	1
Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum (25. gr.)	5
Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.)	847
Stöðvunarskylda, forgangur ekki virtur (25. gr.)	61
Sveigt of snemma til hægri (20. gr.)	1
Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum (23. gr.)	14
Tengibúnaði áfátt (59. gr.)	12
Tillitssemi, eigi sýnd nægjanleg tillitssemi eða varúð (4. gr.)	87
Umferðarmerki ekki virt (5. gr.)	244
Umferðarmerkingar, ekki ekið samkvæmt umferðarmerkingum (5. gr.)	103
Undirvörn (23. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.)	1
Útblásturskerfi áfátt (59. gr.)	8
Útsýn úr ökutæki áfátt (59. gr.)	36
Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið á þann veg að það kallar á breytta skráningu, til breytingaskoðunar (67. gr.)	1
Vanrækt að tilkynna eigendaskipti (64. gr.)	1
Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys (10. gr.)	35
Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.s.frv. (25. gr.)	31
Vanrækt að veita nægilegt rými á vegi o.fl. (26. gr.)	1
Vátryggingaskylda vanrækt (93. gr.)	136
Vöntun á ökurita (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	5
Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað (71. gr.)	39
Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu (32. gr.)	63
Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi (32. gr.)	46
Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínum o.þ.h. (75. gr.)	8
Ökumaður vélknúins ökutækis notar farsíma án handfrjáls búnaðar (47a)	699
Ökuréttindi – bifreið dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, ekið án þess að hafa réttindi til slíks (50. gr.)	2
Ökuréttindi, akstur létts bifhjóls án ökuréttinda (55. gr.)	4
Ökuréttindi, akstur torfærutækis án ökuréttinda (55. gr.)	3
Ökuréttindi, akstur vinnuvélar án ökuréttinda (55. gr.)	1
Ökuriti – innsigli rofið eða vantar (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	1
Ökuriti – skráningarblað ekki notað (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	8
Ökuriti – skráningarblað ekki rétt útfyllt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	57
Ökuriti – skráningarblað notað lengur en í einn sólarhring (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	31
Ökuriti starfar ekki sem skyldi (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl. og IV. kafla reglugerðar EBE nr. 3821/1985)	39
Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.)	2.638

	Samtals
Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48. gr.)	710
Ökutæki bakkað eða snúið þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra (17. gr.)	49
Ökutæki ekki fært til reglubundinnar árlegrar skoðunar eða mælingar og skoðunar á 6 ára fresti (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	94
Ökutæki ekki haldið nægjanlega til hægri (14. gr.)	3
Ökutæki lagt á brú (28. gr.)	1
Ökutæki lagt við heimreið húss eða lóðar (28. gr.)	5
Ökutæki lagt við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar (28. gr.)	2
Ökutæki lagt við vatnshana slökkviliðs (28. gr.)	2
Ökutæki lagt þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum (28. gr.)	1
Ökutæki lagt þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð (27. gr.)	60
Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við gangbraut. Gjald skv. 108. gr.	3
Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við vegamót. Gjald skv. 108. gr.	1
Ökutæki stöðvað eða lagt á hringtorgi (28. gr.)	1
Ökutæki stöðvað eða lagt á merktu bifreiðastæði leigubifreiða eða fatlaðra. Gjald skv. 108. gr.	2
Ölvun á reiðhjóli (45. gr.)	1
Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af farþega (71. gr.)	225
Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71. gr.)	1.935
Öryggisbúnaði ökutækis áfátt (59. gr.)	8
Öryggisbúnaður (24. gr. rgl. u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.)	3
Samtals	**40.617**

Fjöldi brota í sektargerðum 2004 (staða þann 15. október).

	Samtals
Að óþörfu ekið svo hægt eða hemlað svo snögglega að það tefur eðlilegan akstur annarra eða skapar hættu (36. gr.)	1
Aðbúnaði ökumanns eða farþega áfátt (59. gr.)	1
Afstunga, brot á skyldum við umferðaróhapp (10. gr.)	62
Akreinanotkun, röng akreinanotkun og beygja (15. gr.)	5
Akstur bifreiða til farþegaflutnings í atvinnuskyni án réttinda (50. gr.)	1
Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökuréttindi (48. gr.)	174
Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa öðlast ökuréttindi, í annað sinn (48. gr.)	3
Akstur bifreiðar, meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, án réttinda (50. gr.)	10
Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis án þess að hafa öðlast réttindi (55. gr.)	7
Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.)	855
Akstur utan vega, ökutæki ekið utan vega í þéttbýli (5. gr. a)	21
Akstursdagur ökumanns allt að 4 klst. of langur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	1
Ásþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998)	145
Ásþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998)	143
Ásþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark (76. gr. sbr. rg. 528/1998)	34
Bann við framúrakstri ekki virt (5. gr.)	45
Biðskylda ekki virt (25. gr.)	95
Brot á reglugerð um flutning á hættulegum farmi (73. gr.)	1
Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi (73. gr.)	15
Brot á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja (75. gr.)	9
Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja (62. gr.)	4
Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól (42. gr.)	5
Brot á sérreglum fyrir torfærutæki (43. gr.)	16
Brot gegn reglum um notkun erlendra ökutækja (66. gr.)	1
Brot gegn reglum um tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar (64. gr.)	1
Börnum, öldruðum, fötluðum, sjúkum ekki sýnd tillitssemi (4. gr.)	12

	Samtals
Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl. (5. mgr. 27. gr)	1
Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki (58. gr.)	1
Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti (4. mgr. 27. gr.)	10
Eigi höfð aðgát við akstur frá vegarbrún, skipt um akrein, ekið til hliðar, stöðvað eða dregið úr hraða (17. gr.)	7
Eigi notuð sú rein sem ökutæki er ætluð (13. gr.)	1
Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir 2. mgr. 20. gr.)	14
Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót (25. gr.)	29
Eigi vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki (8. gr.)	1
Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða (19. gr.)	2
Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður	1
Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) (25. gr.)	7
Einstefna, ekið gegn einstefnu (5. gr.)	76
Ekið á röngum vegarhelmingi (14. gr.)	11
Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað umferð ökutækja (5. gr.)	8
Ekið eftir gangbraut/gangstíg (13. gr.)	12
Ekið fram úr við eða á vegamótum (22. gr.)	11
Ekið fram úr þegar vegsýn er skert (22. gr.)	2
Ekið hægra megin fram úr (20. gr.)	7
Ekið ógætilega á vegamótum (15. gr.)	12
Ekið óvarlega á vegamótum o.fl. (26. gr.)	1
Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri (20. gr.)	1
Farmur, óhæfilega gengið frá farmi (73. gr.)	28
Farþegar eða farmur byrgja útsýn ökumanns (73. gr.)	1
Farþegar fluttir á þann hátt, að það veldur þeim eða öðrum hættu (73. gr.)	11
Forgangur ekki virtur (25. gr.)	72
Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur (26. gr.)	5
Framrúða og/eða fremri hliðarrúður þaktar litaðri plastfilmu. (Sbr. rgl. u.g.&b. 09.10.5, sbr. 60. gr. umfl.)	104
Framúrakstur rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni (24. gr.)	9
Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (5. gr.)	13
Gangbrautarréttur eigi virtur (26. gr.)	8
Hangið í ökutæki á ferð (6. gr.)	8
Hemlabúnaði áfátt (59. gr.)	1
Hjálmur, farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	1
Hjálmur, farþegi á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	5
Hjálmur, farþegi á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.)	2
Hjálmur, ökumaður á bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	4
Hjálmur, ökumaður á léttu bifhjóli án hlífðarhjálms (72. gr.)	8
Hjálmur, ökumaður á torfærutæki án hlífðarhjálms (72. gr.)	6
Hjólbarðar í ólagi (59. gr.)	10
Hlé ekki tekið frá akstri eftir meira en 6 klst. samfelldan akstur (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	4
Hliðarbil ófullnægjandi (20. gr.)	1
Hraðamæli áfátt (59. gr.)	1
Hættulegur farmur – ekki farið eftir ADR-reglum (73. gr.)	1
Hættulegur farmur – skortur ökumanns á tilskildum réttindum (ADR-réttindi) (73. gr.)	2
Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl. (27. gr.)	77
Ljóskerjum eða glitaugum áfátt (59. gr.)	226
Maður á skíðum, hjólaskíðum, skautum o.þ.h. dreginn á vegi (6. gr.)	1
Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn bifreiðar eða bifhjóls (58. gr.)	21
Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls eða torfærutæki (58. gr.)	2
Merkjagjöf vanrækt (31. gr.)	68

	Samtals
Nagladekk notuð án heimildar (59. gr.)	144
Neitað að skýra frá nafni og heimilisfangi (10. gr.)	1
Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það (63. gr.)	21
Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.)	18.187
Of hraður akstur. Sérstök gerð ökutækja (38. gr.)	238
Of hraður akstur. Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður (36. gr.)	35
Of margir farþegar (73. gr.)	107
Of stutt bil milli ökutækja (14. gr.)	44
Óheimil eða röng notkun ljósa (32. gr.)	218
Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, -stíg, umferðareyjum o.þ.h. Gjald skv. 108. gr.	20
Óhreinkun vegar, brot á reglum þar um o.fl. (77. gr.)	2
Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki (35. gr.)	10
Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum (15. gr.)	1
Samfelld sólarhringshvíld styttri en 4 klst. (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	1
Samfelld sólarhringshvíld styttri en 6 klst. (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	3
Samfelld vikuhvíld of stutt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	3
Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður (71. gr.)	21
Skerming hjóla (17. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.)	1
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998)	3.548
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67. gr. sbr. rg. 378/1998)	983
Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg (64. gr.)	222
Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg (64. gr.)	4
Skráningarnúmer, brot á reglum um skráningarmerki og skráningarskírteini (64. gr.)	32
Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki (64. gr.)	7
Skyldur ökumanns brotnar, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum (30. gr.)	2
Stokkið af eða á, eða verið utan á ökutæki á ferð (6. gr.)	1
Stýrisbúnaði áfátt (59. gr.)	1
Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum (25. gr.)	1
Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.)	634
Stöðvunarskylda, forgangur ekki virtur (25. gr.)	43
Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum (23. gr.)	10
Tengibúnaði áfátt (59. gr.)	13
Tillitssemi, eigi sýnd nægjanleg tillitssemi eða varúð (4. gr.)	58
Umferðarmerki ekki virt (5. gr.)	155
Umferðarmerkingar, ekki ekið samkvæmt umferðarmerkingum (5. gr.)	77
Undirvörn (23. gr. rgl.u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.)	1
Útblásturskerfi áfátt (59. gr.)	9
Útsýn úr ökutæki áfátt (59. gr.)	31
Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys (10. gr.)	36
Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.s.frv. (25. gr.)	11
Vátryggingaskylda vanrækt (93. gr.)	125
Vöntun á ökurita (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	1
Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm (71. gr.)	2
Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað (71. gr.)	51
Æfingaakstur, brot á reglum um æfingaakstur (57. gr.)	1
Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu (32. gr.)	58
Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi (32. gr.)	29
Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínum o.þ.h. (75. gr.)	1
Ökumaður vélknúins ökutækis notar farsíma án handfrjáls búnaðar (47a)	905

	Samtals
Ökuréttindi, bifreið dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, ekið án þess að hafa réttindi til slíks (50. gr.)	2
Ökuréttindi, akstur dráttarvélar án ökuréttinda (55. gr.)	1
Ökuréttindi, akstur létts bifhjóls án ökuréttinda (55. gr.)	8
Ökuréttindi, akstur torfærutækis án ökuréttinda (55. gr.)	5
Ökuréttindi, akstur vinnuvélar án ökuréttinda (55. gr.)	2
Ökuriti – skráningarblað ekki notað (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	8
Ökuriti – skráningarblað ekki rétt út fyllt (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	24
Ökuriti – skráningarblað notað lengur en í einn sólarhring (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	15
Ökuriti starfar ekki sem skyldi (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl. og IV. kafla reglugerðar EBE nr. 3821/1985)	35
Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.)	2.235
Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48. gr.)	668
Ökutæki bakkað eða snúið þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra (17. gr.)	50
Ökutæki ekki fært til reglubundinnar árlegrar skoðunar eða mælingar og skoðunar á 6 ára fresti (Reglug. nr. 136/1995, sbr. 6. mgr. 44. gr. umfl.)	13
Ökutæki ekki haldið nægjanlega til hægri (14. gr.)	2
Ökutæki lagt við vatnshana slökkviliðs (28. gr.)	12
Ökutæki lagt þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð (27. gr.)	50
Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við gangbraut. Gjald skv. 108. gr.	1
Ökutæki stöðvað eða lagt á eða við vegamót. Gjald skv. 108. gr.	1
Ökutæki stöðvað eða lagt á merktu bifreiðastæði leigubifreiða eða fatlaðra. Gjald skv. 108. gr.	2
Ölvun við stjórn hests (45. gr.)	4
Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af farþega (71. gr.)	197
Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71. gr.)	2.000
Öryggisbúnaði ökutækis áfátt (59. gr.)	8
Öryggisbúnaður (24. gr. rgl. u.g.&.b. sbr. 59. gr. umfl.)	1
Samtals	**34.035**

2. *Hverjar voru heildarfjárhæðir sekta skipt eftir brotum árið 2003 og það sem af er árinu?*

Heildarfjárhæð álagðra sekta vegna ársins 2003 nemur 803.326.940 kr. Ekki er unnt að nálgast upplýsingar um fjárhæðir álagðra og innheimtra sekta eftir ákveðnum brotaflokkum sökum þess fyrirkomulags sem í gildi er milli Fjársýslu ríkisins og embættis ríkislögreglustjórans, þess efnis að Fjársýsla ríkisins heldur saman upplýsingum um fjárhæðir sekta og innheimtu þeirra en ríkislögreglustjóri heldur utan um fjölda sekta og skiptingu þeirra eftir brotum. Þetta fyrirkomulag, sem á rætur að rekja til sameiginlegrar ákvörðunar ríkislögreglustjórans og Fjársýslu ríkisins (þá tekjubókhalds ríkisins) haustið 1997, átti m.a. að undirstrika það að sektir lögreglu væru refsiviðurlög við brotum og að engin tengsl væru milli fjárhags lögreglunnar og innheimtra sekta sem renna í ríkissjóð. Samkvæmt því sem hér er rakið eru ekki fyrirliggjandi tölur yfir fjárhæðir álagðra eða innheimtra sekta eftir brotaflokkum, einvörðungu eftir tegundum sekta. Frekari tölulegar upplýsingar um innheimtu sekta fyrir árið 2003 koma fram í töflunni hér á eftir. Álagðar sektir vegna fyrstu níu mánaða þessa árs nema samtals 624.302.238 kr.

Innheimta sekta árið 2003

Tegund sekta	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur
Sektarboð	564.944.687	208.187.250	69.000	356.688.437	366.989.790
Dómsáritanir	107.643.228	2.666.552	466.469	104.510.207	71.130.860
Sektargerðir	130.739.025	23.522.708	2.626.282	104.590.035	112.296.926
Samtals	**803.326.940**	**234.376.510**	**3.161.751**	**565.788.679**	**550.417.576**

3. Hvað fengu margir staðfesta umferðarpunkta árið 2003, sundurliðað eftir kyni og aldri?

Árið 2003 fengu alls 14.355 einstaklingar staðfesta punkta í ökuferilsskrá vegna umferðarlagabrota, þar af voru 10.992 karlar og 3.363 konur. Nánari sundurgreining eftir kyni og aldri kemur fram í eftirfarandi töflum.

Fjöldi einstaklinga sem fengu staðfesta umferðarpunkta árið 2003, greint eftir aldri og kyni.

	Karl	Kona	Samtals
15–24	3.646	1.161	4.807
25–34	2.613	826	3.439
35–44	2.118	663	2.781
45–54	1.498	444	1.942
55–64	767	191	958
65–74	257	63	320
75–84	85	13	98
85–94	8	2	10
Samtals	**10.992**	**3.363**	**14.355**

Aldur og kyn þeirra sem fengu staðfesta umferðarpunkta árið 2003.

Aldur	Karl	Kona	Samtals
15	15	4	19
16	47	8	55
17	300	92	392
18	562	180	742
19	542	179	721
20	509	165	674
21	470	158	628
22	407	142	549
23	412	124	536
24	382	109	491
25	308	91	399
26	274	100	374
27	296	74	370
28	255	89	344
29	251	78	329
30	282	85	367
31	255	87	342
32	225	77	302
33	232	78	310
34	235	67	302
35	254	55	309

Aldur	Karl	Kona	Samtals
36	214	72	286
37	246	74	320
38	210	70	280
39	210	70	280
40	207	60	267
41	189	82	271
42	199	62	261
43	205	66	271
44	184	52	236
45	170	54	224
46	178	47	225
47	161	60	221
48	161	56	217
49	163	50	213
50	161	47	208
51	141	33	174
52	121	28	149
53	129	35	164
54	113	34	147
55	98	30	128
56	106	23	129
57	99	14	113
58	88	35	123
59	88	18	106
60	77	18	95
61	66	17	83
62	51	12	63
63	49	12	61
64	45	12	57
65	30	11	41
66	41	5	46
67	24	10	34
68	32	5	37
69	22	7	29
70	27	4	31
71	26	5	31
72	19	4	23
73	24	9	33
74	12	3	15
75	16		16
76	9	1	10
77	13	2	15
78	11	2	13
79	9	1	10
80	10	2	12
81	5	3	8
82	7	2	9
83	2		2
84	3		3
85	4		4
86	1		1
87	3	1	4
89		1	1
Samtals	**10.992**	**3.363**	**14.355**

4. Hvernig hefur sektakerfið reynst að mati ráðherra og eru fyrirhugaðar breytingar á því?

Mat ráðherra er að sektarkerfi lögreglunnar hafi reynst með ágætum og enn er stefnt að því að bæta það. Breytingar í þá átt getur að líta í frumvarpi til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, sem lagt verður fram á þessu þingi, en að því er viðvíkur sektum og sektarinnheimtu er lagt til í fumvarpinu að lögreglu verði heimilt að bjóða sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar á vettvangi, að því tilskildu að sektarþoli gangist skýlaust við broti sínu og að sekt fari ekki fram úr 50.000 kr. Með þessu móti verður ferill máls að öllu leyti birtur á vettvangi brots og verða ítrekuð sektarboð og birting áritaðra sektarboða því óþörf. Um reynsluna af sektarkerfi lögreglunnar, m.a. í sögulegu ljósi, vísast að öðru leyti til fylgiskjals.

Fylgiskjal.

Greinargerð um reynsluna af sektarkerfi lögreglunnar.

(15. október 2004.)

Það má segja að ófremdarástand hafi ríkt hjá mörgum lögregluembættum varðandi lögreglustjórasáttir fram til ársins 1998. Ekki var til samræmt kerfi til að halda utan um ákvörðun, álagningu og vinnslu sekta og samræmdar reglur um hvaða brot skyldi sekta fyrir og þá hvaða sektarfjárhæðum skyldi beitt skorti. Sem dæmi má nefna að hjá lögreglustjóranum í Reykjavík höfðu tvær skrifstofustúlkur það að aukavinnu eftir kl. 17:00 á daginn, á árinu 1997, að skrá alla greiðsluseðla vegna útsendra sekta embættisins inn í tekjubókhald ríkisins og þeir síðan prentaðir út úr því og sendir sakborningum. Þetta var tímafrek vinna og fjöldi útsendra sekta fór því eftir því hver afköst þessara stúlkna voru. Þegar kom að eftirfylgni við þessar sektir, þurftu þessar sömu stúlkur að útbúa ítrekunarbréf vegna sektanna í tekjubókhaldskerfmu og senda út. Þetta varð þess valdandi að fjöldi sekta á ári var takmarkaður og eftirfylgni að sama skapi lítil. Mál sem hefði átt að ljúka með lögreglustjórasátt og greiðslu sektar fengu síður framgang og tíðum mátti sjá mál vegna umferðarlagabrota skráð lokið með „áminningu", en þau málslok áttu að eiga við tiltekin hegningarlagabrot á þeim tíma. Önnur embætti beittu ýmist svipuðum aðferðum eða voru með heimasmíðuð tölvuforrit til að halda utan um sektir, en eftir sem áður var mismunandi fyrir hvaða brot var sektað hjá embættunum og sektarfjárhæðir mismunandi.

Með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og útgáfu reglugerðar um lögreglustjórasáttir árið 1997, sem og reglugerðar um sektir og önnur viðurlög vegna umferðarlagabrota, og því samhliða starfrækslu nýs miðlægs hugbúnaðar hjá ríkislögreglustjóra til að halda utan um lögreglustjórasáttir, varð breyting á. Í viðauka við reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna umferðarlagabrota voru tilgreindar sektarfjárhæðir við hinum ýmsu umferðarlagabrotum og umferðarpunktar vegna tiltekinna brota tilgreindir. Utan um þetta allt hélt og heldur síðan þessi nýi hugbúnaður, sektarkerfið. Útsending lögreglustjórasátta, sektarboða og sektargerða, álagning sektanna og útsending ítrekana útheimti mun minni vinnu og nær engin takmörk voru til dæmis fyrir því hve mörg sektarboð á greiðsluseðlum voru send út á degi hverjum. Allir greiðsluseðlar vegna sektarboða, sem og ítrekanir vegna sektarboða og sektargerða eru prentaðar út á einum og sama stað. Frá því sektarkerfið var tekið í notkun og allt til áramótanna 2002–2003 sá ríkislögreglustjórinn um útprentunina og póstlagningu, en frá ársbyrjun 2003 hefur sýslumaðurinn á Hvolsvelli séð um þann þátt.

Samkvæmt þeim tölum sem ríkislögreglustjórinn hefur árlega birt frá árinu 1999 með innheimtuárangri vegna sekta, kemur í ljós að rúmlega 80% sektarboða lýkur með greiðslu þeirra. Þegar kemur að úrvinnslu þeirra tæplega 20% sektarboða sem eftir standa, sér í lagi þeirra sem sendar eru til áritunar hjá dómara, vandast hins vegar málið og sé hægt að tala um „flöskuháls“, þá hefur hann með hinu nýja fyrirkomulagi færst frá fyrstu stigum yfir á fullnustustig málanna. Málin hafa sem sagt greiðan aðgang meðan þau eru á „lögreglustigi“ en þegar kemur á „ákærustig“ og „fullnustustig“ hægist á vinnslunni.

Lögreglan heldur ekki yfirlit yfir álagðar eða innheimtar fjárhæðir vegna sekta. Í samráði við tekjubókhald ríkisins á árinu 1997 var ákveðið að tekjubókhaldið annaðist slíkt utanumhald, en ríkislögreglustjórinn héldi saman upplýsingum um fjölda sektanna. Ekki er hægt að bera saman innheimtu fyrir og eftir að sektarkerfið var tekið í notkun. Upplýsingar um fjölda sekta eru ekki aðgengilegar og það var mismunandi milli embætta á hvaða tekjulið ríkisbókhaldsins sektirnar voru færðar, en samkvæmt upplýsingum frá tekjubókhaldi ríkisins í ársbyrjun 2002 jókst heildarfjárhæð álagðra sektarboða um 50% milli áranna 1997 og 1998 eða um 62,6 millj. kr. Sambærilegur samanburður þriggja ára fyrir og eftir gangsetningu miðlæga sektarkerfisins sýnir að innheimtan jókst um 118% á fyrstu þremur árunum eftir gangsetninguna eða um tæpar 320 millj. kr. Alls höfðu innheimst í ríkissjóð vegna sektarboða lögreglu á árunum 1998 til og með 2001 kr. 854,8 millj. kr.

282. Svar [110. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um umferðarsektir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarfjárhæð umferðarsekta árlega undanfarin fimm ár og hvernig er skiptingin eftir eðli sektanna?

Það var sameiginleg ákvörðun Fjársýslu ríkisins, þá tekjubókhalds ríkisins, og ríkislögreglustjórans haustið 1997 að Fjársýsla ríkisins héldi saman upplýsingum um fjárhæðir sekta og innheimtu þeirra, en ríkislögreglustjórinn sæi um að halda utan um fjölda sektanna og skiptingu þeirra eftir brotum. Þetta átti meðal annars að undirstrika það að sektir lögreglu væru refsiviðurlög við brotum og að engin tengsl væru milli fjárhags lögreglunnar og innheimtra sekta, sem renna í ríkissjóð. Vegna þessa fyrirkomulags er ekki unnt að nálgast upplýsingar um fjárhæðir álagðra og innheimtra sekta eftir ákveðnum brotaflokkum, en það gefur ákveðna vísbendingu að sektarboð er einvörðungu hægt að senda út vegna umferðarlagabrota.

Vísað er til eftirfarandi taflna og skýringa með þeim varðandi frekari tölulegar upplýsingar en í þeim kemur m.a. fram að nettóálagning sekta lögreglu og dómsáritana árin 1999 til og með 2003 var 2.275.386.008 kr. og af þeirri fjárhæð voru 2.120.498.367 kr. greiddar þann 13. október 2004.

Skýringar með yfirlitum, byggðum á gögnum frá Fjársýslu ríkisins.

– *Staða í upphafi tímabils:* Heildarfjárhæð álagðra sekta sem ekki hafa verið greiddar í upphafi árs, samkvæmt viðkomandi gjaldalið

- *Álagning:* Brúttó-álagning allra sekta, þar með taldar sektir sem lagðar hafa verið á, síðan felldar niður og lagðar á aftur til að leiðrétta mistök í upphaflegu álagningunni.
- *Breytingar:* Allar niðurfellingar á álagningu, þar með taldar niðurfellingar til að leiðrétta álagningu, sbr. skýringar við liðinn *álagning* hér að framan. Enn fremur niðurfelling álagningar vegna sekta sem sendar eru til dómsáritunar eða fara til ákærumeðferðar.
- *Afskriftir:* Fjárhæð þeirra álagninga sem hafa verið afskrifaðar samkvæmt reglum um afskriftir hjá ríkinu.
- *Nettó-álagning:* Álagning að frádregnum fjárhæðum breytinga og afskrifta.
- *Greiðslur:* Fjárhæð greiddra sekta á árinu samkvæmt viðkomandi gjaldalið, óháð því hvenær álagningin var gerð.
- *Eftirstöðvar við lok tímabils:* Heildarfjárhæð álagðra sekta, sem ekki hafa verið greiddar við lok tímabilsins, samkvæmt viðkomandi gjaldalið.

Yfirlit yfir innheimtu sektarboða árin 1999–2003 og fyrstu 9 mánuði ársins 2004.*

Ár	Staða í upphafi tímabils	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur	Eftirstöðvar við lok tímabils
1999	42.117.967	303.961.501	110.349.959	383.578	193.227.964	192.808.607	42.537.324
2000	42.537.324	323.068.500	109.915.665	314.427	212.838.408	204.620.975	50.754.757
2001	50.754.757	421.305.283	132.997.809		288.307.474	264.938.171	74.124.060
2002	74.124.060	610.636.296	221.525.787	8.000	389.102.509	387.473.713	75.752.856
2003	75.752.856	564.944.687	208.187.250	69.000	356.688.437	366.989.790	65.451.503
Samtals s.l. 5 ár		2.223.916.267	782.976.470	775.005	1.440.164.792	1.416.831.256	
2004	65.451.503	459.419.277	149.489.793	470.160	309.459.324	281.301.076	93.609.751
		2.683.335.544	**932.466.263**	**1.245.165**	**1.749.624.116**	**1.698.132.332**	

* Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

Yfirlit yfir innheimtu dómsáritana árin 1999–2003 og fyrstu 9 mánuði ársins 2004.*

Ár	Staða í upphafi tímabils	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur	Eftirstöðvar við lok tímabils
1999	2.963.000	44.289.918	182.658		44.107.260	25.938.670	19.492.590
2000	19.492.590	35.104.835	3.596.000	17.000	31.491.835	31.062.634	19.921.791
2001	19.921.791	59.908.248	4.494.750	12.000	55.401.498	39.135.345	36.187.944
2002	36.187.944	49.676.762	1.199.827	20.000	48.456.935	35.128.117	49.516.762
2003	49.516.762	107.643.228	2.666.552	466.469	104.510.207	71.130.860	82.896.109
Samtals s.l. 5 ár		296.622.991	12.139.787	515.469	283.967.735	202.395.626	
2004	82.896.109	61.299.140	2.840.441	631.530	57.827.169	59.028.749	84.694.529
		357.922.131	**14.980.228**	**1.146.999**	**341.794.904**	**261.424.375**	

* Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

Yfirlit yfir innheimtu sektargerða árin 1999–2003 og fyrstu 9 mánuði ársins 2004.*

Ár	Staða í upphafi tímabils	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur	Eftirstöðvar við lok tímabils
1999	44.655.487	113.534.847	18.942.101	735.320	93.857.426	94.692.767	43.820.146
2000	43.820.146	146.575.607	22.025.213	316.403	124.233.991	101.331.739	66.722.398
2001	66.722.398	136.911.695	21.819.382	1.146.158	113.946.155	95.997.309	84.671.244
2002	84.671.244	133.219.824	18.582.920	11.030	114.625.874	96.952.744	102.344.374
2003	102.344.374	130.739.025	23.522.708	2.626.282	104.590.035	112.296.926	94.637.483
Samtals s.l. 5 ár		660.980.998	104.892.324	4.835.193	551.253.481	501.271.485	
2004	94.637.483	103.583.821	17.324.601	2.947.266	83.311.954	76.776.120	101.173.317
		764.564.819	**122.216.925**	**7.782.459**	**634.565.435**	**578.047.605**	

* Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

Samandregið yfirlit yfir innheimtar sektir áranna 1999–2003 og fyrstu 9 mánaða ársins 2004.*

Innheimta sekta árin 1999 - 2003

Tegund sekta	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur
Sektarboð	2.223.916.267	782.976.470	775.005	1.440.164.792	1.416.831.256
Dómsáritanir	296.622.991	12.139.787	515.469	283.967.735	202.395.626
Sektargerðir	660.980.998	104.892.324	4.835.193	551.253.481	501.271.485
Samtals	**3.181.520.256**	**900.008.581**	**6.125.667**	**2.275.386.008**	**2.120.498.367**

Innheimta sekta fyrstu 3 ársfjórðunga 2004

Tegund sekta	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur
Sektarboð	459.419.277	149.489.793	470.160	309.459.324	281.301.076
Dómsáritanir	61.299.140	2.840.441	631.530	57.827.169	59.028.749
Sektargerðir	103.583.821	17.324.601	2.947.266	83.311.954	76.776.120
Samtals	**624.302.238**	**169.654.835**	**4.048.956**	**450.598.447**	**417.105.945**

*Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

283. Fyrirspurn [262. mál]

til fjármálaráðherra um eftirlit tollgæslunnar með innflutningi í gámum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margar vörugámaeiningar voru fluttar inn til landsins:
   a. árið 2003,
   b. árið 2004?
2. Hve stórt hlutfall heildarinnflutnings vöru í gámum var skoðað fyrrnefnd ár?
3. Hversu oft á árunum 2003 og 2004 komu upp mál í tengslum við vöruinnflutning í gámum sem má rekja til:
   a. rangrar tollflokkunar sem leiddi til of lágra eða hárra tollgreiðslna,
   b. fíkniefnainnflutnings,

c. þess að innsigli var rofið af lokunarbúnaði gáms,
d. þess að innsigli var rofið áður en til tollskoðunar kom?
4. Hve margir tollverðir starfa að eftirliti með vöruinnflutningi í gámum?
5. Er fyrirhugað aukið eftirlit með innflutningi varnings í gámum?

Skriflegt svar óskast.

284. Fyrirspurn [263. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af listmunagerð.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Er greiddur virðisaukaskattur af:
   a. glerlist,
   b. málaralist,
   c. leirlist,
   d. trélist, svo sem rennismíði úr tré?
2. Ef mismunur er á virðisaukaskattsgreiðslum í framangreindum greinum, hver er ástæðan og hvaða rök liggja að baki?

Skriflegt svar óskast.

285. Fyrirspurn [264. mál]

til menntamálaráðherra um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu stór hluti tekna Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands stafar af útseldri verkefnavinnu?
2. Hvað fékk Hagfræðistofnun greitt fyrir skýrslu sem unnin var að beiðni Olíuverslunar Íslands, þar sem dregnir voru í efa útreikningar Samkeppnisstofnunar á hagnaði olíufélaganna af meintu samráði?
3. Hve mörg verkefni hefur Hagfræðistofnun unnið fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna á sl. 10 árum og hvaða verkefni voru það?

Skriflegt svar óskast.

286. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um listnám fatlaðra.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á möguleikum fatlaðra til að stunda tónlistarnám og annað listnám. Kannað verði sérstaklega hvernig tónlistarskólar og aðrir listaskólar svara þörfum fatlaðra hvað varðar aðbúnað og kennslu. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að stunda listnám. Nefndin skili niðurstöðum sínum og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2005.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu nefndar. Nokkrar umsagnir bárust og eru þær birtar í fylgiskjali með tillögunni.

Í sjöttu meginreglu Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra er fjallað sérstaklega um nám fatlaðra. Þar segir m.a. að aðildarríkin skuli hafa í heiðri þá meginreglu að fötluð börn njóti jafnréttis hvað snertir nám í grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og öðrum menntastofnunum. Aðildarríkin skulu tryggja að menntun fatlaðra sé óaðskiljanlegur hluti menntakerfisins. Hér á landi eiga öll börn lögbundinn rétt á menntun og reynt hefur verið að tryggja að þau geti stundað grunn- og framhaldsnám og þannig reynt að fylgja meginreglum Sameinuðu þjóðanna. Enda þótt meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggi ekki lagalegar skyldur á aðildarríkin eru þær skuldbindandi siðferðilega og pólitískt og þær byggjast á kjörorði samtakanna „Eitt samfélag fyrir alla“.

Þótt töluvert hafi áunnist í baráttu fatlaðra fyrir rétti til náms er ljóst að mikið verk er óunnið, ekki síst ef horft er til listnáms. Þó er alkunnugt að það er ákaflega mikilvægur þáttur í þroska og þjálfun fatlaðra einstaklinga að stunda listnám. Gildir þá einu hvort um líkamlega hömlun eða þroskaröskun er að ræða. Það sanna margar rannsóknir, m.a. rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum í Bandaríkjunum. Þar var niðurstaðan sú að það flýtti mjög fyrir þroska fatlaðra barna og hjálpaði þeim félagslega hefðu þau möguleika til listiðkunar eða listnáms.

Norðurlöndin hafa einnig lagt mikla áherslu á rétt fatlaðra til listnáms, sérstaklega á möguleika barna allt frá leikskólaaldri til þess að stunda nám í listgreinum eins og tónlist og leiklist.

Hér á landi eiga fatlaðir litla möguleika á að stunda listnám. Aðstæður eru misjafnar eftir svæðum en hvergi fullnægjandi. Möguleikar fatlaðra barna og ungmenna til tónlistarnáms eru t.d. mjög takmarkaðir. Það er í verkahring sveitarfélaganna að reka tónlistarskóla. Ríkið kemur ekki að rekstri þeirra. Flutningsmenn þessarar tillögu draga í efa að í viðræðum um verkaskipti og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga hafi þessum veigamikla þætti í menntun verið gefið það vægi sem eðlilegt hefði verið.

Menntamálaráðuneytið hefur þó á hendi faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu eins og öðru listnámi. Ráðuneytið hefur t.d. sett aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla þar sem vikið er beint og óbeint að jafnræði til tónlistarnáms. Þar segir meðal annars: „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til marg-

breytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi.“

Einnig er í námskránni tekið fram að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Í viðauka við námskrána er kafli þar sem meðal annars er rætt um húsakost tónlistarskólanna. Þar segir: „Einnig þarf ætíð að gera ráð fyrir greiðu aðgengi fatlaðra.“ Reikna má með að hliðstæð markmið séu í gildi fyrir annað listnám. Hins vegar er ljóst að þessi markmið hafa ekki náðst hvað varðar möguleika fatlaðra til þess að stunda hvers konar listnám. Ekki síst á það við um börn og ungmenni.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að menntamálaráðherra skipi nefnd sem nú þegar geri úttekt á möguleikum fatlaðra til þess að stunda tónlistarnám eða annað listnám. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að stunda listnám. Nefndin skili skýrslu og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2005.

Með tillögunni var fylgiskjal: Umsagnir um tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra (329. mál á 130. löggjafarþingi):

Umsögn Blindrafélagsins. (17. mars 2004.)
Umsögn Atla Lýðssonar framkvæmdastjóra Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra. (8. mars 2004.)
Umsögn Listaháskóla Íslands. (15. mars 2004.)
Umsögn Öryrkjabandalags Íslands. (15. mars 2004.)
Umsögn landssamtakanna Þroskahjálpar. (12. mars 2004.)

287. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [266. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Kristrún Heimisdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Landið er eitt kjördæmi.

Í lögum um kosningar til Alþingis skal kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í síðustu kosningum til Alþingis, árið 2003, var í fyrsta skipti kosið samkvæmt nýrri kjördæmaskipan. Tilgangur hennar var einkum að einfalda kosningakerfið, draga úr misvægi atkvæða og stækka kjördæmi. Því er ekki að neita að skiptar skoðanir voru um ágæti þeirra tillagna sem leiddu til stjórnarskrárbreytinganna. Sumum fannst of langt gengið til jöfnunar á atkvæðisrétti en öðrum of skammt.

Aðildarflokkar Samfylkingarinnar, þ.e. Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Samtök um kvennalista, tóku þátt í undirbúningi breytinganna og studdu enn fremur málið þegar það kom formlega til kasta Alþingis, bæði fyrir kosningarnar 1999 og eftir þær. Töldu þessir flokkar að skref í rétta átt væri betri kostur en kyrrstaða.

Á hinn bóginn var það og er ekkert launungarmál að á öllum stigum máls var þeirri skoðun jafnaðarmanna haldið fram að skynsamlegast væri að ganga alla leið til jöfnunar og það yrði best gert með því að landið yrði allt eitt kjördæmi. Í nefnd þeirri sem sett var á laggirnar haustið 1997 og skilaði rúmu ári síðar tillögum sem urðu grundvöllur þeirra breytinga sem síðar urðu lögfestar voru hins vegar sannarlega uppi ólíkar áherslur um leiðir. Sumir vildu einmenningskjördæmi, aðrir hölluðust að mörgum smáum kjördæmum með fáum þingmönnum og enn aðrir vildu að landið allt yrði eitt kjördæmi. Það var aftur á móti sameiginlegt álit fulltrúa allra þeirra flokka sem tóku þátt í nefndarstarfinu að verst yrði ef ekkert samkomulag næðist og óbreytt og óréttlát kjördæmaskipan með óviðunandi ójafnvægi atkvæða gilti áfram. Þess vegna náðist sátt um ákveðnar tillögur til úrbóta, skref í rétta átt.

Við meðferð málsins, í umræðum á Alþingi og einnig í kjölfar afgreiðslu Alþingis hafa þær raddir hins vegar ítrekað heyrst að áðurgreindar breytingar verði aðeins tímabundnar. Fljótt þurfi að taka skrefið til fulls og ákveða að landið verði eitt kjördæmi. Þau sjónarmið hafa fengið aukinn stuðning á síðustu árum, eftir að ný kjördæmaskipan varð að veruleika.

Samfylkingin hefur aldrei leynt viðhorfi sínu til kjördæmamálsins. Afstaða hennar er skýr og afdráttarlaus: Landið skal verða eitt kjördæmi. Til að hnykkja á þessu baráttumáli er frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga lagt fram. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. og 128. þingi en varð ekki útrætt.

Jafnaðarmenn hafa barist fyrir því að landið verði eitt kjördæmi frá árinu 1927 þegar Héðinn Valdimarsson, fyrrum forustumaður jafnaðarmanna, flutti frumvarp þess efnis. Í greinargerð með frumvarpinu lýsti hann þeirri skoðun sinni að eftir mannréttindakenningum þeim sem þingræðið hvílir á ættu allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum og muni óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki sem hér á landi. Að mati Héðins var því reglan einn maður – eitt atkvæði hornsteinn lýðræðisins.

Kostir og gallar einstakra aðferða við kosningar og skipan mála í þeim efnum eru velflestum kunnir enda hefur umræðan um kjördæmamálið staðið hlélítið áratugum saman. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um breytingar á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis frá október 1998 er á greinargóðan hátt farið yfir kosti og galla hinna fjölmörgu valkosta sem til sögunnar hafa verið nefndir varðandi þessi mál. Er til þeirrar skýrslu vísað varðandi þau efni.

Kostir þess að landið verði eitt kjördæmi eru augljósir. Hér skulu nokkrir nefndir:

1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar.
2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.

3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.

Þeir gallar sem nefndir hafa verið á því að landið verði eitt kjördæmi eru þeir helstir að þingmenn verði of fjarri kjósendum sínum samfara minnkandi áhrifum dreifbýlisins hvað fjölda þingmanna varðar. Einnig er nefnt aukið flokksræði þar sem fyrir liggur að hjá stærri stjórnmálaflokkum yrði um nokkurs konar sjálfkjör að ræða hjá efstu frambjóðendum þeirra á landslistum. Flutningsmenn benda hins vegar á að vilji stjórnmálaflokkar sækja kjörfylgi vítt og breitt um landið leggja þeir framboðslista sína vitaskuld fram á þann veg að þar verði góð breidd fulltrúa þéttbýlis og dreifbýlis. Til að tryggja virkt lýðræði við val fulltrúa flokkanna á framboðslistum kemur einnig til álita að í kosningalög yrðu fest ákvæði í þá veru. Má þar nefna ákvæði um prófkjör stjórnmálaflokka, auknar heimildir kjósenda við endurröðun frambjóðenda á framboðslistum og að vægi þeirra breytinga yrði aukið umtalsvert, hugsanlegt frelsi kjósenda til að velja einstaklinga á fleiri en einum framboðslista og fleiri skyld atriði. Ekki er með frumvarpi þessu tekin afstaða til þess hvernig aukin áhrif kjósenda á framboðslista og aukið persónuval í kosningum verða tryggð í kosningalögum. Þau álitaefni ber að fara yfir og ákvarða við nauðsynlega endurskoðun kosningalaga verði frumvarp þetta samþykkt.

Ljóst er að stuðningur við tillöguna um að landið verði eitt kjördæmi hefur aukist umtalsvert hin síðari ár. Æ fleiri þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa lýst yfir stuðningi við það fyrirkomulag kosninga. Í því ljósi vænta flutningsmenn víðtæks stuðnings við frumvarpið.

Ef frumvarp þetta fær brautargengi er þó ljóst að kosið verður samkvæmt núverandi skipan í næstu kosningum en að þeim afloknum og eftir staðfestingu nýs þings tæki hin nýja skipan mála við í þeim kosningum sem þá færu í hönd, í síðasta lagi vorið 2007.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar um fjölda þingmanna og hvernig kosningu þeirra skuli háttað verði óbreytt en að í stað 2.–6. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar.

Lögð er til sú breyting í 2. mgr. að landið verði eitt kjördæmi í stað sex eða sjö kjördæma. Núverandi skipan mála þykir draga úr samkennd þjóðfélagsins og styðja gæslu sérhagsmuna á kostnað heildarhagsmuna. Með því að gera landið að einu kjördæmi næst fullkominn jöfnuður milli kjósenda þannig að misvægi atkvæða og um leið mannréttinda er ekki lengur til staðar. Að sama skapi fengju stjórnmálaflokkar þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um og jafnframt yrði kosningakerfið einfalt og auðskilið.

Í 3. mgr. er lagt til að í lögum um kosningar til Alþingis skuli kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Hér miða flutningsmenn við d'Hondt-regluna sem notuð hefur verið lengst af hér á landi.

Þá er í 3. mgr. lagt til að við úthlutun þingsæta komi þau stjórnmálasamtök ein til álita sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Ákvæði þetta tengist því markmiði að þing verði að vera starfhæft. Margir smáir flokkar gætu gert stjórn landsins erfiða. Til þess að ná framangreindu markmiði er því lagt til að settar verði kröfur um ákveðið lágmarksfylgi, svokallaðan þröskuld, þannig að þeir flokkar sem ekki ná þessum þröskuldi fái ekki fulltrúa á Alþingi. Ef engir þröskuldar væru dygðu rösklega 1,5% atkvæða til þess að fá mann kjörinn, þ.e. um 2.800 atkvæði. Sú tala gæti hins vegar lækkað eitthvað ef framboð væru mörg. Með 4% þröskuldi yrði þetta lágmark nú rúmlega 7.000 atkvæði og nægði það til að koma tveimur til þremur þingmönnum að, allt eftir því hvernig atkvæði skiptust að öðru leyti. Þröskuldar þessir eru alþekkt fyrirbæri víða um lönd þótt mjög sé

misjafnt hversu háir þeir eru. Það er mat flutningsmanna að með þessu sé ekki girt fyrir að sjónarmið minni hluta fái notið sín.

288. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um endurskoðun þinglegrar meðferðar EES-reglna.

Flm.: Kristrún Heimisdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að endurskoða meðferð þingsins á afleiddri löggjöf sem til verður á grundvelli EES-samningsins með það að markmiði að efla þátt Alþingis í mótun löggjafarinnar og mati á því hvernig EES-réttarlegar skyldur verði best uppfylltar að íslenskum rétti. Í þessu skyni skipi Alþingi nefnd fimm þingmanna og komi einn frá hverjum þingflokki. Nefndin skili Alþingi áliti með tillögum sínum eigi síðar en 1. október 2005.

Greinargerð.

Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu hefur á þeim áratug sem hún hefur varað breytt mjög áður viðteknum viðmiðum í meðferð ríkisvalds á Íslandi. Hvað varðar dómsvaldið hefur staða EES-reglna sem réttarheimilda og tengsl við fordæmi Evrópudómstólsins verið í deiglu í Hæstarétti Íslands undanfarin ár og rétturinn kveðið upp stefnumarkandi dóma. Hjá framkvæmdarvaldinu varð álit umboðsmanns Alþingis frá 9. janúar 1998 um birtingu og miðlun upplýsinga um EES-gerðir og skýrsla nefndar forsætisráðherra um lögleiðingu EES-gerða frá 16. september sama ár til þess að draga fram nauðsyn á umbótum í stjórnarframkvæmd. Verklag hefur verið endurskoðað og byggist nú á umburðarbréfi forsætisráðuneytis frá 27. júní 2001 og meðfylgjandi leiðbeiningum til stjórnvalda um innleiðingu EES-gerða. Þá gaf utanríkisráðuneytið út Handbók Stjórnarráðsins um EES árið 2003. Staða mála hjá löggjafarvaldinu er önnur og síðri því á vettvangi Alþingis hefur ekki enn verið brugðist við breyttum aðstæðum á sambærilegan hátt. Til marks um það er að í febrúar 1994 samþykkti forsætisnefnd Alþingis reglur um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi. Þeim hefur aldrei verið breytt eða þær endurskoðaðar en er þó bersýnilega ekki fylgt.

Þegar Alþingi samþykkti lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, fylgdu 1.500 svonefndar EES-gerðir og var það langviðamesta upptaka erlends réttar í sögu Íslands frá því á 13. öld. Nú, tíu árum síðar, eru EES-gerðir sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt taldar vera um 4.000.

Ólíkt því sem margir virðast álíta hefur Alþingi verulegt svigrúm til að ákvarða hvernig staðið skuli að uppfyllingu EES-réttarlegra skyldna í löggjöf. Þannig mælir 7. gr. EES-samningsins fyrir um að aðildarríkin hafi val um form og aðferð við innleiðingu gerða sem samsvara ESB-tilskipunum, en þær eru algengasta form löggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu. Í sumum tilvikum er óþarfi að breyta lögum, stundum þarf að aðlaga eða breyta íslenskri löggjöf og í enn öðrum tilvikum gefur tilskipunin svigrúm til vals og nefnir nokkra kosti. EES-tilskipanir segja í raun fyrir um grundvallarmarkmið sem einstök ríki hafa frelsi til að útfæra. Þekkt dæmi eru um að íslensk stjórnvöld nýti þetta svigrúm ekki eins og best mætti gera.

Auðsætt er af lestri hinnar nýju EES-handbókar Stjórnarráðsins að handhafar framkvæmdarvalds hafa tekið algjöra forustu um að ákvarða verklag, undirbúning, efni og form

þeirrar löggjafar sem kemur fyrir Alþingi til afgreiðslu merkt „EES-reglur“. Hvarvetna á Norðurlöndum, hvort heldur er í EES-ríkinu Noregi eða ESB-löndunum Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, er litið svo á að hlutverk þjóðþingsins sé að halda uppi þingeftirliti með EES-framkvæmd stjórnsýslunnar. Það er eðlilegt því að segja má að löggjafarstarf sé meginhluti aðildar allra ríkja að Evrópska efnahagssvæðinu.

Við núverandi aðstæður er mat á svigrúmi Íslands, t.d. val á milli þeirra kosta sem forsögn tilskipunar gefur, í höndum sérfræðings á stjórnsýslustigi. Oftast er þetta sérfræðingur í ráðuneyti, t.d. lögfræðingur sem fer með nokkra málaflokka í viðkomandi fagráðuneyti, en einnig kunna sérfræðingar stofnana á viðkomandi sviði að annast þessa vinnu. Samráð við þá sem hagsmuna eiga að gæta er ekki lögbundið eða í öðru föstu formi á þessu stigi né heldur neins konar „innri endurskoðun“ í ráðuneytum á niðurstöðu sérfræðingsins. Eins og áður er getið hefur reglum forsætisnefndar um þinglega meðferð EES-gerða á mótunarstigi frá 1994 ekki verið fylgt en „EES-reglur“ koma til meðferðar í utanríkismálanefnd, fylgi þeim stjórnskipulegur fyrirvari, eða í öðrum fastanefndum Alþingis eftir efni þeirra. Enda þótt dæmi séu um að frumvörp hafi tekið breytingum þar, t.d. vegna ábendinga umsagnaraðila eða fyrir árvekni þingmanna, fer þar ekki fram skipuleg endurskoðun á mati sérfræðinga ráðuneytanna á nýtingu svigrúms Íslands. Af sömu ástæðu er hætt við að tækifæri til að einfalda sett lög, eftirlit eða regluflóka fari iðulega fram hjá fulltrúum á löggjafarsamkomunni. Á sama hátt kunna tilefni til ítarlegri lagabóta á viðkomandi sviði viðskipta eða almannaþjónustu að fara forgörðum. Ljóst er að Stjórnarráðið leggur megináherslu á hraða og örugga innleiðingu EES-gerða enda fylgist Eftirlitsstofnun EFTA með framvindunni og er vafalaust að EFTA/EES-ríkin þrjú sæta þar harðari aga en ESB-ríkin sem njóta oft tilslakana af hálfu framkvæmdastjórnar ESB. Hefur Ísland nú náð þeim árangri að ríflega 99% EES-gerða eru innleiddar innan þess frests sem gefinn er. Það er jafnljóst að í löggjafarstarfi má megináherslan aldrei vera á hraða og kemur þar til kasta Alþingis að halda uppi vönduðu löggjafarstarfi. Hér er rétt að benda á að hroðvirkni getur leitt til óskýrrar réttarstöðu almennings og fyrirtækja, þeim til skaða. Dómsmálum vegna óskýrra íslenskra laga sem byggjast á EES-reglum hefur fjölgað hér á landi.

Of mörg dæmi eru þekkt um að íslensk stjórnvöld hafi gengið lengra en nauðsynlegt var samkvæmt kvöðum EES-reglna og þannig bakað ríki, sveitarfélögum, atvinnufyrirtækjum eða jafnvel almenningi óþarfa kostnað eða byrði af öðru tagi.

Hinn 11. apríl 2003 stóð utanríkisráðuneytið fyrir námstefnu um betri og markvissari hagsmunagæslu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þátttakendur voru samtök almennings og fyrirtækja á ýmsum verksviðum EES-samningins og meginhersla var lögð á að íslensk stjórnvöld, stjórnmálaflokkar, hagsmunasamtök og fyrirtæki þyrftu að sinna hagsmunavörslu við mótun reglna Evrópusambandsins með svipuðum hætti og ef Ísland væri aðildarríki enda tæki Ísland upp 80% af ESB-löggjöf. Það var jafnframt niðurstaða námstefnunnar að Íslendingar þyrftu að taka meira frumkvæði í lagasmíð og nýta sér gagnsæi í störfum stofnana ESB, einkum Evrópuþingsins sem fengið hefur aukin völd á síðastliðnum árum. Alþingi ber, ekki síður en Stjórnarráðinu, að taka mið af þessum röddum úr íslensku samfélagi.

Endurskoðun þinglegrar meðferðar EES-reglna verður því að taka a.m.k. til:

a. þáttar Alþingis á mótunarstigi reglnanna,
b. hlutverks starfsmanna Alþingis í samráðshópi Stjórnarráðsins,
c. hlutverks utanríkismálanefndar Alþingis,
d. samningar og samþykktar þingsályktunartillagna um heimild til ríkisstjórnarinnar um að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar,

e. verklags við meðferð fastanefnda Alþingis á frumvörpum unnum úr EES-gerðum, og loks
f. þátttöku Alþingis í þingmannanefnd EFTA og sameiginlegri þingmannanefnd EES.

Þá ber að leita fordæma að góðri framkvæmd hjá þjóðþingum annarra ríkja, sérstaklega annars staðar á Norðurlöndunum.

289. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Flm.: Bjarkey Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra í námi með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi með það að markmiði að einstæðir foreldrar geti fylgt jafnöldrum sínum í námi á framhaldsskólastigi og stundað nám á efri skólastigum til jafns við aðra.

Greinargerð.

Þann 1. desember 2003 voru á Íslandi 11.006 einstæðar mæður og 895 einstæðir feður með börn á framfæri, eða 11.901 alls, og hafði þá fjölgað um tæp 400 frá árinu 2002. Í þessum stóra hópi voru 143 einstæðar mæður og einn einstæður faðir 19 ára eða yngri. Samsvarandi tölur fyrir aldurshópinn 20–29 ára 1. desember 2003 eru 3.208 einstæðar mæður með börn og 80 einstæðir feður með börn.

Hér er um gríðarstóran þjóðfélagshóp að ræða sem getur átt harla erfitt um vik þegar kemur að því að sækja sér menntun og stunda sitt nám. Eini stuðningurinn sem stendur þessum hópi til boða eru námsstyrkir úr sjóði sem komið var á fót af Rauða Krossi Íslands í samvinnu við Félag einstæðra foreldra um miðjan síðasta áratug. Úr þessum sjóði er úthlutað fimm til sjö styrkjum tvisvar á ári og eru þeir að upphæð 50–100 þús. kr. hver. Þrátt fyrir að þessir styrkir hafi án vafa komið mörgum yfir ákveðinn hjalla má ljóst vera að svo lítill námssjóður getur engan veginn gegnt því hlutverki að jafna aðstöðu barnafólks og barnlausra í framhaldsskólum eins og hér er lagt til. Undanfarin þrjú ár hafa umsóknir í sjóðinn verið á bilinu 40–60 á hverri önn þrátt fyrir að einungis félagsmenn eigi kost á úthlutunum. Þrátt fyrir allt gefur það vissa hugmynd um þörfina fyrir stuðning við þennan þjóðfélagshóp að umsóknir skuli vera 8–10 sinnum fleiri en veittir styrkir. Þess ber að gæta að rétt til að sækja um stuðning úr þessum sjóði hafa allir félagsmenn sem eru í námi, hvort heldur er á framhalds- eða háskólastigi, í verknámi, starfsnámi eða á styttri námskeiðum. Við þetta bætist að sjóðurinn er nú um það bil að tæmast og framtíð hans óvissu háð.

Ef litið er nánar á fjölda einstæðra foreldra í námi og notast við fyrrnefnda skiptingu í aldurshópa sést að aðgerða er þörf. Einstæðar mæður skila sér illa í framhaldsskólanám, aðeins 32,9% þeirra sem eru 19 ára eða yngri stunda nám á framhaldsskólastigi. Aftur á móti er tiltölulega stór hópur á aldrinum 20–29 ára enn í framhaldsskóla, eða tæp 16%. Þá eru rúm 4% einstæðra mæðra 30 ára og eldri við nám á framhaldsskólastigi. Ekki verður dregin önnur ályktun af þessari tölfræði en sú að einstæðar mæður dragist verulega aftur úr jafnöldrum sínum í námi. Hlutfall einstæðra foreldra, feðra og mæðra, á aldrinum 20–29 ára sem stunda nám á háskóla- eða sérskólastigi er álíka og í framhaldsskólunum, eða 15,1%.

Fjöldi einstæðra foreldra í nemendaskrá Hagstofu Íslands eftir skólastigi, kyni og aldri 15. október 2003.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

Skólastig	Aldur	Samtals	Feður	Mæður
1 Framhaldsskólastig	19 ára og yngri	**47**	0	47
1 Framhaldsskólastig	20–29 ára	**519**	8	511
1 Framhaldsskólastig	30 ára og eldri	**334**	14	320
2 Sérskóla- og háskólastig	19 ára og yngri	**1**	0	1
2 Sérskóla- og háskólastig	20–29 ára	**496**	7	489
2 Sérskóla- og háskólastig	30 ára og eldri	**653**	29	624
3 Í námi erlendis	20–29 ára	**25**	3	22
4 Í námi erlendis	30 ára og eldri	**26**	2	24
		2.101	**63**	**2.038**
	Samtals í þjóðskrá:	**11.901**	**895**	**11.006**

Kostnaðurinn við að afla sér menntunar getur hæglega orðið mörgum ofviða og þarf þá ekki einstæða foreldra til. Hins vegar gefur auga leið að fjárhagsstaða þeirra er yfirleitt erfiðari en vísitölunámsmannsins ef svo mætti að orði komast. Lánasjóður íslenskra námsmanna hleypur undir bagga með skólafólki upp að vissu marki en það takmarkast við háskólanám og það sérskólanám sem telst lánshæft samkvæmt reglum lánasjóðsins. Út af stendur allt almennt nám á framhaldsskólastigi og kemur það afar illa við einstæða foreldra sem hafa orðið að gera hlé á skólagöngu sinni vegna fjölskylduaðstæðna. Eðlilegt væri að sá starfshópur, sem hér er gerð tillaga um, færi vandlega yfir það hvort ekki þurfi að breyta lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á þann veg að námslán verði einnig veitt til foreldra sem eru að hefja nám á framhaldsskólastigi á nýjan leik.

Að fleiru er að hyggja en fjárhagslegum hliðum þessa máls. Félagslegar aðstæður verða að vera þannig að einstæðir foreldrar geti yfir höfuð sinnt sínu námi. Þar verður einkum að staldra við húsnæðismál, dagvistun og leikskólamál. Verðlag á almennum leigumarkaði hér á landi er með þeim hætti að slíkt húsnæði er engan veginn á færi venjulegra einstæðra foreldra ætli þeir sér að taka nám fram yfir vinnu. Víst er að margir eiga ekki annarra kosta völ en að búa í foreldrahúsum til að láta enda ná saman þótt sú leið sé ekki endilega ávísun á betri aðstæður til að sinna t.d. heimanámi.

Einstæðum foreldrum er víða léttur róðurinn með lægri leikskólagjöldum en almennt tíðkast og er það vel þótt gjaldfrjálsir leikskólar séu markmið Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs til framtíðar litið. Hins vegar þarf ekki síður að huga að leiðum til að auðvelda einstæðum foreldrum í námi að fá inni á leikskólum og í dagvistun fyrir börn sín.

Hér hefur aðeins verið stiklað á helstu þáttum sem þurfa að koma til skoðunar ef jafna á aðstöðu einstæðra foreldra og annarra landsmanna til að afla sér menntunar. Við viljum öll státa af jafnrétti til náms í okkar þjóðfélagi og það felur m.a. í sér greiðan aðgang að námi á framhalds- og háskólastigi án tillits til efnahags, búsetu eða fjölskylduaðstæðna.

290. Frumvarp til laga [269. mál]

um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Lánasjóður sveitarfélaga er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Lánasjóðurinn skal starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfylla skilyrði þeirra laga, sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

2. gr.

Megintilgangur lánasjóðsins er að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán eða ábyrgðir til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

3. gr.

Æðsta vald í málefnum lánasjóðsins er í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við lög þess.

Halda skal ársfund lánasjóðsins í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, óháð ákvæðum um tímamörk í lögum um hlutafélög. Á ársfundi skal taka fyrir í það minnsta endurskoðaða ársreikninga lánasjóðsins, skýrslu stjórnar um rekstur lánasjóðsins síðastliðið ár og kjör stjórnar og endurskoðanda.

4. gr.

Eigendafundur setur samþykktir fyrir lánasjóðinn þar sem kveðið er nánar á um stjórn hans og rekstur. Samþykktirnar eða breytingar á þeim öðlast gildi þegar þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Ársfundur kýs stjórn lánasjóðsins í samræmi við samþykktir hans. Stjórnin setur útlánareglur sem kveða nánar á um skilyrði lánveitinga úr sjóðnum. Stjórnin mótar jafnframt stefnu um fjármálaþjónustu lánasjóðsins við sveitarfélög og aðra starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksárið. Ársreikningur lánasjóðsins skal fullgerður, endurskoðaður og undirritaður af stjórn hans fyrir marslok ár hvert. Að fenginni samþykkt ársfundar lánasjóðsins á ársreikningnum skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Óheimilt er að ráðstafa eigin fé eða tekjuafgangi lánasjóðsins með greiðslu arðs eða niðurfærslu eigin fjár.

8. gr.

Lánasjóði sveitarfélaga verður ekki slitið, hann lagður niður eða sameinaður öðrum stofnunum eða félögum eða honum formbreytt nema með lögum.

9. gr.

Skuldabréf fyrir lánum sem lánasjóðurinn tekur og veitir skulu undanþegin stimpilgjöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, með síðari breytingum.

11. gr.

Við gildistöku þessara laga verða eftirtaldar breytingar á öðrum lögum:

1. Á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „1,58%“ í a-lið 10. gr. laganna kemur: 1,7%.
   b. C-liður 10. gr. laganna fellur brott.
   c. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum hljóðar svo:
      Til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, skal 200 millj. kr. varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar árið 2005 og 135 millj. kr. árið 2006.
2. Við 1. málsl. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, bætist: og vegna ábyrgða sem það veitir skv. 6. mgr.
3. Við lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, bætist nýtt bráðabirgðaákvæði er hljóðar svo:
   Þeir starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga, sem aðild eiga að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga þessara og eru í störfum sem flytjast til Sambands íslenskra sveitarfélaga og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna þar störfum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra staðfestir fyrstu samþykktir lánasjóðsins samkvæmt tillögu stjórnar sjóðsins.

Umboð núverandi stjórnar lánasjóðsins helst óbreytt þar til ný stjórn hefur verið kjörin á fyrsta ársfundi hans.

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr lánasjóðnum, sem tekin voru fyrir gildistöku laga þessara, á réttum gjalddaga, og getur ráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur skv. 10. gr. laga nr. 35/1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sameign allra sveitarfélaga á Íslandi samkvæmt lögunum, en starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Lögin eru að stofni til frá 1966 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan þá. Megintilgangur laganna er að stuðla að því að íslensk sveitarfélög geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma. Með fyrirhuguðum breytingum

er ekki um breytingu að ræða á því markmiði. Hins vegar eru lögin um lánasjóðinn að mörgu leyti úr sér gengin vegna breytinga á hinu fjármálalega umhverfi og þróunar sveitarfélaganna og kominn tími til að endurskoða þau.

Markmiðið með breytingum á lagaumhverfi lánasjóðsins nú er að laga rekstur hans að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem fært er, meðal annars með niðurfellingu á ákvæðum um árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og árlegt framlag úr ríkissjóði til lánasjóðsins. Eiginfjárstaða hans er sterk og er ekki talin þörf á slíkum framlögum til að tryggja megintilgang laganna.

Í tengslum við niðurfellingu þessara framlaga er gert ráð fyrir að verulega dragi úr afskiptum ríkisins af rekstri lánasjóðsins og ábyrgð á stjórn hans og rekstri færist til sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir því að lánasjóðurinn starfi í framtíðinni sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sé ekki á annan veg mælt í sérlögum um hann. Verði frumvarp þetta að lögum mun lánasjóðurinn því starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og á grundvelli starfsleyfis þess, en svo er ekki nú. Í lögum um fjármálafyrirtæki er að finna ákvæði sem kveða nánar á um rekstur og stjórn fjármálafyrirtækja þannig að með því að láta lánasjóðinn starfa eftir þeim hverfur þörfin á nákvæmum fyrirmælum um stjórn hans og rekstur í sérlögum um hann.

Með því að færa æðsta vald í málefnum lánasjóðsins til sveitarfélaganna og jafnframt láta hann starfa samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má því einfalda lögin um lánasjóðinn verulega.

Því er lagt til að fjölmörg ákvæði gildandi laga, sem kveða í smáatriðum á um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi lánasjóðsins, falli brott. Eðlilegra er að slík ákvæði verði sett í samþykktum lánasjóðsins og starfsreglum sem stjórn hans setur og þá í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög eftir því sem við getur átt. Um er að ræða niðurfellingu eftirfarandi greina gildandi laga:

- 3. og 4. gr. sem fjalla um stjórn lánasjóðsins, en um hana koma ákvæði í samþykktum hans.
- 5. gr. sem fjallar meðal annars um framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði.
- 6. gr. sem fjallar um fjármögnun lánasjóðsins og eiginfjárhlutfall. Í staðinn er gert ráð fyrir að sjóðurinn falli undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og um hann gildi ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur sett á grundvelli þeirra laga, meðal annars um eiginfjárhlutfall og skyldu til að koma upp eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína.
- 7.–12. gr. sem fjalla um skilyrði útlána úr lánasjóðnum. Tilgangurinn með niðurfellingu þessara ákvæða er að færa ábyrgð á útlánareglum lánasjóðsins frá ríkisvaldinu og í hendur eigendafundar og stjórnar, en ekki að fella þær niður. Í frumvarpinu er stjórn lánasjóðsins gert að setja útlánareglur sem kveða nánar á um skilyrði lánveitinga úr sjóðnum. Í 3. mgr. 12. gr. gildandi laga er að finna undanþáguákvæði varðandi stimpilgjöld af skuldabréfum fyrir lánum sem lánasjóðurinn tekur og veitir. Ákvæði þetta er tekið óbreytt upp í frumvarp þetta, sbr. 9. gr. Skuldaviðurkenningar lánasjóðsins sjálfs sem fjármálafyrirtækis eru reyndar stimpilgjaldsfrjálsar samkvæmt öðrum lögum.
- 13. gr. sem fjallar um heimild til ráðherra til að greiða vanskil af lánum sveitarfélags af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga er að finna heimild fyrir sveitarfélög til að veita lánasjóðnum tryggingar í tekjum sínum sem er nýrri en áðurnefnt ákvæði 13. gr. Þar sem framlög úr Jöfnunarsjóði

sveitarfélaga teljast til tekna sveitarfélaga er þetta sérákvæði því óþarft í framtíðinni. Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lánasjóðurinn geti, auk beinna lána til sveitarfélaga, einnig lánað stofnunum og félögum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda. Þar sem áðurnefnd heimild í sveitarstjórnarlögum tekur einungis til lána sveitarfélaganna sjálfra er nauðsynlegt að breyta því ákvæði til að það geti einnig tekið til ábyrgða sveitarfélags sem það hefur gengist í vegna lántöku stofnunar eða félags í þess eigu, en um það vísast nánar til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

- 14. gr. um varðveislu sjóða sveitarfélaga, enda er nægt þjónustuframboð á markaði hvað þessa starfsemi varðar nú og hún hefur aldrei verið stunduð af lánasjóðnum.
- 16. gr. um setningu reglugerðar enda eiga samþykktir lánasjóðsins að koma í stað reglugerðar samkvæmt frumvarpinu.

Með brottfalli framangreindra ákvæða standa eftir 1., 2. og 15. gr. gildandi laga. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að ákvæðum þessara greina verði breytt og er gerð grein fyrir þeim breytingartillögum í athugasemdum við einstakar greinar. Þá er ákvæði 3. mgr. 12. gr. núgildandi tekið óbreytt upp í 9. gr. frumvarpsins.

Ein mikilvægasta breytingin á starfsemi lánasjóðsins er brottfall 5. gr. gildandi laga. Með þeirri breytingu eru felld niður árleg framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði. Er þetta liður í því að færa rekstrarskilyrði sjóðsins í átt að því sem almennt gerist á fjármálamarkaði. Þess má geta að ríkissjóður hefur ekki innt af hendi framlag til lánasjóðsins síðan árið 1983 þar sem ekki hafa verið um það ákvæði í fjárlögum síðan þá.

Þá hafa framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið skert þrívegis á undanförnum árum og runnu þeir fjármunir til stofnframkvæmda við einsetningu grunnskóla. Fyrir árin 1997–2002 nam skerðingin 135 millj. kr. á ári, en fyrir árin 2002–2004, 200 millj. kr. á ári. Á árinu 2004 var gildistími átaksins til einsetningar grunnskóla framlengdur til ársins 2006 þannig að á árinu 2005 verða teknar 200 millj. kr. af fyrirhuguðu framlagi til lánasjóðsins og 135 millj. kr. árið 2006. C-liður 1. tölul. 11. gr. frumvarpsins á að tryggja fyrirhuguð framlög til einsetningar grunnskóla fyrir árin 2005 og 2006 þrátt fyrir niðurfellingu framlaga til lánasjóðsins. Árið 2002 var framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til lánasjóðsins 50 millj. kr. og 38 millj. kr. árið 2003.

Í árslok 2003 átti Lánasjóður sveitarfélaga útistandandi um 12,6 milljarða kr. hjá sveitarfélögum með áföllnum vöxtum. Var það um 9% af skuldum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra við lánastofnanir á sama tíma. Fjárhagsstaða sjóðsins er traust og var eigið fé hans 9,1 milljarður kr. í árslok 2003. Á sama tíma voru lántökur sjóðsins til endurlána samtals 3,6 milljarðar kr. Fjár til endurlána hefur hann aðallega aflað með lántökum hjá Norræna fjárfestingarbankanum og skuldabréfaútgáfu á innlendum skuldabréfamarkaði.

Rekstur sjóðsins er hagkvæmur og árið 2003 samsvaraði rekstrarkostnaður sjóðsins 0,215% af meðalstöðu efnahagsreiknings. Sjóðurinn er aðili að samstarfssamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Bjargráðasjóð um sameiginlegt skrifstofuhald, þ.e. launakostnað sameiginlegs starfsfólks, rekstur húsnæðis og annan sameiginlegan kostnað. Samreksturinn er hagfelldur fyrir sjóðinn. Framkvæmdastjóri sambandsins er jafnframt framkvæmdastjóri sjóðsins og Bjargráðasjóðs.

Sjóðurinn er frábrugðinn öðrum lánasjóðum, bæði innlendum og erlendum, og viðskiptabönkum að því leyti að hann hefur að miklu leyti takmarkað útlán sín við eigið fé sitt. Eiginfjárhlutfall hans er því mjög hátt eða 71% í árslok 2003. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reglugerð 530/2003 þar sem vægi krafna á sveitarfélög er ákveðið 20% þyrfti eiginfjárhlutfallið ekki að vera nema 1,6% sem er nálægt meðaltali systursjóða lánasjóðsins

annars staðar á Norðurlöndum. Sjóðurinn getur því auðveldlega uppfyllt lágmarkskröfur laganna um eigið fé fjármálafyrirtækja. Vegna þeirrar stefnu lánasjóðsins að lána svo til eingöngu út eigið fé sitt er hlutdeild hans í heildarlántökum íslenskra sveitarfélaga mun lægri en samsvarandi lánasjóða í öðrum norrænum ríkjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efnislegar breytingar á þessari grein miðað við gildandi lög um Lánasjóð sveitarfélaga eru þær að brott falla orðin „umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins“ enda er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sjóðsins skv. 5. gr. gildandi laga falli niður.

Jafnframt falla brott orðin: „Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sbr. 3. gr. laga þessara, og starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar.“ Í stað þess kemur fram í ákvæðinu að lánasjóðurinn skuli starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfylla skilyrði þeirra laga, sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum. Þar sem framlög til sjóðsins úr ríkissjóði skv. 5. gr. gildandi laga falla niður verði frumvarp þetta að lögum er eðlilegt að ákvæði um yfirumsjón ríkisstjórnarinnar falli brott. Ákvæði um skipan stjórnar er að finna í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og því ekki þörf á sérstöku ákvæði um þetta efni í lögum um sjóðinn, að frátöldu almennu ákvæði í 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga eftirfarandi:

1. Að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, sem eru svo kostnaðarsamar, að fjár til þeirra verði ekki aflað af tekjum sveitarfélagsins, nema á löngum tíma. Enn fremur að aðstoða sveitarfélög við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra.
2. Að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör og óska aðstoðar sjóðsins í þessu skyni, eða veita þeim, eftir því sem fært er, lán til greiðslu óhagstæðra lána, ef samningar takast ekki um bætt lánakjör við hlutaðeigandi lánastofnanir.
3. Að aðstoða sveitarfélög við útvegun nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum.
4. Að stuðla að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur, sem þurfi ekki að setja tryggingar fyrir lánum, sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

Álitamál er hvort sjóðurinn gegni nú að öllu leyti því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögunum. Augljóslega er lögð mest áhersla á það hlutverk sem kemur fram í fyrri hluta 1. töluliðar. Önnur atriði sem fram koma í greininni eru að mörgu leyti úrelt vegna breytinga sem orðið hafa á íslenskum sveitarfélögum og þarf því að endurskilgreina hlutverk sjóðsins.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutverk sjóðsins breytist og það verði almennara. Í gildandi lögum eru ákvæði sem ekki samsvara þörfum sveitarfélaga og starfsemi sjóðsins í dag og eru því úrelt. Má sem dæmi nefna ákvæði 2.–4. tölul. 2. gr. um að sjóðurinn annist samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, hann aðstoði sveitarfélög við útvegun rekstrarlána og stuðli að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur.

Önnur meginbreyting frá gildandi lögum er að lagt er til að sjóðnum verði heimilt að lána stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaga ef þau eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitar-

félaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Í gildandi lögum eru sveitarfélögin ein nefnd sem hugsanlegir lántakendur.

Sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli á undanförnum árum leyst verkefni sín með samstarfi við önnur sveitarfélög eða ríkissjóð og þá með því að koma á fót sérstakri stofnun eða félagi um reksturinn. Þá hafa einstök sveitarfélög stofnað félög um rekstur afmarkaðra verkefna án þess að um samstarfsverkefni sé að ræða, til dæmis um eignarhald og rekstur fasteigna. Með breytingu á 73. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. lög nr. 69/2004, hafa sveitarfélögin fengið auknar heimildir til að ábyrgjast lán til slíkra stofnana og félaga. Er því full ástæða til að láta útlánaheimildir sjóðsins ná einnig til þessara aðila. Hins vegar má benda á að heimildir sveitarfélaga til að veita ábyrgðir til annarra aðila en stofnana og félaga í þeirra eigu eru mjög takmarkaðar, sbr. 6. og 7. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

Loks er lagt til að sjóðurinn geti veitt ábyrgð á lánum sveitarfélaga og stofnana eða félaga í þeirra eigu í stað lánveitingar ef það er talið hagstæðara fyrir lántakann. Í 10. gr. gildandi laga er heimild fyrir lánasjóðinn til að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á rekstrarlánum sveitarfélaga en sú heimild verður óþörf með almennri heimild í þessari grein til að veita ábyrgðir.

Um 3. gr.

Lagt er til að æðsta vald í málefnum lánasjóðsins verði fært til sveitarfélaganna þannig að svokallaður eigendafundur, þar sem eiga sæti fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við lög sambandsins, fari með þetta vald og kjósi lánasjóðnum stjórn og endurskoðanda og samþykki ársreikning og skýrslu stjórnar. Samkvæmt gildandi lögum skipar félagsmálaráðherra stjórn lánasjóðsins, fjóra menn samkvæmt tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og enn fremur formann stjórnar án tilnefningar. Breytingin er liður í þeirri stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu að færa málefni lánasjóðsins frá ríkisstjórn til sveitarfélaganna og er það eðlileg breyting í ljósi þess að fellt er brott ákvæði um árlegt framlag úr ríkissjóði til lánasjóðsins. Gert er ráð fyrir að ársfundur lánasjóðsins verði haldinn í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram er gert ráð fyrir að landsþing fari fram að hausti, en annars verði þau haldin að vori. Er það ekki í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga sem gera ráð fyrir að aðalfundur félags fari fram eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsársins. Í lögum um fjármálafyrirtæki er vísað til laga um hlutafélög varðandi stjórn fyrirtækja og er því nauðsynlegt að setja inn ákvæði um að ársfundur sé haldinn óháð ákvæðum um tímamörk í lögum um hlutafélög.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að settar verði samþykktir fyrir lánasjóðinn sem birtar verði í B-deild Stjórnartíðinda. Unnin hafa verið drög að slíkum samþykktum sem taka mið af lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um hlutafélög eftir því sem hægt er. Er þessi breyting frá 16. gr. gildandi laga liður í að færa starfsemi lánasjóðsins að sem mestu leyti til þess horfs sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi.

Um 5. gr.

Í 7.–12. gr. gildandi laga um lánasjóðinn eru nákvæm fyrirmæli um hvernig lánveitingum úr honum skuli háttað. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að þessi ákvæði falli brott að undanteknu ákvæði um stimpilgjald í 9. gr. frumvarpsins. Með tilfærslu eftirlits með rekstri lánasjóðsins frá ríkissjóði til sveitarfélaganna er eðlilegra að slíkar efnisreglur verði að finna

í samþykktum lánasjóðsins og útlánareglum sem stjórn hans setur og þá í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög eftir því sem við getur átt. Í greininni er því gerð krafa um að stjórn lánasjóðsins setji slíkar útlánareglur og móti stefnu sjóðsins varðandi þjónustu hans við sveitarfélögin.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 15. gr. gildandi laga en lögð er til sú breyting að fellt er brott ákvæði um að fjármálaráðherra skipi endurskoðendur og að félagsmálaráðherra úrskurði reikningana. Gert er ráð fyrir að endurskoðandi verði kjörinn á ársfundi og að slíkur fundur afgreiði reikningana endanlega. Er þessi breyting í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu og aðlögun starfskilyrða lánasjóðsins að almennum starfskilyrðum á fjármálamarkaði. Samkvæmt ákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki skal afhenda Fjármálaeftirlitinu ársreikning fjármálafyrirtækis innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur lánasjóðsins þarf því að vera fullgerður, endurskoðaður og undirritaður af stjórn fyrir marslok ár hvert. Miðað er við að ársreikningurinn verði áfram birtur í B-deild Stjórnartíðinda þegar ársfundur hefur samþykkt hann.

Um 7. gr.

Lánasjóðurinn er sameign íslenskra sveitarfélaga án frekari skilgreiningar á eignarhaldi. Meðan svo er verður að telja eðlilegt að ekki verði teknar ákvarðanir um að arður sé greiddur úr lánasjóðnum eða eigið fé hans fært niður. Hins vegar er það megintilgangur lánasjóðsins skv. 2. gr. frumvarpsins að tryggja sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Má því ætla að útlánakjör sem hefðu það í för með sér að ávöxtun eigin fjár yrði undir því sem almennt gerist á markaði væru ekki andstæð megintilgangi lánasjóðsins.

Um 8. gr.

Í stað ákvæða laga um fjármálafyrirtæki um slit og samruna fjármálafyrirtækja eru hér sérákvæði um lánasjóðinn sem mæla fyrir um að honum verði ekki slitið, hann lagður niður eða sameinaður öðrum stofnunum eða félögum eða honum formbreytt nema með lögum. Þar sem lánasjóðurinn er sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, án frekari skilgreiningar á eignarhaldi, geta komið upp margvísleg álitaefni við hugsanleg slit, samruna eða formbreytingu sem eingöngu er hægt að leysa með sérstakri löggjöf þar að lútandi.

Lagalega séð yrði, þrátt fyrir þetta ákvæði, ekkert því til fyrirstöðu að Fjármálaeftirlitið afturkallaði starfsleyfi lánasjóðsins í samræmi við ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki þó að afar ólíklegt sé að til þess muni nokkurn tíma koma. Stjórn lánasjóðsins eða eigendafundur þarf þá í samráði við stjórnvöld að ákveða framtíð sjóðsins, til dæmis hvort hann skuli starfa áfram en utan ramma laga um fjármálafyrirtæki, hvort eigið fé hans verði aukið til að tryggja honum starfsleyfi eða hann lagður niður með lögum.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að gera nokkrar breytingar á öðrum lögum við gildistöku nýrra laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Í 1. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir þremur breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, til að ná því markmiði að fella niður lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til lánasjóðsins, sem nú nemur 6,1% af tilgreindum tekjum Jöfnunarsjóðs, eða um 250 millj. kr. á ári. Er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að ákvæði í c-lið 10. gr. laganna falli brott en jafnhliða er framlag Jöfnunarsjóðs skv. a-lið sömu greinar hækkað um 0,12 hundraðshluta. Fram til þessa hefur lánasjóðurinn haft sameiginlegan framkvæmdastjóra og skrifstofuhald með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bjargráðasjóði. Samkvæmt frumvarpinu mun lánasjóðurinn í framtíðinni starfa sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki og stjórnunarlega þarf því að slíta tengsl lánasjóðsins við sambandið og Bjargráðasjóð. Við þá breytingu verða færri sem deila með sér kostnaði af samrekstri með sambandinu og er því mætt með breytingu á framlagi Jöfnunarsjóðs til sambandsins. Er áætlað að breytingin skili sambandinu um 10 millj. kr. á ári í auknar tekjur.

Í ákvæði til bráðabirgða IV í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 67/2004 um breytingu á þeim lögum, er gert ráð fyrir að hluta af árlegu framlagi lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sé varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar. Með frumvarpinu á að vera tryggt að þau framlög haldist óbreytt þrátt fyrir niðurfellingu lögbundins framlags til lánasjóðsins og að á árinu 2005 verði 200 millj. kr. varið til þessa verkefnis úr Jöfnunarsjóði og 135 millj. kr. á árinu 2006.

Í 2. tölul. greinarinnar er lögð til breyting á 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, þannig að sveitarfélögum verði heimilt að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum vegna ábyrgða sem þeim er heimilt að veita, sbr. 2. gr. þessa frumvarps og 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarfélagi nú eingöngu heimilt að veita lánasjóðnum tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum, en ekki vegna ábyrgða. Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að ætlunin er að lánasjóðnum verði gert kleift að lána stofnunum eða fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda. Því er nauðsynlegt að gera þessa breytingu á sveitarstjórnarlögum. Um heimildir sveitarfélaga til að veita ábyrgðir er eftir sem áður fjallað í 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga og er hér ekki gert ráð fyrir neinum breytingum hvað þær heimildir varðar.

Í 3. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingin er nauðsynleg þar sem sjö núverandi starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga eru skráðir starfsmenn lánasjóðsins vegna þess að sambandið getur ekki átt aðild að B-deild lífeyrissjóðsins. Einnig er um að ræða fjórtán fyrrverandi starfsmenn sem þiggja eða munu þiggja eftirlaun frá B-deild. Eðlilegt er að lánasjóðurinn hafi ekki aðra starfsmenn á launaskrá hjá sér en þá sem raunverulega starfa fyrir sjóðinn eða sé í ábyrgð fyrir viðbótarlífeyri framangreindra starfsmanna nema að sínum hluta. Því er nauðsynlegt að færa þessa starfsmenn til sambandsins, en slíkt er ekki hægt að óbreyttum lögum um lífeyrissjóðinn. Markmiðið með þessari lagabreytingu er því að gera Sambandi íslenskra sveitarfélaga kleift að vera aðili að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna framangreindra starfsmanna eingöngu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er að finna ýmis ákvæði er varða skil við eldri lög og nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja það að lánasjóðurinn geti strax við gildistöku laganna starfað í samræmi við ákvæði þeirra.

Í stað þess að boðað verði til sérstaks eigendafundar ef frumvarp þetta verður að lögum er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra staðfesti fyrstu samþykktir lánasjóðsins að tillögu stjórnar hans og að þær verði síðan lagðar fyrir næstkomandi ársfund lánasjóðsins til samþykktar.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að eigendafundur verði haldinn strax við gildistöku laganna er nauðsynlegt að framlengja umboð stjórnar fram að fyrsta ársfundi lánasjóðsins.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að ákvæði um heimild ráðherra til að greiða vanskil sveitarfélaga af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falli brott. Til að tryggja hagsmuni lánasjóðsins er nauðsynlegt að þetta ákvæði haldi gildi sínu gagnvart þeim lánum sem lánasjóðurinn hefur veitt áður en frumvarpið verður að lögum.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á áhrifum frumvarps til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frumvarpið miðar að því að laga rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem fært er, afnema ákvæði um afskipti ríkisins af rekstri lánasjóðsins og færa ábyrgð á stjórn og rekstri lánasjóðsins til sveitarfélaga. Ekki er fyrirhuguð breyting á megintilgangi laganna sem er að stuðla að því að íslensk sveitarfélög eigi aðgang að eins hagstæðu lánsfé og kostur er á hverjum tíma.

Með því að færa æðsta vald í málefnum lánasjóðsins til sveitarfélaga og jafnframt láta hann starfa samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má einfalda lögin um lánasjóðinn verulega og því er með frumvarpinu lagt til að felld verði niður fjölmörg ákvæði úr eldri lögum sem kveða í smáatriðum á um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi lánasjóðsins. Ekki verður séð að sú breyting feli í sér kostnaðarauka fyrir lánasjóðinn eða eigendur hans.

Ein mikilvægasta breytingin á starfsemi lánasjóðsins samkvæmt frumvarpinu er brottfall 5. gr. gildandi laga þar sem meðal annars eru felld niður árleg framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði. Er þetta liður í því að færa rekstrarskilyrði lánasjóðsins í átt að því sem almennt gerist á fjármálamarkaði. Jafnhliða er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Sambands íslenskra sveitarfélaga hækkað um sem nemur 10 millj. kr. á ársgrundvelli.

Þess má geta að ríkissjóður hefur ekki innt af hendi framlag til lánasjóðsins síðan árið 1983 þar sem ekki hefur verið kveðið á um slíkt framlag í fjárlögum síðan þá. Þá hafa framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið skert verulega á undanförnum árum og runnu þeir fjármunir þess í stað til stofnframkvæmda vegna einsetningar grunnskóla. Árið 2002 var framlag sem greitt var úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til lánasjóðsins 34 millj. kr. og 20 millj. kr. árið 2003. Á sama tíma runnu 200 millj. kr. af lögbundnu framlagi til lánasjóðsins til stofnframkvæmda við grunnskóla.

Eiginfjárstaða lánasjóðsins er sterk og brottfall árlegra framlaga til hans úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ekki til þess fallið að hafa áhrif á þau lánakjör sem lánasjóðnum bjóðast eða

rýra þau lánakjör sem hann getur boðið sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum í þeirra eigu. Hins vegar mun niðurfelling framlaganna losa um fjármuni hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og nýtast í önnur framlög hans til sveitarfélaga. Áætla má að aukið ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs af þessum sökum verði um 40 millj. kr. árið 2005, um 105 millj. kr. árið 2006 og eftir það um 240 millj. kr. á ári.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Markmið frumvarpsins er að laga rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði þannig að starfsemi hans falli undir lög um fjármálafyrirtæki og uppfylli skilyrði þeirra laga. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sjóðurinn starfi sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eru felld brott fjölmörg ákvæði sem kveða á um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi sjóðsins. Verða slík ákvæði sett í samþykktir sjóðsins og starfsreglur sem stjórn hans setur líkt og er með önnur fjármálafyrirtæki. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Lánasjóðurinn verði áfram sjálfstæð stofnun í sameign allra sveitarfélaga á Íslandi en æðsta vald í málefnum sjóðsins er fært til eigendafundar þar sem sæti eiga fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að felld verði brott úr lögum ákvæði um árlegt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og árlegt framlag ríkissjóðs til Lánasjóðsins. Eiginfjárstaða sjóðsins er sterk og er ekki talin þörf á slíkum framlögum til að tryggja megintilgang laganna. Með frumvarpinu er lagt til að við gildistöku laganna bætist nýtt bráðabirgðaákvæði við lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem kveður á um að starfsmenn sjóðsins sem eru í störfum sem flytjast til Sambands íslenskra sveitarfélaga og halda þeim áfram, skuli eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindavinnslu.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

291. Fyrirspurn [270. mál]

til utanríkisráðherra um diplómatavegabréf.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um íslensk diplómatavegabréf? Hverjir hafa slík vegabréf og hversu margir?
2. Hvaða reglur gilda um diplómatavegabréf annars staðar á Norðurlöndum og eru þingmenn þar og annars staðar í Evrópu með slík vegabréf?

Skriflegt svar óskast.

292. Fyrirspurn [271. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni barna með bráðaofnæmi.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

1. Hvernig er málefnum barna með bráðaofnæmi sinnt í heilbrigðiskerfinu?
2. Er vitað hve mörg börn eru með bráðaofnæmi hér á landi, fædd 1988 eða síðar?
3. Eiga foreldrar barna með bráðaofnæmi rétt á umönnunarbótum frá Tryggingastofnun ríkisins vegna veikindanna?

Skriflegt svar óskast.

293. Fyrirspurn [272. mál]

til menntamálaráðherra um lögverndun á starfsheiti táknmálstúlka.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

Hvað líður lögverndun á starfsheiti táknmálstúlka?

Skriflegt svar óskast.

294. Fyrirspurn [273. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

1. Hyggur ráðherra á hækkun barnabóta?
2. Er fyrirhugað að afnema tekju- og eignatengingu barnabóta að hluta eða í heild?

Skriflegt svar óskast.

295. Fyrirspurn [274. mál]

til umhverfisráðherra um Kyoto-bókunina.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvernig hyggjast stjórnvöld tryggja að losun gróðurhúsalofttegunda á árunum 2008–2012 fari ekki fram úr heimildum „íslenska ákvæðisins“ samkvæmt Kyoto-bókun loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna?

296. Svar [165. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um greiðslur fjármagnstekjuskatts.

1. *Hversu margir einstaklingar annars vegar og lögaðilar hins vegar greiddu fjármagnstekjuskatt árin 2002 og 2003 og hvað er áætlað að þeir verði margir í ár?*

Tekjuár	Einstaklingar	Lögaðilar
2002	74.346	83
2003	76.924	75

Unnið upp úr upplýsingum frá RSK.

Einungis lögaðilar, þ.m.t. félög og félagasamtök, sjóðir og stofnanir sem undanþegnir eru greiðslu tekjuskatts greiða fjármagnstekjuskatt. Aðrir lögaðilar greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum. Einnig greiðir ríkissjóður fjármagnstekjuskatt.

Í raun greiða flestir framteljendur einhvern fjármagnstekjuskatt, þar sem greitt er af öllum innstæðum í innlánsstofnunum. Það eru þó ekki allir sem gefa upp þessar upplýsingar á skattframtölum sínum og því erfitt að fá réttan fjölda þeirra sem greiða fjármagnstekjuskatt.

2. *Hversu margir af þessum gjaldendum greiða fjármagnstekjuskatt sem er:*
   a. *undir 100 þús. kr.,*
   b. *100–199 þús. kr.,*
   c. *200–399 þús. kr.,*
   d. *400–999 þús. kr.,*
   e. *1.000–1.499 þús. kr.,*
   f. *yfir 1.500 þús. kr.*

   og hve há er meðalgreiðslan í hverjum þessara flokka?

	Tekjuár 2002		Tekjuár 2003	
Þús. kr.	Fjöldi	Meðalgreiðsla fjármagnstekjuskatts	Fjöldi	Meðalgreiðsla fjármagnstekjuskatts
Undir 100	69.101	11.775	70.260	12.501
100–199	2.524	138.002	3.089	137.476
200–399	1.339	276.718	1.697	275.887
400–999	901	614.427	1.138	600.610
1.000–1.499	179	1.206.466	244	1.220.899
Yfir 1.500	392	5.983.834	496	7.568.976

Unnið upp úr upplýsingum frá RSK.

297. Tillaga til þingsályktunar [275. mál]

um endurskoðun skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að gangast fyrir endurskoðun á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum. Sérstaklega verði hugað að endurskoðun á þeim ákvæðum laganna sem snúa að bótum til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda. Endurskoðuninni verði lokið og frumvarp til breytinga lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 2005.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 130. löggjafarþingi.

Tillagan miðar að endurskoðun skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. Sérstaklega miðar hún að því að þau ákvæði laganna sem snúa að bótum til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda verði endurskoðuð. Í 13. gr. laganna er nú kveðið á um að bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skuli vera 30% af þeim bótum sem ætla megi að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. ákvæði 5.–8. gr. laganna. Bætur skulu þó ekki nema lægri fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á. Skv. 4. mgr. 5. gr. laganna dragast frá greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Þá dragast greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega frá skaðabótakröfu hans á hendur þeim vinnuveitanda sem keypti slysatrygginguna. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu og jafnframt skal draga frá henni 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun.

Flutningsmaður telur að þessu fyrirkomulagi eigi að breyta og telur það ósanngjarnt að miða bætur fyrir missi fullfrísks maka við örorku og að draga frá fjárhæðinni þær bætur sem viðkomandi látinn einstaklingur hefði fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, úr slysatryggingum og sem örorkulífeyri frá lífeyrissjóði.

Með tillögunni var fylgiskjal: Með lögum skal land byggja, en ólögum eyða. Hugleiðingar og áskorun eftir nýfallinn hæstaréttardóm í kjölfar vinnuslyss í Straumsvík 2001. Ásta Kristín Siggadóttir. (Morgunblaðið 5. mars 2004.)

298. Fyrirspurn [276. mál]

til iðnaðarráðherra um tilraunarekstur almenningssamgangna í Eyjafirði.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að fela Byggðastofnun að gera tilraun með rekstur almenningssamgöngukerfis sem tengi saman Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri, Kristnes og Grenivík?

Skriflegt svar óskast.

299. Frumvarp til laga [277. mál]

um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarkey Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara.

2. gr.

Allir eiga rétt á kennslu og þjálfun í táknmáli frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst hjá þeim.

Nú fæðist barn heyrnarlaust, heyrnarskert eða daufblint eða það missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði og skulu þá nánustu aðstandendur þess eiga rétt á endurgjaldslausri kennslu og þjálfun í táknmáli.

3. gr.

Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eiga rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi og í daglegu lífi að öðru leyti.

4. gr.

Til túlkaþjónustu telst túlkun á íslenskt táknmál eða á annað form sem heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur maður skilur.

5. gr.

Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Óheimilt er að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknmál.

6. gr.

Allar stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem eiga erindi við viðkomandi stofnun eða embætti vegna þjónustu eða annarra atvika.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Sérhver notandi íslenska táknmálsins á rétt á a.m.k. 20 tíma endurgjaldslausri þjónustu táknmálstúlks mánaðarlega til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 6. gr.

Daufblindir Íslendingar eiga rétt á a.m.k. tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Notendur þjónustu táknmálstúlka eiga rétt á auknum tímafjölda samkvæmt þessari grein ef sérstaklega stendur á samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

8. gr.

Íslenska ríkið skal stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Íslenska ríkið skal efla menntun táknmálstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í táknmálstúlkafræði. Þá skal íslenska ríkið í samræmi við ákvæði laga þessara og annarra laga leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkaþjónustu hverju sinni.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Í frumvarpi þessu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunar-

laust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla“ af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Að taka heyrnarskerta með inn í þetta mikilvæga mál veldur því að læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi er nú farin að flokka sem flesta heyrnarskerta. Heyrnarlaus er því sagður „mjög heyrnarskertur“ þótt hann hafi aðeins 2% heyrn eða minna. Víðs vegar um heim eru þessi tvö orð tekin undir sama hatt, má þar nefna á ensku „deaf and hard of hearing“, á norsku „døve og sterk tunghørte“, á sænsku „döv og hörselskadad“. Hér á landi má sjá þessi tvö orð tekin undir það sama, sbr. nafn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og svo Hlíðaskóli – táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Menningarleg sýn á heyrnarleysi birtist hins vegar í orðinu á ensku „profoundly deaf“ sem þýðir að sá sem sagður er vera það er heyrnarlaus frá fæðingu og hefur táknmál sem fyrsta mál sitt. Heyrnarskertir eru líka með fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa löngum verið sagðir „ekki þurfa á táknmálinu að halda“ og hafa því verið á svokölluðu „gráu svæði“, þ.e. ekki fundið sig almennilega í samskiptum með heyrandi samfélagi og ekki heldur með samfélagi heyrnarlausra vegna þess að þeir hafa ekki lært táknmálið á æviskeiði sínu. Rannsóknir og frásagnir heyrnarskertra sjálfra hafa sýnt að sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hafa styrkst eftir að þeir hafa lært táknmál og kynnst öðrum heyrnarlausum. Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda, sem nota snertitáknmál, er þess vegna sjálfsagt að taka með, enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmálið að skipa þar stóran sess. Þessir þrír hópar eiga táknmálið sameiginlegt, því má enginn þeirra vera settur út undan. Táknmál á að vera þessum þremur hópum velkomið aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frumvarpi eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera þeirra réttindaskrá.

Táknmál var bannað í u.þ.b. 100 ár en þennan tíma kalla heyrnarlausir einangrunartímabilið. Þessi ákvörðun var tekin í Mílanó árið 1880 á ráðstefnu heyrnleysingjakennara víðs vegar að úr heiminum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykkja að beita svokallaðri „oral“-stefnu eða raddmálsaðferð við menntun heyrnarlausra. „Oral“-stefnan felst í því að heyrnarlausir og heyrnarskertir læra að lesa af vörum og læra að tala með hjálp kennara án þess að nota táknmál.

Þessi stefna breiddist út um allan heim og heyrnarlausir kennarar voru reknir frá skólunum. Verulega dró úr menntun heyrnarlausra, störf þeirra urðu einfaldari og samfélag heyrnarlausra einangraðist frá heimi heyrandi manna. Heyrnarlausir voru í felum til þess að geta talað saman á því máli sem var þeim eðlilegast, táknmálinu. Þetta ástand varði í 100 ár.

Árið 1960 uppgötvaði bandarískur málvísindamaðurinn William Stokoe að táknmál eru mál eins og hver önnur mál. Þessi vitneskja breiddist út um allan heim og þeir málvísindamenn sem hafa fjallað um táknmál sjá að táknmál eru fullkomin og flókin mál. Heyrnarlausir brutu smám saman niður múrinn eftir að uppalendur og skólar tóku að viðurkenna mál þeirra.

Á Norðurlöndunum var táknmál viðurkennt á tímabilinu 1975–1980 en verður sýnilegt á Íslandi um 1986.

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur

sjálfum.“ Norski málvísindamaðurinn Terje Basilier sagði þessi orð og eiga þau sannarlega vel við þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvað viðurkenning á táknmáli þýðir fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og hvaða þýðingu það hefur fyrir stjórnvöld. Flutningsmenn telja að fyrir þessa þrjá samfélagshópa sé viðurkenningin um leið viðurkenning á tilveru þeirra og ábyrgð stjórnvalda. Fyrir stjórnvöld þýðir viðurkenningin einfaldlega það að virða rétt hvers einstaklings til mismunandi þarfa og koma til móts við þá af virðingu.

Framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna; að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða hvert er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun. Það sæmir öllum þjóðfélögum sem vilja gera vel. Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, hátt undir höfði svo að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í greiðslu táknmálstúlkakostnaðar er því sjálfsögð. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum hvað varðar réttindi og réttarstöðu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvarp um textun sjónvarpsefnis er væntanlegt.

Félag heyrnarlausra hefur nú þegar sent formönnum allra þingflokka á Alþingi formlegt bréf og beðið um að lögð verði áhersla á að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í samfélaginu. Réttindaskrá sú sem birtist í þessu frumvarpi er fyrsta skrefið í átt að því að jafnræðið verði tryggt og í réttindaskránni felast í aðalatriðum langtímamarkmið þess á forsendum táknmálsins. Frumvarpið gengur í þá átt að íslenska táknmálið verði síðar formlega viðurkennt í stjórnarskrá Íslands til jafns við íslenskuna sem móðurmál.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf þrennt jafnframt að vera tryggt:

1. Efling táknmálsfræðináms.

Í fyrsta lagi þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Það er núna fjögurra anna nám. Nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) annast kennslu í túlkanáminu í samvinnu við táknmálsfræði HÍ. Sjö nemendur eru í túlkanámi skólaárið 2003–2004. Svo að deildin geti dafnað og vaxið verður að mennta fleiri táknmálskennara. Í dag er lektor eini fasti starfsmaður deildarinnar, en tveir táknmálskennarar eru lausráðnir. Þessir tveir kennarar hafa starfað lengst allra við táknmálskennslu hér á landi og eru með mikla reynslu, en vegna ráðningarreglna deildarinnar er ekki hægt að fastráða þá af því að þeir eru ekki með MA-próf. Þá er ekki fastráðinn kennari við táknmálsfræðinámið.

Núna er ekkert nám í boði hér á landi til að heyrnarlausir geti öðlast viðurkennda menntun til að starfa sem táknmálskennarar. Þrír heyrnarlausir nemar útskrifuðust í vor frá Kennaraháskóla Íslands, en tveir þeirra starfa á táknmálssviði Hlíðaskóla og kenna þar grunnskólanemendum. Sá þriðji er einmitt einn af lausráðnum táknmálskennurum í táknmálsfræði sem nefndir eru hér á undan og stundar jafnframt MA-nám í kennslu- og uppeldisfræðum í HÍ. Aðrir sem annast táknmálskennslu í framhaldsskólum og á námskeiðum eru starfsmenn Sam-

skiptamiðstöðvarinnar. Ef heyrnarlausir læra táknmálskennslu í Samskiptamiðstöðinni er það á engan hátt metið til eininga, ekkert diplómanám í táknmálskennslu er til hérlendis. Það þarf því augljóslega að bjóða heyrnarlausum upp á samfellt nám í táknmálskennslu og táknmálsfræði. Jafnvel þyrfti að koma á námi sambærilegu við táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra sem kennd er við Gallaudet-háskólann í Washington D.C. Hann er eini háskólinn í heiminum fyrir heyrnarlausa. Að öðrum kosti gæti íslenska ríkið stutt heyrnarlausa nemendur sem hyggja á nám í háskólum í formi skólagjalda. Gjald fyrir tvær annir í Gallaudet-háskóla er um 2 millj. kr. Einnig mætti skoða Bristol University í Bretlandi en þar hafa táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra (deaf studies) líka verið kennd.

Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo að fleiri geti lagt stund á þær. Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Frá stofnun hennar hefur hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem hún kennir sjálf. Nemendur í táknmálsfræði geta því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli í námi sínu og veldur það þeim vissum erfiðleikum í náminu miðað við aðrar deildir í Háskóla Íslands. Alla táknmálsnámsefnisgerð þarf því að efla mikið til að hægt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Þess er rétt að geta að Samskiptamiðstöðin vinnur á því sviði að verkefni hennar er táknmálið, málsamfélagið og menningin. Hún hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun gefið út námsefni fyrir grunnskóla á táknmáli og er það vel. Efla mætti þennan þátt stöðvarinnar enn frekar með tilkomu laganna og yrði það námsefni heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum á táknmálssviði Hlíðaskóla mikil stoð þar sem stefna sviðsins er tvítyngi, þ.e. að börnin verði jafnfær á táknmál og skrifað mál. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kveður á um þetta og er það því eðlilegt að því sé fylgt.

Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn- og framhaldsskóla og háskólana sem heyrnarlausir sækja með aðstoð túlka. Táknmálsfréttir eru fluttar í Ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir á. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni þannig að táknmál sést á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi. Nokkuð stór hluti aðalnámskrár grunnskóla fjallar um táknmál. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja því það jafnræði sem ætlast er til af því.

Þar sem táknmál er sjónrænt mál eru rannsóknir á íslensku táknmáli ekki gerðar nema með upptökutækjum. Því þarf táknmálsfræðideildin að hafa til umráða stúdíó með upptökutækjum, sjónvörpum, myndböndum og mynddiskatölvum til úrvinnslu á upptökum í stafrænu formi. Táknmálsorðabækur eða rannsóknir á táknmáli víða erlendis eru gerðar með upptökum á táknum. Þessi upptökutækni er sambærileg við framburðarrannsóknir á erlendum tungumálum og íslensku talmáli.

Táknmálsfræðinámið í HÍ heyrir núna undir heimspekideild. Að loknu fjögurra anna námi eiga nemendur að vera orðnir nokkuð góðir í táknmáli og eiga að geta bjargað sér í samskiptum á táknmáli. Þeir þurfa því góða þjálfun. Núna felst þjálfunin í því að nemendur nái tengslum við heyrnarlausa með heimsóknum til þeirra eða heimsóknum til Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra býr þröngt og hefur ekki sal til umráða.

Táknmálsfræðinám í HÍ getur gefið nemum í öðrum námsgreinum háskólans möguleika á að læra táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum geta lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðar að námi loknu. Nemendur í sagnfræði geta skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði geta lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn var lagður niður í vor og starfsemin flutt í Hlíðaskóla og nefnist núna Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í, því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskóla. Táknmálsfræðideild HÍ gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í þroskaþjálfaskor, leikskólakennaraskor og íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í KHÍ eins og nemendur í grunnskólaskor. Það yrði mikill hagur í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða öðrum háskóla á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Táknmálsfræðinámið verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

2. Túlkaþjónusta.

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í félagslegum tilgangi. Með því er jafnframt komið á menntunar- og atvinnuöryggi fyrir táknmálstúlka. Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í HÍ verði alltaf í boði því að fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti – sérstaklega í ljósi þess að virkir vinnutímar táknmálstúlka eru aðeins 20 stundir á viku vegna þess hversu slítandi starf þeirra er. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega því að daufblindir nota snertitáknmál.

Með því að tryggja fé til allrar túlkaþjónustu verður heyrnarlausum tryggður réttur til að sinna daglegum þörfum. Þar má m.a. nefna táknmálstúlkun hjá fasteignasala, bankastjóra, fjármálaráðgjafa, arkítekt, byggingafræðingi, rafvirkja, pípulagningamanni, í íþróttum og tómstundum barna, á húsfélagsfundum, á tómstundanámskeiðum, á starfsnámskeiðum, á starfsmannafundum og í starfsviðtölum hjá einkafyrirtæki. Þessum hluta hefur verið sinnt undanfarin ár með fjárveitingu frá ráðuneytunum, fyrst frá félagsmálaráðuneyti, sem hætti úthlutun árið 1999 og tók þá forsætisráðuneytið af skarið og hefur veitt fé síðan, þó ekki reglulega. Félag heyrnarlausra hefur haft mikið fyrir því að fá af þessu fé sem í daglegu tali nefnist félagslegi túlkunarsjóðurinn. Síðast var veitt fé í sjóðinn í mars 2003, 4 millj. kr. Þar af fóru 2 millj. kr. til greiðslu skulda þannig að staða sjóðsins er núna um 800 þús. kr. (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 19.11.2003.) Gallinn við þennan sjóð er að aðeins Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær greitt úr honum. Eina einkarekna túlkaþjónustan, Hraðar hendur, getur ekki fengið greitt úr sjóðnum. Hraðar hendur hafa óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að fá greitt fyrir þau félagslegu verkefni sem sú þjónusta tekur að sér. En málið snýst líka um frelsi heyrnarlausra til að velja sér túlk. Það er ótækt að Samskiptamiðstöðin ein skuli hafa yfirráð yfir öllum sjóðnum því að oft getur hún ekki útvegað túlk í félagsleg verkefni. Þar starfa nú aðeins fjórir túlkar og um 80% af verkefnum Samskiptamiðstöðvarinnar snúast um túlkun í framhaldsskólum. Hjá Hröðum höndum

starfa hins vegar sex túlkar. Þeir geta tekið að sér túlkun í félagslegum verkefnum en fá ekki greitt fyrir það af opinberu fé og því lendir það kannski á hinum heyrnarlausa að borga úr eigin vasa fyrir túlkaþjónustuna eða betla – sem er mjög niðurlægjandi.

3. Menning heyrnarlausra.

Í þriðja lagi þarf að líta til menningar heyrnarlausra. Af öllum tungumálum sprettur upp menning. Oft hefur því verið haldið fram að heyrnleysingjaskólarnir séu vagga menningar heyrnarlausra. Það er í sjálfu sér rétt því að þar er oftast fyrsta táknmálsumhverfið sem heyrnarlaus maður kynnist. Þar lærist táknmálið af eldri kynslóðum. Á Íslandi er komin upp sú staða að vagga menningar heyrnarlausra er ekki lengur til í því formi sem áður var og er algengt víða um heim. Vesturhlíðarskólinn, skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn, hefur verið lagður niður og nemendurnir stunda námið í deild í Hlíðaskóla sem ber nafnið Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því verður lagt til í sérstöku frumvarpi að komið verði á fót Menningarsetri heyrnarlausra.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef Háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt en eins og áður hefur komið fram hafa engar rannsóknir farið fram á íslensku táknmáli sem hægt er að vísa til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og að íslenska ríkið veiti nægilegt fé til málefna sem snerta íslenska táknmálið ár hvert. Þá er tekið sérstaklega fram að ekki megi mismuna fólki eftir því hvort það talar íslensku eða íslenska táknmálið.

Ákveðið var að nota hugtakið „fyrsta mál“ í greininni þar sem sú skilgreining sem gefin hefur verið á hugtakinu móðurmál getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt. Skilgreiningin er svohljóðandi: „Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“ (Málfræðiorðasafn.)

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt allra til kennslu og þjálfunar í íslenska táknmálinu frá þeim tíma sem þeir greinast með heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Þá er kveðið á um rétt nánustu aðstandenda barns sem fæðist heyrnarskert, heyrnarlaust eða daufblint eða missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði til að fá strax kennslu og þjálfun í táknmáli. Skal þjónustan veitt þeim að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að fjölskylda barnsins fái þar með nægjanlegan stuðning við að læra táknmál og menningarfræði heyrnarlausra. Við samningu reglugerðar um þetta málefni er lögð sérstök áhersla á að fullt samráð verði haft við Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna (FSFH) sem og Félag heyrnarlausra.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögfestur verði sá réttur hvers heyrnarlauss, heyrnarskerts eða daufblinds Íslendings að njóta aðstoðar táknmálstúlks til að sinna atvinnu, námi og menningarlífi. Athuga þarf sérstaklega að ekki þykir rétt að gera greinarmun á því hvort einstaklingur þurfi að sinna starfi eða námi á Íslandi eða erlendis. Þannig ætti t.d. einstaklingur rétt á aðstoð táknmálstúlks ef hann þyrfti að sækja fund eða ráðstefnu erlendis vegna starfs síns, náms eða áhugamáls.

Um 4. gr.

Í greininni er inntak og umfang túlkaþjónustu nánar skýrt. Í samræmi við stöðu íslenska táknmálsins samkvæmt lögunum og rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu verður að túlka hugtakið túlkaþjónusta rúmt. Markmiðið er að veita öllum einstaklingum jafnan rétt til tjáningar og þátttöku í samfélaginu hvort sem um vinnu, nám eða daglegt líf að öðru leyti er að ræða.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt notenda íslenska táknmálsins til að fá notið fræðsluefnis, upplýsinga, afþreyingarefnis o.þ.h., annaðhvort með textun eða túlkun á íslenskt táknmál. Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun. Hið sama gildir um kvikmyndahús og framleiðendur fræðslu-, auglýsinga- og afþreyingarefnis.

Þá leggur 2. mgr. bann við því að heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni sé neitað um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis síns.

Um 6. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar ríki og sveitarfélögum og öllum stofnunum og embættum sem undir þau heyra að útvega táknmálstúlka á eigin kostnað sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem leita til viðkomandi stofnunar eða embættis. Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir þurfi því ekki að koma með túlk með sér þegar þeir sinna erindum hjá stofnun eða embætti sem heyrir undir ríki eða sveitarfélag heldur gangi þeir að túlki vísum hjá viðkomandi stofnun. Ákvæðið tekur til allra stofnana og embætta ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. dómstóla landsins, auk fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög eiga helmingshlut í eða meira. Ekki er gert ráð fyrir að túlkarnir verði starfsmenn þeirra aðila sem skyldan hvílir á, enda er algjört skilyrði að túlkar séu óháðir í störfum sínum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að hver heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur Íslendingur fái mánaðarlega að lágmarki 20 tíma endurgjaldslausa þjónustu táknmálstúlks til að sinna persónulegum erindum. Þessa tíma væri t.d. hægt að nota við foreldrafundi í skólum, ferð á fasteignasölu eða hvaðeina annað sem einstaklingur þarf að sinna og hann þarf aðstoð við. Þá er kveðið á um að sérhver daufblindur einstaklingur fái a.m.k. tvöfaldan þann tíma árlega sem aðrir heyrnarskertir og heyrnarlausir fá. Þá er gert ráð fyrir að notendur túlkaþjónustu geti fengið fleiri tíma en lágmarkið kveður á um þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um það en gera verður ráð fyrir að við samningu þeirra reglna verði tilgangur laga þessara og staða táknmálsins höfð að leiðarljósi. Heimild fyrir aukningu á tímafjölda má því ekki túlka of þröngt.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu íslenska ríkisins til að efla og styðja við nám og kennslu í táknmálstúlkafræði auk þess að hlúa sérstaklega að menningu og menntun þeirra sem ekki heyra. Jafnframt er kveðið á um að íslenska ríkið skuli á hverjum tíma leitast við að anna eftirspurn eftir túlkaþjónustu. Í því felst m.a. skylda til að gera nám í táknmálstúlkafræði eftirsóknarvert fyrir nýja nemendur, bæta starfsskilyrði og launakjör táknmálstúlka o.s.frv. Ef lögin eiga að ná markmiðum sínum verður að vera nægilegt framboð af táknmálstúlkum.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt táknmál fyrir heyrnarlausa? Svandís Svavarsdóttir. Birt á vísindavef Háskóla Íslands.

300. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Flm.: Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sl. 10 ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafa helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilur á milli.

Nefndin kanni sérstaklega og meti:

a. áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni,
b. áhrif þungaskatts á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra,
c. áhrif upptöku olíugjalds á flutningskostnað, sbr. lög nr. 87/2004 sem taka gildi 1. júlí 2005,
d. áhrif niðurlagningar strandsiglinga 1. desember nk. bæði á flutningskostnað og aukna umferð flutningabíla um þjóðvegi landsins. Enn fremur verði könnuð áhrif þessa á fiskflutninga og á tekjur hafna. Nefndin móti tillögur sem gætu leitt til áframhaldandi strandsiglinga til ákveðinna hafna, t.d. með ríkisstyrkjum og almennu útboði líkt og gert hefur verið með innanlandsflug til nokkurra áfangastaða á landsbyggðinni.

Nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts og annarra skatta á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða. Nefndin kanni sérstaklega hvernig breyta megi skattkerfinu til að ná þessu marki.

Nefndina skipi fulltrúar tilnefndir af stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Auk þess tilnefni forsætisráðherra einn fulltrúa sem verði formaður nefndarinnar. Nefndin skili áliti sínu og tillögum ekki síðar en 1. apríl 2005.

Greinargerð.

Verðlagskannanir hafa sýnt að verðlag á landsbyggðinni er yfirleitt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og munar oft talsverðu. Þá hafa kannanir sýnt að fólk telur óhagstætt verðlag á meðal helstu ókosta þess að búa á landsbyggðinni.

Orsakir hærra verðlags á landsbyggðinni eru margvíslegar, þó verður að telja að hár flutningskostnaður og hátt innkaupsverð frá heildsölum, sem oft má rekja til óhagstæðra rekstrareininga, skipti þar mestu sem og lítil samkeppni í mörgum tilvikum.

Rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.

Nefndinni er m.a. ætlað að kanna þróun rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, hvaða áhrif þungaskattur hefur á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni þeirra og hvort þungaskattskerfið mismuni fyrirtækjum eftir því hvar þau eru á landinu. Flutningsmenn telja að samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni versni jafnt og þétt og nægir þar að nefna ákvörðun Eimskipa um að hætta strandsiglingum 1. desember nk. Nefndinni er m.a. ætlað að kanna áhrif þess á flutningskostnað og á samkeppnisfærni iðnfyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Meðal fjölmargra forsvarsmanna iðnfyrirtækja á landsbyggðinni hefur komið fram mikill ótti vegna þessa og á það einkum við um þau iðnfyrirtæki sem nota þunga vöru, svo sem vélsmiðjur, og einnig þau iðnfyrirtæki sem framleiða rúmfreka vöru, t.d. fyrirtæki sem framleiða fiskikör. Ljóst er að flutningskostnaður þessara fyrirtækja mun stórhækka þegar strandsiglingar hætta. Nefndinni er einnig ætlað að kanna áhrif þessa á fiskvinnsluna og á tekjur hafna sem að óbreyttu munu tapa miklum tekjum vegna þessara breytinga. Benda má á þá hættu að flutningsfyrirtæki muni í auknum mæli reyna að hafa áhrif á landanir frystitogara um allt land og reyna að beina þeim öllum að einni eða tveimur útflutningshöfnum á höfuðborgarsvæðinu, með alls konar gylliboðum um fríar landanir og flutninga á mannskap. Gangi það eftir er ljóst að umferð um þjóðvegi landsins muni aukast stórlega með tilheyrandi vegsliti og aukinni hættu á umferðarslysum. Einnig má benda á að á nokkrum stöðum á landinu eru vegir þannig að þeir munu ekki bera aukna umferð.

Það er ljóst að samkeppnisfærni fyrirtækja á landsbyggðinni mun stórminnka á næstu missirum verði ekki gripið til aðgerða til að jafna skilyrði fyrirtækja á landsbyggð og höfuðborgarsvæði, sem búa við miklu betri rekstrarskilyrði vegna nálægðar við helstu uppskipunarhafnir landsins.

Landsmenn sitji við sama borð.

Flutningsmenn telja að ríkisvaldinu beri skylda til að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð þegar kemur að setningu laga og reglna. Fullyrða má að núverandi þungaskattskerfi sé þess eðlis að það komi harðar niður á landsbyggðarbúum en íbúum höfuðborgarsvæðisins. Sama gildir um önnur atriði sem nefnd eru í tillögunni, svo sem afnám strandsiglinga og upptöku olíugjalds sem munu koma hart niður á fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni. Nú er svo komið að langstærstum hluta innfluttra vara er skipað upp í Reykjavík eða nágrenni hennar og þaðan er vörunum dreift út um landið með vöruflutningabifreiðum. Þungaskattur leggst á þessa flutninga og því lengra sem ekið er með vöru þeim mun hærri verður skatturinn. Skatturinn kemur þannig fram í hærri flutningskostnaði sem aftur hækkar vöruverð til viðkomandi neytenda.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessu og því er lagt til að nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft

á vöruverð á landsbyggðinni en ætla má að áhrif hans hafi aukist síðari ár, sérstaklega eftir að afsláttarkerfi þungaskatts var lagt niður.

Lagt er til að nefndinni verði falið að gera tillögur sem miði að því að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni. Benda má á að í núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar er veittur afsláttur af þungaskatti af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum og bændur njóta einnig afsláttar. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að þeir sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skuli greiða 50% lægri þungaskatt. Af þessu má sjá að þungaskatturinn er bæði notaður til jöfnunar og sem stýritæki.

Á 130. löggjafarþingi voru samþykkt lög um upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, í tillögunni er gerð tillaga um að nefndin kanni sérstaklega þessa breytingu með tilliti til áhrifa hennar á flutningskostnað í landinu.

Í Noregi hafa menn farið þá leið að skipta landinu niður í svæði og er mismunandi skattheimta á milli svæðanna réttlætt út frá byggðasjónarmiðum. Rétt er að nefndin skoði ítarlega hvernig þetta er framkvæmt í Noregi.

Jöfnun lífskjara – mikilvægasta byggðamálið.

Mikilvægt er að rannsaka ofan í kjölinn þær ástæður sem liggja að baki mismunandi vöruverði eftir landshlutum þannig að unnt sé grípa til viðeigandi ráðstafana til að jafna muninn. Sama á við um samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem hafa versnað mikið á undanförnum árum.

Jöfnun lífskjara, svo og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja án tillits til staðsetningar þeirra, verður að vera meðal forgangsverkefna ef árangur á að nást í byggðamálum. Þetta atriði hefur oft verið nefnt í ræðu og riti stjórnmálamanna á tyllidögum. Flutningsmenn telja að tími ákvarðana og framkvæmda í þessum málaflokki sé löngu kominn og tími skoðunar og skýrslugerðar sé liðinn. Flutningsmenn telja að nefndin verði að vinna hratt í þessum málum, og benda á að skýrsla var skrifuð af þremur ráðuneytum um þetta efni í aðdraganda síðustu alþingiskosninga, sbr. skýrslu nefndar um flutningskostnað sem samgönguráðuneytið gaf út í janúar 2003 og birt er á heimasíðu ráðuneytisins:

(http://www.samgonguraduneyti.is/media/Skyrsla/skyrslaumflutnkostnad.pdf).

Í framhaldi af þessari skýrslugerð ákváðu núverandi ríkisstjórnarflokkar að senda hana til Byggðastofnunar með ósk um tiltekna vinnu og gerð tillögu, sem skilað hefur verið til ríkisstjórnar. Einstakir þingmenn Samfylkingarinnar, svo og stjórn þingflokks Samfylkingarinnar, hafa einnig reynt að fá tillögur Byggðastofnunar, m.a. til að móta þessa þingsályktunartillögu, en ekki fengið. Flutningsmenn vænta þess að sú nefnd sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að verði skipuð fái aðgang að þessum gögnum og geti nýtt þau við mótun tillagna á þeim stutta tíma sem henni er ætlaður til starfa. Flutningsmenn bera þá ósk í brjósti að skapa megi þverpólitíska samstöðu um skipan þessarar nefndar og jafnframt að sátt megi takast milli þingflokka um tillögur hennar þegar þar að kemur. Málið er afar þýðingarmikið og því nauðsynlegt að hratt sé unnið og tillögum til úrbóta hrundið í framkvæmd sem fyrst.

301. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um nýjan þjóðsöng.

Flm.: Sigríður Ingvarsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7/1983, með það fyrir augum að taka upp nýjan þjóðsöng sem væri auðveldari í flutningi og hentaði betur til almennrar notkunar, svo sem í skólum, á íþróttakappleikjum og við önnur svipuð tækifæri.

Greinargerð.

Á 121. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar (35. mál) um endurskoðun á lögum um þjóðsöng Íslendinga. Meðal annars var lagt til að tekið yrði til athugunar hvort rétt væri að taka upp annan þjóðsöng við hlið núverandi þjóðsöngs. Þingsályktunartillagan náði ekki fram að ganga.

Í tillögu þessari er lagt til að kannað verði hvort rétt sé að skipta um þjóðsöng. Því til stuðnings má einkum benda á að þjóðsöngurinn, Ó, guð vors lands, er mörgum svo erfiður til söngs að afar hæpið er að hann geti að öllu leyti þjónað hlutverki sínu. Almenningur hefur því oft gripið til annarra ættjarðarsöngva til að minnast lands síns svo sem *Ísland ögrum skorið, Þú álfu vorrar yngsta land, Öxar við ána, Ég vil elska mitt land, Yfir voru ættarlandi, Sjá, dagar koma, Hver á sér fegra föðurland, Land míns föður, Úr útsæ rísa Íslands fjöll* og *Ísland er land þitt*. Einnig má benda á að við sum tækifæri hentar þjóðsöngurinn ekki alls kostar vel af því að hann þykir of hátíðlegur.

Flutningsmenn telja rétt að nýr þjóðsöngur verði valinn úr hópi söngva sem þegar hafa unnið sér sess í huga þjóðarinnar sem ættjarðarsöngvar, þ.e. að ekki skuli efnt til samkeppni á meðal ljóðskálda og tónskálda um nýjan þjóðsöng. Flutningsmenn mæla einkum með tveimur af áðurnefndum ættjarðarsöngvum, þ.e. annars vegar *Ísland ögrum skorið*, ljóð eftir Eggert Ólafsson og lag eftir Sigvalda Kaldalóns, og hins vegar *Ísland er land þitt*, ljóð eftir Margréti Jónsdóttur og lag eftir Magnús Þór Sigmundsson, svohljóðandi:

Ísland ögrum skorið,
eg vil nefna þig
sem á brjóstum borið
og blessað hefir mig,
fyrir skikkun skaparans.
Vertu blessað, blessi þig
blessað nafnið hans.

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér hvar sem þú fer.
Ísland er landið, sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sér.
Ísland í sumarsins algræna skrúði,
Ísland með blikandi norðljósatraf,
Ísland, er feðranna afrekum hlúði.
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir.
Íslensk er tunga þín, skír eins og gull.
Íslensk sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur.
Íslensk er lundin, með karlmennsku þor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
Íslandi helgar þú krafta og starf.
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

Löngu eftir að *Ó, Guð vors lands* hafði hlotið almenna viðurkenningu sem þjóðsöngur var farið að nota *Ísland ögrum skorið* sem eins konar þjóðsöng og sýndu menn því þá virðingu að rísa úr sætum þegar lagið var flutt.

Ljóðið *Ísland er land þitt* er ungt að árum, samið árið 1970. Í inngangskafla bókarinnar *Ísland er land þitt, úrval ættjarðarljóða* kemur m.a. fram: „Ánægjulegt er að finna hvað ættjarðarljóð eiga sterkan hljómgrunn hjá þjóðinni, jafnt ungum sem öldnum. Staðfesting fékkst á því nýlega þegar fram kom á sjónarsviðið gullfallegt lag og ljóð sem samstundis var á allra vörum. Boðskapur þess er skýr og lætur engan ósnortinn: Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma."

Eins og ljóðin bera með sér er um að ræða óð til landsins. Ekki þarf að fara mörgum orðum um fegurð laganna og hafa margir af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar flutt þau á eftirminnilegan hátt. Það er mat flutningsmanna að söngvarnir hafi allt til að bera til að geta orðið þjóðsöngur Íslendinga. Þeir eru allt í senn hátíðlegir, auðveldir í flutningi og henta við fjölbreyttari aðstæður en núverandi þjóðsöngur. Þá eiga söngvarnir mjög vel við á íþróttakappleikjum, t.d. fyrir landsleiki, enda þess eðlis að bæði leikmenn og stuðningsmenn geta sameinast um að taka rösklega undir. Slíkt yrði til þess fallið að efla baráttuanda og fylla keppnisfólk eldmóði.

Vissulega er lofsöngurinn *Ó, Guð vors lands* mörgum Íslendingum hjartfólginn enda er tæpast ágreiningur um tign og fegurð hans. Með tilliti til þess yrði hann að sjálfsögðu áfram sunginn við ýmis hátíðleg tækifæri þótt hann yrði aflagður sem þjóðsöngur Íslendinga. Mikilvægt er að þjóðsöngurinn sé auðlærður og auðfluttur auk þess að vera óður til landsins okkar.

302. Frumvarp til laga [280. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Hjálmar Árnason, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Sigurjón Þórðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. skulu 1,25% af innheimtu áfengisgjaldi renna í Forvarnasjóð næstu þrjú ár eftir gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt í tengslum við frumvarp um breytingu á áfengislögum þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Mikilvægt er að efla allar forvarnir í áfengismálum og er eðlilegt að það verði gert samfara lækkun á áfengiskaupaaldri.

Samkvæmt 7. gr. laga um gjald af áfengi og tóbaki rennur 1% af áfengisgjaldi til Forvarnasjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að framlag til Forvarnasjóðs af innheimtu áfengisgjaldi nemi um 73 millj. kr. Hér er lagt til að hlutdeild sjóðsins verði aukin um 0,25% til þriggja ára en það ætti að auka ráðstöfunarfé hans í um 91 millj. kr. á ári. Í ár nema úthlutanir Forvarnasjóðs 44.600.000 kr., þar af fara 10 millj. kr. til áfangaheimila. Um 60% af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur verið varið til verkefna og áfangaheimila ár hvert.

Flutningsmenn leggja áherslu á að viðbótarframlagið verði nýtt með skipulegum hætti til forvarna og þá einkum til forvarna í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Þegar úthlutanir fyrir árin 2003 og 2004 eru skoðaðar er ljóst að verkefni tengd skólum fá innan við 10% þess fjár sem úthlutað er.

Árið 2002 voru umsóknir til Forvarnasjóðs 130 talsins og heildarfjárhæð þeirra um 200 millj. kr. Af þessu er ljóst að fjárþörf Forvarnasjóðs er töluvert meiri en fjárframlög til hans. Með auknu fjárframlagi vegna tímabundinnar hækkunar á hlut Forvarnasjóðs á innheimtu áfengisgjaldi ætti að vera hægt að styrkja fleiri umsækjendur ár hvert og styrkja mikilvæg verkefni myndarlega.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 og þarf þá að taka tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Úthlutun úr Forvarnasjóði 2004. (Birt á heimasíðu Lýðheilsustöðvar.)

303. Fyrirspurn [281. mál]

til dómsmálaráðherra um styrkingu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra rétt að efla efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra í ljósi þess að deildin hefur ekki nægan mannafla til að taka upp mál að eigin frumkvæði og að dráttur á rannsókn mála hefur leitt til þess að refsingar eru mildaðar?
2. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að deildin fái meira fjármagn og mannafla svo að flýta megi rannsókn hennar varðandi þátt einstaklinga í verðsamráði olíufélaganna?

304. Fyrirspurn [282. mál]

til utanríkisráðherra um þjónustutilskipun Evrópusambandsins.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hefur ríkisstjórnin íhugað að beita neitunarvaldi gagnvart þjónustutilskipun Evrópusambandsins ef hún verður samþykkt í núverandi mynd?

305. Fyrirspurn [283. mál]

til menntamálaráðherra um samræmt gæðaeftirlit með háskólum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Með hvaða hætti hefur menntamálaráðuneytið gæðaeftirlit með háskólanámi og hvaða samræmdu kröfur liggja til grundvallar?
2. Hvaða fyrirmæli felast í Bologna-yfirlýsingunni um slíkt gæðaeftirlit og almennt um mat á gæðum háskólanáms?

306. Svar [172. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um húsaleigubætur.

1. *Hver hafa árleg heildarútgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta verið árin 1998–2004? Óskað er eftir sundurliðun á árlegum útgjöldum stærstu sveitarfélaganna.*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Heildargreiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum 1998–2004, á verðlagi hvers árs.

1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004*
418.620.723	529.587.002	595.971.854	705.943.406	931.983.856	1.240.456.944	1.439.500.737

* Á árinu 2004 er um rauntölur að ræða fyrir I. og II. ársfjórðung og áætlun fyrir III. og IV. ársfjórðung

Greiðslur sveitarfélaga með fleiri en 2000 íbúa á húsaleigubótum 1998–2004, á verðlagi hvers árs.

Sveitarfélag	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004*
Reykjavíkurborg	263.789.164	298.248.414	299.184.229	341.553.371	445.773.850	594.682.761	705.535.233
Kópavogsbær	18.599.697	37.083.785	39.057.824	44.405.958	57.858.460	75.551.247	84.265.436
Seltjarnarneskaupstaður	5.047.054	4.618.915	4.749.424	5.875.721	7.066.143	8.514.396	8.233.467
Garðabær	5.280.557	3.708.084	4.273.066	4.394.908	7.112.680	11.472.268	14.204.172
Hafnarfjarðarkaupstaður	22.958.671	26.378.173	32.143.416	40.706.774	52.519.844	69.544.680	77.503.167
Mosfellsbær	4.073.582	6.222.171	7.093.414	8.075.415	10.389.372	13.950.812	15.575.322
Reykjanesbær	13.632.844	18.279.836	19.017.121	22.718.341	36.830.235	53.835.206	62.114.359
Grindavíkurbær	1.045.834	1.675.788	2.369.755	3.674.591	7.407.632	9.627.773	9.896.488
Akraneskaupstaður	6.798.595	7.615.063	8.049.718	9.269.424	13.289.094	18.303.483	20.364.463
Borgarbyggð	1.250.404	3.053.190	4.795.052	8.004.900	13.381.235	18.877.680	19.506.326
Ísafjarðarbær	3.637.454	6.847.180	10.292.418	14.720.496	19.321.204	24.826.562	27.443.240
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.753.729	6.028.716	7.192.105	9.569.623	13.248.186	16.770.996	20.478.123
Akureyrarkaupstaður	18.722.116	22.380.301	44.671.944	52.828.541	68.133.691	86.495.358	100.146.159
Húsavíkurbær	1.194.844	3.152.549	7.509.483	9.795.591	13.532.042	18.486.805	25.645.487
Dalvíkurbyggð	4.202.484	5.538.000	7.749.758	8.526.835	9.467.272	12.086.969	12.481.840
Fjarðabyggð	1.075.605	4.902.517	5.556.329	7.432.461	10.166.181	11.407.656	13.634.326
Austur-Hérað	4.198.943	5.582.669	5.265.893	6.055.997	8.403.735	11.377.016	13.820.633
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.700.010	3.440.180	5.566.533	7.695.342	8.830.103	10.249.607	11.014.643
Vestmannaeyjabær	2.899.513	6.447.721	11.019.943	11.582.188	14.599.756	16.273.347	16.995.280
Sveitarfélagið Árborg	4.374.554	11.526.271	12.809.888	13.099.561	18.921.398	24.241.137	26.197.929

* Á árinu 2004 er um rauntölur að ræða fyrir I. og II. ársfjórðung og áætlun fyrir III. og IV. ársfjórðung

2. *Hvernig hefur kostnaðarskipting vegna húsaleigubóta verið milli sveitarfélaga og ríkisins árlega á sama tímabili, bæði hlutfallslega og í krónum? Hefur framkvæmdin verið í samræmi við lög og reglur og samninga milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu?*

Framlag frá ríki í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum var skilgreint sérstaklega á fjárlögum allt til ársins 2002. Kveðið var á um hlutfallslega greiðslu úr Jöfnunarsjóði í lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, er tóku gildi í janúar 1998 og í 9. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 37/1998, og síðar nr. 4/1999. Á grundvelli 3. mgr. 9. gr. reglugerðanna var kveðið á um að við hverja ársfjórðungslega greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skyldi sjóðurinn halda eftir 5% af útreiknaðri greiðslu til að mæta því ef heildargreiðslur sveitarfélaga færu fram úr áætlunum þeirra. Endanlegt uppgjör Jöfnunarsjóðs á greiðslum til sveitarfélaga skyldi síðan fara fram í janúar ár hvert á grundvelli framlagsins frá ríkinu.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá því í desember 2002 var gerð breyting á framsetningu á tekjum Jöfnunarsjóðs úr ríkissjóði frá 1. janúar 2003, sbr. breytingu á lögum um tekjustofna, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Með breytingunni nemur ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs til greiðslu á framlögum til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum nú allt að 11,5% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. sömu laga.

Á grundvelli 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, nr. 122/2003, er ráðgjafarnefnd sjóðsins ætlað í upphafi hvers fjárhagsárs að gera tillögu til félagsmálaráðherra um áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins til sveitarfélaga á árinu vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum. Til grundvallar að tillögu ráðgjafarnefndar eru lagðar áætlanir sveitarfélaga um heildargreiðslur húsaleigubóta á árinu og fjármagn það sem til ráðstöfunar er, sbr. e-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Ákvæðinu um að halda eftir 5% af hverri ársfjórðungslegri greiðslu, nú sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 122/2003, hefur verið beitt frá árinu 1998. Geymsluféð var greitt út til sveitarfélaganna við endanlegt uppgjör vegna áranna 1998–2000. Árin 2001–2003 fóru greiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum fram úr áætlunum þeirra og því varð að halda geymslufénu eftir til að brúa það bil. Hvað árið 2004 varðar eru líkur á að unnt verði að greiða geymsluféð út að einhverju leyti í janúar 2005 þegar uppgjör vegna ársins 2004 fer fram.

Hvað kostnaðarskiptingu milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sveitarfélaga vegna greiðslu á húsaleigubótum árin 1998–2004 varðar er vísað til eftirfarandi töflu.

Kostnaðarskipting milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sveitarfélaga vegna húsaleigubóta 1998–2004, á verðlagi hvers árs.

Ár	Heildar húsaleigu-bætur	Hlutur Jöfnunar-sjóðs	Hlutur sveitarfélaga	Hlutfall Jöfnunar-sjóðs	Hlutfall sveitar-félaga	Skýringar. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs.
1998	418.620.723	209.310.362	209.310.361	50,0%	50,0%	Reglugerð nr. 37/1998. Greiðsluhlutfall 50%. Geymslufé greitt.
1999	529.587.002	291.272.851	238.314.151	55,0%	45,0%	Reglugerð nr. 4/1999. Greiðsluhlutfall 55%. Geymslufé greitt.
2000	595.971.854	345.663.675	250.308.179	58,0%	42,0%	Breyting nr. 9/2000 á rgl. nr. 4/1999. Greiðsluhlutf. 58%. Geymslufé greitt.
2001	705.943.406	388.974.816	316.968.590	55,1%	44,9%	Reglugerð nr. 4/1999 m.s.breyt. Greiðsluhlutfall 58%. Geymslufé haldið eftir.

Ár	Heildar húsaleigu-bætur	Hlutur Jöfnunar-sjóðs	Hlutur sveitarfélaga	Hlutfall Jöfnunar-sjóðs	Hlutfall sveitar-félaga	Skýringar. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs.
2002	931.983.856	513.523.104	418.460.752	55,1%	44,9%	Reglugerð nr. 4/1999 m.s.breyt. Greiðsluhlutfall 58%. Geymslufé haldið eftir.
2003	1.240.456.944	542.079.684	698.377.260	43,7%	56,3%	Reglugerð nr. 122/2003. Greiðsluhlutfall 46%. Geymslufé haldið eftir.
2004*	1.439.500.737	575.800.295	863.700.442	40,0%	60,0%	Reglugerð nr. 122/2003. Áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs.

* Á árinu 2004 er um rauntölur að ræða fyrir I. og II. ársfjórðung og áætlun fyrir III. og IV. ársfjórðung.

Ákvæði í lögum og reglugerðum samkvæmt samningum um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á tímabilinu 1998–2004 hafa verið eftirfarandi:

Lög um húsaleigubætur, nr. 138/1997, er tóku gildi 1. janúar 1998.

3. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, hljóðaði svo:

„Ríkissjóður greiðir árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna til sveitarfélaga vegna greiðslna húsaleigubóta. Fjárhæð þessi miðast við verðlag í janúar 1998 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs."

Með lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, var þannig lögfest samkomulag ríkis og sveitarfélaga að ríkissjóður skyldi árlega greiða 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skyldu til greiðslu húsaleigubóta.

Reglugerð um húsaleigubætur, nr. 37/1998 (brottfallin).

Í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 37/1998, sagði að sveitarfélög skyldu leggja út fé til greiðslu húsaleigubóta en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga reiknaði þeim ársfjórðungslega 50% af grunnfjárhæð greiddra bóta til greiðslu, sbr. þó 3. mgr.

Í 3. mgr. kom síðan fram að við hverja ársfjórðungslega greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 7. gr., skyldi sjóðurinn halda eftir 5% af útreiknaðri greiðslu, sbr. 2. mgr. til að mæta því ef heildargreiðslur sveitarfélaga færu fram úr áætlun þeirra. Endanlegt uppgjör Jöfnunarsjóðs á greiðslum til sveitarfélaga skyldi síðan fara fram í janúar ár hvert á grundvelli framlags ríkisins skv. 3. gr. laga um húsaleigubætur.

Reglugerð um húsaleigubætur, nr. 4/1999 (brottfallin).

Reglugerðin hækkaði endurgreiðsluhlutfall skv. 2. mgr. 9. gr. þannig að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skyldi reikna sveitarfélögum ársfjórðungslega 55% af grunnfjárhæð greiddra bóta til greiðslu.

Reglugerð nr. 9/2000 er breytti 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 4/1999.

Reglugerð nr. 9/2000 hækkaði endurgreiðsluhlutfall 2. mgr. 9. gr. þannig að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skyldi reikna sveitarfélögum ársfjórðungslega 58% af grunnfjárhæð greiddra bóta til greiðslu.

Breyting á lögum nr. 168/2002 á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Í árslok 2002 áttu fulltrúar ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga í viðræðum um breytingar á fjárhagslegum samskiptum aðilanna. Þar voru til umfjöllunar málefni sem tiltek-

in voru í yfirlýsingu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, m.a. varðandi húsaleigubótakerfið. Með lögum nr. 168/2002 var 3. gr. laga um húsaleigubætur felld brott og var sú breyting í samræmi við efni viðræðna ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Samhliða brottfalli 3. gr. laga um húsaleigubætur var gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, þar sem framlag úr ríkissjóði skv. a-lið 8. gr. þeirra laga var hækkað. Eftir setningu laga nr. 167/2002, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, urðu tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. En skv. e-lið 11. gr. er allt að 11,5% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta.

Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, nr. 122/2003.

Í 2. gr. kemur fram að heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta geta numið allt að 11,5% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. e-lið 11. gr. sömu laga.

Í 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að við hverja ársfjórðungslega greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal sjóðurinn halda eftir 5% af útreiknaðri greiðslu til að mæta því ef heildargreiðslur sveitarfélaga fara fram úr áætlunum þeirra eða heildarfjármagn reynist minna en áætlað var í upphafi árs.

Samantekt.

Við endurgreiðslu húsaleigubóta til sveitarfélaga hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fylgt fyrrnefndum ákvæðum laga og reglugerða um húsaleigubætur og fyrirliggjandi samningum um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Auk þess sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur gætt þess að vera innan þess fjárhagsramma sem sjóðnum hefur verið settur.

3. *Hefur verið haft samráð við sveitarfélögin um breytingar á lögum um húsaleigubætur sem leitt hafa til hærri útgjalda?*

Samráðsnefnd um húsaleigubætur.

Starfandi er samráðsnefnd um húsaleigubætur en um hana segir í 10. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 118/2003, að félagsmálaráðherra skipi til fjögurra ára í senn þriggja manna samráðsnefnd sem skuli fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur og reglugerðar um húsaleigubætur. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og félagsmálaráðherra einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Hlutverk samráðsnefndar er að vera samráðsvettvangur ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lög um húsaleigubætur og reglugerð um húsaleigubætur, og fylgjast með framkvæmd og þróun húsaleigubótakerfisins. Nefndin fjallar um tillögur um breytingar á lögum um húsaleigubætur og reglugerð um húsaleigubætur, metur kostnað slíkra breytinga og önnur áhrif. Einnig miðlar samráðsnefnd upplýsingum til sveitarfélaga. Samráðsnefndin hefur hist reglulega frá árinu 1998.

Beint samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Allar breytingar á lögum eða reglugerðum um húsaleigubætur hafa verið gerðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fyrirhugaðar breytingar hafa því verið sendar sambandinu til umsagnar. Þar hefur erindið verið kynnt fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitar-

félaga. Um slíkt samráð segir til dæmis í 2. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 118/2003, að félagsmálaráðherra taki að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélag ákvörðun um breytingar á grunnfjárhæðum bóta. Sambærilegt ákvæði var í eldri reglugerðum.

Með vísan til framanritaðs er ljóst að haft hefur verið samráð við fulltrúa sveitarfélaga um breytingar á lögum um húsaleigubætur sem leitt hafa til hækkun útgjalda.

4. *Hvernig hefði kostnaðarskiptingin orðið milli sveitarfélaga og ríkisins árlega sl. fimm ár ef hlutfall ríkisins í útgjöldunum hefði verið 60% en sveitarfélaganna 40%?*

Hvað kostnaðarskiptingu milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sveitarfélaga síðastliðin fimm ár varðar ef hlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útgjöldum hefði verið 60% en sveitarfélaganna 40% er vísað til eftirfarandi töflu.

Kostnaðarskipting milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sveitarfélaga vegna húsaleigubóta ef hlutfall Jöfnunarsjóðs í útgjöldunum hefði verið 60% en sveitarfélaganna 40%.

Ár	Heildargreiðslur húsaleigubóta	Hlutur Jöfnunarsjóðs, 60%	Hlutur sveitarfélaga, 40%
1999	529.587.002	317.752.201	211.834.801
2000	595.971.854	357.583.112	238.388.742
2001	705.943.406	423.566.044	282.377.362
2002	931.983.856	559.190.314	372.793.542
2003	1.240.456.944	744.274.166	496.182.778

307. Frumvarp til laga [284. mál]

um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, nr. 26/1976, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögin er veittu ríkisstjórn Íslands heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans verði felld úr gildi.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður árið 1975 sem sameiginleg alþjóðleg fjármálastofnun Norðurlanda til að styrkja norræna samvinnu og efnahag landanna með því að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum til að örva fjárfestingar á Norðurlöndum og efla útflutning.

Til grundvallar lá samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans sem gerður var í Kaupmannahöfn 4. desember 1975. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júní 1976, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1976, og fengu ákvæði hans þá jafnframt lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda samninginn.

Árið 1998 heimilaði Alþingi með þingsályktun (297. mál 123. löggjafarþings) ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd nýjan samning milli Norðurlandanna um Norræna fjárfestingarbankann sem gerður var í Ósló 23. október 1998. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kom fram að skv. 1. gr. laga nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, væri ekki þörf á að lögfesta hinn nýja samning eins og gert var með áðurnefndum lögum nr. 26/1976, að því er eldri samninginn varðaði. Síðarnefndi samningurinn mundi falla úr gildi við gildistöku nýja samningsins og þá þyrfti að fella lög nr. 26/1976 úr gildi. Lögin hafa ekki verið felld úr gildi og er þess vegna lagt til í frumvarpinu að sú lagahreinsun fari fram.

Þriðji samningurinn um Norræna fjárfestingarbankann var undirritaður af fulltrúum ríkisstjórna Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna þann 11. febrúar 2004. Gert er ráð fyrir að samningurinn öðlist gildi 1. janúar 2005 enda hafi öll aðildarríkin fullgilt hann a.m.k. mánuði áður. Unnið er að fullgildingu samningsins af Íslands hálfu á grundvelli laga nr. 98/1992. Við gildistöku hans mun samningurinn frá 1998 falla úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði úr gildi lög sem veittu ríkisstjórn Íslands heimild til að fullgilda saming um stofnun Norræna fjárfestingarbankans. Hér er um að ræða lagahreinsun sem hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

308. Fyrirspurn [285. mál]

til sjávarútvegsráðherra um meðferð aflaheimilda.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Eru brögð að því að Fiskistofa færi aflaheimildir milli óskyldra aðila án þess að löglegur og númeraður reikningur fylgi varðandi þau viðskipti sem um ræðir hverju sinni? Í hvaða mæli er það gert?
2. Hvers konar verðmyndun liggur á bak við slík viðskipti milli óskyldra aðila?
3. Er heimilt samkvæmt gildandi bókhalds- og skattalögum að óskyldir aðilar ákvarði verð á aflaheimildum í sumum tilfellum?

4. Sé um að ræða færslur aflaheimilda milli óskyldra aðila án verðlagningar, samrýmast þá slík viðskipti gildandi bókhalds- og skattalögum?

Skriflegt svar óskast.

309. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um háhraðanettengingar í dreifbýli og á smærri þéttbýlisstöðum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Kristján L. Möller, Jón Gunnarsson,
Einar Már Sigurðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa frumvarp til laga sem tryggi að allir landsmenn eigi kost á háhraðanettengingu óháð búsetu. Til að ná þessu markmiði skal áskilja að Símanum beri að tryggja öllum landsmönnum slíka þjónustu. Málið verði afgreitt fyrir þinglok í vor.

Greinargerð.

Háhraðanettenging flokkast sem grunnþjónusta í nútímasamfélagi að mati flutningsmanna þessarar tillögu, rétt eins orkuveita og símaþjónusta. Í skriflegu svari við fyrirspurn á síðasta löggjafarþingi til samgönguráðherra um háhraðatengingar kemur fram að yfir 22.000 Íslendingar hafa ekki slíka tengingu (sjá fylgiskjal). Síminn metur það svo að ekki sé arðvænlegt að leggja ADSL-tengingar í byggðarlögum þar sem íbúar eru færri en 150. Þarna ráða gróðasjónarmiðin för en inntak þessarar tillögu er hins vegar að það sé skylda samfélagsins að tryggja öllum Íslendingum háhraðanettengingu óháð búsetu. Án þess er ekki um að ræða jafnstöðu við aðra um þátttöku í nútímasamfélagi. Því eiga stjórnvöld að skylda Símann til að veita, eða hafa milligöngu um að veita, slíka þjónustu.

Á meðan svo háttar til að mikill fjöldi Íslendinga býr ekki við háhraðatengingar og góðan aðgang að upplýsingahraðbrautinni eru heimabyggðir þeirra ósamkeppnishæfar þegar kemur að vali fólks og fyrirtækja til búsetu. Byggðirnar eru annars flokks í þessu tilliti og íbúum þeirra er mismunað af hálfu samfélagsins.

Þjóðin á Símann sem er eitt öflugasta fyrirtæki landsins. Hann á að sjálfsögðu að beita afli sínu og þrótti til að tryggja öllum landsmönnum möguleika á háhraðanettengingu í stað þess t.d. að fara með fjármuni sína í vafasamar áhættufjárfestingar í fjölmiðlarekstri, svo að dæmi sé tekið.

Sprottið hafa upp nokkur öflug fyrirtæki sem veita háhraðatengingar í dreifbýli í gegnum örbylgju. Þau hafa veitt þessa þjónustu í mörgum byggðarlögum, m.a. Grímsnesi, uppsveitum Árnessýslu að hluta og víðar, og gefst íbúum þar þá í raun og veru í fyrsta sinn kostur á að kaupa sér ágæta háhraðatengingu. Þó að það jafnist ekki á við ADSL-tenginguna og þá sítengingu sem hún býður upp á er þetta samt, má segja, að einhverju leyti „á pari“ við það. Þjónustu þessara fyrirtækja á að nýta við að tryggja öllum heimilum landsins möguleika á háhraðanettengingu enda mikil þekking og færni til hjá þessum fyrirtækjum.

Kostur á háhraðanettengingu snýst að miklu leyti um sanngirni. Með því er verið að veita íbúum dreifbýlisins og smærri þéttbýlisstaða jafnstöðu, jöfn tækifæri á við aðra íbúa Íslands til að nýta sér þá ótal möguleika sem samskiptabyltingin hefur fært okkur nútímamönnum til menntunar, jöfn tækifæri til að afla upplýsinga, skapa atvinnutækifæri og eiginlega vinna við hvað sem er, að heiman að hluta. Fjarvinnsla, fjarnám og aðrir slíkir möguleikar nýtast ekki þeim sem ekki hafa öfluga nettengingu.

Þá er það stór þáttur í menntun, uppeldi og þátttöku barna og unglinga í nútímasamfélagi að hafa fyrsta flokks tengingu við netið til að þau megi nýta það til góðra hluta sér til afþreyingar, upplýsingaöflunar og sjálfsmenntunar hvers konar. Internetið býður upp á ótal leiðir til símenntunar með býsna einföldum hætti. Í þessari byltingu og þróun þurfa allir landsmenn að geta tekið þátt. Því er brýnt að stjórnvöld hafi forustu um að tryggja að allir eigi þess kost að hafa háhraðanettengingu, óháð búsetu.

Með tillögunni var fylgiskjal: Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um háhraðatengingar. (592. mál á 130. löggjafarþingi.) Sjá þskj. 972 í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 3785–3788.

310. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Bjarkey Gunnarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur taki mið af því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Styrkir verði greiddir eftir komu barns til landsins og verði jafnframt skattfrjálsir. Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu styrkjanna, eins og um annan kostnað við meðgöngu og fæðingu sé að ræða, og sjái jafnframt um nánari útfærslu á styrkjum þessum.

Greinargerð.

Mál þetta var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi en er nú lagt fram að nýju með talsverðum breytingum. Sú veigamesta er að Tryggingastofnun ríkisins sjái um ferðastyrki vegna ættleiðingar erlendis frá en ekki dómsmálaráðuneyti eins og var í fyrri þingsályktunartillögu. Þessi breyting er í samræmi við umsagnir sem bárust um málið á 130. löggjafarþingi og til samræmis við aðra styrki og kostnað Tryggingastofnunar ríkisins varðandi meðgöngu og fæðingu. Því er eðlilegt að þetta verði með sama hætti varðandi þennan hóp foreldra og barna þeirra.

Það er ljóst að ekki geta allir eignast börn á hefðbundinn hátt. Ástæður þessa geta verið margvíslegar en eru oftast tengdar ófrjósemi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða

áhrif það getur haft á fólk sem á sér engan draum heitari en að eignast börn. Undanfarin ár hafa læknavísindin hjálpað mjög mörgum til barneigna með glasafrjóvgun. Sú aðferð dugar þó ekki öllum, og oft lukkast hún ekki. Kostur þeirra fjölskyldna þar sem svo háttar til er að ættleiða barn. Í einhverjum tilvikum er um að ræða ættleiðingar barna sem fædd eru á Íslandi en afar fá slík tilvik eru á ári hverju. Jafnframt eiga sumir kost á að taka fósturbörn en það er langt í frá að allir foreldrar treysti sér í það þar sem oft er um að ræða þung og erfið barnaverndarmál. Í mun fleiri tilvikum hefur verið um að ræða ættleiðingu frá útlöndum. Á undanförnum árum og áratugum hafa allmargar íslenskar fjölskyldur nýtt sér þann möguleika. Sem dæmi má nefna að allmörg börn voru á sínum tíma ættleidd frá Sri Lanka og Indónesíu og undanfarið hafa fjölmörg börn verið ættleidd frá Indlandi. Nýlega gafst kostur á ættleiðingu frá Kína. Þau lönd sem nú eru formleg tengsl við í þessu sambandi eru Indland, Kína, Kólumbía og Taíland. Mikilvægt er líka að reyna að leita fleiri leiða til ættleiðingar. Ættleidd hafa verið á bilinu 15–24 börn á ári að jafnaði, alls um 400 börn.

Kostnaður við ættleiðingu er mismunandi eftir löndum. Greiða þarf uppihald barnsins, lögfræði- og dómskostnað og ferðakostnað en væntanlegir kjörforeldrar fara oftast sjálfir til að sækja barn sitt. Þó býður félagið Íslensk ættleiðing upp á þjónustu á þessu sviði ef væntanlegir kjörforeldrar treysta sér ekki í slík ferðalög. Ekki er fjarri lagi að ætla að lágmarkskostnaður sé um 1 millj. kr. fyrir hverja fjölskyldu/einstakling vegna þessa. Þá fjármuni þurfa foreldrar að reiða fram á skömmum tíma. Mikilvægt er því að gefa kost á ferðastyrkjum til þess að tryggja að fólk úr öllum þjóðfélagshópum, en ekki einungis hinir efnameiri, hafi möguleika á því að ættleiða börn að utan.

Mikilvægt er líka að hafa í huga að á sama tíma og þátttaka ríkisins mundi koma til hvað varðar kostnað við ættleiðingar sem sjálfsagður og eðlilegur hluti samtryggingar og velferðar, er hún jafnframt framlag okkar til þess að bæta aðstæður barna í fátækum löndum, sem annars búa í mörgum tilvikum ekki annað en sár fátækt og stofnanavist til langframa. Þannig leggjum við af mörkum þann mikilvæga skerf að bæta hag margra barna sem búa við erfiðar aðstæður, þótt það liggi ekki endilega til grundvallar óskum foreldra um að ættleiða börn frá útlöndum, þar ræður fyrst og fremst þráin eftir að eignast barn og annast það sem sitt eigið.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður fram fyrirspurn um ættleiðingar frá útlöndum og hvernig þeim væri háttað annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi kom m.a. fram í svari dómsmálaráðherra:

a. Að samkvæmt upplýsingum frá félaginu Íslenskri ættleiðingu eiga kjörforeldrar sem fá börn til ættleiðingar frá öðrum löndum ekki kost á styrkjum vegna ættleiðingarinnar úr ríkissjóði.
b. Að samkvæmt upplýsingum sem gefnar eru á heimasíðum ættleiðingarfélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, svo og samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu, fá kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá öðrum ríkjum fjárstyrki vegna ættleiðinganna fyrir hvert barn sem hér segir:

Danmörk: Árið 2001: 36.154 danskar kr.
Árið 2003: 38.138 danskar kr.
Finnland: Árið 2003: 1.900–4.500 evrur eftir því frá hvaða landi barnið er ættleitt.
Noregur: Árið 2002: 22.500 norskar kr.
Árið 2003: 23.400 norskar kr.
Svíþjóð: Árið 2002: 40.000 sænskar kr. (í október).

Hér er því um að ræða styrki sem nema 170–400 þús. ísl. kr. eftir því hvaðan er ættleitt.

Jafnframt var spurt um ýmsar skattaívilnanir og hvort slíkir möguleikar væru fyrir hendi hér.

Í svari ríkisskattstjóra kemur eftirfarandi fram:

„1. Í skattalöggjöf og skattframkvæmd er réttarstaða ættleiddra barna öldungis sú sama og barna sem fæðast inn í fjölskyldu.

Þannig eru greiddar barnabætur til kjörforeldra frá og með því ári þegar ættleiðing á sér stað og til fulls 16 ára aldurs barnsins.

Reglur um ívilnun í skatti á grundvelli þeirra ákvæða 66. gr. laga nr. 75/1981 [nú l. nr. 90/2003] er varða börn taka til ættleiddra barna á sama hátt og annarra barna, þ.e. ef barn er háð langvinnum sjúkdómi eða fötlun eða foreldri ber kostnað vegna náms þess eftir að það nær 16 ára aldri.

Ekki er nein heimild í lögum til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar barns erlendis frá.

Gerð var sérstök athugun á viðhorfum skattyfirvalda til slíkra mála og á skattframkvæmd þeirra fyrir nokkrum árum. Liggur fyrir álit umboðsmanns Alþingis vegna þessa. Var það niðurstaðan að skattaívilnun væri ekki veitt á grundvelli þess að foreldrar bæru kostnað við ættleiðingu. Slíkt samrýmdist ekki lögum. Fram kom við umrædda athugun að til voru dæmi úr skattframkvæmd um hið gagnstæða þannig að skattstjóri virtist hafa ívilnað í skattstofnum vegna ættleiðingar en talið var að þar hefði ekki rétt verið staðið að málum.

2. Lausleg athugun af hálfu ríkisskattstjóra á lögum og reglum í nágrannaríkjunum sem varða skattaleg viðhorf til ættleiðingar leiðir í ljós að þar virðast ekki vera fyrir hendi heimildir til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar við ákvörðun skatta. Uppbygging skattkerfanna á Norðurlöndunum er nokkuð svipuð frá landi til lands og virtust skattaleg viðhorf keimlík því sem áður greinir um reglur á Íslandi. Á það er að líta í þessu samhengi að félagsleg kerfi í öðrum norrænum ríkjum eru nokkuð frábrugðin hinu íslenska að því er varðar tilvik sem snerta félagslegar greiðslur, bætur, styrki, niðurgreiðslu og þátttöku í kostnaði. Hugsanlegt er að í einhverjum tilvikum taki hið opinbera þátt í að hliðra til fyrir ættleiðingum í formi slíkrar fyrirgreiðslu. Skattlagning þannig tekna og tekjuígildis frá félagslegum aðilum til fjölskyldna er síðan með ýmsu móti í þessum ríkjum. Í fljótu bragði var þó ekki fundið að gert væri ráð fyrir sérmeðferð einhverra bóta er tengdust ættleiðingum.“

Af framansögðu má vera ljóst að við skerum okkur úr hvað varðar ferðastyrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Finnar hafa nýlega gengið frá reglum um slíka styrki og þá erum við ein Norðurlandaþjóða eftir. Því er brýnt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji sem allra fyrst reglur þar að lútandi. Mikilvægt er að þær séu skýrar og gegnsæjar.

Ýmis verkalýðsfélög hafa látið sig þetta mál varða og sum stéttarfélög greiða styrki í tengslum við ættleiðingar, þó ekki þannig að um samræmdar reglur sé að ræða milli hinna ýmsu félaga.

Nýlega ályktaði Verkalýðsfélag Húsavíkur eftirfarandi og sendi jafnframt eftirfarandi bréf til alþingismanna:

„Um leið og Verkalýðsfélag Húsavíkur óskar nýkjörnum þingmönnum velfarnaðar í starfi á komandi árum vill félagið benda á ályktun og greinargerð um stöðu fólks sem ættleiða vill börn og samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins. Með ályktuninni vonast félagið til að hægt verði að opna augu ráðamanna fyrir því óréttlæti sem viðgengst gagnvart þeim sem vilja ættleiða börn. Í flestum tilvikum er um að ræða verulega háar fjárhæðir sem fólk, ekki síst verkafólk, á mjög erfitt með að standa straum af. Það er von félagsins að þingmenn taki málið upp á Alþingi í haust með það að markmiði að jafna aðstöðu fólks í þessari stöðu, við aðstöðu þeirra sem eignast börn eftir hefðbundnari leiðum.“

Ályktunin var svohljóðandi:

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur hvetur stjórnmálaflokkana sem bjóða fram til Alþingis og væntanlega alþingismenn til að tryggja að bætt verði aðstaða fólks sem leitast við að ættleiða börn frá útlöndum. Heilbrigðiskerfið tekur þátt í margvíslegum kostnaði vegna barneigna – eins og eðlilegt er – en engar ívilnanir eru veittar því fólki sem leitar eftir að ættleiða barn frá útlöndum eins og gert er í nágrannalöndunum. Þó er ljóst að því fylgir umtalsverður kostnaður og ekki á færi láglaunafólks að fara þessa leið. Þátttaka almannatrygginga í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum hlýtur að eiga að vera sjálfsagður hluti velferðarkerfis – ef það á að rísa undir nafni.

Um leið skorar félagið á önnur verkalýðsfélög og Alþýðusamband Íslands að beita sér í málinu og jafna jafnframt rétt fólks til greiðslu úr sjúkrasjóðum, hvort sem um er að ræða tæknifrjóvgun eða ættleiðingu frá útlöndum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur 2. maí 2003."

Á 130. löggjafarþingi bárust eftirfarandi umsagnir um málið og góður stuðningur við það. Eru þær látnar fylgja hér með þar sem þar er m.a. að finna góðar og gagnlegar tillögur um framhaldsvinnu málsins ef samþykkt verður.

Með tillögunni var fylgiskjal: Umsagnir um tillögu til þingsályktunar um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum (85. mál á 130. löggjafarþingi):

Umsögn Alþýðusambands Íslands. (20. mars 2004.)

Umsögn Íslenskrar ættleiðingar.

Umsögn ríkisskattstjóra. (20. febrúar 2004.)

311. Fyrirspurn [288. mál]

til landbúnaðarráðherra um jafnréttisáætlun og skipan í stöður.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hefur verið skipað í margar stöður á vegum ráðuneytisins frá árinu 1999?
2. Hvað voru skipaðar margar konur og hve margir karlar á umræddu tímabili?
3. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins, hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði og hvernig skiptast þeir eftir kyni?
4. Gilda sérstakar reglur um hlutföll kynjanna við skipan í stöður á vegum ráðuneytisins og ef svo er, hvaða reglur?
5. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og ef svo er, hvað hefur verið gert til að fylgja þeirri áætlun eftir?

Skriflegt svar óskast.

312. Fyrirspurn [289. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu fatlaðra kvenna.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur og Gunnari Örlygssyni.

1. Hefur verið gerð rannsókn á stöðu fatlaðra kvenna hér á landi með tilliti til menntunar og atvinnumöguleika?
2. Stendur til að gera slíka rannsókn á næstunni?
3. Hver er staða fatlaðra kvenna almennt hvað varðar menntun og atvinnuþátttöku?

Skriflegt svar óskast.

313. Fyrirspurn [290. mál]

til heilbrigðisráðherra um húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður ákvörðun um greiðsluþátttöku heilbrigðiskerfisins í húðflúrsmeðferð í kjölfar aðgerðar vegna brjóstakrabbameins?

314. Fyrirspurn [291. mál]

til sjávarútvegsráðherra um grásleppuveiðar.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu miklu af grásleppu var landað af þorsknetabátum á sl. vetrarvertíð, skipt eftir veiðisvæðum?
2. Til hvaða ráðstafana verður gripið á næstu vertíð til að koma í veg fyrir annars vegar veiðar og löndun þorskanetaflotans og annarra veiðiskipa án grásleppuveiðileyfis á grásleppu og hins vegar grásleppuveiði utan veiðitíma?
3. Telur ráðherra að gætt sé jafnræðis við sviptingu veiðileyfa vegna of mikils meðafla (kvótasettra tegunda) grásleppubáta annars vegar og þorsknetabáta hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

315. Fyrirspurn [292. mál]

til samgönguráðherra um notkun risabora við jarðgangagerð.

Frá Hilmari Gunnlaugssyni.

1. Er notkun risabora, eins og þeirra sem notaðir eru við gerð aðveituganga í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, möguleg við gerð jarðganga fyrir bílaumferð?
2. Hver má ætla að kostnaður sé við slíka jarðgangagerð á hvern kílómetra?
3. Hver er áætlaður meðaltalskostnaður á hvern kílómetra jarðganga fyrir bílaumferð sem unnið er að núna og eru fyrirhuguð?
4. Liggja fyrir upplýsingar um hvor aðferðin er fljótlegri og ef svo er, hversu tímafrek hvor aðferðin um sig er?

316. Fyrirspurn [293. mál]

til fjármálaráðherra um álag á staðgreiðsluskatta og virðisaukaskatt.

Frá Hilmari Gunnlaugssyni.

1. Hvað fékk ríkissjóður greitt á hverju ári á tímabilinu 1999–2003 vegna álags skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987?
2. Hvað fékk ríkissjóður greitt á hverju ári á sama tímabili vegna álags skv. 2. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988?

Óskað er að svörin sýni greiðslur eftir umdæmum skattstjóra landsins.

Skriflegt svar óskast.

317. Tillaga til þingsályktunar [294. mál]

um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Gunnar Birgisson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson, Mörður Árnason, Pétur Bjarnason, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Greinargerð.

Við setningu Alþingis, 131. löggjafarþings, 1. október sl. vakti athygli alþingismanna hve vel hefur til tekist með lagfæringu, lýsingu og endurbætur á þingsal. Glæsilegt form og nálgun þess sem í upphafi var byggt er öllum þeim sem að komu til sóma.

En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins í íslensku þjóðlífi, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á svæði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar.“ (Úr ræðu Sigurðar Eggerz fjármálaráðherra sem gegndi störfum forsætisráðherra 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki.)

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

318. Svar [254. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um sendiherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað starfa margir sendiherrar í þjónustu íslenska ríkisins og hvert er starfssvið þeirra?*
2. *Hve margir sendiherrar sitja hér á landi og hver eru verkefni þeirra?*
3. *Hver voru útgjöld íslenska ríkisins vegna launa og ferðakostnaðar sendiherra í septembermánuði 2004?*

Sendiherrar í þjónustu íslenska ríkisins eru samtals 34. Eftirfarandi er listi yfir nöfn þeirra, starfssvið og verkefni.

Sendiherrar sem starfa á Íslandi eru 14, sjá eftirfarandi lista yfir nöfn þeirra og verkefni.

Útgjöld íslenska ríkisins vegna launa sendiherra í september 2004 voru 29,4 millj. kr. og vegna ferðakostnaðar þeirra í sama mánuði 3,1 millj. kr.

Sendiherrar í nóvember 2004.

Sendiherrar	Starfsheiti
Erlendis:	
Benedikt Ásgeirsson	Sendiherra Íslands í Mapútó
Benedikt Jónsson	Sendiherra Íslands í Moskvu
Eiður Guðnason	Sendiherra Íslands í Peking
Guðmundur Eiríksson	Sendiherra Íslands í Ottawa
Gunnar Gunnarsson	Fastafulltrúi Íslands hjá NATO, Brussel
Helgi Ágústsson	Sendiherra Íslands í Washington
Hjálmar W. Hannesson	Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, New York
Hörður H. Bjarnason	Fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu
Jón Baldvin Hannibalsson	Sendiherra Íslands í Helsinki
Kjartan Jóhannsson	Sendiherra Íslands í Brussel
Ólafur Davíðsson	Sendiherra Íslands í Berlín
Stefán Haukur Jóhannesson	Fastafulltrúi Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf
Stefán Skjaldarson	Sendiherra Íslands í Ósló
Svavar Gestsson	Sendiherra Íslands í Stokkhólmi
Sveinn Björnsson	Sendiherra Íslands í Vín
Sverrir Haukur Gunnlaugsson	Sendiherra Íslands í London
Tómas Ingi Olrich	Sendiherra Íslands í París
Þorsteinn Ingólfsson	Í leyfi
Þorsteinn Pálsson	Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn
Þórður Ægir Óskarsson	Sendiherra Íslands í Tókýó
Ráðuneyti	
Albert Jónsson	Skrifstofustjóri ráðherraskrifstofu
Bergdís Ellertsdóttir	Við störf í forsætisráðuneyti, er sem stendur í fæðingarorlofi
Björn Dagbjartsson	Viðskiptaskrifstofa, sérverkefni, lætur af störfum að eigin ósk um áramót
Grétar Már Sigurðsson	Skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu
Gunnar Snorri Gunnarsson	Ráðuneytisstjóri
Gunnar Pálsson	Skrifstofustjóri auðlinda- og umhverfisskrifstofu
Ingimundur Sigfússon	Sérverkefni
Jón Egill Egilsson	Skrifstofa ráðuneytisstjóra, starfar að stefnumótun
Kornelíus Sigmundsson	Alþjóðaskrifstofu, undirbúningur að formennsku í Eystrasaltsráðinu
Kristinn F. Árnason	Skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu
Ólafur Egilsson	Sendiherra gagnvart Indónesíu, Kambódíu, Malasíu, Singapúr og Taílandi, sér um samninga sem snúa að flugm. og EXPÓ í Japan
Sighvatur Björgvinsson	Framkvæmdastjóri, Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Sigríður Snævarr	Alþjóðaskrifstofu, starfar að undirbúningi að fyrirhuguðu framboði Íslands til Öryggisráðsins
Sturla Sigurjónsson	Skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu

319. Svar [101. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um frávísanir framhaldsskóla og háskóla.

1. *Hve mörgum var vísað frá námi í framhaldsskólum í haust, sundurliðað eftir skólum, og hve margir sem hugðust snúa aftur til náms eftir að hafa hætt tímabundið námi fengu ekki inni í neinum skóla?*

Á haustönn 2004 fengu allir nýnemar skólavist í framhaldsskólum. Ráðuneytið sendi bréf til allra nýnema sem ekki fengu skólavist í fyrstu umferð, þar sem þeim var boðið að hafa samband við ráðuneytið. Aðstoðaði ráðuneytið þá við að finna skólavist. Alls höfðu um 200 nýnemar samband við ráðuneytið síðastliðið sumar í því skyni og var þeim öllum fundin skólavist.

Tölulegar upplýsingar um nema sem höfðu hætt í skóla og vildu hefja nám að nýju á haustönn 2004 liggja ekki fyrir. Upplýsingar um umsækjendur eru skráðar og afgreiddar í hverjum skóla fyrir sig en ekki er unnt að sjá á einum stað hverjir sækja um né hvað verður um umsóknir þeirra. Hér er einnig um persónurekjanlegar upplýsingar að ræða sem ráðuneytið hefur ekki kallað eftir hingað til.

Af þeim ástæðum sem að framan eru raktar er ekki mögulegt að svara með sama hætti síðari lið fyrirspurnarinnar. Fyrir liggur að ýmsir eldri nemar, sem synjað var um dagskóla á haustönn 2004, hófu í staðinn nám í kvöldskóla eða í fjarnámi. Algengt er að nemendur sem skráðir eru í framhaldsskóla sæki um í öðrum skóla. Sé þeim synjuð skólavist þar, ganga þeir áfram að henni vísri í fyrri skólanum. Alltaf er talsvert um að nemendur sem sækja um sérhæft nám, t.d. í löggiltum iðngreinum, komist ekki inn í fyrstu atrennu þar sem fjöldinn takmarkast af aðstöðu, svo sem stærð skólaverkstæða. Fáir úr hópi eldri umsækjenda höfðu samband við ráðuneytið sl. sumar vegna synjunar á skólavist.

2. *Hve mörgum var vísað frá námi í haust í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar beint frá háskólunum þremur:

Háskóli Íslands	**Fjöldi umsókna sem var hafnað**
Guðfræðideild	3
Læknadeild	0*
Lagadeild	4
Viðskipta- og hagfræðideild	13
Heimspekideild	43
Lyfjafræðideild	0
Tannlæknadeild	1
Verkfræðideild	3
Raunvísindadeild	13
Félagsvísindadeild	18
Hjúkrunarfræðideild	7
Samtals	**105**

* Að loknum inntökuprófum; þeim sem ekki komust í læknisfræði eða sjúkraþjálfun var gefinn kostur á að fara í annað nám.

Háskólinn á Akureyri	**Fjöldi umsókna sem var hafnað**
Auðlindadeild	1
Félagsvísinda- og lagadeild	9
Heilbrigðisdeild	5
Kennaradeild	30*[1]
Viðskiptadeild	27*[2]
Upplýsingatæknideild	0
Samtals	**72**

*[1] Af þessum 30 voru 4 umsækjendur sem uppfylltu skilyrði en sóttu um að stunda fjarnám en var hafnað vegna ónógrar þátttöku á þessu skólaári
*[2] Af þessum 27 voru 12 umsækjendur sem uppfylltu skilyrði en sóttu um að stunda fjarnám en var hafnað vegna ónógrar þátttöku á þessu skólaári

Kennaraháskóli Íslands	**Fjöldi umsókna sem var hafnað**
Grunndeild:	
Grunnskólabraut	351
Kennsluréttindabraut	205
Íþróttabraut	51
Leikskólabraut	154
Tómstundabraut	18
Þroskaþjálfabraut	36
Samtals	**815**
Framhaldsdeild:	
Dipl. Ed. nám	114
Rannsóknartengt framhaldsnám til meistaragráðu	2
Samtals	**116***

*Hafa ber í huga að nemendur í framhaldsdeild eru nemendur sem þegar hafa lokið háskólaprófi (kennarar með starfsreynslu).

320. Svar [99. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um fjárframlög til Þjóðminjasafnsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu há voru framlög fyrirtækja og stofnana til endurgerðar Þjóðminjasafnsins frá lokun þess vegna viðgerða til opnunar þess 2004? Svarið óskast sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og stofnunum.

Ráðuneytið óskaði eftir því við þjóðminjavörð, Margréti Hallgrímsdóttur, að útbúa skriflegt svar varðandi fyrirspurn um fjárframlög til Þjóðminjasafnsins. Svar þjóðminjavarðar fylgir hér á eftir.

Greinargerð um samstarf við atvinnulíf og hollvini.

Í tilefni endurbyggingar safnhúss Þjóðminjasafnsins var opnuð ný grunnsýning um sögu Íslands frá landnámi til nútímans, sýningin *Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár*. Vandað var til nýrrar grunnsýningar, sem ætlað er að standa um árabil og fylgja nýjustu rannsóknum á íslenskri menningarsögu til safngesta með fjölbreyttri miðlun.

Grunnsýning Þjóðminjasafnsins er búin nýrri tækni í sýningargerð sem er árangur viðamikils samstarf við atvinnulífið og hollvini Þjóðminjasafns. Lögð er áhersla á að gera sýninguna áhugaverða og spennandi fyrir kröfuharða nútímasafngesti, sem geta sett sig í spor Íslendinga liðinna alda og borið aðstæður þeirra saman við samtímann með aðstoð nýrrar miðlunartækni. Þannig er mögulegt að miðla upplýsingum á fjölbreyttan og nýstárlegan hátt, þekkingu sem unnt er að viðhalda eftir því sem rannsóknum fleygir fram.

Stuðnings- og samstarfsaðilar Þjóðminjasafnsins, *Minjar og saga*, *Bakhjarl* og *Hollvinir*, hafa gegnt mikilvægu hlutverki í uppbyggingu safnsins og eiga ríkan þátt í því að nýja grunnsýningin markar þáttaskil í íslenskri safnasögu og sýningagerð. Þeirra framlag var mikilsvert og samstarf árangursríkt enda leiðarljós að ávinningur væri gagnkvæmur.

Minjar og saga.

Minjar og saga, vinafélag Þjóðminjasafnsins, hefur starfað frá árinu 1988. Markmið þess er að styrkja starfsemi Þjóðminjasafnsins á ýmsan hátt og efla skilning á mikilvægi þess að vel sé búið að stærsta menningarsögulega safni þjóðarinnar. Helstu verkefni vinafélagsins eru að leita leiða til að afla Þjóðminjasafninu merkra muna sem álitið er að best séu varðveittir í safninu vegna menningarsögulegs gildis þeirra. Félagið hefur aflað safninu margra góðra gripa með því að leita eftir tilstyrk annarra til kaupanna. Nýjasti gripurinn sem félagið hefur gefið safninu er útskorið brennivínshorn frá 1759 í tilefni af 140 ára afmæli safnsins árið 2003. Einnig leitar félagið leiða til þess að greiða fyrir sérstökum rannsóknarverkefnum og efnir til fyrirlestra fræðimanna um fornleifar og aðrar þjóðminjar. Það hefur jafnframt staðið fyrir skoðunarferðum undir leiðsögn sérfræðinga á merka sögustaði. Stjórn félagsins skipa Sverrir Kristinsson, formaður, Sigríður Th. Erlendsdóttir, Guðjón Friðriksson, Katrín Fjeldsted og Ólafur Ragnarsson.

Bakhjarlar og Hollvinir.

Í atvinnulífinu verða daglega til minjar sem í fyllingu tímans verða mikilvæg teikn um líf og menningu okkar tíma. Tengsl eru mikilvæg á milli atvinnulífsins og þjóðminjavörslunnar, þeirra sem rita söguna annars vegar og þeirra sem varðveita minjar um hana hins vegar. Góður árangur hefur náðst í samstarfi við fulltrúa atvinnulífs við undirbúning opnunar safnsins. *Bakhjarl Þjóðminjasafnsins* frá árinu 2001 er Landsvirkjun, sem veitti veglegan stuðning þegar krefjandi undirbúningur stóð yfir við fjárfrek verkefni, sem ekki voru sýnileg almenningi. Stuðningur Landsvirkjunar gerði safninu unnt að leggja mikinn metnað og fagmennsku í forvörslu muna auk átaks í kynningarmálum og merkingu minjastaða. Mikilvægur liður í uppbyggingu Þjóðminjasafnsins var stofnun sveitar forystumanna úr íslensku þjóðlífi, sem kölluð er *Hollvinir Þjóðminjasafnsins*, undir forystu forstjóra Landsvirkjunar. Starf sveitarinnar er að leita nýrra leiða til að auka tengsl Þjóðminjasafns Íslands við atvinnulífið, jafnframt því að afla fjár til verðugra verkefna til eflingar og framfara fyrir safnið.

Meðal þess sem Hollvinir Þjóðminjasafnsins hafa þegar stuðlað að er stofnun Framfarasjóðs Þjóðminjasafns Íslands, ásamt fyrirtækjunum Bakkavör Group, KB-banka og VÍS, sem eru meginsamstarfsaðilar Þjóðminjasafns Íslands 2004–2006. Árangur hefur verið afar góður

og með traustu samstarfi við þessa fulltrúa atvinnulífsins var lagður grunnur að fjármögnun á metnaðarfullri margmiðlun í nýrri grunnsýningu. Auk fyrrtalinna fyrirtækja komu aðrir samstarfsaðilar að undirbúningi opnunar. Gerði samstarf við Símann safninu kleift að bjóða upp á hljóðstöðvar þar sem sjónum er beint að íbúum fyrri alda. Flugleiðir og Flugstöð Leifs Eiríkssonar lögðu til innréttingar/færiband í 20. aldar hluta sýningarinnar og Nýherji tölvubúnað til safnfræðslu.

Niðurstaða.

Eftirtalin eru helstu fyrirtæki og aðilar sem hafa verið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands:

Landsvirkjun. Bakhjarl Þjóðminjasafns 2001–2005.
2001–2003: 27.000.000 kr.
2004–2005: 10.000.000 kr.
Bakkavör:
2004–2006: 15.000.000 kr.
VÍS:
2004–2006: 15.000.000 kr.
KB–banki:
2004–2006: 15.000.000 kr.
Síminn:
2004–2006: 5.000.000 kr.
Nýherji:
2004: Tölvubúnaður í Lesstofu. Andvirði um 1.500.000 kr.
Flugleiðir og Flugstöð Leifs Eiríkssonar
2004: Færiband. Andvirði um 10.000.000 kr.
Minningarsjóðir:
2002–2004: Forvarsla merkisgripa. 3.000.000 kr.

Auk þessa hafa fjölmörg fyrirtæki og stofnanir verið í samstarfi um gerð sérsýninga og útgáfuverkefni. Meðal annars má nefna hin íslensku safnaverðlaun árið 2003 en þá var myndadeild Þjóðminjasafnsins valin safn ársins og hlaut 400.000 kr. verðlaunafé.

Í heild má segja að Þjóðminjasafn Íslands hafi átt í samstarfi við fyrirtæki á árunum 2000–2006 sem gert hafa safninu kleift að gera sýningar safnsins aðgengilegri með nýrri tækni til miðlunar, svo sem margmiðlun og hljóðstöðum, auk þess að eiga í samstarfi um forvörslu merkra gripa, kynningarátak, ferðakostnað, gerð sérsýninga og útgáfu rita. Stuðningur hefur oft verið fólginn í auglýsingum að andvirði nokkurra milljóna króna, húsnæði eða sérfræðiráðgjöf. Beinir styrkir eru samtals um 100 millj. kr.

Þess má geta að söfn almennt í heiminum eru í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins í hverju landi. Er litið svo á að ábyrgð sé gagnkvæm þegar rætt er um þjóðminjavörslu, safnastarf og atvinnulíf samtímans sem marka ný spor í sögunni. Árangur er því álitinn betri ef unnt er að koma á samvinnu menningarstarfsemi og atvinnulífs.

321. Svar [107. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um uppbyggingu og rekstur safna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu há hafa framlög úr ríkissjóði verið annars vegar til uppbyggingar og hins vegar til reksturs safna síðastliðin 10 ár? Svarið óskast sundurliðað eftir árlegum framlögum til hvers safns fyrir sig.

Ráðuneytið hefur tekið saman framlög til safna árin 1998–2004, sbr. töflu 1. Upplýsingar eru fengnar úr bókhalds- og fjárlagagerðarkerfum, miðað við rekstrargrun og tegundaskiptingu fyrir hvert ár. Uppgefin fjárhæð er það sem greitt er úr ríkissjóði, þ.e. heildargjöld að frádregnum tekjum.

Vegna breytinga á framsetningu fjárlaga árið 1998, þegar farið var að reikna útgjöld ríkisins á grundvelli rekstrargrunns í stað greiðslugrunni, er samanburður á útgjöldum fyrir og eftir 1998 ekki marktækur og því hefur ekki verið farið lengra aftur en til ársins 1998.

Til nánari skýringa við eftirfarandi töflur skal áréttað:

Þau viðfangsefni sem byrja á tölunni 1 í töflu 1 taka til rekstrarkostnaðar.

Þau viðfangsefni sem byrja á tölunni 5 í töflu 1 taka til viðhalds safngripa.

Þau viðfangsefni sem byrja á tölunni 6 í töflu 1 taka til stofnkostnaðar.

Samkvæmt 11. gr. safnalaga, nr. 106/2001, eiga söfn kost á því að allt að þriðjungur stofnkostnaðar vegna húsnæðis safna sé greiddur úr ríkissjóði. Sams konar ákvæði var í 13. gr. þjóðminjalaga, nr. 89/1989. Framlög ríkissjóðs til þessa koma af fjárlagalið 02-969-6.21, viðfangsefninu „byggðasöfn, framkvæmdastyrkir“. Er það innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast. Samkvæmt fjárlögum hefur eftirfarandi upphæðum verið varið til þessa liðar:

1998 15 millj. kr.
1999 25 millj. kr.
2000 25 millj. kr.
2001 25 millj. kr.
2002 20 millj. kr.
2003 25 millj. kr.
2004 20 millj. kr.

Meðfylgjandi er sundurliðað yfirlit yfir greiðslur af þessum fjárlagalið fyrir árin 1998–2004, sjá töflur 2–8.

Með safnalögun, nr. 106/2001, var settur á fót nýr sjóður, safnasjóður, sem annast úthlutun ríkisstyrkja (rekstrar- og verkefnastyrkja) til safna. Safnaráð annast úthlutunina í samræmi við ákvæði 10. gr safnalaga og samkvæmt úthlutunarreglum, sem menntamálaráðherra staðfesti. Hefur verið úthlutað þrisvar úr sjóðnum. Á heimasíðu safnaráðs (www.safnarad.is) má finna margs konar upplýsingar, m.a. um styrkveitingar, íslensk minja- og byggðasöfn og starf safnaráðs. Eftirfarandi eru listar yfir styrkveitingar úr safnasjóði 2002–2004, sjá töflur 9–11.

Tafla 1. Samantekt á framlögum til safna. (Upplýsingar fengnar úr fjárlagakerfi, rekstrargrunnur fjárlagafrumvarps og fjáraukalagafrumvarps með tegundaskiptingu fyrir hvert ár.) Uppgefin fjárhæð er það sem greitt er úr ríkissjóði, þ.e. heildargjöld - tekjur = greitt.

Rá	Liður	Viðf	Mál	Heiti	Fjár-lög 1998	Fjár-auka-lög 1998	Fjár-lög 1999	Fjár-auka-lög 1999	Fjár-lög 2000	Fjár-auka-lög 2000	Fjár-lög 2001	Fjár-auka-lög 2001	Fjár-lög 2002	Fjár-auka-lög 2002	Fjár-lög 2003	Fjár-auka-lög 2003	Fjár-lög 2004	Frumvarp til fjár-aukalaga 2004	Frumvarp til fjárlaga 2005
2	901	101	2006	Fornleifavernd ríkisins									30		34,9		36,6		40,4
2	902	101	2006	Þjóðminjasafn Íslands	103,4		92,4		123,5	69	191,5	2,5	180,2		243,1		229	20	266,1
2	902	110	2006	Byggða- og minjasöfn	18,6	3	18,6		31,7	0,6	62,7		29		14		12		15,3
2	902	111	2006	Hönnunarsafn Íslands							4,1		4,4		4,5		9,2		9,3
2	902	525	2006	Viðhald stafkirkju í Vestmannaeyjum							2,5		0		0		0		0
2	902	521	2006	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminja-safnsins															55
2	902	601	2006	Tæki og búnaður	2		2		2		2	6	2		2		1,8		1,8
2	902	641	2006	Samgöngusafn Íslands í Skógum							12		7				0		0
2	902	642	2006	Endurbygging Kútters Sigurfara							6		4				0		0
2	903	101	2006	Þjóðskjalasafn Íslands	68,5		68,5	5	82,8		86,9		104,8		108,1		111,7		121,9
2	903	111	2006	Héraðsskjalasöfn	7		7		7,7		10		10,8		11,2		11,6		12,1
2	905	101	2006	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	255,5	10	274,5		294,2		328		356,1		423,1		436		445,1
2	905	605	2006	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5		23,5		23,5		23,5		23,5		23,5		23,5		23,5
2	906	101	2006	Listasafn Einars Jónssonar	6,6		6,6	1	9,1		9,4		10,1		10,1		11		14,4
2	907	101	2006	Listasafn Íslands	50	3	55		61,4		63,6		69,5		72,,3		74,8		101,2
2	907	102	2006	Listasafn Ásgríms Jónssonar	3,8		3,8		4		4,1		4,4		4,5		4,6		4,7
2	907	601	2006	Listaverkakaup	12		12		12		12		12		12		10,8		10,8
2	908	101	2006	Kvikmyndasafn Íslands	15,4		15,4		16,2		16,8		18,2		28,7		29,6		32,7
2	908	601	2006	Kvikmyndasafn Íslands											15		13,5		13,5
2	909	101	2006	Blindrabókasafn Íslands	37,7		37,7	2	41,6		44,2		50,8		52,5		57,6		60
2	918	101	2006	Safnasjóður									58		58		66		66
2	919	110	2006	Listasafn ASÍ	2		2		2		2		3		5		5		5
2	919	111	2006	Nýlistasafn	2		2		4		5		5		5		5		5
2	919	112	2006	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5		4		5		5		6		6		7		7
2	919	141	2006	Galdrasýning á Ströndum							15		7		7		7		
2	919	190	2006	Söfn	10,3		10,3		14,5		19,5		4,5		33,8	3	17,3		
2	919	198	2006	Söfn ýmis framlög menntamálaráðuneytis															10,5
2	919	621	2006	Endurbygging á bæ Eiríks rauða	7														
2	919	622	2006	Sögusetrið á Hvolsvelli					5		7		7		7				
2	919	623	2006	Hvalamiðstöð á Húsavík							6		7		7				
2	919	624	2006	Tölvuvæðing bókasafna							4								
2	919	625	2006	Geysisstofa í Haukadal							7		7		7				

Rá	Liður	Viðf	Mál	Heiti	Fjár-lög 1998	Fjár-auka-lög 1998	Fjár-lög 1999	Fjár-auka-lög 1999	Fjár-lög 2000	Fjár-auka-lög 2000	Fjár-lög 2001	Fjár-auka-lög 2001	Fjár-lög 2002	Fjár-auka-lög 2002	Fjár-lög 2003	Fjár-auka-lög 2003	Fjár-lög 2004	Frum-varp til fjárauka-laga 2004	Frum-varp til fjárlaga 2005
2	919	626	2006	Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum							6		4						
2	919	627	2006	Endurbygging Herjólfsbæjar, Vestmannaeyjum							10								
2	919	628	2006	Sögusafnið í Reykjavík							18		7		7				
2	919	629	2006	Endurbygging á Brydebúð									3		3				
2	919	630	2006	Bátasafn á Suðurnesjum							8,5								
2	919	631	2006	Sjóminja- og smiðjumunasafn							3								
2	919	632	2006	Sjóminjasafn Íslands							2,5		1						
2	919	633	2006	Jöklasafn							5								
2	919	634	2006	Safnasafnið á Svalbarðsströnd							3								
2	919	635	2006	Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi							4		4		4				
2	919	636	2006	Síldarminjasafnið á Siglufirði							6		7		7	11,7	14		9,3
2	919	637	2006	Faktorshúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði							6								
2	919	638	2006	Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði									6		6				
2	919	639	2006	Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði									3,5		3,5				
2	919	640	2006	Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði									3,5		3,5				
2	919	641	2006	Safnahús í Búðardal									7		7				
2	919	643	2006	Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystra									4		4				
2	919	643	2006	Saltfisksetur Íslands í Grindavík									3		7				
2	919	690	2006	Söfn, ýmis stofnkostnaður											52	4,8	82,2		40,5
2	969	621	2006	Endurbótasjóður menningarstofnana		30	200		330	63	400	11	335		344	134	305	100	104,7
2	969	692	2006	Vesturfarasetrið á Hofsósi		15													
2	969	693	2006	Listaskálinn í Hveragerði		12													
2	969	692	2006	Kaupvangur á Vopnafirði					8		14		7		7				
2	969	693	2006	Duushúsin í Reykjanesbæ							10		7		7				
2	979	610	2006	Húsafriðunarsjóður	15,5		15,5		28,5		52		57,5		94,3		116,2		21,4
2	999	190	2007	Ýmis framlög	11,6		12,6	15	14,5		26,8	0,6	25,4		52,4	4	36,7		5,9
2	999	198	2007	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis															5
2	999	143	2007	Skriðuklaustur	2		4		7	4,7	10,1		10,6		10,8		11,1		11,3
2	999	144	2007	Snorrastofa	6,6		6,6	1	5		5,7		5,9		5,9		10	6	6,1
2	999	145	2007	Eiríksstaðanefnd	0		0		30		20		0		0		0		
2	999	146	2007	Hestamiðstöð Íslands	0		0		5		5		5		5		5		
2	999	151	2007	Fornleifasjóður											5		5		5
2	999	693	2007	Snorrastofa	1		1		8		13		6		6				
2	999	690	2007	Ýmis stofnkostnaðarframlög													54,5		

Töflur 2–8. Yfirlit yfir greiðslur af fjárlagalið 02-969-6.21, byggðasöfn, framkvæmdastyrkir.

BYGGÐASÖFN	**1998**	
Fjárlagaliður 02-969-621002	**Fjárheimild samtals kr. 16.168.000**	
Fjárlög 15.000.000 + 1.168.000 geymt frá 1997		
Greiðslur		
Félag áhugam. um minjasafn, v. Síldarminjasafns á Siglufirði.		6.600.000
Safnahúsið á Húsavík.		4.000.000
Sjóminjasafn Austurlands.		2.000.000
Minjasafnið á Akureyri.		2.000.000
Samtals greitt .		**14.600.000**
Eftirstöðvar.		**1.568.000**

BYGGÐASÖFN	**1999**	
Fjárlagaliður 02-969-621002	**Fjárheimild samtals kr. 26.568.000**	
Fjárlög 25.000.000 + 1.568.000 geymt frá fyrra ári		
Greiðslur		
Félag áhugam. um minjasafn, v. Síldarminjasafns á Siglufirði.		3.400.000
Byggðasafn Skagfirðinga.		4.000.000
Samtals greitt .		**7.400.000**
Eftirstöðvar.		**19.168.000**

BYGGÐASÖFN 2000

Fjárlagaliður 02-969-621002 Fjárheimild samtals kr. 44.168.000
Fjárlög 25.000.000 + 19.168.000 geymt frá fyrra ári

Greiðslur	
Félag áhugam. um minjasafn, v. Síldarminjasafns á Siglufirði.	1.000.000
Byggðasafnið í Skógum.	12.000.000
Hríseyjarhreppur.	2.000.000
Sveitarfélagið Hornafjörður.	4.000.000
Héraðsnefnd Barðstrendinga.	3.000.000
Hákarla Jörundur.	1.000.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi.	2.750.000
Samtals greitt .	**25.750.000**
Eftirstöðvar.	**18.418.000**

BYGGÐASÖFN 2001

Fjárlagaliður 02-969-610002 Fjárheimild samtals kr. 43.418.000
Fjárlög kr. 25.000.000 + 18.418.000 frá fyrra ári.

Greiðslur	**Upphæð**
Safnahúsið á Húsavík.	11.794.000
Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti.	1.320.000
Safnahús Borgarfjarðar.	5.000.000
Byggðasafnið í Skógum.	10.000.000
Byggðasafn Akraness.	7.000.000
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.	6.000.000
Byggðasafn Árnesinga.	3.881.667
Hákarla Jörundur.	1.000.000
Samtals greitt	**45.995.667**
Eftirstöðvar	-2.577.667

BYGGÐASÖFN 2002

Fjárlagaliður 02-969-610002 Fjárheimild samtals kr. 17.422.000
Fjárlög kr. 20.000.000 - 2.578.000 frá fyrra ári.

Greiðslur	**Upphæð**
Safnahús Borgarfjarðar.	2.500.000
Byggðasafnið í Skógum.	4.000.000
Byggðasafn Akraness.	7.185.433
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.	5.200.616
Byggðasafn Árnesinga.	7.763.334
Héraðsnefnd Snæfellinga.	1.000.000
Samtals greitt	**27.649.383**
Eftirstöðvar	-10.227.383

BYGGÐASÖFN 2003

Fjárlagaliður 02-969-610002 Fjárheimild samtals kr. 14.773.000
Fjárlög kr. 25.000.000 - 10.227.000 frá fyrra ári.

Greiðslur	**Upphæð**
Safnahús Borgarfjarðar.	2.500.000
Flugminjasafnið á Akureyri.	4.000.000
Minjasafnið á Akureyri.	1.800.000
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.	1.795.333
Samtals greitt	**10.095.333**
Eftirstöðvar 31. des. 2003	4.677.667

Ógreitt loforð skv. máli MMR03010102

Þjóðminjasafnið v. lokaviðgerða og endurbóta á Nesstofu.	Til greiðslu 2003	4.100.000
Þjóðminjasafnið v. lokaviðgerða og endurbóta á Nesstofu.	Til greiðslu 2004	4.100.000
Þjóðminjasafnið v. lokaviðgerða og endurbóta á Nesstofu.	Til greiðslu 2005	4.100.000

BYGGÐASÖFN 2004	
Fjárlagaliður 02-969-621002 Fjárheimild samtals kr. 22.669.000	
Fjárlög kr. 20.000.000 + 4.678.000 frá fyrra ári.	
Greiðslur	**Upphæð**
Byggðasafn Skagfirðinga, uppsetning á minjageymslu.	890.000
Byggðasafn Vestfjarða, stofnkostnaðarsamningur, greiðsla 2004.	8.500.000
Loforð	
Þjóðminjasafnið v. lokaviðgerða og endurbóta á Nesstofu. Til greiðslu 2003	4.100.000
Þjóðminjasafnið v. lokaviðgerða og endurbóta á Nesstofu. Til greiðslu 2004	4.100.000
Þjóðminjasafnið v. lokaviðgerða og endurbóta á Nesstofu. Til greiðslu 2005	4.100.000
Byggðasafn Árnesinga, endurbygging bakhúss við Húsið á Eyrarbakka.	500.000
Byggðasafn Vestfjarða, stofnkostnaðarsamningur. Til greiðslu 2005	8.500.000
Samtals greitt og lofað 19. okt. 2004	**22.190.000**
Eftirstöðvar	479.000

Tafla 9. Styrkveitingar úr safnasjóði 2002.

Fjárlagaliður 02-918	**Heildarfjárveiting**		**58.000.000**
Umsýslukostnaður 3% af heildarfjárveitingu	Tillaga um heildarúthlutun		52.900.000
	Rekstur	**Verkefni**	**Samtals**
Árbæjarsafn	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	1.000.000	0	1.000.000
Listasafn Borgarness	0	200.000	200.000
Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	0	300.000	300.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.000.000	900.000	1.900.000
Bátasafn í Stykkishólmi	0	0	0
Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Vestfjarða	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Dalamanna	0	500.000	500.000
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, Reykjum	1.000.000	900.000	1.900.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	1.000.000	0	1.000.000
Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ	1.000.000	1.200.000	2.200.000
Síldarminjasafnið Siglufirði	1.000.000	1.200.000	2.200.000
Minjasafnið á Akureyri	1.000.000	1.200.000	2.200.000
Byggðasafn Suður-Þingeyinga	1.000.000	500.000	1.500.000
Safnahúsið á Húsavík – myndlistarsafn	0	200.000	200.000
Safnahúsið á Húsavík – náttúrugripasafn	0	200.000	200.000
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	0	500.000	500.000
Minjasafn Austurlands	1.000.000	600.000	1.600.000

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Sjóminjasafn Austurlands	1.000.000	300.000	1.300.000
Byggðasafn Austur-Skaftfellinga	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Skógum	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Vestmannaeyja	1.000.000	0	1.000.000
Byggðasafn Árnesinga	1.000.000	900.000	1.900.000
Sjóminjasafnið Eyrarbakka	0	400.000	400.000
Rjómabúið á Baugsstöðum	0	200.000	200.000
Byggðasafn Suðurnesja	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Garði	0	300.000	300.000
Samgöngusafnið á Ysta-Felli	0	500.000	500.000
Búvélasafnið á Hvanneyri	0	500.000	500.000
Flugsafnið á Akureyri	0	300.000	300.000
Fransmenn á Íslandi	0	300.000	300.000
Gerðasafn	0	800.000	800.000
Íslensk tónverkamiðstöð	0	0	0
Listasafn Reykjavíkur	0	1.200.000	1.200.000
Náttúrustofa Kópavogs	1.000.000	900.000	1.900.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0	150.000	150.000
Mývatnssafn	0	0	0
Náttúrugripasafnið á Akureyri	0	0	0
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.000.000	900.000	1.900.000
Listasfn ASÍ	0	500.000	500.000
Samtök um leikminjasafn	0	500.000	500.000
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	0	300.000	300.000
Sjávarsafn á Norðurtanga Ólafsvík	0	0	0
Listasafn Reykjanesbæjar	0	0	0
Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu	0	300.000	300.000
Listasafn Austur-Skaftafellssýslu	0	300.000	300.000
Steinaríki Íslands á Akranesi	0	150.000	150.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.000.000	500.000	1.500.000
Byggðasafnið á Dalvík	1.000.000	0	1.000.000
Náttúrugripasafn, Bolungarvík	0	300.000	300.000
Ósvör	0	150.000	150.000
Skáksambandið – skákminjasafn	0	150.000	150.000
Ljósmyndasafns Steingríms á netinu	0	150.000	150.000
Breiðdalsvík	0	300.000	300.000
Safnasafnið á Svalbarðseyri	0	800.000	800.000
Listasetrið Kirkjuhvoll	0	0	0
Bóka- og minjasafn Nönnu Guðm.	0	150.000	150.000
ICOM	0	300.000	300.000
Tækniminjasafnið Seyðisfirði	0	500.000	500.000
Farskólinn	0	300.000	300.000
	24.000.000	**28.900.000**	**51.001.900**

Rekstrarstyrkir. Safn/sérsafn með safnastarfsemi skv. 10. gr. safnalaga, þ.e. varðveislu, skráningu og miðlun.
Verkefnastyrkir. Samkvæmt umsókn og ákvæðum safnalaga almennt.

Tafla 10. Úthlutanir úr safnasjóði 2003.

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Starfsmaður og rekstur safnaráðs	6.400.000	0	
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	1.500.000	0	1.500.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.500.000	100.000	1.600.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Byggðasafn A-Skaftafellsýslu	1.500.000	100.000	1.600.000
Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu	0	150.000	150.000
Listasafn Austur-Skaftafellssýslu	0	150.000	150.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Árnesinga	1.500.000	100.000	1.600.000
Rjómabúið á Baugsstöðum	0	0	0
Sjóminjasafnið Eyrarbakka	0	150.000	150.000
Byggðasafn Árnesinga vegna náttúrusafns	0	150.000	150.000
Listasafn Árnesinga	1.500.000	0	1.500.000
Byggðasafn Borgfirðinga	1.500.000	0	1.500.000
Listasafn Borgarness	0	150.000	150.000
Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	0	150.000	150.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Suðurnesja – forvarsla	0	150.000	150.000
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000	100.000	1.600.000
Listasafn Ísafjarðar	0	150.000	150.000
Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga., Skógum	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Suður-Þingeyinga	1.500.000	100.000	1.600.000
Safnahúsið á Húsavík – náttúrugripasafn	0	150.000	150.000
Safnahúsið á Húsavík – myndlistarsafn	0	150.000	150.000
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	1.500.000	0	1.500.000
Byggðasafn Skagfirðinga	1.500.000	300.000	1.800.000
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn Vestmannaeyja	1.500.000	0	1.500.000
Safnahús Vestmannaeyja – Ljósmyndasafn Vestmannaeyja	0	150.000	150.000
Safnahús Vestmannaeyja – Listasafn Vestmannaeyja	0	150.000	150.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	1.500.000	0	1.500.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.500.000	0	1.500.000
Listasafnið á Akureyri	1.500.000	0	1.500.000
Listasafn Reykjavíkur	0	300.000	300.000
Listasafn ASÍ	0	0	0
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	0	0	0
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn	0	300.000	300.000
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.500.000	0	1.500.000
Minjasafnið á Akureyri	1.500.000	100.000	1.600.000
Minjasafn Austurlands	1.500.000	100.000	1.600.000
Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti	1.500.000	100.000	1.600.000
Nýlistasafnið	0	0	0
Samgöngusafnið á Ysta-Felli	1.500.000	0	1.500.000
Síldarminjasafnið Siglufirði	1.500.000	400.000	1.900.000
Sjóminjasafn Austurlands	1.500.000	0	1.500.000

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Tækniminjasafn Austurlands	1.500.000	0	1.500.000
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	0	150.000	150.000
Bóka- og minjasafn Nönnu Guðm.	0	150.000	150.000
Byggða- og sjóminjasafn Gerðahrepps	0	300.000	300.000
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.500.000	0	1.500.000
Fræðasetrið í Sandgerði	0	0	0
Grasagarður Reykjavíkur	0	250.000	250.000
Hlunnindasýning á Reykhólum	0	0	0
Húni II	0	0	0
Langabúð, Safn Ríkarðs Jónssonar	0	150.000	150.000
Langabúð, byggðasafn	0	0	0
Listasafn Reykjanesbæjar	0	0	0
Ljósmyndasafn Steingríms á netinu	0	0	0
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.500.000	0	1.500.000
Ósvör	0	0	0
Pakkhúsið í Ólafsvík	0	0	0
Safnasafnið á Svalbarðseyri	1.500.000	0	1.500.000
Sauðfjársetur á Ströndum	0	0	0
Snorrastofa	0	0	0
Leikminjasafn	0	300.000	300.000
Vesturfarasetrið á Hofsósi	0	0	0
Farskólinn – Félag íslenskra safna, til viðkomandi safns	0	300.000	300.000
Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild	0	0	0
ICOM – Íslandsdeild	0	300.000	300.000
Samstaf sjóminjasafna – Sjóminjar Íslands	0	300.000	300.000
Byggðasafn Dalamanna	0	0	0
Flugsafnið á Akureyri	0	0	0
Fransmenn á Íslandi	0	0	0
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0	0	0
Steinaríki Íslands á Akranesi	0	0	0
Náttúrugripasafn á Bolungarvík	0	0	0
Skáksambandið – Skákminjasafn	0	0	0
Byggðasafn í Breiðdalsvík	0	0	0
Saltfisksetur Grindavík	0	0	0
	49.900.001	**6.500.100**	**48.100.001**

Tafla 11. Styrkveitingar úr safnasjóði 2004.

Heiti stofnunar	Rekstrar-styrkur	Verkefna-styrkur	Samtals	Fjárlög 2004
Bonsaigarðurinn í Hellisgerði			0	
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	1.500.000		1.500.000	
Byggðasafn Dalamanna		250.000	250.000	
Byggðasafn Gerðahrepps			0	
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.500.000	300.000	1.800.000	
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	1.500.000	200.000	1.700.000	

Heiti stofnunar	Rekstrar-styrkur	Verkefna-styrkur	Samtals	Fjárlög 2004
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga í Skógum	1.500.000		1.500.000	7.000.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar (áður Suðurnesja)	1.500.000	300.000	1.800.000	
Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ	1.500.000	300.000	1.800.000	
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.500.000	200.000	1.700.000	7.000.000
Byggðasafn Snæfellsbæjar (Pakkhúsið)			0	
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000	100.000	1.600.000	12.000.000
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	1.500.000	200.000	1.700.000	
Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja		100.000	100.000	2.000.000
Flugsafnið á Akureyri	1.500.000		1.500.000	
Fransmenn á Íslandi			0	
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	1.500.000	200.000	1.700.000	4.500.000
Humar eða frægð			0	
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga	2.250.000	200.000	2.450.000	
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga, Náttúrusafn			0	
Húsið á Eyrarbakka – Rjómabúið á Baugsstöðum			0	
Húsið á Eyrarbakka – Sjóminjasafnið á Eyrarbakka		200.000	200.000	
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.500.000	300.000	1.800.000	7.000.000
ICOM, Íslandsdeild		300.000	300.000	
Iðnaðarsafnið á Akureyri		100.000	100.000	500.000
Íslenska vitafélagið, safn			0	
Kvennasögusafn Íslands (skjalasafn)			0	500.000
Leikminjasafn Íslands	1.500.000		1.500.000	4.000.000
Listasafn ASÍ		300.000	300.000	5.000.000
Listasafn Árnesinga	1.500.000	200.000	1.700.000	
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	750.000		750.000	1.000.000
Listasafn Reykjanesbæjar	1.500.000	200.000	1.700.000	
Listasafn Reykjavíkur		700.000	700.000	
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		700.000	700.000	7.000.000
Listasafnið á Akureyri			0	*
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	750.000		750.000	
María Júlía BA 36			0	2.000.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Byggðasafn A-Skaftafellssýslu	2.250.000	200.000	2.450.000	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Listasafn A-Skaftafellssýslu		400.000	400.000	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Náttúrugripasafn A-Skaftafellssýslu			0	7.000.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.500.000	100.000	1.600.000	1.000.000
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	750.000		750.000	
Minjasafnið á Akureyri	1.500.000	200.000	1.700.000	
Minjasafnið á Bustarfelli	750.000		750.000	
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.500.000	300.000	1.800.000	
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar			0	

Heiti stofnunar	Rekstrar-styrkur	Verkefna-styrkur	Samtals	Fjárlög 2004
Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað – Náttúru-gripasafn		400.000	400.000	
Náttúrustofa Vestfjarða – Náttúrugripasafn í Bolungarvík			0	
Nonnahús		200.000	200.000	1.000.000
Nýlistasafnið		2.500.000	2.500.000	5.000.000
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgfirðinga	1.500.000		1.500.000	
Safnahús Borgarfjarðar – Listasafn Borgarness			0	
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn	1.500.000	200.000	1.700.000	
Safnahús Vestmannaeyja – Listasafn Vestmannaeyja			0	
Safnahús Vestmannaeyja – Ljósmyndasafn			0	
Safnahúsið á Egilsstöðum – Ljósmyndasafn Austurl.			0	
Safnahúsið á Egilsstöðum – Minjasafn Austurlands	1.500.000	200.000	1.700.000	
Safnahúsið á Húsavík – Byggðasafn Suður-Þing.	2.250.000	200.000	2.450.000	
Safnahúsið á Húsavík – Myndlistarsafn		250.000	250.000	
Safnahúsið á Húsavík – Náttúrugripasafn		200.000	200.000	
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Listasafn Ísafjarðar			0	
Safnahúsið Eyrartúni – Ljósmyndasafn Ísafjarðar		100.000	100.000	
Safnasafnið á Svalbarðseyri	1.500.000		1.500.000	
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Íslenska stríðsárasafnið			0	3.000.000
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Sjóminjasafn Austurl.	1.500.000	200.000	1.700.000	
Safnasvæðið á Akranesi – Byggðasafn Akraness og nærsveita	1.500.000		1.500.000	3.000.000
Saltfisksetur Íslands í Grindavík			0	7.000.000
Samgönguminjasafnið Ystafelli	1.500.000		1.500.000	1.000.000
Samstarf sjóminjasafna – Sjóminjar Íslands		600.000	600.000	
Sauðfjársetur á Ströndum	1.500.000		1.500.000	1.000.000
Síldarminjasafnið á Siglufirði	1.500.000	200.000	1.700.000	14.000.000
Sjóminjasafnið í Reykjavík			0	5.000.000
Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík			0	7.000.000
Skákminjasafn Íslands			0	
Snjáfjallasetur – Byggðasögusýning			0	1.000.000
Sveinssafn		200.000	200.000	
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	1.500.000		1.500.000	2.200.000
Verslunarminjasafnið, Hvammstanga (Bardúsa)			0	
	51.750.000	**12.000.000**	**63.750.000**	**117.700.000**
		Rekstur skrifstofu safnaráðs:	**6.400.000**	
		Alls úr safnasjóði 2004:	**70.150.000**	
		Safnasjóður – fjárveiting 2004:	**66.000.000**	
		Inneign í safnasjóði frá fyrri árum:	**6.000.000**	

* Samningur við Akureyrarbæ.

322. Frumvarp til laga [295. mál]

um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

2. gr.

Landsvæði innan eftirgreindra marka og Þingvallavatn skulu vera sérstakt vatnsverndarsvæði, verndarsvæði Þingvallavatns: Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfljótsvatn (markapunktur jarðanna Kaldárhöfða og Efribrúar) þvert yfir vatnið í Sauðatanga, þaðan bein lína í hornpunkt jarðanna Úlfljótsvatns og Hlíðar efst í Baulugili (við Þrívörðuflatir). Þaðan ráða mörk þeirra jarða að hreppamörkum Grímsnes- og Grafningshrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss. Þaðan ráða hreppamörk í hápunkt Skeggja (markapunktur jarðanna Nesjavalla og Nesja) og þaðan bein lína í markapunkt við Sæluhúsatótt (á sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnessýslu). Þaðan ræður lína í eystri enda Mjóavatns og áfram í markapunkt jarðarinnar Skálabrekku við Hádegisholt. Síðan ráða mörk jarðanna Skálabrekku og Kárastaða í sýslumörk Árnessýslu og Kjósarsýslu. Sýslumörk ráða allt norður að hreppamörkum fyrrum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps á Langjökli. Þaðan ræður lína í hápunkt Hagafells og þaðan í hápunkt Hlöðufells. Þaðan ræður bein lína í eystri Hrútatind (norðan Miðdalsfjalls), síðan í hápunkt Ása og þaðan bein lína í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þaðan ræður bein lína í hornpunkt jarðarinnar Laugarvatns sunnan megin (á Markahrygg) og síðan ráða mörk þeirrar jarðar og hreppamörk fyrrum Laugardalshrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborgir. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfljótsvatn, sbr. kort í fylgiskjali með lögum þessum, sem sýnir mörk verndarsvæðis Þingvallavatns.

Um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eins og mörk hans eru ákveðin í lögum gilda ákvæði laga um þjóðgarðinn.

3. gr.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Í þessum reglum er heimilt að kveða á um að jarðrask, bygging mannvirkja, borun eftir vatni, taka jarðefna og vinnsla auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir séu háðar sérstöku leyfi umhverfisráðherra. Ráðherra er einnig heimilt að binda leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til verndunar samkvæmt lögum þessum.

Vatnsverndun á landinu skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Getur ráðherra þá ákveðið takmarkanir á nytjarétti innan verndarsvæðisins.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal birta í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Umhverfisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar, þar með talið um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Telji ráðherra að slík losun í Þingvallavatn samrýmist ekki verndun vatnsins getur hann bannað hana. Ákvarðanir þessar skal ráðherra taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanefnd að því er varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og iðnaðarráðuneytið.

Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði er óheimilt án leyfis umhverfisráðherra að stunda fiskrækt eða fiskeldi í eða við Þingvallavatn.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum sem renna í ríkissjóð, að lágmarki 50.000 kr. og að hámarki 100.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt.

6. gr.

Um verndarsvæði samkvæmt lögum þessum fer eftir 64., 69. og 77. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.


Hvítársíða
Þristapajökull
Reykholtsdalur
Flókadalur
Lundareykjadalur
Skorradalur
Skorradalsvatn
Kaldidalur
Langjökull
Fanntófell
Reyðarvatn
Þverfell
Litla-Björnsfell
Stóra-Björnsfell
Langafell
Hagafell
Hagavatn
Botnsheiði
Hvalfjörður
Hvalfell
Hvalvatn
Botnsdalur
Brynjudalur
Kvígindisfell
Hlöðufell
Lambahraun
Sandvatn
Kalfstindur
Sandfell
Högnhöfði
Skriða
Gatfell
Lágafell
Ármannsfell
Þingvallasáttmáli
Tindastaðir
Grímsnes- og Grafningsafrétt
Laugardalsafrétt
Myrkavatn
Kjölur
Bürfell
Hrútatindar
Miðfell
Bjarnarfell
Ásar
Fagradalsfjall
Brúará
Þjónustumiðstöð
Brúarskarðs
Hrafnabjörg
Þingvellir
Kárastaðir
Skálabrekka
Mjóavatn
Gjábakki
Armannsfell
Heiðarbær I/II
Mjóanes
Þingvallavatn
Miðfell
Nesjar
Mosfellsheiði
Reyðarbarmur
Laugarvatn
Laugarvatn
Apavatn
Þrasaborgir
Öxarárfoss
Öfusvatn
Hagavík
Villingavatn
Kaldárhöfði
Nesjavellir
Króki
Miðfjarðarvatn
Ljósafoss
Búrfell
Grafningur
Hengill
Svínahraun
Arnarbæli
Hellisheiði
Reykjafjall
Hveragerði
Selfoss
Ölfusá
VERNDARSVÆÐI ÞINGVALLAVATNS
Mörk verndarsvæðis Þingvallavatns
Sýslumörk
Sveitarfélaganmörk
Bær / bygging
Eyðibýli
100 m hæðarlínur
0 1 2 3 4 5 10 20 km

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við umræður um endurskoðun laga um friðun Þingvalla sem eru frá 1928 og stækkun þess landsvæðis var vakin athygli á nauðsyn þess að tryggja verndun vatnasviðs Þingvallavatns og vatnsins sjálfs, en vatnasvið þess er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi. Þar sem hér á landi hafa ekki enn verið sett almenn lög um verndun grunnvatns eða annars nytjavatns voru settar fram hugmyndir um að ný lög um friðun Þingvalla mundu einnig mæla fyrir um friðun eða verndun stærra svæðis en næsta nágrennis Þingvalla. Hér er hins vegar sú leið farin að kveða á um verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess í sérstökum lögum. Slík lagasetning, þar sem kveðið er sérstaklega á um vernd tiltekinna vatna, vatnasviða þeirra og lífríkis, er ekki einsdæmi hér á landi, sbr. t.d. lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði og fellur þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum. Frumvarpið var samið undir forsjá Þingvallanefndar og er með því og lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, leitast við að móta verndarstefnu á þessu svæði til frambúðar.

Frumvarp þetta var lagt fram á 130. löggjafarþingi en þá var jafnframt lagt fram af hálfu forsætisráðherra frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum og var síðarnefnda frumvarpið samþykkt á Alþingi, sbr. lög nr. 47/2004 eins og áður sagði. Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á liðnu þingi og er nú lagt fram að nýju að mestu efnislega óbreytt.

Rannsóknir vísindamanna á Þingvallasvæðinu og sérstaklega Þingvallavatni og lífríki þess hafa orðið til að beina sjónum manna að mikilvægi þess að friða og vernda þetta landsvæði. Auk náttúrunnar eru orku- og neysluvatnsauðlindir svæðisins mikilvægar fyrir þjóðina. Talið er að á Þingvalla- og Brúarársvæðinu ofan við Brúarfoss, sem alls er um 1.260 ferkílómetrar, sé um þriðjungur af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Þessi aðstaða auk hins sérstaka lífríkis Þingvallavatns hefur leitt til þess að talið hefur verið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að friða og vernda vatnasvið Þingvallavatns og vatnið sjálft. Þessi friðun kæmi til viðbótar friðun á því landi sem lagt er undir helgistað þjóðarinnar á Þingvöllum. Eins og áður sagði hafa almenn lög um vatnsvernd ekki verið sett hér á landi enn sem komið er en talið er brýnt að setja þegar lög sem tryggi verndun vatnasviðs Þingvallavatns. Við setningu almennra laga um vatnsvernd væri kostur á að fella þær lagareglur sem þetta frumvarp felur í sér inn í almenn lög um vatnsvernd.

Yfirlitsmynd af vatnasvæði Þingvallavatns sem sýnir mörk verndarsvæðis Þingvallavatns er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Þá er í fylgiskjali I með frumvarpinu birt greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar prófessors: Um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um tilgang laganna sem er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Er það í samræmi við þá verndarhagsmuni sem búa að baki frumvarpinu, þ.e. að tryggja fyrst og fremst verndun vatns og þá einkum grunnvatns.

Um 2. gr.

Sú friðun sem hinu svonefnda verndarsvæði er búin í frumvarpinu tekur mið af því markmiði að tryggja verndun vatns, einkum grunnvatns. Mörk vatnsverndarsvæðisins eru dregin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á rennsli grunnvatns í Þingvallavatn og með það í huga að tryggja einnig verndun Þingvallavatns í heild. Þessar rannsóknir sýna að grunnvatn

af svæðinu norðan Skjaldbreiðar milli hæstu tinda Þórisjökuls og Hlöðufells og inn á Langjökul hefur afrennsli í Þingvallavatn. Nær Þingvallavatni afmarkast aðrennslissvæðið að mestu af hæstu fjöllum og hryggjum milli þeirra. Sunnan Þingvallavatns liggur aðrennslissvæðið frá hæstu brúnum Hengilsins og tekur verndarsvæðið til þess.

Vatnsverndarsvæðið er afmarkað þannig að norðan Botnssúlna ráða sýslumörk, þ.e. mörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og mörk Árnessýslu og Mýrasýslu að hreppamörkum fyrrum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps á Langjökli. Að austan ráða beinar línur milli hæstu fjallatinda, þ.e. úr Langjökli er dregin bein lína í hápunkt Hagafells og þaðan milli hæstu punkta Hlöðufells, eystri Hrútatinds (norðan Miðdalsfjalls), Ása og í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns.

Innan vatnsverndarsvæðisins, eins og það er afmarkað í frumvarpinu, falla lönd jarðanna Mjóaness, Miðfells, Skálabrekku, Nesja, Villingavatns, Króks og Hagavíkur sem allar eru í einkaeign, svo og lönd jarðanna Nesjavalla og Ölfusvatns, og hluti af landi jarðarinnar Úlfljótsvatns, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, enn fremur lönd jarðanna Kaldárhöfða og Heiðarbæjar, en þær eru eign ríkisins og leigðar ábúendum. Þá tekur verndarsvæðið jafnframt til hluta af landi jarðarinnar Laugarvatns.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki hluti af vatnsverndarsvæðinu heldur heyrir sá hluti Þingvallavatns sem verður innan þjóðgarðsins undir valdsvið Þingvallanefndar. Í 4. gr. laga nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, er að finna sérstækt ákvæði um vatnsvernd innan þjóðgarðsins sem ætlað er að tryggja verndun vatns, þar á meðal Þingvallavatns, innan þjóðgarðsins og tryggir það að náð verði markmiðum þeirrar vatnsverndar sem felst í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það innan vatnsverndarsvæðisins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn. Í samræmi við það skal umhverfisráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið varðandi þau málefni sem undir það heyra setja nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Þannig getur hann í slíkum reglum ákveðið að jarðrask og bygging mannvirkja á verndarsvæðinu sé háð leyfi ráðherra, sem gætir verndunarsjónarmiða, auk þess sem fá þyrfti heföbundin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda, þ.m.t. leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Með sama hætti yrði óheimilt að reisa fjallaskála eða önnur mannvirki á verndarsvæðinu utan byggðarinnar nema með leyfi ráðherra en nokkuð hefur verið um að fjallaskálar hafi verið reistir á þessu svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um flutning og meðferð mengandi efna á verndarsvæðinu, olíu og leysiefna.

Rétt þykir að taka skýrt fram að ráðherra er heimilt að binda leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg vegna verndunarinnar, en þarna gæti t.d. verið um að ræða ákveðinn frágang mannvirkja til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá þeim.

Það land sem fellur undir verndarsvæðið er nú að stærstum hluta til nýtt sem upprekstrarland fyrir sauðfé úr Þingvallasveit, Grímsnesi, Grafningi og Laugardal auk þess sem innan svæðisins eru lönd einstakra jarða. Í greininni er tekið fram að friðun á verndarsvæðinu skuli ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft heföbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið takmarkanir á nytjarétti innan verndarsvæðisins.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt sérstaklega fyrir um verndun á lífríki Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikju og urriðastofna sem nú lifa í vatninu. Þingvallavatn er nú á náttúruminjaskrá samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, en sérstakar reglur hafa ekki verið settar á grundvelli þeirra laga til að tryggja frekari verndun vatnsins. Eins og lýst er í fyrsta kaflanum í fylgiskjali I með frumvarpinu er Þingvallavatn sérstakt m.a. fyrir þær sakir að það er talið eina þekkta vatnið í heiminum þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju. Urriðastofn sá sem þreifst til langs tíma í Þingvallavatni og Efra-Sogi var einnig sérstakur. Mikilvægt er talið að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að búsvæðum og hrygningarstöðvum þessara stofna verði ekki raskað. Í því efni og fyrir lífríki vatnsins að öðru leyti skiptir miklu að vatnshæð sé haldið stöðugri og höfð sé sérstök gát á því hvaða efni kunna að berast í vatnið með frárennsli og fráveitum. Því er lagt til að umhverfisráðherra verði fengnar valdheimildir, auk hinna almennu valdheimilda sem önnur stjórnvöld hafa, til að setja reglur um takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Þetta yrðu þá sérstakar og strangari reglur en almennt gilda um slík mál. Ákvarðanir um bann við losun í Þingvallavatn verður ráðherra að taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanefnd að því er varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og iðnaðarráðuneytið.

Vegna þeirrar sérstöku mengunar- og sjúkdómahættu sem stafar af fiskrækt og fiskeldi er lagt til að bannað verði að stunda slíka starfsemi í eða við Þingvallavatn nema með leyfi umhverfisráðherra. Með orðunum „við Þingvallavatn“ er miðað við að slík starfsemi taki vatn, hafi frárennsli eða hafi önnur líffræðileg tengsl við Þingvallavatn.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lagt er til að farið skuli eftir ákvæðum 64., 69. og 77. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, um verndarsvæði samkvæmt frumvarpinu. Tilgreind ákvæði laganna mæla fyrir um hvaða reglur skuli gilda við sölu jarðar sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá, heimild umhverfisráðherra til að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi og um bótareglur af þeim sökum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Dr. Pétur M. Jónasson:

Um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

1. Inngangur.

Hlutverk þessarar greinargerðar er að lýsa Þingvallasvæðinu stuttlega, telja fram ástæður fyrir nauðsyn vatnsverndar og hættum á mengun bæði á Þingvallavatni og um leið á framtíðarvatnsbóli þjóðarinnar. Grunnvatnslindin er sú stærsta í byggð á Íslandi og hún á í framtíðinni að sjá meginhluta þjóðarinnar sem býr á Suðvesturlandi frá Árborg að Hvalfirði fyrir

ómenguðu neysluvatni. Fólksfjöldi á þessu svæði var árið 2002 alls 205.000 manns eða rúmlega 70% þjóðarinnar. Fjölgun hennar er mest hér, eða 90%, alls 30.000 manns á undanförnum 10 árum.

2. Lýsing á Þingvallavatni og vatnasviði.

Arfur þjóðarinnar.

Þingvellir eru friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Á Þingvöllum var stofnað árið 930 elsta löggjafarþing á Vesturlöndum og síðan þá hafa Þingvellir verið samofnir sögu þjóðarinnar. Þingvellir eru jafnframt frá náttúrufræðilegu sjónarmiði meðal merkustu staða landsins og á kristnitökuþinginu árið 1000 kvað Snorri goði upp fyrsta jarðfræðilega úrskurð sem skráður er á Íslandi. „Um hvað reiddust goðin, þá er hér brann hraunið, er nú stöndum vér á?“ Af brún Almannagjár má sjá flestar þær gerðir eldstöðva sem finnast hér á landi, einnig jarðhitasvæðið á Nesjavöllum, og sé nánar að gáð ýmsar menjar um áhrif ísaldarjökulsins á mótun landsins. En frægastir eru Þingvellir þó vegna sigdældarinnar og sprungnanna sem eru hluti af alheimssprungukerfinu. Hér koma saman á einum stað þau margvíslegu náttúrufyrirbæri sem örfáir staðir aðrir á jörðinni geta státað af og bera þögul vitni þeim frumöflum sem skópu Ísland í upphafi, en þau eru sprungukerfið, jarðeldar, móbergsfjöll, hraunbreiður og jökulrof.

Mið-Atlantshafshryggurinn liggur um Þingvallasvæðið og Þingvallasigdældin er líkust því sem menn finna á neðansjávarhryggjum. Þar geta menn því gengið á tindi Atlantshafshryggjarins og skoðað myndanir sem í rauninni eiga heima á botni Atlantshafsins. Þingvallasvæðið er því furðuverk á landi. Á Þingvöllum birtist fjölskrúðugur sköpunarmáttur jarðarinnar þar sem andstæðurnar mætast. Á Þingvöllum sjáum við hvar Ameríkuflekinn hefst við Almannagjá og Evrasíuflekinn austan Hrafnagjár. Á Þingvöllum mætast austur og vestur ekki einungis jarðfræðilega heldur einnig í jurta- og dýraríkinu. Gliðnun meginlandanna skapar ný búsvæði fyrir jurtir og dýr. Þetta má sjá í Þingvallavatni. Það er stærsta veiðivatn landsins og á 10.000 ára ferli þess hafa þróast þar fjórar gerðir af bleikju. Það er einsdæmi á jarðríki.

Þingvallavatn er ein af gersemum Íslands, glitrandi af fegurð. Heiðblátt, djúpt, kalt og tært vatnið kemur alla leið úr Langjökli en við barm þess getur að líta eitt gjöfulasta hverasvæði Íslands. Eldfjöll fjallahringsins birtast í öllum regnbogans litum og endurspeglast í vatninu og auka á unað þess og töfra. Vatnið er miðdepill landslagsins og skapar úr því heild. Blá-skógar með ilm birkiskógarins og litahaf botngróðursins með blágresi, engjarós, undafíflum og maríustökkum, bláberja-, beiti- og krækiberjalyngi, víðikjarri, fjalldrapa og skófum í öllum regnbogans litum ásamt víðáttumiklum sléttum grámosans, sem sífellt breyta um lit, skapar litasinfóníu sem á fáar sér líkar — að ógleymdu litskrúði haustsins þar sem eldrautt bláberjalyngið og heiðgulur víðirinn teygja sig upp fjallshlíðarnar og gefa fjöllunum nýjan svip. Það er því ekki að furða þótt þessi heimur hafi seitt til sín flesta íslenska listmálara til að túlka töfralitina á léreft.

Fáar þjóðir, ef nokkur, þekkja upphaf sögu sinnar betur en Íslendingar. Fáar þjóðir eiga einstæðari eða fegurri ramma um sögu sína þar sem sköpun Íslands er að verki á Þingvöllum.

Vatnasvið Þingvallavatns býr yfir miklu meiri þjóðarauðlind en flesta hefur órað fyrir. Fyrsta stóra átak þjóðarinnar í orkumálum var að reisa rafstöðvar við Sog. Eitt stærsta háhitasvæði Íslands er Hengilssvæðið sem liggur á barmi Þingvallavatns og fær vatn alla leið úr Langjökli. Vatnasvið Þingvallavatns hefur að geyma um 25% af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Í heimi, sem þjáist af vatnsleysi, er þetta ómetanleg þjóðarauðlind. Það er aðeins spurning um tíma hvenær hún verður nýtt.

3. Vatnasvið Þingvallavatns. — Undraheimur í mótun.

Þingvallasvæðið er eitt af furðulegustu og sérkennilegustu vatnasvæðum heims. Á hátindi Atlantshafshryggjarins, þar sem meginlönd Evrópu og Ameríku klofna sundur, myndast sigdæld og flekana rekur hvorn í sína átt: Evrópu í austur en Ameríku í vestur.

Þingvallasvæðið er hluti af gosbelti Atlantshafshryggjar, en hann nær norðan úr Íshafi suður fyrir Afríku þar sem hann beygir í austur. Eina eyjan sem stendur á hátindi hans er Ísland. Sú grein hans sem Þingvallasvæðið er hluti af nær frá Reykjanesi í Langjökul og er 130 km á lengd. Vatnasvið Þingvallavatns er um 75 km að lengd, allt að 25 km að breidd en mjókkar nokkuð til endanna. Flatarmálið er um 1.300 km^2. Þingvallavatn fyllir syðsta hluta sigdældarinnar og yfirborð þess er 100 m yfir sjávarmáli.

Vatnið sjálft er 84 km^2 að flatarmáli og því $^1/_{15}$ af vatnasviðinu. Hæstu fjöll í sigdældinni eru Þóris- og Geitlandsjökull (1.350 og 1.400 m y.s.) en lægst liggur Sandeyjardjúp 14 m fyrir neðan sjávarmál. Hæðarmismunur er því alls um 1.400 m. Vatnasviðið fylgir hæðarlínum á yfirborði en mörk vatnasviðs grunnvatnsins eru nokkuð frábrugðin, einkum að austan og norðan. Hinn velþekkti fjallahringur afmarkar þó vatnasviðið í megindráttum. Langjökull er að norðan og Henglafjöll (805 m) að sunnan. Vesturkanturinn markast af Mosfellsheiði (410 m), Búrfelli (782 m), Súlum (1.095 m), Kvígindisfelli (786 m) og þaðan í Þóris- og Geitlandsjökul. Að austan liggja vatnaskilin um Lyngdalsheiði (404 m), Laugarvatnsfjall (612 m) og Hlöðufell (1.188 m) norður í Langjökul.

Elstur er vestur- og austurjaðar sigdældarinnar, þ.e. berglögin sem ganga undir Súlur, Búrfell og Kvígindisfell og dyngjur Mosfells- og Lyngdalsheiðar (1 milljón ára).

Frægasta náttúrufyrirbæri Þingvalla er sigdældin sem sýnir 40 m sig í Almannagjá og Hrafnagjá og 300 m í Hestvík. Enn meira er sigið í Súlnabergi eða 400 m en það er á ytri mörkum dældarinnar eins og Drift í Lyngdalsheiði. Þingvallavatn, sem er um 10.000 ára gamalt, tengir saman hinar ólíku jarðmyndanir og gerir úr svæðinu tignarlega heild. Sigdældin einkennist af mikilli gosvirkni á síðustu ísöld og á nútíma. Þekktir stapar eru Ármannsfell, Hrafnabjörg, Skriða, Hlöðufell og Laugarvatnsfjall er hafa myndast við gos undir jökli sem ekki var þykkari en svo að ofan á kolli þeirra rann hraun. Miðfell og Búrfell eru hins vegar dæmi um gos sem ekki náðu upp úr jöklinum og mynduðu því móbergshrúgald án hraunkolls. Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindur eru móbergshryggir sem mynduðust við sprungugos undir jökli og eru allt að 30 km að lengd. Þeir eru sérkenni Íslands.

Þingvallasigdældin er afleiðing samfelldrar gliðnunar jarðskorpunnar um sprungubeltið. Landið sígur innan hennar en móberg og ný hraun hlaðast í hana og jafna upp sigið að nokkru. Áætlað er að við Almannagjá hafi sigið á sl. 10.000 árum numið samtals um 40 m og að gliðnunin hafi verið um 70 m á sama tímabili milli Almannagjár og Heiðargjár. Það þýðir að sigið er um 4 mm á ári en gliðnunin tæplega 7 mm. Sigið verður í lotum sem hraðsig eins og í sambandi við Suðurlandsskjálftana 1789. Þá seig landið í hliðum dældarinnar í Vatnsviki og frá Lambhaga að Almannagjá 1,20 og 1,40 m hvorumegin. Í sigdældinni miðri í Vatnskoti var sigið tvöfalt meira eða 2,80 m. Afleiðingin varð sú að reiðvegurinn vestur með vatninu fór undir vatn og varð ónothæfur. Þá fór og nokkur hluti túna í Vatnskoti og á Þingvöllum undir vatn. Þetta átti sinn þátt í því að Alþingi var lagt niður 1798 og flutt til Reykjavíkur.

Nýtt hraðsig varð á tímabilinu 1973–1977 þegar Almannagjárgeirinn seig um 9 sm. Tún Þingvallakirkju, sem áður var samfelld heild, er nú orðið að hólmum næst vatninu.

Skjaldbreiður er sígilt dæmi um eldfjall af dyngjugerð. Hin stærstu þeirra, eins og Skjaldbreiður og Trölladyngja, eru meðal mestu hraunmyndana sem verða til í einu gosi, um 17 km^3 að rúmmáli eða sexfalt rúmmál Þingvallavatns og yfir 200 km^2 að flatarmáli.

Yngri gosmyndanir eru Eldborgir í Þjófahrauni sem mynduðu mikil hraun sem runnu á milli Tindaskaga og Hrafnabjarga yfir Skjaldbreiðarhraun að Mjóafelli. Suður af Hrafnabjörgum eru 13 eldborgir sem úr rann mikið hraunflóð yfir suðurhluta dældarinnar allt suður að Dráttarhlíð að austan og Heiðarbæ að vestan. Hraunflóð þetta nær norður á móts við Mjóafell og þekur alls um 200 km^2. Hraunbrúnin þvert yfir vatnið sést gerla á dýptarkortum. Við Miðfell er hraunflóðið um 100 m á þykkt og liggur þar ofan á Lyngdalsheiðarhrauninu. Hraunið olli því að vatnsborð Þingvallavatns stóð um tíma 10 m hærra en það er nú.

Sogið gróf hins vegar farveg í gegnum hraunið við Sogshorn og vatnið lækkaði í núverandi hæð, 100,5 m y.s. Gróðurleifar hafa fundist undir hrauninu við Sogshorn og voru þær aldursgreindar með geislakolsaðferð sem sýndi að hraunið er um 10.000 ára gamalt. Þetta var fyrsta greining sinnar tegundar á Íslandi og hefur hún nýlega verið endurtekin með sama árangri. Rétt mun áætlað að hraun þeki yfir um tæpan helming vatnasviðsins. Þá eru meðtalin Hagavíkur- og Nesjahraun sem liggja saman sunnan vatnsins.

4. Myndun Þingvallavatns.

Við ísaldarlokin fyrir um 12.000 árum lá jökultunga fram Þingvallalægðina niður á móts við suðurenda Úlfljótsvatns. Fyrsti vísirinn að Þingvallavatni var jökullón sem stóð uppi milli jökuls og hlíða í um 165 m hæð yfir sjó eða 65 m ofan við núverandi yfirborð vatnsins. Þá mynduðust hinir efstu hjallar í Grafningi og jökulgarðar sem þeim tengjast.

Við suðausturhorn Þingvallavatns má sjá þrjú þrep malarhjalla til marks um hærri stöðu vatnsins í ísaldarlok. Hið efsta þeirra er í um 65 m hæð yfir núverandi vatnsborði, miðþrepið um 35 m ofar og neðsta þrepið 10 m ofar. Tvo efri hjallana má tengja ísaldarlokum fyrir um 11–12.000 árum með jökulruðningi sem sýnir að Þingvallalægðin var að mestu fyllt jökli en jökullón voru við suðurenda hans. Hjallinn í 110 m hæð myndaðist hins vegar allt í kringum vatnið og áður en Sogið gróf farveg sinn gegnum hraunhaftið áðurnefnda. Ölduþrepið í Dráttarhlíð er frá sama tíma.

Þegar ísöld tók að slota fyrir 11.000 árum var Skjaldbreiður enn ekki til og auravötn frá hinum hopandi jökli í norðaustri runnu í Þingvallalægðina. Þegar Skjaldbreiður svo myndaðist fyrir um 10.000 árum tók fyrir streymi jökulvatna niður í Þingvallalægðina og vatnið varð tært. Safnsvæði Þingvallavatns hefur síðan verið Þingvallalægðin sjálf. Skjaldbreiðarhraunin ná einungis suður á móts við Mjóafell. Hraun úr Eldborgum sunnan Hrafnabjarga mynda hins vegar alla norður- og austurströnd vatnsins eins og áður sagði.

Sandey er yngsta gosmyndun svæðisins, um 2.000 ára gömul. Hún liggur á sprungu sem líkast til er hin sama og myndaði Nesjahraun norðaustan í Hengli. Öskulag frá Sandey hefur fundist í jarðvegi austan við vatnið allt austur fyrir Lyngdalsheiði. Sandeyjargosið var síðasta eldvirknin á þessum slóðum.

Í Sturlungu er greint frá því að fornmenn hafi breytt farvegi Öxarár og veitt henni niður í Almannagjá. Engin ástæða er til að efa það en áin hefur á 10.000 ára ferli sínum myndað marga farvegi milli Almannagjár og Skálabrekku. Vellirnir svokölluðu eru einnig myndaðir af Öxará sem þá hefur runnið í farvegi nokkru norðan við núverandi farveg.

5. Lífríki Þingvallavatns og tengsl þess við vatnasviðið.

Þingvallavatn er forsvið Þingvalla.

Þingvallavatn og vatnasvið þess eru efalítið ein dýrmætasta gersemi íslenskrar náttúru. Flestir halda að Þingvallavatn sé mjög ófrjótt, eins og eyðimörk, vegna þess hve djúpt það er og kalt og umlukt lítt grónum hraunum. En því fer fjarri að svo sé. Umhverfið og vistkerfi vatnsins vinna vel saman en á mjög sérstæðan hátt. Úrkoma er mikil á svæðinu og 90% af

aðrennsli Þingvallavatns renna langar leiðir neðanjarðar eftir sprungum að vatninu að norðanverðu en vatnsmesta bergvatnsá landsins rennur úr því, að mestu leyti um jarðgöng niður í Steingrímsvirkjun. Það vatn, sem rennur í vatnið norðan úr Langjökli, er um 600 ár á leiðinni og rigningin, sem fellur á hraunin ofan vatnsins, skilar sér 2–4 mánuðum síðar í Þingvallavatn. Uppleyst efni verða því meiri í þessu vatni en ætla skyldi og það eykur alla möguleika til gróðurs. „Frjó eru vötn, sem renna undan hraunum“, segir fornt orðtak.

Grunnvatnsrannsóknir sýna enn fremur að hið heita vatn Hengilsins er af sama uppruna. Það virðist fara mjög djúpt undir sprungukerfum vatnsbotnsins, en þau hafa líka verið könnuð.

Gróður er mikill í vatninu og er ⅓ hluti botnsins þakinn gróðri. Enda þótt vatnið sé kalt er magn þörunga mikið. Lággróður er nokkuð mikill úti á 10 m dýpi en tjarnarnálin (hágróður) verður mjög há á 10–30 m dýpi og myndar stór gróðurbelti í vatninu sem hefur mikla þýðingu fyrir allt dýralíf, ekki síst sílableikjuna. Alls hafa fundist um 150 tegundir jurta á botni og sýnir það nokkuð fjölbreytni gróðursins. Um 50 tegundir dýra beita sér á þennan gróður, allt frá fjöruborði og út á mikið dýpi. Fæstum mun ljóst að allt að 100.000 dýr lifa á hverjum fermetra í fjöruborðinu en á 114 m dýpi lifa enn 5.000. Dýr þessi mynda fæðu hinnar alþekktu og ljúffengu kuðungableikju sem veiðist í Þingvallavatni. Mikilvæg fæða bleikjunnar er vatnabobbinn, en hann er þýðingarmikill hlekkur í fæðukeðju botnsins.

Lífrannsóknir sýna að tengslin milli umhverfis vatnsins og lífríkis þess eru mjög mikilvæg fyrir jurtir og dýr þar eð fjölbreyttar botnmyndanir skapa fjölda búsvæða. Hraun af mismunandi aldri og gerð skapa óvenjumikla fjölbreytni í búsvæðum vatnsins ásamt gliðnun jarðskorpunnar sem skapar fylgsni fyrir fiska á milli steina og í gjám og gjótum. Einkum má nefna sérkennilegar hraunmyndanir eins og við Vellankötlu og aðrar líkar myndanir austan vatnsins og það lífríki sem tengist þeim. Þar má sérstaklega taka fram hin sérkennilegu tengsl botnafbrigða bleikjunnar við kaldavermsl vatnsins, en þau hrygna um hásumarið. Það er andstætt hrygningu silunga að hausti sem venja er til við hærra hitastig.

Hin nánu tengsl á milli vistfræði vatnsins og jarðfræði umhverfisins skapa vatninu algjöra sérstöðu meðal vatna heimsins. Fara þarf alla leið til Austur-Afríku til að finna hliðstæð vötn sem myndast í sprungum, en það eru hin frægu vötn Tanganyika, Nyasa og Eþíópíuvötnin og í framhaldi þeirra Dauðahafið og hið fræga Genesaretvatn.

Við Þingvallavatn mætast gróður og dýralíf tveggja heimsálfa – austurs og vesturs – og vatnið er vettvangur þróunar nýrra tegunda. Engan hafði órað fyrir því að fjórar bleikjugerðir hefðu þróast á 10.000 ára ferli vatnsins. Það er veraldarundur. Og fyrir nokkrum árum átti sér stað heimsviðburður á sviði náttúrufræði. Í Þingvallavatni fannst áður óþekkt marfló sem líklega hefur lifað þar af ísaldir, í hellum í berginu undir ísnum, hugsanlega í 10 milljón ár. Þetta er að öllum líkindum elsta vatnadýr landsins og eina helladýr Norður-Evrópu. Samfelld saga lífs á svæðinu spannar því milljónir ára. Þingvallavatn er nú að nokkru á heimsminjaskrá UNESCO, ásamt Malawivatni í Austur-Afríku sem er á sama gliðnunarbelti og Þingvallavatn, ásamt Bækalvatni í Síberíu, vegna lífríkis síns: 4 gerðir silungsafbrigða.

6. Fiskurinn og vistkerfið. — Fiskurinn og Sogið.

Í Þingvallavatni eru þrjár tegundir fiska: bleikja, urriði og hornsíli.

Í líffræðilegu tilliti hefur vatnið alþjóðlegt gildi þar eð Þingvallavatn er eina þekkta vatnið í heimi þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju (Salvelinus alpinus). Bleikjuafbrigðin má greina í sundur á útliti, fæðu og lifnaðarháttum. Murta lifir á dýrasvifi og skordýrapúpum og ránbleikja lifir á fiski, einkum á hornsíli og bleikjuungviði. Nefnist hún sílableikja. Bæði afbrigðin eru jafnmynnt, straumlínulaga og frekar ljós á lit. Þetta er aðlögun til að eltast við

hreyfanlega fæðu sína í sjálfum vatnsbolnum. Murta er lítil, verður aðeins 20–22 sm á lengd og hún verður kynþroska 4–5 ára gömul. Sílableikja er murta sem 23 sm löng gerist fiskæta og stækkar þess vegna í 30–40 sm. Hún verður kynþroska 6 ára gömul. Í leit að hornsílum ferðast hún í hinum miklu gróðurbreiðum tjarnarnálarinnar meðfram strandlengjunni á 10–30 m dýpi.

Botnafbrigðin lifa á botndýrum strandgrunnsins og skiptast í dverg- og kuðungableikju. Dvergbleikjan verður aðeins 13 sm á lengd og kynþroska 2–4 ára. Kuðungableikjan verður stór og mjög fagur fiskur 55–60 sm á lengd en kynþroska verður hún fyrst 8 ára gömul. Bæði afbrigðin eru undirmynnt og því er auðvelt fyrir þau að taka fæðu af botninum. Dvergbleikjan lifir góðu lífi í klettasprungum og grjóti á botni. Hér er fæða ríkuleg og hér er hún örugg í fylgsni sínu gegn ránfiskum. Dvergbleikjan má ekki verða of stór til að geta nýtt fylgsni sín og hún er fullkomlega aðlöguð mjög sérstæðu umhverfi. Bæði afbrigðin lifa á sömu fæðu, aðallega á sniglum, sem lifa í breiðum á klettum og grjóti því að þar grær fæða þeirra, þörungarnir, en einnig á rykmýslirfum.

Auk bleikjunnar þreifst til langs tíma víðfrægur urriði (Salmo trutta) í Þingvallavatni. Stærsti og frægasti stofninn tengdist Efra-Sogi þar sem hið tilkomumikla afrennsli Þingvallavatns lá áður fyrr niður í Úlfljótsvatn. Marga aðra stofna urriða var að finna víðar í vatninu, bæði við uppspretturnar sem streymdu um gjár og sprungur í vatnið, en einnig við læki og ár sem falla í vatnið. Stórurriðinn var aðalfiskæta Þingvallavatns og beitti hann sér aðallega á murtuna. Dýralífið í Efra-Sogi var einstakt því að það skapaði fullkomna nýtingu á því lífræna efni sem barst með straumnum ofan úr Þingvallavatni. Urriðaseiði og smáurriði höfðu aðsetur milli steina í sjálfu Soginu og í iðunni ofan Sogs þar sem þau veiddu lífrænt „rek" úr vatninu með því að liggja kyrr og grípa eða sía átu úr straumvatninu án þess að nota orku. Sú sía, sem tálknin mynda, síaði stærstu fæðuagnirnar frá og hafa það aðallega verið krabbadýrin úr svifinu ásamt bitmýslirfum sem voru aðalfæðan.

Bitmýslirfur nærast á þann hátt að spenna út tvo háfa á hausnum þar sem möskvastærðin er $^1/_{1000}$ úr millimetra. Bitmýið veiddi því allar minnstu fæðuagnirnar allt niður í bakteríustærð en urriðinn veiddi stóru agnirnar, eins og krabbadýr, í síur sínar á tálknunum sem eru um 1 mm eða þúsund sinnum grófari en hjá bitmýi.

Urriðinn í Efra-Sogi náði fáheyrðri stærð og veiðibækur staðfesta að urriðar milli 20 og 30 pund hafi verið tíðir í veiðinni. Í bókinni Urriðadans eftir Össur Skarphéðinsson er sýnt fram á það með sterkum rökum að hvergi í heiminum hafi verið stórvaxnari urriði en í Þingvallavatni, og einnig að ekkert vatn hafi státað af jafngóðri urriðaveiði og fékkst á haustin við Efra-Sog. Skýringar vísindamanna á hinni miklu urriðaveiði eru einkum þær að í og við Efra-Sog hafi verið hin ákjósanlegustu skilyrði fyrir hrygningu og uppvöxt á öllum stærðum urriðaseiða og er sérstaklega vísað til botngerðarinnar með breytilegum grófleika malar, mikils og stríðs straums, sem þó var mismunandi vegna fjölbreytileika í stærð botngrjótsins, og síðast en ekki síst gífurlegrar mergðar af bitmýi (Simulium vittatum) sem urriðinn er þekktur fyrir að sækja í. Straumvatn er forsenda fyrir þroska bæði urriðahrogna og bitmýs.

Árið 1959 var hið náttúrulega útfall Þingvallavatns milli Kaldárhöfða og Dráttarhlíðar þvergirt með miðlunarstíflu og virkjunin í Steingrímsstöð tekin í notkun. Með þessum aðgerðum þurrkaðist árfarvegurinn í Efra-Soginu nánast alveg upp, bitmýið hvarf og urriðinn var sviptur helstu hrygningarstöðvum sínum. Breytingar á vatnsborðinu í kjölfar virkjunarinnar höfðu líka afgerandi áhrif á viðgang annarra urriðastofna í vatninu sem hafa ekki borið barr sitt síðan.

Þjóðhátíðardaginn 1959 urðu enn kaflaskil: Þann dag brast varnargarður fyrir framan inntaksgöngin í Steingrímsstöð og vatnsflaumur með tíföldu magni Sogsins æddi niður í gegnum

göngin og út í Úlfljótsvatn. Við þetta rask hurfu líklega síðustu leifar af riðastöðvum urriðans við útfallið sem hefðu getað haldið uppi einhverjum hluta urriðastofnsins við mynni Efra-Sogsins.

Það leikur enginn vafi á því að með virkjun Steingrímsstöðvar og stíflun Efra-Sogs eyðilagðist mikilfenglegt og merkilegt vistkerfi í og við hið náttúrulega útfall milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Erfðafræðirannsóknir benda til þess að urriðinn í Þingvallavatni sé af svokölluðu „fyrsta landnámi" en slíkir stofnar eru á fallandi fæti og fáir eftir í Evrópu. Það eitt er talið ærin ástæða til að viðhalda urriðanum. Jafnframt hafa vísindamenn bent á að vistkerfi Sogsins, að urriðanum meðtöldum, hafi átt sinn þátt í árþúsunda þróun hinna sérstæðu bleikjuafbrigða í Þingvallavatni, fjarri íhlutun mannsins. Stíflun Sogsins raskaði þessu náttúrulega ferli. Líklegt er að urriðinn, sem er mikil fiskiæta, hafi virkað sem hemill á stóra murtuárganga og dregið úr mikilli fjölgun smárra fiska og þannig úr sveiflum í stofnstærð og vaxtarhraða. Þetta samspil tegundanna er reyndar tilgáta sem virðist þó mjög sennileg og fær stuðning af aflaskýrslum sem sýna mjög reglulegar sveiflur á tímabilinu 1896 til 1946 en mjög stórar og óreglulegar sveiflur eftir að Soginu var lokað 1959 og til 1988. Síðasta sveifla hefur varað mjög langan tíma eða þar til haustið 1993 þegar murtuveiði hófst að nýju, en á mjög lítilli murtu, aðeins 16 sm (sjá mynd 1).



Mynd 1. Veiðisveiflur í Þingvallavatni 1898–1988. Reiknað eftir vigt.

7. Hreyfingar á vatnsborði og lífríkið.

Strendur vatnsins eru óvenjufjölskrúðugar, myndaðar af hraunstraumum af ólíkum uppruna, útliti og aldri, frá 2.000 til 150.000 ára gömlum. Útbreiðsla þeirra í vatninu er þekkt frá dýptarkortum.

Hinar mörgu gerðir af strandlengjum skapa fjölda búsvæða fyrir dýr og jurtir. Þær eru undirstaða að auðugu botndýralífi og mikilli veiði.

Þegar stöðuvötn eru virkjuð breytast eðlishættir þeirra og lífríki. Leyfðar vatnsborðsbreytingar í Þingvallavatni við virkjun Steingrímsstöðvar voru 1 m. Fyrsta áratuginn eftir virkjun

Þingvallavatns voru þessar leyfilegu vatnsborðsbreytingar nýttar til fulls í þágu raforkukerfisins en síðustu tvo áratugi hafa vatnsborðsbreytingar minnkað. Síðasta áratuginn eru sveiflur á vatnsborði innan við hálfan metra, og undanfarin tvö ár hefur sveiflu vatnsborðsins verið haldið innan við 20 sm eins og fyrr segir.

Meðan vatnsborð var hreyft ört, oft 10 sm á dag svo að dögum skipti, olli það myndun bárugarða sem mynduðust í mismunandi hæð og jurta- og dýralíf gjöreyðilagðist við örar hreyfingar. Afleiðingin var að veiði á kuðungableikju hrapaði mjög. Samvinna líffræðinga og Landsvirkjunar hefur jafnað mjög sveiflur á vatnsborði síðan 1980 og er árangurinn kominn fram í aukinni veiði og feitari fiski. Þetta sýnir hve aðlögunartími lífríkisins er langur á okkar breiddargráðu, þ.e. litlar sveiflur á vatnsborði halda lífi í þörungunum sem kuðungar beita sér á. Hinn upprunalegi fæðuhlekkur endurskapast og veiði kemst í fyrra horf.

8. Veiðibúskapur Þingvallavatns 1706–1993.

Saga veiði við Þingvallavatn nær yfir 300 ára tímabil. Á árunum 1706–1711 var veitt frá 13 bæjum aðallega að vetri til með krókum, hoppungi og dorgi gegnum ís. Vaðmálsnet þekktust en voru aðeins notuð á tveimur bæjum þar eð bátar voru ekki til á vatninu. Sr. Jón Þorkelsson hefur lýst breytingum sem urðu á Þingvallavatni við jarðskjálftana og landsigið 1789. Sum net hans lágu á þurru landi en eftir öðrum þeirra þurfti að vaða. Á síðustu öld keyptu bændur báta á vatnið og net urðu algeng. Hampnet voru notuð í Mjóanesi upp úr 1850 og Feddersen (1885) skrifar að sr. Jens Pálsson hafi látið honum í té net við rannsóknir hans 1884. Murtuveiði hófst um leið og hampnet urðu algeng. Veiðin jókst stórum og hafði mikla þýðingu fyrir bændur. Murta þótti ljúffeng og var seld sem ódýr soðning um Suðurland og Borgarfjarðardali. Kuðungableikja (botnbleikja) og sílableikja ásamt urriða voru seld sem lostæti til Reykjavíkur.

Á tímabilinu 1896–1902 var veitt frá 17 bæjum (Bjarni Sæmundsson 1897–1904). Árið 1930 var enn veitt frá 17 bæjum en 1990 var talan komin niður í sex og mun nú vera veitt á aðeins þremur bæjum. Net úr hörtvinna voru notuð fram til 1920 en síðar úr bómull, næloni og girni. Öll net voru hnýtt á bæjum þar til nælon- og girnisnet komu til sögunnar.

Veiðin hófst ávallt með írekstrarveiði á vorin. Þegar hitastig komst í 3°C fór fiskurinn að ganga á grunnið og oft var hlutur urriðans stór í þeirri veiði.

Veiðiskýrslur Þingvallavatns ná yfir tæp 100 ár, 1896–1987 að undanteknu tímabilinu 1947–1958.

Veiði hefur stöðugt aukist. Framan af voru kuðungableikja og sílableikja aðalþáttur veiðinnar, sérstaklega þegar markaðsverð hækkaði í fyrra stríði í Reykjavík. Bleikjan hélt áfram að vera í góðu verði, ekki síst eftir að samgöngur tóku að batna upp úr 1930. Sérstaklega tók veiðin mikið stökk eftir að niðursuða hófst 1938 og var murtan eftir það aðalstofn veiðinnar. Þegar hringvegurinn var fullgerður 1942 hófst stangaveiði meðfram flestum strandlengjum við suðausturhluta vatnsins, ekki síst þeim sem friðaðar höfðu verið frá alda öðli. Mynd 2 sýnir að veiðin jókst jafnt og þétt en miklar voru sveiflurnar, en þó nokkuð reglulegar, á árabilinu 1896–1946. Bændur kvörtuðu sáran yfir veiðileysi þegar um aldamótin 1900 við Bjarna Sæmundsson. Enn fremur er mjög greinilegt að veiðinni var hætt í Grafningi að mestu upp úr 1930.



Mynd 2. Árlegar sveiflur í silungsveiði 1898–1946. Reiknað í fjölda fiska.

Á mynd 1 er veiðin gefin upp eftir vigt. Þar sést að veiðin hefur áttfaldast á 100 árum, úr um 10 tonnum í um 75–80 tonn á ári. Þessar tölur sýna að Þingvallavatn er frábært veiðivatn samanborið við önnur vötn á sömu breiddargráðu með veiði upp á 10 kg á hektara á ári. Á þessari heildarmynd sést greinilega að sveiflurnar gerast mjög miklar og óreglulegar eftir virkjun Sogsins 1959. Virkjunin virðist því hafa haft grundvallaráhrif á veiðina, sérstaklega murtuveiðina.

9. Hve mikið magn af fiski er í vatninu?

Tilraunaveiði var framkvæmd 1983 og 1984 og sýndi eftirfarandi:

Murta	642 tonn
Sílableikja	36 tonn
Kuðungableikja	22 tonn
Dvergbleikja	9 tonn
Hornsíli	50 tonn
Alls	759 tonn

Heildarmagn af bleikju var því um 700 tonn vegna þess að hornsíli og dvergbleikja eru ekki veidd. Hornsíli er hins vegar nauðsynlegur hlekkur í fæðukeðju sílableikjunnar. Áberandi er hve stofnarnir af kuðunga- og sílableikju eru litlir, nefnilega 22 og 36 tonn. Áætlað er að veiða megi allt að 50% af veiðanlegum murtustofni en sýnt var fram á að aðeins voru veidd 17%. Þessi staðreynd var augljós eftir 1985 þegar murtustofninn var stór en veiddist ekki vegna smæðar fisksins. Enn fremur var áætlað að 20% af veiðanlegri kuðunga- og sílableikju væru veidd. Þetta má kalla lágar tölur en taka þarf tillit til þess að bleikjuafbrigðin

vaxa hægt og verða allt að 18 ára gömul. Á stórum svæðum í vatninu er ekki veitt. Það mun fara nærri lagi að hægt sé að veiða 10% af þeim 700 tonnum sem eru í vatninu.

Fyrir stíflugerð við Sog 1959 var stór og mikill urriðastofn í vatninu. Murta var þýðingarmikil í fæðukeðju urriðans og því má ætla að hann hafi verið um 8% af murtustofni eða 50 tonn.

Á þessari öld hefur veiðin í vatninu margfaldast og hún hefur verið veruleg búbót fyrir margar jarðir en nýting á kuðunga- og sílableikju hefur víða gengið nærri stofni þeirra.

10. Framtíðarvatnsból þjóðarinnar.

Vatnasvið Þingvallavatns býr yfir miklu meiri auðlind en nokkurn hafði órað fyrir. Þannig er vatnið úr Vellankötlu frá miðöldum eða jafnvel miklu eldra. Eitt stærsta háhitasvæði Íslands er Hengilssvæðið sem liggur á barmi Þingvallavatns og fær vatn alla leið úr Langjökli. Vatnasvið Þingvallavatns hefur að geyma um fjórðung af öllu grunnvatni í byggð á Íslandi.

Það er því fagnaðarefni að ríkisstjórnin leggur fram frumvarp á Alþingi til þess að vernda vatnasvið Þingvallavatns, allt frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul, því að þar liggur framtíðarvatnsból þeirra 70% þjóðarinnar sem búa á suðvesturhorni landsins. Það er höfuðnauðsyn að halda þessu vatni ómenguðu þegar Gvendarbrunna þrýtur en sú stund nálgast með þeirri þróun sem er á svæðinu.

Auk hinnar miklu náttúrufegurðar er Þingvallasvæðið ein mesta auðlind íslensku þjóðarinnar. Hér voru byggð með fyrstu og öruggustu vatnsorkuverum landsins.

Hengilssvæðið, sem er meðal stærstu háhitasvæða á landinu, mun tryggja hita um langan aldur fyrir Reykjavíkursvæðið. Sýnt hefur verið fram á að vatn Nesjavallavirkjunar kemur alla leið úr Langjökli.

Vatnasvið Þingvallavatns, sem er um 1.300 km^2 að stærð, geymir stærstu neysluvatnslind í byggð á Íslandi. Það gefur af sér 100 m^3 á sek. í Sogið við útfall úr Þingvallavatni eða 25% af öllu grunnvatni í byggð (mynd 3).



Mynd 3. Einfaldað kort af grunnvatnsstraumum til Þingvallavatns.

Sprunguskarar beina grunvatninu í tilteknar rásir og á tiltekin svæði við norður- og austurströnd Þingvallavatns. Lektin er miklu meiri í sprungustefnuna en þvert á hana, svo að vatnið blandast merkilega lítið á milli straumanna. Vatnshiti og efnainnihald eru því einkennandi fyrir mismunandi strauma. (Teikning: Freysteinn Sigurðsson, byggt á skýrslu verkfræðistofunnar Vatnaskila).

Vatnsforði á höfuðborgarsvæðinu er takmarkaður en aðeins hluti hans verður nýttur áður en hann rennur til sjávar.

Hið frábæra vatn Þingvallavatnasviðsins tryggir því neyslu- og nytjavatn fyrir Reykjavík og Reykjanesskagann til langframa.

Á Reykjanessvæðinu frá Selfossi að austan og að Kjalarnesi að vestan búa 70% þjóðarinnar eða 205.000 manns (Hagstofa Íslands, desember 2002). Enn fremur er rétt að minna á að yfir 90% af fólksfjölgun í landinu verður á þessu svæði. Fólksfjölgun á svæðinu var 30.000 undanfarin 10 ár.

Vatnsnotkun fimmtíufaldaðist í Reykjavík frá 1903 til 1983 úr 18 í 900 lítra á mann á dag en mun vera minni í dag vegna endurbóta á leiðslum.

Hagkvæmast og styst fyrir Suðvesturland mun vera að taka neysluvatn úr Kaldár- og Miðfellsstraumi sem báðir renna af austursvæði vatnasviðsins frá Lyngdalsheiði og vestur en Miðfellsstraumur er þriðjungur grunnvatns sem rennur að norðan til Þingvallavatns eða um 25 m^3/sek. Þetta svæði er nú í hættu verði niturmengandi hraðbraut bætt við.

11. Mengunaráhrif á Þingvallavatn og framtíðarvatnsból.

Af hverju er Þingvallavatn svo tært og blátt?

Í Þingvallavatn berast 115 tonn af nitri (NO^3-N) og 69 tonn af fosfór (PO^4-P) á ári með náttúrulegu innrennsli. Þessi næringarefni berast því vatninu í hlutfallinu tæplega 2:1 en þörungar þurfa þessi lífsnauðsynlegu efni í hlutfallinu 7:1. Nitur er því takmarkandi fyrir vöxt og viðgang þörunga. Komið hefur í ljós að á sumrin er ekkert mælanlegt nitur í vatnsbolnum allt niður á 25–30 m dýpi þegar vatnið er hitalagskipt. Vatnið er niturvana. Aðeins örsmáir þörungar geta þrifist við þær aðstæður og því er vatnið tært (rýni = 15 m) þrátt fyrir að birta og vatnshiti séu í hámarki. Þetta þýðir í stuttu máli að allri niturmengun, beinni sem óbeinni, verður að halda í algjöru lágmarki á vatnasviði Þingvallavatns. Öll verndun Þingvallavatns hlýtur að miðast við að stöðva niturinnrennsli í vatnið.

Niturflæði til Þingvallavatns á ári er:

- Náttúrulegt innrennsli er 115 tonn.
- Mengun er alls áætluð að auki 35 tonn, þar af gera loftmengun og bílar 15 tonn, ræktun og skepnuhald 5–10 tonn, skólp 5–10 tonn og Nesjavallavirkjun 2 tonn.

Samkvæmt úrkomumælingum á Írafossi er áætlað að það rigni um 15 tonnum af nitri á vatnið sjálft á ári. Ætla má að verulegur hluti þessa niturs komi frá útblæstri bíla. Nitur berst óhindrað gegnum jarðveg með rigningu vegna þess að jarðvegsagnir soga það illa til sín. Nítratið (NO_3) helst í upplausn og skolast auðveldlega út í grunnvatn sem eitrast, nema rætur gróðurs nái til þess áður. Hraun þekja meira en helming vatnasviðs Þingvallavatns og á þeim er jarðvegurinn örþunnur.

Samkvæmt mælingum er áætlað að niturmengun hafi aukist um 20–30% síðustu áratugi. Aukist bílaumferð umtalsvert á svæðinu mun niturmengun aukast í Þingvallavatni og valda verulegum spjöllum á lífríki Þingvallavatns og einu helsta vatnsforðabúri þjóðarinnar. Það gæti leitt til þess að svæðið yrði tekið af heimsminjaskrá UNESCO.

Til íhugunar er rétt að nefna rannsóknir á Mývatni til samanburðar. Þær sýndu að nituraukning í Ytriflóa jókst úr 1,6 g í 5,6 g á m^3 á ári á tímabilinu frá 1969 til 1989. Álagið meira en þrefaldaðist á 20 árum.

11.1. Niturmengun riðlar vistkerfinu í vatnsbolnum og fæðuvef murtunnar.

Einkenni Þingvallavatns eru að það er djúpt, norðlægt og frjótt. Aðeins örfá vötn hafa verið könnuð á öllum þrepum vistkerfisins. Þingvallavatn er eitt þeirra. Í djúpum og tærum vötnum er lífið í vatnsbolnum þýðingarmesti visthlekkurinn þegar á heildina er litið.

Sýnt hefur verið fram á hve frumframleiðnin er háð niturmagni í vatnsbolnum ofan hitaskila. Framleiðnin er mest á vorin en dvínar fljótt um leið og jurtasvifið nýtir tiltækt nitur þar til vatnsbolurinn verður niturvana. Afleiðingin er sú að smærri þörungar ná yfirhöndinni en þeir hafa stærra yfirborð í hlutfalli við lífmassa og nýta þess vegna þverrandi niturmagn betur. Krabbadýrin beita sér á jurtasvifið af mikilli sérhæfni. Augndílið étur stóru kísilþörungana á vorin, smádílið minni kísilþörungana nokkru síðar og langhalaflóin síar bakteríur og minnstu þörunga úr vatnsbolnum síðla sumars.

Murtan lifir í vatnsbol Þingvallavatns og nærist að miklu leyti á svifi. Augndílið og langhalaflóin eru góð og girnileg bráð fyrir murtuna en smádílið fer í gegnum fæðusíuna sem tálknin mynda. Lífsskilyrði og hegðun murtunnar í vatnsbolnum er fróðlegt og furðulegt náttúrufyrirbæri sem snýst um samspil murtunnar við dýrasvifið.

Fæðuvefur murtunnar sýnir hvernig jurta- og dýrasvif byggja upp fæðukeðju murtunnar þannig að hún nær kynþroska síðsumars. Það hefur tekið 10.000 ár að byggja upp þetta kerfi en það mun riðlast við niturmengun. Fjöldi erlendra rannsókna hefur staðfest slíka þróun.

11.2. Niturmengun rýrir gróðurbelti vatnsins og búsvæði sílableikjunnar.

Tjarnarnálin er aðalbúsvæði sílableikjunnar sem er vinsælt bleikjuafbrigði til veiði. Stofnstærð mældist 37 tonn. Sílableikjan beitir sér nær eingöngu á fullorðin hornsíli til fæðu en þau byggja sér hreiður í tjarnarnálinni. Stofnstærð þeirra mældist 50 tonn. Með vaxandi niturmagni eykst einnig framleiðsla jurtasvifs með þeim afleiðingum að það dregur úr birtu í vatnsbolnum. Gróðurbelti vatnsins skortir þá ljós til gróðurs og færast upp á við. Búsvæði sílableikju og hornsíla rýrna og hverfa með tímanum. Samanburður við rannsóknir Bjarna Sæmundssonar frá 1895 sýna að dýpstu mörk tjarnarnálar hafa færst upp um 7 m, úr 37 í 30 m dýpi eða um 20% vegna þverrandi birtu. Fjölmargar erlendar rannsóknir lýsa slíkri þróun.

11.3. Mengunaráhrif á botngróður og hrygningarstöðvar kuðungableikjunnar.

Aukin niturmengun veldur auknum kísilþörungagróðri á botni. Hann myndar þykkar skánir og skapar hvimleiðar þörungaflyksur og slý meðfram ströndinni ásamt froðu. Nýlega (25. júlí 2004) sá Gunnar Steinn Jónsson þetta norðan Arnarfells en hann er sérfræðingur Umhverfisstofnunar og hefur skrifað doktorsritgerð um botnþörunga Þingvallavatns. Hugsanleg orsök: niturmengandi sitkagrenibreiður á Hrafnagjárbarmi að Skógarkoti sem gefa frá sér 20–80 kg af hreinu nitri (N) á ha á ári samkvæmt dönskum rannsóknum eða allt að 4 tonnum á ári. Svæðið, Ólafsdráttur, er hrygningarsvæði kuðunga- og dvergbleikju. Þetta má einnig sjá í Silfru Þingvallavatnsmegin en hún rennur í gegnum Þingvallatúnið. Þar eru þykkar breiður af kísilþörungum í gjá án bylgjuhreyfingar. Ótakmarkað ljós og ríflegt nitur er orsök þessa. Sést einnig í Davíðsgjá.

12. Gróður og jarðvegur.

Gróður er háður mörgum umhverfisþáttum eins og jarðvegi, hæð yfir sjó og loftslagi, þ.e. hita og úrkomu. Jarðvegur vestan og suðvestan vatnsins er víða um 1 m á þykkt. Þetta er mjög léttur jarðvegur og viðkvæmur fyrir uppblæstri.

Hraun mynda yfir helming af öllu flatarmáli vatnasviðsins. Á þeim er þunnt, órofið jarðvegslag með mosa, lyngi, víðirunnum og birki sem stenst vel uppblásturinn.

Mýrlendi er örlítið umhverfis Þingvallavatn, í nánd við Ölfusvatn sunnan Sprænutanga og í hlíðunum vestan Þingvallavatns, ásamt Kringlumýri í Lyngdalsheiði.

Frægastir eru Þingvellir fyrir birkiskóginn en hann er einkennandi fyrir svæðið. Allir þekkja nafnið Bláskógar úr Landnámu Ara fróða. Skilyrði fyrir birkiskóg eru ákjósanleg á svæðinu þar eð birki krefst 7,0–7,5°C hita yfir sumarmánuðina maí til ágúst til að þrífast en meðalhitinn var 9,5°C 1931–1960 og 8,3°C 1961–1980.

Birkiskógurinn nær nú mannhæð eða meira eftir nær 70 ára friðun og einkennist af undurfögrum botngróðri með blágresi, undafíflum, túnfíflum, brennisóley, maríustökkum, hrútaberjum og jakobsfífli. Hæst er birkið í Þingvallalægðinni sem er rúmlega 100 m y.s. en birkið grær í allt að 340 m y.s. í Ármannsfelli. Þar sem birkið nær hæst er gróðursamfélagið blanda af víði, lyngi og fjalldrapa enda glóa fjöllin á haustin í gulum og rauðum litum.

Í Sturlungu segir að Bláskógaheiði hafi náð upp að Hallbjarnarvörðum. Hallbjarnarvörður liggja í 340 m y.s. og hefur birki líklega náð langleiðina þangað. Hins vegar vex birki nú á dögum aðeins norður með Ármannsfelli að Hofmannaflöt. Mörkin eru því um 13 km sunnar nú og hefur skógurinn þannig dregist verulega saman.

Álitið er að veðurskilyrði hafi farið versnandi frá landnámstíð og fram á 20. öld. Loftslag og sauðfjárbeit hafa valdið miklu foki og rofi á Skjaldbreiðarafrétti, í austurhlíðum Mosfellsheiðar og Hengilssvæðinu. Setmælingar á botni Þingvallavatns hafa sýnt að áfok var tvöfalt á tímabilinu 1918–1983 miðað við tímabilið 1500–1721.

Á Skjaldbreiðarafrétti voru 430 km^2 friðaðir fyrir sauðfjárbeit með þjóðarátakinu 1974. Þar hafa fundist 25 tegundir í hinni svörtu eyðimörk en búast má við að enn fleiri af þeim 250 tegundum sem finnast á vatnasviðinu hasli sér þar völl. Svæðið virðist nú í nokkurri framför en sandblástursgeirinn ofan Sandvatns og norðan í Skjaldbreið færist þó enn þá í aukana.

13. Fuglar og spendýr.

Við vatnið lifa 52 tegundir fugla að staðaldri en aðrar 30 koma af og til. Þingvallavatn er djúpt. Í Þingvallavatni er því ekki fyrir hendi sá gróður og það dýralíf á grunnu vatni sem er undirstaða stórra fuglastofna eins og við Mývatn. Endur geta ekki kafað svo djúpt eftir fæðu. Mófugl er algengur á hinum miklu víðáttum. Allir þekkja tindrandi raddir spóans, lóunnar, hrossagauksins og skógarþrastarins. Þá er enn fremur nokkuð af rjúpu.

Allmiklar breytingar hafa orðið á fuglalífi við Þingvallavatn undanfarin 30 ár. Orsakanna má ekki síst leita í því að á fyrri hluta fimmta áratugarins hóf minkurinn innrás sína á svæðið með válegum afleiðingum fyrir viðgang margra fuglategunda sem áttu búsvæði við vatnið. Einnig hefur gengið nokkuð á varpstaði andartegunda og annarra fugla sem eru nátengdir vatnsbakkanum. Það hefur meðal annars leitt til þess að einkennisfugli vatnsins, himbrimanum, hefur fækkað.

Þrjú villt spendýr lifa á Þingvallasvæðinu, en það eru fjallarefur, minkur og hagamús. Fjallarefurinn hefur lifað þarna frá alda öðli og sennilega komist til Íslands á ís. Það virðast vera nokkuð miklar sveiflur á fjölda hans á síðari hluta þessarar aldar samkvæmt veiðiskýrslum. Fæða hans er aðallega fuglar, sérstaklega rjúpa á vetrum, en einnig minkur og lömb. Lömbunum virðist hafa fækkað í fæðu hans eftir að farið var að ala sauðfé meira heima við. Veiðiskýrslur sýna enn fremur að bláum refum hefur fjölgað meðal skotinna dýra, en þeir hafa sloppið úr refabúum á Suðvesturlandi og blandast villta stofninum. Villti stofninn, hinn upprunalegi refur, er því í varnarstöðu.

Minkur var fluttur til landsins 1931 til loðdýraræktar. Fyrstu minkar sluppu út úr minkabúi í Grímsnesi 1932, aðeins 17 km frá vatninu, og hann er nú algengur á Þingvallasvæðinu þar sem 50–200 dýr hafa verið skotin árlega. Minkur lifir aðallega á fiski en einnig fugli, með þeim afleiðingum sem áður er lýst.

Hagamús er mjög algeng á Þingvallavatnssvæðinu. Álitið er að hún hafi flust til landsins með heyi landnámsmanna þegar á 9. eða 10. öld.

14. Hvaðan er líf á Þingvallasvæðinu ættað?

Næstum allur gróður og allt dýralíf er ættað frá Evrópu en þó eru áberandi tegundir í gróður- og dýraríki vestrænar. Nefna má eyrarós, blástjörnu, friggjargras og grávíði. Úr dýraríkinu koma að vestan: Himbrimi, straumönd, húsönd (sjaldgæf) og bitmý Sogsins. Ein aðalkrabbafló vatnsins er einkennistegund í „Hinum stóru vötnum“ Norður-Ameríku. Einstæð er toppfluga vatnsins — Chironomus islandicus — en hún finnst aðeins á Íslandi, þ.e. hefur myndað nýja tegund fyrir Ísland.

15. Þróun byggðar og búskapar 1703–1993.

Samkvæmt manntalinu 1703 bjuggu 135 manns á 17 jörðum kringum Þingvallavatn (í Þingvallasveit og hluta af Grafningshreppi). Um aldamótin 1800 var þjóðin mun fámennari en 100 árum áður er fyrsta manntalið fór fram. Ástæðan var sú að 25% þjóðarinnar dóu úr stórubólu 1707–1709 og í móðuharðindunum 1783–1786 fækkaði þjóðinni um 20% vegna horfellis, farsótta og ófrjósemi kvenna af völdum hungurs. Um miðja 18. öldina létust um 10% vegna hungursneyðar. Í Þingvallasveit einni bjuggu 87 manns 1703 og 98 árið 1801. Fjöldinn var 117 árið 1835 og hafði þannig aukist um 20%, en 1870 var talan 145. Harðæri orsakaði flutning úr sveitinni þannig að upp úr aldamótunum 1900 hafði íbúum fækkað í 100 og hélst þessi tala þar til um 1930 en þá fækkaði enn og íbúatalan var 43 árið 1991 (sjá mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi íbúa í Þingvallasveit 1703–1991.

Fjárbúskapur og veiði hafa alla tíð verið aðalatvinnuvegir við Þingvallavatn. Bæirnir liggja í 100–200 m y.s. og viðkvæmt beitiland þeirra enn hærra. Fjöldi býla kringum vatnið réðst af því hvernig áraði. Eftir harðindin á 18. öld var fjöldi býla kominn niður í 17 en á köflum höfðu 16 önnur býli verið í byggð þegar vel áraði. Árni Magnússon og Páll Vídalín könnuðu búskap við vatnið á árunum 1706–1711. Þá voru byggðir 17 bæir og fjöldi heimafólks var 135 og hver persóna hafði þá að meðaltali 1 kú og 10 sauðfjár sér til viðurværis.

Búskapur var háður beit allt árið fyrir hross og sauðfé og að nokkru fyrir kýr þar eð tún voru lítil. Búskapur var því háður ýtrustu nýtingu á beitilandi og bústofn var nákvæmlega hinn sami við byrjun og lok 18. aldar. Skepnufjöldi og fjöldi ábúenda fór því eftir beit og túnstærð.

Mynd 5 sýnir fjölda sauðfjár í Þingvallasveit og Grímsnes- og Laugardalshreppi 1711–1810 og 1854–1990. Fjöldi sauðfjár í Þingvallasveit hafði tvöfaldast eftir 1830, þrefaldast 1854 fyrir fjárkláðann og fjórfaldast 1981. Þrátt fyrir fækkun fólks í sveitinni og sauðfjársjúkdóma var fjárstofn Þingvallasveitar að meðaltali 2.000 á ári fyrir tímabilið 1854–1990 en tveir alvarlegir sjúkdómar orsaka miklar sveiflur í bústofni á þessum tíma en þeir eru færilúsin (kláði) sem geisaði 1858–1859 og síðan mæðiveikin 1937–1951. Grímsnesingar hafa löngum beitt Þingvallaafrétt. Fróðlegt er að sjá sveiflur á fjölda sauðfjár í Grímsnesinu. Hreppaaðskilnaður Laugardals og Grímsness kemur fram í skýrslum 1905. Hér eru báðir hreppar meðtaldir til að fá samanburð við tölur frá 1708. Þá var fjárstofn þeirra alls 3.457 fjár. 1854 var stofninn kominn í 7.889 kindur og hafði þannig meira en tvöfaldast frá 1708. Færilúsin (kláði) fór illa með hann því að 1859 var fjöldinn kominn niður í 2.915. Á næstu 20 árum hækkaði talan í tæp 9.000. Þessi fjöldi hélst til 1926 að undanteknum þeim sveiflum sem voru á harðindatímabilinu frá 1883 til 1903. Mikil fjölgun varð á sauðfé með aukinni ræktun frá 1927 til 1938 er mæðiveikin gerði vart við sig og var hún illvíg á svæðinu til 1951. Upp úr 1955 fjölgaði fé ört í 15.000 og hélst sú tala í 30 ár til 1985 en þá fækkaði sauðfé mjög vegna markaðsörðugleika.



Mynd 5. Sauðfjáreign í Grímsnesi, Laugardal og Þingvallasveit 1710–1810 og 1850–1990.

Beitarálag á Þingvallaafrétti á síðari helmingi þessarar aldar hefur því um fjórfaldast frá 1708. Fyrir Þingvallasveit er talan um 360% og fyrir Grímsnes og Laugardal um 430%.

Hætt er við að þetta álag, sem sífellt hefur aukist undanfarin 150 ár, sé ein af orsökum þess að áfok í Þingvallavatn hefur tvöfaldast á tímabilinu frá 1918 til 1983 miðað við tímabilið frá 1500 til 1721. Ætla má að beitarálag undanfarinna 150 ára á Þingvallaafrétti hafi verið frá 10–15.000 fjár.

Sauðfjárbúskapur sem aðalatvinnugrein er nú aðeins stundaður á þremur jörðum í Þingvallasveit.

Leiga eða sala á sumarbústaðalöndum er nú viðurkennd búgrein í sveit. Fjöldi sumarbústaða innan vatnasviðsins er um 600. Enn fremur eru um 200 óbyggðar lóðir.

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Manntal á Íslandi 1703.*

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók.* 2. bd. Árnessýsla (Grafningur 1706 og Þingvallasveit 1711). Kaupmannahöfn 1918–1921. Önnur útgáfa, Reykjavík 1981.

Skýrslur um Landshagi á Íslandi. 1–5. bd. Hið íslenska bókmenntafélag í Kaupmannahöfn, 1858–1875.

Landshagsskýrslur og hlunninda 1899–1913. Reykjavík.

Hagskýrslur Íslands og skýrslur um landbúnað á Íslandi 1703–1991. Reykjavík.

Ecology of oligotrophic, subarctic Thingvallavatn. Ritstjóri: Pétur M. Jónasson. Kaupmannahöfn 1992.

Össur Skarphéðinsson. *Urriðadans.* Reykjavík 1996.

Bjarni Sæmundsson. *Um Fiskirannsóknir 1897.* — Andvari 1898, 22: 96–172. Reykjavík.

Bjarni Sæmundsson. *Fiskirannsóknir 1902.* — Andvari 1904, 29: 79–119. Reykjavík.

Ítarefni:

Þingvallavatnsbók – Undraheimur í mótun. Ritstjórn: Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson. MM Reykjavík 2002.

Túlkunarefni:

Pétur M. Jónasson. Á að fórna Þingvallavatni fyrir niturmengandi hraðbrautir? *Náttúrufræðingurinn* 72; bls. 81–88, 2004.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Skilgreint er sérstakt vatnsverndarsvæði þar sem óheimilt verður að aðhafast nokkuð sem getur spillt eða mengað yfirborðsvatn eða grunnvatn og umhverfisráðherra verður í þeim tilgangi heimilt að ákveða að einstaka framkvæmdir á verndarsvæðinu skuli háðar sérstöku leyfi hans. Auk þess verður ráðherra heimilt að ákveða takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan verndarsvæðisins telji hann að sú notkun leiði til þess að vatn á svæðinu spillist. Þá er í frumvarpinu sérstakt ákvæði um verndun lífríkis Þingvallavatns.

Ekki er reiknað með að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

323. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.

Flm.: Sigríður Ingvarsdóttir, Ásta Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Drífa Hjartardóttir, Hilmar Gunnlaugsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu til þess að kynna íslenska list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að móta stefnu til þess að koma íslenskri list og hönnun í víðasta skilningi á framfæri í sendiskrifstofum Íslands. Eitt af hlutverkum þeirra er að sinna menningarmálum og er markviss kynning á íslenskri list og hönnun kjörinn vettvangur til þess. Með því væri sérstöðu og sérkennum íslenskrar hönnunar og listar komið á framfæri og jafnframt ímynd lands og þjóðar.

Mikilvægi hönnunar og lista er að aukast í alþjóðavæðingu nútímans og er skörun milli listasviða orðin meiri. Aukin framlög til Listaháskóla Íslands hafa styrkt stoðir lista og er mikil gróska í þeim sem nauðsynlegt er að hlúa vel að með því að kynna þær og koma á framfæri sem víðast. Kynning á alþjóðavettvangi gæti haft í för með sér aukna eftirspurn og möguleika á markaðssetningu og útflutningi og er nauðsynlegt að nýta sem flestar leiðir til að koma hönnun og list á framfæri þar sem markaðir eru stærri og eru sendiskrifstofurnar vel til þess fallnar. Þannig mætti nýta leiðir sem sendiráðin nota við kynningu á starfsemi sinni, t.d. á netinu, til að kynna íslenska list, hönnun, bókmenntir, tónlist o.fl. með tengingu á heimasíður samtaka hönnuða, listamanna og safna og auðvelda þannig aðgengi að upplýsingum. Þá gætu sendiherrar, viðskiptafulltrúar og aðrir starfsmenn sendiskrifstofa unnið að því með söfnum, samtökum og samböndum innlendra listamanna og nýstofnaðri Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar að nýta húsnæði sendiráða til sýninga og kynninga á list þeirra. Einnig væri unnt að nýta þau sambönd sem starfsmenn sendiráða og jafnvel ræðismenn hafa við einstaklinga, samtök, stofnanir og fyrirtæki og ná þannig miklum árangri samhliða hagkvæmni og sparnaði.

Hönnun er eitt af fyrstu skrefum í framleiðslu og er hún því hentug fyrir einyrkja og minni fyrirtæki en íslensk fyrirtæki eru flest smá á alþjóðlegum mælikvarða og eiga því erfitt með að koma vöru sinni og list á framfæri erlendis. Þá er hönnun mikilvæg forsenda nýsköpunar í atvinnulífi og hvatning til vandaðrar hönnunar við vöruþróun og markaðssetningu eflir samkeppnishæfni í íslensku atvinnulífi og verðmætasköpun og ber árangur annarra þjóða vott um að hönnun og list eru verðmætar útflutningsvörur.

Markmið með tillögu þessari er að íslensk list og hönnun verði í hávegum höfð í sendiskrifstofum Íslands erlendis í því skyni að auka vegsemd hennar og koma menningu þjóðarinnar á framfæri sem víðast. Með því yrðu stoðir atvinnulífs og nýsköpunar í landinu einnig styrktar.

324. Frumvarp til laga [297. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarkey Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Pétur Bjarnason, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

I. KAFLI
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Í fangelsum þar sem vistaðir eru heyrnarlausir, heyrnarskertir eða daufblindir fangar skal séð til þess að táknmálstúlkur sá ávallt tiltækur. Þá skulu þeir njóta sömu réttinda og þjónustu og almennt gildir um þá sem tala íslenskt táknmál, m.a. með tilliti til menntunar, fræðslu- og afþreyingarefnis, vinnu o.fl.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Forstöðumaður skal sjá til þess að nægilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs hafi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda fanga.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangi á rétt á að fá táknmálstúlk sér til aðstoðar þegar hann fær heimsóknir.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangelsi skal útvega heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum föngum sérstakan útbúnað til að annast samskipti samkvæmt þessari grein.

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

1. Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf. Kostnaður af störfum hans greiðist úr ríkissjóði.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar.
c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

7. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf og greiðist kostnaður af störfum hans úr ríkissjóði. Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar.

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef gerðarþoli, gerðarbeiðandi, fyrirsvarsmaður aðila eða málsvari talar íslenska táknmálið skal sýslumaður kveðja táknmálstúlk sér til aðstoðar.

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

9. gr.

Á eftir 1. mgr. 44. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þjóðkirkjan skal veita sóknarmönnum sem tala íslenska táknmálið sömu þjónustu og þeim sem tala íslensku.

Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

10. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórnvald skal kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar ef sá sem til þess leitar talar íslenska táknmálið og skal táknmálstúlkur jafnframt vera til staðar eftir því sem þörf krefur uns mál er til lykta leitt.

11. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef einhver nefndarmanna talar íslenska táknmálið skal stjórnvald sjá til þess að útvega nefndinni táknmálstúlk til aðstoðar.

II. KAFLI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

12. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

1.4. Notandi heilbrigðisþjónustu sem talar íslenska táknmálið á rétt á þjónustu táknmálstalandi heilbrigðisstarfsmanns eða aðstoð táknmálstúlks.

III. KAFLI

Menntamálaráðuneyti.

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.

13. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Útvarpsstöðvar skulu virða jafna stöðu íslenskunnar og íslenska táknmálsins og gæta þess að mismuna ekki borgurum eftir því hvort málið þeir tala.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Efni sem sent er út með íslensku tali skal ávallt fylgja íslenskur texti eða túlkun á íslenskt táknmál.

Breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

15. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Barn sem notar íslenska táknmálið skal njóta handleiðslu leikskólakennara sem hefur fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu og menningarfræði heyrnarlausra.

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

16. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Grunnskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

17. gr.

A-liður 2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: íslenska, íslenska fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálið.

Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

18. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Framhaldsskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

19. gr.

Á eftir 2. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í aðalnámskrá skal kveðið á um kennslu í íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálinu.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um íslenska táknmálið og réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum sínum við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Ljóst er að ef frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum lögum í kjölfarið og þyrfti hvert ráðuneyti fyrir sig að taka lög á sínu málefnasviði til gagngerrar endurskoðunar. Í þessu frumvarpi er fyrst og fremst tæpt á helstu atriðum sem þurfa lagfæringar við.

325. Fyrirspurn [298. mál]

til umhverfisráðherra um stóriðju og mengun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu mikið var heildarútstreymi brennisteinsdíoxíðs (SO_2) af mannavöldum 2002:
   a. á öllu landinu,
   b. á svæðinu frá Grundartanga til Straumsvíkur?
2. Hyggst ráðherra veita heimild fyrir því að rafskautaverksmiðja verði reist á Katanesi og að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga verði stækkuð?
3. Hver verður árleg heildarlosun brennisteinsdíoxíðs af mannavöldum á landinu öllu með álveri í Reyðarfirði, stækkun álversins í Straumsvík í 460.000 tonn á ári, stækkun álversins á Grundartanga í 300.000 tonn á ári, 340.000 tonna rafskautaverksmiðju á Katanesi og stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í 190.000 tonn á ári verði hún heimiluð?
4. Miðað við að stækkanir stóriðjuveranna þriggja á Grundartanga og í Straumsvík gangi eftir og rafskautaverksmiðja verði reist á Katanesi, hversu mikil verður þá heildarlosunin á svæðinu af:
   a. brennisteinsdíoxíði (SO_2),
   b. flúor,
   c. þrávirkum efnum,
   d. ryki,
   e. koldíoxíði (CO_2) og öðrum gróðurhúsalofttegundum,
   f. öðrum mengandi efnum?
5. Hver yrði áætluð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju með tilkomu framangreinds verksmiðjureksturs og hvernig félli hún að „íslenska ákvæðinu“ og öðrum skuldbindingum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni? Óskað er sundurliðunar eftir verksmiðjum.

Skriflegt svar óskast.

326. Frumvarp til laga [299. mál]

um breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skipar sex menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

2. gr.

Í stað „2%“ í 8. gr. laganna kemur: 4%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Annars vegar er lagt til að stjórnarmönnum sjóðsins verði fækkað úr sjö í sex og tilnefningaraðilum fækkað og hins vegar að innheimtuþóknun vegna ógreiddra iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði hækkuð.

Samkvæmt gildandi lögum eru stjórnarmenn sjö og skulu tveir þeirra skipaðir eftir tilnefningu Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar. Eftir stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða með sameiningu Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða þykir rétt að Landssamtökin tilnefni fjóra fulltrúa í stjórn, þ.e. jafnmarga og samtökin sem þau leystu af hólmi tilnefndu. Þá er í frumvarpinu lagt til að tilnefning fulltrúa Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verði felld niður. Framan af átti töluverður hluti iðgjaldagreiðslna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda rætur að rekja til manna er störfuðu að einhverju leyti hjá ríkinu, en uppfylltu ekki rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Frá því breyting var gerð á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins árið 1997 hefur orðið hér breyting á. Munar þar mest um stofnun A-deildar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem hefur rýmri aðildarákvæði en B-deild sama sjóðs. Jafnframt því hefur öðrum sjóðfélögum í Söfnunarsjóðnum en ríkisstarfsmönnum fjölgað jafnt og þétt. Er nú svo komið að aðeins lítill hluti þeirra sem greiða til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eru ríkisstarfsmenn. Þá má benda á að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins á nú aðild að Landssamtökum lífeyrissjóða og hefur þannig áhrif á tilnefningu fulltrúa í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Þykja því ekki lengur standa rök til þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni mann til setu í stjórn Söfnunarsjóðs. Einnig hefði komið til greina að fjölga þeim stjórnarmönnum sem ráðherra skipar án tilnefningar um einn en niðurstaðan varð sú að leggja frekar til að fækkað yrði í stjórn sjóðsins og draga þannig úr rekstrarkostnaði hans.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, var Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda falið innheimtuhlutverk vegna ógreiddra lífeyrisiðgjalda gegn tiltekinni innheimtuþóknun. Nú eru fjögur ár liðin frá því að innheimta ógreiddra lífeyrisiðgjalda hófst og því talsverð reynsla komin á það hvaða kostnaður hlýst af slíkri innheimtu hjá Söfnunarsjóðnum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur kostnaður sjóðsins verið mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Þannig hefur umframkostnaður sjóðsins af innheimtunni verið allt frá rúmum 4 millj. kr. upp í 8,5 millj. kr. á ári. Ljóst er að ætlan löggjafans á sínum tíma var að kostnaður af innheimtu ógreiddra iðgjalda yrði greiddur af viðkomandi vanskilaaðilum, enda með öllu óásættanlegt fyrir aðra sjóðfélaga Söfnunarsjóðsins að þeir niðurgreiði kostnað vegna vanskilainnheimtunnar. Af fyrirliggjandi gögnum að dæma þykir rétt að miða við að heimild til innheimtuþóknunar verði hækkuð úr 2% í 4%. Rétt er að benda á að um hámark innheimtuþóknunar er að ræða og sjóðnum því heimilt að lækka hana ef kostnaður sem af innheimtunni hlýst lækkar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greinni er lagt til að fjármálaráðherra skipi sex menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Samkvæmt ákvæðinu skulu fjórir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og tveir án tilnefningar. Annar þeirra er ráðherra skipar án tilnefningar skal vera formaður sjóðstjórnar

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að heimild Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til innheimtuþóknunar verði hækkuð úr 2% í 4% af iðgjaldi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til annars vegar að stjórnarmönnum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verði fækkað um einn og hins vegar að innheimtuþóknun sem sjóðnum ber að gera kröfu um vegna ógreiddra iðgjalda verði hækkuð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

327. Frumvarp til laga [300. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Verðbréf skv. 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um skilyrði fjárfestinga lífeyrissjóða. Samkvæmt greininni skulu tilteknir eignaflokkar sem tilgreindir eru í 1. mgr. 36. gr. hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Í núgildandi lögum er m.a. vísað til 7. tölul. 1. málsl. 36. gr., en eignir í þeim flokki eru hlutdeildarskírteini eða hlutir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fram kemur í umræddum 7. tölul. að verðbréfasafni að baki skírteinunum eða hlutunum skuli skipt á aðra töluliði 1. mgr. 36. gr. laganna, þ.e. aðra eignaflokka, með tilliti til takmarkana sem gerðar séu í 2.–6. mgr. 36. gr. Samkvæmt framansögðu er eignasafn lífeyrissjóðs skilgreint út frá því hvaða eignir liggja að baki hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum.

Í framkvæmd hafa vaknað spurningar um túlkun framangreindra ákvæða og þá einkum um hvort að í ákvæðunum felist sú kvöð að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða, á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna, nema viðkomandi hlutdeildarskírteini eða hlutir hafi skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Í ljósi reglu 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. um uppskiptingu eigna verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hefur verið bent á að ákvæði 2. mgr. 36. gr. sé uppfyllt hafi verðbréfasafn að baki skírteinum verðbréfasjóðs skráð kaup- og sölugengi óháð því hvort hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs séu skráð á markaði. Til að taka af allan vafa um skilyrði ákvæðisins er í frumvarpi þessu lagt til að tilvísun í 7. tölul. í 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. verði felld niður. Samkvæmt því er tekinn af allur vafi um að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Í umfjöllun um túlkun framangreindra ákvæða hefur verið bent á að gagnstæð túlkun feli í sér að um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði gildi tvöfalt skráningarkerfi, þ.e. að bæði viðkomandi sjóður og undirliggjandi eignir hans skuli vera skráð á markaði. Nauðsyn þess verður ekki séð. Þá má enn fremur benda á að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða hafa almennt ekki skráð kaup- og sölugengi hérlendis þrátt fyrir skráningu í kauphöll, þó að slíkt sé ekki útilokað, en viðskipti með hlutdeildarskírteini fara almennt ekki fram í kauphöll hérlendis.

Þá verður ekki séð hvaða sérstöku réttaráhrif og verndarsjónarmið eru fólgin í því að skrá verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði á markaði. Í því efni má t.d. benda á að verðbréfasjóðir

og fjárfestingarsjóðir eru undir eftirliti stjórnvalda og þeim er skylt að gefa út útboðslýsingar óháð því hvort þeir eru skráðir á markaði eða ekki. Jafnframt er í lögum nr. 30/2003 og reglugerð nr. 792/2003 kveðið á um hvernig innlausnarvirði verðbréfasjóða skuli reiknað út daglega og um opinbera birtingu þess auk reglna um innlausnarskyldu.

Hér skal enn fremur tekið fram að löggjöf um verðbréfasjóði hefur ekki gert ráð fyrir að hlutdeildarskírteini skuli vera skráð á markaði til þess að almenningi sé heimilt að fjárfesta í þeim. Má benda á að við setningu laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, var fallið frá slíkum hugmyndum í þinglegri meðferð með þeim rökum að heppilegra væri að skráning hlutdeildarskírteina ykist samkvæmt þróun en ekki lögboði. Því síður verður séð að nauðsynlegt sé að gera slíka kröfu um skráningu þegar um fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði er að ræða sem hafa á að skipa sérhæfðu starfsfólki til fjárfestinga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á skilyrðum fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða sem felur í sér að þeim verði heimilt að fjárfesta í tilteknum eignaflokkum, einkum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, þótt þeir hafi ekki skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

328. Svar [222. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um virkjanlega orku í Þingeyjarsýslum.

1. *Hve mikla orku er hægt að fá frá núverandi virkjunum í Laxá og Kröflu og hve mikla miðað við mögulega stækkun virkjananna?*

Laxá: Ástimplað afl í Laxárvirkjun er 28 MW og undanfarin 10 ár hefur virkjunin skilað um 155 GWh á ári. Þrýstihæð í inntaki Laxár 3 er ekki sú sem vélar hennar voru gerðar fyrir og aðstæður við inntak þannig að vélarnar eru undir álagi af sandburði og klaka. Það er fyrst og fremst af þessum sökum sem Landsvirkjun (eigandi virkjunarinnar) hefur óskað eftir að fá að hækka inntakslón, en eftir því hve mikil sú hækkun verður hefur verið áætlað að virkjunin geti bætt við sig allt að 40 GWh orkuframleiðslu á ári.

Krafla: Í Kröfluvirkjun eru tvær 30 MW vélar. Núverandi virkjun er nú þegar hægt að stækka um 30 MW. Heimild er fyrir stækkun Kröfluvirkjunar í 120 MW og standa vonir til að það sé mögulegt innan núverandi vinnslusvæðis. Hins vegar er talið næsta víst að frekari stækkun kalli á ný stöðvarhús. Landsvirkjun hefur fengið leyfi til að hefja rannsóknarboranir á svonefndu vestursvæði, þ.e. nokkru suðvestan við núverandi vinnslusvæði. Það gæti teygt sig norður að Leirhnjúk, en þá yrði líklega bætt við enn annarri virkjun. Loks eru mjög góðar

vísbendingar um þriðja vinnslusvæðið, sem kennt er við Sandabotna suðaustan núverandi vinnslusvæðis.

2. *Hve mikla orku er hægt að fá frá öðrum virkjanakostum í Þingeyjarsýslum, svo sem Þeistareykjum, Bjarnarflagi, Skjálfandafljóti og öðrum álitlegum kostum?*

Almennt er erfitt að gera sér grein fyrir afköstum háhitasvæða fyrr en reynsla er fengin af vinnslunni. Þess vegna er heppilegt að virkja þau í hæfilegum áföngum. Sú áfangaskipting á að tryggja að ekki sé gengið um of á orkuforða svæðanna, og er þar bæði gætt auðlindasjónarmiða og hagkvæmni.

Í nýlegum nýtingarleyfum hafa upphafsáfangar verið settir 80 MW, og í báðum þeim tilfellum (Hellisheiði og Reykjanes) er byggt á líkanreikningum og reynslu á viðkomandi eða aðliggjandi vinnslusvæði. Reynslan af vinnslu í Kröflu og Bjarnarflagi bendir til að með nokkurri vissu megi gera ráð fyrir 2x40 MW upphafsáfanga á nýjum svæðum við Kröflu. Í forsendum sem gengið var út frá við mat á háhitasvæðum í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var talið að gegnumsneytt mætti miða við 120 MW virkjun á einstökum vinnslusvæðum innan hvers háhitasvæðis, þar sem gengið hefur verið úr skugga um nægan hita í kerfinu.

Bjarnarflag: Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar um 80 MW virkjun með skilyrðum sem Landsvirkjun telur viðunandi enda hafa Landsvirkjun og ráðgjafar hennar sýnt fram á að 80 MW virkjun muni ekki hafa áhrif á virkni hvera við Hverarönd. Engu að síður má ætla að umhverfissjónarmið fremur en orkugeta háhitasvæðisins muni setja frekari virkjunarmöguleikum skorður.

Þeistareykir: Þeistareykir ehf., sem eru í eigu Norðurorku hf. og Orkuveitu Húsavíkur o.fl., hafa nú þegar borað rannsóknarholur á Þeistareykjum. Niðurstöður borana gefa vonir um að gera megi ráð fyrir 2x40 MW upphafsáfanga á Þeistareykjum. Enn fremur standa yfir rannsóknir til að afmarka betur stærð svæðisins.

Gjástykki, Fremri-Námar og Hrúthálsar: Á þessum mögulegu háhitasvæðum eru hafnar yfirborðsrannsóknir til að meta líkur á vinnanlegum jarðhita og útbreiðslu hans.

Önnur háhitasvæði í sýslunni eru t.d. við Öskju og e.t.v. í Öxarfirði, en nýlegar boranir benda þó til að síðarnefnda svæðið falli í hóp heitustu lághitasvæða landsins, líkt og lághitinn í Reykjahverfi, fremur en að það flokkist sem háhitasvæði.

Skjálfandafljót: Frá gamalli tíð eru til ýmsar hugmyndir um virkjun í Skjálfandafljóti. Þær elstu voru tengdar Goðafossi með veitum frá Fnjóská, en síðar voru settar fram hugmyndir um að nýta fallið af Króksdal niður í Bárðardal. Þær síðastnefndu voru til skoðunar í rammaáætlun. Þar voru settar fram hugmyndir um tveggja þrepa virkjun, þá efri, *Fljótshnjúksvirkjun*, af hálendinu niður í Króksdal og þá neðri, *Hrafnabjargavirkjun*, niður í Bárðardal innan við Mýri. Í fyrri hugmyndum var gert ráð fyrir að virkjun sem samsvarar þeirri neðri hefði viðbótarmiðlun og inntak í Íshólsvatni, en í endurskoðaðri áætlun er inntak beint úr miðlunarlóni við Hrafnabjörg og gert ráð fyrir að virkja megi sérstaklega úr Íshólsvatni.

Virkjanir í Bárðardal og Kinn hafa nánast ekkert verið kannaðar. Í yfirliti iðnaðarráðuneytis frá 1994 (Innlendar orkulindir til vinnslu raforku) eru nefndir þrír kostir sem hafa samtals um 900 GWh rennslisorku. Nýlega hafa einkaaðilar sett fram hugmyndir um virkjun með veitu úr svonefndri Vallaeyjarkvísl um skurð við rætur fjallshlíðar vestan að dalnum, en að öðru leyti hafa virkjunarmöguleikar ekki verið útfærðir.

Fyrir áðurnefnt yfirlit frá 1994 var farið yfir virkjunarmöguleika í *Fnjóská*, en þeir voru ekki taldir það álitlegir að nokkur von væri til þess að þeir vægju á móti umhverfisáhrifum

af þeim. Hins vegar hafa einkaaðilar viðrað hugmyndir um að nýta veggangagerð í gegnum Vaðlaheiði fyrir veitu úr Fnjóská til virkjunar í Eyjafirði.

Vatnsföll í Þistilfirði: Í yfirlitinu frá 1994 var gróflega áætlað hvað væri hægt að virkja á þessu svæði með því að veita saman vatni af heiðarlöndum inn af flóanum. Orkustofnun hefur ekki litið frekar á hugsanlega möguleika, en Rarik og heimamenn hafa kannað lauslega litla virkjun í Sandá, en þær athuganir hafa ekki leitt til frekari aðgerða af þeirra hálfu.

Í títtnefndu yfirlit hugði Orkustofnun fyrst og fremst að stærri orkukostum; u.þ.b. 10 MW eða stærri. Allmikið er um bændavirkjanir á þessu svæði, sem flestar eru minni en 0,1 MW (100 kW). Orkustofnun hefur ekki gert heildarúttekt á slíkum kostum. Hins vegar stendur þeim sem hyggja á virkjun minni vatnsfalla til boða aðstoð við að hefja frumkönnun á aðstæðum, einkum varðandi öflun rennslisgagna. Þá hefur Orkustofnun flýtt vinnu við afrennsliskort, en vonast er til að þau gögn sem að baki því liggja geti hjálpað mönnum til að gera sér mat úr einstökum mælingum og stuttum rennslisröðum.

Virkjanir og nærtækir virkjunarmöguleikar í Þingeyjarsýslum.

Virkjun/virkjunarkostur	Núverandi		Nýjar/stækkun		Frekari stækkun?	
	MW	GWh/a	MW	GWh/a	MW	GWh/a
Laxárvirkjun	28	155		40		
Kröfluvirkjun	60	480	60	480		
Krafla, vestursvæði			80	640	40	280
Krafla, Sandabotnar			40	320	40	320
Bjarnarflag	2	15	80	640		
Þeistareykir			80	640	40	280
Fljótshnjúksvirkjun			60	480		
Hrafnabjargavirkjun			90	630		
Íshólsvatnsvirkjun			10	70		
Alls	**90**	**650**	**500**	**3.940**	**120**	**880**

Miðað við þetta úrval, ættu um 600 MW (um 4.500 GWh/a) að vera þokkalega aðgengileg til raforkuvinnslu að því gefnu að þessar áætlanir standist mat á umhverfisáhrifum. Það skal áréttað að óvissa er alltaf talsverð í mati á því hvað vinna má úr háhitasvæðum þar sem engin vinnsla hefur farið fram enn.

3. Hve mikla orku er hægt að vinna úr lághita á svæðinu?

Í mati á jarðvarma Íslands er talið að í Þingeyjarsýslum megi að lágmarki vinna rösklega 30 MW af varma úr lághitasvæðum miðað við hita yfir 15°C, en auk þess geyma svæðin mikinn orkuforða sem ganga megi á tímabundið. Að teknu tilliti til þess hefur verið metið (Guðmundur Pálmason o.fl.; OS-85076/JHD-10) að vinna megi 10–20-falt það orkumagn úr svæðunum (300–600 MW) í nokkra áratugi.

Stærsta hitaveitan á svæðinu sem nýtir lághita er á Húsavík (20 MW). Á þremur öðrum stöðum sem tilgreindir eru í ársriti Orkustofnunar, Orkumálum, (Aðaldalur og Kinn, Reykdælahreppur og Öxarfjörður) er orkuvinnsla alls um 16 MW. Að auki er nokkur dreifð notkun til ylræktar, þurrkunar o.fl. Orkustofnun hefur ekki lagt mat á mögulega orkuvinnslu á einstökum svæðum, en með samanburði við núverandi notkun á lághita og gróflega áætlaða vinnslugetu má ráða að enn séu miklir ónýttir möguleikar til nýtingar á lághita.

Helstu lághitasvæði í sýslunum eru að Reykjum í Fnjóskadal, í Reykjahverfi, á Laugum og í Öxarfirði.

329. Fyrirspurn [301. mál]

til dómsmálaráðherra um konur í fangelsi.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa konur, sem dæmdar hafa verið til fangavistar, möguleika á afplánun annars staðar en í fangelsinu í Kópavogi, t.d. á Kvíabryggju? Ef ekki, hver er ástæðan?
2. Er eitthvað um að konur séu með börn sín með sér í fangelsi?
3. Hvaða sértæka þjónusta er til staðar fyrir börn sem dvelja í fangelsi með móður sinni?

Skriflegt svar óskast.

330. Fyrirspurn [302. mál]

til fjármálaráðherra um hlunnindatekjur og ríkisjarðir.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru hlunnindatekjur á ríkisjörðum og hverjir njóta þeirra?
2. Hvernig skiptast tekjurnar milli helstu hlunnindaflokka, hvernig milli skattumdæma og hvernig milli tegunda embætta?

Skriflegt svar óskast.

331. Fyrirspurn [303. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stuðning við krabbameinssjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á reglum sem kveða á um stuðning við þá sem hafa fengið krabbamein eða aðra sjúkdóma til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum þannig að sjálfsákvörðunarréttur og val einstaklingsins verði virt, t.d. varðandi tattóveringu?
2. Hvernig er þessum stuðningi háttað við:
   a. sjúklinga sem dveljast á sjúkrastofnunum eða öldrunarstofnunum,
   b. börn, þ.e. yngri en 18 ára, sem ekki eru á sjúkrastofnunum?

332. Fyrirspurn [304. mál]

til forsætisráðherra um úttektir á ríkisstofnunum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margar úttektir á starfsemi ríkisstofnana hafa verið unnar á vegum ríkisstjórnar, einstakra ráðuneyta eða nefnda á vegum þeirra frá og með árinu 2000? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir ári og stofnun eða ráðuneyti.
2. Hvaða aðilar voru fengnir til að vinna úttektirnar? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir stofnun eða ráðuneyti.
3. Hver var kostnaðurinn við hvert þessara verkefna?

Skriflegt svar óskast.

333. Fyrirspurn [305. mál]

til dómsmálaráðherra um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur nefnd sem skipuð var 1999 um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta lokið störfum? Ef svo er, hvenær skilaði nefndin af sér og hver var niðurstaðan varðandi fjárþörf og mannaflaþörf hjá einstökum embættum? Ef ekki, hvenær má vænta þess að nefndin ljúki störfum og verður skýrsla hennar rædd á Alþingi?

334. Frumvarp til laga [306. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 138.500 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2005.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun var lagt fram á 121. og 122. þingi en náði ekki fram að ganga. Það var lagt fram að nýju á 123., 125., 126. og 128. þingi í breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 138.500 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu.

Meginvandi íslensks þjóðfélags er fátækt og skuldir og stafar það af lágum launum. Þó að um tiltölulega fá heimili sé að ræða hafa lág laun leitt til margs konar vanda og jafnvel hrakið fólk af landi brott. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vann um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá þjónustu sem eðlilegt er að veitt sé í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, með öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér eru margir ábyrgir.

Tímakaup í dönskum iðnaði árið 1994 var 97% hærra en í íslenskum. Ekki eru nýjar tölur fyrirliggjandi. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en íslenskur. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt en meðalheimili á Íslandi 21%. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi, en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi voru 57.000 kr. á mánuði þegar samanburðurinn var gerður en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Skattleysismörk á Íslandi eru nú 71.270 kr. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis. Jaðarskattar koma harðast niður á tekjulægsta fólkinu á Íslandi en leggjast jafnt á alla tekjuhópa í Danmörku. Af þeim sökum er full ástæða til að endurskoða skatta- og launakerfin á Íslandi í samhengi við ákvörðun lágmarkslauna.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hér eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að endurskoða stefnu stjórnvalda í því efni. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem hægt væri að hugsa sér.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Viðurkenna ber að árangur hefur náðst þótt lægstu umsamin laun séu verulega mikið fyrir neðan fátæktarmörk að mati félagsfræðinga. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa gefist nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera undir 138.500 kr. Í kjölfar mjög mikilla launabreytinga sem orðið hafa hjá einstökum starfsstéttum undanfarið og eru langt umfram almenna kjarasamninga er ástæða til að flytja frumvarp til laga um lágmarkslaun. Nú er ljóst að 138.500 kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er því fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín. Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 138.500 kr. á mánuði mun auka velferð þeirra fátækustu í íslensku þjóðfélagi, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra

síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mun lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að unnt verði að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi. Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda forsetakosninganna árið 1996. Eitt af höfuðstefnuatriðum ríkisstjórnar Tonys Blairs er að setja lög um lágmarkslaun og að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu. Sett voru lög um lágmarkslaun í Bretlandi 1999 og héldu andstæðingar laganna því fram á sínum tíma að þau mundu kynda undir verðbólgu og atvinnuleysi. Sú hefur ekki orðið raunin heldur þvert á móti. Haft er eftir Stephen Byers að lágmarkslaunin hafi tryggt að það borgaði sig að vinna. Lágmarkslaun fyrir unna klukkustund í Bretlandi urðu sem svaraði 610 kr. frá og með 1. október 2001, miðað við þáverandi gengi.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Að mati flutningsmanna eiga þau ekki við núverandi aðstæður hérlendis. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Það að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin sé gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggjast á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður Ísland áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið verður ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og ekki eiga sér viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

335. Fyrirspurn [307. mál]

til félagsmálaráðherra um styrki til að sporna við atvinnuleysi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg sveitarfélög hafa sótt um styrki til svæðisvinnumiðlana vegna sérstakra verkefna til að sporna við atvinnuleysi?
2. Hversu mörg sveitarfélög hafa fengið slíka styrki, hver er fjöldi verkefna á vegum þeirra og hver er skiptingin eftir landsvæðum?
3. Hversu margir voru á atvinnuleysisskrá annars vegar í þeim sveitarfélögum sem fengu styrki og hins vegar þeim sem fengu ekki styrki?

Skriflegt svar óskast.

336. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um lagaákvæði um heimilisofbeldi.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jón Gunnarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa í samráði við refsiréttarnefnd framlagningu lagafrumvarps sem hafi það að markmiði að í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, verði tekið skýrt á brotum er flokkast undir heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi verði skilgreint í hegningarlögum þannig að þau nái yfir slík brot með heildstæðum og fullnægjandi hætti að teknu tilliti til eðlis og afleiðinga ofbeldisins.

Ráðherra leggi frumvarpið fram eigi síðar en 1. apríl 2005.

Greinargerð.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns á Alþingi 2. nóvember sl., þskj. 261 í 209. máli, kom fram að í íslenskri löggjöf er ekki að finna ákvæði sem skilgreinir heimilisofbeldi. Þar er ekki heldur að finna upplýsingar um hvenær beri að flokka háttsemi með þeim hætti. Vegna þessa er hugtakið heimilisofbeldi ekki notað í gögnum lögreglu, ákæruvalds eða dómstóla sem formleg skilgreining á broti samkvæmt svari ráðherrans. Þar kom einnig fram að þetta leiðir til þess að hvorki eru til fullnægjandi gögn um fjölda tilkynninga til lögreglu um heimilisofbeldi né upplýsingar um lyktir þeirra mála hjá hinu opinbera.

Þetta svar dómsmálaráðherra rennir stoðum undir þá skoðun að viðurkenna verði heimilisofbeldi í lögum, m.a. til að unnt sé að skilja umfang vandamálsins og athuga hvernig málum lyktar hjá lögreglu, ríkissaksóknara og fyrir dómstólum.

Réttarstaðan að því er varðar heimilisofbeldi er sérstök þar sem það er ekki nefnt í hegningarlögum og það hvergi skilgreint. Segja má að heimilisofbeldi sé týndur brotaflokkur í

kerfinu. Núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga eru því ófullnægjandi að þessu leyti.

Sá sem verður fyrir heimilisofbeldi þarf oftast að þola ofbeldi af öllu tagi, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt, og markar það að nokkru leyti sérstöðu þessara brota. Þörf er á lagaákvæði sem nær heildstætt yfir þessi brot þar sem núgildandi ákvæði ná ekki að öllu leyti yfir eðli, umfang og raunverulegar afleiðingar heimilisofbeldis. Flutningsmenn vilja því að löggjafinn beiti sér fyrir því að sett verði lagaákvæði sem taki á heimilisofbeldi með heildstæðum og fullnægjandi hætti. Flutningsmenn telja að með slíku ákvæði væri komið til móts við þá þekkingu sem nú liggur fyrir um heimilisofbeldi. Sömuleiðis væri með því komið til móts við athugasemdir frá 23. maí 2004 frá nefnd Sameinuðu þjóðanna sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, þess efnis að Ísland ætti að taka upp löggjöf um heimilisofbeldi.

Núgildandi lög ófullnægjandi.

Heimilisofbeldi felst samkvæmt skilgreiningu Samtaka um kvennaathvarf í því að einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og í skjóli tilfinningalegrar, félagslegrar og fjárhagslegrar bindingar. Sá sem ofbeldinu beitir getur verið maki, fyrrverandi maki, foreldri, barn eða aðrir tengdir þolandanum fjölskylduböndum samkvæmt þessari skilgreiningu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að heimilisofbeldi gegn maka er í eðli sínu kynbundið. Liggja þarf fyrir skilningur á því hvað heimilisofbeldi er til þess að unnt sé að taka með skilvirkum hætti á því. Þó er ljóst að heimilisofbeldi getur birst í mörgum myndum og gerendur geta verið ólíkir, jafnvel uppkomin börn aldraðra foreldra.

Í heimilisofbeldismálum sem koma fyrir dómstóla er einna helst dæmt eftir ákvæðum 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þar sem mælt er fyrir um refsingar fyrir líkamsmeiðingar. Til heimilisofbeldis getur þó talist verknaður af ólíkum toga. Hér getur verið um að ræða hótanir, nauðung, frelsissvipting, einangrun, kúgun, líkamsmeiðingar, innbrot, ærumeiðingar, kynferðisbrot, nauðgun o.fl. Ólík ákvæði almennra hegningarlaga geta því tekið til þessara brota án þess að þau nái að öllu leyti yfir verknaðinn. Má þar nefna t.d. 191., 193., 194., 196., 205., 225., 226., 231., 232. og 233. gr. laganna.

Eins og fyrr segir er fyrst og fremst 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga beitt í málum er varða heimilisofbeldi. Áhöld eru hins vegar um það hvort þessi ákvæði ein og sér nægi til að taka á því. Þessum greinum virðist helst ætlað að taka á ofbeldisbrotum karlmanna gagnvart öðrum körlum, helst brotum sem eiga sér stað utan dyra og þar sem aðilar eru ekki kunnugir. Það á síður við ofbeldi sem konur og börn verða fyrir sem á sér iðulega stað innan veggja heimilisins og getur falist í langvarandi niðurlægingu og þá jafnvel án sjáanlegra áverka.

Í dómaframkvæmd er refsing vegna brota á 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga miðuð við þá aðferð sem beitt er og áverka sem þolanda hlýtur, svo sem beinbrot. Ákvæðin gera almenna kröfu um heilsutjón af valdbeitingunni. Jónatan Þórmundsson prófessor segir í bók sinni Afbrot og refsiábyrgð I frá 1999 að þrátt fyrir að 217. gr. sé á mörkunum að vera tjónsbrot (tilteknar afleiðingar áskildar fyrir refsinæmi) og samhverft brot (verknaður refsinæmur án tillits til afleiðinga) þá séu líkamsmeiðingar samkvæmt greininni hugsaðar sem tjónsbrot. Áherslan á beina líkamlega áverka og aðferðina við verknaðinn á hins vegar ekki eins vel við þegar kemur að heimilisofbeldi.

Refsing skv. 217. gr. almennra hegningarlaga annars vegar og 218. gr. hins vegar er mjög mismunandi. Skv. 217. gr. getur fangelsidómur verið allt að 1 ári en skv. 218. gr. getur dómur orðið allt að 16 ára fangelsi. Eftir því sem líkamlegir áverkar eru meiri eða aðferð hættu-

legri eru meiri líkur á að háttsemin eigi við 218. gr. Hins vegar getur verið um að ræða mjög alvarlegt heimilisofbeldi án mikilla líkamlegra afleiðinga og án hættulegra aðferða og þá getur refsingin verið talsvert minni samkvæmt núgildandi lagaákvæðum.

Þegar dæmt er fyrir heimilisofbeldi á ekki að skipta öllu máli hvort þolandinn hlýtur marbletti eða beinbrot. Líkamlegir áverkar þolanda eru ekki endilega rétt mælistika á alvarleika þessara brota. Aðferð gerandans við heimilisofbeldi á ekki heldur að skipta höfuðmáli við mat á alvarleika brotsins.

Líta má á heimilisofbeldi sem brot gegn friðhelgi þolandans. Þolandi er ekki óhultur á eigin heimili og þarf að lifa í stöðugum ótta við að verða fyrir ofbeldi af hálfu maka eða foreldris. Þolandi býr þá í fjötrum ofbeldis og andlegrar kúgunar. Þá er vandamálið yfirleitt falið utanaðkomandi einstaklingum því að gerandi og þolandi eru tengdir tilfinningaböndum og skömmin af athæfinu leiðir til þess að erfitt er að brjótast undan okinu.

Áhugaverð nálgun Svía.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Svíar hafa tekið þessi mál mjög til skoðunar og skilgreint sérstakt „kvinnofridsbrot“ sem mætti þýða sem brot gegn friðhelgi kvenna. Í sænskum hegningarlögum („brottsbalken“) er að finna ákvæði um ofbeldi manns gagnvart maka eða öðrum nákomnum en þar er m.a. fjallað um brot gegn heilsu og lífi, brot gegn friðhelgi og kynferðisbrot en allt eru þetta brot sem þolendur heimilisofbeldis geta orðið fyrir. Sömuleiðis er litið til þess hvort verknaðurinn sé liður í endurtekinni vanvirðingu á friðhelgi manneskjunnar og skaði sjálfsmynd hennar alvarlega.

Svíar hafa farið þá leið að nálgast heimilisofbeldi sem hluta af því vandamáli sem ofbeldi gegn konum er almennt og virðist sem yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum hafi verið höfð til hliðsjónar. Leitast er við að vinna gegn og taka á líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi sem konur verða fyrir sakir kynferðis síns. Undirliggjandi forsenda þess að þetta varð hluti af sænskum hegningarlögum er áhersla á alvarleika þeirra brota sem beinast gegn maka.

Heimilisofbeldi er mannréttindabrot.

Heimilisofbeldi er meðal algengustu mannréttindabrota í heiminum og það á sér því miður stað í öllum samfélögum. Heimilisofbeldi var fyrst skilgreint sem mannréttindabrot á alþjóðavettvangi á mannréttindaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1993. Á ráðstefnunni voru ríkisstjórnir hvattar til að grípa til aðgerða til að reyna að sporna við ofbeldi gegn konum og tekið fram að ekki megi réttlæta ofbeldið með vísan til siða, menningar og trúar.

Íslensku hegningarlögin eru að meginuppistöðu frá árinu 1940, frá tíma þegar engar konur voru á þingi og mörg ákvæði þeirra bera þess merki. Flutningsmenn telja að æskilegt sé að endurskoða ákveðna kafla hegningarlaganna með það að markmiði að lögin nái betur yfir brot sem konur og börn verða aðallega fyrir. Slíkt hefur bæði verið gert í Svíþjóð og Noregi. Flutningsmenn telja einnig að tryggja eigi meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis en það gaf góða raun hérlendis á sínum tíma.

Löggjafinn bregðist við aukinni þekkingu á heimilisofbeldi.

Heimilisofbeldi má ekki líðast í skjóli friðhelgi heimilis og einkalífs og er mikilvægt að lögreglan átti sig á því. Löggjafinn þarf að nota öll möguleg úrræði til að ná utan um þessi brot. Hann þarf sömuleiðis að fylgja eftir þeirri stórauknu þekkingu sem nú liggur fyrir um þann raunveruleika sem þolendur heimilisofbeldis búa við. Ekki fyrir alls löngu eða árið 1991 leit Rannsóknarlögregla ríkisins svo á að vandamál samfara heimilisofbeldi væru ekki

refsiréttarlegs eðlis heldur fremur „félagslegs eðlis“. Hugtök eins og „stormasöm sambúð“ heyrast enn þegar átt er við heimilisofbeldi, sbr. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. S-923/2004. Enn vottar fyrir afar forneskjulegum viðhorfum hjá dómstólum landsins þegar þolandi heimilisofbeldis er jafnvel sagður eiga sök á ofbeldinu sjálfur.

Flutningsmenn vona að með nýju hegningarlagaákvæði um heimilisofbeldi verði íslenskt réttarkerfi betur í stakk búið að taka á þessum brotum en það hefur verið fram að þessu.

Það er afar brýnt að skoða vandlega með hvaða hætti unnt er að skilgreina heimilisofbeldi þannig að lögregla, dómstólar og fagaðilar geti með ákveðnum hætti tekið á þessu broti. Það skiptir miklu að skilgreining brota sé nákvæm og skýr hætti, enda er skýrleiki refsiheimilda forsenda þess að þeim verði beitt. Flutningsmenn telja því rétt að refsiréttarnefnd komi að því að semja frumvarp til laga þar sem gæta þarf vel að skýrleika refsiheimilda. Dómsmálaráðherra leggi síðan fram lagafrumvarp á Alþingi eigi síðar en 1. apríl 2005.

337. Frumvarp til laga [309. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um aðför, nr. 90/1989 (sektarinnheimta o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

1. Ákærur, fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða öðrum starfsmanni lögreglustjóra, fangaverði eða öðrum starfsmanni Fangelsismálastofnunar eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting á ákæru og fyrirkalli skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðrum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess sem þeim er beint að ef hann hittist ekki sjálfur fyrir. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

3. Þegar birta þarf dóm skv. 3. mgr. 133. gr. skal hann birtur ákærða sjálfum á dómþingi, en ella verjanda hans eða talsmanni samkvæmt umboði. Ef svo stendur á, sem í 2. mgr. segir, má þó birta dóm í Lögbirtingablaði.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 115. gr. a laganna kemur: 100.000 kr.

3. gr.

Á eftir 115. gr. a laganna kemur ný grein, 115. gr. b, sem orðast svo:

1. Nú stendur lögregla mann að broti sem hann gengst skýlaust við, skilyrði eru til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 115. gr. og lögregla telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 50.000 kr. Ákveður þá lögregla viðurlög við broti samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 115. gr. Lögregla gerir sakborningi ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd með því að afhenda honum skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það er framið, þau refsiákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki eða honum kunni að vera gert að afplána vararefsingu. Ef því er að skipta skal jafnframt kynna sakborningi og tiltaka í skýrslunni hversu mörgum punktum brotið varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Sakborningur undirritar skýrsluna og fær afhent afrit hennar. Lögregla getur boðið sakborningi að ljúka þegar máli með greiðslu sektar á vettvangi. Geri sakborningur það ekki skal honum settur tiltekinn frestur í skýrslunni til að greiða hana.

2. Sekt sem ákveðin er skv. 1. mgr. má fullnægja með aðför eftir því sem segir í 2. mgr. 115. gr.

4. gr.

3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki ákærði eða verjandi hans eða talsmaður samkvæmt umboði þing telst dómur þá birtur fyrir ákærða. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna ásamt greiðslu sakarkostnaðar og skal þá ákærandi láta birta honum dóm skv. 20. gr. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 151. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þegar annars er þörf á að birta dóm skal sá sem birtir annast þetta.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun dóms í bréflegri tilkynningu til ríkissaksóknara innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, þegar birtingar hefur verið þörf skv. 3. mgr. 133. gr., en ella innan þess tíma frá uppkvaðningu hans.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal ef það á við kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað sem tiltekinn er með ákveðinni heildarfjárhæð í dómi. Þar af skal sérstaklega greina þóknun verjanda og réttargæslumanns með tiltekinni fjárhæð.

2. Ákærandi skal taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu og teljast til sakarkostnaðar. Skal það yfirlit lagt fram á dómþingi áður en mál er tekið til dóms.

II. KAFLI
Breyting á lögum um aðför, nr. 90 1. júní 1989.
7. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Gerðarþola skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar og afleiðingar þess ef hann sinnir ekki boðun. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á hvaða tíma tiltekins dags. Sýslumaður getur lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast þessa tilkynningu.

8. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þó má að kröfu gerðarbeiðanda ljúka fjárnámi án árangurs á starfstofu sýslumanns hafi gerðarþoli sannanlega verið boðaður til gerðar og gerðarbeiðandi hefur engar upplýsingar um eignir gerðarþola, enda hafi skýrt verið tekið fram í boðunarbréfi til gerðarþola að ljúka megi gerð með þessum hætti falli mæting niður hjá honum án lögmætra forfalla.

9. gr.

Við 1. mgr. 67. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: ef gerðarþoli hefur ekki verið við gerðina og fjárnámi hefur verið lokið án árangurs en gerðarþoli telur sig geta bent á eignir til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda.

III. KAFLI
Gildistaka.
10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara breytist 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 82/1998, þannig að á eftir orðinu „lögreglustjóra“ kemur: eða lögreglumanni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Meginefni þess snýr að breytingum er varða sektarinnheimtu og birtingu sektardóma. Auk þess er lagt til að heimiluð verði svokölluð útivistarfjárnám. Undanfari tillagna frumvarpsins er skýrsla starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði í september 2003 til að vinna að endurskoðun sektarinnheimtu og leita leiða til að einfalda vinnu lögreglu við sektarinnheimtu sem og við birtingar sem sektarinnheimtunni fylgja. Átti starfshópurinn jafnframt að huga að laga- og reglugerðarbreytingum í þessu sambandi. Í starfshópinn voru skipuð Hildur Njarðvík, deildarstjóri sektadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, Hafdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri hjá Fangelsismálastofnun, Sólmundur Már Jónsson, framkvæmdastjóri hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs Reykjavíkur, og Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, sem var jafnframt formaður starfshópsins.

Vinna starfshópsins leiddi í ljós að sektarinnheimta getur haft í för með sér afar mikla vinnu lögreglu við margs konar birtingar, auk þess sem heimilisfang sektarþola er ekki ávallt þekkt. Skiptir þá engu hvort fjárhæð sektar er há eða lág, og má sem dæmi nefna að við innheimtu tiltölulega lágrar sektar getur lögregla meðal annars þurft að birta ítrekað sektarboð ef póstinum tekst ekki að birta það, birta áritað sektarboð, hafa uppi á og hand-

taka sektarþola sem mætir ekki til fjárnámsgerðar hjá sýslumanni, birta bréf um afplánun vararefsingar og um möguleika á samfélagsþjónustu, birta bréf um synjun eða samþykkt á afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu, birta bréf um boðun til afplánunar og birta úrskurð Fangelsimálastofnunar um sakarkostnað. Auk þess getur komið til birtingar ákæru, fyrirkalls og dóms ef mál fer í ákærumeðferð.

Af framansögðu má vera ljóst að mikið hagræði er fólgið í því að leysa lögreglu undan hluta þessara verkefna, bæði með því að einfalda sektarinnheimtuna og að fela öðrum tilteknar birtingar, sbr. I. kafla frumvarpsins. Ávallt verður þó að tryggja réttaröryggi sektarþola og gera því tillögur frumvarpsins ráð fyrir því að fyrirkomulag sektarinnheimtu verði aðeins breytt í einföldustu málum, þ.e. einungis hvað varðar sektir allt að 50.000 kr. og þegar sektarþoli gengst skýlaust við broti sínu, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Á þetta einkum við um umferðarlagabrot. Hafa tillögurnar þannig í för með sér að ítrekuð sektarboð verða óþörf og birting áritaðra sektarboða einnig.

Þá er lagt til í 4. gr., sbr. 1. gr., að ekki þurfi að birta dóm þar sem ákærða eru ekki gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna, sé dómþing ekki sótt af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans. Dómþola er á þessu stigi máls kunnugt um að það sé til meðferðar og hann fær vitneskju um sektina við innheimtu hennar. Breytingin mundi hafa í för með sér að lögregla þarf ekki að birta dóma þar sem dómþoli er dæmdur til greiðslu sekta eða upptöku eigna sérstaklega fyrir dómþola en tekið skal fram að þetta á ekki við þegar dómþoli er dæmdur til fangelsisvistar. Um tillögur frumvarpsins er varða ákvörðun sakarkostnaðar og önnur atriði vísast til athugasemda við einstakar greinar þess.

Breyting sú, sem lögð er til í II. kafla frumvarpsins á lögum um aðför, nr. 90 1. júní 1989, og sem kemur fram í skýrslu framangreinds starfshóps um sektarinnheimtu, á rætur að rekja til tillagna sýslumannsins í Reykjavík og tollstjórans í Reykjavík. Lýtur hún að því að útivistarfjárnám verði heimiluð og felst í því að heimilt verði að ljúka fjárnámi án árangurs á starfstofu sýslumanns án nærveru gerðarþola að vissum skilyrðum uppfylltum. Þar með verði óþarft að lögregla handtaki menn og færi til sýslumanns vegna árangurslauss fjárnáms.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til tvær breytingar á 20. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að 1. mgr. 20. gr. verði breytt þannig að fleiri en lögreglumenn og stefnuvottar geti birt ákærur, fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar í opinberum málum og hins vegar er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein um birtingu dóma.

Nýmæli er að auk lögreglumanna og stefnuvotta geti nú aðrir starfsmenn lögreglustjóra, fangaverðir og aðrir starfsmenn Fangelsismálastofnunar birt ákærur, fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar í opinberum málum. Helstu rökin að baki þessari tillögu eru að oft getur verið erfitt að hafa upp á þeim sem birta skal fyrir, en hann mætir hjá starfsmanni lögreglustjóra eða starfsmanni Fangelsismálastofnunar vegna annarra erinda. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að viðkomandi starfsmaður geti birt það skjal sem birta á í stað þess að leita uppi þá lögreglumenn, jafnvel í öðrum umdæmum, sem falið hefur verið að sjá um birtinguna. Sömu röksemdir eiga við ef sá sem birta skal fyrir situr í fangelsi, en þá verður að teljast eðlilegt að fangaverðir geti birt fyrir viðkomandi ákæru, fyrirkall, kvaðningu eða aðrar tilkynningar í opinberum málum.

Með 3. mgr. 1. gr. er lagt til að ný málsgrein bætist við 20. gr. um birtingu dóma, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins hér á eftir.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að hámark þeirrar fjárhæðar sem miðað er við í 1. málsl. 1. mgr. 115. gr. a verði hækkað úr 50.000 kr. í 100.000 kr. Ákvæði 115. gr. a var bætt við lög um meðferð opinberra mála með lögum nr. 31/1998 og í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilgangur ákvæðisins sé að gera meðferð minni háttar sakamála markvissari og ná bættum árangri í sektarinnheimtu. Reynslan af beitingu ákvæðisins hefur verið góð og hefur heimildin leitt til verulegrar einföldunar í sektarinnheimtu. Með reglugerð nr. 575/2001 voru sektir vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim hækkaðar talsvert. Þykir í samræmi við það og í ljósi jákvæðrar reynslu af beitingu ákvæðis 115. gr. a rétt að hækkuð verði sú fjárhæð, sem heimild lögreglustjóra til að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með greiðslu sektar miðast við, úr 50.000 kr. í 100.000 kr. Áréttað er að það eru aðeins minni háttar brot, einkum brot á umferðarlögum, sem eru afgreidd í samræmi við 115. gr. a. Ef sakborningur hefur uppi andmæli er máli ekki lokið með þessum hætti, heldur tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum, sbr. 2. mgr. 115. gr. a.

Um 3. gr.

Lagt er til að nýju ákvæði, 115. gr. b, verði bætt við lögin. Ákvæðið gerir ráð fyrir að lögregla geti boðið sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar á vettvangi að þremur skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi er skilyrði að sakborningur gangist skýlaust við broti og verður máli því ekki lokið með þessum hætti hafi sakborningur uppi mótmæli. Í öðru lagi verða að vera fyrir hendi skilyrði til að ljúka máli skv. 115. gr. laganna. Í þriðja lagi er það skilyrði til að máli verði lokið á þennan máta að hæfileg viðurlög við broti séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 50.000 kr. Gert er ráð fyrir að lögreglumaður á vettvangi ákveði viðurlög við broti í samræmi við reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 115. gr., og jafnframt vararefsingu við broti skv. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hér er í raun um að ræða fyrir fram gefnar töflur um annars vegar fjárhæð sekta og hins vegar tímalengd vararefsinga sem ekki hafa í för með sér matskennda ákvörðun viðkomandi lögreglumanns. Lögregla skal fylla út og afhenda sakborningi skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það er framið, þau refsiákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki eða að honum kunni að vera gert að afplána vararefsingu. Með því móti er tryggt að sakborningi séu ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd. Ef sakborningur lýkur ekki máli með greiðslu sektar á vettvangi skal setja honum tiltekinn frest til að greiða hana í skýrslunni.

Með þessu móti er ferill máls að öllu leyti birtur á vettvangi brots og hefur breytingin því í för með sér að ekki verður þörf á birtingu ítrekaðra sektarboða eða bréfaskriftum og birtingum vegna vararefsinga. Helsti ókostur núgildandi álagningar- og innheimtukerfis, sem tekið var upp árið 1998, er að greiði sakborningur ekki sekt þá getur tekið mikinn tíma og kostað mikla fyrirhöfn að birta viðkomandi ýmsa þætti málsins og geta slíkar birtingar hlaupið á nokkrum tugum við innheimtu á t.d. umferðarsektum. Slíkum birtingum fylgir mikil vinna lögreglumanna og einnig skrifstofufólks hjá lögreglustjóra og Fangelsismálastofnun. Jafnframt má ætla að breytingin hafi í för með sér visst hagræði fyrir sektarþola sjálfan þar sem ætla má að margir muni kjósa að ljúka máli með greiðslu sektar á vettvangi.

Með breytingunni er stefnt að því að draga úr fjárhagslegum kostnaði og vinnukostnaði sem felst í núgildandi sektarinnheimtukerfi. Þannig verður aðeins um eina birtingu að ræða þegar lögregla stendur mann að broti og uppfyllt eru önnur skilyrði ákvæðisins og leiðir

breytingin því til verulegrar hagræðingar og einföldunar á sektarinnheimtuferlinu. Þá hefur umrætt fyrirkomulag, eins og að framan greinir, bæði í för með sér fjárhagslegan sparnað og vinnusparnað þar sem Íslandspóstur og eftir atvikum lögregla munu ekki þurfa að birta ítrekuð sektarboð og jafnframt mun sparast vinna hjá öðru starfsfólki lögreglustjóra og Fangelsismálastofnunar.

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 133. gr. laganna um birtingu dóma. Samkvæmt gildandi rétti telst dómur birtur fyrir ákærða sæki hann þing, en annars lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr. laganna.

Með breytingunni er lagt til að sæki ákærði eða verjandi hans eða talsmaður samkvæmt umboði þing teljist dómur birtur fyrir ákærða. Sæki enginn framangreindra aðila þing og ákærða eru gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna ásamt greiðslu sakarkostnaðar er gert ráð fyrir því að ákærandi láti birta ákærða dóm skv. 20. gr. laganna. Í því felst að lögreglu eða stefnuvotti er falið að birta ákærða dóm, en sé óvíst um dvalarstað hans má þó birta dóm í Lögbirtingablaði. Ef ákærða eru ekki gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna þarf hins vegar ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans og felst í því helsta breytingin sem lögð er til á reglum laganna um birtingu dóma.

Meginhagræðið af þessari breytingu felst í að lögregla eða stefnuvottar þurfa ekki að hafa uppi á dómþola til að birta honum dóm þegar honum eru ekki gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna. Slíkar birtingar hafa reynst tímafrekar og leiðir breytingin bæði til sparnaðar á kostnaði og vinnu. Rétt er að taka fram að ákærða hefur verið birt ákæra í samræmi við 20. gr. laganna og er því kunnugt um málshöfðun. Þá fær hann fljótlega eftir að dómur hefur verið kveðinn upp sendan gíróseðil vegna innheimtu á þeirri sekt sem dæmd hefur verið og ætti því ekki að líða langur tími þar til honum er kunnugt um dómsniðurstöðu. Áréttað er að hér er aðeins um að ræða dóma þar sem ákærða eru ekki gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna og munu skilorðsbundnir jafnt sem óskilorðsbundnir fangelsisdómar eftir sem áður vera birtir ákærða í samræmi við 20. gr. laganna. Þá má nefna að samkvæmt lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er ekki þörf á að birta dóm sérstaklega fyrir málsaðilum mæti þeir ekki við uppkvaðningu hans. Loks er rétt að taka fram að flestir þeirra dóma þar sem ákærða er gert að greiða sekt eða að sæta eignaupptöku eru endanlegir þar sem áfellisdómi verður aðeins áfrýjað með leyfi Hæstaréttar ef ákærða er þar hvorki ákveðin frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka sem er hærri en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum sem er í dag 420.000 kr., sbr. 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála og 2. mgr. 150. gr. laga um meðferð opinberra mála. Það að upphaf áfrýjunarfrests miðast við uppkvaðningu dóms ef birtingar hefur ekki verið þörf, sbr. 5. gr. frumvarpsins, getur því sjaldnast leitt til réttarspjalla fyrir ákærða.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 151. gr. laganna til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Lagt er til að 168. gr. laganna verði breytt þannig að dómarar kveði á um endanlegan sakarkostnað í dómum í stað þess að Fangelsismálastofnun úrskurði þar um. Samkvæmt gildandi lögum kveður dómari á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörð-

unar fjárhæðar og er málið sent til Fangelsismálastofnunar sem úrskurðar um fjárhæð sakarkostnaðar. Þann úrskurð þarf lögregla að birta viðkomandi dómþola. Með framangreindri breytingu mun endanlegur sakarkostnaður liggja fyrir við uppkvaðningu dóms og verður því ekki þörf á aðkomu Fangelsismálastofnunar eða birtingu á úrskurði um sakarkostnað.

Með því að dómari dæmi sjálfur um tiltekna fjárhæð sakarkostnaðar um leið og kveðinn er upp dómur er tryggt að sakarkostnaður fái faglega umfjöllun dómsins og um leið verjanda sakbornings. Þá er innheimta sakarkostnaðar einfaldari sé hann uppkveðinn og birtur í dómi í stað þess að sakarkostnaður sé reiknaður út og birtur löngu eftir að dómur fellur. Ýmis önnur rök mæla með þessari breytingu og má þar nefna að réttaröryggi dómþola eykst þar sem strax við uppkvaðningu dóms er ljóst hvaða fjárhæð honum ber að greiða í sakarkostnað. Þá hefur breytingin í för með sér talsverðan vinnusparnað hjá lögreglu og starfsmönnum Fangelsismálastofnunar, auk þess sem breytingin mun leiða til hraðari og skilvirkari innheimtu.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 1. mgr. 21. gr. laga um aðför fyrirmælum um að í boðun til gerðarþola um að mæta til aðfarargerðar verði teknar fram afleiðingar þess að hann sinni ekki boðun. Þessi grein tengist þeirri breytingu sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 8. gr.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 62. gr. laganna. Tillagan felur í sér að heimilt verði að ljúka fjárnámi að kröfu gerðarbeiðanda, án árangurs, á starfstofu sýslumanns án nærveru gerðarþola að þremur skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi þarf gerðarþoli að hafa verið sannanlega boðaður til gerðarinnar og í öðru lagi er skilyrði að gerðarbeiðandi hafi engar upplýsingar um eignir gerðarþola. Í þriðja lagi er sett það skilyrði að skýrt hafi verið tekið fram í boðunarbréfi til gerðarþola, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til í 7. gr. frumvarpsins, að ljúka megi gerð með þessum hætti falli mæting niður hjá honum án lögmætra forfalla

Samkvæmt gildandi rétti er ekki unnt að ljúka fjárnámi án árangurs nema gerðaþoli hafi sjálfur verið staddur við gerðina eða málsvari hans, eða hann hvorki finnst né neinn sem málstað hans getur tekið. Mikil vandkvæði hafa skapast vegna þess hve erfitt er að ljúka fjárnámi sem árangurslausu þegar gerðarþoli mætir ekki, eins og algengt er, og engar upplýsingar um eignir hans liggja fyrir. Við slíkar aðstæður getur sýslumaður gripið til þriggja úrræða. Hann getur ítrekað fjárnámsboðun, leitað aðstoðar lögreglu við að boða gerðarþola til að mæta til gerðarinnar eða færa hann til hennar eða farið með fulltrúa gerðarbeiðanda í svokallað útifjárnám á heimili gerðarþola. Þessi úrræði hafa öll vissa ókosti og hafa ekki reynst skilvirk í framkvæmd. Ítrekun á fjárnámsboðun leiðir sýnilega ekki til þess að mál leysist, útifjárnám eru kostnaðarsöm og tímafrek og þá hefur lögregla ekki getað veitt aðstoð í þeim mæli sem þörf hefur verið á. Í kjölfar þessa hafa fjárnámsbeiðnir hlaðist upp og hefur það leitt til óánægju gerðarbeiðanda og mikils vinnuálags hjá starfsfólki sýslumannsembætta.

Með því fyrirkomulagi sem felst í framangreindri tillögu er stefnt að því að sá kostnaður, tími og fyrirhöfn sem fylgir því að fulltrúi sýslumanns þurfi að fara í útifjárnám ásamt fulltrúa gerðarbeiðanda eða fá lögreglu til að færa gerðarþola til gerðar minnki til muna. Þessar tvær leiðir munu þó enn þá vera til staðar ef gerðarbeiðandi óskar þess að reynt sé

að hafa upp á gerðarþola í stað þess að ljúka gerðinni sem árangurslausri án nærveru hans. Ekki verður séð að það horfi til réttarspjalla fyrir gerðarþola að gerð verði lokið án árangurs hafi hann haft vitneskju um að gerð geti lokið með þeim hætti mæti hann ekki til hennar, en eins og að framan greinir er gert ráð fyrir að gerðarþola verði með skýrum hætti í boðunarbréfi kynnt hvað það geti haft í för með sér að mæta ekki til fyrirtöku hjá sýslumanni. Þá má nefna að í ljósi þeirra áhrifa sem árangurslaust fjárnám hefur á lánstraust gerðarþola má ætla að vitneskja gerðarþola um að unnt sé að ljúka gerð sem árangurslausri án nærveru hans auki líkurnar á að hann mæti við gerðina og bendi á eignir til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda sé einhverjum slíkum eignum á annað borð til að dreifa.

Rétt er að taka fram að það leiðir af 65. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að lánardrottinn getur ekki krafist þess að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslauss fjárnáms samkvæmt þessari málsgrein. Er því ekki hætta á að heimild til að ljúka fjárnámi sem árangurslausu án nærveru skuldara hafi í för með sér aukinn fjölda beiðna um gjaldþrotaskipti fyrir dómstólum.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 67. gr. laganna svo að heimilt verði að endurupptaka fjárnám, sem lokið hefur verið sem árangurslausu án nærveru gerðarþola, ef gerðarþoli telur sig geta bent á eignir til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og lögum nr. 90/1989, um aðför.

Frumvarp þetta miðar að því að einfalda framkvæmd sektarinnheimtu og birtingu sektardóma og draga úr kostnaði lögregluembætta við slík verkefni. Helstu breytingarnar í þessu skyni eru í fyrsta lagi að lagt er til að lögreglu verði heimilt að bjóða sakborningi að ljúka máli, einkum vegna umferðarlagabrota, með greiðslu sektar á vettvangi að því tilskildu að sektin sé undir 50.000 kr. og að gengist hafi verið skýlaust við brotinu. Í slíkum tilvikum verður þá komist hjá því að senda ítrekuð sektarboð. Í annan stað er lagt til að lögregla þurfi ekki að birta sektardóm sérstaklega fyrir dómþola hafi hann ekki verið viðstaddur uppkvaðninguna þegar viðurlög eru ekki önnur en sekt eða upptaka eigna. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að svokölluð útivistarfjárnám verði heimiluð en það felur í sér að lögregla þarf þá ekki að handtaka menn og færa til sýslumanns í tengslum við árangurslaus fjárnám. Dómsmálaráðuneytið áætlar að þessar breytingar geti leitt til margvíslegs hagræðis og vinnusparnaðar hjá lögregluembættum og Fangelsismálastofnun þannig að kostnaður vegna þessara mála lækki samtals um 20 m.kr. á ári. Hefur þegar verið gert ráð fyrir þeirri lækkun útgjalda í einu lagi á liðnum *06-390-1.10 Ýmis löggæslumál* í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 en á vegum dómsmálaráðuneytisins er nú unnið að mati á útgjaldalækkuninni hjá einstökum embættum.

338. Fyrirspurn [310. mál]

til samgönguráðherra um fjarskiptasamband við Ísafjarðardjúp.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra mæta óskum og undirskriftalistum íbúa við Ísafjarðardjúp um bætt fjarskiptasamband og möguleika á ISDN-tengingu?

339. Fyrirspurn [311. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvenær tók Verkefnasjóður sjávarútvegsins til starfa og hverjir sitja í stjórn hans?
2. Hve miklar hafa tekjur sjóðsins verið frá því að hann var stofnaður? Í hvaða verkefni hefur þeim verið varið, og hve háum fjárhæðum í einstök verkefni?

Skriflegt svar óskast.

340. Fyrirspurn [312. mál]

til sjávarútvegsráðherra um leyfilegan meðafla botnfisks.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve mikið af leyfilegum meðafla botnfisks reiknast ekki til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu? Beðið er um upplýsingar fyrir tímabilið frá 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.
2. Hvernig skiptist þessi afli á milli fisktegunda?
3. Úr hvaða veiðarfærum hefur aflinn komið og hvernig skiptist hann á milli veiðarfæra?
4. Hve mikil söluverðmæti hafa borist á land af hverri fisktegund frá 1. febrúar 2002?
5. Hve mikil heildarverðmæti hafa borist á land?

Skriflegt svar óskast.

341. Fyrirspurn [313. mál]

til sjávarútvegsráðherra um meðafla í flotvörpu.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver er meðafli sem mælst hefur í afla kolmunna-, síldveiði- og loðnuskipa, greint eftir veiðitegundum uppsjávarafla og tegundum meðafla? Óskað er eftir að svör miðist við tímabilið frá síðustu áramótum svo langt sem gögn leyfa.
2. Hvernig skiptist þessi meðafli á milli veiðisvæða og tímabila?
3. Hversu mikið af meðaflanum hefur verið reiknað til aflamarks hjá viðkomandi skipum?
4. Hversu oft hefur komið til svæðalokana vegna meðafla uppsjávarveiðiskipa og þá hvar og hvenær?
5. Hve oft hefur Fiskistofa gert sérstaka athugun á þessum meðafla?
6. Hafa stjórnvöld gripið til annarra aðgerða til að reyna að draga úr meðaflanum?

Skriflegt svar óskast.

342. Fyrirspurn [314. mál]

til viðskiptaráðherra um könnun á viðskiptaháttum tryggingafélaga og banka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að leita álits Samkeppnisstofnunar á því hvort ástæða sé til að kanna hvort verðsamráð eða ólöglegir viðskiptahættir tíðkist hjá tryggingafélögunum eða í bankakerfinu, sbr. upphafsákvæði 5. gr. samkeppnislaga?

343. Svar [179. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um framkvæmd reglugerðar um slátrun og meðferð sláturafurða.

1. *Hvaða sláturhús hafa starfsleyfi frá ráðuneytinu án þess að uppfylla allar kröfur reglugerðar nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða? Hvaða kröfur eru ekki uppfylltar í hverju tilviki og hversu langur frestur hefur fengist til úrbóta?*

Í spurningunni er ruglað saman hugtökum þegar talað er um starfsleyfi. Með vísan til reglugerðar nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða, eru tvenn meginskilyrði sem sláturhús þarf að uppfylla til þess að slátrun geti farið þar fram. Í fyrsta lagi þarf sláturhús að hafa löggildingu ráðuneytisins. Slíka löggildingu getur það ekki gefið út fyrr en að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Í öðru lagi þarf sláturleyfi skv.

6. gr. tilvitnaðrar reglugerðar, en embætti yfirdýralæknis veitir rekstraraðila sláturhúss slíkt leyfi að uppfylltum skilyrðum.

Eins og að framan greinir gefur embætti yfirdýralæknis út sláturleyfi fyrir rekstraraðila sláturhúss, sbr. 6. gr. Við gildistöku reglugerðarinnar 1. janúar 2004 gaf embætti yfirdýralæknis út sláturleyfi fyrir öll sláturhús, nema alifuglasláturhús sem ekki falla undir ákvæði reglugerðarinnar, að fenginni umsögn viðkomandi héraðsdýralækna. Héraðsdýralæknarnir byggðu umsagnir sínar á reglubundnu eftirliti og skoðun á viðkomandi sláturhúsum. Við eftirlit og skoðanir af þessu tagi er alvanalegt að gerðar séu athugasemdir varðandi það sem betur má fara og að gerðar séu kröfur um úrbætur. Sláturleyfishafar kappkosta almennt að gera nauðsynlegar endurbætur og fá til þess hæfilega fresti, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Þetta er í samræmi við viðteknar aðferðir við eftirlit í matvælafyrirtækjum, þar með töldum sláturhúsum í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Svarið við spurningunni er því að sláturhúsin uppfylltu ákvæði fyrrgreindra laga og reglugerðar eða skilyrði sem sett voru fyrir veitingu sláturleyfa.

2. *Hve mörgum sláturhúsum hefur verið synjað um starfsleyfi á grundvelli þess að þau uppfylli ekki reglugerðina síðan hún tók gildi og hvaða ákvæði eru það sem hvert og eitt hefur ekki uppfyllt?*

Aftur er ruglað saman hugtökum og ekki ljóst hvort átt er við löggildingu eða sláturleyfi í spurningunni. Einni umsókn um löggildingu á sláturhúsi hefur verið hafnað frá því reglugerð nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða, tók gildi 1. janúar 2004, þar sem embætti yfirdýralæknis treysti sér ekki til að mæla með löggildingu þess, eins og áskilið er í 3. gr. reglugerðarinnar. Til að svara því hvaða ákvæði reglugerðarinnar voru ekki uppfyllt liggur beinast við að vísa til greinargerðar embættis yfirdýralæknis vegna umræddrar umsóknar.

Í umsögn embættisins til ráðuneytisins vegna óska forsvarsmanna þessa tiltekna sláturhúss um löggildingu sláturhússins frá 13. september sl. kemur m.a. fram að samskipti embættis yfirdýralæknis og núverandi forráðamanna sláturhússins hófust í apríl 2002. Þá hafði aðstoðaryfirdýralæknir, ásamt héraðsdýralækni og þáverandi sláturhússtjóra, skoðað sláturhúsið og skrifað skýrslu um skoðunina og sent hana forsvarsmanni sláturhússins ásamt bréfi í lok aprílmánaðar 2002. Í bréfinu voru taldar upp margar endurbætur sem gera þyrfti á sláturhúsinu til þess að það uppfyllti kröfur og auk þess bent á að gera þyrfti úrbætur vegna mjög alvarlegra ágalla, áður en slátrun gæti hafist haustið 2002. Einnig var vakin athygli á því að embættið gæti ekki mælt með því við ráðuneytið að slátrað yrði í húsinu fyrr en fyrrgreindar endurbætur hefðu verið gerðar, að gera þyrfti tímasetta verkáætlun um aðrar nauðsynlegar endurbætur á sláturhúsinu og að hún skyldi lögð fyrir embætti yfirdýralæknis.

Í bréfi embættis yfirdýralæknis til þáverandi sláturhússtjóra í apríl 2002 er bent á að við skoðunina á sláturhúsinu fyrr í mánuðinum hafi komið í ljós mjög alvarlegir gallar á sláturhúsinu, þakleki niður í marga vinnslusali, engin vélkæling hafi verið í úrbeiningarsal, svo sem skylt er, og innra eftirlit hafi ekki verið í samræmi við reglugerð. Í bréfinu voru settir frestir til úrbóta og skilyrði sett um áframhaldandi vinnslu í ljósi þessara ágalla.

Í bréfi forsvarsmanns sláturhússins til teiknistofu í byrjun maí 2002, segir að stefnt sé að því að ljúka framkvæmdum fyrir haustslátrun 2003, þannig að húsið uppfylli kröfur um útflutning.

Aðstoðaryfirdýralæknir fundaði síðan með forráðamönnum sláturhússins og fulltrúa frá áðurnefndri teiknistofu í júní 2002 þar sem rætt var nánar um forgangsröðun verkefna. Hand-

skrifaðir minnispunktar eru til frá þeim fundi. Þar kemur fram að farið hafi verið yfir teikningar og framkvæmdaáætlun fyrir sláturhúsið. Ákveðið að leggja megináherslu á þakleka, endurbætur á rétt og blóðrampi og útbúa aðstöðu til að þvo og sótthreinsa gripaflutningabíla fyrir haustið. Rætt var um frekari framkvæmdir um haustið og að lokið yrði 1. september 2003 að koma húsinu í útflutningshæft ástand. Þá var rætt um að embætti yfirdýralæknis framlengdi tímafresti.

Með bréfi embættis yfirdýralæknis dagsettu 19. júní 2002 til þáverandi rekstraraðila sem hafði með höndum rekstur sláturhússins og afriti til forsvarsmanns eiganda sláturhússins, voru frestir til úrbóta framlengdir.

Fyrir haustslátrun 2002 var skipt um þak á sláturhúsinu að hluta, lokið við að skipta um járn á rétt en einungis gert við þakleka á blóðrampi. Ekki var útbúin aðstaða til að þvo og sótthreinsa fjárflutningabíla og ekki lokið við endurbætur á blóðrampi, samkvæmt skýrslu héraðsdýralæknis til yfirdýralæknis 18. september 2002, þó um það hafi verið samið í júní 2002.

Í annarri skýrslu frá héraðsdýralækni til aðstoðaryfirdýralæknis, dagsettri 13. desember 2002, kemur fram að margt er aðfinnsluvert varðandi búnað í kjötvinnslunni, viðhald á byggingum og fráveitu, að innra eftirlit var mjög takmarkað, ekki var útbúin vélkæling í vinnslusal og í sláturtíð haustið 2002 stíflaðist frárennslið frá vambaklefa tvisvar sinnum. Auk þess væri hreinlæti og umgengni ábótavant.

Með bréfi embættisins til rekstraraðila sláturhússins um miðjan desember 2002 (afrit sent forsvarsmanni eiganda sláturhússins) er gerð krafa um að atriði sem tíundið voru í skýrslu héraðsdýralæknis verði lagfærð og gerð nákvæm, tímasett verk- og framkvæmdaáætlun í síðasta lagi 15. febrúar 2003. Enn fremur var gerð krafa um að fyrir 1. apríl 2003 yrði lokið við að útbúa kælingu í vinnslusölum, setja upp innra eftirlit og mála þar sem þess var þörf. Loks var gerð krafa um að endurbótum á fráveitu yrði lokið eigi síðar en 1. september 2003.

Tímasett verk- og framkvæmdaáætlun barst aldrei, vélkæling var ekki útbúin, fráveita var lagfærð til bráðabirgða, innra eftirlit er enn ekki í lagi.

Þrátt fyrir augljósar vanefndir forráðamanna sláturhússins féllst embættið á að mæla með því að leyfi yrði veitt til slátrunar haustið 2003. Jafnframt var með bréfi embættisins, 21. september 2003, til ráðuneytisins lagt til að ekki yrði heimiluð slátrun aftur í húsinu nema lokið yrði endurbótum á því í samræmi við reglugerð nr. 461/2003, en hún tók gildi 1. janúar 2004, og reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

Ráðuneytið veitti leyfi til slátrunar haustið 2003 með bréfi sínu 21. september 2003 og í því er tíundað að ekki verði veitt frekari heimild til slátrunar fyrr en að loknum endurbótum.

Frá því að forsvarsmaður eiganda og rekstraraðili sláturhússins hafði fyrst samband við embætti yfirdýralæknis hafa einungis allra nauðsynlegustu endurbætur verið gerðar á sláturhúsinu. Kröfum embættisins um endurbætur og um gerð tímasettra verk- og framkvæmdaáætlana hefur ýmist ekki verið sinnt eða, hafi það verið gert, þá hefur þeim ekki verið framfylgt eða slælega framfylgt og oftast án þess að haft væri samband við embættið og farið fram á frestun. Árið 2003 voru engar raunverulegar endurbætur gerðar þó að þeim ætti að vera lokið þá samkvæmt bréfi forsvarsmanna sláturhússins til teiknistofunnar frá því í byrjun maí 2002 og minnispuktum frá fundi með forráðamönnum sláturhússins hjá embættinu í júní 2002. Árið 2004 höfðu forráðamenn sláturhússins ekki samband við embættið fyrr en í júlílok, þó að þeim mætti vera ljóst að sláturhúsið væri hvorki löggilt né hefði sláturleyfi, sbr. bréf ráðuneytisins frá 21. september 2003 og nýja reglugerð nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða.

Í ljósi framanritaðs taldi embætti yfirdýralæknis sér ekki fært að mæla með löggildingu sláturhússins fyrr en nauðsynlegar endurbætur hefðu verið gerðar. Forráðamönnum sláturhússins hefur oft verið gerð grein fyrir því að margvíslegir gallar eru á sláturhúsinu, veittir hafa verið frestir til endurbóta en þeir hafa verið nýttir illa og því er enn margt sem þarf að lagfæra, sbr. skýrslu embættisins um sláturhúsið eftir skoðun á því 5. desember 2003. Yfirdýralæknir mælti með veitingu sláturleyfis bæði haustið 2002 og 2003, þrátt fyrir augljósa ágalla á sláturhúsinu og síðar vanefndir forráðamanna sláturhússins varðandi úrbætur og taldi yfirdýralæknir ekki stætt á því að halda áfram á þeirri braut.

Forráðamenn sláturhússins sendu embætti yfirdýralæknis nýja framkvæmdaáætlun hinn 16. september 2004 og í bréfi embættisins til ráðuneytisins hinn 19. september 2004 er þess getið að ekki hafi verið sýnt fram á að lokið hafi verið almennu viðhaldi á öllum byggingum og búnaði, sbr. skráningar teiknistofu við skoðun á sláturhúsinu 5. desember 2003. Engum af stærri verkefnum til endurbóta á sláturhúsi og kjötfrystihúsi hafi átt að sinna fyrr en að lokinni sláturtíð. Forráðamönnum sláturhússins var tilkynnt með bréfi í september 2003 að slátrun yrði heimiluð haustið 2003, en að ljúka þyrfti nauðsynlegum endurbótum á sláturhúsinu áður en aftur yrði veitt heimild til slátrunar. Ekki hefur verið gengið frá endanlegum hönnunartillögum og framkvæmdaáætlun né þær samþykktar af landbúnaðarráðuneyti, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða. Af þessu má ljóst vera að augljósar eru vanefndir af hálfu forráðamanna sláturhússins á því að standa við gerðar framkvæmdaáætlanir og loforð að mati embættis yfirdýralæknis.

Með vísan til framanritaðs og þar sem yfirdýralæknir lagðist gegn löggildingu viðkomandi sláturhúss voru ekki lagaskilyrði til að verða við beiðni um löggildingu á sláturhúsinu. Beiðni um löggildingu var því hafnað. Í lögum nr. 96/1997 og reglugerð nr. 461/2003 er heldur ekki að finna heimild til ráðherra til að veita undanþágu frá löggildingu sláturhúsa hafi yfirdýralæknir neitað að mæla með löggildingu.

344. Fyrirspurn [315. mál]

til iðnaðarráðherra um atvinnumál í Mývatnssveit.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver er staða mála varðandi byggingu kísilduftverksmiðju í Mývatnssveit?
2. Kemur til greina að grípa til mótvægisráðstafana í atvinnumálum þegar Kísiliðjunni við Mývatn verður lokað 1. desember nk. og þá hverra?

345. Frumvarp til laga [316. mál]

um afnám laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson,
Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Brottfall laga.

Lög nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, falla brott við gildistöku laga þessara.

Um leið fellur niður umboð stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

2. gr.

Meðferð eigna og skulda flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Allar eignir flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, hvaða nafni sem þær nefnast, skulu seldar og kröfur á hendur sjóðnum gerðar upp. Afgangur, ef einhver verður, rennur til ríkissjóðs.

Reikningum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal lokað, þeir gerðir upp og afgangur, ef einhver verður, endurgreiddur gjaldendum í réttu hlutfalli við greiðslur frá þeim í hverjum flokki.

3. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara falli brott frá 1. janúar 2005. Lögin leystu af hólmi eldri lög um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, nr. 81/1985, og voru sett þegar viðskiptaumhverfi olíuvara var að taka miklum breytingum með setningu samkeppnislaga, nr. 8/1993, og frelsi í innflutningi og viðskipti með olíuvörur.

Markmiðið með setningu laganna á sínum tíma var að jafna ákveðinn hluta flutningskostnaðar en að öðru leyti ætti dreifingarkostnaður að greiðast af álagningu olíufélaganna eða dreifingaraðila þeirra.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í viðskiptalífinu frá setningu laganna og telja flutningsmenn ekki lengur þörf á lögum af þessu tagi heldur eðlilegt að markaðurinn ráði verðmyndun á hverjum tíma. Í samkeppnisumhverfi munu olíufélögin leita leiða til að koma vöru sinni á markað með sem hagkvæmustum hætti. Þá skýtur einnig skökku við að forstjóri Samkeppnisstofnunar skuli lögum samkvæmt vera formaður stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sem hefur það að markmiði að jafna kostnað við að koma vöru á markað og taka ákvörðun um gjald sem skuli lagt á allar olíuvörur til niðurgreiðslu kostnaðar. Það gengur í raun þvert gegn markmiðum samkeppnislaga að ekki sé minnst á hve óheppilegt er að blanda Samkeppnisstofnun inn í markaðsmál með þessum hætti. Þá gera gildandi lög ráð fyrir að olíufélögin, sem eru samkeppnisaðilar, eigi sameiginlegan fulltrúa í stjórninni eða fari saman með atkvæðisrétt. Það er mat flutningsmanna að löggjafinn eigi ekki að þvinga samkeppnisaðila til samstarfs að neinu leyti, enda hefur komið í ljós að fyrirtækin eru tilneydd að gefa upp viðskiptaupplýsingar sem almennt á ekki að deila með samkeppnisaðilum.

Reynslan hefur einnig sýnt að lækkun á verði til neytenda næst almennt ekki með millifærslusjóðum heldur er frjáls samkeppni á markaði best til þess fallin. Þá sýnir nýleg rannsókn á samráði olíufélaganna svo ekki verður um villst að fyrirbæri eins og flutningsjöfnunarsjóður olíuvara býður hreinlega upp á röskun á samkeppni.

Flutningsmenn telja eðlilegt að löggjafinn bregðist við þessu og skapi eðlilegt viðskiptaumhverfi þar sem markaðurinn ráði framboði, eftirspurn og verðmyndun. Til þess að svo megi verða þarf að leggja niður kerfi flutningsjöfnunar á olíuvörum. Því er lagt til að lög um flutningsjöfnun olíuvara verði felld brott og um leið falli niður umboð stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs. Gert er ráð fyrir að eignir, ef einhverjar eru, verði seldar og skuldir gerðar upp. Þá er gert ráð fyrir að innstæður á reikningum vegna innheimts flutningsjöfnunargjalds, ef einhverjar eru, verði endurgreiddar gjaldendum í réttu hlutfalli við framlög þeirra fyrir brottfall laganna. Loks er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 en flutningsmenn telja mikilvægt að löggjafinn bregðist skjótt við enda þoli málið ekki bið.

346. Fyrirspurn [317. mál]

til fjármálaráðherra um stóriðju og skatta.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hve mikla skatta og þjónustugjöld greiddu alþjóðleg stóriðjufyrirtæki hérlendis til íslenska ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar árin 1995–2003, sundurliðað eftir fyrirtækjum og árum?
2. Hvernig er háttað samningum um mismunandi skattlagningu gagnvart nefndum fyrirtækjum?
3. Hverjar hefðu skatttekjur ríkis og sveitarfélaga orðið á árunum 1995–2003 ef viðkomandi fyrirtæki hefðu verið skattlögð að fullu til samræmis við skattlagningu á almenn íslensk atvinnufyrirtæki?

Skriflegt svar óskast.

347. Frumvarp til laga [318. mál]

um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Verkfall Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands og félagsmanna þeirra gagnvart launanefnd sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að launanefndinni, svo og verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem er ætlað að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil frá gildis-

töku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. gr., ef til hans kemur. Þó er aðilum heimilt að semja um breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

2. gr.

Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki gert með sér kjarasamning fyrir 15. desember 2004 skal Hæstiréttur Íslands tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skal fyrir 31. mars 2005 ákveða kaup og kjör félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hjá þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að launanefnd sveitarfélaga. Ákvarðanir gerðardómsins skulu vera bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með 15. desember 2004 og gilda þann tíma sem gerðardómurinn ákveður. Endanlegt uppgjör launa skal fara fram 30. apríl 2005.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kallar hann dóminn saman.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og getur krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Aðilar skulu eiga rétt á að gera gerðardómnum grein fyrir sjónarmiðum sínum. Skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan tíma í því skyni.

Gerðardómnum skal séð fyrir viðunandi starfsaðstöðu. Gerðardómurinn getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

Kostnaður af starfi gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Gerðardómurinn skal, við ákvörðun samkvæmt lögum þessum, hafa hliðsjón af almennri þróun á vinnumarkaði frá gerð síðasta kjarasamnings deiluaðila að því leyti sem við á. Við ákvarðanir um laun félagsmanna skv. 1. gr. og önnur starfskjör þeirra skal gerðardómurinn einnig hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð en jafnframt gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað.

Komi aðilar vinnudeilunnar sér saman um einhver efnisatriði í deilunni, án þess að vilja gera um það dómsátt, skal gerðardómurinn taka mið af því við ákvörðun sína en hefur þó frjálsar hendur um tilhögun mála.

Heimilt er gerðardómi að beita sér fyrir samkomulagi eða dómsátt á milli aðila sem hafi sömu réttaráhrif og ákvarðanir gerðardómsins, hvort sem er um einstök ákvæði eða heildarsamning þeirra í milli, og tekur þá gerðardómurinn ekki ákvörðun um þau atriði sem svo háttar til um.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkfall grunnskólakennara hefur staðið frá 20. september sl. en kjaraviðræður kennara og skólastjóra í grunnskólum við launanefnd sveitarfélaga höfðu þá staðið yfir án árangurs um nokkurra mánaða skeið hjá embætti ríkissáttasemjara. Boðað hafði verið til verkfallsins í kjölfar allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fór 2. og 3. júní sl. meðal grunnskólakennara og skólastjórnenda.

Samningar Kennarasambands Íslands vegna grunnskólakennara og skólastjóra runnu út hinn 31. mars sl. Höfðu viðræður hafist nokkru fyrr, eða 2. febrúar sl., en síðan þá hafa deilu-

aðilar komið saman formlega á 71 fundi hjá ríkissáttasemjara, auk þess sem þeir hafa ótal sinnum ræðst við óformlega á vegum embættisins.

Hinn 28. október, þegar verkfall hafði staðið í fimm vikur, lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu að höfðu samráði við deiluaðila og var verkfalli þá frestað þar til úrslit atkvæðagreiðslu lægju fyrir. Miðlunartillagan var felld með 93% greiddra atkvæða kennara og hófst því verkfall að nýju í grunnskólum landsins þriðjudaginn 9. nóvember. Ríkissáttasemjari boðaði þá til samningafunda að nýju en að morgni miðvikudagsins 10. nóvember var ljóst að enn bæri mikið í milli og raunar var fullyrt að deiluaðilar hefðu, ef eitthvað væri, fjarlægst hvor annan. Ákvað ríkissáttasemjari þá að slíta fundi og boða ekki til nýs fundar fyrr en eftir hálfan mánuð, enda taldi hvorugur aðili tilefni til þess. Lét hann þess jafnframt getið að engin ástæða væri til bjartsýni um að eitthvað nýtt kæmi fram eftir þann tíma sem orðið gæti til þess að leysa þessa erfiðu kjaradeilu.

Forsætisráðherra barst þann 9. nóvember sl. bréf frá Þórhildi Líndal, umboðsmanni barna, þar sem lýst er þungum áhyggjum af stöðu mála og horfum í deilunni. Í bréfi umboðsmanns barna segir:

„Yfirstandandi verkfall grunnskólakennara hefur fyrst og fremst bitnað á þeim, sem síst skyldi, þ.e. börnum þessa lands, og hætta er á því að mörg þeirra muni bíða ómetanlegt tjón ef það dregst enn frekar á langinn.

Grunnskólinn er vinnustaður barna og því er með öllu óþolandi að þeim sé haldið frá vinnu sinni svo að vikum skiptir. Réttur barna til skólagöngu er þar með fyrir borð borinn þrátt fyrir lögboðna skyldu hins opinbera til að sjá þeim fyrir almennri menntun og fræðslu.

Í ljósi þeirrar stöðu, sem nú er upp komin í samningaviðræðum sveitarfélaga og samtaka kennara, þar sem engin lausn virðist í sjónmáli, beini ég, sem umboðsmaður barna, þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að beita sér nú þegar fyrir lausn á þessari kjaradeilu í samráði við deiluaðila til þess að endi verði bundinn á þetta ófremdarástand sem allra fyrst.“

Í frumvarpi þessu er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila og bann við verkfalli frá því að frumvarpið tekur gildi og samningsaðilum gefinn frestur til 15. desember nk. til þess að ljúka samningum sín í milli. Hafi það ekki tekist fyrir þann tíma skipar Hæstiréttur þrjá menn í gerðardóm sem skal skera úr um kjaramál grunnskólakennara og skólastjóra. Skal gerðardómur ljúka störfum fyrir 31. mars 2005 enda hafi aðilar ekki gert með sér kjarasamning fyrir þann tíma. Ljóst er að friðarskylda milli deiluaðila er á þessu stigi máls eina úrræði ríkisstjórnarinnar til að koma skólastarfi í landinu aftur í eðlilegt horf án frekari tafa. Ákvæði um gerðardóm er að dómi ríkisstjórnarinnar til þess fallið að koma með nýja nálgun í viðræður deiluaðila en engu að síður er þeim gefinn kostur á að ná samningum sín í milli fram til 15. næsta mánaðar áður en ákvæði um gerðardóm taka fullnaðargildi. Aukinheldur eru í lagafrumvarpi þessu ákvæði þess efnis að komi deiluaðilar sér saman um einhver efnisatriði í deilunni skuli gerðardómurinn taka mið af því við ákvörðun sína en hafi þó frjálsar hendur um tilhögun mála. Þá er og ákvæði um að heimilt sé gerðardómi að beita sér fyrir sátt milli aðila sem hafi sömu réttaráhrif og ákvarðanir hans, hvort sem er um einstök ákvæði eða heildarsamning þeirra í milli, og taki gerðardómur þá ekki ákvörðun um þau atriði sem svo háttar um.

Meðan á kjaradeilu grunnskólakennara og sveitarfélaga hefur staðið hefur ríkisstjórnin ítrekað lýst því yfir að það sé skylda samningsaðila að ná saman um kjarasamning á eigin forsendum og að lagasetning á kjaradeilur sé aðeins algjört neyðarúrræði sem ekki megi grípa til nema í undantekningartilfellum. Nú er svo komið að ríkisstjórnin telur sig ekki lengur geta setið aðgerðarlaus á meðan 45.000 skólabörn fá ekki þá lögmætu kennslu sem þeim

ber. Þrátt fyrir langt verkfall og stíf fundahöld eru deiluaðilar engu nær og hafa eins og áður sagði að því er virðist heldur fjarlægst síðustu daga. Má því færa fyrir því gild rök að svo ríkir almannahagsmunir standi til þess að starf í grunnskólum landsins geti hafist að nýju svo fljótt sem auðið er að lög sem fela í sér bann við verkfallinu eigi rétt á sér við núverandi aðstæður.

Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda. Þetta á bæði við um stefnuna í peningamálum og fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Í þessu samhengi er brýnt að launastefna ríkis og sveitarfélaga komi ekki af stað víxlhækkunum verðlags og launa sem aftur hefði í för með sér aukna verðbólgu og rýrnun kaupmáttar. Þessu frumvarpi er ætlað að stuðla að framgangi þessara markmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila frá því að frumvarpið fær lagagildi og á gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Vinnustöðvanir deiluaðila, sem og hvers konar verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru samkvæmt því óheimilar. Gildir í því sambandi einu hvort aðgerðir hafa hafist áður en frumvarpið fær lagagildi. Aðilum er heimilt að semja um aðra skipan kjaramála, en þeim er óheimilt að beita framangreindum úrræðum til að knýja fram þá skipan.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 15. desember nk. til að ljúka samningum sín á milli, eins og æskilegast er. Hafi það ekki tekist fyrir þann tíma kveður greinin á um að Hæstiréttur Íslands tilnefni þrjá menn í gerðardóm er skuli skera úr um kjaramál grunnskólakennara og skólastjórnenda. Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum sínum fyrir 31. mars 2005. Gert er ráð fyrir því að ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með 15. desember 2004 og gildi jafnframt þann tíma sem gerðardómurinn ákveður. Þá er tekið fram í greininni að endanlegt uppgjör launa samkvæmt hinum nýju ákvörðunum skuli fara fram 30. apríl 2005.

Hæstarétti er ætlað skv. 2. mgr. að ákveða hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins. Það er síðan formannsins að kalla dóminn saman.

Gerðardómnum er sjálfum ætlað að setja sér starfsreglur og afla nauðsynlegra gagna og getur hann krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Þá er kveðið á um rétt aðila til að koma sjónarmiðum sínum að við umfjöllun gerðardómsins, hvort sem er munnlega eða skriflega, og skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan frest í því skyni.

Ætla má að starf gerðardómsins krefjist verulegrar gagnaöflunar. Nauðsynlegt er að gerðardómurinn hafi viðunandi starfsaðstöðu og er lagt til að ríkið sjái gerðardómnum fyrir henni. Einnig er gert ráð fyrir að gerðardómurinn þurfi að afla upplýsinga og álita hjá sérfróðum mönnum og er gerðardómi heimilað að efna til kostnaðar sem því fylgir.

Allur kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um þau viðmið sem gerðardómurinn skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun sína og störf. Hann skal í því efni líta til almennrar þróunar á vinnumarkaði frá gerð síð-

asta kjarasamnings deiluaðila, kjara þeirra sem sambærilegastir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð og gæta þess jafnframt að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga verði ekki raskað með niðurstöðu gerðardómsins. Miklu skiptir að gerðardómurinn taki á þessum þáttum með sanngirni og gæti samhliða að þjóðarhag í efnahagslegu tilliti.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að aðilar geti sameiginlega beint óskum til gerðardómsins um að tilteknum atriðum verði hagað í úrskurði með þeim hætti sem aðilar óska. Gerðardómurinn er þó ekki bundinn af þessum tilmælum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að aðilar geti, með milligöngu gerðardómsins, gert með sér bindandi samkomulag eða sátt um tiltekin atriði, sem eru þá fullnaðarlyktir á þeim með aðilum og bindandi fyrir gerðardóminn. Gerðardómurinn úrskurðar þá um önnur atriði en þau sem samkomulag eða sátt hefur tekist um. Getur þetta flýtt mjög vinnu gerðardómsins og er hvatning til deiluaðila að leggja sitt af mörkum við lausn deilunnar.

Lögin koma að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

Með frumvarpinu er lagt til að settur verði á laggirnar þriggja manna gerðardómur tilnefndur af Hæstarétti Íslands hafi aðilar að kjaradeilu grunnskólakennara og skólastjórnenda annars vegar og launanefndar sveitarfélaga hins vegar ekki gert með sér kjarasamning fyrir 15. desember 2004. Skal gerðardómurinn þá ákveða kaup og kjör skólastjórnenda og grunnskólakennara hjá sveitarfélögum og afla til þess nauðsynlegra gagna. Kostnaður af starfi gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að kostnaður ríkisins verði á bilinu 5–10 m.kr. sem felst í þóknunum, aðkeyptri sérfræðivinnu o.fl.

348. Tillaga til þingsályktunar [319. mál]

um ungt fólk og getnaðarvarnir.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta Möller, Dagný Jónsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Birkir J. Jónsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Katrín Júlíusdóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra gerð framkvæmdaáætlunar um að auðvelda ungu fólki að fá getnaðarvarnir með það að markmiði að minnka hættu á smitsjúkdómum og fækka ótímabærum þungunum unglingsstúlkna.

Við gerð framkvæmdaáætlunarinnar verði eftirfarandi þættir m.a. hafðir í huga:

1. Fræðsla fyrir ungmenni um kynlíf og barneignir þar sem hlutverk heimila, skóla og heilsugæslu verði skýrt sérstaklega.
2. Hvernig megi auðvelda ungu fólki að nálgast smokka, m.a. verði skoðað hvaða möguleikar eru til verðlækkunar og hvort dreifing ókeypis smokka til fólks undir 20 ára aldri í félagsmiðstöðvum, „tótalráðgjöf“ og á unglingamóttökum heilsugæslunnar mundi stuðla að því að markmið áætlunarinnar næðust.
3. Hvernig auðvelda megi útvegun getnaðarvarnapillu, m.a. verði athugað hvaða þýðingu niðurgreiðsla eða endurgjaldslaus dreifing pillunnar til kvenna undir 20 ára aldri hefði til að ná markmiðum áætlunarinnar.
4. Þjónusta lyfjaverslana vegna getnaðarvarna, þar á meðal neyðargetnaðarvarnar, verði athuguð sérstaklega sem og hvernig megi bæta hana með tilliti til þarfa ungs fólks.

Greinargerð.

Í heilbrigðisáætlun til 2010 segir m.a. um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir í umfjöllun um markmið 4, heilsufar ungs fólks:

„Eitt af verkefnum heilbrigðisþjónustunnar verður að auka fræðslu ungmenna um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir. Þetta er mjög brýnt ef takast á að draga úr ótímabærum þungunum ungra kvenna. Enn fremur þurfa getnaðarvarnir að vera mun aðgengilegri fyrir fólk en nú er.

Þegar aldur mæðra á Íslandi er borinn saman við önnur lönd kemur í ljós að hlutfall ungra mæðra 19 ára og yngri er meira en helmingi hærra hér á landi en víðast annars staðar á Norðurlöndum. Árin 1991–1995 var fæðingartíðnin 24,8 á hverjar 1.000 konur í aldurshópnum 15–19 ára. Sambærilegar tölur í Finnlandi og Svíþjóð voru 1,9. Stór hluti þessara mæðra eru einstæðar og möguleikar þeirra til menntunar og starfsframa eru í mörgum tilvikum takmarkaðir. Þar af leiðandi eru líkur á því að bág staða mæðranna geti haft slæmar heilsufarslegar og félagslegar afleiðingar fyrir börnin.“

Jafnframt segir að meðal markmiða til 2010 sé að ótímabærum þungunum meðal stúlkna 19 ára og yngri fækki um 50%.

Í umfjöllun um markmið 7, sem snýst um að dregið verði úr smitsjúkdómum, segir m.a.:

„Útbreiðsla nýrra smitsjúkdóma og sjúkdóma sem víða hafa komið fram á ný sýna samt sem áður að full þörf er á því að hafa ætíð fullan viðbúnað og sinna sóttvörnum á skipulegan hátt. Má þar nefna HIV-smit og alnæmi, berkla, klamýdíu ...“

Meðal markmiða áætlunarinnar er að dregið verði úr nýgengi klamýdíu um 50%.

Til þess að þessi markmið náist er mikilvægt að gera sérstaka áætlun fyrir ungt fólk og mikilvægt er að flýta allri slíkri vinnu. Tölur, m.a. um þunganir unglingsstúlkna á Íslandi, eru afar sláandi. Annars staðar á Norðurlöndunum er mjög auðvelt að nálgast getnaðarvarnir og einnig eru ókeypis getnaðarvarnir víða.

Staðreyndin er sú að ungt fólk byrjar að stunda kynlíf um 15 ára aldur, hvort sem slíkt þykir æskilegt eður ei. Getnaðarvarnir eru mikilvægar til að koma í veg fyrir bæði ótímabærar þunganir og smitun kynsjúkdóma. Mikilvægt er að minnka áhættuna á hvoru tveggja, en jafnframt er nauðsynlegt að öll kynfræðsla verði markvissari og reynt verði að ná til sem flestra ungmenna áður en þau fara að stunda kynlíf. Þar eru skólarnir meginvettvangurinn. Mikilvægt er að auka enn frekar útgáfu fræðsluefnis bæði fyrir ungmenni og foreldra. Væntanlegir eru tveir bæklingar á vegum Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir sem fyrst og fremst eru ætlaðir foreldrum en mikilvægt er að foreldrar verði virkari í allri slíkri fræðslu fyrir börn sín.

Samtök félagsmiðstöðva (Samfés) hafa m.a. fjallað um það á landsþingi sínu að mikilvægt sé að bæta aðgengi ungs fólks að getnaðarvörnum. Þar hefur jafnframt verið rætt um ýmsar hindranir í vegi ungs fólks þegar það þarf að nálgast getnaðarvarnir eða spyrja viðkvæmra spurninga varðandi kynlíf, t.d. í lyfjaverslunum. Huga þarf sérstaklega að þessum þætti ráðgjafar.

Jafnframt er nauðsynlegt að fjölga sértækum unglingamóttökum heilsugæslunnar sem nú eru t.d. á Akureyri, Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði. Þær hafa reynst sérstaklega vel, ekki einungis í ráðgjöf varðandi kynlíf og barneignir heldur einnig í sambandi við alla andlega líðan og stuðning vegna erfiðleika bæði í skóla og á heimili.

Á 127. þingi var vísað til ríkisstjórnarinnar tillögu frá fyrsta flutningsmanni um að fela heilbrigðisráðherra að hefja viðræður við heilsugæsluna í Reykjavík um opnun unglingamóttöku. Mikilvægt er að sú tillaga komist í framkvæmd og haldist í hendur við tillöguna sem hér er flutt.

Flutningsmenn vonast til þess að sérstök framkvæmdaáætlun um bætt aðgengi ungs fólks að getnaðarvörnum verði til þess að minnka hættu á smitsjúkdómum og fækka ótímabærum þungunum unglingsstúlkna.

349. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bolla Þór Bollason frá forsætisráðuneyti, Jón Sveinsson hrl. og Garðar Garðarsson hrl., Guðmund Árnason og Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Ragnhildi Arnljótsdóttur og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ásmund Stefánsson ríkissáttasemjara, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá launanefnd sveitarfélaga, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Hönnu Hjartardóttur frá Skólastjórafélagi Íslands, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Elínu Thorarensen frá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra, Bergþóru Valsdóttur frá Samtökum foreldra og kennara, Samfok, og

Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna. Umsagnir bárust frá samninganefnd launanefndar sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands. Jafnframt barst nefndinni ályktun frá stjórn Kennarasambands Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að bann verði lagt við verkfalli grunnskólakennara, þ.e. Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands og félagsmanna þeirra. Kjarasamningar kennara við launanefnd sveitarfélaga hafa verið lausir frá 31. mars sl. Verkfallið hófst 20. september og stóð óslitið á sjöttu viku, eða til 28. október, en þá var því frestað vegna fram kominnar miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Þegar úrslit atkvæðagreiðslu sem felldi miðlunartillöguna lágu fyrir hófst verkfall að nýju 9. nóvember.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samningsaðilar hafi frest til 15. desember nk. til að ljúka samningum. Ef samningar nást ekki fyrir þann tíma segir í frumvarpinu að Hæstiréttur skuli tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli fyrir 31. mars 2005 ákveða kaup og kjör félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hjá þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að launanefnd sveitarfélaga. Ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur milli aðila frá og með 15. desember 2004 og gilda þann tíma sem gerðardómurinn ákveður. Þá skuli endanlegt uppgjör launa fara fram 30. apríl 2005.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að þótt það sé grundvallarregla að aðilar kjarasamninga ljúki samningum sín í milli getur til þess komið þegar brýna nauðsyn ber til að íhlutun ríkisvaldsins sé réttlætanleg. Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er nú svo komið að ríkisstjórnin telur sig ekki lengur geta setið aðgerðalaus á meðan 45.000 skólabörn fá ekki þá lögmætu kennslu sem þeim ber. Þar segir jafnframt að þrátt fyrir langt verkfall og stíf fundahöld séu deiluaðilar engu nær og hafi að því er virðist heldur fjarlægst. Á fundum nefndarinnar hefur þessi staða málsins verið staðfest enn frekar og þeir aðilar sem að deilunni standa og ríkissáttasemjari hafa lýst því yfir að ekkert bendi til að frekari viðræður muni leiða til niðurstöðu á næstu vikum eða jafnvel mánuðum. Frumvarpinu er því ætlað að höggva á þann hnút sem deiluaðilar hafa sagt óleysanlegan. Skólastarf hefur legið niðri svo vikum skiptir og meiri hlutinn tekur undir það mat ríkisstjórnarinnar að ekki verði lengur við unað, en leggur jafnframt áherslu á að samningsaðilar geti eftir sem áður hvenær sem er gert kjarasamning óbundnir af gerðardómi. Í þessu sambandi vísast til þess sem segir í lokamálsgrein athugasemda við 3. gr. frumvarpsins að lögin komi að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa.

Í samtölum nefndarinnar við gesti var mikið rætt um þá tímaramma sem settir eru fram í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Sú umræða snerist annars vegar um dagsetninguna 15. desember, þ.e. þann frest sem aðilar hafa til að ljúka samningum áður en gerðardómur tekur til starfa sem verður þá jafnframt gildistökudagur niðurstöðu gerðardóms, og hins vegar dagsetningarnar 31. mars og 30. apríl, þ.e. þann frest sem gerðardómur hefur til að ljúka störfum og þann dag þegar endanlegt uppgjör launa skal fara fram. Ákvæði frumvarpsins um að aðilar hafi frest til 15. desember til að ljúka samningum áður en gerðardómur tekur til starfa helgast af tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um nauðsyn þess að gefa deiluaðilum nægilegt svigrúm til að ná sáttum og gera kjarasamninga. Með þessu tímamarki 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins var ætlunin að koma til móts við þessi tilmæli. Á fundi nefndarinnar með deiluaðilum og í skriflegum umsögnum þeirra kom hins vegar ótvírætt fram að þeir teldu þennan frest of rúman og teldu ástæðulaust að halda honum óbreyttum. Í þessu sambandi má aftur vísa til lokamálsgreinar athugasemda við 3. gr. frumvarpsins þess efnis að lögin komi að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa. Að teknu tilliti til þessara sjónarmiða leggur meiri hlutinn því til að sá tími

sem aðilum verði gefinn til að reyna til þrautar að ná samningum fyrir skipun gerðardóms verði styttur frá 15. desember í 20. nóvember nk. Meiri hlutinn leggur einnig til að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. verði breytt á þann veg að í stað þess að ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur milli aðila frá og með 15. desember 2004 skuli hann vera bindandi frá gildistöku laganna. Með því er tryggt að sú breyting sem verður á kjörum kennara mun gilda frá og með þeim degi þegar þeir taka aftur til starfa.

Þá leggur meiri hlutinn jafnframt til að gerðardómur skuli ljúka störfum svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 28. febrúar 2005 í stað 31. mars 2005 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Meiri hlutinn vísar í þessu sambandi til laga nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira, en þar var gerðardómi markaður mun styttri tíma til ákvarðanatöku en hér er. Í framhaldi af því er lagt til að endanlegt uppgjör launa skuli fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að niðurstaða gerðardóms liggur fyrir í stað 30. apríl 2005 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í dómi Hæstaréttar frá 14. nóvember 2002 er fjallað um gerðardóm sem skipaður var með lögum nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira, sem bundu enda á verkfall fiskimanna vorið 2001. Þar segir að í lögunum hafi ekki verið skýr fyrirmæli um gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Honum hafi því aðeins verið settar skorður af því almenna ákvæði 3. gr. laganna að gerðardómurinn skyldi við ákvörðun sína hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hefðu verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við ætti og almenna þróun kjaramála. Þá segir í dóminum að í raun hafi þetta þýtt að gerðardómurinn skyldi ákveða gildistíma ákvarðana sinna með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga sem gerðir hefðu verið mánuðina áður en hann starfaði. Það svigrúm sem gerðardómnum hefði verið gefið til að ákveða gildistíma ákvarðana sinna væri óheppilega mikið en fæli þó ekki í sér óhæfilega skerðingu á réttindum stefnanda. Þætti gerðardómurinn hafa farið hóflega með þetta vald sitt.

Í ljósi framangreinds hæstaréttardóms telur meiri hlutinn rétt að taka fram að með því að marka gerðardómnum engar reglur um það hversu langur samningstíminn skv. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins skuli vera er leitast við að skapa gerðardómnum hæfilegt svigrúm til starfa og draga úr áhrifum þess inngrips á samningssvið deiluaðila sem lagasetningin er. Meiri hlutinn bendir þó á að miðað við aðdraganda málsins og tilgang frumvarpsins þurfi gildistíminn að vera skemmri en lengri, þó þannig að nægileg ró og stöðugleiki geti skapast á vinnumarkaði og í grunnskólum landsins áður en sest verður að samningaborði á nýjan leik. Það er eftir sem áður hlutverk gerðardóms að meta hæfilegan gildistíma, komi til þess að hann verði skipaður og ljúki.

Loks leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingar á 1. og 2. gr. frumvarpsins sem lúta eingöngu að fyrirkomulagi samningsumboða launanefndar sveitarfélaga. Meiri hlutinn leggur jafnframt til breytingu á 1. mgr. 1. gr. til að taka af allan vafa um að með orðunum að gera með sér kjarasamning sé átt við að kjarasamningur hafi verið undirritaður.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem raktar eru hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. nóv. 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Jónína Bjartmarz. Kjartan Ólafsson.

Birgir Ármannsson. Sigurður Kári Kristjánsson.

350. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn er andvígur frumvarpi ríkisstjórnarinnar um lög á kjaradeilu kennara og skólastjórnenda. Lagasetning þessi leysir engan vanda heldur skýtur honum einungis á frest auk þess sem báðir samningsaðilar hafa lýst andstöðu sinni við hana. Nái frumvarpið fram að ganga magnast óánægja innan kennarastéttarinnar og kann að leiða til flótta úr stéttinni. Skólastarf í landinu verður í uppnámi ef frumvarpið verður samþykkt enda munu kennarar mæta til starfa í algerri óvissu um framtíðarkjör sín.

Það er mat minni hlutans að ríkisstjórnin beri mikla ábyrgð á því hve alvarleg staðan er. Í fyrsta lagi hefur hún sjálf gert samninga við framhaldsskólakennara sem fullkomlega eðlilegt er að grunnskólakennarar noti sem viðmiðun. Þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna í ágúst 1996 voru byrjunarlaun kennara þau sömu í framhaldsskólum og grunnskólum. Eftir síðustu samninga ríkisins eru byrjendalaun grunnskólakennara mun lægri og munurinn á heildarlaunum er orðinn verulegur. Ríkisstjórnin hefur skapað þetta viðmið og getur ekki vikist undan þeirri ábyrgð.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin ekki tryggt sveitarfélögunum fullnægjandi tekjustofna til að standa undir þeirri ábyrgð sem Alþingi og ríkisstjórnin hafa lagt þeim á herðar. Í þessu felst ef til vill stærsti hluti ábyrgðar ríkisstjórnarinnar og í því að hafa ekki lokið vinnu tekjuskiptingarnefndar ríkis og sveitarfélaga. Einnig hefur ríkisstjórnin gert breytingar á skattalögum sem hafa takmarkað tekjuöflun sveitarfélaganna.

Í þriðja lagi hafa kröfur til grunnskólans breyst verulega frá því að hann var færður til sveitarfélaganna. Grunnskólar eru nú einsetnir og fleiri róttækar og dýrar breytingar hafa verið gerðar á skólastarfi. Sveitarfélögin eiga reyndar lof skilið fyrir að hafa svarað auknum kröfum með því að bæta þjónustuna en allir bera hins vegar samfélagslega ábyrgð á þróun grunnskólans. Í því felst að einnig ríkisvaldið ber ábyrgð á kostnaðaraukanum sem hlýst af auknum gæðum grunnskólans. Þetta kallar því á aukinn skilning á sanngjarnari tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Tíu árgangar Íslendinga bera skaðann af verkfallinu. Hann verður seint bættur að fullu og stjórnvöld hafa engar áætlanir uppi um að bregðast við honum. Það hefur vissulega verið grafalvarlegt ástand í samfélaginu þar sem 45 þúsund grunnskólabörn hafa verið án kennslu í tæpa tvo mánuði. Neikvæð áhrif af slíku ástandi geta verið gríðarleg og langvarandi. Hins vegar leysir frumvarpið, verði það að lögum, engan vanda heldur virðist þvert á móti gera hann enn meiri og deiluna illleysanlegri. Minni hlutinn vísar allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og leggst gegn þessari lagasetningu.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður friðarskylda lögð á deiluaðila frá gildistöku laganna og út gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Skv. 1. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir að gerðardómurinn ákveði sjálfur gildistíma ákvarðana sinna. Þetta felur í sér að gerðardómnum er í raun framselt vald til að ákveða upp á eigin spýtur hversu lengi grunnskólakennarar skuli vera sviptir verkfallsrétti. Verður framangreint fyrirkomulag að teljast óvarlegt enda nýtur verkfallsrétturinn verndar félagafrelsisákvæðis 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og ákvæðis 1. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og eru strangar kröfur gerðar til lagasetningar sem banna verkföll. Í dómi Hæstaréttar frá 14. nóvember 2002 í svokölluðu sjómannamáli, sem fjallaði um réttmæti lagasetningar á verkfall sjómanna, komst Hæstiréttur svo að orði um

sambærilegt ákvæði í þeim lögum að það svigrúm sem gerðardómnum var gefið þá hefði verið óheppilega mikið. Bent hefur á að við lagasetningu sem þessa beri að afmarka hóflegan hámarksgildistíma ákvarðana gerðardómsins í lögunum sjálfum.

Í lokamálslið frumvarpsins er gert ráð fyrir að aðilum verði áfram heimilt að semja um breytingar eftir að gerðardómurinn hefur komist að niðurstöðu en þeir megi hins vegar ekki knýja þær fram með vinnustöðvun. Þetta telur minni hlutinn óhóflega skerðingu þeirra mannréttinda sem í verkfallsréttinum felast, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 13. nóv. 2004.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Ágúst Ólafur Ágústsson. Sigurjón Þórðarson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

351. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til l. um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „sem aðild eiga að launanefndinni“ komi: sem veitt hafa launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar við nefnda aðila.
2. Við 1. mgr. 2. gr.
   a. Í stað orðanna „gert með sér kjarasamning“ í 1. málsl. komi: undirritað kjarasamning.
   b. Í stað dagsetningarinnar „15. desember 2004“ í 1. málsl. komi: 20. nóvember 2004.
   c. Í stað dagsetningarinnar „31. mars 2005“ í 1. málsl. komi: 28. febrúar 2005.
   d. Í stað orðanna „sem aðild eiga að launanefnd sveitarfélaga“ í 1. málsl. komi: sem veitt hafa launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar við félögin.
   e. Í stað dagsetningarinnar „15. desember 2004“ í 2. málsl. komi: gildistöku laga þessara.
   f. Í stað dagsetningarinnar „30. apríl 2005“ í 3. málsl. komi: eigi síðar en fjórum vikum eftir að niðurstaða gerðardóms liggur fyrir.

352. Frumvarp til laga [318. mál]

um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

(Eftir 2. umr., 13. nóv.)

1. gr.

Verkfall Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands og félagsmanna þeirra gagnvart launanefnd sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem veitt hafa launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar við nefnda aðila, svo og verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem er ætlað að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. gr., ef til hans kemur. Þó er aðilum heimilt að semja um breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

2. gr.

Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki undirritað kjarasamning fyrir 20. nóvember 2004 skal Hæstiréttur Íslands tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skal fyrir 28. febrúar 2005 ákveða kaup og kjör félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hjá þeim sveitarfélögum sem veitt hafa launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar við félögin. Ákvarðanir gerðardómsins skulu vera bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með gildistöku laga þessara og gilda þann tíma sem gerðardómurinn ákveður. Endanlegt uppgjör launa skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að niðurstaða gerðardóms liggur fyrir.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kallar hann dóminn saman.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og getur krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Aðilar skulu eiga rétt á að gera gerðardómnum grein fyrir sjónarmiðum sínum. Skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan tíma í því skyni.

Gerðardómnum skal séð fyrir viðunandi starfsaðstöðu. Gerðardómurinn getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

Kostnaður af starfi gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Gerðardómurinn skal, við ákvörðun samkvæmt lögum þessum, hafa hliðsjón af almennri þróun á vinnumarkaði frá gerð síðasta kjarasamnings deiluaðila að því leyti sem við á. Við ákvarðanir um laun félagsmanna skv. 1. gr. og önnur starfskjör þeirra skal gerðardómurinn einnig hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð en jafnframt gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað.

Komi aðilar vinnudeilunnar sér saman um einhver efnisatriði í deilunni, án þess að vilja gera um það dómsátt, skal gerðardómurinn taka mið af því við ákvörðun sína en hefur þó frjálsar hendur um tilhögun mála.

Heimilt er gerðardómi að beita sér fyrir samkomulagi eða dómsátt á milli aðila sem hafi sömu réttaráhrif og ákvarðanir gerðardómsins, hvort sem er um einstök ákvæði eða heildarsamning þeirra í milli, og tekur þá gerðardómurinn ekki ákvörðun um þau atriði sem svo háttar til um.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

353. Lög [318. mál]

um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 352.

354. Svar [263. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um virðisaukaskatt af listmunagerð.

1. *Er greiddur virðisaukaskattur af:*
   a. *glerlist,*
   b. *málaralist,*
   c. *leirlist,*
   d. *trélist, svo sem rennismíði úr tré?*

Skattskyldusvið virðisaukaskatts er skilgreint mjög rúmt í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Þar kemur fram að skattskyldan taki til allra vara og verðmæta og til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sem ekki er sérstaklega tilgreind undanþegin í 3. mgr. greinarinnar. Lögin hafa ekki að geyma sérstaka skilgreiningu á vöruhugtakinu en ljóst er að það er mjög víðtækt og getur náð til hvers konar efnislegra verðmæta. Ákvæðið slær því föstu að skattskyldan taki bæði til nýrrar vöru og notaðrar.

Þrátt fyrir framangreint eru listamenn undanþegnir skattskyldu, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000 – 9703.0000.

Eftirfarandi listaverk falla undir hin tilgreindu tollskrárnúmer:

1. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki:
   a. uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar frumverk.
   b. handskrifaður texti.
   c. ljósmyndir á ljósnæman pappír.
   d. handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.
2. Klippimyndir og áþekkt veggskreytispjöld.
3. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti, þ.e. myndir sem þrykktar eru beint í svörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaður hefur gert að öllu leyti í höndunum án tillits til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.
4. Frumverk af höggmyndum og myndstyttum úr hvers konar efni. Til þessa flokks teljast

ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru, jafnvel þótt þessar vörur séu hannaðar eða búnar til af listamönnum.

Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytispjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af þessum listaverkum, enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þau.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um virðisaukaskatt kom fram í athugasemdum við 4. gr. að undir hugtakið listaverk í þessu sambandi féllu ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru. Að þessu virtu er talið að sala nytjamuna, sem telja verður að eigi sér hliðstæður í almennri verslunarvöru, falli almennt ekki undir ákvæðið, hvort sem þeir eru verksmiðjuframleiddir eða handunnir. Skattskyldan nær því m.a. til skála, kertastjaka, vasa og annarra leirlistamuna, hvers konar tréskurðarhandverks, textílvöru, svo sem púða, efna og fatnaðar, o.fl. Hér skiptir engu máli að varan er gerð að öllu leyti í höndum eða að engir tveir hlutur eru eins.

Af þessu má sjá að málverk standa nokkuð út úr að þessu leyti, enda verða þau vart talin til nytjamuna, sem eiga sér hliðstæður í almennri verslunarvöru og er því sala á þeim undanþegin virðisaukaskatti að uppfylltum framangreindum skilyrðum. Hins vegar er sala á listmunum sem handunnir eru úr gleri, leir eða tré ekki undanþegin virðisaukaskatti ef umræddir munir teljast til venjulegra handiðnaðarvara sem hafa einkenni verslunarvöru.

2. *Ef mismunur er á virðisaukaskattsgreiðslum í framangreindum greinum, hver er ástæðan og hvaða rök liggja að baki?*

Eins og rakið hefur verið að framan gilda ekki mismunandi reglur um virðisaukaskatt eftir tilteknum listgreinum, heldur er litið til þeirra muna sem seldir eru og notagildis þeirra. Ef þeir munir sem seldir eru teljast til nytjamuna, sem eiga sér hliðstæður í almennri verslunarvöru, er sala þeirra ekki undanþegin virðisaukaskatti.

Eitt megineinkenni virðisaukaskatts er það að skatturinn er hlutlaus gagnvart framleiðslu og má ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum. Þá felst í hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali að hann hafi ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum.

Af þessu má sjá að samkeppnissjónarmið og eðli skattsins gerir það að verkum að lagður er virðisaukaskattur á alla listmuni ef þeir teljast til nytjamuna og eiga sér hliðstæðu í almennri verslunarvöru.

Þá ber að geta þess að í vafatilvikum er seljanda mögulegt að kanna hjá tollyfirvöldum til hvaða tollskrárnúmera vara heyrir, sbr. reglur nr. 117/1994, um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara.

355. Svar [77. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um langtímaatvinnulausa.

1. *Hvernig skiptast langtímaatvinnulausir eftir kyni, aldri, búsetu og menntun og er vitað hve margir öryrkjar falla í þennan flokk?*

Eftirfarandi upplýsingar um einstaka hópa atvinnulausra byggjast á atvinnuleysistölum er lágu fyrir í lok september sl. Á þeim tíma voru 1.414 einstaklingar á atvinnuleysisskrá sem falla undir þá skilgreiningu að teljast vera langtímaatvinnulausir, þ.e. hafa verið samfellt án

atvinnu í lengri tíma en sex mánuði. Langtímaatvinnulausir voru því um 33% allra atvinnulausra á þeim tímapunkti.

Skiptingin milli kynjanna var nokkuð jöfn enda þótt aðeins hallaði á konurnar en þær voru um 55% af þeim sem voru í hópi langtímaatvinnulausra. Þegar atvinnulausar konur eru skoðaðar sérstaklega kemur í ljós að 32,44% þeirra voru langtímaatvinnulausar. Svipað hlutfall karla, eða 34,2% allra karla sem eru án atvinnu, voru langtímaatvinnulausir.

Flestir langtímaatvinnulausra hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu eða um 1.189 einstaklingar sem eru um 84% af öllum langtímaatvinnulausum. Atvinnuleysi var einnig hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu í september eða um 3,1% af áætluðum mannafla. Atvinnuleysi á landsbyggðinni var 1,9%. Þegar litið er til einstakra svæða á landinu var langtímaatvinnuleysi hlutfallslega minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu voru langtímaatvinnulausir tæplega 40% allra sem voru þar á atvinnuleysisskrá. Á landsbyggðinni var atvinnuleysið mest 2,8% á Norðurlandi eystra en þar var hlutfall langtímaatvinnulausra einnig mest eða um 23,3%. Hlutfall langtímaatvinnulausra var minnst á Norðurlandi vestra eða um 10%. Atvinnuleysið var jafnframt minnst á því svæði eða 1,1%.

Aldursskiptingin var sem hér segir:

148 einstaklingar voru langtímaatvinnulausir í aldurshópnum 16–24 ára;

337 einstaklingar voru langtímaatvinnulausir í aldurshópnum 25–34 ára;

291 einstaklingur voru langtímaatvinnulausir í aldurshópnum 35–44 ára;

269 einstaklingar voru langtímaatvinnulausir í aldurshópnum 45–54 ára;

369 einstaklingar voru langtímaatvinnulausir í aldurshópnum 55 ára og eldri.

Fæstir langtímaatvinnulausra voru því á aldrinum 16–24 ára eða um 10% þeirra sem töldust vera langtímaatvinnulausir. Hlutfallslega flestir langtímaatvinnulausra voru hins vegar í hópi 55 ára og eldri eða um 26% langtímaatvinnulausra.

Stærsti hluti langtímaatvinnulausra var ófaglært starfsfólk eða um 60%. Ellefu prósent þeirra voru með háskólamenntun, 10% með iðnmenntun og 2% höfðu lokið vélstjórnar- og skipstjórnarnámi. Þá höfðu 5% langtímaatvinnulausra lokið verslunarprófi og 9% stúdentsprófi.

Því miður liggja enn ekki fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda öryrkja sem teljast vera langtímaatvinnulausir en Vinnumálastofnun vinnur nú að öflun slíkra upplýsinga.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að hlutfall langtímaatvinnulausra hefur hækkað úr 19% af öllum atvinnulausum árið 2002 í 34% í ágúst sl.?*

Svo virðist sem langtímaatvinnuleysi hafi aukist hér á landi hin síðustu ár. Árið 2003 voru að meðaltali 26,4% atvinnulausra langtímaatvinnulausir en 19% árið 2002.

Ljóst er að langtímaatvinnuleysi sveiflast milli mánaða. Langtímaatvinnuleysi er til dæmis hlutfallslega mest yfir sumarmánuðina en þá fækkar að jafnaði á atvinnuleysisskrá og þá meira þeim sem verið hafa án atvinnu um skemmri tíma. Ber því að varast samanburð milli ársmeðaltala og talna fyrir einstaka mánuði. Í því sambandi má benda á að hlutfall langtímaatvinnulausra fór yfir 30% í lok sumars 2003 á sama hátt og gerðist nú í sumar.

Þegar tölur fyrir ágústmánuði síðastliðinna tveggja ára eru skoðaðar kemur í ljós að langtímaatvinnuleysi í þeim mánuðum virðist hafa verið hlutfallslega hærra en ársmeðaltölin gáfu til kynna. Langtímaatvinnulausir í ágúst árið 2002 voru um 24% allra atvinnulausra en voru um 32,6% allra atvinnulausra í ágúst árið 2003. Í ágúst í ár voru langtímaatvinnulausir um 34% allra atvinnulausra.

Því er þó ekki að neita að það virðast teikn á lofti um að langtímaatvinnuleysi aukist enn milli ára. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2004 þá voru langtímaatvinnulausir 31,5% allra

atvinnulausra að meðaltali. Til samanburðar má nefna að langtímaatvinnulausir voru 26,8% allra atvinnulausra að meðaltali á fyrstu níu mánuðum ársins 2003.

Hafa verður í huga að á meðan atvinnuleysi eykst er streymi inn á skrá mikið og því hlutfallslega margir sem hafa verið atvinnulausir í skemmri tíma. Þar af leiðandi er langtímaatvinnuleysi tiltölulega lítið. Meðan atvinnuástandið er að ná aftur jafnvægi eykst fjöldi langtímaatvinnulausra smám saman. Þá er jafnframt tilhneiging til þess að þegar atvinnuástandið fer aftur batnandi fari þeir sem skemmst hafa verið á skrá aftur út á vinnumarkaðinn. Þeir langtímaatvinnulausu verða þá hlutfallslega meira áberandi í hópi þeirra sem eru án atvinnu. Til marks um þetta má nefna að um mitt árið 2000 þegar atvinnuleysi var mjög lítið, var hlutfall langtímaatvinnulausra um og yfir 35% af heildinni.

Þessi þróun veldur vissum áhyggjum enda þótt erfitt sé að segja til um hvort langtímaatvinnuleysi sé að festast í sessi. Þetta er tiltölulega nýr vandi sem stjórnvöld og aðrir þeir sem starfa að þessum málum horfast í augu við og er mikilvægt að við honum verði brugðist. Þegar í byrjun þessa árs ákvað stjórn Vinnumálastofnunar að langtímaatvinnulausir yrðu forgangshópur í vinnumarkaðsúrræðum á árinu ásamt ungu fólki á atvinnuleysisskrá. Að því er varðar hóp langtímaatvinnulausra hefur verið lögð áhersla á menntunar- og starfstengd úrræði en þau hafa haft jákvæð áhrif á fólk sem lengi hefur verið án atvinnu. Þá er jafnframt lögð áhersla á starfsráðgjöf en í því efni var lögð áhersla á að efla einstaklingsbundna ráðgjöf.

Úrræði til handa atvinnulausum eru ætluð til að auka tækifæri þeirra á vinnumarkaðnum. Markmiðið er ætíð að virkja einstaklinginn í atvinnuleit og koma þannig í veg fyrir að fólk verði án atvinnu til lengri tíma. Einstaklingar sem eru án atvinnu eiga kost á ýmsum úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlana til að auka færni sína og starfsmöguleika. Helstu úrræðin eru sjálfsstyrkingarnámskeið, tölvunámskeið, menntasmiðjur af ýmsu tagi, starfsþjálfunarverkefni og starfsleitarnámskeið. Lögð er áhersla á að virkja þá sem hafa lengst verið án atvinnu en þeir njóta ákveðins forgangs um þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum.

Stjórnvöld munu áfram beina sjónum sínum að því að finna lausnir sem eru vænlegar til árangurs. Enn fremur má gera ráð fyrir að sú staðreynd að hér á landi sé fyrir hendi langtímaatvinnuleysi muni hafa áhrif á vinnu starfshópsins sem er að fara yfir kerfi atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsúrræða.

356. Frumvarp til laga [320. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00874% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,232% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og

0,045% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,0059% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.

3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,1% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,1% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,00988% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00605% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,65% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Íslandspóstur hf. skal vegna innlánsreikninga Póstgírós greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0011% af heildarfjárhæð útistandandi húsbréfa, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, segir:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laganna er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu ásamt áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds. Í framhaldi af athugun ráðuneytisins á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins er lagt fram þetta frumvarp um breytingu á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna.

Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll lækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt að því undanskildu að lagt er til að lágmarksgjald vegna vátryggingamiðlara hækki úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 289,5 millj. kr. árið 2004 í 298 millj. kr. árið 2005, eða um tæp 3%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 288,7 millj. kr. en 309,5 millj. kr. á því næsta sem er um 7% hækkun.

Fylgiskjal I.

Skýrsla til viðskiptaráðherra
um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2005
skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar
við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2005. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. september ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2005. Átti Fjármálaeftirlitið fund með nefndinni hinn 17. ágúst sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2005. Samráðsnefndin skilaði skriflegum ábendingum til Fjármálaeftirlitsins um drögin að rekstraráætluninni hinn 25. ágúst sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði síðan um ábendingar nefndarinnar á stjórnarfundi hinn 31. ágúst sl. og í kjölfarið var samráðsnefndinni gefið tækifæri á að koma endanlegu áliti sínu á framfæri. Fylgir það hjálagt.

Í skýrslu þessari er að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2003 og rekstraráætlun vegna ársins 2004. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir forsendum rekstraráætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2005 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2005.

Skýrslunni fylgja tvær töflur þar sem gerð er grein fyrir áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (tafla 1) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang (tafla 2). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2003 er einnig meðfylgjandi.

Sérstök greinargerð fylgir skýrslunni, „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár", en slík greinargerð hefur verið fylgiskjal með rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins undanfarin tvö ár samkvæmt tilmælum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá því á árinu 2001.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2003.

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu á árinu 2003 um 259,8 millj. kr. Ýmsar tekjur námu um 5,0 millj. kr. og vaxtatekjur námu um 2,9 millj. kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu um 261,7 millj. kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam 6,1 millj. kr. Eignir í árslok 2003 námu samtals um 7,4 millj. kr. og skuldir um 2,7 millj. kr.

Höfuðstóll í ársbyrjun 2003 nam um –1,3 millj. kr. Tekið var tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds sem samþykkt var á Alþingi fyrir árið 2003. Tekjum og höfuðstól var ráðstafað til reksturs á árinu og var eigið fé í árslok 2003 jákvætt um 4,7 millj. kr. eða 1,8% af gjöldum samtals. Til ársins 2004 flytjast því 4,7 millj. kr. í stað –3,8 millj. kr. sem gert var ráð fyrir í rekstraráætluninni fyrir árið 2004, sbr. 2. tölul. hér á eftir.

Ekki var gert ráð fyrir tekjuafgangi í árslok að teknu tilliti til yfirfærslu frá fyrra ári í áætlun ársins 2003. Frávik urðu frá áætlun í launakostnaði sem nam 2,2 % af launum og launatengdum gjöldum. Ástæða þessa fráviks er einkum tvíþætt. Annars vegar varð skörun við mannabreytingar og hins vegar fóru tveir starfsmenn í launalaust leyfi á árinu. Enn fremur urðu frávik frá áætlun vegna tölvukostnaðar sem reyndist minni í árslok en gert hafði verið ráð fyrir.

Um rekstur FME á árinu 2003 er að öðru leyti vísað til ársreiknings og skýringa með honum.

2. Rekstraráætlun vegna ársins 2004.

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar næsta árs hefur Fjármálaeftirlitið á hverju ári endurskoðað upphaflega rekstraráætlun yfirstandandi árs, í því skyni að áætla eins nákvæmlega og kostur er stöðu í lok árs, svo að ákvörðun um álagningarhlutföll verði í sem bestu samræmi við neikvæða eða jákvæða niðurstöðu. Með hliðsjón af bráðabirgðarekstraruppgjöri fyrir fyrri helming yfirstandandi árs telur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að endurskoða upphaflegu áætlunina ef frá er talinn liðurinn yfirfært frá fyrra ári sem byggir nú á rauntölum úr ársreikningi 2003. Yfirfært frá árinu 2003 reyndist vera 4,7 millj. kr. í stað –3,8 millj. kr. eða 8,5 millj. kr. frávik. Þetta þýðir að við ákvörðun álagningarhlutfalla vegna ársins 2005 er gert ráð fyrir að óráðstafað eigið fé í árslok 2004 verði 8,5 millj. kr. sem gangi upp í eftirlitsgjald 2005 til lækkunar.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2005.

Í töflu 1 er birt rekstraráætlun fyrir árið 2005 í samanburði við rekstraráætlun fyrir árið 2004. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Launakostnaður.

Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu stærðir að nokkru eða öllu leyti, svo sem laun og launatengd gjöld, stærð húsnæðis og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir því í fyrirliggjandi drögum að áætlun fyrir næsta ár að bætt verði við starfskraft FME sem nemur einu ársverki. Því til viðbótar verði svigrúm til að ráða sumarstarfsmann í tímabundin verkefni. Nánar er fjallað um rökin fyrir þessu í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Launabreytingar fylgja kjarasamningum en starfsmenn FME þiggja laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og kjarasamningum bankamanna. Gert ráð fyrir samningsbundnum og starfsaldurstengdum breytingum á launum og launatengdum gjöldum. Kjarasamningar bankamanna eru lausir frá 1. október 2004 og hjá opinberum starfsmönnum frá 1. desember 2004. Erfitt er að áætla áhrif þessa á launakostnað, en Fjármálaeftirlitið hefur við áætlanagerðina haft til hliðsjónar nýlega samninga sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Áætlaðar launabreytingar vegna kjarasamninga samkvæmt framansögðu hafa áhrif til hækkunar á launum og launatengdum gjöldum sem nemur 4,4% milli áranna 2004 og 2005.

Að teknu tilliti til allra framangreindra forsendna er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld á árinu 2005 nemi um 219,8 millj. kr., eða 8,5% hækkun frá rekstraráætlun fyrir árið 2004.

Laun stjórnarmanna eru ákveðin af ráðherra. Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um að fyrirhugaðar séu breytingar á þeim á næsta ári.

Kostnaður við endurmenntun.

Samkvæmt símenntunarstefnu FME er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3% af heildarlaunum. Ekki er í drögum að áætlun gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 3, 5, 10, 14 og 16.

Rekstur á húsnæði.

Húsaleiga byggist á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður vegna tölvubúnaðar hækki um tæp 6% milli ára. Innifalið í þessum kostnaði er hækkun vegna gagnagrunnskerfis sem unnið er að uppsetningu á á yfirstandandi ári og árinu 2005. Áætlunin er byggð á reynslu síðustu ára og fjölda starfsfólks. Tölvubúnaður er að miklu leyti tekinn á leigu, en að nokkru leyti keyptur.

Ferðakostnaður og kostnaður vegna funda.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður hækki um tæp 9% milli ára.. Gert er ráð fyrir 80 ferðum á næsta ári á móti 75 ferðum árið 2004. Í viðauka (Rekstur og starfsumhverfi næstu þrjú ár) er fjallað um aukið samstarf eftirlita á Evrópskra efnahagssvæðinu og aukin umsvif íslenskra viðskiptabanka erlendis. Aukningin stafar af þessu. Rétt er að nefna að ítarlegt yfirlit yfir erlent samstarf Fjármálaeftirlitsins er birt á heimasíðu þess.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin eru vegna þriggja samevrópskra nefnda, þ.e. reksturs samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita, Committee of European Securities Regulators (CESR), samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita, Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervision (CEIOPS), og samstarfsnefndar evrópskra bankaeftirlita, Committee of European Banking Supervisiors (CEBS). Starfsemi þessara nefnda er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum. Þátttökugjöld vegna þessara þriggja nefnda eru áætluð 2,4 millj. kr. af 4 millj. kr. áætluðum þátttökugjöldum í heild vegna erlends samstarfs og funda erlendis á árinu 2005.

Annar kostnaður.

Aðrir kostnaðarliðir eru byggðir á reynslu fyrri ára. Eignakaup munu hækka um eina milljón en á móti munu ýmis önnur gjöld lækka um 700 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á öðrum liðum.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur.

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðu á reikningi Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu miðað við álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Ekki er í áætluninni gert ráð fyrir öðrum tekjum en vaxtatekjum.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2004.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal FME leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur eins og áður gert athugun á því hvort ástæða sé til að gera breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins, með tilliti til þess hvernig ráðstöfunartími í eftirliti hefur á síðustu árum fallið á einstaka flokka fjármálafyrirtækja. Niðurstaða þessarar athugunar leiddi til svipaðrar niðurstöðu og fyrri ár. Eins og áður má merkja lítils háttar breytingar á tímaskiptingu milli ára sem þó gefa ekki tilefni til verulegra breytinga. Hlutfallsleg skipting eftirlitsgjalds er því í meginatriðum áætluð óbreytt á árinu 2005 eins og var vegna ársins 2004. Þó er nú gert ráð fyrir hækkuðu lágmarksgjaldi vegna vátryggingamiðlara, eða 200 þús. kr. í stað 150 þús. kr. en nokkurt misræmi er milli hlutdeildar vátryggingamiðlara í álögðu eftirlitsgjaldi og þess tíma sem að jafnaði hefur verið varið í eftirlit með þeim. Athygli er einnig vakin á að eftirlitsgjald á Íbúðalánasjóð er áætlað hærra á árinu 2005 en var 2004 og eru rökin fyrir þeirri hækkun annars vegar að eftirlitið nær nú til sjóðsins alls í stað húsbréfadeildar áður og hins vegar að vegna nýlegra breytinga á lögum um sjóðinn er þörf á auknu eftirliti með nýjum áhættum í starfseminni. Áætlað álagningarhlutfall á Íbúðalánasjóð er þrátt fyrir framangreindar breytingar lægra en á aðrar lánastofnanir sem skýrist af því að starfsemi sjóðsins er eðlisólík starfsemi annarra lánastofnana. Við áætlun eftirlitsgjaldsins fyrir Íbúðalánasjóð hefur m.a. verið tekið mið af samanburði gjaldsins við ýmsa þætti úr rekstri sjóðsins og annarra lánastofnana.

Eins og fram kemur í rekstraráætluninni fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 298 millj. kr. samanborið við 289,5 millj. kr. áætlað eftirlitsgjald á árinu 2004 eða hækkun á eftirlitsgjaldi um tæplega 2,8% milli ára. Í töflu 2 eru áætluð álagningarhlutföll vegna ársins 2005 sýnd með hliðsjón af rekstraráætluninni fyrir það ár.

Tafla 1. Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins.
Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2004.

	Áætlun vegna 2004		Áætlun
Í þús. kr.	Upphafleg áætlun	Endursk. áætlun*	vegna 2005
Rekstrarkostnaður:	1	2	3
1 Laun og launatengd gjöld	202.617	202.617	219.757
2 Stjórnarlaun	6.400	6.400	6.400
3 Starfsmannaþj., kaffi, fundir	2.800	2.800	3.000
4 Íþrótta- og gististyrkur, framlag til SFME	2.000	2.000	2.000
5 Endurm.kostnaður og skólakostnaður	2.000	2.000	2.400
6 Húsaleiga	17.150	17.150	17.850
7 Rafmagn, hiti, húsfélag	2.000	2.000	2.000
8 Símakostnaður	1.800	1.800	2.000
9 Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	2.300	2.300	2.750
10 Bækur og ritföng	2.900	2.900	2.900
11 Póstkostnaður	600	600	540
12 Rekstur tölvub. og sérfr.þj. v. tölvumála	17.000	17.000	18.000
13 Sérfræðikostnaður	3.000	3.000	3.000
14 Ferðakostnaður erlendis	10.800	10.800	11.750
15 Ferðakostnaður innanlands	1.800	1.800	1.800
16 Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis	4.700	4.700	4.000
17 Kostnaður vegna funda innanlands	350	350	350
18 Eignakaup	2.000	2.000	3.000
19 Öryggisgæsla	700	700	700
20 Ræsting, ræstingarvörur	2.820	2.820	3.000
21 Ýmis gjöld og þjónusta	3.000	3.000	2.300
23 **Gjöld alls**	288.737	288.737	309.497
24 **Yfirfært frá fyrra ári, áætlað**	-3.771	4.758	8.529
25 **Álagt eftirlitsgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999**	289.508	289.508	297.968
26 **Vaxtatekjur**	3.000	3.000	3.000
27 **Aðrar tekjur**	0	0	0
28 **Til ráðstöfunar samtals**	288.737	297.266	309.497
29 **Til ráðstöfunar umfram gjöld**	0	8.529	0
30 **Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda**	5.000	5.000	5.500
31 **Tekjur úrskurðarnefnda**	5.000	5.000	5.500

Tafla 2. Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2005 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld.

Miðað er við álagningarþörf 297.968 þús. kr. skv. rekstraráætlun FME vegna 2005 (fskj. með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2005).

Í þús. kr.	Tilvísun í lög nr. 99/1999 5. gr. Töluliður	Út-reikn-ings-stofn*)	Álagt eftirlitsgjald í janúar 2004	Hlutfallsleg skipting milli stofn. flokka m.v. álagningu 2004	Lág-marks-gjald 2005	Áætluð tekju-þörf ársins 2005 skipt í hluf. álagn. líðandi árs	Álagningar-stofnar skv. ársreikn-ingum ársins 2003	Áætluð álagn.hlutf. (%) og fasta-gjöld v. ársins 2005	Gildandi álagningar-hlutföll (%) og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2005[1)]	Hlutfallsl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. 2005
Lánastofnanir - 1. tölul. samtals			144938,61	50,063755		149173,97	1,676E+09	0,00874	0,01149	147392,45	49,465992
Viðskiptabankar	1	e	113472,28	39,19486	400	116788,14	1,358E+09	0,00874	0,01149	118690,37	39,833363
Sparisjóðir	1	e	22127,329	7,6430787	400	22773,929	181651529	0,00874	0,01149	19522,394	6,5518595
Lánafyrirtæki	1	e	9339	3,2258169	400	9611,9022	136030290	0,00874	0,01149	9179,6835	3,0807695
Vátryggingafélög: -2. tölul. samtals			63681	21,996279	400	65541,872				64828	21,756755
Af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum	2	i	63192	21,827372		65038,583	26897157	0,232	0,2415	64348	21,595663
Af bókf. fengnum endurtrygg.iðgjöldum	2	i	489	0,1689072		503,28945	172740	0,045	0,047	478	0,1604203
Vegna söfnunarlíftrygginga	2	i	0	0		0	25493	0,0059	0,0059	2	0,0006712
Vátryggingamiðlarar	3	i	3367	1,1630074	200	3465,3897	1,183E+09	0,09	0,09	1800	0,6040933
Verðbréfafyrirtæki	4	e	4479,5329	1,5472913	400	4610,4328	2479267	0,1	0,09	3405,688	1,142974
Verðbréfamiðlanir	4	e	500	0,1727068	250	514,61089	49544	0,1	0,09	750	0,2517055
Rekstrarfélög	4	e	18876,516	6,5202041	400	19428,122	197514244	0,00988	0,01367	19823,669	6,6529697
- 4. tölul. samtals			23856,049	8,2402021		24553,165				23979,357	8,0476492
Kauphallir	5	t	1488,515	0,5141532	250	1532,0121	356931	0,5	0,5	1784,655	0,5989434
Lífeyrissjóðir	6	el	47864,592	16,533078	150-600	49263,281	823977366	0,00605	0,00705	49850,631	16,730239
Verðbréfamiðstöðvar	7	t	1028,2805	0,355182	250	1058,3287	172298	0,65	0,65	1119,937	0,3758591
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:											
Innlánsdeildir samvinnufélaga	8	f	1250	0,4317669	250	1286,5272			250	1250	0,4195092
Íslandspóstur hf. - v/Póstgírós	8	f	150	0,051812	150	154,38327			150	150	0,0503411
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	9	e	505,44165	0,1745864	400	520,21156	4127668	0,011	0,01149	454,04348	0,1523803
Íbúðalánasjóður	9	e	1078,5744	0,3725542	400	1110,0923	459831582	0,0011	0,0004	5058,1584	1,6975553
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	10	f	150	0,051812	150	154,38327			150	150	0,0503411
Tryggingarsjóður sparisjóða	10	f	150	0,051812	150	154,38327			150	150	0,0503411
Samtals			289508,06	100		297968				297967,23	100

*) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald

[1)] Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda og ákvæðis í 10. tölul. 5. gr. laga nr. 99/1999 er varðar 9/10 hluta eignaraðild.
ATH: Gert er ráð fyrir að álagningarstofn rekstrarfélags sé eignir félagsins og viðkomandi sjóða samanlagt.
Gert er ráð fyrir að lágmarksgjöld verði óbreytt nema hjá vátryggingamiðlurum sem hækki úr 150 þús. kr. í 200 þús.kr.

Viðauki.

Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.

Inngangur.

Samhliða rekstraráætlun sinni og greinargerð með henni leggur Fjármálaeftirlitið fram skýrslu um rekstur og starfsumhverfi sitt næstu ár, en efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beindi á árinu 2001 tilmælum til eftirlitsins um að slík umfjöllun fylgdi árlegri greinargerð með rekstraráætlun.

Með rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár fylgdi ítarleg skýrsla um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár þar á eftir. Sú umfjöllun á enn þá við, nú að ári liðnu. Hér á eftir er byggt á þessari umfjöllun, en leitast við að draga fram breytingar á rekstri og starfsumhverfi sem komið hafa skýrar í ljós.

1. *Aukið umfang í eftirliti með breytingum á lagaumgjörð og þróun fjármálamarkaða kallar á aukna starfskrafta.*

Í sambærilegri skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá því í september 2003 er að finna eftirfarandi samantekt og niðurstöður:

„[...]

Við þróun opinbers eftirlits á fjármálamarkaði er nauðsynlegt að horfa til aðstæðna hér á landi, en um leið gæta þess að lagaumgjörð og eftirlit hér á landi standist þær kröfur sem gerðar eru á alþjóðlegum vettvangi. Athuganir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa m.a. miðað að því að ganga úr skugga um stöðu Fjármálaeftirlitsins með tilliti til aðstæðna hér og eftirfylgni við alþjóðlegar grunnreglur. Endurskipulagning eftirlitssamstarfs á hinu Evrópska efnahagssvæði miðar einnig að aukinni samræmingu. Samanburður við nágrannalönd bendir til þess að fjármálaeftirlit hér sé að þróast með svipuðum hætti og víðast annars staðar.

Nýlegar lagabreytingar munu hafa í för með sér aukið umfang í starfsemi eftirlitsins. Væntingar standa til þess að þær breytingar séu tímabundnar og að lagabreytingarnar stuðli að aukinni skilvirkni fjármálamarkaðar og eftirlits til lengri tíma.

Fyrirsjáanlegar lagabreytingar munu einnig hafa í för með sér aukið umfang eftirlits. Breytingar á eiginfjárreglum (Basel-reglur) kalla á aukinn starfskraft. Upptaka reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins, breytingar á eftirliti með sölu vátrygginga, ráðgjöf og miðlun og breytingar vegna nýrra og væntanlegra tilskipana á verðbréfasviði munu einnig hafa áhrif á rekstur Fjármálaeftirlitsins. Erfitt er hins vegar að leggja nákvæmt mat á áhrifin á þessu stigi.

Innra skipulag, markmið í rekstri og eftirfylgni við þau hafa miðað að því að nýta sem best þá fjármuni sem Fjármálaeftirlitið hefur til ráðstöfunar. Fjármálaeftirlitið telur að því hafi tekist að nýta eins vel og kostur er þá þekkingu og reynslu sem til staðar er. Ekki er svigrúm til að mæta auknu umfangi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins með óbreyttum starfsmannafjölda. Fjármálaeftirlitinu er nauðsynlegt að hafa svigrúm til að halda í horfi frumkvæðiseftirliti og auka á sumum sviðum, einkum eftirlit á vettvangi (on-site), en hætta er á að aukin verkefni með nýrri löggjöf komi niður á þeim þætti starfseminnar.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að mæta þurfi auknu umfangi í starfsemi eftirlitsins með auknum starfskrafti á árinu 2004. Sú þörf nemur að mati Fjármálaeftirlitsins um einu og hálfu ársverki.

Þegar horft er til næstu þriggja ára telur Fjármálaeftirlitið líkur á auknu umfangi í eftirliti. Ótímabært er hins vegar að leggja nákvæmara mat á þörfina til lengri tíma en eins árs.

Fái Fjármálaeftirlitið svigrúm til fjölgunar ársverka mun það nýta það án fjölgunar fastráðinna starfsmanna, [...]"

2. Íslenskur fjármálamarkaður og eftirlit með honum er hluti af stærri heild.

Íslensk fjármálafyrirtæki, einkum viðskiptabankarnir, starfa nú sem alþjóðleg fjármálafyrirtæki. Þróun í átt til þessarar alþjóðavæðingar hefur verið hröð og eru aukin umsvif þessara aðila á erlendum vettvangi öllum kunn.

Fjármálaeftirlitið hefur frá upphafi starfsemi sinnar litið svo á að því beri að tryggja samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar með styrku eftirliti, en það stuðlar að öruggari starfsemi og þar með samkeppnishæfni fyrirtækja undir eftirliti. Fjármálaeftirlitið hefur kappkostað að ganga úr skugga um gæði starfsemi sinnar í þessu tilliti, og í tvígang hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ráðist í ítarlega athugun á því hvort umgjörð fjármálamarkaðar og starfsemi Fjármálaeftirlitsins uppfylli alþjóðlegar grunnreglur um árangursríkt eftirlit. Samstarf eftirlita á evrópskum vettvangi miðar að hinu sama. Árangur af þessu starfi hefur m.a. komið fram í jákvæðara viðhorfi erlendra matsfyrirtækja í garð íslensks fjármálamarkaðar og einstakra fjármálafyrirtækja sem aftur hefur haft áhrif á lánskjör íslenska ríkisins og íslenskra aðila. Nýlegar niðurstöður matsfyrirtækja sýna þetta. Mikilvægt er í þessu efni að halda áfram á sömu braut.

Aðild Íslands að hinu evrópska efnahagssvæði hefur einnig í för með sér sífellt aukna samræmingu. Umfangsmiklar breytingar á ákvörðunarferli innan Evrópusambandsins í málefnum fjármálamarkaða miða að aukinni samræmingu í reglusetningu og eftirliti, en markmiðið er að koma á skilvirkum innri markaði á þessu sviði.

Í þessum efnum stendur Fjármálaeftirlitið frammi fyrir svipuðum verkefnum og önnur eftirlit í Evrópu. Þar hefur auknum verkefnum í eftirliti víðast verið mætt með stækkun eftirlitsstofnana. Í þeim samanburði telst þróun í kostnaði Fjármálaeftirlitsins hófleg, einkum þegar horft er til þess að íslenskur fjármálamarkaður og Fjármálaeftirlitið hefur á síðustu árum tekið gríðarlegum breytingum og þróast hraðar en markaðir og eftirlit í flestum öðrum Evrópuríkjum á sama tíma.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá því í fyrra er að finna ítarlega umfjöllun um þróun eftirlits á fjármálamarkaði, breytingar á eftirlitssamstarfi innan evrópska efnahagssvæðisins, samanburð við erlend eftirlit, breytingar á lagaumgjörð og nýlegar niðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

3. Auknu umfangi í eftirliti er fyrst og fremst mætt með skilvirku innra starfi og hagræðingu.

Á síðustu tíu árum, eða frá 1995 til 2004, hefur stöðugildum/ársverkum í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi fjölgað úr tæplega 32 í tæplega 34–35. Á því tímabili hafa stöðugildi fæst orðið um 24 árið 1999, en þá fækkun má að mestu rekja til óvissu í aðdraganda að stofnun Fjármálaeftirlitsins.

Mynd 1.



Á þessu 5–10 ára tímabili hafa verkefni eftirlits stóraukist, í takt við aukna alþjóðavæðingu íslensks fjármálamarkaðar, vöxt á fjármálamarkaði og auknar áhættur þessu samfara. Vöxtur rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins hefur ekki haldist í hendur við aukin verkefni og vöxt eftirlitsskyldra aðila. Á mynd 2 er að finna samanburð á vexti í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila við þróun rekstrarkostnaðar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Mynd 2.



Fjármálaeftirlitið hefur að verulegu leyti mætt auknu umfangi í eftirliti með skilvirku innra skipulagi, aukinni reynslu og skýrum markmiðum. Styrkur eftirlitsins felst í því fólki

sem þar starfar, en Fjármálaeftirlitinu hefur auðnast að halda í og laða að gott starfsfólk með menntun og reynslu sem nýtist í störfum þess. Öflug og formleg símenntunarstefna styður við þetta.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá síðasta ári er fjallað ítarlega um markmið þess í starfsmannamálum, en þau eru eftirfarandi:

1. Að í Fjármálaeftirlitinu sé á hverjum tíma til staðar nægur fjöldi sérfræðinga og annars starfsfólks, með nægilega fjölbreytta þekkingu og bakgrunn til þess að leysa af hendi þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu hafa verið falin.
2. Að gefnu því að fyrrgreint markmið sé uppfyllt beri að halda stærð stofnunarinnar innan ákveðinna marka, þar sem smærri einingar gefi færi á sveigjanlegra skipulagi, einfaldari rekstri og meiri skilvirkni.
3. Að leitað verði leiða til að bregðast við auknu umfangi eftirlits og nýjum verkefnum með fleiri ráðum en fjölgun fastráðinna starfsmanna.
4. Að tryggja hámarksafköst starfsmanna.
5. Að Fjármálaeftirlitið sé samkeppnishæft í starfsmannamálum.

Fjármálaeftirlitið hefur frá upphafi starfsemi sinnar leitast við að finna mælikvarða á árangur í starfi sínu og nýta slík mælitæki til úrbóta og aukinnar skilvirkni. Leitast er við að finna og fylgjast með mælikvörðum í eftirlitsstarfseminni sjálfri og tengdri þjónustu, innra starfi, atriðum er lúta að starfsmönnum og atriðum er lúta að rekstri stofnunarinnar. Niðurstöður mælinga eiga að gefa til kynna hvort settum markmiðum og stefnumótun sé fylgt eftir með fullnægjandi hætti. Á grundvelli slíkra mælinga eru markmið sett til næstu framtíðar.

Þá má nefna að Fjármálaeftirlitið vinnur nú að uppbyggingu gagnagrunna sem ætlað er að auka skilvirkni í eftirliti.

Með framangreindum hætti hefur Fjármálaeftirlitið leitast við að mæta auknum verkefnum og umfangi með bættri skilvirkni í starfseminni og bættri nýtingu á þekkingu og reynslu starfsfólks. Af því leiðir að fjölgun stöðugilda, og þar með aukning rekstrarkostnaðar eftirlitsins, hefur ekki haldist í hendur við síaukin verkefni og umfang í starfseminni. Þessar aðferðir eru áfram í þróun.

4. Engu að síður er þörf á svigrúmi fyrir eitt viðbótarársverk árið 2005 – þróun til næstu ára gefur til kynna frekari þörf.

Í 1. kafla hér að framan eru rifjaðar upp niðurstöður síðustu þriggja ára greiningar sem birt var með rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Þar segir m.a. að þegar horft sé til næstu þriggja ára séu líkur á auknu umfangi í eftirliti. Þetta er áfram mat eftirlitsins. Á næsta ári mun Fjármálaeftirlitið m.a. þurfa að verja meiri tíma en áður í eftirtalin verkefni:

- Aukin umsvif íslenskra viðskiptabanka erlendis kalla á aukið eftirlit með þessum fjármálafyrirtækjum á samstæðugrunni. Þegar íslenskir bankar reka starfsemi í gegnum dótturfélög erlendis hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með samstæðunni, en leitar samstarfs við eftirlitsstofnanir í heimaríkjum viðkomandi dótturfyrirtækja. Þrátt fyrir slíkt samstarf leiða þessar breytingar ótvírætt til aukins eftirlits af hálfu Fjármálaeftirlitsins og kostnaðar sem því fylgir. Þessum breytingum fylgja fjölbreyttari áhættur sem ástæða er til að fylgjast vel með. Það á einnig við um samstarf viðskiptabanka og vátryggingafélaga, sem í auknu mæli bjóða fram samþætta þjónustu.
- Framangreind umsvif og vöxtur innlendra fjármálafyrirtækja kallar á vandaðan undirbúning undir nýjar alþjóðlegar eiginfjárreglur fyrir fjármálafyrirtæki sem taka gildi árið 2006, en nú má telja ljóst að aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins muni nýta sér flókn-

ar matsaðferðir sem hinar nýju eiginfjárreglur bjóða upp á. Í því felst að Fjármálaeftirlitið þarf að vera í stakk búið að meta og votta slíkar aðferðir.

- Sinna þarf innleiðingu og eftirfylgni við nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla að því er varðar eftirlitsskylda aðila. Upptaka staðlanna um næstu áramót, vegna samstæðuuppgjöra sem skráð eru á kauphöll, kalla á breyttar reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil eftirlitsskyldra aðila og breytingar í eftirliti. Gert er ráð fyrir að ársreikningaskrá verði hið lögbæra stjórnvald, samkvæmt frumvarpi sem kynnt var á vordögum. Ekki liggur fyrir hvernig þetta eftirlit verður samræmt í heild sinni.
- Eftirfylgni við framkvæmd nýrrar löggjafar á verðbréfasviði mun kalla á aukna vinnu eftirlitsins. Breytingarnar lúta að nokkrum tilskipunum Evrópusambandsins sem innleiða á á þessu og næsta ári, þ.e. tilskipun um markaðsmisnotkun, tilskipun um útboðslýsingar, tilskipun um verðbréfaþjónustu, tilskipun um upplýsingaskyldu og tilskipun um yfirtökutilboð. Þessar breytingar munu hafa í för með sér stóraukin verkefni fyrir Fjármálaeftirlitið, bæði tímabundið vegna eftirfylgni við framkvæmd nýrrar löggjafar og varanlega vegna nýrra reglulegra verkefna. Að auki er rétt að nefna að nýrri löggjöf um vátryggingamiðlun og vátryggingasamninga munu fylgja aukin verkefni.
- Með nýlegum lagabreytingum var Fjármálaeftirlitinu falið heildareftirlit með Íbúðalánasjóði, en það hafði áður einungis eftirlit með húsbréfadeild sjóðsins. Þetta ásamt breytingum á áhættum í starfsemi sjóðsins hefur í för með sér aukin verkefni í eftirliti.
- Að síðustu er rétt að nefna aukin verkefni sem tengjast breytingum á lögum á vátryggingamarkaði. Breytingar á löggjöf um miðlun vátrygginga, vegna nýrrar tilskipunar sem kemur til framkvæmda í janúar 2005, munu hafa í för með sér fleiri eftirlitsskylda aðila og aukin verkefni bæði tímabundið og varanlega. Ný lög um vátryggingarsamninga mun taka gildi í janúar 2006, en aðlögun vátryggingafélaga hefst á þessu ári því huga þarf að endurnýjun vátryggingarsamninga frá og með 1. janúar 2005. Lögin hafa tímabundið í för með sér aukin verkefni.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að mæta þurfi auknu umfangi í starfsemi eftirlitsins á næsta ári með svigrúmi í rekstri sem nemi um einu ársverki. Ljóst er að þörf vegna framangreindra verkefna nemur meiru en einu ársverki. Fjármálaeftirlitið mun leitast við að mæta þeirri þörf að öðru leyti með enn bættu innra skipulagi og forgangsröðun í nýtingu fyrirliggjandi þekkingar og reynslu.

Vænta má þess að breytingar sem lúta að bættri löggjöf skili sér til lengri tíma í bættri starfsemi og meira öryggi á fjármálamarkaði. Það ætti síðan að draga úr eftirlitsumsvifum á þeim sviðum. Fjármálaeftirlitið mun ráðstafa auknu svigrúmi án þess að fjölga fastráðnum starfsmönnum.

Þegar horft er til næstu þriggja ára eru enn líkur á auknu umfangi í eftirliti. Nægir í því efni að vísa til upptalningar hér að framan. Ekki er á þessu stigi unnt að leggja nákvæmara mat á þörfina.

Fylgiskjal II.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila
um rekstraráætlun fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005.

Meðfylgjandi er álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 og 4. gr. rgl. nr. 562/2001, um rekstraráætlun FME fyrir árið 2005 og skýrslu FME til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað, en endanleg rekstraráætlun og skýrsla um hana voru send nefndinni hinn 1. september sl.

Rekstur ársins 2004.

1. Samráðsnefnd telur ekki ástæðu til sérstakra athugasemda við framlagðar upplýsingar um rekstur ársins 2004 sem FME gerir ráð fyrir að verði á áætlun.

Áætlaður rekstur 2005.

2. Í drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að launakostnaður hækki um 8,5% frá endurskoðaðri áætlun ársins 2004, en hækkun heildarrekstrarkostnaðar verði um 7%. Hækkun eftirlitsgjalds verði þó minni í ljósi óráðstafaðs eigin fjár sem gangi upp í eftirlitsgjaldið.

   Ljóst er að eftirlitið þarf að hafa yfir að ráða mannafla og þekkingu sem gerir það bært að sinna hlutverki sínu lögum samkvæmt. Að mati samráðsnefndar hefur FME verið vel í stakk búið til þess með núverandi mannafla, auk þess að hafa lögbundna heimild til að kaupa sérfræðiaðstoð utan frá vegna einstakra verkefna. Samráðsnefnd hefur fyrri ár lagt áherslu á að hámarka skilvirkni í starfseminni til að nýta mannaflann sem best. Sameiginlegur skilningur hefur verið á þessu, sbr. ummæli í greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir tveimur árum um að FME hyggðist nýta betur þann mannskap sem fyrir er, fremur en að fjölga störfum. Að mati samráðsnefndar fellur sú hækkun sem áætluð er fyrir árið 2005 innan ramma þess sem eðlilegt má teljast.
3. Samráðsnefnd sér ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um aðra einstaka liði í rekstraráætlun 2005.

Rekstraráætlun til þriggja ára.

4. Með fjárhagsdrögunum fylgir eins og síðustu tvö ár greinargerð um rekstur og starfsumhverfi FME næstu þrjú ár sem hjálpar bæði FME og eftirlitsskyldum aðilum að fá betri heildaryfirsýn yfir starfsemina næstu missiri. Samráðsnefndin fagnar sérstaklega 3. kafla þar sem farið er yfir hvernig auknu umfangi í eftirliti hefur verið mætt með skilvirku innra kerfi og hagræðingu. Nú stendur fyrir dyrum einn mikilvægur þáttur í þeirri þróun, þ.e. fjárfesting í öflugri tölvubúnaði sem aukin framlög eru ætluð til í áætluninni miðað við fyrra ár. Í 4. kafla er síðan rakið hvernig FME telur aukin umsvif íslenskra banka erlendis, auk innleiðingar nýrra alþjóðlegra eiginfjárreglna og alþjóðlegra reikningsskilastaðla, kalla á viðbótarársverk. Eins og fram kemur í 2. lið að framan gerir samráðsnefnd ekki athugasemd við þá fjölgun, en nefndin vill þó ítreka að hún sjái ekki þörf fyrir fjölgun umfram það í bili og hvetur FME til að leita leiða að komast hjá því að fjölga enn frekar á næstu árum.

Skipting eftirlitsgjaldsins.

5. Í töflu 2 kemur fram áætlun um skiptingu eftirlitsgjaldsins. Samráðsnefndin ítrekar mikilvægi þess að FME reyni á hverjum tíma að áætla tímaskiptingu í störfum sínum sem best þannig að kostnaður greiðist í réttu hlutfalli af þeim tíma sem FME ver með einstökum geirum á þessum markaði. Ef tímabundið kemur upp óvenjumikil vinna vegna einstaka eftirlitsskylds aðila hefur FME ávallt heimild í 7. gr. laganna til að láta viðkomandi greiða fyrir umframeftirlit.
6. Samráðsnefndin fagnar því að með nýlegum lagabreytingum heyri starfsemi Íbúðalánasjóðs í heild sinni undir eftirlit FME. Heildareignir sjóðsins nema í dag um 445 milljörðum króna og á engum vafa að vera undirorpin nauðsyn þess að FME hafi sem besta yfirsýn yfir starfsemi hans. Ætla má að það muni felast í því töluverð vinna fyrir FME að setja sig inn í starfsemi sjóðsins og sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart honum. Hefur sú afstaða komið fram hjá FME við undirbúning þessarar rekstraráætlunar. Í umsögn sinni um drög að fjárhagsáætlun fyrir 2005 benti samráðsnefndin á að álagningarhlutfall eftirlitsgjalds Íbúðalánasjóðs væri mjög í hóf stillt, þ.e. einungis um einn tíuþúsundasti af heildareignum. FME hefur lítillega komið til móts við þetta sjónarmið með ca. 10% hækkun gjaldsins frá upphaflegum drögum eða úr um 4,6 í 5 millj. kr. Samráðsnefndin telur hins vegar að það gjald sé enn of lágt miðað við eðli og umfang sjóðsins, enda um að ræða gjald sem er um fimm–áttfalt minna miðað við sömu reikniformúlu en t.d. stærstu eftirlitsskyldu aðilarnir eru að greiða.
7. Á fundi aðila óskaði FME eftir því að samráðsnefnd velti fyrir sér hvort ástæða væri til að breyta þeirri lögfestu tilhögun að við álagningu eftirlitsgjalds beri að horfa til reksturs eftirlitsskyldra aðila síðustu þrjú ár. Vildi FME meina að aukinn vöxtur einstakra fyrirtækja undanfarin missiri sýndi að hugsanlega væri fremur ástæða til að horfa fram á við en aftur í þessum efnum. Að mati samráðsnefndarinnar væri það of mikilli óvissu háð að fara að áætla rekstrargjöld út frá væntum vexti eða útrás einstakra eftirlitsskyldra aðila. Eðlilegt getur hins vegar verið að þótt taka beri tillit til þriggja ára aftur í tímann sé megináherslan á síðastliðið starfsár. Á hinn bóginn er bæði eðlilegt og réttmætt að horfa til áætlaðrar vinnu þegar um nýja aðila er að ræða sem ekki hafa fallið undir eftirlitið áður, sbr. 6. lið.
8. Samráðsnefnd gerir ekki athugasemdir við áætlaða hækkun lágmarksgjaldsins á einstaka aðila. Gerir nefndin ráð fyrir því að málefnaleg sjónarmið ráði þeim tillögum FME. Nefndin ítrekar þó fyrri sjónarmið sín um að þess verði gætt að lágmarksgjald vegna eftirlits sé ekki svo hátt að það takmarki möguleika nýrra aðila til að hasla sér völl í fjármálaþjónustu.
9. Að lokum vill samráðsnefndin árétta áherslur frá síðustu árum um að greiðsla kostnaðar af starfsemi FME eigi að vera borin af öllum þeim aðilum sem vinnan tekur til. Þannig greiði ríkið sinn skerf sem samsvarar vinnutíma starfsmanna FME við undirbúning nýrra eða breyttra laga og reglugerða og við aðra þætti starfseminnar sem ekki tengjast eftirlitsstörfum. Einnig er eðlilegt að þegar löggjafinn felur FME verkefni sem ekki hafa með eftirlitsskylda aðila að gera sérstaklega, svo sem utanumhald og eftirlit með innherjaskrám skráðra félaga og reglum um meðferð innherjaupplýsinga skv. 49. og 51. gr. laga nr. 33/2003 sem og eftirlit með flöggunarskyldu og yfirtökum skráðra félaga, sbr. V.–VII. kafla og 52. gr. sömu laga, sé hugað að því hvernig rétt sé að greiða fyrir þá

þætti. Engin sanngirni er í því að láta þá eftirlitsskyldu aðila sem taldir eru upp í 5. gr. laga nr. 99/1999 bera þann kostnað.

Reykjavík 8. september 2004.

Guðjón Rúnarsson,
formaður samráðsnefndar.

Fylgiskjal III.

Fjármálaeftirlitið:

Skýrsla til viðskiptaráðherra
um starfsemi Fjármálaeftirlitsins frá 1. júlí 2003 til 30. júní 2004,
sbr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
(Október 2004.)

1. YFIRLIT YFIR STARFSEMI FME 1. JÚLÍ 2003 TIL 30. JÚNÍ 2004

Í þessum kafla er almenn lýsing á starfsemi Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu 1. júlí 2003 – 30. júní 2004 auk þess sem vikið er að málum sem til meðferðar hafa verið fram að útgáfu skýrslunnar.

1.1 Fjölþætt starfsemi

Áherslur á tímabilinu: Framþróun mælikvarða á árangur í starfi Fjármálaeftirlitsins.

Á tímabilinu voru 965 mál skráð til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu (tafla 1). Mál þessi eru af mjög fjölþættum toga. Sum þeirra varða tilkynningar af ýmsu tagi, sem ekki krefjast mikillar vinnu, en önnur eru viðamikil og taka jafnvel hundruði klukkustunda í vinnslu. Erindi sem Fjármálaeftirlitið móttók og sendi frá sér vegna þessara mála voru því að sama skapi jafn fjölþætt en fjöldi þeirra skipti þúsundum.

Tafla 1

Nokkrar tölur úr starfsemi FME á tímablinu 1.07.2003–30.6.2004	
Mál stofnuð/tekin upp á tímabilinu	965
Útsend bréf	3.131
Móttekin bréf	2.055
Skýrslur frá eftirlitsskyldum aðilum	1.766
Athuganir byggðar á fyrirspurnum til eftirlitsskyldra aðila *(Það sem hér er tilgreint sem ein athugun tekur í nokkrum tilvikum til margra eftirlitsskyldra aðila samtímis.)*	35
Vettvangsathuganir *(on-site)*	50
Fyrirspurnir til FME, kvörtunar og neytendamál *(ótalinn er fjöldi óformlegra fyrirspurna)*	229

Starfsmenn skrá vinnutíma sinn í sérstakt tímaskráningarkerfi, sem tengt er málaskrá Fjármáleftirlitsins. Úr tímaskráningunni má lesa ýmsar fróðlegar upplýsingar um hvernig tími sem starfsmenn hafa til ráðstöfunar skiptist á ýmsa verkefnaflokka (tafla 2). Þannig má sjá að verkefni sem lúta að ýmiss konar leyfisveitingum, svörum við erindum og samstarfi tóku á árinu 2003 rúmlega þriðjung þess tíma sem Fjármálaeftirlitið hafði til ráðstöfunar. Þessi verkefni eiga það sammerkt að þau fela í sér samskipti sem að jafnaði eru að frumkvæði annarra en Fjármálaeftirlitsins. Umfangi þessa þáttar í starfinu er því ekki nema að litlu leyti stýrt af Fjármálaeftirlitinu, en er mikilvægur hluti af eftirlitsverkefnum þess.

Ríflega þriðjungur ráðstöfunartímans fór í einstök eftirlitsverkefni að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins. Þar undir er eftirlit á grundvelli reglubundinnar upplýsingagjafar, vettvangseftirlit, eftirlit sem byggir á fyrirspurnum, oft til stórs hóps eftirlitsskyldra aðila, og markaðsvakt, en þar undir falla athuganir mála sem varða verðbréfamarkaðinn sérstaklega og almenna vakt á markaðnum. Mikilvægt era að auka vægi þessa starfs. Tæp 28% ráðstöfunartímans fóru í verkefni sem tengjast gagnaöflun sem skapar yfirsýn yfir einstök fyrirtæki og markaðinn í heild, mótun eftirlits og umgjarðar á fjármálamarkaði og í upplýsingamiðlun um fjármálamarkaðinn og eftirlitsstarfsemina. Þessi verkefni skapa veigamikinn grundvöll eftirlitsins.

Tafla 2

Ráðstöfunartími FME skiptist þannig milli helstu verkefna á árinu 2003*):	Hlutfallsleg skipting (%)
Samskipti: Samþykkja / ráðleggja.	**37,8**
Veiting leyfa, umsagnir um leyfi, samþykki, staðfestingar.	13,6
Svör við fyrirspurnum og erindum frá eftirlitsskyldum aðilum og viðskiptamönnum þeirra.	9,2
Vistun úrskurðarnefnda.	2,6
Erlent samstarf.	12,4
Aðgerðir að frumkvæði FME: Greina starfsemi / ná fram úrbótum.	**34,6**
Eftirlit á grundvelli reglubundinnar upplýsingagjafar (off-site).	7,3
Eftirlit á vettvangi (on-site).	14,7
Eftirlit sem byggir á fyrirspurnum til eftirlitsskyldra aðila.	5,7
Markaðsvakt, yfirsýn og athuganir mála á verðbréfamarkaði.	6,9
Upplýsa / skapa yfirsýn / móta.	**27,7**
Yfirsýn / gagnaöflun.	10,0
Mótun eftirlits og umgjarðar á fjármálamarkaði.	12,7
Gegnsæi, rekstur heimasíðu FME, kynningarfundir, birting ársreikningabóka á heimasíðu, ársskýrsla, ársfundur.	5,0

**) Tímum skráðum á rekstur, almennt skrifstofuhald og verkskipulag er jafnað á þessi verkefni.*

Tímaskráningin gefur einnig upplýsingar um hvernig starfsemi Fjármálaeftirlitsins skiptist á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila (tafla 3) en höfð er hliðsjón af þessum upplýsingum við ákvörðun um það í hvaða hlutföllum þessir aðilar standa undir kostnaði af rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Tafla 3

Ráðstöfunartími FME skiptist þannig milli flokka eftirlitskyldra aðila á árinu 2003:	Hlutfallsleg skipting (%)
Lánastofnanir	45,2
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	22,5
Lífeyrissjóðir	18,2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	10,6
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	2,7
Ýmsir aðilar	0,8

Tölur um aðgerðir sýna að mikil áhersla er á fyrirbyggjandi eftirlit í starfsemi Fjármálaeftirlitsins (tafla 4). Við margs konar formlegar leyfisveitingar og lögmælt samþykki hefur Fjármálaeftirlitið gengið úr skugga um að tilteknir þættir í starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila uppfylli kröfur sem settar eru í lögum, reglum og tilmælum og ætlað er að draga úr hættu á óhöppum. Mikill fjöldi ákvarðana af þessu tagi á tímabilinu, eða um 190 alls, er í beinu samhengi við þær miklu breytingar sem orðið hafa á fjármálamarkaði að undanförnu. Annar þáttur fyrirbyggjandi eftirlits eru athuganir af ýmsu tagi, sem leiða til athugasemda, ábendinga og krafna um úrbætur. Samanlagður fjöldi slíkra bréfa var alls um 460 á tímabilinu. Taka ber fram að bréfin eru misveigamikil, í sumum er gerð ítrekuð krafa um skil ákveðinna gagna eða upplýsinga en í öðrum er fylgt úr hlaði skýrslum sem hafa að geyma margar og/eða veigamiklar athugasemdir og kröfur um úrbætur sem hrinda þyrfti í framkvæmd til þess að ekki verði gripið til alvarlegri aðgerða, svo sem afturköllunar starfsleyfis.

Fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerðir sem hér var lýst, leiða til þess að sjaldnar er þörf harðari úrræða. Þannig kemur sjaldan til endanlegrar afturköllunar starfsleyfis, en athugasemdir, kröfur um úrbætur og undirbúningur afturköllunar starfleyfis, leiða gjarnan til þess að starfsemi er lögð niður, hún sameinuð annarri starfsemi eða veigamiklar breytingar gerðar til þess að komast hjá afturköllun. Ennfremur er fremur sjaldgæft að athuganir leiði til þeirrar niðurstöðu að vísa þurfi alvarlegum og refsiverðum málum til Ríkislögreglustjóra. Frá því að Fjármálaeftirlitið hóf starfsemi hefur Ríkislögreglustjóra verið greint frá vel á öðrum tug mála sem talin eru alvarleg og refsiverð. Stjórnvaldssektarheimildir Fjármálaeftirlitsins eru mjög takmarkaðar og snúa fyrst og fremst að fyrirbyggjandi umgjörð vegna innherjaviðskipta. Þeim heimildum hefur verið beitt af afli á tímabilinu. Dagsektum er einkum beitt til að knýja fram gagnaskil af hálfu eftirlitsskyldra aðila.

Tafla 4

Nokkrar tölur um aðgerðir FME á tímablinu 1.07.2003–30.6.2004	Fjöldi bréfa/ ákvarðana
Veiting leyfa (starfsleyfi, virkur eignarhlutur o.fl.), samþykki o.fl.	187
Athugasemdir, ábendingar, kröfur um úrbætur (fjöldi bréfa)	456
Dagsektir	20
Stjórnvaldssektir (einungis úrræði á afmörkuðu sviði verðbréfamarkaðar)	10
Ríkislögreglustjóra greint frá máli. Skv. 12. gr. laga nr. 87/1998	1

Hinum fjölþættu verkefnum Fjármálaeftirlitsins var á síðasta ári sinnt af um 34 starfsmönnum (tafla 5). Fjármálaeftirlitið hefur að verulegu leyti mætt sífellt auknu umfangi í eftirliti með skilvirku innra skipulagi, aukinni reynslu og skýrum markmiðum. Fjölgun verkefna, sem m.a. stafar af hröðum vexti og breytingum á fjármálamarkaði, hefur einungis að

hluta verið mætt með fjölgun starfsfólks. Styrkur eftirlitsins felst hins vegar í því fólki sem þar starfar, en Fjármálaeftirlitinu hefur auðnast að halda í og laða að gott starfsfólk með menntun og reynslu sem nýtist í störfum þess. Öflug og skilvirk símenntunarstefna styður við þetta.

Tafla 5

Svona er FME þann 30.06. 2004	
Fjöldi starfsmanna alls 35 / fjöldi stöðugilda alls 33,8	33,8
Þar af (stöðugildi):	
Viðskiptamenntaðir sérfræðingar	15,3
Lögfræðingar	8
Tryggingastærðfræðingar	2
Tölvunarfræðingar	2
Aðrir sérfræðingar	1,7
Skrifstofustörf	4,8
Meðalaldur	41 ár
Meðalstarfsaldur	8,1 ár
Starfsmannavelta	6,0%

Fjármálaeftirlitið hefur frá upphafi starfsemi sinnar leitast við að finna mælikvarða á árangur í starfi sínu og nýta slík mælitæki til úrbóta og aukinnar skilvirkni. Á tímabilinu hefur verið lögð áhersla á framþróun þessara mælitækja. Leitast er við að finna og fylgjast með mælikvörðum í eftirlitsstarfseminni sjálfri og tengdri þjónustu, innra starfi, atriðum er lúta að starfsmönnum og atriðum er lúta að rekstri stofnunarinnar. Niðurstöður mælinga eiga að gefa til kynna hvort settum markmiðum og stefnumótun sé fylgt eftir með fullnægjandi hætti. Á grundvelli slíkra mælinga eru markmið sett til næstu framtíðar.

Nánar er fjallað um þróun eftirlitsins, innra skipulag og stefnu í starfsmannamálum í viðauka við rekstraráætlun FME fyrir árið 2005, sem send hefur verið ráðherra og síðar mun birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

1.2 Eigendur virkra eignarhluta, starfsheimildir fjármálafyrirtækja[1] og vátryggingafélaga

Áherslur á tímabilinu: Eftirlit með starfsháttum eigenda virkra eignarhluta. Aðhald í útvíkkun á starfsemi fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga.

Sviptingar í eignarhaldi fjármálafyrirtækja á síðustu misserum koma m.a. fram í allmörgum umsóknum til Fjármálaeftirlitsins um kaup á virkum eignarhlut. Viðvarandi eftirlit með virkum eignarhlutum er einnig mikilvægt, en því er ætlað að tryggja að eignarhaldið skaði ekki heilbrigðan og traustan rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags. Verkefni í eftirliti með eignarhaldi fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga voru einkum þessi:

---

[1] Fjármálafyrirtæki eru þau fyrirtæki sem hafa starfsleyfi skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Vátryggingafélög, vátryggingamiðlarar, lífeyrissjóðir og ýmsir eftirlitsskyldir aðilar sem starfa á grundvelli sérlaga falla ekki þar undir.

- Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar 12 umsóknir um samþykki fyrir öflun virks eignarhlutar í 7 fjármálafyrirtækjum. Alls hafa 11 umsóknir verið afgreiddar vegna 6 vátryggingafélaga.
- Að undangenginni ítarlegri gagnaöflun hafa umsóknir um kaup á virkum eignarhlutum í flestum tilvikum verið samþykktar á grundvelli breytinga á eignarhaldinu, skuldbindinga um styrkingu á tilteknum innri reglum viðkomandi fyrirtækis, eða yfirlýsinga umsækjenda um það hvernig þeir hyggist fara með eignarhlutinn.
- Stærð virks eignarhlutar hefur í einstökum tilvikum verið tekin til skoðunar, þ. á m. hvort tengsl fleiri aðila gefi tilefni til að ætla að til virks eignarhlutar hafi stofnast.
- Starfshættir stjórna fjármálafyrirtækja hafa verið teknir til athugunar í því skyni að kanna aðkomu eigenda virkra eignarhluta að stjórnun fyrirtækisins. Meðal annars hvort og hvernig innri reglur um störf stjórna, sem til staðar eiga að vera samkvæmt lögum, hafa verið innleiddar og þeim fylgt eftir. Í því efni er kannað hvort reglurnar og framkvæmd þeirra uppfylli lágmarkskröfur sem Fjármálaeftirlitið hefur sett fram í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2003, um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Hluti af þessu eftirliti er m.a. regluleg upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til venslaðra aðila.

Með framangreindu eftirliti er byggð upp saga gagnvart einstökum eigendum virkra eignarhluta, sem liggja mun til grundvallar mati á hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í framtíðinni.

Mörk leyfilegrar starfsemi fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga hafa talsvert verið til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu á tímabilinu. Stundum virðast breytingar í starfsemi fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga að þessu leyti tengjast áherslum nýrra eigenda virkra eignarhluta í þessum fyrirtækjum. Helstu verkefni sem tengjast starfsheimildum fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga eru þessi:

- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2004 um heimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja til þátttöku í atvinnustarfsemi voru sett á fyrri hluta þessa árs. Í tilmælunum er leitast við að skýra ákvæði skv. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem fjalla um aðra þjónustustarfsemi, hliðarstarfsemi og tímabundna starfsemi, m.a. umbreytingafjárfestingar. Tilmælin hafa einnig að geyma lágmarkskröfur eftirlitsins um undirbúning ákvörðunar um framangreinda starfsemi, verkferla, innra eftirlit og upplýsingagjöf til stjórnar viðkomandi fyrirtækis og Fjármálaeftirlitsins um starfsemina.
- Komið hefur verið á reglulegri upplýsingagjöf viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins um þátttöku þessara aðila í atvinnurekstri. Þessum aðilum ber hálfsárslega að senda Fjármálaeftirlitinu yfirlit yfir þessa starfsemi á sérstöku eyðublaði.
- Starfsheimildir vátryggingafélaga hafa í nokkrum tilvikum komið til athugunar. Í því efni hefur Fjármálaeftirlitið ekki fallist á að bílalán vátryggingafélaga séu fjármögnuð með lántökum eða útlánastarfsemi útvíkkuð í nafni vátryggingafélags, t.d. með framkvæmdalánum. Einnig hafa verið gerðar athugasemdir við eignarhluti í óskyldri starfsemi sem fela í sér yfirráð vátryggingafélags og krafist úrbóta sem miða að því að þau yfirráð séu ekki til staðar.
- Leiðbeinandi tilmæli um starfsheimildir vátryggingafélaga eru í undirbúningi, þar sem túlkunum Fjármálaeftirlitsins á lagaákvæðum á þessu sviði verður komið á framfæri.

1.3 Lánamarkaður

Áherslur á tímabilinu: Samstæðueftirlit með alþjóðlegum bönkum byggt upp. Aukið aðhald í tengslum við eiginfjárhlutföll fjármálafyrirtækja. Eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum.

Mikill vöxtur og útrás fjármálafyrirtækja, einkum hinna þriggja stóru viðskiptabanka, og áhættur sem m.a. tengjast sviptingum og vexti á verðbréfamarkaði, hafa verið meginviðfangsefni Fjármálaeftirlitsins í eftirliti á lánamarkaði. Á meðal eftirlitsverkefna eru þessi helst:

- Settar hafa verið reglur um eiginfjárhlutföll sem ætlað er að veita fjármálafyrirtækjum aukið aðhald. Reglurnar, nr. 530/2004, kveða á um útfærslu á nýlegri lagaheimild til að ákveða hærra lágmarkseiginfjárhlutfall en lögbundið 8% eiginfjárhlutfall, fyrir einstök fjármálafyrirtæki. Í reglunum er byggt á sérstöku áhættumatskerfi og álagsprófi sem Fjármálaeftirlitið hefur þróað og beitt í eftirliti á síðustu árum. Uppfylli fjármálafyrirtæki ekki tiltekin viðmið í framangreindum áhættumælingum kemur til viðræðna milli Fjármálaeftirlitsins og viðkomandi fyrirtækis um áhættumat og eiginfjárstöðu og þær ráðstafanir sem stjórnendur fyrirtækisins hyggjast grípa til. Að undangengnum slíkum viðræðum kemur til álita af hálfu Fjármálaeftirlitsins að ákvarða hærra lágmarks eiginfjárhlutfall, reynist aðrar leiðir ekki færar.
- Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu lagt áherslu á að kynna framangreindar reglur fyrir fjármálafyrirtækjum og í því skyni fundað með flestum sparisjóðum og öllum viðskiptabönkunum. Nokkrir sparisjóðir eru til skoðunar þar sem þeir uppfylla ekki þau viðmið sem sett eru í nýjum reglum.
- Útlánaeftirlit hefur einkum beinst að samþjöppun á stórum áhættuskuldbindingum. Í því efni hefur komið til athugunar hvort fleiri lánþegar tengist með þeim hætti að líta beri á skuldbindingar þeirra sem eina áhættu. Í einstökum tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið haft ástæðu til að ætla að slík tengsl feli í sér að stærð áhættuskuldbindinga hafi farið yfir leyfileg mörk. Hefur Fjármálaeftirlitið átt viðamikil samskipti við einstök fjármálafyrirtæki vegna þessa og gert athugasemdir við áhættustýringu þeirra.
- Unnið er að uppbyggingu á öflugu samstæðueftirliti með stóru viðskiptabönkunum þremur, sem í sífellt auknum mæli starfa á erlendri grundu. Fjármálaeftirlitið gerir kröfu til að þess að fjármálafyrirtæki hafi víðtæka yfirsýn yfir áhættustýringu á samstæðugrunni. Í því efni hefur Fjármálaeftirlitið sett fram kröfur um að stærstu viðskiptabankarnir þrír taki saman og viðhaldi ítarlegri lýsingu á áhættustýringu á samstæðugrunni, þar sem áhættum er lýst fyrir hvert tekjusvið og dótturfyrirtæki, ásamt því að áhættumælingum og áhættustýringu er lýst. Þessi lýsing mun liggja til grundvallar ítarlegu áhættumati á þessum bönkum sem Fjármálaeftirlitið er með í undirbúningi. Jafnframt hefur verið komið á reglulegri upplýsingagjöf um kröfur og skuldir við erlenda aðila sundurliðað eftir löndum.
- Fjármálaeftirlitið hefur leitað eftir aukinni samvinnu við erlend fjármálaeftirlit í því skyni að styrkja samstæðueftirlit með viðskiptabönkunum þremur og dótturfyrirtækjum þeirra. Flest evrópsk fjármálaeftirlit sem í hlut eiga hafa verið heimsótt á tímabilinu, auk dótturfyrirtækja bankanna í viðkomandi löndum. Fjármálaeftirlitið hefur gert sérstaka samstarfssamninga (Memorandum of Understanding) um eftirlit með Kaupþingi Búnaðarbanka hf. við fjármálaeftirlit í Svíþjóð og Finnlandi. Fleiri sambærilegir samstarfssamningar eru í undirbúningi.

- Kaup tveggja íslenskra banka á fjármálafyrirtækjum í Danmörku og Noregi voru tekin til skoðunar. Fjármálaeftirlitið taldi ekki ástæðu til að beita heimild í lögum um fjármálafyrirtæki til að banna umrædd kaup. Til grundvallar niðurstöðunni lágu tilteknar lágmarkskröfur Fjármálaeftirlitsins er vörðuðu áhættustýringu á samstæðugrunni.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003, um undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum, voru sett á tímabilinu. Minni fjármálafyrirtækjum er heimilt samkvæmt lögum að sækja um undanþágu frá því að reka sérstaka innri endurskoðunardeild og hafa tilmælin að geyma viðmið um hvaða fyrirtæki geti óskað eftir slíkri undanþágu og hvaða lágmarkskröfur um fyrirkomulag innri endurskoðunar liggja til grundvallar undanþágunni.
- Sett hafa verð leiðbeinandi tilmæli um framkvæmd á lausafjárstýringu gengisbundinna liða hjá fjármálafyrirtækjum. Þau byggja á sameiginlegri vinnu Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og þriggja stærstu viðskiptabankanna.
- Reglur um reikningsskil lánastofnana voru endurútgefnar með breytingum sem vörðuðu fyrst og fremst aukna upplýsingagjöf um laun til stjórnar og framkvæmdastjóra annars vegar og þóknanir til endurskoðenda hins vegar. Ennfremur voru ákvæði um afskriftir útlána hert.
- Unnið hefur verið að undirbúningi innleiðingar nýrra alþjóðlegra reglna á sviði reikningsskila og eigin fjár. Fjármálaeftirlitið hefur fylgst með og tekið þátt í erlendu samstarfi á þessu sviði.
- Íbúðalánasjóður lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins frá og með miðju þessu ári, í stað húsbréfadeildar sjóðsins áður. Jafnframt hefur verið lagður grunnur að eftirlitsreglum um sjóðinn, í lögum og reglugerð. Fjármálaeftirlitið er að byggja upp yfirsýn yfir breytingar á áhættum sjóðsins og fjármálafyrirtækja sem felast í aukinni samkeppni á fasteignalánamarkaði.

Fjallað er um eftirlit með eignarhaldi á fjármálafyrirtækjum og starfsheimildum þeirra í kafla 1.2 hér að framan. Gerð er grein fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja á verðbréfamarkaði í kaflanum hér á eftir.

1.4 Verðbréfamarkaður

Áherslur á tímabilinu: Fyrirbyggjandi eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði. Beiting stjórnvaldssekta. Samræming eftirlits á Evrópuvettvangi. Framkvæmd nýrra laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Markaðsvakt Fjármálaeftirlitsins leitast við að efla og viðhalda yfirsýn yfir starfsemi á verðbréfamarkaði. Með óformlegum samskiptum við þá sem starfa á verðbréfamarkaði, ekki síst regluverði, er leitast við að styðja við bætta eftirfylgni við lög og reglur um verðbréfaviðskipti. Einstök mál sem upp koma í markaðsvaktinni eða samkvæmt ábendingum frá Kauphöll Íslands hf. eru tekin til skoðunar. Í mörgum tilvikum er um að ræða frumathuganir sem ekki leiða til formlegra athugana, en önnur mál eru tekin til formlegrar athugunar með viðeigandi gagnaöflun. Formlegar athuganir og aðgerðir sem snúa að tilteknum verðbréfaviðskiptum og tekin voru upp frá miðju ári 2003 til miðs árs 2004 eru eftirfarandi:

- Tekin voru til athugunar 9 mál vegna hugsanlegra innherjasvika, skv. 44. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Þar á meðal eru mál sem beindust að mörgum aðilum tiltekinna viðskipta. Ríkislögreglustjóra hefur verið gerð grein fyrir einu þessara mála.

- Tekin voru til athugunar 2 mál vegna hugsanlegrar markaðsmisnotkunar, skv. 41. gr. laga nr. 33/2003.
- Í 15 málum var tekið til athugunar hvort fruminnherjum hefði láðst að tilkynna regluverði um fyrirhuguð verðbréfaviðskipti, í samræmi við 47. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, en slík tilkynning er liður í rannsóknarskyldu skv. 46. gr. sömu laga. Í 10 tilvikum ákvað Fjármálaeftirlitið að beita fruminnherja stjórnvaldssektum vegna brota á ákvæðinu.
- Í 3 málum var tekið til athugunar hvort útgefandi hefði tilkynnt um innherjaviðskipti til skipulegs verðbréfamarkaðar, skv. 47. gr. laga nr. 33/2003 og voru stjórnvaldssektir ákveðnar í einu máli á tímabilinu.
- Í 5 málum var tekið til athugunar hvort flöggunarskyldu skv. 27. gr. laga nr. 33/2003 hefði verið fylgt.

Innskot: Beiting stjórnvaldssekta á verðbréfamarkaði

Með lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, sem tóku gildi á miðju ári 2003, er kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að leggja stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæðum 47.–51. gr. laganna. Í þessum ákvæðum er fjallað um verklag og aðgerðir innherja og útgefenda skráðra verðbréfa sem koma eiga í veg fyrir eiginleg innherjasvik og stýðja við trúverðugleika markaðarins.

Eins og fram kemur í kafla 1.4, hefur Fjármálaeftirlitið beitt stjórnvaldssektum í 10 tilvikum. Í þeim voru sektir lagðar á fruminnherja, einstakling eða lögaðila, þar sem tilkynningaskyldu til regluvarðar samkvæmt 47. gr. laga nr. 33/2003 hafði ekki verið sinnt. Sektir voru ákveðnar á bilinu 50.000 til 750.000, en stjórnvaldssektir skv. 1. mgr. 54. gr. geta numið frá 10 þús. kr. til 2. m.kr.

Sex þessara mála hefur verið vísað til kærunefndar, en fimm þeirra vörðuðu viðskipti fruminnherja hjá einu skráðu félagi. Í þremur málanna felldi kærunefndin niður ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, en kærandi hélt því fram að forstjóri hins skráða félags sem í hlut átti hefði skipað staðgengil regluvarðar sem fyrirhuguð viðskipti hefðu verið tilkynnt til. Þessi málsástæða kom fyrst fram eftir að ákvörðun um stjórnvaldsekt var tekin og var ekki studd neinum gögnum af hálfu útgefanda. Kærunefnd komst að þeirri niðurstöðu að Fjármálaeftirlitið hefði ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að staðgengill regluvarðar hefði ekki verið skipaður.

Í einu málanna felldi kærunefnd niður ákvörðun FME á þeirri forsendu að ekki yrði ótvírætt leitt af íslenskum lögum að regluverði væri óheimilt að veita sjálfum sér heimild til viðskipta þrátt fyrir að nefndin féllist á með FME að slíkt fyrirkomulag væri óeðlilegt.

Í tveimur hinna kærðu mála staðfesti kærunefnd ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir, og hafnaði þar með málsástæðum kærenda, sem m.a. lutu að efnislegri túlkun 47. gr. Hins vegar lækkaði kærunefndin fjárhæð sektanna, en hún taldi að ekki ætti að taka tillit til fjárhæða þeirra viðskipta sem um var að ræða.

Í framangreindum úrskurðum gerði kærunefnd einnig tilteknar athugasemdir við undirbúning umræddra ákvarðana, sem Fjármálaeftirlitið mun fara vel yfir í því skyni að styrkja málsmeðferð í þessum málum til framtíðar.

Á tímabilinu hefur Fjármálaeftirlitið beitt sér fyrir bættum starfsháttum á verðbréfamarkaði almennt. Á meðal verkefna á þessu sviði má nefna eftirfarandi:

- Haldinn var sérstakur kynningarfundur fyrir regluverði á fyrri hluta þessa árs, þar sem farið var yfir hlutverk og skyldur regluvarða.
- Starfshættir regluvarða hjá 11 útgefendum skráðra verðbréfa hafa verið kannaðir á vettvangi. Í framhaldi af þessum athugunum hefur Fjármálaeftirlitið komið á framfæri ábendingum, athugasemdum og kröfum um úrbætur á starfsháttum regluvarðar og starfsemi útgefanda að þessu leyti. Í nokkrum tilvikum hafa þessara athuganir leitt til sérstakra athugana á brotum á tilteknum ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti og í sumum tilvikum leitt til stjórnvaldssekta, sbr. umfjöllun hér að framan.

- Á tímabilinu var farið í viðamikla vettvangsathugun er snéri að starfsháttum fjármálafyrirtækis í verðbréfaviðskiptum. Athugunin leiddi til margvíslegra athugasemda og krafna um úrbætur í starfsemi viðkomandi aðila, sem vörðuðu m.a. verkferla, aðskilnað hagsmuna, reglufylgni og innra eftirlit.
- Leiðbeinandi tilmæli um greiningardeildir voru gefin út á tímabilinu. Tilmælin fjalla um verklag greiningardeilda og framsetningu greininga.
- Í umræðuskjali nr. 10/2003 voru birt drög að tilmælum um fjárfestavernd, en þau fjalla um margvísleg atriði er varða þjónustu fjármálafyrirtækja við viðskiptavini sína. Tilmælin eru í lokafrágangi, en ákveðið var að fresta setningu tilmælanna þar sem efni upphaflegs umræðuskjals skaraðist að hluta til við innleiðingu tilskipana á verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið til athugunar 15 mál sem varða grun um tilboð til almennings um fjármálaþjónustu án þess að aðilinn sem býður þjónustuna hafi til þess starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í 9 tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið birt viðvörun til almennings vegna slíkrar starfsemi, samkvæmt sérstakri heimild í 102. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, komust til framkvæmda á tímabilinu. Á meðal verkefna er varða framkvæmd laganna má nefna eftirfarandi:

- Fimm rekstrarfélög verðbréfasjóða fengu starfsleyfi samkvæmt nýjum lögum. Meðferð starfsleyfisumsókna var ítarleg þar sem umsækjendur gerðu ýmsar breytingar og úrbætur í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins.
- Fjármálaeftirlitið setti á tímabilinu leiðbeinandi tilmæli, nr. 5/2003 um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæfi rekstrarfélaga verðbréfasjóða, skv. 15. gr. laga nr. 30/2003. Þá birti Fjármálaeftirlitið tvö umræðuskjöl, annars vegar nr. 14/2003 um aðskilnað og hagsmunaárekstra innan rekstrarfélaga verðbréfasjóða, og hins vegar nr. 2/2004 um drög að leiðbeinandi tilmælum um efnisinnihald útdrátta úr útboðslýsingum.
- Ráðist var í vettvangsathuganir á 3 rekstrarfélögum verðbréfasjóða, þar sem tilteknir þættir í starfsemi þeirra var könnuð.
- Fylgst hefur verið með nokkrum starfandi fjárfestingarfélögum og sjóðum sem ekki hafa sótt um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 30/2003, með tilliti til þess hvort starfsemi þeirra falli undir lögin og þeim beri því að sækja um starfsleyfi. Niðurstöður liggja ekki fyrir.

Á tímabilinu hefur staðið yfir umfangsmikil vinna við innleiðingu nýrra tilskipana á verðbréfamarkaði, svo sem tilskipunar um markaðssvik og tilskipunar um útboðslýsingar. Þá hafa lagaákvæði um yfirtökur á skráðum fyrirtækjum verið til endurskoðunar. Fjármálaeftirlitið hefur verið þátttakandi í þessari vinnu sem stýrt er af viðskiptaráðuneytinu.

1.5 Lífeyrismarkaður

Áherslur á tímabilinu: Aukið vettvangseftirlit. Bætt áhættustýring.

Lífeyrissjóðir hafa á síðustu árum verið að vinna sig út úr erfiðleikatímabili þar sem ávöxtun hefur verið slök. Í eftirliti hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að dregin verði lærdómur af þessari reynslu og hann nýttur í bættri áhættustýringu lífeyrissjóða. Eftirlitsverkefni á tímabilinu voru m.a. þessi:

- Unnið var að 5 vettvangsathugunum á starfsemi lífeyrissjóða. Ábendingar, athugasemdir og kröfur um úrbætur í kjölfar athugananna eru margvíslegar og lúta í meginatriðum að fjárfestingum sjóðanna, skuldbindingum og mati á þeim, innra eftirliti, verklagi vegna helstu þátta í starfsemi sjóðanna og skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins.
- Unnið var að 9 fjárfestingaathugunum. Athuganirnar beinast að flokkun fjárfestinga auk þess sem innra eftirlit hjá lífeyrissjóðum er kannað og farið yfir ársreikninga, endurskoðunarskýrslur og fjárfestingarstefnur sjóðanna. Athugasemdir og kröfur um úrbætur hafa lotið að fjárfestingum í óskráðum verðbréfum, fjárfestingum í verðbréfum útgefnum af sama aðila og heildarfjárfestingum í einstökum verðbréfasjóðum. Í heild má segja að fjárfestingar lífeyrissjóða fylgi betur en áður þeim mörkum sem lög og lífeyrissjóðirnir sjálfir setja. Hjá allflestum lífeyrissjóðum sem gerðar voru athuganir á voru gerðar athugasemdir við ýmis atriði er vörðuðu fyrirkomulag innra eftirlits.
- Í nokkrum tilvikum hafa verið gerðar athugasemdir við ársreikninga lífeyrissjóða. Í einu tilviki var þess krafist að ársreikningur yrði endurútgefinn. Sú niðurstaða var kærð til kærunefndar, en niðurstaða hennar liggur ekki fyrir.
- Um 20 lífeyrissjóðir gerðu breytingar á samþykktum sínum á tímabilinu og var nokkur hluti þeirra vegna réttindaskerðinga. Þó var minna um réttindaskerðingar á nýliðnu tímabili heldur en undanfarin ár enda hefur tryggingafræðileg staða sjóðanna farið batnandi á síðustu misserum. Fjármálaeftirlitið veitir fjármálaráðuneytinu umsagnir um breytingar á samþykktum. Í sumum tilvikum er óskað umsagnar Fjármálaeftirlitsins áður en slíkar breytingar eru sendar ráðuneyti til staðfestingar.
- Athuganir á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða hafa verið unnar í tengslum við framangreindar vettvangsathuganir og umsagnir um breytingar á samþykktum. Talsverð vinna hefur farið í að koma til framkvæmda nýjum skýrsluskilum vegna tryggingafræðilegra úttekta sem tekin voru upp á árinu 2003.
- Á tímabilinu veitti Fjármálaeftirlitið 4 umsagnir til ráðuneytisins um reglur um viðbótarlífeyrissparnað en jafnframt er nokkuð um að vörsluaðilar viðbótarlífeyrissparnaðar óski eftir því að eftirlitið yfirfari breytingar á samningseyðublöðum þótt ekki sé um breytingar á reglum að ræða.
- Rekstur og aðskilnaður á milli sölu á viðbótarlífeyrissparnaði og annarrar starfsemi vörsluaðilans hefur verið tekinn til athugunar í nokkrum tilvikum. Ljóst er að samkeppni á þessu sviði hefur aukist mjög á undanförnum misserum og brýn þörf á að söluaðilar gæti í hvívetna að starfsháttum sínum gagnvart neytendum.
- Á síðari hluta ársins 2003 hélt Fjármálaeftirlitið fundi með stjórnarmönnum lífeyrissjóða um hlutverk stjórna lífeyrissjóða þar sem rætt var um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna, innra eftirlit, áhættur og áhættustýringu.

1.6 Vátryggingamarkaður

Áherslur á tímabilinu: Bætt áhættustýring. Eftirlit með vátryggingaskuld. Bættir starfshættir í sölu vátrygginga.

Á vátryggingamarkaði hafa verið umbrot eins og á öðrum sviðum fjármálamarkaðar. Verkefni tengd þessum umbrotum hafa verið áberandi í starfi Fjármálaeftirlitsins auk hefðbundinna verkefna. Helstu verkefni í eftirliti á vátryggingamarkaði voru þessi á tímabilinu:

- Nokkrar breytingar urðu á tímabilinu hjá eftirlitsskyldum aðilum á vátryggingamarkaði, sem Fjármálaeftirlitið hafði til skoðunar. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er nú hluti af

samstæðu Íslandsbanka hf. og nýtt vátryggingafélag Vörður vátryggingafélag hf. fékk starfsleyfi og tók við vátryggingastofnum Varðar Vátryggingafélags g.t. Annað vátryggingafélag, European Risk Insurance Company hf., fékk starfsleyfi í almennum ábyrgðartryggingum, en félagið hyggst fyrst og fremst vera með starfsemi í Bretlandi. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga hætti endanlega starfsemi með frjálsum slitum, en áður höfðu vátryggingastofnar verið fluttir frá félaginu. Þá fengu 3 vátryggingamiðlarar starfsleyfi en 5 hættu starfsemi.

- Niðurstöður athugunar á iðgjaldagrundvelli í lögboðnum ökutækjatryggingum voru birtar fyrr á þessu ári. Athugunin beindist að því hvort iðgjöld vátryggingafélaganna teldust sanngjörn í garð vátryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Í því skyni var mat stóru vátryggingafélaganna þriggja á tjónaskuld tekið til skoðunar. Niðurstöður athugunarinnar gáfu til kynna að tjónaskuld hafi á fyrri árum verið heldur ofmetin en dregið hafi úr því ofmati síðustu ár, m.a. vegna bætts verklags við mat á tjónum og aukins aðhalds. Þessar úrbætur hafi m.a. valdið auknum hagnaði vátryggingafélaganna síðustu ár og nýlegum lækkunum iðgjalda. Fjármálaeftirlitið hafði ekki forsendur til að fara fram á lækkun iðgjalda, en taldi að svigrúm væri þó til frekari lækkunar iðgjalda. Um frekari niðurstöður er vísað til fréttar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins 11. júní 2004.
- Iðgjaldagrundvöllur í eignatryggingum hefur verið til athugunar m.t.t. hækkana í árslok 2002 og þróunar greinarinnar síðan þá. Athuganirnar eru á lokastigi.
- Mótaðar voru nýjar reglur um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi. Markmið hinna nýju reglna er í fyrsta lagi að koma á almennum verklagsreglum með samræmdu verklagi eftir því sem unnt er, í öðru lagi að til staðar séu sýnileg viðmið í mati á tjónaskuld og í þriðja lagi að auka upplýsingagjöf vátryggingafélaga til eftirlitsins um tjónaskuld.
- Starfsemi smærri vátryggingafélaga er til reglubundinnar athugunar en mikilvægt er að huga vel að fjárhagsstöðu vátryggingafélaga í vexti og uppbyggingu vátryggingaskuldar.
- Fylgst hefur verið með samkeppni í lögboðnum ökutækjatryggingum sem kemur fram í verulegum frávikum frá iðgjaldaskrá og bónusreglum. Fjármálaeftirlitið hefur beint því til vátryggingafélaga að iðgjaldalækkanir af þessum toga verði gerðar almennar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið minnt á leiðbeinandi tilmæli þess nr. 5/2002 um bónusreglur vátryggjenda í lögboðnum ökutækjatryggingum og brýnt fyrir vátryggingafélögum að framkvæma eigin bónusreglur og leiðbeinandi tilmæli samkvæmt efni sínu, en ella taka upp nýtt fyrirkomulag.
- Á tímabilinu framkvæmdi Fjármálaeftirlitið sérstakt mat á hæfi 6 aðila sem ráðnir höfðu verið sem framkvæmdastjórar vátryggingafélaga eða vátryggingamiðlana. Um nokkurs konar munnlegt próf er að ræða þar sem reynir á þekkingu viðkomandi á viðfangsefninu. Fyrirhugað er að taka upp hæfismat af þessu tagi á fleiri sviðum fjármálamarkaðar.
- Í því skyni að auka umræðu um áhættustýringu vátryggingafélaga hefur Fjármálaeftirlitið aukið við regluleg samskipti við stjórnendur vátryggingafélaga. Þá hefur Fjármálaeftirlitið lokið vettvangsathugunum á áhættustýringu og innra eftirliti hjá 5 vátryggingafélögum og 5 vátryggingamiðlurum.
- Leiðbeinandi tilmæli um starfshætti sölufólks vátryggingafélaga nr. 6/2003 voru birt á tímabilinu. Tilmælin eru hliðstæð tilmælum nr. 7/2002 um starfshætti vátryggingamiðlara.

Fjallað er um eftirlit með eignarhaldi vátryggingafélaga og starfsheimildum þeirra í kafla 1.2 hér að framan.

1.7 Erlent samstarf

Áhersla: Samræming í eftirliti og reglusetningu á evrópska efnahagssvæðinu styrkir skynsamlega útrás innlendra fyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið hefur áfram lagt áherslu á mikilvægi samræmis við nágrannalöndin í eftirliti og eftirlitsumgjörð á fjármálamarkaði. Eftirfarandi verkefni byggja á þessu:

- Fjármálaeftirlitið hefur eflt samstarf við systurstofnanir í löndum þar sem íslenskir viðskiptabankar stunda starfsemi, beint eða í gegnum dótturfyrirtæki með starfsleyfi þar. Nefna má að gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjármálaeftirlit í Finnlandi og Svíþjóð um eftirlit með Kaupþingi Búnaðarbanka hf.
- Fjármálaeftirlitið er aðili að og tekur þátt í starfi samstarfsnefnda fjármálaeftirlita í Evrópu, en þessar nefndir hafa það hlutverk að samræma eftirlit á fjármálamarkaði og styðja þannig við skilvirkan innri markað á Evrópska efnahagssvæðinu. Ennfremur sinna þær ráðgjöf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mótun samræmdrar löggjafar á fjármálamarkaði. Þessar nefndir eru CESR (Committee of European Securities Regulators), CEBS (Committee of European Banking Supervisors) og CEIOPS (Committee of European Insurance and Occupational Pensions Supervisors).

Nánari lýsingu á erlendu samstarfi Fjármálaeftirlitsins er að finna á heimasíðu þess.

1.8 Rekstur Fjármálaeftirlitsins

Á árinu 2003 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 256,9 m.kr en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 263,0 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 259,8 m.kr. Á árinu 2003 varð því 6,1 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Undanskilið í framangreindu eru gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Höfuðstóll Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2003 var neikvæður um 1,3 m.kr. Tekið var tillit til þessa við ákvörðun eftirlitsgjalds, sem samþykkt var á Alþingi fyrir árið 2004. Tekjum ársins 2003 var ráðstafað til reksturs á árinu en vegna tekjuafgangs myndaðist 4,7 m.kr. eigið fé á árinu 2003 eða sem nemur 1,8% af heildartekjum stofnunarinnar.

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2003 verður birtur með ársskýrslu Fjármálaeftirlisins og á heimasíðu stofnunarinnar.

Samkvæmt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að gjöld á árinu verði alls 288,7 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum verði 292,5 m.kr en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi 289,5 m.kr. Tekjur umfram gjöld á árinu 2004 eru þannig áætlaðar 3,7 m.kr. og að teknu tilliti til jákvæðs eiginfjár í ársbyrjun 2004, að fjárhæð 4,8 m.kr., er gert ráð fyrir 8,5 m.kr. yfirfærðum rekstrarafgangi stofnunarinnar í rekstraráætlun vegna ársins 2005.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005 hefur verið kynnt viðskiptaráðherra í samræmi við ákvæði laga. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarumfang á árinu 2005 aukist um 7,2% frá árinu 2004. Gert er ráð fyrir að á árinu 2005 muni gjöld ársins nema alls 309,5 m.kr. og tekjur að meðtöldum fjármunatekjum verði 301,0 m.kr. en þar af verði álagt eftirlitsgjald á árinu 2005 um 298,0 m. kr.

2. FJÁRMÁLAMARKAÐURINN – ÞRÓUN OG HORFUR

2.1 Lánamarkaður

Góð afkoma

Á árinu 2003 og á fyrri hluta árs 2004 var arðsemi eigin fjár innlánsstofnana mjög góð. Þessa góðu arðsemi má einkum skýra með óvenju háum tekjum vegna mikils gengishagnaðar og einnig vegna annarra tekna en þóknunartekna. Gengishagnaðurinn skýrist einkum af hagstæðri þróun á gengi bæði hlutabréfa og markaðsskuldabréfa á verðbréfamarkaði. Ennfremur skýrist hin góða afkoma af betri nýtingu á kostnaði sem kemur fram í lækkandi kostnaðarhlutföllum samhliða verulega auknum umsvifum. Hin góða arðsemi innlánsstofnana undanfarin misseri byggist þannig að verulegu leyti á tekjum sem gera verður ráð fyrir að geti sveiflast umtalsvert milli ára. Þar á móti vegur að tekjugrundvöllurinn er nú breiðari en áður, einkum hjá stærstu viðskiptabönkunum, m.a. vegna aukinna umsvifa utan Íslands.

Mikil útlánaaukning

Frá árslokum 2002 hefur útlánavöxtur innlánsstofnana verið umtalsverður og hefur 12 mánaða aukning á fyrri hluta ársins farið yfir 30%. Að hluta til er um að ræða útlánaaukningu til erlendra aðila. Þessi mikla útlánaaukning er áhyggjuefni þar sem reynslan sýnir að í kjölfar mjög hraðrar útlánaaukningar má búast við auknum útlánatöpum. Þá er einnig áhyggjuefni að verulegur hluti þessarar útlánaaukningar er fjármagnaður með erlendum lántökum. Hröð útlánaaukning er ennfremur einn af áhættuþáttum sem geta verið undanfari erfiðleika í fjármálakerfinu.

Fyrirliggjandi vísbendingar um gæði útlána gefa þó ekki tilefni til að ætla annað en að þau séu í viðunandi horfi samanborið við fyrri ár og er þá miðað annars vegar við þróun í vanskilum útlána og hins vegar í vaxtafrystum útlánum og fullnustueignum. Fyrirvara verður þó að hafa varðandi fullyrðingar um gæði útlána þar sem ekki er komin full reynsla á endurgreiðslu nýveittra útlána. Þá liggur ennfremur fyrir að nokkur hluti af útlánaaukningu síðustu missera tengist eigendaskiptum og uppstokkunum hjá fyrirtækjum og eru tryggingar í þeim tilvikum oft fyrst og fremst fólgnar í handveðum í hlutabréfum í viðkomandi fyrirtækjum og áhættan því í reynd ígildi hlutabréfaáhættu.

Veruleg markaðsverðbréfaeign

Eign innlánsstofnana í markaðsskuldabréfum og hlutabréfum hefur vaxið umtalsvert á undanförnum árum, einkum hlutabréfaeign. Sé þessi verðbréfaeign mæld sem hlutfall af lögbundnu eigin fé er þó um óverulega aukningu að ræða í tilviki hlutabréfa og lækkun í tilviki markaðsskuldabréfa á síðustu 3–4 árum. Sé hins vegar litið enn lengra aftur blasir önnur mynd við þegar markaðsverðbréfaeign var óverulegur hluti af eigin fé innlánsstofnana. Þróunin á síðustu 10 árum endurspeglar þá kerfisbreytingu sem orðið hefur í starfsemi innlánsstofnana hér á landi. Þessari breytingu fylgir að áhættustaða fyrirtækjanna hefur aukist verulega sem gerir enn ríkari kröfur en áður til þess að stjórnir fyrirtækjanna setji sér markmið um áhættutöku og að áhættum sé stýrt með markvissum hætti.

Aukning í umsvifum – aukið mikilvægi fyrir íslenskt hagkerfi

Á síðustu 10 árum hefur orðið gjörbreyting á umsvifum innlánsstofnana hér á landi. Í upphafi þess tímabils var niðurstöðutala efnahagsreiknings samtals um 300 milljarðar króna en í lok þess nálægt 2.000 milljörðum. Séu þessar stærðir settar í samhengi við verga landsframleiðslu er hlutfallið annars vegar 70% og hins vegar 215% (230% fyrir samstæður) sem sýnir glögglega þá miklu breytingu sem orðið hefur. Breytingarnar verða ekki nema að litlu

leyti skýrðar með starfsemi innlánsstofnana í dótturfélögum utan Íslands. Framundan er síðan veruleg aukning á þessum stærðum með uppruna utan Íslands með tilkomu FIH bankans í samstæðuuppgjöri Kaupþings Búnaðarbanka hf. Þessar tölur gefa einnig til kynna aukið mikilvægi innlánsstofnana fyrir íslenskt hagkerfi og að áföll sem mögulega yrðu í starfsemi þessara fjármálafyrirtækja hefðu mun meiri áhrif nú en fyrr á árum.

Breytt fjármögnun

Samhliða framangreindri þróun í umsvifum innlánsstofnana hefur orðið athyglisverð þróun í samsetningu á fjármögnuninni. Á umræddu 10 ára tímabili hefur hlutdeild innlána lækkað úr 50% í 30% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings en hlutdeild annarra skulda og skuldbindinga aukist úr 40% í 63% og er þar fyrst og fremst um erlendar lántökur að ræða. Framangreind lýsing á þróun á fjármögnun innlánsstofnana á einkum við um viðskiptabankana en síður um sparisjóðina þar sem hlutdeild innlána í fjármögnun þeirra hefur verið nokkuð stöðug á síðustu 10 árum. Þróuninni í fjármögnun innlánsstofnana í átt til aukins vægis erlendra liða fylgja margvíslegar auknar áhættur. Reynslan sýnir að innlán eru mun stöðugri fjármögnunarþáttur en lántökur sem eru með fyrirfram umsamdan gjalddaga. Lántökunum fylgir umtalsverð endurfjármögnunaráhætta, bæði vegna tiltölulega skamms lánstíma að jafnaði og vegna þess að stór hluti af lántökunum er á erlendum mörkuðum.

Framangreindri þróun í aukningu á niðurstöðutölu efnahagsreiknings hefur fylgt sambærileg þróun í bókfærðu eigin fé innlánsstofnana sem aukist hefur úr 30 milljörðum króna í árslok 1995 í rúmlega 140 milljarða í lok júní 2004. Hlutföll af vergri landsframleiðslu eru 7% og 17%. Þessi þróun í eigin fé endurspeglar þá auknu möguleika sem orðið hafa til að þjónusta stöðugt umsvifameiri starfsemi íslenskra fyrirtækja á umræddu tímabili.

Eiginfjárstaðan þarf að endurspegla áhættur viðkomandi aðila

Eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall) viðskiptabanka og stærstu sparisjóða í heild, reiknað samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, hefur farið hækkandi frá árslokum 2000. Í lok júní 2004 var hlutfallið rúmlega 13%. Lágmarkshlutfall m.v. álagspróf samkvæmt viðmiðum í reglum Fjármálaeftirlitsins um hærra eiginfjárhlutfall var 10,3% en þau viðmið gera ráð fyrir 25% lækkun á bókfærðu virði hlutabréfa í eigin áhættu, 7% lækkun á virði markaðsskuldabréfa í eigin áhættu og 20% lækkun á virði vaxtafrystra útlána og fullnustueigna. Önnur eiginfjárhlutföll, þ.e. eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárþætti A og eiginfjárhlutfall án víkjandi lána hafa þróast með svipuðum hætti og CAD hlutfallið (mynd 11).

Að undanförnu hefur stærsti viðskiptabankinn verið með mjög hátt eiginfjárhlutfall, m.a. vegna fyrirhugaðra fjárfestinga í erlendum fjármálafyrirtækjum. Vegna þessarar sérstöðu og mikils vægis KB banka (áður Kaupþing og Búnaðarbanki) í heildartölum fyrir innlánsstofnanir gefa framangreindar tölur ekki rétta mynd af stöðunni fyrir innlánsstofnanir almennt. Þróun eiginfjárhlutfalla fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði frádregnum tölum fyrir KB banka sýnir lækkandi eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall) frá árslokum 2002 þegar eiginfjárhlutfallið var rúmlega 12%. Í lok júní 2004 var hlutfallið 11% en lágmarkshlutfallið m.v. fyrrnefnt álagspróf var tæplega 10% (mynd 12). Af þeim 10 innlánsstofnunum sem framangreindar tölur ná yfir eru 2 sem eru lítillega undir þeim mörkum sem álagsprófið gerir ráð fyrir. Þróun annarra eiginfjárhlutfalla fyrir innlánsstofnanir í heild án KB banka, þ.e. eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárþætti A og eiginfjárhlutfall án víkjandi lána, hefur verið sambærileg og þróun CAD hlutfallsins að því frátöldu að hlutföllin hafa styrkst um 0,3–0,4% stig á fyrri hluta ársins 2004 og eru 8,7% og 8,3%.

Á heildina litið og með hliðsjón af fyrrnefndu álagsprófi virðist eiginfjárstaða viðskiptabanka og stærstu sparisjóða í heild vera viðunandi. Til skoðunar er þó hvort forsenda álagsprófsins um 25% lækkun á virði hlutabréfa sé nægilega varkár með hliðsjón af þeim hækkunum á hlutabréfaverði sem átt hefur sér stað undanfarin misseri.

Þróunin framundan

Fyrirsjáanlegar eru umtalsverðar breytingar á umsvifum fjármálafyrirtækja sem fyrst og fremst felast í enn frekari aukningu á starfsemi erlendis. Þetta á einkum við um 3 stærstu viðskiptabankanna. Jafnframt má búast við sameiningum og hagræðingu innan sparisjóðageirans. Ennfremur má búast við að frekari sameiningar fyrirtækja í stærri rekstrareiningar hafi áhrif á getu fjármálafyrirtækjanna til að veita þeim fullnægjandi fjármálaþjónustu m.a. með hliðsjón af reglum um hámark stórra áhættuskuldbindinga og í því sambandi mun reyna í auknum mæli á hvernig tengingum er háttað milli lánþega í skilningi viðkomandi reglna. Þá er fyrirsjáanleg aukning í hlutdeild viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja í lánveitingum vegna íbúðarkaupa. Framangreindar breytingar munu hafa í för með sér ýmis ný tækifæri og fjölbreyttari tekjumöguleika fyrir fjármálafyrirtækin, en einnig nýjar og breyttar áhættur sem fylgjast þarf með. Þá eru í farvatninu veigamiklar breytingar á regluumhverfi fjármálafyrirtækja, sem felast í innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilareglum frá og með árinu 2005 annars vegar og nýrra eiginfjárreglna (Basel 2) frá og með árinu 2007 hins vegar. Breytingar á regluumhverfinu munu m.a. hafa í för með sér auknar kröfur um mælingu á áhættum, áhættustýringu og innra eftirlit og upplýsingagjöf um áhættur.

Mynd 1



Mynd 1 sýnir arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði. Arðsemi I miðast við hagnað samkvæmt reikningsskilum, arðsemi II miðast við hagnað að frádregnum gengishagnaði og arðsemi III miðast við hagnað að frádregnum öðrum rekstrartekjum en þóknunartekjum. Í útreikningi á arðsemi II og III hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa af lægri vaxtakostnaði og sköttum vegna forsendunnar um lægri tekjur og er arðsemi II og III því vanmetin að einhverju leyti.

Mynd 2



Mynd 2 sýnir þróun helstu rekstrarliða hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum í hlutfalli við meðalstöðu efnahagsreiknings. Tölur fyrir fyrri hluta árs 2004 eru umreiknaðar m.v. heilt ár. Vaxtamunur og rekstrargjöld hafa nær stöðugt lækkað á tímabilinu. Framlag í afskriftareikning hefur fremur farið vaxandi á seinni hluta tímabilsins fram til fyrri hluta árs 2004. Þróun annarra rekstrartekna sker sig hins vegar úr þróun annarra rektrarliða. Aðrar rekstrartekjur hafa þannig farið stöðugt vaxandi frá árinu 2001 eftir niðursveiflu frá árunum þar á undan.

Mynd 3



Mynd 3 sýnir útlán og lok tímabils og 12 mánaða aukningu útlána hjá innlánsstofnunum (móðurfélög eingöngu). Eins og fram kemur á myndinni hefur útlánavöxturinn verið verulegur á undanförnum árum.

Mynd 4



Mynd 4 sýnir vanskil hjá innlánsstofnunum (móðurfélögum eingöngu) í lok hvers ársfjórðungs frá árslokum 2001 í fjárhæðum og sem hlutfall af útlánum með eins árs tilhliðrun. Myndin sýnir að frá seinni hluta árs 2003 hafa vanskilin farið lækkandi og eru í lok 2. ársfjórðungs 2004 með lægsta móti.

Mynd 5



Mynd 5 sýnir vaxtafryst útlán og fullnustueignir fyrir samstæðuuppgjör viðskiptabanka og stærstu sparisjóða í hlutfalli við heildarútlán. Myndin sýnir stöðugt lækkandi hlutföll frá árslokum 2002 en þá var hlutfallsleg staða þessara eignaliða í hámarki á því tímabili sem sýnt er.

Mynd 6



Mynd 6 sýnir þróun markaðsverðbréfaeignar viðskiptabanka og stærstu sparisjóða (samstæðuuppgjör í fjárhæðum og í hlutfalli af lögbundnu eigin fé. Myndin sýnir að mikill vöxtur hefur orðið í fjárhæðum, einkum í hlutabréfaeign en reiknað í hlutfalli af lögbundnu eigin fé er um svipað hlutfall að ræða allt frá árinu 2000 í tilviki hlutabréfa og talsverða lækkun í tilviki skuldabréfa.

Mynd 7



Mynd 7 sýnir þróun í umsvifum innlánsstofnana m.v. niðurstöðutölu efnahagsreiknings á tæplega 10 ára tímabili, bæði í fjárhæðum og í hlutfalli af vergri landsframleiðslu. Myndin sýnir þessar stærðir bæði fyrir samstæðu og móðurfélög. Mismunurinn á samstæðu annars vegar og móðurfélögum hins vegar skýrist fyrst og fremst af starfsemi í dótturfélögum erlendis. Í talnaefni fyrri ára eru meðtaldar tölur fjárfestingarlánasjóða og fjárfestingarbanka sem sameinast hafa viðskiptabönkum. Myndin sýnir glögglega hinn mikla vöxt sem verið hefur í starfsemi innlánsstofnana á umræddu tímabili og aukið þjóðhagslegt mikilvægi þessarar fjármálastarfsemi.

Mynd 8



Mynd 8 sýnir hlutfallslega samsetningu skuldahliðar efnahagsreiknings viðskiptabanka og stærstu sparisjóða á tæplega 10 ára tímabili. Myndin sýnir minnkandi hlut innlána í fjármögnun innlánsstofnana á tímabilinu á móti vaxandi hlut annarra skulda og skuldbindinga sem fyrst og fremst samanstanda af erlendum lántökum. Í upphafi tímabilsins var vægi innlána um 50% samanborið við 30% í lok tímabilsins. Sambærileg hlutföll fyrir skuldir og aðrar skuldbindingar eru 40% og 63%.

Mynd 9



Mynd 9 sýnir þróun í brúttó- og nettóskuldum viðskiptabanka og sparisjóða (móðurfélagsuppgjör) gagnvart erlendum aðilum frá júní 1998 til júní 2004. Frá árslokum 2002 hafa brúttóskuldirnar tvöfaldast en nettóskuldirnar aukist um 60%. Skuldastaðan tengist nær eingöngu 3 stærstu viðskiptabönkunum.

Mynd 10



Mynd 10 sýnir þróun í bókfærðu eigin fé innlánsstofnana á tæplega 10 ára tímabili í fjárhæðum og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Myndin sýnir svipaða þróun og mynd 7, þ.e. verulegan vöxt á umræddu tímabili. Í upphafi tímabilsins er bókfært eigið fé innlánsstofnana um 30 milljarðar króna og tæplega 7% af vergri landsframleiðslu en í lok tímabilsins eru sambærilega tölur 142 milljarðar króna og tæplega 17%.

Mynd 11



Mynd 11 sýnir þróun eiginfjárhlutfalla (CAD-hlutfall) fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði á tæplega 10 ára tímabili. Sýnt er lögbundið eiginfjárhlutfall, eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárþætti A (Tier 1) og eiginfjárhlutfall án víkjandi lána. Ennfremur er sýnt lágmarks eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall) miðað við áfallapróf um lækkun á virði tiltekinna eignaliða en þau viðmið gera ráð fyrir 25% lækkun á bókfærðu virði hlutabréfa í eigin áhættu, 7% lækkun á virði markaðsskuldabréfa í eigin áhættu og 20% lækkun á virði vaxtafrystra útlána og fullnustueigna. Í lok júní 2004 var eiginfjárhlutfallið fyrir heildina 13,1%, Eiginfjárhlutfall A 10,2% og eiginfjárhlutfall án víkjandi lána 9,1%. Lágmarkshlutfall m.v. álagspróf var 10,3%.

Mynd 12



Mynd 12 sýnir þróun eiginfjárhlutfalls með sama hætti og mynd 11 en án KB banka. Vegna sérstöðu KB banka varðandi hátt eiginfjárhlutfall að undanförnu og vægis bankans í heildartölum í eiginfjárútreikningi (u.þ.b.40% vægi) er nauðsynlegt að draga upp mynd af viðskiptabönkum og sparisjóðum án KB banka. Í lok júní 2004 var eiginfjárhlutfallið fyrir heildina án KB banka 11,0%, Eiginfjárhlutfall A 8,7% og eiginfjárhlutfall án víkjandi lána 8,3%. Lágmarkshlutfall m.v. álagspróf var 9,9%.

2.2 Verðbréfamarkaður

Hagstæð þróun á verðbréfamarkaði

Þróun á fjármálamarkaði hélt áfram að vera fjárfestum hagstæð á árinu 2003 og það sem af er ári 2004 bæði á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Heildarvísitala Aðallista sem og ICEX-15 vísitalan hafa aldrei verið hærri og ávöxtun á skuldabréfamarkaði er veruleg. Heildarvelta hlutabréfa og skuldabréfa nam 1.578 milljörðum króna árið 2003 og var veltuaukning frá fyrra ári um 39%.

Viðskipti með hlutabréf voru um 554 milljarðar á árinu 2003 og hafa aldrei verið meiri. Aukning frá meti fyrra árs nam 72%. Veltuhraði hlutabréfa mældist 95% en var 65% árið áður. Heildarvelta hlutabréfa fyrstu sex mánuði ársins 2004 var 285 milljarðar og hafa viðskipti aldrei verið meiri á fyrri hluta árs. Þessa veltuaukningu má enn sem fyrr rekja til sameininga fyrirtækja og tilfærslu stórra eignarhluta.

Metvelta var á skuldabréfamarkaði á árinu 2003 og nam hún alls 1.024 milljörðum króna sem var 26% aukning frá fyrra ári. Heildarvelta skuldabréfa fyrstu sex mánuði ársins 2004 var 715 milljarðar sem er um 36% veltuaukning frá fyrri hluta árs 2003. Þessa veltuaukningu má m.a. rekja til aukins hagvaxtar og væntinga um vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands.

Hækkun markaðsvirðis og fækkun skráðra félaga

Skráðum félögum í Kauphöll Íslands hefur stöðugt farið fækkandi á undanförnum árum. Í mörgum tilvika má rekja afskráningu félaga til sameininga við önnur skráð félög. Þrátt fyrir fækkun skráðra félaga hefur markaðsvirði þeirra aukist verulega. Þessa hagstæðu verðþróun á hlutabréfamarkaði má m.a. rekja til þess að skráð félög hafa verið að ná miklum árangri, ekki síst félög sem hafa sótt á erlenda markaði. Þessi þróun á hlutabréfamarkaði hefur í för með sér að innlendum fjárfestingarkostum fækkar en hins vegar verður seljanleiki hlutabréfa

stærri félaga meiri. Þessi þróun hefur m.a. haft þau áhrif að íslenskir fjárfestar hafa aukið erlendar fjárfestingar sínar og þá helst í erlendum sjóðum.

Gengi nokkurra skráðra félaga hefur hækkað um meira en 100% frá síðustu áramótum og er meirihluti þeirra í fjármálageiranum. Því hefur vísitala fjárfestingarfélaga sem og vísitala fjármála og trygginga hækkað verulega á árinu og vegur þungt hlutdeild þessara félaga í heildarmarkaðsvirði félaga skráðum í Kauphöll Íslands. Benda má á að eignatengsl er víða að finna meðal félaga á íslenskum verðbréfamarkaði og þá ekki síst í fjármálageiranum. Vegna þessara eignatengsla er ljóst að margfeldisáhrif verða vegna gengishækkana einstakra félaga um allan markaðinn. Gagnkvæm eignatengsl valda því að þegar gengi félags A hækkar þá hækkar gengi félags B vegna eignar í A og þar sem A á einnig hluti í B þá hefur það aftur áhrif til hækkunar á gengi A. Áhrif þessara innbyrðis tengsla er mikið áhyggjuefni þar sem þau eiga einnig við í niðursveiflu á markaði. Þá má og benda á að töluvert hefur verið um skuldsett hlutabréfakaup, m.a. vegna tilfærslu á stórum eignarhlutum.

Greiningaraðilar á markaði hafa um skeið bent á að ofmat sé á íslenskum hlutabréfamarkaði og spáð verðleiðréttingu. Merki um slíka leiðréttingu má sjá á seinnihluta otkóbermánaðar. Erfitt er að segja til um hversu mikil leiðréttingin verður og hversu lengi hún kemur til með að standa.

Sú þróun sem orðið hefur á íslenskum verðbréfamarkaði, þ.e. hin mikla uppsveifla fram í október á þessu ári er mjög athyglisverð í samanburði við flesta erlenda markaði þar sem þróunin hefur verið með öðrum hætti, þ.e. hæg uppsveifla eða jafnvel niðursveifla. Ekki er hægt að skýra þennan vöxt eingöngu með fækkun fjárfestingarkosta eða núverandi starfsemi félaganna en stór áhrifaþáttur virðist vera trú íslenskra fjárfesta á útrás íslenskra félaga á erlenda markaði auk tilfærslu stórra eignarhluta og áhrif eignatengsla sem fyrr er getið.

Breyttir tímar á skuldabréfamarkaði

Þær breytingar urðu á árinu 2004 að fram fór skiptiútboð hjá Íbúðalánasjóði þar sem skipt var á fyrirfram ákveðnum flokkum hús – og húsnæðisbréfa fyrir íbúðabréf. Þessi nýju bréf, íbúðabréf, eru uppgjörshæf í alþjóðlegum uppgjörsbanka sem er nýmæli. Íbúðalánasjóður var með tvö lokuð útboð á árinu sem eingöngu var beint til erlendra fjárfesta og hafa viðskipti erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfum aukist m.a. vegna þessa.

Á haustmánuðum 2004 fóru fjármálafyrirtæki í beina samkeppni við Íbúðalánasjóð er þau fóru að bjóða lán til húsnæðiskaupa með betri vaxtakjörum en áður hafði þekkst. Ekki eru að fullu komin fram áhrif vegna þessarar samkeppni á lánamarkaði en ljóst er að margir einstaklingar hafa nýtt sér þetta tækifæri til kaupa á stærri eignum en ella og hugað að skuldbreytingu lána. Því er hugsanlegt að draga muni úr nettó framboði á löngum verð- og ríkistryggðum skuldabréfum. Þegar fram líða stundir má þó gera ráð fyrir að bankarnir fjármagni verðtryggð íbúðalán sín með útgáfu langtímaskuldabréfa.

Upplýsingagjöf til eftirlitsaðila

Löngum hefur því verið borið við að íslenskur fjármálamarkaður sé að slíta barnsskónum þegar t.d. hefur verið fundið að upplýsingagjöf félaga skráðum í Kauphöll Íslands. Afsökun sem þessari er ekki endalaust hægt að bera við og má tvímælalaust í dag gera raunhæfar og eðlilegar kröfur til félaganna hvað varðar upplýsingagjöf. Félögin hafa haft góðan tíma til að kynna sér þær kröfur sem gerðar eru til þeirra hvað þetta varðar og haft tíma til aðlögunar. Nýtt starf regluvarðar ætti nú að hafa unnið sér sess innan félaganna og stjórnendur þeirra og fruminnherjar eiga að vera vel upplýstir um skyldur sínar. Því miður er enn veruleg brotalöm hvað varðar fyrrgreinda upplýsingagjöf af hálfu skráðra félaga til eftirlitsaðila. Tekið

verður hart á brotum hvað varðar upplýsingagjöf og viðeigandi ráðstafanir gerðar af hálfu eftirlitsaðila.

Mynd 13



Mynd 13 sýnir að Heildarvísitala Aðallista hækkaði um rúm 44% milli áranna 2002–2003. Hún rauf 3000 stiga múrinn 12. ágúst síðastliðinn og hefur hækkað um tæp 72% fyrstu níu mánuði ársins 2004. Hæsta lokagildi heildarvísitölunnar þessa fyrstu níu mánuði ársins var 30. september en þá var hún 3565,41 stig. Þróun ICEX-15 hefur verið á sömu leið, en hún hækkaði um rúm 56% milli áranna 2002–2003 og hefur hækkað um tæp 80% fyrstu níu mánuði þessa árs. ICEX-15 rauf 3000 stiga múrinn hinn 12. júlí síðastliðinn og var hæsta dagslokagengi hennar hinn 30. september, miðað við fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins, en þá var hún 3802,37 stig.

Mynd 14



Mynd 14 sýnir að skráðum félögum í Kauphöll Íslands hefur stöðugt farið fækkandi allt frá árinu 2000 en þá voru alls 75 félög skráð í kauphöll. Mest var nettó fækkun skráðra félaga

á árinu 2003 en þá fækkaði félögum úr 64 í 48. Hinn 30. september 2004 eru 40 félög skráð í Kauphöll Íslands og hefur því fækkað um 8 frá áramótum. Ekki er öll sagan sögð því vænst er afskráningar þriggja félaga til viðbótar þar sem yfirtökuskylda hefur orðið virk. Ekkert nýtt félag var skráð á fyrstu níu mánuðum ársins.

Mynd 15



Mynd 15 sýnir að markaðsvirði skráðra hlutafélaga í Kauphöll Íslands fór stöðugt vaxandi til loka september 2004. Aukning milli áranna 2001–2002 nam tæplega 24% eða úr 428 milljörðum króna í 529 milljarða króna. Aukning milli áranna 2002–2003 var tæplega 25% en markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll Íslands árið 2003 nam 659 milljörðum króna. Til loka september 2004 jókst markaðsvirði hlutafélaga um rúm 73% og nam markaðsvirði þeirra þá 1.142. milljarðar króna.

Mynd 16



Mynd 16 sýnir að markaðsvirði skráðra skuldabréfa og víxla hefur stöðugt farið vaxandi allt frá árinu 2000. Mest var hækkunin milli áranna 2000 og 2001 úr 390 milljörðum króna í 501 milljarða króna eða um rúm 28%. Fyrstu sex mánuði þessa árs hækkaði markaðsvirði

skráðra skuldabréfa og víxla úr 773 milljörðum króna í 828 milljarða króna eða um 7,2%. Sé tekið mið af þrem fyrstu ársfjórðungum þessa árs hefur markaðsvirði skráðra skuldabréfa og víxla hækkað í 881 milljarða króna, eða um rúm 14%.

2.3 Lífeyrismarkaður

Lífeyrissjóðir

Á árinu 2003 var arðsemi lífeyrissjóðanna mjög góð en hrein raunávöxtun sjóðanna var 11,3% eftir neikvæða ávöxtun næstu þrjú ár þar á undan. Allir lífeyrissjóðir að einum undanskildum skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu 2003. Þá er ljóst að ávöxtun á fyrri hluta árs 2004 var jafnframt góð. Hrein eign lífeyrissjóðanna var 824 ma.kr. í árslok 2003 og var því orðin hærri en verg landsframleiðsla eða 104% af landsframleiðslu. Góð ávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2003 hafði í för með sér að tryggingafræðileg staða sjóðanna hefur batnað og voru allir lífeyrissjóðir í tryggingafræðilegu jafnvægi eins og það er skilgreint í lífeyrissjóðalögunum. Þrátt fyrir batnandi stöðu er ekki líklegt að sjóðirnir muni bæta réttindi í bráð þar sem nauðsynlegt er að horfa til langs tíma og lífslíkur fara hækkandi auk þess sem örorkutíðni hefur verið að aukast. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðanda er slæm og gefur nú sem fyrr ástæðu til að hugað sé að fjárhagsstöðu þessara sjóða og að úr henni verði bætt.

Á seinni hluta ársins 2004 áttu sér stað vaxtalækkanir nokkurra lífeyrissjóða á veðtryggðum skuldabréfalánum til einstaklinga í kjölfar vaxtalækkana Íbúðalánasjóðs og bankanna. Framangreint er til marks um lækkandi raunvaxtastig á Íslandi en lífeyrissjóðirnir hafa í gegnum tíðina byggt afkomu sína að verulegu leyti á fremur háum verðtryggðum vöxtum sem boðist hafa hér á landi. Í tryggingafræðilegum úttektum á sjóðunum er gert ráð fyrir að til lengri tíma sé hrein raunávöxtun sjóðanna 3,5% við núvirðingu framtíðariðgjalda, vænts lífeyris og verðbréfaeignar sjóðanna með föstum tekjum. Komi raunvaxtastig á Íslandi til með að lækka varanlega niður fyrir það viðmið þarf að endurskoða forsendu um framangreinda raunávöxtun. Raunvextir eru þó enn yfir 3,5% auk þess sem fjárfestingar sjóðanna eru minna einsleitar en áður. Sjóðirnir fjárfesta nú til að mynda í auknum mæli í hlutabréfum og á erlendum mörkuðum og ættu með þeim hætti að ná fram aukinni áhættudreifingu og góðri ávöxtun til langs tíma litið.

Þann 1. júlí 2004 voru starfandi 49 lífeyrissjóðir. Af þessum sjóðum voru 38 fullstarfandi en 11 taka ekki lengur við iðgjöldum. Af 49 lífeyrissjóðum eru 14 sjóðir með ábyrgð annarra, þ.e. ríkis, sveitarfélags eða banka. Nokkrir sjóðanna starfa í fleiri en einni fjárhagslega aðskildri deild vegna mismunandi réttindaávinnslu. Þann 1. júlí 2004 voru starfandi 58 samtryggingadeildir og 38 séreignardeildir eða samtals 96 fjárhagslega aðskildar deildir innan lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir voru 66 í árslok 1998 og hefur fækkað af jafnaði um þrjá sjóði á ári á tímabilinu 1998–2003.

Iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða jukust lítillega á árinu eða úr 67 ma.kr. á árinu 2002 í 73,6 ma.kr. á árinu 2003. Gjaldfærður lífeyrir var 28,7 ma.kr. á árinu 2003 en var 22,2 ma.kr. á árinu 2002.

Viðbótartryggingavernd og séreignarsparnaður

Með gildistöku laga nr. 129/1997 um mitt ár 1998 var lífeyrissjóðum, bönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum heimilað að veita móttöku iðgjaldi til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar umfram lögbundna lágmarkstryggingavernd.

Í árslok 2003 buðu 50 aðilar upp á samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd eða 20 lífeyrissjóðir, 3 bankar, 23 sparisjóðir, 1 verðbréfafyrirtæki og 3 líftryggingafélög.

Í árslok 2003 var uppsafnaður lífeyrissparnaður í vörslu annarra aðila en lífeyrissjóða 16,2 ma.kr. og hrein eign lífeyrissjóðanna var 824 ma.kr. Uppsafnaður lífeyrissparnaður samtals til lágmarks- og viðbótartryggingaverndar var því 840,2 ma.kr. í árslok 2003.

Mynd 17



Mynd 17 sýnir að hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris í árslok 2003 nam 824 ma.kr. samanborið við 678,9 ma.kr. í árslok 2002. Aukningin var 21,4% sem samsvarar 18,2% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Í árslok 2003 var hrein eign lífeyrissjóðanna 104% af vergri landsframleiðslu samanborið við 87,1% í árslok 2002.

Mynd 18



Mynd 18 sýnir að hrein raunávöxtun lífeyrissjóða miðað við vísitölu neysluverðs var 11,3% á árinu 2003. Fimm ára meðaltal í árslok 2003 var 3,5% og tíu síðustu ára 5,4%. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna leiðrétt fyrir vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og því er

eðlilegt að horfa á ávöxtun sjóðanna yfir nokkurra ára tímabil þegar árangur þeirra er skoðaður.

Mynd 19



Mynd 19 sýnir mismunandi ávöxtun samtrygginga- og séreignardeilda undirstrikar nauðsyn þess að líta til fjárfestingastefna þegar ávöxtun einstakra sjóða eða deilda er borin saman. Fjárfestingastefnur séreignardeilda eru almennt áhættusæknari en sameignadeilda vegna eðlismunar sparnaðarins sem endurspeglast í meiri sveiflum í ávöxtun.

Mynd 20



Mynd 20 sýnir að tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðanda hefur batnað verulega á árinu 2003. Í árslok 2003 voru reknar 43 slíkar deildir í 34 sjóðum. Staða 19 deilda var jákvæð og 24 deildir voru með halla á bilinu 0,1 til 10%. Staða einstakra deilda var á bilinu -8,6% til 8,7%. Í lífeyrissjóðalögunum er kveðið á um að sé mismunur á milli eigna og skuldbindinga meiri en 10% skv. árlegri tryggingafræðilegri úttekt þurfi að breyta samþykktum sjóðsins þannig að jafnvægi náist. Sama á við hafi mismunurinn verið á bilinu 5 til 10% samfellt í 5 ár.

Mynd 21



Mynd 21 sýnir að fjárhagsstaða lífeyrissjóða sem starfa með ábyrgð annarra hefur lítið breyst á milli ára og er verulegur halli á langflestum þeim deildum sem hér um ræðir. Deildirnar eru undanþegnar ákvæðum lífeyrissjóðalaganna um fulla sjóðssöfnun og brúar ábyrgð launagreiðanda það sem upp á vantar til þess að eignir deildanna dugi fyrir skuldbindingum. Deildirnar taka ekki við nýjum sjóðfélögum. Af 16 deildum hjá þeim 14 lífeyrissjóðum sem starfandi eru með ábyrgð annarra var ein deild rekin með halla á bilinu 0–50% og 14 með halla á bilinu 50–100%. Ein deild var í jafnvægi. Halli einstakra deilda var á bilinu 5,1–96,8%.

Mynd 22



Mynd 22 sýnir að eignasamsetning lífeyrissjóðanna hefur verið að taka miklum breytingum. Samanburður á milli áranna 1997 og 2003 leiðir í ljós að eignir sjóðanna samanstanda nú í ríkara mæli af verðbréfum með breytilegum tekjum en áður. Á tímabilinu hefur hlutfall verðbréfa með breytilegum tekjum aukist úr 15% í 40% af hreinni eign sjóðanna á kostnað verðbréfa með föstum tekjum. Undir verðbréf með breytilegum tekjum heyra hlutabréf og

hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða en verðbréfasjóðir geta þó samanstaðið af skuldabréfum einvörðungu.

Mynd 23



Mynd 23 sýnir að eignasamsetning samtrygginga- og séreignardeilda er töluvert ólík en það er til merkis um að deildirnar starfa eftir mismunandi fjárfestingarstefnum. Jafnframt má líta til þess að um 80% af eignum séreignardeildanna eru til komnar vegna lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku lífeyrissjóðalaganna og eru í rekstri hjá viðskiptabönkunum sem stýra eignum að verulegu leyti í gegnum verðbréfasjóði.

Mynd 24



Mynd 24 sýnir að í árslok 2003 voru gengisbundnar eignir lífeyrissjóðanna um 20% af hreinni eign lífeyrissjóðanna samanborið við 16% í árslok 2002 og höfðu því vaxið um 4%. Lífeyrissjóðum er heimilt að eiga gengisbundnar eignir að verðmæti sem nemur að hámarki 50% af hreinni eign sjóðanna til greiðslu lífeyris samkvæmt lífeyrissjóðalögunum. Gera má ráð fyrir að gengisbundnar eignir haldi áfram að vaxa á næstu árum.

Mynd 25



Mynd 25 sýnir að hlutfall óskráðra verðbréfa af hreinni eign var 5,4% (44,7 ma.kr.) í árslok 2003 en var 7,4% (51,2 ma.kr.) í árslok 2002 og lækkaði því um 2 % á árinu 2003. Í lífeyrissjóðalögunum er kveðið á um að óskráð verðbréfaeign lífeyrissjóðs megi að hámarki vera 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Frá gildistöku laganna hafa sjóðirnir verið að færa sig að takmörkum þeirra en í árslok 1999 nam hlutfallið 16%. Þrátt fyrir að heildarhlutfall óskráðra verðbréfa sé undir 10% eru enn um 10 sjóðir yfir því hlutfalli. Í árslok 2003 voru 93% af óskráðum verðbréfum sjóðanna óskráð skuldabréf en 7% óskráð hlutabréf.

Mynd 26



Mynd 26. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf félaga og hlutabréfasjóða (closed-end) og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (open-end). Í árslok 2003 nam hlutfall hlutabréfa af hreinni eign lífeyrissjóðanna 31% (256 ma.kr.) og óx um 5 % á árinu 2003 úr 26%. Frá árinu 1997 hefur hlutfallið farið úr 11% í 31%. Hámarkshlutfall hlutabréfa samkvæmt lífeyrissjóðalögunum er 50%. Í árslok 2003 nam hlutfall hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða 23% (187 ma.kr.) af hreinni eign sjóðanna en var 18% í árslok 2002. Árið 1999 var hlutfallið 4%. Horft er til undirliggjandi eigna verðbréfasjóða á bak við hlutdeildar-

skírteini við flokkun þeirra samkvæmt lögum og þar er ekki kveðið á um hámarkshlutfall af hreinni eign. Samkvæmt framangreindu er partur af hlutabréfaeign sjóðanna jafnframt meðal hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða á myndinni.

Mynd 27



Mynd 27. Í árslok 2003 nam uppsafnaður séreignarlífeyrissparnaður 83,1 ma.kr. Stærstur hluti sparnaðarins eða 69,2% (57,5 ma.kr.) var í vörslu lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997. Sparnaður í séreign kemur annars til af viðbótariðgjaldi umfram 10% lögbundið lágmarksiðgjald til lágmarkstryggingaverndar. Gömlu séreignarsjóðirnir bjóða þó upp á lágmarkstryggingavernd sem samþættingu séreignar og sameignar og er hluta 10% lágmarksiðgjalds til sjóðanna þá varið til séreignar, sem tilheyrir annars vegar lágmarkstryggingavernd og hins vegar viðbótartryggingavernd. Um 6,5 ma.kr. af sparnaði í vörslu þessara aðila tilheyra lágmarkstryggingaverndinni eða 7,8% af öllum uppsöfnuðum séreignarsparnaði.

Mynd 28



Séreignarsparnaður í vörslu annarra aðila en lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 var 25,6 ma.kr. í árslok 2003 eins og sjá má á *mynd 28* en gagnlegt er að undanskilja þessa sjóði þegar þróun frá gildistöku laganna er skoðuð, sbr. mynd 27. Á árinu 2003 óx uppsafnaður sparnaður í vörslu þessara aðila úr 14,7 ma.kr. í árslok 2002 eða um 75%.

2.4 Vátryggingamarkaður

Miklar fjárfestingartekjur vátryggingafélaga[2]

Starfsemi vátryggingafélaga á árinu 2003 einkenndist af miklum tekjum af fjármálarekstri. Samtals námu tekjur af fjármálarekstri rúmum 5 ma.kr. Skaðatryggingarekstur gekk einnig vel og skilaði vátryggingafélögum 3,6 ma.kr. í hagnað. Þessar háu fjárfestingartekjur má einkum skýra með sölu hlutabréfa sem var umtalsverð á árinu. Við það innleysa vátryggingafélög töluverðan hagnað þar sem flest þeirra gera verðbréf upp á kaupvirði.

Töluverðar breytingar hafa orðið á eignasamsetningu vátryggingafélaga á undanförnum árum. Vátryggingafélög hafa í auknum mæli gerst kjölfestufjárfestar í hlutafélögum og hefur því dóttur- og hlutdeildarfélögum fjölgað og eignir í þeim aukist. Eignir félaganna í verðbréfum með föstum tekjum og veðlánum halda áfram að lækka. Athygli vekur einnig að dregið hefur úr hlut endurtryggjenda í vátryggingaskuld en nánar verður fjallað um þróun endurtryggingaverndar vátryggingafélaga hér á eftir.

Hlutur endurtryggjenda í tjónum vátryggingafélaga minnkar

Munurinn á milli iðgjalda og tjóna gefur til kynna þau rekstrarskilyrði sem vátryggingafélög búa við. Hagur þeirra hefur vænkast að þessu leyti frá árinu 2001.

Endurtryggingaverndin er einn af þeim þáttum sem áhrif hafa á starfsemi vátryggingafélaga. Eftir 11. september 2001 hafa iðgjöld á endurtryggingamarkaði almennt verið há. Hafa vátryggingafélög hér á landi í einhverjum mæli þurft að endurskoða endurtryggingasamninga sína í kjölfar þess.

Á mynd 32 er tekin saman þróun í iðgjöldum greiddum til endurtryggjenda og hlutdeildar þeirra í tjónum á árunum 1999–2003. Á einstaka árum hefur verið mikið um stórtjón hér á landi sem hefur leitt til hárra tjónagreiðslna af hálfu endurtryggjenda. Sú þróun hefur væntanlega einnig áhrif á kjör íslenskra vátryggingafélaga í endurtryggingasamningum.

Síðustu árin fram til hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 2001 höfðu endurtryggingakjör verið nokkuð hagstæð eins og sjá má af lækkandi hlut endurtryggjenda í iðgjöldum á árunum 1999–2001. Frá árinu 2001 hefur hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum lítið breyst en hlutur endurtryggjenda í tjónum lækkaði verulega á síðasta ári.

Á milli áranna 2002 og 2003 hækkaði eigin áhætta vátryggingafélaga í nokkrum endurtryggingasamningum. Sú breyting skýrir að hluta lækkandi hlutdeild endurtryggjenda í tjónum. Einnig má geta þess að stór hluti endurtryggingasamninga er umframskaðasamningar sem byggjast þá á því að endurtryggjendur bæta tjón ef fjárhæðir fara yfir tiltekin mörk. Því er eðlilegt að hlutur endurtryggjenda í tjónum lækki verulega þegar tjónafjárhæðir lækka eins og gerðist á síðasta ári.

---

[2] Í tölum hér á eftir er Viðlagatryggingu að jafnaði sleppt nema í þeim tilvikum sem tölur þess félags hafa lítil áhrif.

Hagnaður eykst í lögboðnum ökutækjatryggingum

Eftir tap af greininni í nokkur ár á undan hafa lögboðnar ökutækjatryggingar skilað vátryggingafélögum hagnaði frá árinu 2001. Hagnaðurinn jókst um 118% á síðasta ári. Hins vegar lækkuðu tjónafjárhæðir einungis um 3% svo að skýra má aukinn hagnað að mestu með auknum fjárfestingartekjum.

Í júní sl. gaf Fjármálaeftirlitið út fréttatilkynningu um athugun þess á iðgjaldagrundvelli og tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum. Eftirlitið taldi vísbendingar vera um að svigrúm væri til að lækka iðgjöld, haldi áfram sú þróun sem verið hefur á undanförnum árum.

Nokkrar breytingar hafa orðið á samkeppnisumhverfi lögboðinna ökutækjatrygginga á síðustu árum. Þrjú stærstu vátryggingafélögin, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. hafa á síðustu 5 árum haft yfir 97,5% markaðshlutdeild í ökutækjatryggingum. Hlutdeildin hækkaði verulega árið 2001 en þá hafði miðlun ökutækjatrygginga á vegum erlends aðila stöðvast. Síðan þá hafa komið nýir aðilar á markaðinn og var staðan árið 2003 orðin svipuð og hún var árið 2000. Þessari auknu samkeppni hefur fylgt lækkun iðgjalda og má því segja að áðurnefnt svigrúm til lækkana hafi að einhverju leyti verið nýtt. Fjármálaeftirlitið hefur lagt á það áherslu að iðgjaldaskrár og bónusreglur séu gagnsæjar og sjálfum sér samkvæmar, til að neytendur njóti almennt góðs af aukinni samkeppni.

Lítill rekstrarbati í eignatryggingum þrátt fyrir hækkanir iðgjalda

Eins og kom fram í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2003 hækkuðu iðgjöld í nokkrum flokkum eignatrygginga í árslok 2002. Gera má ráð fyrir að hækkanirnar hafi einungis komið fram að hluta til í iðgjöldum síðasta árs. Á síðasta ári hækkuðu þó iðgjöldin á meðan tjónafjárhæðir lækkuðu. Hagnaður síðasta árs getur þó ekki talist mikill í ljósi mikils taps á eignatryggingum síðustu tvö ár þar á undan.

Eins og sjá má af **mynd 36** er vegna minni vátryggingaskuldar ekki um sömu fjárfestingartekjur að ræða í eignatryggingum og til dæmis í ökutækjatryggingum. Tjónahlutföll þurfa því að vera lægri í eignatryggingum til að greinin standi undir sér. Búast má við að á yfirstandandi reikningsári verði allar hækkanir iðgjalda komnar fram eftir endurnýjanir, en útgefin uppgjör fyrir fyrri helming ársins 2004 gefa ekki til kynna að hagnaður í greininni aukist.

Fjármálaeftirlitið styrkir eftirlit með tjónaskuld með nýjum reglum

Fjármálaeftirlitið vinnur nú að innleiðingu nýrra reglna um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi. Sett verða viðmið um hvað teljist ásættanleg lágmörk og hámörk í greinum sem gerast upp á lengri tíma. Í fyrstu a.m.k. verða slík viðmið þó eingöngu sett á lögboðnar ökutækjatryggingar, þar sem gögn í smærri vátryggingagreinum sem gætu talist til langtímagreina hafa ekki náð nægilegum stöðugleika til að hægt sé að reikna út nothæf viðmiðunarmörk.

Auk þess verður í reglunum kveðið á um almennt verklag við mat á tjónaskuld og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins sem á við um allar vátryggingagreinar.

Á síðustu árum hefur Fjármálaeftirlitið talið að tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum væri við efri mörk þess sem hæfilegt gæti talist. Á allra síðustu árum hefur þó dregið úr vexti tjónaskuldar.

Mikill vöxtur á líftryggingamarkaði

Einkenni íslensk vátryggingamarkaðar hefur verið smæð líftryggingamarkaðarins. Á síðasta ári voru samanlagðar eignir líftryggingafélaga rúmir 7 ma.kr. sem svarar til um 1% af vergri landsframleiðslu. Það hlutfall er mun lægra en þekkist í nágrannalöndum okkar. Til samanburðar má nefna að eignir líftryggingafélaga í Danmörku svara til um helmings af vergri landsframleiðslu. Líftryggingafélögin hafa þó lengst af verið enn minni en í dag en þau hafa vaxið á síðustu árum.

Árið 1996 voru skaðatryggingafélög 19 sinnum stærri en líftryggingafélög, mælt í eignum samkvæmt efnahagsreikningi. Árið 2003 voru skaðatryggingafélög 10 sinnum stærri. Vöxtur eigna líftryggingafélaga samanlagt á þessu tímabili hefur verið mikill og töluvert meiri en vöxtur skaðatryggingafélaga sem hafa þó einnig stækkað. Ásamt því hafa vátryggingamiðlarar miðlað mörgum samningum til erlendra líftryggingafélaga. Hafa ber í huga að á síðasta ári hóf nýtt líftryggingafélag starfsemi en ljóst er að vægi líftryggingamarkaðarins fer stöðugt vaxandi hér á landi.

Sterk gjaldþolsstaða skaðatryggingafélaga

Með lögum nr. 37/2003 var gerð breyting á 29.–33. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi sem fjalla um gjaldþol og lágmarksgjaldþol. Breytingarnar taka gildi í lok þessa árs. Nokkrar breytingar verða á því hvað megi teljast til gjaldþols en mestar breytingar verða á útreikningi lágmarksgjaldþols skv. 30.–31. gr. og lágmarksfjárhæð gjaldþols skv. 33. gr.

Eins og sjá má á **mynd 39** var gjaldþolsstaða vátryggingafélaganna gagnvart eldri reglum um lágmarksgjaldþol nokkuð sterk um síðustu áramót, sér í lagi hjá skaðatryggingafélögum. Breyting á útreikningi lágmarksgjaldþols mun væntanlega hafa áhrif til hækkunar, en sjá má að vátryggingafélögin hafa svigrúm til að mæta því.

Mynd 39 sýnir einnig lágmarksfjárhæð skv. 33. gr. eins og hún verður eftir lagabreytinguna, en vátryggingafélög sem höfðu starfsleyfi við árslok 2002 hafa frest til ársins 2007 til að uppfylla lágmarkskröfurnar. Sjá má að í nokkrum tilvikum þurfa líftryggingafélög að styrkja gjaldþolsstöðuna fyrir þann tíma.

Mynd 29

Hagnaður af helstu þáttum í starfi vátryggingafélaga á verðlagi ársins 2003



	Af skaðatryggingarekstri	Af fjármálarekstri	Af líftryggingarekstri
1999	235	1.918	177
2000	-235	2.874	85
2001	785	1.960	561
2002	1.474	1.072	-43
2003	3.648	5.184	153

Mynd 29 sýnir hvernig hagnaður þriggja þátta vátryggingastarfsemi hefur þróast árin 1999–2003 á verðlagi ársins 2003. Skaðatryggingarekstur og fjármálarekstur skiluðu á síðasta ári meiri hagnaði en áður hefur þekkst á meðan afkoma af líftryggingarekstri var rétt í meðallagi.

Mynd 30



Mynd 30 sýnir hvernig nokkrir eignaliðir í hlutfalli af eignum hafa þróast. Athyglisverðust er aukning á eign í samsæðu- og hlutdeildarfélögum á árinu 2003. Hlutur verðbréfa með föstum tekjum og veðlána heldur áfram að lækka. Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld fer jafnt og þétt lækkandi.

Mynd 31



Mynd 31 sýnir þróun iðgjalda og tjóna/líftryggingabóta hjá vátryggingafélögum á verðlagi ársins 2003. Iðgjöld hækkuðu lítillega á milli áranna 2002 og 2003 en athyglisvert er að á

tímabilinu hafa tjónafjárhæðir aldrei verið lægri. Eitt af þessum árum, árið 2000 voru tjón hærri en iðgjöld.

Mynd 32



	1999	2000	2001	2002	2003
Iðgjöld endurtryggjanda	4.813	4.489	4.047	4.747	4.680
Tjón og líftryggingabætur endurtryggjanda	3.164	4.788	2.538	4.761	1.368
Hlutur endutryggjanda í iðgjöldum	24%	20%	17%	18%	18%
Hlutur endurtryggjanda í tjónum	17%	19%	12%	22%	8%

Mynd 32 sýnir þær fjárhæðir sem vátryggingafélög hafa greitt til endurtryggjenda og tjón og líftryggingabætur greidd af endurtryggjendum á árunum 1999–2003. Árin 2000 og 2002 skera sig úr vegna stórra tjóna sem urðu á þeim árum í eigna- og sjótryggingum. Einnig sést hlutur endurtryggjenda í tjónum og iðgjöldum. Áberandi er lítill hlutur endurtryggjenda í tjónum á síðasta ári.

Mynd 33



	1999	2000	2001	2002	2003
Iðgjöld ársins	5.139	6.701	8.407	9.024	9.077
Tjón ársins	8.240	9.435	8.956	7.925	7.652
Hagnaður/tap	-1.163	-1.538	43	1.094	2.390

Mynd 33 sýnir þróun í iðgjöldum ársins, tjónum ársins og hagnaði/tapi af lögboðnum ökutækjatryggingum frá árinu 1999. Hagnaður í greininni jókst um 118% á síðasta ári en tjónafjárhæðir lækkuðu um 3% svo að aukinn hagnað má einkum skýra með fjárfestingartekjum.

Mynd 34



Á *mynd 34* sést þróun markaðshlutdeildar þriggja stærstu vátryggingafélaganna í öku tækjatryggingum frá árinu 1999, mælt í iðgjöldum ársins. Hér sést að eftir að sölu ökutækjatrygginga á vegum erlends aðila var hætt jókst markaðshlutdeild þessara þriggja félaga. Á síðustu tveimur árum hefur hún farið lækkandi og er núna svipuð og á árunum 1999–2000.

Mynd 35



Mynd 35 sýnir þróun afkomu í eignatryggingum á árunum 1999–2003. Iðgjöld voru hækkuð umtalsvert í nokkrum greinum í árslok 2002 vegna slakrar afkomu, sér í lagi í lögboðnum

brunatryggingum. Á árinu 2003 hafa tjónafjárhæðir lækkað verulega, en þrátt fyrir það var hagnaður ekki mikill í greininni. Skýringin er tiltölulega hár rekstrarkostnaður en litlar fjárfestingartekjur eins og sjá má á næstu mynd.

Mynd 36



	Eignatryggingar	Sjótryggingar	Farmtryggingar	Ökutækjatryggingar	Ábyrgðartryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar
Hlutfall rekstrarkostnaðar af iðgjöldum	17,01%	11,81%	18,00%	22,32%	19,49%	19,95%
Hlutfall fjárfestingartekna af iðgjöldum	6,81%	8,10%	11,62%	29,26%	27,95%	26,32%

Mynd 36 sýnir að iðgjöld og tjón nægja ekki til að skýra hagnað í einstökum greinum. Við hagnað bætast fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri og rekstrarkostnaður dregst frá. Fjárfestingartekjur eru mestar í þeim greinum þar sem vátryggingaskuldin er stærst eins og t.d. í ökutækjatryggingum. Hins vegar er lítið um fjárfestingartekjur í eignatryggingum. Hlutfall rekstrarkostnaðar af iðgjöldum er á bilinu 12–22%.

Mynd 37



	Lögboðnar ökutækjatryggingar	Ábyrgðartryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar
1999	20.939	3.301	3.674
2000	22.961	3.463	3.629
2001	24.210	3.755	3.920
2002	24.593	3.706	4.300
2003	24.983	3.623	5.360

Mynd 37 sýnir þróun tjónaskuldar í lögboðnum ökutækjatryggingum á árunum 1999–2003.

Mynd 38



Á mynd 38 má sjá þá stækkun sem orðið hefur á félögum á vátryggingamarkaði frá árinu 1996 sé horft á eignir samkvæmt efnahagsreikningi á föstu verðlagi, annars vegar fyrir skaðatryggingafélög og hins vegar fyrir líftryggingafélög. Skaðatryggingafélögin eru mun stærri, en líftryggingafélögin hafa vaxið mun hraðar, eða þrefaldast á meðan skaðatryggingafélögin eru helmingi stærri en þau voru 1996.

Mynd 39



Mynd 39 sýnir gjaldþolsstöðu líf- og skaðatryggingafélaga við síðustu áramót. Miðsúlan sýnir lágmarksgjaldþol reiknað út frá þágildandi reglum. Súlan lengst til hægri sýnir lágmarkskröfur skv. 33. gr. laga nr. 60/1994, en vátryggingafélög sem höfðu starfsleyfi í árslok 2002 hafa frest til ársloka 2007 til að uppfylla nýjar lágmarkskröfur. Lágmarksgjaldþol kemur til með að hækka um næstu áramót vegna nýrra ákvæða 30. og 31. gr.

3. ÁHERSLUR Í STARFI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NÆSTU MISSERI

Megináherslur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins mynda kjölfestu í starfseminni. Þessar megináherslur hafa verið lítið breyttar í nokkur ár, en verkefni hvers árs eru bæði ný af nálinni og framhald fyrri verkefna. Í kaflanum hér á eftir verður vikið að nokkrum verkefnum sem ráðist verður í á næsta tímabili með umræddar megináherslur að leiðarljósi.

3.1 Áhættustýring og innra eftirlit.

Að stuðla að því að í hverju fjármálafyrirtæki séu stjórnendur sem til þess eru bærir að búa fyrirtækinu sterkt skipulag, skýra stefnu, skilvirkar innri reglur og verkferla, viðeigandi upplýsingakerfi og innri endurskoðun. Með því er stjórnendunum sjálfum og öðrum starfsmönnum kleift að meta með réttu þá áhættu sem í starfseminni felst og stýra henni í samræmi við styrkleika fyrirtækisins.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:

- **Nýjar reglur um viðmið við mat á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um hærra eiginfjárhlutfall. Virk samskipti við stjórnendur margra fjármálafyrirtækja vegna upptöku reglnanna.**
- **Eftirlit með áhættustýringu aþjóðlegra banka á samstæðugrunni eflt.**
- **Nýjar reglur um mat á tjónaskuld vátryggingafélaga undirbúnar.**

Innleiðing nýrra alþjóðlegra eiginfjárreglna (Basel II) er að hefjast af fullum krafti þessi misserin. Önnur af tveimur nýjum meginstoðum reglnanna fjallar um mat fjármálaeftirlita á áhættum fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið mun á næstu misserum þróa flóknari áhættumatskerfi sem notuð verða í eftirliti með stærri fjármálafyrirtækjum. Þá gera nýjar eiginfjárreglur ríkar kröfur til áhættustýringar fjármálafyrirtækja, einkum þeirra sem hyggjast nýta sér flóknara eiginfjármat.

Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að styrkja yfirsýn og eftirlit með samstæðum fyrirtækja á fjármálamarkaði. Samstarf við eftirlitsstofnanir í öðrum löndum verður eflt til að tryggja skilvirkt eftirlit með samstæðufyrirtækjum sem sótt hafa á erlenda markaði. Hugað verður sérstaklega að áhættum í erlendri starfsemi.

Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að þróa nýjar aðferðir í eftirliti með áhættustýringu á öðrum sviðum, svo sem í eftirliti með vátryggingafélögum, en nýjar gjaldþolsreglur eru nú til umfjöllunar á vettvangi Evrópusambandsins (Solvency II), þar sem byggt verður að einhverju leyti á fyrirmyndum úr fyrrgreindum eiginfjárreglum fyrir fjármálafyrirtæki (Basel II).

Áfram verður áhersla lögð á að efla og fjölga vettvangsathugunum á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Ennfremur er stefnt að því að taka upp á flestum sviðum hæfismat á nýjum stjórnendum sem þróað hefur verið í eftirliti á vátryggingamarkaði, auk þess sem viðvarandi eftirlit með hæfi stjórnenda verður bætt. Þá verður hugað að breyttum áhættum í tengslum við aukna samkeppni á fasteignalánamarkaði auk þess sem sérstök áhersla verður lögð á eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum.

3.2 Starfshættir á fjármálamarkaði

Fjármálaeftirlitið fylgist með því að starfsemi á fjármálamarkaði sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Ör þróun í starfsemi á fjármálamarkaði kallar á stöðugt eftirlit með starfsháttum þar sem brugðist er við breyttum aðstæðum.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- **Beiting stjórnvaldssekta vegna brota á formreglum við innherjaviðskipti.**
- **Athugun á starfsháttum stjórna fjármálafyrirtækja.**
- **Mótun tilmæla um fjárfestavernd.**
- **Ítarlegar athuganir á starfsháttum fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum.**
- **Setning tilmæla um þátttöku fjármálafyrirtækja í atvinnurekstri og eftirlit með starfsheimildum vátryggingafélaga.**

Fjármálaeftirlitið mun beita stjórnvaldssektum af festu gagnvart aðilum sem ekki fylgja lagaákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga. Beiting stjórnvaldssektanna stuðlar að bættu verklagi fruminnherja og útgefenda verðbréfa og dregur þannig úr hættu á eiginlegum innherjasvikum. Fjármálaeftirlitið mun einnig leggja áherslu á að frekari stjórnvaldssektarheimildir vegna innherjasvika og markaðsmisnotkunar verði skoðaðar til hlítar.

Á næstu misserum þarf að koma til framkvæmda breytingum á löggjöf á verðbréfamarkaði í framhaldi af innleiðingu nokkurra Evróputilskipana, m.a. um markaðssvik, útboðslýsingar, yfirtökur og verðbréfaviðskipti. Sem aðili að samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlita er Fjármálaeftirlitið skuldbundið til að stuðla að skilvirkri framkvæmd nýrra reglna á þessu sviði, í sem mestu samræmi við framkvæmd hjá öðrum aðildarríkjum.

Hugað verður að leiðbeinandi tilmælum um starfsheimildir vátryggingafélaga, þar sem komið verður á framfæri túlkun á ákvæðum laga um þetta efni, en þau eru um margt matskennd.

Ný lög um vátryggingasamninga, nr. 30/2004, taka gildi í byrjun árs 2006. Mikill undirbúningur mun falla á vátryggingafélög og Fjármálaeftirlitið vegna þessa á næsta ári. Af sama toga er undirbúningur vegna nýrrar tilskipunar um miðlun vátrygginga sem innleiða þarf og kemur til framkvæmda á næsta ári.

Áfram verður lögð áhersla á athuganir á starfsháttum eigenda virkra eignarhluta, starfsemi stjórna fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga sem þeir eiga aðild að og starfsháttum fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum.

3.3 Markaðsaðhald

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að stuðla að auknu gegnsæi í starfsemi á fjármálamarkaði. Með því skapast aukið aðhald af hálfu markaðarins, samhliða aðhaldi innra eftirlits og opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- **Vakin umræða um gegnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins.**
- **Undirbúningur undir upptöku reikningsskilastaðla Alþjóðarreikningsskilaráðsins.**

Á næsta ári munu skráð fyrirtæki þurfa að haga samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins. Fjármálaeftirlitið mun taka þátt í þessari vinnu, enda heyra nokkrir af veigamestu útgefendum skráðra verðbréfa undir eftirlit þess. Sem aðili að samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR) mun Fjármálaeftiritið taka þátt í samstarfi eftirlita við upptöku staðlanna og eftirliti með reikningsskilum á grundvelli þeirra. Þá mun Fjármálaeftirlitið endurskoða reglur um reikningsskil fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða með hliðsjón af stöðlunum. Ennfremur þarf að huga að endurskoðun reglugerðar um ársreikninga vátryggingafélaga.

Svo virðist sem samstaða sé að skapast um að rýmka heimildir Fjármálaeftirlitsins til að greina frá niðurstöðum í einstökum málum á verðbréfamarkaði, en Fjármálaeftirlitið kallaði

eftir umræðu um þessi mál á síðasta ári. Líklegt er að í frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti, sem nú er í undirbúningi, verði að finna auknar heimildir í þessu sambandi. Ákveði löggjafinn að auka gegnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins með þessum hætti, mun Fjármálaeftirlitið koma á skýru verklagi við upplýsingagjöf sína, með það að leiðarljósi að tryggja samræmi og skilvirkni.

3.4 Samkeppnishæfni fjármálamarkaðar

Fjármálaeftirlitið hefur hlutverki að gegna við að skapa hér samkeppnishæfan fjármálamarkað. Það er gert með þátttöku í mótun skilvirks fjármálamarkaðar og eftirfylgni við sjónarmið um hagsmuni viðskiptamanna og öryggi í fjármálaþjónustu.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:

- **Samstarfssamningar við erlend fjármálaeftirlit um eftirlit með einstökum fjármálafyrirtækjum.**
- **Þátttaka í samræmingu eftirlits á Evrópuvettvangi.**

Verkefni sem stuðla að samkeppnishæfni verða af svipuðum toga og áður. Þátttaka í samstarfi evrópskra fjármálaeftirlita stuðlar að aukinni samræmingu reglna á fjármálamarkaði og einsleitni í eftirliti. Það auðveldar starfsemi íslenskra aðila erlendis og er til þess fallið að vekja áhuga erlendra aðila á íslenskum fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur innleitt nýjar aðferðir í eftirliti á ýmsum sviðum. Með sífelldri þróun og frumkvæði í eftirliti keppir Fjármálaeftirlitið að því að vera fyllilega samanburðarhæft við eftirlit í samkeppnislöndum. Það er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar.

4. EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR

4.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila

Þann 30. júní 2004 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi *30.06.2004*	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	4	161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	24	161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	9	161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	4	22/1991 með síðari breytingum
Verðbréfafyrirtæki	6	161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamiðlanir	3	161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	5	10/1993 um fjármálafyrirtæki
*Verðbréfasjóðir (fjöldi 10 þ.a. 4 deildaskiptir)**		30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
*Fjárfestingarsjóðir (fjöldi 15 þ.a. 3 deildaskiptir)**		30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	34/1998 með síðari breytingum
Verðbréfamiðstöðvar	1	131/1997 með síðari breytingum
Lífeyrissjóðir	49	129/1997 með síðari breytingum
Vátryggingafélög	15	60/1994 með síðari breytingum
Vátryggingamiðlarar	17	60/1994 með síðari breytingum

Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	5	Ýmis lög
Samtals	143*)	

*) Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjóðirnir eru ekki meðtaldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila. Nokkrir sjóðanna eru deildaskiptir.

4.2 Breytingar á starfsleyfum, heitum og fjölda eftirlitsskyldra aðila á tímabilinu 1. júlí 2003 til 30. júní 2004.

Lánamarkaður

Fjármálaeftirlitið veitti MP Fjárfestingarbanka hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki þann 24. október 2003 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en félagið hét áður MP Verðbréf hf. og starfaði sem verðbréfafyrirtæki. Þá fékk Straumur Fjárfestingarbanki hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki þann 2. janúar 2004 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þann 15. janúar 2004 veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir samruna Íslandsbanka hf. og Glitnis hf en bankinn tók við öllum réttindum og skyldum vegna félagins frá og með 1. janúar 2003. Þá tók Íslandsbanki hf. einnig við öllum réttindum og skyldum Framtaks fjárfestingarbanka hf. frá og með 1. janúar 2004 en Fjármálaeftirlitið heimilaði samruna þessara félaga þann 7. apríl 2004.

Innlánsdeild Kaupfélags Suðurnesja hætti starfsemi þann 31.12. 2003 og voru innstæður við innlánsdeildina fluttar á reikninga í sparisjóði í samráði við innstæðueigendur. Innlánsdeild Kaupfélags Héraðsbúa hætti starfsemi þann 1. mars 2004 og voru innstæður fluttar á reikninga í viðskiptabanka í samráði við innstæðueigendur. Þá hætti Kaupfélag Árnesinga starfsemi innlánsdeildar i maí 2004 þegar gerður var nauðasamningur við lánardrottna félagsins.

Verðbréfamarkaður

Verðbréfafyrirtæki

Verðbréfafyrirtækið MP Verðbréf hf. sem starfað hafði frá 4. júní 1999 fékk þann 24. október 2003 starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og heiti félagsins varð frá sama tíma MP Fjárfestingarbanki hf.

Verðbréfamiðlanir

Þann 20. febrúar 2004 fékk H.F. Verðbréf hf. starfsleyfi sem verðbréfamiðlun á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þann 12. nóvember 2003 var félagsformi verðbréfamiðlunarinnar Vöxtu ehf. breytt úr einkahlutafélagi í hlutafélag og er heiti félagsins Vaxta hf.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða

Þann 1. júlí 2003 tóku gildi lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði en samkvæmt lögunum skulu slíkir sjóðir starfræktir í sérstökum rekstrarfélögum sem hlotið hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Áður hlutu rekstrarfélög verðbréfasjóða hins vegar viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli eldri laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

Eftirgreind rekstrarfélög hafa fengið starfsleyfi á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu: Landsvaki hf., þann 28. október 2003; Rekstrarfélag ÍSB hf., þann 4. desember 2003; Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf., þann 12. desember 2004; Íslensk verðbréf – Eignastýring hf., þann 20. janúar 2004; SPH rekstrarfélag hf., þann 20. febrúar 2004. Auk

framangreinds fékk Landsvaki hf., þann 28. október 2003, starfsleyfi til að sinna eignastýringu á grundvelli laga nr. 161/2002.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir

Lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði tóku gildi þann 1. júlí 2003. Samkvæmt lögunum skulu verðbréfasjóðir stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi í stað þess að vera sjálfstæðir lögaðilar, þ.e. hlutafélög, eins og kveðið var á um í eldri lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Þá skal Fjármálaeftirlitið samkvæmt hinum nýju lögum veita verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutdeildarskírteini, staðfestingu og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf starfsleyfi.

Einstakir verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir ásamt sjóðsdeildum, sem hlotið hafa staðfestingu Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt framangreindu, eru tilgreindir undir viðkomandi rekstrarfélögum á lista yfir eftirlitsskylda aðila aftar í skýslunni.

Lífeyrissjóðir

Tryggingasjóður lækna er ekki meðtalinn á lista yfir lífeyrissjóði í skýrslunni. Sjóðurinn var tekinn til meðferðar hjá sérstakri skilanefnd sem skipuð var af fjármálaráðherra í byrjun árs 2003. Séreignalífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn voru sameinaðir frá og með 1. apríl 2004 undir heiti Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Vátryggingamarkaður

Vátryggingafélög

Þann 17. desember 2003 var heiti Sameinaða líftryggingarfélagsins hf. breytt í Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. Þann 30. desember 2003 veitti viðskiptaráðherra félaginu European Risk Insurance Company hf. leyfi til að starfa sem vátryggingafélag í greinaflokki 13, almennar ábyrgðartryggingar. Þann 3. mars 2004 fékk Vörður Vátryggingafélag hf. starfsleyfi í ákveðnum greinum skaðatrygginga. Félagið yfirtók um leið vátryggingastofn Varðar vátryggingafélags g.t. sem hætti vátryggingastarfsemi.

Vátryggingamiðlarar

Fjármálaeftirlitið skráði félagið UIB Nordic AB í vátryggingamiðlaraskrá þann 27. ágúst 2003. Þann 2. júní 2004 var félagið Besso Limited afskráð af vátryggingamiðlaraskrá að ósk félagsins.

Viðskiptaráðherra veitti TS Tryggingaráðgjöf ehf. starfsleyfi vátryggingamiðlara hér á landi þann 27. janúar 2004 en starfsleyfið var síðan lagt inn í ráðuneytinu þann 25. maí 2004. Þá veitti viðskiptaráðherra Vilhelmínu S. Kristinsdóttur starfsleyfi vátryggingamiðlara hér á landi þann 13. maí 2004.

Eftirtalin félög skiluðu starfsleyfum sínum sem vátryggingamiðlara til viðskiptaráðuneytisins á tímabilinu: Tryggingastofan ehf. þann 18. ágúst 2003, Alþjóðleg miðlun ehf. þann 19. ágúst 2003, Tryggingaþjónustan ehf. þann 7. apríl 2004 og Alþjóða- fjárfestinga og vátryggingamiðlunin ehf. þann 13. apríl 2004.

Á tímabilinu hafa eftirgreindir einstaklingar skilað inn starfsleyfum sínum til vátryggingamiðlunar: Leo Árnason þann 18. ágúst. 2003.

Aðrir eftirlitsskyldir aðilar

Með lögum nr. 57/2004 um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, sem tóku gildi þann 1. júlí 2004, var kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi eftir-

lit með því að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé í samræmi við ákvæði laganna. Fyrir lagabreytinguna tók eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins eingöngu til húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs.

4.3 Listi yfir eftirlitsskylda aðila 30. 06. 2004

	Höfuðstöðvar
VIÐSKIPTABANKAR	
Íslandsbanki hf.	Reykjavík
Kaupþing Búnaðarbanki hf.	Reykjavík
Landsbanki Íslands hf.	Reykjavík
Sparisjóðabanki Íslands hf.	Reykjavík
SPARISJÓÐIR	
nb.is-sparisjóður hf.	Reykjavík
Sparisjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík
Sparisjóður Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	Höfn
Sparisjóður Hólahrepps	Sauðárkrókur
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Hvammstangi
Sparisjóður Höfðhverfinga	Grenivík
Sparisjóður Kaupþings hf.	Reykjavík
Sparisjóður Kópavogs	Kópavogur
Sparisjóður Mýrasýslu	Borgarnes
Sparisjóður Norðfjarðar	Neskaupstaður
Sparisjóður Norðlendinga	Akureyri
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Ólafsfjörður
Sparisjóður Ólafsvíkur	Ólafsvík
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	Reykjavík
Sparisjóður Siglufjarðar	Siglufjörður
Sparisjóður Strandamanna	Hólmavík
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	Laugar
Sparisjóður Svarfdæla	Dalvík
Sparisjóður Vestfirðinga	Þingeyri
Sparisjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Sparisjóður vélstjóra	Reykjavík
Sparisjóður Þórshafnar	Þórshöfn
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík
Önnur lánafyrirtæki	
Byggðastofnun	Reykjavík
Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.	Reykjavík
Greiðslumiðlun hf. – VISA Ísland	Reykjavík
Kreditkort hf. – EUROPAY Ísland	Reykjavík
Lánasjóður landbúnaðarins	Selfoss
Lýsing hf.	Reykjavík
MP Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík
SP-Fjármögnun hf.	Reykjavík
Straumur Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík
INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA	
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	Höfn
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	Fáskrúðsfjörður
Kaupfélag Skagfirðinga	Skagafjörður
Kaupfélag V-Húnvetninga	Hvammstangi

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Arion verðbréfavarslan hf.	Reykjavík
Fjárvernd – Verðbréf hf.	Reykjavík
Íslensk verðbréf hf.	Akureyri
Jöklar – Verðbréf hf.	Reykjavík
Verðbréfastofan hf.	Reykjavík
Virðing hf.	Reykjavík

VERÐBRÉFAMIÐLANIR

H.F. Verðbréf hf.	Kópavogur
Íslenskir fjárfestar hf.	Reykjavík
Vaxta hf. – verðbréfamiðlun	Kópavogur

REKSTRARFÉLÖG VERÐBRÉFASJÓÐA

og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir reknir af þeim.

Íslensk verðbréf – Eignastýring hf. Akureyri

Verðbréfasjóður ÍV *(deildaskiptur verðbréfasjóður):*
- Verðbréf 1 – ríkisskuldabréf
- Verðbréf 2 – skuldabréf
- Verðbréf 3 – peningamarkaður
- Verðbréf 4 – hlutabréf
- Verðbréf 5 – heimasjóður
- Verðbréf 6 – alþjóðlegur sjóður

Fjárfestingarsjóðir ÍV (fjárfestingarsjóður með deild):
- Hlutabréfasjóður ÍV

Landsvaki hf. Reykjavík

Landssjóður *(deildaskiptur verðbréfasjóður):*
- Skuldabréfadeild
- Reiðubréfadeild
- Markaðsbréfadeild 1
- Markaðsbréfadeild 2
- Markaðsbréfadeild 3
- Markaðsbréfadeild 4
- Sparibréfadeild
- Landsbanki Global Equity Fund
- Fjárvörsludeild 1
- Fjárvörsludeild 2
- Fjárvörsludeild 3
- Fjárvörsludeild 4
- Fjárvörsludeild 5
- Fjárvörsludeild 6
- Vísitölubréf

Landssjóður2 *(deildaskiptur fjárfestingarsjóður):*
- Fyrirtækjabréfadeild
- Peningabréf
- Úrvalsbréfadeild

Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Reykjavík

Kjarabréf	*(verðbréfasjóður)*
Markbréf	"
Ríkisverðbréfasjóður langur	"
Ríkisverðbréfasjóður millilangur	"
Úrvalsvísitölusjóður	"
Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	"

Eignastýringasjóður	*(fjárfestingarsjóður)*
Einingabréf 9	"
Hávaxtasjóður	"
ÍS-15	"
Íslensk skuldabréf skammtíma	"
Íslensk skuldabréf langtíma	"
Peningamarkaðssjóður	"
Skammtímasjóður	"
Ævileið 1	"
Ævileið 2	"
Ævileið 3	"
Ævileið 4	"

Rekstrarfélag ÍSB hf. Reykjavík
Verðbréfasjóðir ÍSB *(deildaskiptur verðbréfasjóður):*
Sjóður 1 – íslensk skuldabréf
Sjóður 5 – ríkisskuldabréf
Sjóður 6 – hlutabréf á aðallista
Sjóður 7 – húsbréf
Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf
Sjóður 11 – löng skuldabréf
Sjóður 12 – ÍSB heimssafn
Sjóður 19 – ÍSB fjármál
Sjóður 20 – ÍSB heilsa
Sjóður 21 – ÍSB lífsstíll
Sjóður 22 – ÍSB tækni
Fjárfestingarsjóður Íslandsbanka *(fjárfestingarsjóður með deild):*
Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa

SPH Rekstrarfélag hf. Reykjavík
SPH Verðbréfasjóðurinn *(deildaskiptur verðbréfasjóður):*
Fjármálasjóðurinn
Hátæknisjóðurinn
Úrvalssjóðurinn
Skuldabréfasjóðurinn
Alþjóðasjóðurinn
Lyf- og líftæknisjóðurinn

KAUPHALLIR OG AÐRIR TILBOÐSMARKAÐIR
Kauphöll Íslands hf. Reykjavík

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR
Verðbréfaskráning Íslands hf. Reykjavík

LÍFEYRISSJÓÐIR

Almenni lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Eftirlaunasjóður F.Í.A.	Reykjavík
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	Keflavík
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	Reykjavík
Eftirlaunasjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli	Keflavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	Hafnarfjörður
Eftirlaunasjóður starfsmanna Íslandsbanka hf.	Reykjavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverslunar Íslands	Reykjavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	Reykjavík

Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Íslenski lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	Akranes
Lífeyrissjóður Austurlands	Neskaupstaður
Lífeyrissjóður bankamanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík
Lífeyrissjóður bænda	Reykjavík
Lífeyrissjóður Hf. Eimskipafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður lækna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Norðurlands	Akureyri
Lífeyrissjóður Rangæinga	Hella
Lífeyrissjóður sjómanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	Akureyri
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	Kópavogur
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurapóteks	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Suðurlands	Selfoss
Lífeyrissjóður Suðurnesja	Keflavík
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður verslunarmanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	Ísafjörður
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Vesturlands	Akranes
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	Reykjavík
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Reykjavík
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	Reykjavík
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Samvinnulífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Reykjavík

VÁTRYGGINGAFÉLÖG

Alþjóða líftryggingarfélagið hf.	Reykjavík
European Risk Insurance Company hf.	Reykjavík
Íslensk endurtrygging hf.	Reykjavík
Íslandstrygging hf.	Reykjavík
Líftryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Líftryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	Reykjavík
Trygging hf.	Reykjavík
Tryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Vátryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta gt.	Reykjavík
Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga gt.	Ísafjörður

Viðlagatrygging Íslands	Reykjavík
Vörður Vátryggingafélag hf.	Akureyri

VÁTRYGGINGAMIÐLANIR

Aon Limited	London
Árni Reynisson ehf.	Reykjavík
DDF Vátryggingamiðlunin ehf.	Reykjavík
Fjárfestingarmiðlun Íslands ehf.	Kópavogur
Heath Lambert Norway AS	Osló
Howden Insurance Brokers Ltd.	London
Marsh Ltd.	London
Nýja vátryggingaþjónustan hf.	Reykjavík
Olaf Forberg	Kópavogur
Provins Insurance AB	Svíþjóð
Tryggingamiðlun Reykjvíkur ehf.	Reykjavík
Trygg miðlun ehf.	Reykjavík
Tryggingamiðlun Íslands ehf.	Reykjavík
Tryggingar og ráðgjöf ehf.	Reykjavík
UIB Nordic AB	Svíþjóð
Vilhelmína S. Kristinsdóttir	Reykjavík
Willis AB	Stokkhólmur

Vátryggingamiðlarar sem falla undir starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlana

Árni Reynisson	– *Árni Reynisson ehf.*
Eiríkur Hans Sigurðsson	– *Nýja vátryggingaþjónustan hf.*
Hákon Hákonarson	– *Trygging og ráðgjöf ehf.*
Karl Jónsson	– *Tryggingamiðlun Íslands ehf.*
Ómar Einarsson	– *Nýja vátryggingaþjónustan hf.*
Sigurður Rúnar Ástvaldsson	– *Trygg miðlun ehf.*
Sigþór Hákonarson	– *DDF Vátryggingamiðlunin ehf.*
Þorlákur Pétursson	– *Fjárfestingarmiðlun Íslands ehf.*

AÐRIR EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR

Íbúðalánasjóður	Reykjavík
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Reykjavík
Póstgíró – Íslandspóstur hf.	Reykjavík
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta	Reykjavík
Tryggingasjóður sparisjóða	Reykjavík

4.4 Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja á Íslandi

Í samræmi við réttarreglur á Evrópska efnahagssvæðinu geta ýmis erlend fjármálafyrirtæki þ.e. lánastofnanir, verðbréfasjóðir, ýmsir sjóðir, fjárfestingafyrirtæki og vátryggingafélög boðið þjónustu sína hér á landi á grundvelli starfsleyfis í heimaríki. Fjöldi erlendra aðila sem tilkynnt hafa að þeir hyggjast veita þjónustu hér á landi samkvæmt framangreindu er eftirfarandi:

Erlendir bankar	95
Verðbréfasjóðir	35
Aðrir sjóðir	8
Fjárfestingafyrirtæki	680
Vátryggingafélög með starfsstöðvar	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	204

5. BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUM

5.1 Almennt

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Breytingar:

Lög nr. 137/2003: Með lögunum var hundraðshluta eftirlitsgjalds, sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 99/1999, breytt til samræmis við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. gr. laga nr. 99/1999.

5.2 Lánamarkaður

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki

Breytingar:

Lög nr. 4/2004: Með lögunum voru gerðar breytingar á VIII. kafla laganna um sparisjóði. Breytingarnar lutu m.a. að ákvæðum um sjálfseignarstofnun sem lögin kveða á um að skuli stofnuð þegar ákveðið hefur verið að breyta sparisjóði í hlutafélag, m.a. hvað varðar skipun stjórnar slíkra sjálfseignarstofnana. Jafnframt voru gerðar breytingar á ákvæðum um samruna sparisjóða.

Lög nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins

Breytingar:

Lög nr. 92/2004: Með lögunum voru gerðar breytingar á I kafla laganna er lutu m.a. að heimild Nýsköpunarsjóðs til þess að leggja fé úr stofnsjóð í framtakssjóði með öðrum fjárfestum.

Reglugerð nr. 244/2004, um um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga lánastofnana með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi.

Reglugerð þessi heimilar sameiginlegum dótturfyrirtækjum tveggja eða fleiri lánastofnana að stunda umsýslu greiðslukorta hér á landi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með sameiginlegum dótturfélögum er átt við slík félög í skilningi 19. gr. tilskipunar nr. 2000/12, um lánastofnanir. Reglugerðinni er einnig ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar 2000/12/EB, um lánastofnanir um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga lánastofnana, eða sameiginlegra dótturfyrirtækja tveggja eða fleiri lánastofnana, til starfsemi innan Evrópska efnahagssvæðisins og ákvæði tilskipunar nr. 1993/22/EB, um fjárfestingarþjónustu, um upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið skal veita lögbærum yfirvöldum í gistiríki um breytingar á bótakerfum fyrir fjárfesta.

Reglur nr. 834/2003, um reikningsskil lánastofnana

Reglurnar koma í stað reglna um ársreikninga lánastofnana nr. 692/2001 og reglna um árshlutauppgjör lánastofnana nr. 691/2001. Með reglunum voru m.a. gerðar breytingar sem kynntar voru í umræðuskjali nr. 1/2003, sem vörðuðu í fyrsta lagi aukna upplýsingagjöf um laun stjórnar og framkvæmdastjóra í öðru lagi upplýsingagjöf um þóknanir til ytri endurskoðanda og í þriðja lagi hertar afskriftareglur með hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 39.

Reglur nr. 530/2004, um viðmið við mat Fjármálaeftirlitsins á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárhlutfall umfram lögbundið lágmark

Reglurnar kveða á um útfærslu á nýlegri heimild í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til að ákveða hærra lágmarkseiginfjárhlutfall en lögbundið 8% eiginfjárhlutfall, fyrir einstök fjármálafyrirtæki. Í reglunum er byggt á sérstöku áhættumatskerfi og áfallaprófi sem Fjármálaeftirlitið hefur þróað og beitt í eftirliti á síðustu árum.

5.3 Verðbréfamarkaður

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki

Breytingar:

Lög nr. 4/2004: Með lögunum voru gerðar breytingar á VIII. kafla laganna um sparisjóði. Breytingarnar lutu m.a. að ákvæðum um sjálfseignarstofnun sem lögin kveða á um að skuli stofnuð þegar ákveðið hefur verið að breyta sparisjóði í hlutafélag, m.a. hvað varðar skipun stjórnar slíkra sjálfseignarstofnana. Jafnframt voru gerðar breytingar á ákvæðum um samruna sparisjóða.

Lög nr. 30/2003, um um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði

Með lögunum er m.a. innleidd á breyting á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu ásamt því að skapa hagstæðara umhverfi til reksturs sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi og stuðla að skilvirkari neytendavernd.

Lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Með lögunum er komin heildarlöggjöf sem hefur að geyma hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta. Ákvæði laganna byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998.

5.4 Lífeyrissjóðir

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Breytingar:

Lög nr. 70/2004: með þeim voru gerðar breytingar á lögum nr. 129/1997. Lúta þær m.a. að því að erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, verði að uppfylltum vissum skilyrðum, heimilt að veita þjónustu skv. II. kafla laganna, þ.e. að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingarvernd. Ennfremur voru gerðar breytingar á 36. gr. laganna varðandi fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

5.5 Vátryggingamarkaður

Lög nr. 30/2004, um vátryggingasamninga

Lög nr. 30/2004: Lögin koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006. Þau gilda um alla nýja vátryggingarsamninga sem gerðir eru frá og með þeim degi, alla vátryggingarsamninga sem eru endurnýjaðir eða framlengdir frá og með þeim degi, svo og alla aðra vátryggingarsamninga sem eru í gildi á þeim degi. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Lögin munu hafa breytingu í för með sér á lögum um

vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, því nokkur ákvæði þeirra laga munu færast óbreytt í lögin um vátryggingarsamninga.

5.6 Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út almenn leiðbeinandi tilmæli á nokkrum sviðum fjármálamarkaðar. Leiðbeinandi tilmæli eru sett á grundvelli lagaheimildar í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2003, um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd

Tilmælunum er ætlað að stuðla að einsleitni og samræmi í framkvæmd framangreindra reglna og að framkvæmdin verði í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Taka tilmælin til allra þeirra er hafa heimild til að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2003, um greiningardeildir/greinendur

Með tilmælunum setur FME fram viðmið um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja við opinbera birtingu greininga og fjárfestingarráðgjafar. Leiðbeinandi tilmæli þessi eru sett fram til þess að auka traust á fjármálamarkaði og trúverðugleika markaðarins almennt. Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2001 tengjast þessum tilmælum að nokkru leyti þar sem hagsmunaárekstrar og trúverðugleiki eru aðalefni þeirra.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003, varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skulu fjármálafyrirtæki önnur en rafeyrisfyrirtæki og verðbréfamiðlanir starfrækja endurskoðunardeild sem annast skal innri endurskoðun. Samkvæmt sama lagaákvæði getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá. Í tilmælunum eru sett fram þau viðmið sem Fjármálaeftirlitið mun hafa til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki og hvaða skilyrði verða sett fyrir slíkri undanþágu.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2003 um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga verðbréfasjóða skv. 15. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði

Í ljósi þess að rekstrarfélög verðbréfasjóða eru sjálfstæðir lögaðilar og sjálfstæð fjármálafyrirtæki var með tilmælunum gerðar ítarlegri kröfur til óhæðis og starfsemi rekstrarfélaga og aðskilnaðar þeirra frá vörslufyrirtæki eða öðru fjármálafyrirtæki innan sömu samstæðu.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2003 um starfshætti sölufólks vátryggingafélaga

Með leiðbeinandi tilmælum þessum er stefnt að því að svipaðar kröfur verði gerðar til starfsfólks vátryggingafélaga og gerðar eru til starfsfólks vátryggingamiðlara þó með þeim undantekningum sem við eiga hverju sinni m.t.t. til eðlis hvorrar starfsemi fyrir sig. Megin-

tilgangur tilmælanna er að stuðla að því að starfshættir starfsfólks vátryggingafélaga verði í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2004, um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfsemi og starfsheimildir þeirra skv. 20.–22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki

Tilmælunum er einkum ætlað að skýra lagaheimildir þessarra fyrirtækja til að taka þátt í óskyldum atvinnurekstri, skýra eðlilegt verklag við ákvörðun um slíka þátttöku og koma á betra eftirliti og upplýsingagjöf til stjórnar og Fjármálaeftirlitsins. Tilmælin byggja á umræðuskjali nr. 11/2003, sem birt voru 29. október 2003 og eru sett að fenginni reynslu af skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins sem komið var á við birtingu umræðuskjalsins. Auk þess var horft til athugasemda og ábendinga umsagnaraðila við setningu tilmælanna.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur með frumvarpinu er að kveða á um álagningarstofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Ár hvert skal Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitskyldra aðila skila viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Frumvarp þetta er lagt fram þar sem um er að ræða breytingu á stofni eftirlitsgjalds. Með frumvarpinu eru álagningshlutföll lækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt að því undanskildu að lagt er til að lágmarksgjald vegna vátryggingamiðlara hækki úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 289,5 m.kr. árið 2004 í 298 m.kr. árið 2005, eða um tæp 3%. Áætlaður rekstarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessi ári nemur 288,7 m.kr.en 309,5 m.kr. á því næsta, sem er um 7% hækkun. Mismunurinn greiðist af uppsöfnuðum tekjuafgangi stofnunarinnar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

357. Frumvarp til laga [321. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við

ákvæði laga og kjarasamninga, skulu hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr., með þeim takmörkunum sem í samningunum felast.

Þegar settar eru á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmála á grundvelli samninga skv. 1. mgr. og atvinnurekandi, sem er málsaðili, á ekki aðild að samtökum atvinnurekenda er honum heimilt að tilnefna einn fulltrúa sem tekur sæti eins fulltrúa samtaka atvinnurekenda í nefndinni. Hið sama gildir um launamann sem er málsaðili og á ekki aðild að stéttarfélagi en fulltrúi hans tekur sæti eins fulltrúa samtaka launafólks í nefndinni. Ákveði málsaðili að tilnefna fulltrúa skal tilnefningin fara fram fyrir upphaf málsmeðferðar hjá samráðsnefndinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að samningar samtaka aðila vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, öðlist sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með þeim takmörkunum sem í samningunum felast. Rekja má tilurð frumvarpsins til samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004. Samkvæmt bókun við þetta samkomulag var þeim tilmælum beint til félagsmálaráðherra að veita því almennt gildi þannig að það næði til allra erlendra starfsmanna er starfa á íslenskum vinnumarkaði.

Fyrirkomulag 1. gr. laganna um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda byggist á þeirri viðteknu venju að aðilar vinnumarkaðarins semja um kaup og kjör launafólks sem og önnur vinnuskilyrði í frjálsum kjarasamningsviðræðum. Hafa þeir samningar gilt sem lágmarkskjör hér á landi fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgreinum á þeim svæðum er samningarnir taka til. Þannig hafa atvinnurekendur þurft að taka mið af kjarasamningum aðilanna við ákvörðun launa og annarra starfskjara þeirra sem kjósa að standa utan félaga en sérstaklega er tekið fram að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

Með hliðsjón af framangreindri meginreglu á íslenskum vinnumarkaði hefur enn fremur verið litið svo á að eftirlit með að kjarasamningar skuli haldnir sé einnig á ábyrgð aðilanna sjálfra. Þar af leiðandi hefur hvorki tíðkast að opinberir aðilar hafi viðhaft sérstakt eftirlit með því að atvinnurekendur haldi gerða kjarasamninga né hvort efni þeirra brjóti hugsanlega í bága við innlenda löggjöf. Verður það því að teljast eðlilegt að aðilarnir semji jafnframt um það í frjálsum samningaviðræðum hvernig eftirliti með launum og öðrum starfskjörum launafólks skuli háttað telji þeir sérstaka þörf á því. Þykir ekki síður mikilvægt að slíkir samningar hafi almennt gildi eins og samningar þeirra um kaup og kjör launafólks svo launamenn og atvinnurekendur sjái sér engan hag í að segja sig úr aðildarsamtökum á vinnumarkaði í þeim tilgangi einum að komast undan samningum þeirra um þetta efni. Þannig er jafnframt komið í veg fyrir að launamenn verði fyrir þrýstingi af hálfu atvinnurekanda til að segja sig úr stéttarfélögum sínum í framangreindum tilgangi.

Sú tegund samkomulags aðildarsamtaka vinnumarkaðarins sem fjallað er um í frumvarpi þessu getur tekið til allra launamanna eða tiltekinna hópa launamanna sem að mati aðilanna standa verr að vígi í samanburði við aðra hópa á innlendum vinnumarkaði. Er því áfram gert

ráð fyrir að mat á því hvort ástæða sé til að semja sérstaklega um hvernig haga skuli málsmeðferð í ágreiningsmálum um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, til hvaða hópa launafólks slíkir samningar skuli taka til og gildistíma þeirra sé alfarið í höndum aðila vinnumarkaðarins. Slíkir samningar koma þó ekki í veg fyrir að málsaðilar geti leitað beint með ágreiningsefni sín til Félagsdóms eða almennra dómstóla eftir atvikum.

Í fyrrnefndu samkomulagi aðilanna frá 7. mars 2004 er tekið fram að það sé hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga á vinnustað að gæta þess að gerðir kjarasamningar séu haldnir gagnvart starfsfólki, sbr. 9. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í tilvikum þar sem rökstuddur grunur er um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum sem varða starfskjör erlends launafólks hefur trúnaðarmaður á grundvelli samkomulagsins rétt á að yfirfara gögn um laun eða önnur starfskjör viðkomandi atvinnurekanda og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra sem eru í störfum sem slíkra réttinda er krafist. Sé trúnaðarmaður ekki á vinnustað hefur fulltrúi viðkomandi stéttarfélags sömu heimildir og trúnaðarmaður til að yfirfara gögn og ber sömu skyldur. Kveðið er á um ákveðnar vinnureglur sem viðhafa skal við framkvæmdina.

Hafi ekki tekist að leysa ágreining sem kann að rísa á grundvelli samkomulagsins er heimilt að vísa þeim ágreiningi til sérstakrar samráðsnefndar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur skipuðum af Alþýðusambandinu og því landssambandi sem málið varðar og tveimur fulltrúum skipuðum af Samtökum atvinnulífsins. Nefndin hefur heimildir til að krefjast nauðsynlegra gagna frá viðkomandi atvinnurekanda um laun og önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem málið varðar og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra. Sérstaklega er kveðið á um trúnaðarskyldu samráðsnefndarinnar og er nefndarmönnum óheimilt að afhenda eða greina þriðja aðila frá efni þeirra upplýsinga sem aflað er frá atvinnurekanda, trúnaðarmanni eða fulltrúa stéttarfélags. Skal niðurstaða nefndarinnar síðan kynnt málsaðilum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að þeir samningar sem samtök aðila vinnumarkaðarins gera sín á milli um málsmeðferð í ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ætlaðra brota á gildandi kjarasamningum í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningur tekur til hafi almennt gildi. Með orðunum *„með þeim takmörkunum sem í samningunum felast“* er verið að vísa til þess að ekki er gert ráð fyrir að samningar þeir sem falla undir ákvæði þetta skuli í öllum tilvikum gilda um alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til eins og 1. gr. laganna gefur til kynna heldur geta einstakir samningar gilt um ákveðna hópa launafólks á íslenskum vinnumarkaði óháð félagsaðild þeirra. Dæmi um þetta er samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Sá samningur nær því einungis til erlendra starfsmanna í viðkomandi starfsgreinum á þeim svæðum sem samningurinn tekur til en ekki annarra launamanna enda þótt þeir starfi í sömu starfsgreinum og á sömu svæðum. Ástæða þessa samnings er meðal annars að það að ákveðnar breytingar eru að verða á samsetningu vinnuafls vegna fjölgunar útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á ekki að leiða til röskunar á gildandi fyrirkomulagi um ákvörðun launa og annarra starfskjara launafólks með kjarasamningum. Enn fremur er tekið fram í forsendum samningsins að í tilvikum þegar kjarasamningar eru ekki virtir grafi það undan starfsemi annarra fyrirtækja, spilli forsendum eðlilegrar samkeppni og dragi úr ávinningi alls samfélagsins af traustu og heilbrigðu atvinnulífi.

Þrátt fyrir hið almenna gildi samninganna sem hér er lagt til er engu síður gert ráð fyrir að þegar sérstakar samráðsnefndir hafa verið settar á fót þar sem fulltrúar hlutaðeigandi aðildarsamtaka taka sæti þá sé ófélagsbundnum aðila máls, hvort sem um er að ræða atvinnurekanda eða launamann, heimilt að tilnefna sinn fulltrúa er tekur sæti eins fulltrúa hlutaðeigandi samtaka. Eigi samtök aðila vinnumarkaðarins hvort um sig fleiri en einn fulltrúa í nefndinni taka þeir sem eftir sitja þátt í afgreiðslu málsins. Samtök aðilanna sem í hlut eiga ákveða sjálf hvaða fulltrúi muni víkja sæti fyrir fulltrúa hins ófélagsbundna aðila þegar samtökin eiga fleiri en einn fulltrúa í nefndinni. Kjósi hinn ófélagsbundni aðili að tilnefna sérstakan fulltrúa sinn í nefndina er lagt til að hann tilkynni nefndarmönnum þar um áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Er þetta lagt til svo koma megi í veg fyrir að aðilar tilnefni fulltrúa eftir að nefndin hefur byrjað að fjalla um málið.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, skuli hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör. Þá er gert ráð fyrir að málsaðilar sem ekki eiga aðild að samtökum aðila vinnumarkaðarins tilnefni sjálfir fulltrúa í sérstakar samráðsnefndir sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um að leysa skuli úr ágreiningsmálum er kunna á rísa á grundvelli samninga.

Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

358. Svar [291. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um grásleppuveiðar.

1. *Hversu miklu af grásleppu var landað af þorsknetabátum á sl. vetrarvertíð, skipt eftir veiðisvæðum?*

Fiskistofa tók saman eftirfarandi upplýsingar um landaðan grásleppuafla íslenskra skipa í þoskanet á tímabilinu 1. janúar til 11. maí 2004 samkvæmt skráningu í löndunarhöfnum:

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Magn í kg
11	Þorlákshöfn	986
13	Grindavík	63
21	Keflavík	27
27	Hafnarfjörður	379
33	Reykjavík	9.151
35	Akranes	9.374
38	Arnarstapi	38.168
42	Rif	8.859
43	Ólafsvík	16.297
45	Grundarfjörður	1.257
47	Stykkishólmur	10.820
57	Patreksfjörður	7.958
69	Bolungarvík	52
115	Húsavík	783
117	Kópasker	27
149	Hornafjörður	8
	Samtals	**104.209**

2. *Til hvaða ráðstafana verður gripið á næstu vertíð til að koma í veg fyrir annars vegar veiðar og löndun þorskanetaflotans og annarra veiðiskipa án grásleppuveiðileyfis á grásleppu og hins vegar grásleppuveiði utan veiðitíma?*

Sú ákvörðun sem kemur til með að hafa mest áhrif á grásleppuveiðar í þorskanet á komandi vertíð er að frá næstu áramótum verður óheimilt að nota stærri möskva í þorskanetum en 8 þumlunga. Telja sjómenn að bann við notkun stærri möskva komi til með að draga úr veiði á grásleppu í þorskanet. Ljóst er hins vegar að grásleppa kemur til með að flækjast í önnur veiðarfæri en grásleppunet og ekki er unnt að koma í veg fyrir það. Sú regla hefur gilt að lifandi grásleppu sem veiðist í þorskanet beri að sleppa, en þeirri reglu er í raun ómögulegt að fylgja eftir.

3. *Telur ráðherra að gætt sé jafnræðis við sviptingu veiðileyfa vegna of mikils meðafla (kvótasettra tegunda) grásleppubáta annars vegar og þorsknetabáta hins vegar?*

Leyfissviptingum hefur ekki verið beitt sérstaklega vegna þorskveiða grásleppubáta. Hins vegar getur það leitt til leyfissviptingar ef þorskveiðar grásleppubáta leiða til þess að þeir veiði umfram aflaheimildir sínar í þorski. Þetta er hin almenna lögbundna regla um veiðar umfram aflaheimildir og gildir ekkert sérstakt um þorskveiðar grásleppubáta að því leyti. Þá ber að hafa í huga í þessu sambandi að grásleppan er ekki kvótasett og því er engin leið fyrir þorskveiðbáta að afla sér aflaheimilda í þeirri tegund.

359. Svar [131. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um álag á Samkeppnisstofnun.

1. *Hve mörg mál hafa beðið úrlausnar hjá Samkeppnisstofnun árlega sl. fimm ár og hver hefur meðalbiðtími eftir afgreiðslu verið á þessum árum?*

Á síðustu árum hafa að jafnaði verið til úrlausnar hjá samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar 40–70 mál á hverjum tíma. Í upphafi þessa árs voru um 70 mál til meðferðar en nú í byrjun nóvember biðu rúmlega 80 mál úrlausnar á samkeppnissviði.

Hjá markaðsmálasviði Samkeppnisstofnunar hafa að jafnaði verið 35–55 mál til úrlausnar á hverjum tíma. Í upphafi þessa árs voru um 55 mál til meðferðar en í byrjun nóvember voru það tæplega 40 mál sem biðu úrlausnar.

Skýrt skal tekið fram að mál þau sem Samkeppnisstofnun fæst við eru misjafnlega umfangsmikil. Úrlausn þeirra mála sem berast getur tekið allt frá nokkrum dögum til nokkurra ára.

Umfangsmestu mál sem Samkeppnisstofnun fæst við og mál sem eru stefnumarkandi tekur samkeppnisráð til umfjöllunar og ákvörðunar. Einföld mál og mál sem auðvelt er að finna fordæmi fyrir í ákvörðunum samkeppnisyfirvalda, þ.e. samkeppnisráðs og/eða Samkeppnisstofnunar, eru hins vegar að öllu jöfnu afgreidd af Samkeppnisstofnun. Meðferðartími mála sem koma til úrskurðar hjá samkeppnisráði er jafnaðarlega mun lengri en þeirra mála sem Samkeppnisstofnun afgreiðir. Miðað við reynslu sl. 10 ára eru ákvarðanir og álit samkeppnisráðs minna en 20% af þeim samkeppnismálum sem samkeppnisyfirvöld afgreiða á ári hverju. Af málum markaðsmálasviðs eru það um 10% sem eru afgreidd af samkeppnisráði.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda mála sem afgreidd hafa verið hjá Samkeppnisstofnun sl. fimm ár og mál þar af sem hafa komið til úrskurðar samkeppnisráðs. Tölur fyrir árið 2004 eru áætlaðar fyrir mál alls en tölur um ákvarðanir samkeppnisráðs eru rauntölur miðað við 1. nóvember.

Mál afgreidd hjá Samkeppnisstofnun.

	Samkeppnissvið		Markaðsmálasvið	
Ár	**Mál alls**	**Samkeppnisráð**	**Mál alls**	**Samkeppnisráð**
2000	169	34	145	12
2001	146	36	173	8
2002	144	29	152	13
2003	150	25	158	21
2004	140	14	150	7

Til að leggja mat á meðalmálsmeðferðartíma eða meðalafgreiðslutíma á síðustu fimm árum hefur í eftirfarandi yfirliti verið höfð hliðsjón af þeim málum sem samkeppnisráð hefur tekið til afgreiðslu. Málsmeðferðartími í þessu samhengi miðast annars vegar við tímann frá dagsetningu erinda sem borist hafa samkeppnisyfirvöldum eða upphaf málsmeðferðar, þ.e. þegar um er að ræða mál sem tekin eru til skoðunar að frumkvæði samkeppnisyfirvalda, og hins vegar við dagsetningu ákvörðunar eða álits samkeppnisráðs. Lengd málsmeðferðartíma í framangreindum skilningi getur mótast af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi felst í honum sá tími sem gagnaöflun tekur. Í öðru lagi taka málsaðilar mislangan tíma til að koma að andmælum og öðrum sjónarmiðum. Í þriðja lagi mótast málsmeðferðartími af því hvað úrvinnsla

samkeppnisyfirvalda stendur lengi. Í fjórða lagi getur málsmeðferð dregist á langinn vegna þess að málsaðilar leita til áfrýjunarnefndar eða dómstóla um úrlausnarefni sem tengjast málsmeðferðinni, svo sem um aðgang að gögnum. Að síðustu getur annríki samkeppnisyfirvalda við tiltekin mál valdið drætti á lausn annarra mála. Þá hefur það áhrif á hraða málsmeðferðar að úrlausnartími samrunamála er lögbundinn. Þetta skipti sérstaklega máli fyrir gildistöku breytinga á samrunaákvæði samkeppnislaga í lok ársins 2000 en fyrir þann tíma höfðu samkeppnisyfirvöld aðeins tvo mánuði til að grípa til íhlutunar væri þess þörf. Allt framanritað ber að hafa í huga þegar eftirfarandi er metið.

Eftirfarandi tafla sýnir meðaltal þess tíma sem mál hafa tekið frá því að erindi bárust samkeppnisyfirvöldum (eða mál var tekið til meðferðar) þangað til þau voru afgreidd hjá samkeppnisráði. Í fyrsta dálki er sýnd meðallengd málsmeðferðar allra mála fyrir hvert ár, í öðrum dálki meðallengd málsmeðferðar þeirra fimm mála sem skemmstan tíma tók að ljúka á hverju ári og í aftasta dálki meðallengd málsmeðferðar þeirra fimm mála sem lengstan tíma tóku á hverju ári.

Meðallengd málsmeðferðar samkeppnismála.

Ár	Allar ákvarðanir, dagar	Fimm skemmstu, dagar	Fimm lengstu, dagar
2000	320	52	684
2001	336	78	715
2002	292	45	565
2003	258	82	534
2004[1)]	545	193	1.009

[1)] Á árinu voru teknar ákvarðanir í tveimur mjög umfangsmiklum samkeppnismálum og tók meðferð þeirra alllangan tíma, annars vegar rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska vátryggingamarkaðnum og hins vegar rannsókn á ólögmætu samráði olíufélaganna.

Meðallengd meðferðar markaðsmála.

Ár	Allar ákvarðanir, dagar	Fimm skemmstu, dagar	Fimm lengstu, dagar
2000	203	114	296
2001	208	121	300
2002	200	18	431
2003	480	213	769
2004	324	244	416

2. *Hvaða áhrif hefur það haft að Samkeppnisstofnun tók upp formlega forgangsröðun mála árið 2003?*

Hinn 29. janúar 2003 samþykkti samkeppnisráð að forgangsraða málum á samkeppnissviði á tilteknum mikilvægum samkeppnismörkuðum. Þetta var gert með hliðsjón af því að Samkeppnisstofnun var þá með allnokkur umfangsmikil mál á umræddum mörkuðum til meðferðar og gat illa annað fleiri málum. Þessi forgangsröðun var í gildi til 1. apríl á þessu ári. Forgangsröðunin leiddi til þess að málsmeðferð 24 nýrra erinda var frestað þar til eftir 1. apríl sl. og hlé var gert á málsmeðferð um 15 mála til sama dags. Af þeim sökum gátu liðið allt að 14 mánuðir án þess að erindi væru tekin til efnislegrar skoðunar hjá Samkeppnisstofnun.

3. *Hve mörg mál hefur Samkeppnisstofnun tekið upp að eigin frumkvæði árlega sl. fimm ár og í hve mörgum málum á þessum tíma sem varða samkeppnishindranir hefur stofnunin talið sig hafa þurft að hafa frumkvæði að rannsókn?*

Umfangsmestu málin sem stofnunin hefur tekið til rannsóknar, t.d. svokölluð grænmetismál, tryggingamál og olíumál, hafa verið rannsökuð að frumkvæði Samkeppnisstofnunar. Þá eru öll samrunamál sem tekin eru til ítarlegrar rannsóknar tekin upp að frumkvæði Samkeppnisstofnunar. Markaðsmálasvið tekur að jafnaði upp mun fleiri mál að eigin frumkvæði en samkeppnissvið enda eru þau mun umfangsminni í allri meðferð.

Ekki liggur fyrir hversu oft Samkeppnisstofnun hefði þurft að hafa frumkvæði að rannsókn sem varðar samkeppnishindranir á sl. fimm árum. Mat Samkeppnisstofnunar er að hún hefði þurft aukið bolmagn til að eiga frumkvæði til rannsókna.

Mál tekin upp að eigin frumkvæði Samkeppnisstofnunar.

Ár	Samkeppnissvið	Markaðsmálasvið
2000	3	42
2001	9	66
2002	4	42
2003	0	40
2004	4	15

4. *Hve mikið fé telur Samkeppnisstofnun sig þurfa annars vegar til að geta með eðlilegum hætti afgreitt þau mál sem henni berast og hins vegar til að geta haft frumkvæði að rannsókn á málum sem varða alvarlegar samkeppnishindranir?*

Í framhaldi af starfi nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi er nú í ráðuneytinu unnið að gerð frumvarpa sem m.a. fela í sér stóraukin framlög til samkeppniseftirlits. Þannig verður allt starf sem varðar eftirlit með samkeppnishindrunum eflt og framkvæmd annarra þátta sem heyra undir samkeppnislög gerð skilvirkari. Þarfagreining varðandi endurskipulagningu stofnunarinnar var unnin í samvinnu við starfsmenn hennar.

5. *Hver er skoðun ráðherra á þeirri hugmynd að eftirlitsskyldir aðilar greiði að hluta eða öllu leyti kostnaðinn við samkeppniseftirlitið eða tiltekna þætti þess?*

Samkvæmt lögum er eftirlitsskyldum aðilum gert að greiða kostnað sem hlýst af eftirliti, t.d. Fjármálaeftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar. Þeirri hugmynd hefur af og til verið varpað fram að eftirlitsskyldir aðilar greiði kostnað við samkeppniseftirlit með sama hætti. Erfitt hefur verið talið að hrinda slíkri innheimtu í framkvæmd af sanngirni vegna þess hve víðtækt gildissvið samkeppnislaganna er, þar sem þau ná til flestra þátta viðskipta- og atvinnulífsins. Öðru máli gegnir um hinar fyrrnefndu stofnanir þar sem þeir sem eftirlitið nær til eru tiltölulega fáir og vel afmarkaðir.

360. Fyrirspurn [322. mál]

til dómsmálaráðherra um breytingar í fangelsismálum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvenær verður Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg lokað og hvert munu fangar þess fara?
2. Hvenær verður kvennafangelsinu á Kópavogsbraut lokað og hvert munu fangar þess fara?
3. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á fangelsinu á Kvíabryggju eða öðrum fangelsum og ef svo er, hverjar eru þær?

Skriflegt svar óskast.

361. Fyrirspurn [323. mál]

til dómsmálaráðherra um fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvenær hefst bygging fyrirhugaðs fangelsis á Hólmsheiði og hvenær má ætla að það verði tekið í notkun?
2. Hvaða kröfur mun ráðherra leggja áherslu á að verði uppfylltar í nýja fangelsinu?
3. Mun einhver stefnubreyting í fangelsismálum felast í starfrækslu þess?
4. Verður þar gert ráð fyrir meðferðarúrræðum fyrir fanga?
5. Verður gert ráð fyrir aðskilnaði ungra og eldri fanga?
6. Verður gert ráð fyrir gæsluvarðhaldsföngum?

362. Fyrirspurn [324. mál]

til menntamálaráðherra um námsver í Ólafsfirði.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til hugmynda um að komið verði á fót í Ólafsfirði námsveri með svipuðu sniði og varð undanfari hins nýja framhaldsskóla á Snæfellsnesi?

2. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að veittur verði fjárstuðningur úr ríkissjóði til að koma slíku námsveri á fót?

Skriflegt svar óskast.

363. Fyrirspurn [325. mál]

til menntamálaráðherra um greiðslur fyrir táknmálsnámskeið.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

Er réttilega tiltekið í gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra frá 22. október 2004 að aðrir aðstandendur en forráðamenn heyrnarlauss eða heyrnarskerts barns, þ.m.t. systkini þess, þurfi að greiða fullt verð fyrir táknmálsnámskeið á vegum stöðvarinnar?

Skriflegt svar óskast.

364. Fyrirspurn [326. mál]

um heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að draga úr offitu barna.

Frá Þuríði Backman.

1. Eru uppi áform af hálfu ráðuneytisins um aðgerðir til að draga úr offitu meðal barna?
2. Kemur til greina að grípa til aðgerða sem takmarka auglýsingar á svokölluðu ruslfæði sem beint er að börnum?

365. Fyrirspurn [327. mál]

til iðnaðarráðherra um þjóðmálakönnun í Eyjafirði.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig hyggst ráðherra byggðamála bregðast við niðurstöðum nýrrar þjóðmálakönnunar sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði í Eyjafirði?

366. Frumvarp til laga [328. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækis þess sem ráðherra veitir rekstrarleyfi skv. 1. mgr. skulu hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. 2. mgr. bætist: sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn, en endurskoðuð árlega. Við endurskoðun skal athugað hvort breytingar hafi orðið á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun tekjumarka. Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára. Í reglugerð skal kveðið á um takmörk heimilda til uppsöfnunar réttinda.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem framleitt er innan dreifiveitusvæðisins.
d. 5. mgr. orðast svo:
   Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal dreifiveitan annast innheimtu gjalds fyrir innmötun og skila því til flutningsfyrirtækisins. Flutningsfyrirtækið skal greiða dreifiveitum eðlilegt gjald fyrir að annast tengsl slíkra virkjana við flutningskerfið. Sé ágreiningur um slíka greiðslu skal Orkustofnun ákvarða greiðsluna.
e. 1. málsl. 8. mgr. orðast svo: Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. 2. mgr. bætist: sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn, en endurskoðuð árlega. Við endurskoðun skal athugað hvort breytingar hafi orðið á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun tekjumarka. Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára. Í reglugerð skal kveðið á um takmörk heimilda til uppsöfnunar réttinda.
c. 2. málsl. 8. mgr. orðast svo: Dreifiveita skal láta virkjun sem tengist veitusvæði hennar beint og leiðir til minni tapa en ella væri eða er á annan hátt hagstæð fyrir dreifikerfið njóta þess hagræðis.

4. gr.

Orðin „í samræmi við gjaldskrár sem fengið hafa meðferð“ í 43. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða IV bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Óheimilt er að greiða niður raforku til kaupenda sem eiga þess kost að velja sér orkusala með fjármunum sem fást af sölu til kaupenda sem eru bundnir einum raforkusala á tímabilinu 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007. Enn fremur er óheimilt að hækka gjald fyrir orku til hinna bundnu kaupenda umfram það tilefni sem leiðir af eðlilegum kostnaðarhækkunum. Orkustofnun getur krafist skýringa og gagna um ákvörðun á raforkuverði til hinna bundnu kaupenda. Stofnunin getur krafist hins sama telji hún óeðlilegt frávik vera á orkuverði miðað við verð hjá öðrum raforkusölum til samsvarandi hóps bundinna raforkukaupenda. Í reglugerð er heimilt að kveða á um hámarksverð raforku til hinna bundnu kaupenda, þ.e. þeirra sem ekki eiga kost á að velja sér raforkusala.

6. gr.

Í stað orðanna „sex ára“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IX kemur: fimm ára.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 12. gr. skulu tekjumörk flutningsfyrirtækis og dreifiveitna einungis sett til eins árs í upphafi og gilda fyrir árið 2005. Orkustofnun er heimilt að ákveða í samráði við eftirlitsskylda aðila að tekjumörk fyrir árið 2006 skuli einnig ákveðin til eins árs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar á nokkrum ákvæðum raforkulaga. Með raforkulögum, nr. 65/2003, voru gerðar veigamiklar breytingar á umhverfi raforkumála á Íslandi. Ekki tókst þó að ná samstöðu um flutningskafla laganna fyrr en með setningu laga nr. 89/2004 síðastliðið vor. Í kjölfar setningar laganna hófst vinna við útfærslu raforkulaga í reglugerðum og undirbúningur framkvæmdar. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að gera þarf lagfæringar á lögunum svo að framkvæmd þeirra geti orðið sem best.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að stjórn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækisins hafi stöðu opinberra sýslunarmanna. Er þetta gert í því skyni að þessir aðilar hafi sömu réttarstöðu og þeir starfsmenn er nú starfa í tengslum við flutning raforku.

Landsvirkjun hefur hingað til rekið meginflutningskerfið. Fastráðnir starfsmenn þess fyrirtækis hafa stöðu opinberra sýslunarmanna. Af því leiðir að um þá gilda lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Þeir hafa því ekki verkfallsrétt og eru kjör þeirra við það miðuð. Telja verður að þungvæg rök hnígi að því að tryggt sé að starfsemi flutningsfyrirtækisins verði ekki fyrir truflunum vegna vinnudeilna. Sama fyrirkomulag hefur gilt til þessa hjá þeim aðilum er nú stunda þessa starfsemi og hefur það gefist vel og ríkt um það sátt.

Um 2. gr.

Lagt er til að við 2. tölul. 2. mgr. 12. og 17. gr. (sbr. 3. gr. frumvarpsins) bætist heimild til að miða arðsemi flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna við bókfært verð fastafjármuna „sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins“, eins og gert er í 1. tölul. sömu málsgreinar varðandi afskriftir. Þannig er tekinn af vafi um það að eignum fyrirtækjanna sem ekki tengjast flutningi og dreifingu raforku sé haldið utan útreikninga tekjumarka.

Í raforkulögum er að finna heimild til að taka tillit til þess við gjaldskrárgerð ef arðsemi undanfarandi þriggja ára er utan þeirra marka sem sett eru í lögunum. Ekki er hins vegar tekið á því hvernig með skuli fara ef innheimtar tekjur samkvæmt gjaldskrá eru utan tekjumarka viðkomandi fyrirtækja en þó innan arðsemismarka. Þannig gæti verið að fyrirtæki innheimti of há gjöld og færi því upp fyrir tekjuhámark sitt en væri slælega rekið og arðsemin því innan marka. Orkustofnun hefur heimild í 2. mgr. 26. gr. raforkulaga til að breyta gjaldskrám til að stöðva of háa gjaldtöku, en heimildin nær ekki til þess að ná með lækkun gjaldskrár til baka ofteknum gjöldum aftur í tímann.

Í Noregi eru tekjur skoðaðar miðað við tekjumörk og gjaldskrár leiðréttar til hækkunar eða lækkunar ef tekjur eru ekki í samræmi við sett tekjumörk. Frávik frá tekjumörkum eru þannig eins og hlaupareikningur sem getur verið ýmist jákvæður eða neikvæður. Sama er gert í Danmörku og þar hafa tekjumörk verið það rúm að upp hafa safnast verulegar heildarupphæðir á þessum „hlaupareikningum“ sem gæti leitt til talsverðrar verðsprengingar ef þeir yrðu allar „leystar út“ um svipað leyti. Til að koma í veg fyrir slíkt er lagt til að í reglugerð verði sett hámark á það hlutfall tekjumarka sem heimilt verði að geyma á milli ára.

Eitt af meginhlutverkum slíkra „hlaupareikninga“ er þó að vera sveiflujafnandi þannig að hægt sé að taka við skörpum sveiflum í ytra rekstrarumhverfi flutningsfyrirtækis og veitna án þess að til snarpra gjaldskrárbreytinga komi. Því er einnig nauðsynlegt að hlaupareikningur rúmi a.m.k. hámarkssveiflur sem orðið geta í rekstri á þann hátt að ekki verði þörf á verulegum gjaldskrárbreytingum heldur sveiflunum jafnað út yfir tiltekið tímabil

Við undirbúning frumvarps þess sem leiddi til breytinga á flutningskafla raforkulaga og varð að lögum nr. 89/2004 var gengið út frá því að dreifiveitur greiddu til flutningsfyrirtækisins fyrir alla raforku sem notuð væri á viðkomandi dreifiveitusvæði. Skipti þar ekki máli hvort orkan kæmi frá flutningskerfinu eða frá virkjunum á viðkomandi dreifiveitusvæði, beint inn á dreifikerfi, enda væri það sú raforka sem flutningsfyrirtækið þyrfti að hafa til reiðu ef bilanir kæmu upp. Má geta þess að allir útreikningar kostnaðarforsendna, m.a. fyrir hina svonefndu „nítján manna nefnd“, byggðust á þessu fyrirkomulagi. Fyrirkomulag þetta er einnig í samræmi við gjaldtöku fyrir innmötun virkjana, sem greiða sama gjald, hvort sem orkan fer beint inn á flutningskerfið eða virkjunin tengist dreifiveitu. Ekki var kveðið nægilega skýrt á um þetta í lögum nr. 89/2004 sem kváðu á um breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, og samþykkt voru sl. vor. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og tekinn af allur vafi um hvernig reikna beri út úttektargjald.

Samkvæmt gildandi lögum skal innmötunargjaldi af virkjunum undir 7 MW sem ekki tengjast flutningskerfinu beint skipt milli dreifiveitu og flutningsfyrirtækisins. Hér er lagt til að kveðið verði á um þetta með nokkuð öðrum hætti. Í því skyni að allar virkjanir búi við sömu meginreglur er hér í fyrstu lagt til að allar greiði þær innmötunargjald til flutningsfyrirtækisins, en viðkomandi dreifiveita sjái um innheimtu þess. Á hinn bóginn er hér lagt til að kveðið verði á um skyldu flutningsfyrirtækisins til að greiða viðkomandi dreifiveitu fyrir þá þjónustu sem hún veitir við að annast tengsl virkjunarinnar við flutningskerfið. Í lögunum óbreyttum er skipting á tekjum af umræddum virkjunum milli flutningskerfis og dreifiveitna

einskorðuð við innmötunargjaldið eitt. Þá er hér lagt til að Orkustofnun úrskurði sé ágreiningur um greiðslu fyrir umrædda þjónustu.

Tenging nýrra virkjana eða stórnotenda hefur að sjálfsögðu kostnað í för með sér, en ákvæðinu er ætlað að taka af tvímæli um að sú tenging megi ekki auka kostnað annarra notenda flutningskerfisins verulega.

Um 3. gr.

Um skýringar á a- og b-lið greinarinnar er vísað til athugasemda við a- og b-lið 2. gr. að breyttu breytanda þar sem ákvæði 12. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, eiga við um tekjumörk og gjaldskrá dreifiveitna en ákvæði 17. gr. sömu laga eiga við flutningsfyrirtækið.

Virkjanir sem tengjast flutningskerfinu beint geta þurft að greiða sérstakt upphaflegt tengigjald ef tekjur eru ekki taldar standa undir tengingunni, sbr. 8. mgr. 12. gr. Aftur á móti getur slík virkjun notið þess ef tenging hennar er hagkvæm. Hliðstætt ákvæði er ekki um virkjanir undir 7 MW sem ekki ber að tengja flutningskerfinu. Þó má krefja þær um viðbótarkostnað. Ekki er beint ákvæði um hið gagnstæða, að slík virkjun geti notið þess hagræðis sem af tengingu hennar kann að leiða. Á þessu er tekið hér. Dreifiveitum er gert skylt að láta virkjun undir 7 MW sem tengist dreifikerfi beint njóta þess hagræðis sem kann að leiða af tengingu hennar, t.a.m. vegna minnkaðra tapa í viðkomandi dreifikerfi.

Um 4. gr.

Bent hefur verið á að gjaldskrár fyrir raforku eru ekki háðar umfjöllun samkvæmt lögunum. Það skilyrði 43. gr. fyrir beinni aðfararheimild að gjöld hafi verið innheimt í samræmi við gjaldskrár sem fengið hafi meðferð samkvæmt lögunum á því ekki við. Er því lagt til að það skilyrði falli út. Verði þetta ekki verður staðan sú að hluti raforkureiknings, gjald fyrir flutning og dreifingu, verður með beinni aðfararheimild en stefna þarf raforkukaupanda vegna orkunnar sjálfrar. Þetta mundi leiða til þess að mál þar sem ekki væri ágreiningur um greiðsluskyldu þyrftu að fara fyrir dómstóla. Hefði þetta svo mikla fjölgun mála fyrir dómstólum í för með sér að ætla mætti að málum fjölgaði um 15–20%. Þá verður að telja rök fyrir því að raforkukaupandi sem hefur skyldu til þess að greiða fyrir flutning og dreifingu raforku hafi einnig fengið raforku afhenta og er því eðlilegt að heimila að bein aðfararheimild sé fyrir þeim hluta orkureiknings.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV ber Orkustofnun að staðfesta hækkanir á gjaldskrám dreifiveitna til 1. janúar 2005. Frá og með þeim degi mun eftirlit stofnunarinnar einungis taka til dreifingarhluta gjaldskránna. Samkeppni á raforkumarkaði fyrir almenna notendur mun hins vegar ekki hefjast fyrr en 1. janúar 2007, þegar allir munu geta valið sér þann raforkusala sem þeir kjósa skv. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV. Samkeppnisstofnun hefur því ekki fyrr en að loknu þessu aðlögunartímabili eftirlit með raforkuverði til almennra notenda. Frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007 geta almennir notendur einungis keypt raforku af dreifiveitum á veitusvæði sínu, en veitunum er um leið skylt að selja viðkomandi raforku. Á þessu tímabili er því – að óbreyttum lögum – hvorki samkeppni né eftirlit með gjaldtöku fyrir raforkusölu til almennra notenda. Því er lagt til að sett verði almennt ákvæði um að þess skuli gætt að orkuverð hækki ekki óeðlilega á tímabilinu, þ.e. ekki umfram eðlilegar kostnaðarhækkanir. Jafnframt er hnykkt á því sjónarmiði sem í sjálfu sér felst í 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 27. gr. að óheimilt sé að niðurgreiða raforkusölu til þeirra kaupenda sem hafa val um raforkusala með tekjum af þeim kaupendum sem eru bundnir einum raforku-

sala á umræddu tímabili, enda er sala til þeirra ígildi sérleyfisstarfsemi. Orkustofnun er hér veitt heimild til að krefjast skýringa og gagna um verð til hinna bundnu kaupenda, t.d. ef stofnunin telur að verðið sé óeðlilegt miðað við það sem tíðkast hjá öðrum dreifiveitum til hliðstæðs hóps kaupenda. Ef í ljós kemur, t.d. í kjölfar kvartana frá notendum, að hækkanir á orkuverði til almennra notenda hafi á tímabilinu orðið meiri en eðlilegt getur talist er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð ákvæði um hámarksverð fyrir orkuna.

Um 6. gr.

Um er að ræða leiðréttingu á ritvillu. Í raforkulögum er alls staðar gengið út frá að miða skuli við markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa.

Um 7. gr.

Þar sem fyrirliggjandi gögn um fjármál eftirlitsskyldra fyrirtækja samkvæmt raforkulögum ná einungis til áranna 2002 og 2003 og vegna þess að um viðamiklar kerfisbreytingar er að ræða þykir varlegast að leggja til að tekjumörk verði í upphafi einungis sett til eins árs. Í árslok 2005 verði svo tekið tillit til niðurstaðna þess við setningu tekjumarka til næstu þriggja ára. Er hér lagt til að tekið verði tillit til þess að verið er að setja eftirlitsskyldum aðilum tekjuramma í fyrsta skipti. Þess má vænta að upp kunni að koma atriði sem lagfæra þarf og er því heppilegt að setja tekjuramma til eins árs í fyrsta skipti.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

Frumvarpi þessu er ætlað að kveða nánar á um útfærslu og framkvæmd raforkulaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

367. Tillaga til þingsályktunar [329. mál]

um nýtingu grásleppu.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jón Gunnarsson,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem kanni á hvern hátt unnt er að vinna frekari afurðir úr grásleppu.

Greinargerð.

Það er staðreynd að nánast eina afurðin sem er nýtt úr grásleppu eru hrognin. Annar hluti grásleppunnar er ekki nýttur að marki.

Mjög æskilegt er að gera úttekt á þeim rannsóknum sem til eru um grásleppu. Niðurstöðurnar þarf svo að meta með tilliti til þess hvort hér sé á ferðinni vannýtt hráefni sem markaður er fyrir. Þá kæmi einnig í ljós hvort ný þekking kalli á frekari rannsóknir. Má í því sambandi horfa jafnt til matvælaiðnaðar sem lyfjagerðar.

Þegar tekið er meðaltal af veiðum sl. 10 ára hafa 1.000 tonn af grásleppuhrognum verið nýtt árlega til kavíarframleiðslu. Þannig má áætla að yfir 3.000 tonn af grásleppu falli til ár hvert. Hingað til hefur hafið tekið við því sem ekki hefur verið nýtt, en markmiðið með tillögu þessari er að breyta því þannig að hráefnið nýtist til verðmæta.

Í 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, segir að skylt sé „að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.“

Með tillögu þessari er leitast við að fara nær því markmiði sem téðum lögum er ætlað að ná. Með henni er einnig ætlunin að gerð verði verðmæti úr hráefni sem ekkert hefur verið hirt um, þ.e. að bæta umgengni um auðlindina. Það hlýtur að vera skylda stjórnvalda að nýta auðlindir Íslands eins vel og unnt er. Ekki þarf heldur að efast um að sjómenn vilja leggja sitt af mörkum við það verkefni sem hér er gerð tillaga um.

368. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „er endanlegur“ í 2. mgr. kemur: verður honum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur málskotsnefnd frestað réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, sbr. 10. gr. Hundraðshluti þessi er 3,75% við afborganir af skuldabréfinu. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.

b. 7. mgr. orðast svo:

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja sjóðstjórn til þær upplýsingar er stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Þegar tekjur eru skattskyldar á Íslandi er með tekjustofni í lögum þessum átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum tekjum skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Falli lánþegi undir skilyrði 62. gr. sömu laga skal við ákvörðun tekjugrundvallar tekna skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 miða við 50 hundraðshluta samanlagðra tekna lánþega og sambúðaraðila. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því sem nú telst tekjustofn í lögum þessum skal árleg viðbótargreiðsla skv. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn mann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri verði formaður nefndarinnar. Skal nefndin setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns svo að árleg viðbótargreiðsla hvers lánþega verði sem næst því sem orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 1. og 2. mgr. og orðast svo:

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fáanlegar upplýsingar um tekjurnar.

Endurútreikningur skv. 1. mgr. á árlegri viðbótargreiðslu skal gerður þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar. Komi þá í ljós að tekjustofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.

5. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef lánþegi samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skal miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt þessum lögum. Greiðslur samkvæmt þessum lögum frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem sótt hafa um námslán samkvæmt lögunum fyrir gildistöku laga þessara eiga til loka skólaársins 2004–2005 rétt á námslánum samkvæmt þeim lögum.

Þeir sem skulda eða hafa sótt um námslán samkvæmt lögunum eiga rétt á að breyta því láni í námslán samkvæmt lögum þessum. Skilyrði slíkrar skuldbreytingar er að umsókn um hana hafi borist sjóðnum fyrir 1. nóvember 2005, að umsækjandinn sé ekki í vanskilum við sjóðinn og að lánið sé tryggt með sambærilegum hætti og áður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júlí 2004 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í stefnuyfirlýsingunni frá 23. maí 2003 er lögð áhersla á að LÍN gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Jafnframt segir þar að endurskoða beri lög um sjóðinn og huga að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána. Í endurskoðunarnefndinni áttu sæti Gunnar Birgisson alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Auður Finnbogadóttir nemi, Dagný Jónsdóttir alþingismaður, Heiður Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erlendis, Leifur Eysteinsson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, og Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir var starfsmaður nefndarinnar og Steingrímur Ari Arason, framkvæmdastjóri LÍN, sat fundi hennar sem ráðgjafi. Nefndin hélt samtals átta fundi. Á fund nefndarinnar kom Halldóra Friðjónsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna (BHM), og kynnti hugmyndir og sjónarmið BHM um framtíðarskipan námslánakerfisins. Í starfi sínu byggði nefndin á útgefnu efni um málefni LÍN og upplýsingum sem hún aflaði sérstaklega hjá LÍN, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneyti. Af útgefnu efni sem stuðst var við ber sérstaklega að nefna „Skýrslu starfshóps til að yfirfara þörf á árlegu ríkisframlagi til LÍN“. Starfshópurinn starfaði á vegum stjórnar LÍN og lauk skýrslunni í júní 2004.

Helstu breytingarnar frá gildandi lögum sem frumvarp þetta felur í sér og byggjast að meginstefnu til á niðurstöðu endurskoðunarnefndarinnar eru þessar:

- Árlegt endurgreiðsluhlutfall námslána er lækkað úr 4,75% í 3,75%.
- Fjármagnstekjum er bætt við tekjustofn til ákvörðunar árlegri tekjutengdri afborgun.
- Tekjugrundvöllur einhleypra lánþega verður útsvarsstofn og fjármagnstekjur samkvæmt skattalögum. Tekjugrundvöllur lánþega í sambúð tekur mið af útsvarsstofni og 50% samanlagðra fjármagnstekna greiðenda og sambúðaraðila þeirra.
- Lánþegum með eldri námslán verður gefinn kostur á skuldbreytingu, þ.e. að endurgreiða af lánum sínu í samræmi við nýja endurgreiðsluskilmála.

- Að kröfu stjórnar LÍN getur málskotsnefnd frestað réttaráhrifum úrskurðar og stjórnin borið málið undir dómstóla.
- Skýrt er kveðið á um frest lánþega til að sækja um endurútreikning eða undanþágu frá árlegri afborgun. Komi í ljós að lánþegi hafi innt af hendi of háa afborgun fái hann ofgreiddu fjárhæðina endurgreidda með almennum útlánsvöxtum í stað almennra innlánsvaxta af sparisjóðsbókum.
- LÍN hætti að veita svokölluð markaðskjaralán.

Á gildandi lögum um LÍN frá árinu 1992 hafa fjórum sinnum verið gerðar breytingar, árið 1997, 1998, 2002 og nú síðast í vor. Að stofni til eru lögin frá 1976 og 1982 og þótt þau hafi reynst vel hafa þau stöðugt verið til endurskoðunar. Telur endurskoðunarnefndin mikilvægt að svo verði áfram og jafnframt að stjórnvöld nýti það svigrúm sem lögin veita og vinni stöðugt að því að bæta þjónustu LÍN. Gott dæmi um slíkt er nýlegt samkomulag um að bankaábyrgð geti komið í stað tilnefningar ábyrgðarmanns.
Lækkun endurgreiðsluhlutfallsins og breikkun tekjustofnsins sem endurgreiðslan tekur mið af er stórt hagsmunamál lánþega. Almennt lækkar árleg greiðslubyrði og má ætla að sú ráðstöfun komi sér sérstaklega vel fyrir greiðendur fyrstu árin að loknu námi.

Mjög æskilegt er að lækkun árlegrar greiðslubyrði geti náð til þeirra sem tekið hafa lán á grundvelli laganna frá 1992. Þeim verði í ákveðinn tíma gefinn kostur á að skuldbreyta eldri lánum, enda verði þau tryggð með sambærilegum hætti og áður. Við mat á kostnaði vegna frumvarps þessa er áætlað að helmingur þeirra sem tekið hafa námslán eftir 1992 (svokölluð R-lán) nýti sér þennan rétt. Greiðendur þeirra eru um 15.000 talsins og áætlað er að tæplega 10.000 manns fái námslán skólaárið 2004–2005.

Óvissa um kostnað ríkissjóðs vegna frumvarps þessa tengist fyrst og fremst breikkun tekjustofnsins, þ.e. þeirri tillögu að miða afborganir ekki aðeins við útsvarsstofn greiðenda heldur einnig fjármagnstekjur. Þannig var niðurstaða kostnaðarmats að breikkun stofnsins jafngilti 3%–7% hækkun á núverandi tekjuviðmiði. Helstu óvissuþættirnir tengjast því að fjármagnstekjur eru mjög háðar aldri framteljenda og hækka með aldri þeirra. Stór hluti fjármagnstekna skilar sér þannig að öðru óbreyttu tiltölulega seint í formi hærri afborgana til sjóðsins. Til viðbótar þessu eru fjármagnstekjur háðari efnahagsástandi en þær tekjur sem mynda útsvarsstofninn og dreifast almennt ójafnt á framteljendur, þ.e. tiltölulega fáir eru hverju sinni með stóran hluta heildarteknanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til sú orðalagsbreyting í 2. mgr. 5. gr. a að kveða skýrar á um að úrskurður málskotsnefndar sé endanlegur á stjórnsýslustigi og verði því ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein sem kveði á um að málskotsnefnd geti að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna frestað réttaráhrifum úrskurðar, telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Ákvæði þetta er í samræmi við þá skoðun meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar að æskilegt sé stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafi heimild til að bera úrskurði málskotsnefndar undir dómstóla. Til þess þarf sérstaka lagaheimild þar sem ákvörðunum stjórnarinnar er skotið til málskotsnefndar og stjórnin þar með lægra sett stjórnvald gagnvart málskotsnefndinni. Í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar er það málskotsnefndin sjálf

sem hefur vald til að fresta réttaráhrifum úrskurðar þegar þannig stendur á og er það í samræmi við sambærileg úrræði sem finna má í upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Við mat á því hvort heimild þessi verði veitt ber málskotsnefndinni að taka mið af því hvort úrskurðurinn geti haft fordæmisgildi, hann hafi í för með sér veruleg fjárútlát fyrir sjóðinn eða að lögfræðilegur vafi sé um niðurstöðuna. Út frá því er gengið að stjórnin nýti þessa heimild einungis í undantekningartilvikum. Þá þykir rétt að kveða á um að þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar sé henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur. Er þá átt við endanlegan dóm hvort sem um er að ræða héraðsdóm sem ekki verður áfrýjað eða dóm Hæstaréttar.

Um 2. gr.

Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 8. gr. laganna að árleg viðbótargreiðsla samkvæmt ákvæðinu lækki úr 4,75% í 3,75%. Er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og tillögur meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar, sbr. almennar athugasemdir við frumvarp þetta. Þá miðast viðbótargreiðslan samkvæmt frumvarpi þessu við ákveðinn hundraðshluta af tekjustofni ársins í stað útsvarsstofns samkvæmt gildandi lögum, en hugtakið tekjustofn er nánar skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði b-liðar kveður á um að skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr. 8. gr. laganna, skuli leggja sjóðstjórn til þær upplýsingar sem stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Dæmi eru um að óskir um endurútreikning eða undanþágu frá afborgunum berist sjóðnum mörgum mánuðum eftir gjalddaga. Þessi mál eru oft mjög erfið úrlausnar þar sem lán í vanskilum leiða oft til kostnaðarsamra innheimtuaðgerða. Aukin festa í meðferð þessara mála á því að vera allra hagur. Hér er þó ekki gengið lengra en að kalla eftir því að þeir sem hafa hug á endurútreikningi eða undanþágu láti sjóðinn vita áður en lán í vanskilum eru send í lögmannsinnheimtu.

Um 3. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 10. gr. laganna kveði á um að fjármagnstekjum verði bætt við tekjustofn til ákvörðunar árlegri tekjutengdri afborgun. Tekjugrundvöllur einhleypra lánþega verði því útsvarsstofn og fjármagnstekjur samkvæmt skattalögum. Tekjugrundvöllur lánþega í sambúð taki mið af útsvarsstofni og 50% samanlagðra fjármagnstekna greiðenda og sambúðaraðila þeirra. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Breytingin sem hér er lögð til er í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar.

Þá er lögð til orðalagsbreyting á núverandi 1. mgr. 10. gr. laganna, sem verður 2. mgr. sömu greinar. Orðalagsbreytingin tekur mið af því að hugtakið tekjustofn verður tekið upp í lögin, verði frumvarp þetta lögfest.

Lagt er til að ný málsgrein komi í stað 2. og 3. mgr. 10. gr. laganna. Fyrsti málsliður málsgreinarinnar verði efnislega samhljóða 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna, en gerð verði sú breyting að orðið skattstofn komi í stað orðsins útsvarsstofns í samræmi við breytingartillögur hér að framan við 1. mgr. 10. gr. laganna.

Síðan er lagt til að 2. og 3. málsl. málsgreinarinnar verði samhljóða 1. og 2. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna. Seinni málsliður 2. mgr. 10. gr. laganna, sem fjallar um endurgreiðslurétt lánþega vegna ofáætlaðs eða oftalins útsvarsstofns, falli brott og í stað hans er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að tvær nýjar málsgreinar bætist við 11. gr. laganna um sama efni.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að við 11. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, er verði 1. og 2. mgr. Fyrri málsgreinin kveður á um að lánþegi eigi rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fáanlegar upplýsingar um tekjurnar. Seinni málsgreinin kveður á um að endurútreikningurinn á árlegri viðbótargreiðslu skuli eiga sér stað þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar. Komi þá í ljós að tekjustofn hafi verið ofáætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána. Með þessu er skýrt kveðið á um frest lánþega til að sækja um endurútreikning eða undanþágu frá árlegri afborgun.

Um 5. gr.

Í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar um að LÍN skuli hætta að veita svokölluð markaðskjaralán er lagt til að 3. mgr. 12. gr. laganna falli brott.

Um 6. gr.

Lagt er til að ef lánþegi samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum, er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skuli miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum. Þær greiðslur frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að þeir sem sótt hafa um námslán samkvæmt lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, fyrir gildistöku frumvarps þessa, verði það að lögum, skuli til loka skólaársins 2004–2005 eiga rétt á námslánum samkvæmt þeim lögum.

Þá er lagt til að þeir sem skulda eða hafa sótt um námslán samkvæmt lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, eigi rétt á að breyta því láni í námslán samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum. Skilyrði slíkrar skuldbreytingar er að umsókn um hana hafi borist sjóðnum fyrir 1. nóvember 2005, að umsækjandinn sé ekki í vanskilum við sjóðinn og að lánið sé tryggt með sambærilegum hætti og áður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum um endurgreiðslur og málsmeðferð og lagt til að heimild til að veita lán á markaðskjörum verði felld niður.

Lagt er til að árlegt endurgreiðsluhlutfall námslána lækki úr 4,75% af tekjuskattsstofni lánþega í 3,75% af tekjuskatts- og fjármagnstekjuskattsstofni. Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra sem lagði breytinguna til er áætlað að þetta lækki endurgreiðslu lánþega að meðaltali um 17% og lengi endurgreiðslutíma meðalláns um fjögur ár, úr 18 árum í 22. Nefndin telur að árlegt framlag ríkissjóðs þurfi að hækka úr 49% af útlánum í 52,7–53,8%. Áætlun um framlagsþörf er háð töluverðri óvissu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuviðmið hækki um 3–7% vegna fjármagnstekna. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að fjármagnstekjur dreifist ójafnt á þá sem skulda námslán og séu mun háðari efnahagsástandinu en tekjur sem mynda tekjuskattsstofn og þess vegna sveiflukenndar. Í öðru lagi er reiknað með því að helmingur þeirra sem hafa tekið námslán eftir árið 1992 nýti sér rétt til að skuldbreyta lánum sínum. Í þriðja og síðasta lagi er áætlað að lækkun endurgreiðslubyrði auki eftirspurn eftir námslánum um 1% og er sú spá varfærin. Námsárið 2002–2003 voru lánþegar 8.000. Miðað við framangreindar forsendur og 7,1 milljarða króna áætluð útlán á árinu 2005 gerir nefndin ráð fyrir að framlagsþörf sjóðsins aukist um 265–340 m.kr. á ári hverju. Fjármálaráðuneytið leggur þessa áætlun til grundvallar kostnaðarmatinu.

Lagt er til að bæði kærendum og stjórn lánasjóðsins verði heimilt að bera úrskurði málskotsnefndar undir dómstóla. Þar sem forsendur til að meta áhrif þessa eru ekki fyrir hendi er gengið úr frá því hér að þetta komi ekki til með að hafa kostnaðaráhrif.

Lagt er til að lánasjóðurinn hætti að lána á markaðskjörum. Markaðskjaralánum hefur fækkað á milli ára. Árið 2003 voru 61,4 m.kr. lánaðar á þessum kjörum sem er 25% lækkun frá árinu áður.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er að verði frumvarpið óbreytt að lögum þurfi ríkið að öðru óbreyttu að hækka framlag til sjóðsins um 235–340 m.kr. á ári.

369. Svar [154. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um árangurslaus fjárnám.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var fjöldi einstaklinga, skipt eftir kyni og aldri, sem gert var árangurslaust fjárnám hjá á árunum 2001, 2002 og 2003 og hver var heildarfjárhæð krafna sundurliðað á sömu ár?*
2. *Hver var fjöldi kröfuhafa og heildarfjárhæð krafna í þessum tilvikum, sundurliðað á eftirfarandi hátt:*
   a. *bankar og aðrar lánastofnanir,*
   b. *Íbúðalánasjóður,*
   c. *ríkissjóður,*
   d. *tryggingafélög,*
   e. *aðrir einkaaðilar og opinberir aðilar?*

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum hjá tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnarinnar sem vann umbeðnar upplýsingar upp úr aðfararkerfi sýslumanna. Byggjast svör ráðuneytisins á þeim upplýsingum er bárust í framhaldi af því.

Árangurslaus fjárnám 2001-2004

Fjöldi kröfuþola					
		2001	2002	2003	2004*
Karlar					
	60 ára og eldri	164	199	213	217
	50-59	382	483	531	506
	40-49	751	807	952	861
	30-39	766	905	960	944
	20-29	553	685	737	702
	yngri en 20 ára	47	55	58	30
	karlar alls	2.663	3.134	3.451	3.260
Konur					
	60 ára og eldri	56	57	87	82
	50-59	84	143	174	163
	40-49	253	313	327	347
	30-39	272	330	392	368
	20-29	231	349	354	354
	yngri en 20 ára	20	28	26	18
	konur alls	916	1.220	1.360	1.332
Fjöldi einstaklinga alls		3.579	4.354	4.811	4.592
Fyrirtæki		1.145	1.297	1.429	1.260
Fjöldi kröfuþola alls		4.724	5.651	6.240	5.852

Heildarfjárhæð krafna í milljónum króna						
		2001	2002	2003	2004*	samtals
Karlar						
	60 ára og eldri	398	482	877	770	2.527
	50-59	984	1.476	1.944	1.926	6.330
	40-49	2.341	2.836	4.064	3.388	12.629
	30-39	2.081	2.447	3.046	3.097	10.670
	20-29	837	752	789	782	3.159
	yngri en 20 ára	30	12	11	7	61
	karlar alls	6.672	8.005	10.731	9.968	35.376
Konur						
	60 ára og eldri	100	104	145	102	451
	50-59	112	283	293	270	958
	40-49	279	508	463	659	1.910
	30-39	354	367	636	482	1.840
	20-29	230	255	314	245	1.044
	yngri en 20 ára	4	10	7	4	25
	konur alls	1.079	1.528	1.859	1.762	6.228
Einstaklingar fjárhæð alls		7.751	9.533	12.590	11.730	41.604
Fyrirtæki		4.818	4.498	5.432	4.762	19.510
Fjárhæð krafna alls		12.569	14.031	18.022	16.492	61.114

Árangurslaus fjárnám á einstaklinga 2001-2004

Fjöldi kröfuhafa	2001	2002	2003	2004*
a. bankar og aðrar lánastofnanir	83	88	92	91
b. íbúðarlánasjóður	1	1	0	1
c. ríkissjóður	28	26	28	26
d. tryggingafélög	4	4	6	5
e. aðrir	446	494	589	563
samtals	562	613	715	686

Heildarfjárhæð krafna í milljónum króna	2001	2002	2003	2004*	samtals
a. bankar og aðrar lánastofnanir	1.574	3.020	3.319	3.076	10.990
b. íbúðarlánasjóður	0	0	0	0	0
c. ríkissjóður	4.765	4.686	6.630	6.011	22.092
d. tryggingafélög	76	82	76	164	398
e. aðrir	1.336	1.745	2.565	2.479	8.124
samtals	7.751	9.533	12.590	11.730	41.604

370. Fyrirspurn [331. mál]

til utanríkisráðherra um fjölda og kjör sendiherra.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hver var fjöldi sendiherra Íslands ár hvert árin 1995–2003?
2. Hver voru laun, ferðakostnaður og staðaruppbót sendiherra sl. septembermánuð?
3. Hvaða reglur gilda um skattgreiðslur af launum og staðaruppbót sendiherra sem starfa erlendis og þeirra sem hafa aðsetur hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

371. Fyrirspurn [332. mál]

til utanríkisráðherra um framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er orðinn kostnaður við framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og hvað er áætlað að hann verði hár?

372. Fyrirspurn [333. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir í kjölfar verkfalls kennara.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Á hvaða samræmdar aðgerðir hyggur ráðherra til að mæta afleiðingum verkfalls kennara fyrir skólagöngu þeirra tíu árganga barna sem nú eru í grunnskóla?

373. Fyrirspurn [334. mál]

til menntamálaráðherra um frumkvöðlafræðslu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til skoðunar að taka upp frumkvöðlafræðslu í framhaldsskólum og grunnskólum, og stuðla að slíkum endur- og símenntunarnámskeiðum?

374. Frumvarp til laga [335. mál]

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fasteignanúmer, sem Fasteignamat ríkisins úthlutar við forskráningu. Númerið er hlaupandi raðtala og felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Undir fasteignanúmer fellur:

1. *Landnúmer,* sem er auðkenni landskika.
2. *Heitinúmer,* sem er auðkenni fasteignaheita.
3. *Fastanúmer,* sem er auðkenni eignarhluta í mannvirki eða mannvirkja í heild sinni, ásamt lóðarréttindum.

Auk fasteignanúmers ber hver fasteign heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um heiti fasteigna, annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn o.fl.

2. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nýtt matsverð skal þegar skrá í Landskrá fasteigna og gildir með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið eða þar til því er hrundið með nýju mati.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2005–2008. Skal gjald þetta nema 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, er að skýra reglur um auðkennisnúmer fasteigna, styrkja stjórnsýslu við framkvæmd fasteignamats og marka fjárhagsgrundvöll Fasteignamats ríkisins til að halda og þróa Landskrá fasteigna.

Mikilvægt er að fasteignir séu auðkenndar með glöggum, einföldum og óvefengjanlegum hætti. Auðkenni fasteigna samkvæmt lögunum hafa verið fastanúmer og landnúmer. Auk þessara númera hefur verið notað svokallað heitinúmer. Það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd að hafa ekki skýrt samheiti þessara númera, sem hér er lagt til að verði fasteignanúmer, þar sem það fer eftir stöðu og eðli fasteignar hvert fasteignanúmer hennar er.

Fasteignamat er mikilvægur skattstofn fyrir sveitarfélög og ríkissjóð. Ætla má að á árinu 2004 nemi skatttekjur sem byggðar eru á fasteignamati rúmum 20 milljörðum króna. Í árslok 2003 nam fasteignamat á landinu öllu 1.969 milljörðum króna. Mikilvægt er að málsmeðferð við ákvörðun fasteignamats sé vönduð og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Lagt er til að stjórnsýslan verði styrkt með því að kveða skýrt á um að ákvörðun um fasteignamat sem tekin er á grundvelli skráningarupplýsinga um nýjar og breyttar fasteignir taki gildi strax við skráningu í Landskrá fasteigna en sú tilhögun er í samræmi við núverandi framkvæmd. Nýja matsverðið gildi síðan með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið eða þar til því er hrundið með nýju mati.

Umsýslugjald sem nam 0,025 prómillum af brunabótamati var lögfest árið 1994 í tengslum við að Fasteignamati ríkisins var falið að halda brunabótamatsskrá og annast framkvæmd brunabótamats að hluta. Stofnunin tók síðan alfarið við framkvæmd brunabótamats árið 1999. Þegar stofnuninni var falið að mynda og halda Landskrá fasteigna frá 1. janúar 2001

var lögfest að umsýslugjaldið yrði 0,1 prómill af brunabótamati en félli niður í árslok 2004.

Landskrá fasteigna er ein skrá í fimm hlutum um fasteignir og fasteignaréttindi til nota fyrir öll stjórnvöld og hagsmunaaðila. Þegar skráin var lögfest greindist hún í fjóra hluta. Í stofnhluta eru heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna. Í mannvirkjahluta eru byggingarfræðileg atriði um fasteignir og notkun þeirra eða einstaka hluta þeirra eftir því sem við á. Í fasteignamatshluta eru matsgögn ásamt fasteigna- og brunabótamati. Í þinglýsingarhluta eru þinglýstir eigendur og eignarhlutur þeirra skráðir ásamt þinglýstum veðböndum, kvöðum og öðru er þinglýsingabók heldur. Um þinglýsingarhluta skrárinnar og upplýsingar er hann geymir fer eftir ákvæðum þinglýsingalaga. Með jarðalögum, nr. 81/2004, sem gengu í gildi 1. júlí 2004 var fimmti hluti skrárinnar lögfestur, jarðahluti, þar sem fram eiga að koma upplýsingar um nöfn jarða og annars lands, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að jörð, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu, hvort félagsbú er á jörðinni og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð. Jafnframt er kveðið á um að Fasteignamat ríkisins skuli í þessum tilgangi leggja til skráningarsvæði fyrir framangreindar upplýsingar án sérstaks kostnaðar fyrir landbúnaðarráðuneytið.

Síðan Landskrá fasteigna var stofnuð hefur Fasteignamat ríkisins, í náinni samvinnu við sveitarfélög og sýslumannsembætti, unnið að því að bæta og samræma upplýsingar í skránni og einstökum hlutum hennar. Upplýsingar í stofnhluta hafa verið bættar með því að nýjar fasteignir eru nú stofnaðar með sérstöku stofnskjali auk þess sem undirbúningur er hafinn að skráningu hnita fasteigna í stofnhlutann til að skráin nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Unnið er að því að bæta upplýsingar í mannvirkjahluta skrárinnar með því að staðla og endurskilgreina þær upplýsingar sem notaðar eru við skráningu mannvirkja og einkum koma fram í skráningartöflu, eignaskiptayfirlýsingu og byggingarlýsingu. Mikil vinna hefur verið lögð í að bæta matshluta skrárinnar. Árið 2001 var brunabótamat allra brunabótamatsskyldra húseigna endurmetið og var það í fyrsta sinn sem húseignir um land allt voru metnar brunabótamati með samræmdri aðferð. Samtímis fór fram endurmat fasteignamats íbúðarhúsnæðis um allt land og nokkurra annarra tegunda fasteigna. Við þessa matsaðgerð var einnig notuð samræmd aðferð sem byggðist á tölvuvæddu fjöldamati og tölfræðilegum aðferðum. Í undirbúningi er endurmat jarða, sumarbústaða og lands utan þéttbýlis. Undirbúningur að myndun jarðahluta skrárinnar er hafinn í samvinnu landbúnaðarráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins. Sá undirbúningur felst einkum í samræmingu á hugtakanotkun, kerfishönnun, forritun og kerfisprófun og síðar í skráningu upplýsinga í jarðahlutann og leiðréttingu á misræmi á skráningu einstakra jarða.

Myndun þinglýsingarhluta skrárinnar felst í að samræma upplýsingar um fasteignir í þinglýsingabókum, fasteignamatsskrá Fasteignamats ríkisins og fasteignaskrám sveitarfélaga. Mun víðtækara misræmi hefur reynst vera á milli upplýsinga um fasteignir í hinum ýmsu skrám en gert var ráð fyrir eins og fjármálaráðherra gerði grein fyrir í skriflegu svari við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur sem lagt var fram á Alþingi 19. apríl 2002. Greiða þarf úr slíku misræmi áður en eign er staðfest í Landskrá fasteigna enda varðar það mikilvæga hagsmuni fasteignaeigenda að skráning sé rétt og ótvíræð. Þetta misræmi varðar meðal annars eignarhald, staðsetningu, gerð, stærð, eiginleika og notkun fasteignar eða að fasteign er ekki skráð eða hefur verið skráð en er ekki lengur til. Mikil og vandasöm vinna mun standa yfir næstu ár við að greiða úr misræmi vegna þeirra fasteigna sem skráning er ekki hafin á eða ekki hefur reynst unnt að ljúka skráningu á.

Eins og fram kemur í eftirfarandi töflu voru liðlega 160 þúsund fasteignir skráðar í fasteignamatsskrá Fasteignamats ríkisins í lok september 2004. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættum er áætlað að um 158 þúsund fasteignir hafi verið skráðar í þinglýsinga-

bækur. Af þeim voru í september 2004 um 124 þúsund fasteignir fullskráðar í Landskrá fasteigna. Skráningu var þá ólokið eða hún ekki hafin á um 34–36 þúsund fasteignum.

Í meðfylgjandi töflu koma fram upplýsingar um fjölda fasteigna miðað við september 2004, sundurliðað eftir sýslumannsembættum.

Árið 2000 þegar Landskrá fasteigna var stofnuð lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar til að eftir 2004 yrði Landskránni markaður annar tekjustofn. Þrátt fyrir að mikil vinna hafi verið lögð í að færa og bæta Landskrána hefur verkefnið eins og að framan er greint reynst viðameira og tímafrekara en upphaflega var gert ráð fyrir. Því er lagt til með frumvarpi þessu að núverandi fyrirkomulag fjármögnunar verði framlengt enn um sinn.

Sýslumannsembætti	Fjöldi fasteigna í fasteignamatsskrá	Áætlaður fjöldi fasteigna í þinglýsingabókum	Fullskráðar fasteignir í Landskrá fasteigna	Fasteignir þar sem skráning í Landskrá fasteigna er ekki hafin eða er ólokið
Sýslumaðurinn á Akranesi	2.687	2.641	2.583	58
Sýslumaðurinn í Keflavík	7.869	7.833	6.961	872
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	13.971	14.134	11.987	2.147
Sýslumaðurinn í Kópavogi	12.093	11.347	10.347	1.000
Sýslumaðurinn á Akureyri	10.784	10.312	9.212	1.100
Sýslumaðurinn á Blönduósi	2.303	2.051	1.959	92
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	615	549	513	36
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	5.732	5.779	4.779	1.000
Sýslumaðurinn á Selfossi	13.535	12.294	11.229	1.065
Sýslumaðurinn á Húsavík	3.107	2.612	2.562	50
Sýslumaðurinn í Vík	890	899	702	197
Sýslumaður Snæfellinga	2.689	2.569	2.089	480
Sýslumaðurinn í Reykjavík	60.946	65.910	46.910	19.000
Sýslumaðurinn í Búðardal	646	570	480	90
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	3.049	2.671	2.221	450
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	2.617	2.458	1.811	647
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	676	572	458	114
Sýslumaðurinn á Höfn	1.226	1.055	775	280
Sýslumaðurinn á Ísafirði	3.115	2.441	1.796	645
Sýslumaðurinn á Siglufirði	1.067	1.116	612	504
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	3.099	2.725	1.586	1.139
Sýslumaðurinn á Eskifirði	2.930	1.658	1.342	316
Sýslumaðurinn á Hólmavík	763	596	176	420
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	2.238	1.600	397	1.203
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1.435	1.233	223	1.010
Samtals	**160.082**	**157.625**	**123.710**	**33.915**

Tafla: Fjöldi fasteigna í september 2004.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að efni 12. og 13. gr., sem fjalla um auðkenni fasteigna, fastanúmer og landnúmer, verði einfaldað, sameinað og betur skilgreint. Auk tveggja framangreindra númera er um að ræða annað auðkennisnúmer sem nú er ekki getið í lögum, svokallað heitinúmer. Það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd að hafa ekki skýrt samheiti þessara númera, sem hér er lagt til að verði fasteignanúmer, en það fer eftir stöðu og eðli fasteignar hvert fasteignanúmer hennar er. Meðan afmarkaður landskiki er óbyggður er fasteignanúmerið landnúmer. Aftur á móti er það heitinúmer ef fyrirhugað er að fleiri en ein fasteign, hver með sitt heiti, rísi á einni óbyggðri lóð og eignaskiptayfirlýsing lóðar er fyrirliggjandi. Þá er fastanúmer mannvirkis fasteignanúmer, t.d. fastanúmer einbýlishúss á lóð eða íbúðar í fjölbýli. Landnúmer er t.a.m. fasteignanúmer bújarðar, sem verður ætíð ein fasteign og eitt veðandlag, óháð fjölda mannvirkja á jörðinni.

Um 2. gr.

Það þykir vera til einföldunar að um auðkenni fasteigna sé fjallað í einni og sömu lagagreininni og því er lagt til að 13. gr. falli niður.

Um 3. gr.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um það í lögum að ákvörðun um fasteignamat sem tekin er á grundvelli skráningarupplýsinga um nýjar og breyttar fasteignir taki gildi strax við skráningu í Landskrá fasteigna en sú tilhögun er í samræmi við núverandi framkvæmd. Eiganda er í slíkum tilvikum send tilkynning um breytinguna ásamt upplýsingum um rétt til þess að krefjast rökstuðnings fyrir ákvörðuninni og um heimild hans til að krefjast endurmats. Breytt skráning á fasteignaupplýsingum sem leiðir til ákvörðunar fasteignamats er í þessum tilvikum grundvölluð á beiðni eiganda fasteignar um samþykki sveitarstjórnar, t.d. á eignaskiptayfirlýsingu, umsókn um byggingarleyfi á íbúðarhúsi, umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu, umsókn um breytta notkun húsnæðis o.fl. Árið 2003 framkvæmdi Fasteignamat ríkisins um 28 þúsund breytingar á fasteignamati. Nýja matsverðið gildir síðan með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið, sbr. 35. gr. sem fjallar um árlegan framreikning fasteignamats miðað við 31. desember, og þar til því er hrundið með nýrri ákvörðun um fasteignamat.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði III til bráðabirgða í lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, sem sett var með lögum um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 40/2000, nema hvað ákvæðið varðar tímabilið 2005–2008 en ákvæðið í framangreindum lögum varðaði tímabilið 2000–2004. Ákvæðið felur í sér að til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skuli húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald sem nemi 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar á árunum 2005–2008. Eðlilegt þykir að þetta ákvæði sé frekar í lögum um skráningu og mat fasteigna en lögum um brunatryggingar þar sem ákvæði um Landskrá fasteigna, Fasteignamat ríkisins og rekstur þess er að finna í lögum um skráningu og mat fasteigna en ekki lögum um brunatryggingar. Að loknum þeim tíma mun umræddur tekjustofn verða tekinn til endurskoðunar.

Um 5. gr.

Lagt er til að frumvarpið taki gildi 1. janúar 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, skulu húseigendur greiða umsýslugjald sem nemur 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar á árunum 2000–2004. Umsýslugjaldinu hefur verið varið til að standa straum af hluta kostnaðar Fasteignamats ríkisins við að byggja upp og halda Landskrá fasteigna. Samkvæmt ákvæðinu fellur umsýslugjaldið niður í lok yfirstandandi árs. Staða verkefnisins og framhald þess hefur verið til skoðunar að undanförnu og liggur fyrir að ennþá er talsvert verk óunnið, svo sem samræming á upplýsingum úr ýmsum eldri skrám og fullskráning rúmlega 30 þúsund fasteigna af um 160 þúsund fasteignum í landinu. Frumvarp þetta miðar að því að fjármögnun verkefnisins verði framlengd um fjögur ár, eða til ársins 2008, með sömu gjaldtöku og í núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að tekjur af núgildandi umsýslugjaldi nemi um 1 milljarði króna til loka þessa árs og hafa þær farið hækkandi samhliða hækkandi stofni brunabótamats. Áætlað er að tekjur af gjaldinu verði um 280 m.kr. á þessu ári. Má því ætla að tekjur og útgjöld Fasteignamats ríkisins verði um 1,1 milljarði króna meiri næstu fjögur árin miðað við núverandi brunabótamat fasteigna verði fjármögnunin framlengd með lögfestingu þessa frumvarps.

375. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 1.056,3 m.kr. frá áætlun fjáraukalaga. Þá gerir meiri hlutinn 38 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 2.967,6 m.kr. til hækkunar á fjárveitingum. Loks eru lagðar til breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 48,7 m.kr.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Gerð er tillaga um 13 m.kr. fjárveitingu þar sem áætluð útgjöld vegna varaþingmanna eru hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2004. Stafar

það einkum af veikindum, barnsburðarleyfum og fjölda varaþingmanna í lok maí. Útgjöldin eru nú áætluð 26 m.kr. en fjárveiting nam 13 m.kr.

Jafnframt er gerð tillaga um 4,7 m.kr. fjárveitingu þar sem verðbætur á þingfararkaup voru vanreiknaðar við gerð fjárlagatillagna 2004.

5.20 Fasteignir. Gerð er tillaga um 16 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við framkvæmdir við Alþingishús. Nú liggur fyrir endurskoðuð áætlun frá Framkvæmdasýslu ríkisins um kostnaðinn sem nemur samkvæmt henni 135 m.kr. Í september áætlaði Framkvæmdasýsla hins vegar að kostnaðurinn gæti numið 119 m.kr. og var við það miðað í frumvarpinu.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 15 m.kr. aukafjárveitingu sem er vegna óbættra launakrafna að fjárhæð 3,4 m.kr. og aukinna stjórnsýsluverkefna og kostnaðar vegna dómsmála að fjárhæð 11,6 m.kr. sem leiddu til halla stofnunarinnar árið 2003.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði lækkuð um 3,7 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 10,5 m.kr. fjárveitingu til forsætisráðuneytis vegna fjölmiðlanefndar og fjölmiðlalaga. Hér er lagt til að hún lækki um 3,7 m.kr. og verði 6,8 m.kr. og að lækkunin gangi til menntamálaráðuneytis vegna kostnaðar sem þar féll til vegna fjölmiðlanefndar.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 270,7 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veitt verði 3,7 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við starf fjölmiðlanefndar menntamálaráðherra. Um er að ræða nefndarlaun og annan kostnað af starfi nefndarinnar, þ.m.t. upplýsingaöflun og samningu greinargerðar um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 200 m.kr. framlag til þess að mæta auknum útgjöldum framhaldsskóla sem stafa að mestu af fjölgun nemenda og kemur það til viðbótar 250 m.kr. framlagi í frumvarpinu. Verður rekstur framhaldsskóla í jafnvægi árið 2004 miðað við þau framlög.

973 Þjóðleikhúsið.

1.01 Þjóðleikhúsið. Gerð er tillaga um 57 m.kr. framlag til þess að mæta kröfum eftirlitsstofnana um brunavarnir og rafmagnsöryggi í Þjóðleikhúsinu. Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurbótum samkvæmt áætlun sem gerð var í samráði við eldvarnaeftirlitið. Áætlunin hefur riðlast og kostnaður reynst mun meiri en gert var ráð fyrir. Í ljósi nýlegs bruna og úttekta á rafkerfi hússins er lagt til að þegar verði ráðist í brýnar úrbætur.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna þriggja stórra og kostnaðarsamra verkefna hjá Ungmennafélagi Íslands. Verkefnin þrjú eru samstarf við Hrókinn um útbreiðslu á skák, sem hefur verið umfangsmeira en áætlað var og farið fram úr kostnaðaráætlun, verkefnið Blátt áfram, sem er forvarnaverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, og loks almenningsverkefnið Göngum um Ísland sem er

unnið í samvinnu við Ferðamálaráð Íslands og Landmælingar Íslands en kostað af UMFÍ.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 77,0 m.kr.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli og *1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli.* Þau mistök voru gerð í frumvarpinu að setja auknar sértekjur á tvö viðfangsefni, 17 m.kr. á viðfangsefnið 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli og 60 m.kr. á viðfangsefnið 1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli. Hér er lagt til að þessar auknu sértekjur, 77 m.kr., verði sameinaðar á einu viðfangsefni, 1.30 Öryggisverkefni. Öryggisverkefni eru fjármögnuð með auknum tekjum sem fylgja nýjum loftferðalögum og samningi sýslumannsins við Flugmálastjórn í Keflavík.

1.30 Öryggisverkefni. Lagt er til að heiti viðfangsefnisins 03-201-1.30 Fíkniefnaeftirlit verði breytt í Öryggisverkefni. Á þetta viðfangsefni er nú færð velta vegna útseldrar þjónustu embættisins við öryggismál til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að millifærðar verði 77 m.kr. sértekjur af viðfangsefnum 201-1.10 og 201-1.20 eins og að framan greinir.

Þá er lagt er til að útgjaldaheimild til öryggisverkefna embættisins hækki um 77 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun sértekna um 77 m.kr. en þar láðist að gera ráð fyrir hækkun útgjalda á móti og lækkuðu því framlög úr ríkissjóði sem því nemur. Með breytingum á loftferðalögum sem gerðar voru á sl. vorþingi voru lögð á hærri gjöld til að standa straum af öryggismálum og fleiri þáttum í starfsemi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn verji hluta af þessum mörkuðu skatttekjum sínum, eða 77 m.kr., til að kaupa öryggisþjónustu af embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli samkvæmt sérstökum samningi og kemur sú fjárhæð fram sem auknar sértekjur embættisins. Verkefnin sem um er að ræða eru sprengjuleit í farangri auk kostnaðar við aðgangseftirlit og aðgangsstýringu að flugvallarsvæði.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 17,0 m.kr.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu vegna stöðu eftirlitsdýralæknis í Svalbarðs- og Þórshafnarhreppi.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til fyrirhleðslna við Kotá í Öræfum. Mikil hætta er á skemmdum á mannvirkjum og landi vegna vatnavaxta. Vatnsmagn árinnar hefur aukist vegna hnignunar jökulsins og því stafar hætta af landbroti.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 15,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 8,5 m.kr. framlagi til að greiða fyrir hluta taps á vísindaveiðum á hrefnu árið 2003 undir fjárlagalið Hafrannsóknastofnunarinnar. Kostnaður við verkefnið árið 2003 var hins vegar gjaldfærður á viðfangið 05-190-1.90 Ýmislegt og er því lagt til að fjárheimildin verði flutt á þann lið.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 15,1 m.kr. framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar vegna taps á vísindaveiðum á hrefnu sem fram fóru í júní og júlí 2004. Kostnaður stofnunarinnar af veiðunum á árinu 2004 umfram tekjur af sölu hvalkjöts nam alls 15,1 m.kr. og er færður til gjalda hjá stofnuninni.

Þá er 8,5 m.kr. framlag til að greiða fyrir hluta taps á vísindaveiðum á hrefnu árið 2003 millifært á viðfangið 05-190-1.90 Ýmislegt þar sem kostnaður árið 2003 var gjaldfærður þar. Framlög til stofnunarinnar hækka þannig alls um 6,6 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 26,8 m.kr.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Gerð er tillaga um að liðurinn hækki alls um 83 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 67,5 m.kr. frá lögreglunni í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra vegna breytinga á fyrirkomulagi rekstrar sérsveitar lögreglunnar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sérsveitin verður stoðdeild undir forsjá ríkislögreglustjóra.

Þá er lagt til að veittar verði 24,5 m.kr. til vinnslu og endurskoðunar viðbragðsáætlana vegna hugsanlegs goss í Mýrdals- eða Eyjafjallajökli. Rannsóknir síðustu mánaða, sem byggjast á sérstakri fjárveitingu frá sumrinu 2003, leiða í ljós að óhjákvæmilegt er að endurskoða hættumat og marka nýtt hættusvæði. Ekki eru taldar miklar líkur á að flóð vegna eldgoss í Kötlu fari niður Markarfljót og til sjávar, en þó eru möguleikar á því samkvæmt rannsóknunum. Viðbragðsáætlanir vegna slíkra flóða eru ekki til og er talið brýnt að bæta þar úr. Heildarkostnaður við gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana, kynningu, þjálfun o.fl. er áætlaður 44 m.kr. og þar af falla til 24,5 m.kr. á þessu ári.

Loks er lagt til að millifærðar verði 9 m.kr. frá embætti ríkislögreglustjóra til lögreglustjórans í Reykjavík vegna flutnings tæknirannsókna milli embættanna. Um er að ræða eitt og hálft stöðugildi lögreglufulltrúa.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.

1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að millifærðar verði 9 m.kr. til embættisins frá embætti ríkislögreglustjóra vegna flutnings tæknirannsókna milli embættanna. Um er að ræða eitt og hálft stöðugildi lögreglufulltrúa.

Þá er lagt til að millifærðar verði 67,5 m.kr. frá lögreglunni í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra vegna breytinga á fyrirkomulagi rekstrar sérsveitar lögreglunnar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sérsveitin verður stoðdeild undir forsjá ríkislögreglustjóra. Fjárheimild lækkar þannig um 58,5 m.kr.

325 Neyðarsímsvörun.

1.10 Neyðarsímsvörun. Lagt er til að veittar verði 2,3 m.kr. til Neyðarlínunnar vegna endurnýjunar samnings um þjónustu þyrlulækna o.fl. Landspítali – háskólasjúkrahús sagði upp samkomulagi við dómsmálaráðuneytið um umsjón og stjórn þyrluvaktar lækna, símaráðgjöf fyrir sjófarendur og læknisfræðilega forsjá Neyðarlínu í upphafi þessa árs. Í kjölfarið var ráðist í endurskoðun á skipulagi og þjónustu á þessu sviði.

424 Sýslumaðurinn á Akureyri.

1.20 Löggæsla. Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði millifærð af fjárlagaliðnum 06-491-6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi á fjárlagaliðinn 06-424-1.20 Sýslumaðurinn á Akureyri. Byggingu nýrrar lögreglustöðvar í Ólafsvík er nú lokið og fyrirséð að afgangur verður á liðnum. Lagt er til að það fjármagn verði nýtt til að standa undir

kostnaði við uppsetningu á varastöð fyrir almannavarnir og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í húsnæði sýslumannsins á Akureyri. Lokið er breytingum á húsnæðinu á kostnað Fasteigna ríkissjóðs en nauðsynlegt er að endurnýja bæði húsbúnað og sérhæfð tæki.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi. Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði millifærð til sýslumannsins á Akureyri á lið 06-424-1.20 eins og að framan greinir.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.529,0 m.kr.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 487 m.kr. hækkun á liðnum. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 400 m.kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda, t.d. vegna fækkunar íbúa og erfiðra ytri aðstæðna. Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun fjárins í samráði við ráðgjafarnefnd sjóðsins og að fengnum tillögum tekjustofnanefndar.

Þá er gert ráð fyrir að fjárheimild hækki um 63 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög í sjóðinn árið 2004, en framlögin taka mið af skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni. Áætlunin miðast við að skatttekjur ríkissjóðs verði 257.654 m.kr. á þessu ári.

Loks er lögð til 24 m.kr. fjárveiting til greiðslu á lögbundum framlögum ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í árslok 2003. Er það endanlegt uppgjör á framlögum í sjóðinn í samræmi við niðurstöðu ríkisreiknings 2003.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Lögð er til 150 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Ábyrgðasjóðs launa frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Síðustu mánuði hefur dregið úr fjölda þeirra mála sem borist hafa sjóðnum. Áætlar félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun að útgjöld sjóðsins á árinu verði um 700 m.kr. en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að þau yrðu um 850 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Gerð er tillaga um 250 m.kr. til viðbótar við þær 948 m.kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Fyrri áætlun byggðist á spá um 3% atvinnuleysi á árinu en nú er gert ráð fyrir að það verði 0,2% meira.

1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva. Gerð er tillaga um 25 m.kr. viðbótarfjárheimild. Í fjárlögum fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að ná fram sparnaði með breyttum viðmiðum um greiðsluskyldu Atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufyrirtækja við vinnslustöðvun. Þetta markmið hefur að mestu leyti náð fram að ganga. Á hinn bóginn hvíldu skuldbindingar á Atvinnuleysistryggingasjóði vegna síðustu mánaða ársins 2003 sem komu til greiðslu á fyrstu mánuðum ársins 2004 og er hér lögð til viðbótarfjárheimild vegna þeirra skuldbindinga.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Gerð er tillaga um 880 m.kr. framlag til sjóðsins. Endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur eru hærri en áætlað var og fjöldi þeirra sem fá greitt úr sjóðnum er meiri. Þannig hækka meðalgreiðslur um 20% á milli ára og stafar það m.a. af auknum fjölda karlmanna sem taka orlof. Með nýjum lögum um Fæðingarorlofssjóð sem taka gildi 1. janúar 2005 er gert ráð fyrir að útgjöld lækki nokkuð frá því sem áætlað er á árinu 2004.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Gerð er tillaga um 35 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna greiðslna í fæðingarorlofi foreldra utan vinnumarkaðar. Fleiri hafa átt rétt á greiðslum en ráð var fyrir gert í fyrri áætlun.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.41 Stígamót. Gerð er tillaga um 2 m.kr. aukafjárveitingu til samtakanna til að bæta rekstrarhalla sem stafar m.a. af vanmetnum kostnaði og fjölgun viðtala.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 40,1 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 14,1 m.kr. hækkun framlags til reksturs aðalskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vegna aukins rekstrarkostnaðar í tengslum við flutning í nýtt og stærra húsnæði. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2004 miðaði heilbrigðisráðuneytið við að aðalskrifstofan yrði flutt í nýtt húsnæði um mitt ár 2004 og gerði því ráð fyrir rekstri í nýju húsnæði í hálft ár. Þær forsendur breyttust og flutti aðalskrifstofan í lok mars 2004, en ráðuneytið tók við húsnæðinu um miðjan mars. Þessi breytta tímaáætlun eykur rekstrarkostnað hins nýja húsnæðis á árinu 2004 um rúmar 9 m.kr. umfram fyrri áætlanir. Heilbrigðisráðuneytið greiddi auk þess leigu fyrir eldra húsnæði til septemberloka í samræmi við uppsagnarákvæði þess leigusamnings. Ráðuneytið greiddi því leigu á tveimur stöðum í 6,5 mánuði á árinu. Nemur sá kostnaður rúmum 6 m.kr.

Einnig er gerð tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði ráðuneytisins við fund aðalstjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, forstjóra stofnunarinnar og allra framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, sem haldinn verður á Íslandi 8.–11. desember 2004, en ekki var gert ráð fyrir fundinum í fjárlögum. Á sama tíma og fundurinn er haldinn verður forstjóri stofnunarinnar í opinberri heimsókn á Íslandi. Fundinn sitja alls 50 manns og er áætlaður kostnaður vegna hans um 6 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Lagt er til að 25 m.kr. fjárheimildir nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði verði felldar niður þar sem verkefni nefndarinnar er lokið og engin starfsemi á hennar vegum. Jafnframt eru felldar niður jafnháar rekstrartekjur á tekjuhlið ríkissjóðs.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.91 Ýmis verkefni öldrunar- og endurhæfingarstofnana. Gerð er tillaga um 30 m.kr. fjárveitingu til uppgjörs á rekstrarhalla sjálfseignarstofnana.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Lögð er til 15 m.kr. hækkun á fjárveitingu til endurhæfingarstöðvarinnar á Reykjalundi en það er leiðrétting á reiknuðum verðbótum samkvæmt þjónustusamningi við Reykjalund.

Jafnframt er lagt til að 15 m.kr. verði millifærðar af fjárlagaliðnum 08-700 Heilbrigðisstofnanir. Í fjárlögum fyrir árið 2004 voru 100 m.kr. færðar á þann lið sem var hluti af 700 m.kr. viðbótarramma ráðuneytisins árið 2004 og skyldi varið til að mæta rekstrarvanda heilbrigðisstofnana.

700 Heilbrigðisstofnanir.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 15 m.kr. verði millifærðar af þessum lið á fjárlagalið 08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ eins og að framan greinir.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 734,6 m.kr.

711 Afskriftir skattkrafna.

1.11 Afskriftir skattkrafna. Í ljósi afskrifta það sem af er árinu er lagt til að gjaldfærðar afskrifaðar skattkröfur hækki um 1 milljarð kr. og verði 5 milljarðar kr. Þetta er gjaldfærsla en ekki greiðsla úr ríkissjóði og hefur þetta því ekki áhrif á lánsfjárjöfnuð ríkissjóðs. Aðallega er um að ræða áætlanir og dráttarvexti af þeim.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir ýmissa fjárlagaliða lækki samtals um 265,4 m.kr. og er skipting á einstök viðfangsefni sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans. Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september. Sú mikla styrking sem orðið hefur á gengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal frá forsendum fjárlaga, eða um 10%, leiðir til lækkunar á útgjöldum tiltekinna gengisbundinna fjárlagaliða. Á það nær eingöngu við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í bandaríkjadölum, svo sem útgjöld tiltekinna sendiráða, framlög til þróunaraðstoðar og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka. Mun minni breyting hefur orðið á gengi krónunnar gagnvart öðrum myntum, t.d. er hún óveruleg gagnvart evru. Í samræmi við endurmat á þessum forsendum er gert ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliða verði lækkaðar sem nemur alls um 265,4 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 126,2 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veittar verði 4 m.kr. til aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins vegna kostnaðar af starfi nefndar sem skipuð var til að rannsaka Skerjafjarðarslysið. Skipan nefndarinnar var samþykkt af ríkisstjórninni og var ljóst að af starfi hennar mundi hljótast nokkur kostnaður, en óvissa var um hve mikill hann yrði.

212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

6.10 Framkvæmdir. Lagt er til að breyta ráðstöfun á fjármagni til vegagerðar í samgönguáætlun 2003–2006 á þann veg að nýta allt að 140 m.kr. af ónotuðum fjárveitingum Suðurstrandarvegar til framkvæmda við þjóðveg nr. 1 um Svínahraun. Er um breytta forgangsröð að ræða með það að markmiði að gerð verði mislæg gatnamót milli nýs hluta Suðurlandsvegar og Þrengslavegar og þjóðvegurinn breikkaður um eina akrein á um 6 km kafla í Svínahrauni að Hveradalabrekku. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður um 400 m.kr. Þetta eru breytingar á fyrri áformum samgönguáætlunar sem hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld Siglingastofnunar lækki um 20 m.kr. á árinu vegna einkavæðingar skipaskoðunar og flutnings til faggiltra skoðunarstofa. Það byggðist á því að kostnaður lækkaði strax á þessu ári til jafns við lækkaðar tekjur af skipaskoðun og voru því tekjur og gjöld lækkuð um 20 m.kr. Nú hefur komið í ljós að kostnaður mun ekki lækka til fulls á þessu ári og er því gerð tillaga um 10 m.kr. fjárheimild.

471 Rekstur Flugmálastjórnar.

1.01 Flugmálastjórn. Lagt er til að gjaldaheimildir Flugmálastjórnar verði hækkaðar um

52,2 m.kr. vegna kostnaðar sem stofnunin hefur af auknum umsvifum flugrekenda. Útgjöldunum er mætt með auknum mörkuðum tekjum.

Jafnframt er lagt til að bein greiðsla úr ríkissjóði lækki um 69,1 m.kr. vegna aukinnar fjármögnunar með mörkuðum ríkistekjum í ljósi endurskoðaðra áætlana.

472 Flugvellir.

6.41 Framkvæmdir. Lagt er til að veitt verði 60 m.kr. framlag til Flugmálastjórnar vegna kostnaðar sem hlýst af reglugerð um flugvernd. Reglugerðin er sett með heimild í lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Kostnaður sem talinn er verða af setningu reglugerðarinnar felst í framkvæmdum vegna takmarkana á aðgengi að flugvöllum innan lands og kaupum á búnaði til leitar í fragt og farangri. Kostnaðinum verður mætt með auknum mörkuðum tekjum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 50,0 m.kr.

411 Byggðastofnun.

1.10 Byggðastofnun. Gerð er tillaga um 50 m.kr. framlag sem ætlað er til að greiða fyrir því að kalkþörungaverksmiðja geti risið í Vesturbyggð.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 36,1 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 4,8 m.kr. fjárveitingu vegna flutnings ráðuneytisins í nýtt húsnæði við Skuggasund. Eru 0,5 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu og 4,3 m.kr. vegna kostnaðar við endurbætur á húsnæðinu.

211 Umhverfisstofnun.

1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Gerð er tillaga um 9,8 m.kr. fjárveitingu til að endurgreiða sveitarfélögum kostnað við refa- og minkaveiðar og er það uppgjör vegna ársins 2002 þar sem endurgreiðsluhlutfallið var 50%. Frá og með árinu 2003 tekur endurgreiðsluhlutfallið hins vegar mið af fjárlögum hverju sinni.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.02 Setur í Reykjavík. Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárveitingu vegna rekstrarvanda stofnunarinnar í kjölfar lækkunar sértekna á þessu ári.

Jafnframt er gerð tillaga um 4,5 m.kr. fjárveitingu vegna húsaleigu síðastliðin þrjú ár fyrir húsnæði Náttúrufræðistofnunar við Hlemm sem Háskóli Íslands hafði áður lagt stofnuninni til endurgjaldslaust, allt þar til Fasteignir ríkissjóðs tóku við húsnæðinu á árinu 2002. Náttúrufræðistofnun fékk 3,5 m.kr. fjárveitingu vegna þessa í fjárlögum fyrir árið 2003 en húsaleiga og annar húsnæðiskostnaður er 5 m.kr. á ári. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er jafnframt gert ráð fyrir 1,5 m.kr. varanlegri fjárveitingu.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 5. m.kr. fjárveitingu vegna mannaðra veðurathugunarstöðva. Með því er horfið frá áformum um að fækka þeim.

SKÝRINGAR VIÐ 3. GR.

Lagðar eru til tvær breytingar á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs. Annars vegar er gert ráð fyrir að heimild til lántöku húsbréfadeildar lækki um 1.500 m.kr. frá því sem áður var áætlað og hins vegar að heimild til fjármögnunar viðbótarlána aukist um 2.900 m.kr. Eru

breytingarnar byggðar á nýjum áætlunum sjóðsins, en í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir 49,6 milljarða kr. heimild til húsbréfadeildar og 10,1 milljarði kr. til viðbótarlána.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 16. nóv. 2004.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Birkir J. Jónsson.	Birgir Ármannsson.	Hilmar Gunnlaugsson.

376. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BJJ, BÁ, HilmG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	10,0	17,7	27,7
b. 5.20 Fasteignir	44,0	16,0	60,0
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-620 Ríkisendurskoðun			
1.01 Ríkisendurskoðun	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	27,2	-3,7	23,5
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
1.01 Yfirstjórn	0,0	3,7	3,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,7*	*3,7*
5. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	250,0	200,0	450,0
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-973 Þjóðleikhúsið			
1.01 Þjóðleikhúsið	0,0	57,0	57,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*57,0*	*57,0*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-988 Æskulýðsmál			
1.12 Ungmennafélag Íslands	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*

8.	Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
	Við 1.30 Fíkniefnaeftirlit. Liðurinn orðast svo:			
	1.30 Öryggisverkefni	0,0	77,0	77,0
9.	Við **04-233 Yfirdýralæknir**			
	1.01 Yfirdýralæknir	5,0	2,0	7,0
10.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-311 Landgræðsla ríkisins			
	1.90 Fyrirhleðslur	0,0	15,0	15,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
11.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	05-190 Ýmis verkefni			
	1.90 Ýmislegt	0,0	8,5	8,5
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,5*	*8,5*
12.	Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
	1.01 Almenn starfsemi	8,5	6,6	15,1
13.	Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
	1.01 Ríkislögreglustjóri	30,0	83,0	113,0
14.	Við **06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**			
	1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	35,0	-58,5	-23,5
15.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	06-325 Neyðarsímsvörun			
	1.10 Neyðarsímsvörun	0,0	2,3	2,3
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*2,3*	*2,3*
16.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri			
	1.20 Löggæsla	0,0	10,0	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*
17.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna			
	6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	0,0	-10,0	-10,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-10,0*	*-10,0*
18.	Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
	1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	249,0	487,0	736,0
19.	Við **07-982 Ábyrgðasjóður launa**			
	1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	300,0	-150,0	150,0
20.	Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
	a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	948,0	250,0	1.198,0
	b. 1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	0,0	25,0	25,0
21.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	07-989 Fæðingarorlof			
	a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	0,0	880,0	880,0
	b. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	0,0	35,0	35,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*35,0*	*35,0*
	d. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*880,0*	*880,0*
22.	Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
	1.41 Stígamót	0,0	2,0	2,0

23.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
	1.01 Yfirstjórn	0,0	20,1	20,1
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,1*	*20,1*
24.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	0,0	-25,0	-25,0
	Innheimt af ríkistekjum	*0,0*	*-25,0*	*-25,0*
25.	Við **08-401 Hjúkrunarheimili, almennt**			
	1.91 Ýmis verkefni öldrunar- og endurhæfingarstofnana	0,0	30,0	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*30,0*	*30,0*
26.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ			
	1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,0	30,0	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*30,0*	*30,0*
27.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-700 Heilbrigðisstofnanir			
	1.01 Almennur rekstur	0,0	-15,0	-15,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-15,0*	*-15,0*
28.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	09-711 Afskriftir skattkrafna			
	1.11 Afskriftir skattkrafna	0,0	1.000,0	1.000,0
	Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*1.000,0*	*1.000,0*
29.	Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
	1.90 Launa- og verðlagsmál	300,0	-265,4	34,6
30.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
	1.01 Yfirstjórn	0,0	4,0	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,0*	*4,0*
31.	Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
	1.01 Yfirstjórn	-20,0	10,0	-10,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*
32.	Við **10-471 Rekstur Flugmálastjórnar**			
	a. 1.01 Flugmálastjórn	45,5	52,2	97,7
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*15,1*	*-69,1*	*-54,0*
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*30,4*	*121,3*	*151,7*
33.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	10-472 Flugvellir			
	6.41 Framkvæmdir	0,0	60,0	60,0
	Innheimt af ríkistekjum	*0,0*	*60,0*	*60,0*
34.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	11-411 Byggðastofnun			
	1.10 Byggðastofnun	0,0	50,0	50,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*50,0*	*50,0*

35. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
1.01 Yfirstjórn	0,0	4,8	4,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,8*	*4,8*
36. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	0,0	9,8	9,8
37. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.02 Setur í Reykjavík	3,0	4,5	7,5
b. Sértekjur	20,0	12,0	32,0
38. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almenn starfsemi	11,0	5,0	16,0

SÉRSTAKT YFIRLIT

Endurmat á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar.

Lækkun fjárheimilda á lið 09-989 Launa- og verðlagsmál sem nemur 265,4 m.kr. vegna endurmats á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	-2,0
01-231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-0,8
02-872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-45,0
02-985-1.91	Aðildargjöld ESB	-2,8
03-300-1.01	Sendiráð Íslands	-70,5
03-390-1.11	Þróunaraðstoð	-49,3
03-391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-0,9
03-391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	-2,1
03-391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	-1,0
03-391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-1,9
03-401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	-3,5
03-401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	-1,0
03-401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-0,7
03-401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	-1,6
03-401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	-0,6
03-401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	-1,8
03-401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	-6,7
05-190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-1,7
08-206-1.15	Lyf	-34,8
08-206-1.45	Brýn meðferð erlendis	-19,8
08-206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-4,5
08-399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-1,2
10-190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-6,8
10-651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	-2,8
14-190-1.40	Alþjóðastofnanir	-1,6
	Samtals	**-265,4**

377. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BJJ, BÁ, HilmG).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	2.100,0	2.079,0
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.800,0	2.459,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-25,0	-24,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**4.875,0**	**4.514,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	600,6	582,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	99,2	97,3
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**699,8**	**680,0**
	Tryggingagjöld	**699,8**	**680,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	5,0	5,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	90,0	90,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	70,0	70,0
	Skattar á hreina eign	**160,0**	**160,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	1.150,0	1.253,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	-512,0	-512,0
	Eignarskattar	**798,0**	**901,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	3.500,0	5.111,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.200,0	1.200,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-95,0	-95,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	211,7	211,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**4.816,7**	**6.427,7**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	100,0	100,0
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	-225,0	-75,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	-270,0	-270,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**-395,0**	**-245,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**4.421,7**	**6.182,7**
	Skatttekjur, samtals	**10.799,5**	**12.282,7**

II	Aðrar rekstrartekjur	Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-500,0	-500,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	939,2	939,2
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**439,2**	**439,2**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-1.000,0	189,5
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-1.200,0	-874,1
	Aðrar eignatekjur	**-2.200,0**	**-684,6**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-1.760,8**	**-245,4**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	107,0	107,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	35,8	35,8
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	107,0	107,0
9.1.3.35	Ýmislegt	-14,0	-14,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**235,8**	**235,8**
	Ýmsar tekjur	**235,8**	**235,8**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-1.525,0**	**-9,6**
	Heildartekjur samtals:	**9.274,5**	**12.273,1**

378. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BJJ, BÁ, HilmG).

Við 2. tölul. 3. gr.

a. Í stað „allt að 56.900 m.kr.“ í a-lið komi: allt að 55.400 m.kr.

b. Í stað „allt að 7.200 m.kr.“ í c-lið komi: allt að 10.100 m.kr.

379. Frumvarp til laga [336. mál]

um fullnustu refsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Stjórn og skipulag fangelsismála.

1. gr.
Yfirstjórn fangelsismála.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.
Hlutverk fangelsismálastofnunar.

Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa.

3. gr.
Vistun í fangelsi.

Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi.

Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilvikum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu.

Heimilt er, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í 4 sólarhringa, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.
Forstjóri fangelsismálastofnunar.

Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

5. gr.
Forstöðumaður fangelsis.

Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

6. gr.
Fangaverðir.

Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangavörður er skipaður skal hann hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Heimild til valdbeitingar.

Starfsmönnum fangelsa er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til:

1. að koma í veg fyrir strok,
2. að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra og til að koma í veg fyrir skemmdarverk,
3. að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um.

Valdbeiting getur falist í líkamlegum tökum eða beitingu viðeigandi varnartækja.

Kalla skal til lækni eftir valdbeitingu ef grunur er um að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóma er að ræða eða ef fangi óskar sjálfur læknisaðstoðar.

8. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmönnum fangelsismálastofnunar, fangavörðum og öðrum sem starfa í fangelsum ber þagnarskylda um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga og þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða öryggi fangelsa og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

II. KAFLI
Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga o.fl.

9. gr.

Almennt.

Fangelsismálastofnun tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara.

10. gr.

Tilkynning um afplánun.

Óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal fullnusta þegar eftir að dómur berst fangelsismálastofnun.

Nú er dómþoli ekki þegar í fangelsi og skal fangelsismálastofnun þá tilkynna honum bréflega, með sannanlegum hætti, og að minnsta kosti með þriggja vikna fyrirvara hvenær og hvar honum ber að mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi. Komi dómþoli sér hjá því að mæta til afplánunar kann það að hafa áhrif á framgang afplánunar.

Nú er dómþoli í gæsluvarðhaldi og skal hann þá þegar hefja afplánun refsingarinnar nema rannsóknarhagsmunir bjóði annað. Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skal síðari fangelsisrefsingin afplánuð í beinu framhaldi.

Heimilt er að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji hann refsiverðan verknað á ný, hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða almannahagsmunir mæla með því.

Nú óskar dómþoli eftir að hefja afplánun refsingar fyrr en áætlað er og skal þá orðið við slíkri beiðni ef unnt er.

11. gr.

Frestun afplánunar og náðun.

Nú leitar dómþoli eftir því að afplánun verði frestað og er fangelsismálastofnun þá heimilt að veita stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur getur ekki orðið lengri en þrír mánuðir í heild. Við mat á því hvort fresta skuli afplánun skal taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli, persónulegum högum hans, hversu langt er um liðið síðan afbrot var framið og öðrum þáttum er máli kunna að skipta. Synja skal um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Nú fer dómþoli fram á náðun af refsingunni og skal þá fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin þar til slík beiðni er afgreidd enda hafi beiðnin komið fram eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Beiðni um náðun frestar ekki fullnustu sé dómþoli þegar í afplánun samkvæmt annarri refsingu.

Ekki skal fresta fullnustu vegna ítrekaðrar beiðni um náðun nema að í nýju beiðninni komi fram veigamiklar upplýsingar sem ekki var unnt að koma á framfæri áður og sérstakar ástæður mæli með að afplánun verði frestað.

Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að dómþoli fremji ekki refsiverðan verknað. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir veitingu frests.

Nú rýfur dómþoli skilyrði fyrir fresti og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að hann skuli hefja afplánun án fyrirvara. Sama gildir ef dómþoli gefur rangar upplýsingar í beiðni um frestun.

12. gr.

Hlé á afplánun.

Afplánun skal vera samfelld. Þó er heimilt að gera hlé á afplánun ef sérstakar ástæður mæla með því. Hléið skal bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur.

13. gr.

Strok.

Strjúki fangi úr afplánun refsivistar telst tími frá stroki, og þar til fangi er settur í fangelsi á ný, ekki til refsitímans.

14. gr.

Ákvörðun um vistunarstað.

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

Fangelsismálastofnun getur látið færa fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Við slíkan flutninga skal, eftir því sem aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans. Fanga skal tilkynnt fyrir fram um slíkan flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi, hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggi rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmæt lyf undir höndum. Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

Forstöðumaður fangelsis getur í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki er skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin en gæta skal hagsmuna fangans í því sambandi.

15. gr.

Vistun á sjúkrahúsi o.fl.

Nú er fangi vistaður á sjúkrahúsi um stundarsakir eða allan refsitímann og getur fangelsismálastofnun þá leitað sérfræðiálits um nauðsyn og tilhögun slíkrar vistunar.

Fangelsismálastofnun getur leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Fangelsismálastofnun getur sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

16. gr.

Upphaf fullnustu í fangelsi.

Þegar fangi hefur afplánun skal skrá upphafs- og lokadag afplánunar.

Læknir skal skoða fanga við upphaf afplánunar. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og upplýsingar um persónulega hagi fanga og hverja fangi óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa þykir vegna hagsmuna hans. Þá skal taka andlitsmyndir af fanga.

17. gr.

Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.

Við upphaf afplánunar skal afhenda fanga og kynna, á því tungumáli sem hann skilur, samantekt um þær reglur sem um afplánun gilda, um réttindi og skyldur fanga, vinnu og nám sem föngum stendur til boða, reglur viðkomandi fangelsis, hvaða háttsemi varðar agaviðurlögum, um meðferð slíkra mála, upplýsingar um hvert fangi geti skotið ákvörðunum er varða fullnustu refsingarinnar og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis, svo og rétt fanga til að hafa samband við lögmann.

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skal endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur.

Við upphaf afplánunar skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina nema ástæða sé til að ætla að það hafi áhrif á öryggi eða almenna reglu í fangelsinu eða brýnar ástæður mæli því í mót. Þá skal fanga gerð grein fyrir lokum afplánunar og reglum um reynslulausn.

18. gr.

Vinna í fangelsi.

Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.

Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 2. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.

Fangi skal vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skal að jafnaði innt af hendi frá kl. 8 til kl. 17, þó þannig að daglegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en átta klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsis má inna af hendi utan dagvinnutíma.

19. gr.

Nám og starfsþjálfun.

Fangi skal eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur skólameistari, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis.

20. gr.

Þóknun og dagpeningar.

Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða neitar að vinna án gildrar ástæðu.

21. gr.

Greiðsla skaðabóta.

Þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms í fangelsi og dagpeninga fanga má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal fyrir skuldum sem hann hefur stofnað til við fangelsi. Þó skal ekki heimilt að taka meira en helming af þóknun fanga eða fjórðung af dagpeningum til slíkra greiðslna.

22. gr.

Heilbrigðisþjónusta í fangelsum.

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

23. gr.

Dvöl ungbarna í fangelsum.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar, eða fæði hún barn í afplánun, má heimila henni í samráði við barnaverndarnefnd að hafa það hjá sér í fangelsi.

24. gr.

Fullnusta utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný, búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti.

Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar. Skal fangi samþykkja skriflega skilyrði fyrir vistuninni.

Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum.

25. gr.

Rof á skilyrðum vistunar utan fangelsis.

Þegar fangi stundar ekki þá vinnu eða nám sem var forsenda vistunar utan fangelsis, eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, brjóti reglur þess eða rjúfi skilyrði fyrir vistun, getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar.

Gefa skal fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann í fangelsi á ný nema brotið sé þess eðlis að flutningur þoli enga bið.

26. gr.

Lok afplánunar.

Fangi sem afplánar óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal látinn laus kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur. Heimilt er að láta fanga lausan á öðrum tíma þegar um brottvísun úr landi er að ræða.

Fangi sem afplánar vararefsingu fésekta skal látinn laus á sama tíma sólarhrings og afplánun hófst.

27. gr.

Samfélagsþjónusta.

Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir.

Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en níu mánuðir, þó þannig að óskilorðsbundinn hluti refsingarinnar sé ekki lengri en sex mánuðir.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dóminum eigi vera lengri en níu mánuðir, þó þannig að óskilorðsbundinn hluti refsingarinnar sé ekki lengri en sex mánuðir.

28. gr.

Skilyrði samfélagsþjónustu.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun fangelsisrefsingar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.
4. Að dómþoli afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og þ.m.t. hvort líklegt sé að hann geti innt samfélagsþjónustuna af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans. Mæti dómþoli ekki til viðtals í þessu skyni skal almennt synja beiðni um samfélagsþjónustu.

Þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar fangelsisrefsingu skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

29. gr.

Ákvörðun um samfélagsþjónustu.

Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu fangelsisrefsingar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

30. gr.

Skilyrði í samfélagsþjónustu.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónusta er innt af hendi.

Auk þess má ákveða að samfélagsþjónusta verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
2. Að dómþoli neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Heimilt er að krefjast þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrði 2. tölul. Synjun dómþola á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

31. gr.

Rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, hvort tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsing skuli afplánuð í fangelsi.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eða telst ekki lengur hæfur til að gegna samfélagsþjónustu, eftir að ákveðið er að fullnusta fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu, og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsinguna í fangelsi.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er hvorki alvarlegt né ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi.

Þegar ákveðið er skv. 1. eða 2. mgr. að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum þannig að tími í samfélagsþjónustu teljist ekki með við útreikning á hlutfalli afplánunar.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur fanga.

32. gr.
Vistun í klefa.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal fangaklefi vera læstur að næturlagi svo sem nánar er tilgreint í reglum fangelsis. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

33. gr.
Heimsóknir.

Fangi getur fengið heimsóknir í fangelsi, eigi sjaldnar en vikulega eftir aðstæðum í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft frekari heimsóknir og hvort fleiri en einn má heimsækja fanga hverju sinni.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða trufli ró, reglu eða öryggi í fangelsi. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir annarra en þeirra sem eiga við hann opinber erindi. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skulu vera í vörslum fangelsis meðan á heimsókn stendur.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga. Leit getur annars vegar verið í ytri fötum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki má synja um heimsóknina eða láta hana fara fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum fangelsis, sbr. 34. gr., eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga.

34. gr.
Fyrirkomulag heimsókna.

Fangi tekur á móti heimsóknum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi til staðar, eða í klefa sínum.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið í sérstökum tilvikum að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsis. Ákvörðun um það skal bókuð og ástæða tilgreind.

Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.

35. gr.
Eftirlit með heimsóknum.

Heimsóknir til fanga skulu almennt fara fram án eftirlits.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsókn skuli fara fram undir eftirliti ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Slík ákvörðun skal bókuð og rökstudd.

Sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geta óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn.

Heimsókn lögmanns til fanga skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

36. gr.
Símtöl.

Fangi á rétt á símtölum við fólk utan fangelsis á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um. Heimilt er að takmarka fjölda símtala hvers og eins og lengd þeirra ef nauðsynlegt reynist til að aðrir fangar fái notið þessa réttar. Símtöl til fanga í öðrum fangelsum eru bönnuð nema með samþykki forstöðumanns.

Heimilt er að hlusta á símtöl fanga ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits, til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga.

Ákvörðun um að hlusta á símtal skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Heimilt er að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en ella þýði túlkur samtalið.

Ekki er heimilt að hlusta á símtöl fanga við lögmann, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt beiðni rétthafa símanúmers getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í símanúmerið úr fangelsi.

Fangi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín önnur en til lögmanns, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis og fangelsismálastofnunar.

37. gr.
Bréfaskipti.

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að opna og lesa bréf til og frá fanga í viðurvist hans til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að fyrirbyggja refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Forstöðumaður getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti fanga við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá fanga. Heimilt er að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en annars verði skjalaþýðanda falið að þýða bréf.

Ekki skal skoða bréfaskipti milli fanga og lögmanns, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

Ákvörðun um að lesa bréf, eða leggja hald á það, skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.

Þegar fangelsi útvegar bréfsefni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður í fangelsi.

Fangi skal sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir nema til lögmanns, fangelsismálastofnunar, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

38. gr.
Aðgangur að fjölmiðlum.

Fangi skal að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með lestri dagblaða og í gegnum útvarp og sjónvarp.

Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við forstöðumann fangelsis hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga. Slíkt skal ekki heimila ef það er andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotaþola.

39. gr.

Útivera og tómstundir.

Fangi á rétt á útiveru og að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa í að minnsta kosti eina og hálfa klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi.

40. gr.

Erlendir fangar.

Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.

Nú er fangi ríkisfangslaus eða flóttamaður og skal fangelsi þá aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.

Erlendur fangi á rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf.

41. gr.

Trúariðkun.

Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags.

42. gr.

Munir í klefa.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga, í samræmi við reglur fangelsis, að hafa í klefa sínum eigin tölvu, þó án nettengingar, tölvuprentara, hljómflutningstæki, útvarpstæki, sjónvarpstæki o.fl. Fanga er óheimilt að hafa síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi eða ávana- og fíkniefni.

Fanga er heimilt að hafa peninga í fórum sínum eða í klefa sínum, þó ekki hærri fjárhæð en sem svarar þóknun fangans á einum mánuði. Fangi skal eiga á kost á því að frekari fjármunir séu geymdir í vörslum fangelsis.

43. gr.

Talsmenn fanga.

Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og til að koma fram fyrir þeirra hönd.

IV. KAFLI

Leyfi úr fangelsi.

44. gr.

Reglubundin dagsleyfi.

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu reglubundin dagsleyfi til dvalar utan fangelsis til að vera með fjölskyldu sinni eða vinum ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun. Slíkt leyfi skal vera 14 klukkustundir að hámarki og skal að jafnaði veitt frá kl. 7 að morgni til kl. 22 að kvöldi sama dags. Heimilt er að lengja leyfið ef fangi á sannanlega um langan veg að fara til heimilis síns.

Í beiðni um leyfi skal fangi upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu eða hvern hann hyggst heimsækja. Áður en leyfi er veitt er heimilt að leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að heimsókn geti átt sér stað.

Leyfi samkvæmt þessari grein kemur fyrst til skoðunar þegar fangi hefur samfellt afplánað þriðjung refsitímans í fangelsi, þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsitímans sé ekki liðinn.

Dagsleyfi má veita á ný ef liðinn er einn mánuður frá síðasta leyfi.

Nú fer afplánun fram utan fangelsis skv. 24. gr. og er þá heimilt að setja það skilyrði að fanga skuli ekki veitt dagsleyfi samkvæmt þessari grein.

45. gr.

Ákvörðun um dagsleyfi.

Taka skal tillit til afbrots og sakar- og afplánunarferils þess fanga sem í hlut á við ákvörðun dagsleyfis. Einnig skal taka tillit til hegðunar hans í fangelsi og þess hvort hann hafi notfært sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi.

Nú hefur fangi verið dæmdur í síðasta refsidómi eða áður fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, eða auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis. Sama gildir teljist fangi síbrotamaður eða sé hætta á að hann muni misnota leyfi eða reyna að komast úr landi.

Nú hefur fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi og skulu þá líða að minnsta kosti tvö ár þar til unnt er að veita fanga slíkt leyfi. Hafi fangi framið refsiverðan verknað í fyrra dagsleyfi eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi skal leyfi eigi veitt fyrr en að minnsta kosti átta mánuðir eru liðnir frá slíku atviki. Nú verður fangi uppvís að neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna eða hann hefur framið agabrot í fangelsi eða utan þess og kemur þá leyfi til dvalar utan fangelsis að jafnaði eigi til greina fyrr en að sex mánuðum liðnum frá slíku atviki.

46. gr.

Skammtímaleyfi.

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga skammtímaleyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi:

1. að heimsækja náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga sem er alvarlega sjúkur að fengnu samþykki viðkomandi eða hans nánasta aðstandanda,
2. að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja eða annars nákomins í fjölskyldu fanga; þó getur fangi verið viðstaddur bæði kistulagningu og jarðarför maka síns, niðja eða foreldris,
3. að vera viðstaddur fæðingu, skírn eða fermingu barns síns,
4. að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um þar til greindar aðstæður. Slíkt leyfi skal vera átta klukkustundir að hámarki. Lengja má þann tíma þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem þegar um langan veg er að fara. Þó skulu skammtímaleyfi aldrei vera lengri en nauðsyn krefur.

Með nánum ættingja og öðrum nákomnum í fjölskyldu fanga í 1. og 2. tölul. 1. mgr. er átt við maka, sambúðarmaka, niðja, stjúpbörn, fósturbörn, foreldra, tengdaforeldra, systkin, systkinabörn, föður- og móðurforeldra og föður- og móðursystkin.

Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu.

47. gr.

Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt fyrr en fangi hefur afplánað þriðjung refsitímans, þó að lágmarki eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsitímans sé ekki liðinn.

Áður en leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla eða vottorð vinnuveitanda eða þess sem veitir starfsþjálfun um að fangi geti hafið og stundað nám, vinnu eða starfsþjálfun þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að þessum aðilum sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

48. gr.

Skilyrði í leyfi.

Eftirtalin skilyrði eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fangi neyti ekki eða hafi í vörslu sinni áfengi, ávana- og fíkniefni eða önnur lyf sem honum eru ekki ætluð,
2. að fangi fari ekki af landi brott í leyfinu,
3. að fangi geri eða fari ekki annað í leyfinu en samræmist tilgangi þess.

Auk þessa er heimilt að setja eftirtalin skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fangi láti í té öndunarsýni við endurkomu í fangelsið eða blóð- og þvagsýni fyrir og eftir leyfið,
2. að fangi gangist undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið,
3. að fangi skuli ekki, ef tillit til brotaþola eða nánustu aðstandenda eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu,
4. að fanginn skuli tilkynna sig til lögreglu eða fangelsismálayfirvalda,
5. að tilteknir einstaklingar sæki fangann og aki honum aftur í fangelsi.

Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis.

Tilgreina skal hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið. Fangi skal tilkynna fangelsinu svo fljótt sem auðið er ef slys, sjúkdómur eða önnur sambærileg atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.

49. gr.

Umsókn um leyfi.

Nú óskar fangi eftir leyfi til dvalar utan fangelsis og skal hann þá sækja um það skriflega til forstöðumanns fangelsis.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini sem greinir skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hvaða reglur gilda um leyfið að öðru leyti og hverju það varðar að rjúfa skilyrði leyfisins.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis nema hann undirriti skriflega yfirlýsingu um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

50. gr.
Kostnaður.

Fangi ber sjálfur kostnað af leyfi til dvalar utan fangelsis. Fangi skal þó ekki bera kostnað af fylgd fangavarða.

51. gr.
Afturköllun leyfis og rof á skilyrðum þess.

Heimilt er að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis vegna hegðunar fanga eða annarra atvika sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Sama á við ef ástæða er til að ætla að fangi muni misfara með leyfið.

Nú rýfur fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða brýtur gegn þeim reglum sem um leyfið gilda og getur þá sá sem leyfið veitti fellt það niður. Slík brot gegn skilyrðum leyfis eða reglum þess geta varðað agaviðurlögum skv. VI. kafla.

V. KAFLI
Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

52. gr.
Leit í klefa.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um leit í klefa fanga ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

1. refsivert er að hafa í vörslum sínum,
2. hafa orðið til við refsiverðan verknað,
3. smyglað hefur verið inn í fangelsið,
4. fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í klefa samkvæmt reglum fangelsis.

Einnig má leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti þótt skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

Fangi skal ekki vera viðstaddur leit í klefa og skal hann fluttur í aðrar vistarverur fangelsis meðan á leit stendur. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og fanga er óheimilt að hafa í klefa.

Fanga skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í klefa áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í klefa fanga skal tekin með rökstuddri bókun.

53. gr.
Leit á fanga.

Leita má á fanga og í fötum hans við komu í fangelsi, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 52. gr.

Leit á fanga innanklæða skal gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns.

54. gr.
Líkamsrannsókn.

Forstöðumaður tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 52. gr. Einnig má taka blóð- og þvagsýni úr fanga ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna, við komu í fangelsi og við almennt eftirlit.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Nú fer fram líkamsrannsókn og skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd. Ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skal taka með rökstuddri bókun.

55. gr.
Stjórnsýslukæra.

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

VI. KAFLI
Agabrot, agaviðurlög o.fl.

56. gr.
Agabrot.

Forstöðumaður fangelsis getur beitt fanga agaviðurlögum vegna brota á lögum þessum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur fanga, enda komi fram að brot á þeim varði agaviðurlögum.

57. gr.
Agaviðurlög.

Agaviðurlög eru eftirtalin:

1. Skrifleg áminning.
2. Svipting helmings þóknunar fyrir ástundun vinnu og náms og dagpeninga um ákveðinn tíma.
3. Svipting aukabúnaðar sem sérstakt leyfi þarf fyrir og takmörkun heimsókna, símtala og bréfaskipta.
4. Einangrun í allt að 30 daga.

Aðeins er heimilt að beita einangrun sem agaviðurlögum vegna eftirfarandi brota eða tilrauna til brota:

1. Stroks.
2. Smygls í fangelsi, vörslu eða neyslu áfengis, ólöglegra lyfja eða fíkniefna og vörslu vopna eða annarra skaðlegra hluta.
3. Ofbeldis eða hótunar um ofbeldi gagnvart öðrum föngum eða starfsmönnum fangelsis.
4. Grófra skemmdarverka.
5. Annarra grófra eða endurtekinna minni háttar brota.

Nú er brot smávægilegt og fangi hefur ekki áður framið agabrot og má þá eingöngu beita skriflegri áminningu.

Beita má fleiri en einni tegund agaviðurlaga samtímis.

Áður en ákvörðun um agaviðurlög er tekin skulu málsatvik rannsökuð og skal fanga gefinn kostur á að kynna sér fyrirliggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum um þau á framfæri.

Ákvörðun um agaviðurlög skal rökstudd, bókuð og birt fanga í viðurvist vitnis.

58. gr.
Aðskilnaður.

Heimilt er að aðskilja fanga frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt:

1. af öryggisástæðum,
2. vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin,
3. vegna hættu á að fangi valdi meiri háttar spjöllum á eignum fangelsis,
4. til að koma í veg fyrir strok,

5. til að koma í veg fyrir að fangi hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis,
6. til að hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf,
7. til að afstýra að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

Aðskilnaður skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en 24 tíma.

Ákvörðun um tímabundinn aðskilnað skal rökstudd og bókuð. Slík ákvörðun sætir ekki kæru.

59. gr.

Vistun í öryggisklefa.

Vista má fanga í öryggisklefa ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa hans eða hindra að hann skaði sjálfan sig eða aðra.

Þegar fangi er vistaður í öryggisklefa má nota belti, hanska, fót- og handreimar eða fót- eða handjárn.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um vistun fanga í öryggisklefa. Vistun í öryggisklefa og aðrar aðgerðir sem beitt er í tengslum við hana skulu aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingu annarra aðgerða.

Ákvörðun um vistun í öryggisklefa skal rökstudd og bókuð. Þá skal ákvörðunin birt fanganum í viðurvist vitnis þegar aðstæður leyfa.

60. gr.

Læknisskoðun.

Þegar einangrun skv. 57. gr. eða aðskilnaði skv. 58. gr. er beitt, eða fangi settur í öryggisklefa skv. 59. gr., skal kalla til lækni til að skoða fanga. Ef unnt er skal læknir skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega.

61. gr.

Málsmeðferð.

Ákvarðanir um agaviðurlög skv. 57. gr. og vistun í öryggisklefa skv. 59. gr. sæta kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan fjögurra virkra daga frá því að kæran barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Berist kæran utan afgreiðslutíma ráðuneytisins telst hún hafa borist því við upphaf næsta virka dags.

62. gr.

Haldlagning og upptaka.

Forstöðumaður fangelsis getur tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til í fangelsi. Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til fanga. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

Forstöðumaður fangelsis getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan fangelsis ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

VII. KAFLI
Reynslulausn.

63. gr.
Skilyrði reynslulausnar.

Þegar fangi hefur afplánað tvo þriðju hluta refsitímans getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu.

Heimilt er að veita þeim fanga, sem ekki afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, lausn til reynslu þegar helmingur refsitímans er liðinn. Nú hefur fangi tvívegis eða oftar afplánað fangelsisrefsingu og verður honum þá ekki veitt reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein nema sérstakar ástæður mæli með.

Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans.

Fanga, sem telst vera síbrotamaður eða sem ítrekað hefur verið veitt lausn til reynslu og rofið skilyrði hennar, skal ekki veitt reynslulausn á ný nema sérstakar ástæður mæli með. Sama gildir þegar reynslulausn telst óráðleg vegna haga fangans, svo sem þegar hann hefur ekki vísan samastað eða vinna eða önnur kjör nægja honum ekki til framfærslu.

Það er skilyrði reynslulausnar að fangi lýsi því yfir að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

64. gr.
Skilyrði á reynslutíma.

Reynslutími skal vera allt að þremur árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en þrjú ár og má þá ákveða reynslutíma allt að fimm árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Auk þess má ákveða að reynslulausn verði, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans, bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að sá aðili sé háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður.
2. Að aðili neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.
3. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar. Vistun á stofnun getur þó ekki staðið lengur en til loka refsitíma.

Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

Nú sætir aðili skilyrði skv. 2. tölul. 2. mgr. og er þá heimilt að krefjast þess að hann undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

65. gr.
Skilorðsrof.

Nú fremur maður nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar

um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánuð er samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Rjúfi maður skilorð að öðru leyti getur fangelsismálastofnun ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða hann taki út refsingu sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um að maður afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1.–3. mgr, og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem hann fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta mann taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. og 3. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 63. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 64. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er maður sem sætt hefur nokkrum hluta fangelsisrefsingar náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 1.–4. mgr.

VIII. KAFLI
Skilorðsbundnar refsingar.

66. gr.
Tilhögun eftirlits.

Þegar mælt er fyrir um eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða fá náðun fer fangelsismálastofnun með eftirlitið eða felur það öðrum.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli skv. 4. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og getur fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.

67. gr.
Veiting upplýsinga.

Fangelsismálastofnun gerir dómþola grein fyrir því hvað felist í því að sæta eftirliti. Dómþola ber að upplýsa fangelsismálastofnun um hagi sína og ber að hlíta því sem fyrir hann er lagt af hálfu fangelsismálastofnunar.

68. gr.
Sértæk skilyrði.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna og getur þá fangelsismálastofnun krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

69. gr.

Rof á skilyrðum.

Telji fangelsismálastofnun að sá sem sætir eftirliti hafi rofið skilyrði þau sem honum var gert að hlíta með dómi eða ákærufrestun skal fangelsismálastofnun gera lögreglu og ákæruvaldi viðvart.

Eftirliti fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi sérstök skilyrði samkvæmt dómi eða ákærufrestun lýkur þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum dómþola hefst hjá lögreglu. Falli rannsókn hjá lögreglu niður hefst eftirlit fangelsismálastofnunar samkvæmt þessari grein að nýju.

IX. KAFLI

Fullnusta fésekta, innheimta sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku.

70. gr.

Innheimta sekta.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum nema annað komi fram í viðkomandi sektarákvörðun. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að innheimta sekta og sakarkostnaðar verði á hendi eins lögreglustjóra eða annars aðila á landsvísu.

Heimilt er að leyfa að sekt sé greidd með afborgunum. Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu. Heimilt er að veita lengri greiðslufrest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma skal þegar innheimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, nema fyrir liggi að viðkomandi sé eignalaus.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

Sökunautur sem gerð hefur verið sekt getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

71. gr.

Vararefsing.

Nú telur lögreglustjóri að innheimtuaðgerðir séu þýðingarlausar eða fullreyndar og skal hann þá ákveða að vararefsingu verði beitt. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun skal sektarþola send tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar. Tilkynningu skal senda með sannanlegum hætti.

Nú hefur hluti sektar verið greiddur og ákveður lögreglustjóri þá styttingu afplánunartíma að sama skapi en þó þannig að afplánunartíminn verði ekki styttri en tveir dagar og að sektarfjárhæð sem svarar til hluta úr degi afplánist með heilum degi.

72. gr.

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu.

Nú innheimtist fésekt ekki sem er 60.000 kr. eða hærri og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar, og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir.

Um lengd fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu gilda ákvæði 3. mgr. 28. gr.

Nú hefur umsækjandi fengið fimm eða fleiri sektir fyrir sambærileg brot og skal þá að jafnaði synja um samfélagsþjónustu.

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu.

73. gr.

Umsókn um samfélagsþjónustu.

Ákvæði II. kafla um samfélagsþjónustu gilda þegar vararefsing samkvæmt þessum kafla er fullnustuð með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka umsókn skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst umsókn um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda fangelsismálastofnun umsóknina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

74. gr.

Innheimta sakarkostnaðar.

Lögreglustjóri, eða annar aðili samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. 70. gr., annast innheimtu sakarkostnaðar.

Um innheimtu sakarkostnaðar gilda ákvæði 70. og 71. gr. eftir því sem við á.

75. gr.

Framkvæmd eignaupptöku.

Lögreglustjóri annast framkvæmd eignaupptöku.

Nú er það sem gert hefur verið upptækt í vörslu lögreglu og skal lögreglustjóri ráðstafa því ef ætla má að það hafi verðgildi umfram kostnað við sölu. Að öðrum kosti skal eyða því sem gert hefur verið upptækt.

X. KAFLI
Málsmeðferð og kæruheimildir.

76. gr.

Kæruleiðir og aðgangur að gögnum.

Þegar forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun að höfðu samráði við fangelsismálastofnun samkvæmt ákvæðum laga þessara er slík ákvörðun kæranleg til ráðuneytis.

Fangi á ekki rétt á aðgangi að málsgögnum sem innihalda upplýsingar um aðra fanga eða öryggisatriði viðkomandi fangelsis.

Heimilt er að halda gögnum og upplýsingum frá fanganum ef slíkt telst nauðsynlegt með tilliti til öryggis fangelsis, brotaþola, vitna eða annarra sem tengjast máli fanga, annarra fanga, rannsóknar sakamáls eða annarra sérstakra ástæðna.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

77. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar.

Ákvæði V. og VI. kafla gilda einnig um gæsluvarðhaldsfanga.

Eftir því sem við getur átt gilda ákvæði II., III. og IV. kafla einnig um gæsluvarðhaldsfanga svo framarlega sem annað leiðir ekki af takmörkunum sem gæsluvarðhaldsfanga er gert að sæta á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þó ber gæsluvarðhaldsfanga ekki að stunda vinnu í fangelsi.

78. gr.

Náðunarnefnd.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til þriggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

79. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Hjá fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga um fanga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

80. gr.

Reglugerðarheimildir.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um fangelsismálastofnun og hlutverk hennar, t.d. um vinnslu persónuupplýsinga í stofnuninni og í fangelsum. Í reglugerð er einnig heimilt að mæla fyrir um vinnu og nám fanga, um greiðslu og fjárhæð þóknunar fyrir vinnu og nám, um leyfi til dvalar utan fangelsis og um viðtöl við fanga og talsmenn fanga í fjölmiðlum.

Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð nánar á um önnur atriði er varða framkvæmd ákvæða um réttindi og skyldur fanga, fyrirkomulag og framkvæmd einangrunar, agaviðurlög, haldlagningu og upptöku muna, svo og um veitingu reynslulausnar, þar á meðal útfærslu skilyrða reynslulausnar.

Fangelsismálastofnun setur reglur fangelsa.

81. gr.

Refsiákvæði.

Sá sem smyglar eða reynir að smygla til fanga munum eða efnum sem getið er í 1. mgr. 52. gr. og hann veit eða má vita að fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

82. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2005.

Jafnframt falla úr gildi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum, svo og 40.–42. gr., 2.–5. mgr. 52. gr. og 58. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fangelsismálalöggjöfin hefur um nokkra hríð verið til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu. Á árinu 2001 skipaði dómsmálaráðherra vinnuhóp til þess að gera heildarendurskoðun á lögum og reglum um fullnustu refsidóma og semja lagafrumvarp sem ætlað væri að leysa af

hólmi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1998, og önnur lagaákvæði þar sem fjallað væri um fullnustu refsinga.

Á síðasta þingi lagði dóms- og kirkjumálaráðherra fram frumvarp til laga um fullnustu refsinga sem hafði verið unnið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í samvinnu við fangelsismálastofnun. Þegar frumvarpið var kynnt sagði ráðherra að ekki hefði verið talin ástæða til af hálfu ráðuneytisins að leita eftir umsögnum um það, enda ekki augljóst hverjir ættu að fá það til umsagnar. Á hinn bóginn væri mikilvægt að heyra álit sem flestra á frumvarpinu, enda væri með því í fyrsta sinn leitast við að festa í lög ákvæði um fullnustu refsinga sem fram til þessa hefðu verið í reglugerðum, reglum og starfsreglum fangelsa.

Þegar málið kom til meðferðar allsherjarnefndar Alþingis sendi hún það fjölmörgum til umsagnar og kom í ljós að margir töldu að kanna þurfti ýmis ákvæði frumvarpsins betur. Dóms- og kirkjumálaráðherra ákvað þá að kalla frumvarpið aftur til frekari skoðunar í ljósi umsagna og umræðna um málið á opinberum vettvangi. Ákvörðun ráðherrans var fagnað af þeim sem láta sig þetta mikilvæga mál skipta efnislega.

Eftir að frumvarpið kom til meðferðar að nýju í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu varð sú breyting að Þorsteinn A. Jónsson fangelsismálastjóri réðst til starfa sem skrifstofustjóri Hæstaréttar en Valtýr Sigurðsson héraðsdómari var skipaður fangelsismálastjóri. Valtýr hefur því komið að gerð þess frumvarps sem nú liggur fyrir. Á vegum fangelsismálastofnunar hefur samhliða því sem að endurgerð frumvarpsins hefur verið unnið farið fram stefnumótunarvinna og samin skýrsla á grundvelli hennar, *Um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna,* þar sem tekið er á mikilvægum álitaefnum varðandi framkvæmd laga um fullnustu refsinga. Í skýrslunni segir meðal annars:

„Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma samkvæmt efni þeirra þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Fangelsismálastofnun telur að það sé meginmarkmið með fangelsun að hún fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.

Að lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Til að ná fram þessum markmiðum þarf að setja fram einstaklingsbundna áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti fastan samastað, hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu."

Við afgreiðslu hins nýja frumvarps er nauðsynlegt að líta til þessarar skýrslu og þeirra sjónarmiða um framtíð fangelsismála sem þar er að finna. Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á grundvelli skýrslunnar og með vísan til þess hver verður afgreiðsla þessa frumvarps móta tillögur um næstu skref varðandi byggingu nýs fangelsis. Allar athuganir sýna að nauðsynlegt er að við Reykjavík sé reist nýtt fangelsi en á hinn bóginn er einnig eðlilegt að huga að því að stækka fangelsin að Litla-Hrauni, Kvíabryggju og á Akureyri.

Þá ber að geta þess að í frumvarpinu, sem nú er lagt fram, er eins og í hinu fyrra lagt til að fjölmörgum ákvæðum laga og reglugerða um fullnustu refsinga verði skipað í ein heildarlög er varði réttindi og skyldur dæmdra manna. Miðar frumvarpið að því að gera gildandi reglur skýrari og að styrkja lagastoð ýmissa ákvæða, ásamt því að leggja til nýmæli í fullnustulöggjöfinni. Sem dæmi má nefna ákvæði um gerð meðferðaráætlunar í byrjun afplánunar, og einnig ákvæði um réttindi og skyldur fanga hvað varðar símtöl og bréfaskriftir, hvaða muni fangi má hafa í klefa sínum, rétt hans til að njóta útiveru og iðka tómstundastörf, aðgang að fjölmiðli til að fylgjast með gangi þjóðmála og rétt til að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags. Ekki síst er vert að geta ákvæða frumvarpsins um reglubundin dagsleyfi, en ákvæði frumvarpsins miða að því að rýmka rétt fanga til þeirra en um leið verði tekið hart á því ef reglur eru brotnar.

Þá miða nokkur ákvæði að því að bæta öryggi í fangelsi, til hagsbóta fyrir bæði þá sem dvelja þar og starfa. Lagt er til að fangaverðir og annað starfsfólk fangelsa sé bundið þagnarskyldu áþekkri þeirri sem lögreglumenn hlíta. Einnig er lagt til að heimild fangavarða til að beita valdi verði lögbundin, og þau tilvik tiltekin sérstaklega þar sem heimilt verði að beita valdi. Auk þess eru lögð til ákvæði til að stemma stigu við smygli á munum og efnum til fanga sem honum er óheimilt að hafa í fangelsi, m.a. með því að heimila leit á þeim sem heimsækir fanga að fengnu samþykki þess aðila. Þá verði jafnframt refsivert að smygla eða reyna að smygla munum eða efnum til fanga.

Fyrrnefnd heildarendurskoðun tekur eins og áður segir til laga um fangelsi og fangavist ásamt nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga er varða innheimtu sekta og reynslulausn. Hvað varðar sektarinnheimtu er lögð til breyting á fyrirkomulagi hennar þannig að dómsmálaráðherra verði heimilt að fela hana einum aðila á landsvísu. Er þetta byggt á tillögum starfshóps um sektarinnheimtu, sem dómsmálaráðherra skipaði árið 2003, en meginþorri tillagna starfshópsins kemur fram í frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um aðför, nr. 90/1989, sem dómsmálaráðherra flytur á þessu löggjafarþingi.

Þá er ráðgert að lögfest verði fjölmörg ákvæði sem nú er skipað í reglugerð. Er einkum um að ræða reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga, nr. 409/1998, reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis, nr. 719/1995, og reglugerð um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga, nr. 119/ 1990.

Við samningu frumvarpsins var einnig höfð hliðsjón af ákvæðum danskra laga um fullnustu refsinga, þ.e. lov om fuldbyrdelse af straf, nr. 432/2000, og norskra laga um sama efni, þ.e. lov om gjennomføring af straff, nr. 21/2000. Einnig var litið til ákvæða evrópsku fangelsisreglnanna sem gefnar voru út af Evrópuráðinu í febrúar 1987.

Loks var höfð hliðsjón af álitum umboðsmanns Alþingis um málefni fanga sem gefin hafa verið síðastliðin ár.

Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli og breytingar og eru þessar helstar:

1. Upphaf afplánunar og vistunaráætlun.

Lagt er til að fjallað verði nánar um upphaf afplánunar í frumvarpinu en nú er gert og með hvaða hætti hún hefst, sbr. 10. og 11. gr. frumvarpsins. Lögð er áhersla á að frestun á afplánun heyri til undantekninga svo sem verið hefur í framkvæmd. Í því sambandi er lagt til að tímalengd frestsins verði stytt frá núgildandi reglugerðarákvæðum, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Það nýmæli er lagt til að gerð verði einstaklingsbundin áætlun um afplánun og meðferð við upphaf afplánunar, sbr. 17. gr.

2. Störf og nám fanga.

Ákvæði 18.–21. gr. frumvarpsins fjalla um störf, eða eftir atvikum nám, fanga. Fjallað er um vinnuskyldu, heimild fanga til að útvega sér sjálfur vinnu, greiðslu þóknunar og hvað megi draga af henni. Þá er kveðið á um rétt fanga til þess að fá greidda dagpeninga þegar hann sannanlega getur ekki sinnt vinnuskyldu af heilsufarsástæðum.

3. Réttindi og skyldur fanga.

Í III. kafla frumvarpsins, um réttindi og skyldur fanga, eru fjölmörg nýmæli. Ítarleg ákvæði eru um heimsóknir til fanga, sbr. 33.–35. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að fangi eigi rétt á að fá heimsókn í fangelsið eigi sjaldnar en vikulega en forstöðumaður skal rökstyðja skriflega ákvörðun um að banna tilteknum mönnum að heimsækja fanga. Þá er fjallað um leit á þeim sem heimsækja fanga en slík leit yrði aðeins framkvæmd með samþykki þess sem leitað er á. Samþykki hlutaðeigandi ekki leit má synja um heimsóknina eða láta hana fara fram undir eftirliti, eftir atvikum í sérstökum vistarverum. Sérstaklega er fjallað um heimsóknir barna í fangelsið til þess að tryggja að þau verði ekki fyrir óþarfa raski.

Eins og fram kemur hér að framan hefur verið leitast við að gera réttindi og skyldum fanga skýr skil í sambandi við símtöl, sbr. 36. gr., og bréfaskipti, sbr. 37. gr. Þá er lagt til að lögfest verði ýmis mikilsverð réttindi fanga: réttur fanga til að fylgjast með gangi þjóðmála, sbr. 38. gr., rýmri réttur til útivistar, réttur til iðkunar tómstundastarfa o.fl., sbr. 39. gr., réttur erlendra fanga til að hafa samband við sendiráð eða annan sambærilegan fulltrúa lands síns, réttur á túlki þegar erlendum fanga er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun, sbr. 40. gr., og réttur fanga til að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags, sbr. 41. gr. Auk þess er lagt til að mælt verði skýrt fyrir um hvaða hluti fangi má hafa í klefa sínum, sbr. 42. gr. Þá er kveðið á um rétt fanga til að kjósa sér talsmenn til þess að vinna að málefnum þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd, sbr. 43. gr.

4. Heilbrigðisþjónusta.

Í frumvarpinu er að finna nokkur ákvæði er varða heilsugæslu fanga. Gert er ráð fyrir að fangar fari í læknisskoðun við upphaf afplánunar, sbr. 16. gr. Einnig er fjallað nánar um rétt fanga til að njóta heilbrigðisþjónustu, sbr. 22. gr. frumvarpsins, en ekki er gert ráð fyrir breytingu á núverandi skipan. Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða eignist hún barn á meðan hún afplánar refsingu má heimila henni í samráði við barnaverndarnefnd að hafa það hjá sér, sbr. 23. gr.

Um vistun fanga á sjúkrahúsi er fjallað í 15. gr. Sem endranær er nauðsyn vistunar háð mati læknis svo og tilhögun hennar, en gert er ráð fyrir að fangelsismálastofnun sé heimilt að leita sérfræðiálits um þessi atriði. Afpláni fangi refsingu á heilbrigðis- og meðferðarstofnun til lengri eða skemmri tíma er lagt til að fangelsismálastofnun geti sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

5. Skráning persónuupplýsinga.

Í frumvarpinu eru nýmæli er varða skráningu persónuupplýsinga um fanga. Fangelsismálastofnun og fangelsum er veitt heimild til að vinna persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er, sbr. 79. gr. frumvarpsins. Um vinnsluna fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Þá verði fangelsi veitt heimild til að taka andlitsmynd af fanga við upphaf fangavistar, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Það þykir nauðsynlegt, einkum ef fangi strýkur.

6. Fangaverðir.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um heimildir og skyldur fangavarða en nú er gert. Lagt er til að fjallað verði ítarlega um heimild fangavarða til valdbeitingar og þagnarskyldu þeirra og annarra starfsmanna fangelsisins, sbr. 7. og 8. gr. frumvarpsins.

7. Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

Í V. kafla er lagt til að fangavörðum sé heimilt að leita í klefum fanga og gera líkamsleit á fanga og sett ýmis nánari ákvæði þar um. Enn fremur eru í kaflanum ákvæði um líkamsrannsókn á fanga, sbr. 54. gr., og að læknir eða hjúkrunarfræðingur skuli annast hana. Ákvörðun um leit í klefa fanga og líkamsrannsókn skuli tekin með rökstuddri bókun og skýrsla gerð um slíkar aðgerðir.

8. Haldlagning og eignaupptaka.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um haldlagningu og eignaupptöku, sbr. 62. gr. Þar er gert ráð fyrir sérstakri heimild fyrir forstöðumann fangelsis til að gera upptæka muni eða peninga sem smyglað hefur verið inn í fangelsi og ekki eru eign grandlauss þriðja manns.

9. Agaviðurlög o.fl.

Í frumvarpinu er fjallað um það hvað teljist vera agabrot og hvers konar agaviðurlögum verði beitt þegar fangar gerast sekir um agabrot. Lagt er til að kveðið verði skýrt á um það að aðeins megi beita einangrun við tiltekin meiri háttar agabrot. Ekki eru lagðar til breytingar á málsmeðferð kæru ákvörðunar um agaviðurlög fyrir utan þann frest sem ráðuneytið hefur til málsmeðferðar. Lagt er til að hann verði fjórir dagar, sbr. 2. mgr. 61. gr. Þá verði heimilt að aðskilja fanga frá öðrum í nánar greindum tilvikum, sbr. 58. gr. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til að vista fanga í öryggisklefa í ákveðnum tilvikum og kveðið á um heimild til að halda honum föstum með nánar tilteknum aðferðum, sbr. 59. gr. Gert er ráð fyrir að læknir skoði fanga þegar einangrun skv. 57. gr. er beitt eða aðskilnaði skv. 58. gr. eða þegar fangi er vistaður í öryggisklefa, sbr. 59. gr.

10. Leyfi til dvalar utan fangelsis.

Í IV. kafla er gert ráð fyrir að fangi sem afplánar refsingu fái ekki leyfi til dvalar utan fangelsis nema í undantekningartilfellum. Lagt er til að lögfest verði í hvaða tilvikum fangi eigi rétt á leyfi í stað þess að kveða á um það í reglugerð eins og nú er gert. Fjalla 44.–45. gr. um reglubundin dagsleyfi en 46. gr. um skammtímaleyfi til dvalar utan fangelsis. Hámarkstími dagsleyfa er eftir sem áður 14 klukkustundir en lagt er til að heimilt verði að lengja leyfið ef fangi á sannarlega um langan veg að fara til heimilis síns. Þá er einnig að finna heimild til þess að lengja skammtímaleyfi þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Réttur til dagsleyfa er samkvæmt frumvarpinu rýmkaður verulega frá því sem verið hefur, sbr. athugasemdir við 44.–45. gr. frumvarpsins. Á hinn bóginn gildi strangari reglur um endurveitingu slíkra leyfa hafi fangi ekki haldið skilyrði þeirra.

Gert er ráð fyrir að fangar geti fengið leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda vinnu, nám eða starfsþjálfun, sbr. 47. gr., enda teljist það heppilegur þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki.

11. Reynslulausn.

Ákvæði 40.–42. gr. almennra hegningarlaga um reynslulausn eru tekin upp í VI. kafla frumvarpsins, ásamt ákvæðum reglugerðar nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma. Í 4. mgr. 64.

gr. er nýmæli um að heimilt sé að krefjast þess að sá sem reynslulausn sætir undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann brjóti gegn því skilyrði reynslulausnar að neyta ekki áfengis eða fíkniefna.

12. Skilorðsbundnar refsingar.

Í VII. kafla er mælt fyrir um skilorðseftirlit fangelsismálastofnunar. Stofnunin gerir dómþola grein fyrir í hverju eftirlitið felist og honum beri að hlíta því sem fangelsismálastofnun leggur fyrir hann, sbr. 67. gr. frumvarpsins. Telji fangelsismálastofnun að dómþoli hafi rofið skilyrði gerir stofnunin lögreglu og ákæruvaldi viðvart, sbr. 69. gr. Þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum hefst lýkur skilorðseftirliti fangelsismálastofnunar en falli rannsókn niður tekur stofnunin við eftirliti að nýju. Í 68. gr. er lagt til að fangelsismálastofnun geti krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

13. Samfélagsþjónusta.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins getur dómþoli sem hlotið hefur allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi óskað eftir því að fá fangelsisrefsingu sína fullnustaða með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Þessi regla er óbreytt frá því sem fram kemur í 1. mgr. 22. gr. laga um fangelsi og fangavist. Skv. 2. mgr. þeirrar greinar getur dómþoli sem hlotið hefur fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi einnig óskað eftir fullnustu refsingar sinnar með samfélagsþjónustu sé samanlögð refsing ekki lengri en sex mánuðir. Lögð er til sú rýmkun í frumvarpinu að í tilvikum sem þessum geti samanlögð refsing verið allt að níu mánuðir, þó þannig að óskilorðsbundinn hluti refsingarinnar sé ekki lengri en sex mánuðir. Sama regla gildi þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn.

Þá er gert ráð fyrir því að dómþoli óski skriflega eftir samfélagsþjónustu við fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun vararefsingar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 28. gr., í stað hálfs mánaðar eins og gert var ráð fyrir í lögum um fangelsi og fangavist. Einnig er lagt til að við þau skilyrði samfélagsþjónustu sem talin eru upp í 28. gr. bætist nýr töluliður sem kveði á um að dómþoli afpláni ekki þá þegar refsingu í fangelsi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. greinarinnar.

Lagt er til að vararefsingu fésekta undir 60.000 kr. verði ekki unnt að fullnusta með samfélagsþjónustu, sbr. 72. gr. Þá er lagt til að fallið verði frá því að útiloka þá dómþola, sem hafa í einni eða fleiri refsiákvörðun verið dæmdir í óskilorðsbundið fangelsi og gert að greiða fésekt, frá því að fá vararefsingu fullnustaða með samfélagsþjónustu í þeim tilvikum þegar samanlögð fangelsisrefsing og vararefsing er lengri en eitt ár. Einnig er lagt til að fallið verði frá því að útiloka samfélagsþjónustu þegar vararefsing fésektar, samkvæmt einni eða fleiri refsiákvörðun, er hærri en eitt ár.

14. Fullnusta fésekta.

Lagt er til að tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga um fullnustu fésekta verði tekin upp í frumvarpið, sbr. ákvæði VIII. kafla. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra verði heimilt að ákveða að innheimta sekta, sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum, sbr. 70. gr., og sakarkostnaðar, sbr. 74. gr., verði í höndum eins lögreglustjóra eða annars aðila á landsvísu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar um stjórn og skipulag fangelsismála og er lagt til í upphafi hans að dómsmálaráðherra fari með yfirstjórn fangelsismála. Þetta er óbreytt skipan frá núgildandi lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sbr. og 3. gr. auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum, en samkvæmt henni fer dóms- og kirkjumálaráðuneytið m.a. með framkvæmd refsingar, fangahús og vinnuhæli, reynslulausn refsifanga, náðun og uppgjöf sakar, uppreist æru, fangahjálp og framsal sakamanna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um verkefni fangelsismálastofnunar. Í stað þess að telja upp verkefni stofnunarinnar, eins og gert er í 2. gr. gildandi laga, er lagt til að ákvæðið verði einfaldað og einungis kveðið á um meginverkefni stofnunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að fangelsismálastofnun hafi umsjón með rekstri fangelsa sem er breyting frá gildandi lögum þar sem kveðið er á um að fangelsismálastofnun annist daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa. Með því er verið að undirstrika að fangelsi séu sjálfstæðar stofnanir og stjórnsýslueiningar.

Um 3. gr.

Greinin er að nokkru leyti sambærileg við ákvæði 3. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Þó er lagt til að afnumin verði skipting fangelsa í afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi, en sérstakt gæsluvarðhaldsfangelsi hefur ekki verið starfrækt hér á landi um árabil. Gert er ráð fyrir heimild til að vista gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga teljist einangrun ekki nauðsynleg. Því hefur verið haldið fram að slíkt fyrirkomulag stríði gegn 1. mgr. 68. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Því er til að svara að fjöldi gæslufanga er mismikill og oftar en ekki eru fáir sem sæta slíkri vistun. Að meðaltali síðastliðin fimm ár voru gæsluvarðhaldsfangar 14 á ári, þar af 10 sem ekki sættu sérstakri einangrun. Þessar tölur sýna að erfitt að tryggja þessum föngum vinnu og aðstöðu við hæfi í sérstöku fangelsi. Á engan hátt er verið að taka afstöðu til sektar eða sakleysis slíkra fanga með vistun þeirra innan um afplánunarfanga heldur verið að koma í veg fyrir algera félagslega einangrun þeirra og tryggja þeim viðunandi aðgang að vinnu, námi og öðru sambærilegu.

Samkvæmt greininni skal það heyra til undantekninga að gæsluvarðhaldsfangar séu vistaðir í fangageymslu lögreglu. Kveðið er á um hámarkslengd slíkrar vistunar og verða sérstakar ástæður að búa að baki eigi að víkja frá þeim tímamörkum.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 5. gr.

Hér er mælt fyrir um skipun forstöðumanns fangelsis, sbr. 5. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um valdbeitingarheimild fangavarða. Líta verður á það sem meginreglu að þeir sem starfa í fangelsum sinni skyldustörfum sínum án valdbeitingar. Hins vegar er nemendum í fangavarðaskóla af augljósum ástæðum kennt að beita varnartækjum við ákveðnar aðstæður. Í ákvæði þessu er gert ráð fyrir sérstökum skilyrðum valdbeitingar og er um tæmandi talningu að ræða. Þá eru almenn skilyrði valdbeitingar að ekki verði beitt harkalegra úrræði en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt hverju sinni, þ.e. ef vægari úrræði hafa reynst þýðingarlaus.

Á það skal bent að í 3. gr. vopnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. laganna sem eru í eigu fangelsa, en vopnalögin gilda ekki um framangreind vopn.

Um 8. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 22. gr. lögreglulaga. Í 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er kveðið á um að ríkisstarfsmanni sé skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skuli fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, varðar það opinberan starfsmann refsingu ef hann segir frá nokkru sem leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan.

Vegna eðlis starfa starfsmanna fangelsa og fangelsismálastofnunar þykir rétt að kveðið verði sérstaklega á um þagnarskyldu. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga sem starfsmenn fá í starfi sínu og vegna þess. Ákvæðið á við um alla sem starfa í fangelsum, ekki einvörðungu fangaverði og starfsmenn fangelsismálastofnunar. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga og þeirra sem þeim tengjast. Gert er ráð fyrir að um upplýsingar sé að ræða sem eðlilegt er að leynt fari. Þá falla hér undir upplýsingar er varða öryggi fangelsa og fangelsisyfirvalda og aðrar upplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Undir upplýsingar er varða öryggi fangelsa og fangelsisyfirvalda falla allar upplýsingar sem með einhverjum hætti gætu haft áhrif á öryggi þeirra. Má í því sambandi nefna upplýsingar um vaktafyrirkomulag, tækjabúnað, fyrirkomulag vistunar fanga, reglubundnar sendingar í fangelsi og aðrar upplýsingar sem eru til þess fallnar að veikja öryggi fangelsa ef gerðar eru kunnugar.

Í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eru taldar upp þær upplýsingar sem teljast viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þeirra eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað og upplýsingar um heilsuhagi og lyfja-, áfengis- eða vímuefnanotkun. Má af þessu fá nokkrar vísbendingar um til hvaða upplýsinga þagnarskyldan nær þótt ekki sé þetta tæmandi upptalning.

Tilgangur greinarinnar er að sporna við því að fangaverðir, aðrir sem starfa í fangelsum og starfsmenn fangelsismálastofnunar láti af hendi upplýsingar sem ákvæðið tekur til. Sérstaklega er kveðið á um að þagnarskyldan haldist þótt látið sé af starfi.

Um 9. gr.

Efni ákvæðisins svarar til 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma. Þó er hér einungis gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun taki við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara, en ekki frá Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin, eins og reglugerðarákvæðið kveður á um. Rétt þykir að þegar dómur er sendur fangelsismálastofnun til fullnustu sé hann fullnustuhæfur. Skv. 1. mgr. 139. gr. laga nr. 19/1991, um með-

ferð opinberra mála, má ekki fullnægja ákvæði í dómi um refsingu og önnur viðurlög fyrr en afráðið er hvort máli verður skotið til æðra dóms. Þá er það meginregla að áfrýjun frestar fullnustu dóms um refsingu og önnur viðurlög. Refsidómar eru því fyrst fullnustuhæfir þegar þeir berast birtir frá ríkissaksóknara til fangelsismálastofnunar.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um með hvaða hætti afplánun hefst miðað við hvort dómþoli er ekki þegar í afplánun, hvort hann afplánar dóm eða situr í gæsluvarðhaldi. Er þetta nýmæli í lögum en 1., 3. og 5. mgr. ákvæðisins eiga fyrirmynd í dönsku fullnustulögunum. Rétt þykir að tekin séu af tvímæli um þetta.

Í ákvæðinu er kveðið sérstaklega á um að tilkynning um afplánum skuli berast þeim sem er ekki þegar í afplánun með sannanlegum hætti með að minnsta kosti þriggja vikna fyrirvara. Frestur þessi er almennt séð talinn hæfilegur til þess að dómþoli geti gert nauðsynlegar ráðstafanir vegna fyrirhugaðrar afplánunar og búið sig og sína nánustu undir hana.

Í 4. mgr. er lagt til að heimilt sé að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji dómþoli refsiverðan verknað á ný, ef hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða ef almannahagsmunir mæla með því. Auk þess sem ákvæðið á við ef dómþoli fremur nýjan refsiverðan verknað á það t.d. við um þegar dómþoli sætir farbanni eða lögregla hefur endurtekin afskipti af honum án þess að um refsiverðan verknað sé að ræða eða aðstandendur dómþola óska eftir að afplánun hefjist fyrr en gert var ráð fyrir, m.a. vegna andlegs ástands dómþola eða mikillar áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu hans. Við mat á því hvenær almannahagsmunir mæla með því að afplánun hefjist án fyrirvara skal litið til eðlis brotsins.

Um 11. gr.

Efni ákvæðisins er að stofni til úr 3. gr. reglugerðar nr. 29/1993. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar. Lagt er til að fangelsismálastofnun geti veitt stuttan frest á afplánun mæli sérstakar ástæður með því, en fresturinn geti ekki orðið lengri en þrír mánuðir alls. Er þetta stytting á fresti frá 3. gr. reglugerðar nr. 29/1993, en samkvæmt henni er heimilt að veita frest í allt að sex mánuði. Í framkvæmd hafa frestir aðeins verið veittir í undantekningartilvikum og hafa þeir að jafnaði verið stuttir. Litið er svo á að hinn þriggja vikna frestur skv. 10. gr. laganna teljist fullnægjandi í þessu sambandi.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að við ákvörðun um frest á afplánun skuli, auk þess að taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli og hversu langt sé frá því að brot var framið, taka mið af persónulegum aðstæðum dómþola. Þá er lagt til að synja skuli um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Ákvæði 3. mgr. eru að efni til úr 4. gr. reglugerðar nr. 29/1993. Einnig eru sambærileg ákvæði í dönsku fullnustulögunum.

Í 4. og 5. mgr. eru sambærileg ákvæði við 13. gr. dönsku laganna um að ef dómþoli rýfur skilyrði fyrir frestun fullnustu eða gefur rangar upplýsingar vegna frestbeiðnar geti fangelsismálastofnun ákveðið að afplánun hefjist án fyrirvara.

Mæti dómþoli ekki að fresti loknum til afplánunar felur fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka dómþola og færa í fangelsi, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um tengsl á milli náðunarbeiðni og afplánunar er mælt fyrir um í 2.–4. mgr. ákvæðisins. Náðunarbeiðni dómþola sem ekki er þegar í afplánun frestar afplánun sé hún lögð fram eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Mælt er fyrir um undantekningar frá

þessari reglu í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. ákvæðisins. Um skilyrði frestveitinga í tengslum við framkomna frestunar- eða náðunarbeiðni er fjallað í 4. og 5. mgr. ákvæðisins.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 9. gr. og 3. mgr. 31. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Rétt þykir að leggja á það áherslu að gert er ráð fyrir að hlé á afplánun refsingar verði aðeins í algerum undantekningartilvikum og þá bundið skilyrðum.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. er hliðstætt 1. mgr. 8. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Rétt þykir að við ákvörðun um flutning sé höfð hliðsjón af búsetu dómþola og fjölskyldu hans sé þess kostur en auk þess skal litið til þeirra sjónarmiða sem gilda í hverju fangelsi fyrir sig.

Í 2. mgr. er nýmæli um heimild fangelsismálastofnunar til að flytja fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Slíkur flutningur getur t.d. verið nauðsynlegur út frá skipulags- eða öryggissjónarmiðum, sbr. það sem fram kemur um 3. mgr. hér á eftir. Tilkynna skal fanganum um slíkan flutning og honum gerð grein fyrir ástæðum hans nema sérstakar ástæður sem ákvæðið tilgreinir, mæli gegn því.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ekki sé skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en forstöðumaður ákveður að flytja hann milli fangelsa eða klefa. Er það í fyrsta lagi vegna öryggissjónarmiða, en gildar ástæður geta legið til þess að fangi fái ekki að vita um flutning áður en hann fer fram. Í öðru lagi verður að veita fangelsisyfirvöldum nauðsynlegt svigrúm til að flytja fanga á milli fangelsa af skipulagsástæðum. Í þriðja lagi geta fangar ekki krafist þess að vera vistaðir í einu fangelsi umfram annað þótt þeim sé heimilt að bera fram óskir sínar í því sambandi. Óhjákvæmilegt er að hagsmunamat fari fram við ákvörðunartöku sem þessa.

Um 15. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins fjallar um vistun á sjúkrahúsi. Gert er ráð fyrir að fangelsismálastofnun geti leitað sérfræðiálits um nauðsyn og tilhögun vistunarinnar, telji hún ástæðu til þess. Í síðari málsgreininni er mælt fyrir um vistun fanga um lengri eða skemmri tíma á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Getur fangelsismálastofnun sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir í 1. mgr. að við móttöku fanga í afplánun skuli skrá upphafsdag afplánunar og lok hennar samkvæmt dómi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að fangar fari í læknisskoðun við upphaf afplánunar. Tilgangurinn er að læknir geti kannað heilbrigði fanga og líkamlegt ástand við komu hans í fangelsi svo fyrir liggi upplýsingar um ástand hans þá ef það breytist síðar. Enn fremur skuli skrá upplýsingar um persónulega hagi fanga og við hverja eigi að hafa samband, svo sem ef fangi veikist alvarlega eða ef brýnt er að ná í einhvern honum tengdum af öðrum aðkallandi ástæðum. Hér er um nýmæli að ræða, en ákvæðið tekur mið af 8. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Um vinnslu persónuupplýsinga vísast til 79. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

Þá er lagt til að heimilt sé að taka andlitsmyndir af föngum. Það þykir m.a. nauðsynlegt ef fangi strýkur úr fangelsi.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar fangar, innlendir sem erlendir, skuli fá þegar afplánun hefst. Ákvæðið er nýmæli sem tekur mið af evrópsku fangelsisreglunum og dönsku fullnustulögunum. Telja verður eðlilegt að fangar fái þegar við upphaf afplánunar allar þær upplýsingar sem um afplánunina gilda, svo og um réttindi sín og skyldur.

Ákvæðið á enn fremur rót sína að rekja til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2805/1999 sem var frumkvæðisathugun um ýmis réttindamál fanga. Lauk henni í nóvember 2001. Í áliti umboðsmanns kom m.a. fram að þær upplýsingar sem fangar fengju um réttarstöðu sína við upphaf afplánunar væru ekki samræmdar. Gerði umboðsmaður m.a. athugasemdir við að í þeim upplýsingum kæmi ekki fram að fangar gætu leitað í trúnaði til umboðsmanns Alþingis, skriflega eða símleiðis, og ekki væri getið skrifstofu hans eða símanúmers. Þá taldi umboðsmaður rétt að upplýsingar um rétt og skyldur fanga við upphaf afplánunar væru einnig til í enskri þýðingu.

Í 1. mgr. er talið nægilegt að kveða á um að fangar fái upplýsingar um að heimilt sé að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Rétt er að geta þess að í frumvarpinu má einnig finna ákvæði um heimild fanga til að leita í trúnaði til umboðsmanns Alþingis, sbr. 36. gr. um símtöl og 37. gr. um bréfaskipti fanga.

Gert er ráð fyrir að við upphaf afplánunar sé gerð sérstök meðferðar- og vistunaráætlun fyrir hvern fanga, sbr. 2. mgr. Þar verði að finna mat á stöðu fanga við komu í fangelsi og áætlun um nýtingu úrræða sem í boði eru, með það að markmiði að bæta heilsu hans og gera honum kleift að aðlagast samfélaginu sem best þegar afplánun lýkur.

Um nýmæli er að ræða í 3. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að leyfa megi fanga að láta aðstandendur sína og lögmann vita við upphaf afplánunar og við flutning þeirra milli fangelsa til lengri tíma, nema talið sé að það geti haft áhrif á öryggi eða almenna reglu í fangelsinu.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um skyldu fanga til að stunda vinnu og aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi. Ákvæðin eru að efni til úr 1. gr. reglugerðar nr. 409/1998, um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga. Þá er ákvæði 1. mgr. samhljóða 2. mgr. 13. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Auk þess var litið til ákvæða í dönsku fullnustulögunum. Þegar vísað er til annarrar viðurkenndrar starfsemi er átt við þátttöku í ýmiss konar námskeiðum og meðferðaráætlunum.

Ákvæði 4. mgr., um að daglegur vinnutími fanga skuli að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á dag, ber að skilja þannig að víkja megi frá því vegna tímabundinna anna.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um að fangi skuli eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða aðra starfsemi meðan á afplánun stendur sem komi í stað vinnuskyldu. Ákvæðið er að stofni til úr 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 409/1998.

Þá er kveðið skýrt á um það að víkja megi fanga úr námi ef forsendur fyrir því bresta, svo sem vegna lélegrar ástundunar og hegðunar sem er til þess fallin að trufla kennslu.

Um 20. gr.

Hér eru ákvæði um þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms fanga og dagpeninga sé ekki unnt að útvega fanga vinnu eða geti hann ekki stundað vinnu eða nám. Ákvæðið er í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 409/1998.

Lagt er til að í stað þess að rætt verði um vinnulaun verði notað orðið þóknun og er það gert til að skilja á milli launa á almennum vinnumarkaði og þeirrar greiðslu sem fangar fá fyrir störf í fangelsi.

Gert er ráð fyrir að þóknun sé greidd fyrir þá daga sem fangi stundar vinnu en dagpeningar eru greiddir fyrir þá daga sem fangi hefði ella unnið. Er sá háttur hafður á til að gæta samræmis við þóknun vegna vinnu og náms. Fangelsismálastofnun skal ákvarða fjárhæð dagpeninga og miðast hún við að fangar eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Um 21. gr.

Í greininni eru ákvæði um að þóknun fanga fyrir ástundun vinnu eða náms megi taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur. Ákvæðið er að öðru leyti sambærilegt við 4. mgr. 13. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist og 11. gr. reglugerðar nr. 409/1998 utan þess að lagt er til ákveðið hlutfall af þóknun eða dagpeningum. Þá er ekki gert ráð fyrir að lokamálsliður reglugerðarákvæðisins eigi hér við þar sem kveðið er á um að heimilt sé að taka síðustu greiðslu að öllu leyti upp í skuldir.

Um 22. gr.

Ákvæðið er samhljóða síðari málslið 2. mgr. 2. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist en honum var bætt við lögin með lögum nr. 123/1997. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum kemur fram að gert sé ráð fyrir að fangelsismálastofnun sjái um að í fangelsum sé fyrir hendi viðunandi aðstaða fyrir heilbrigðisþjónustu við fanga.

Ekki er kveðið sérstaklega á um einstaka þætti heilbrigðisþjónustu, svo sem tannlæknaþjónustu og hver skuli bera kostnað af henni. Um þetta var fjallað í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 102/1989. Umboðsmaður taldi það annmarka á lögum að ekki væri skýrt kveðið á um hver ætti að bera kostnað af tannlæknaþjónustu fanga. Taldi hann lagaheimild bresta fyrir því að fella kostnaðinn fortakslaust á ríkissjóð og að fangelsismálastofnun bæri að sjá til þess að fangar fengju nauðsynlegar tannviðgerðir án tillits til þess hvort þeir gætu greitt fyrir þær. Fangelsisyfirvöld gætu krafið fanga um útlagðan kostnað af tannviðgerðum með þeim takmörkunum sem leiddi af þörf þeirra fyrir fé til brýnna nauðsynja.

Ekki þykir rétt að kveða á um kostnað af heilbrigðisþjónustu við fanga í lögum um fullnustu refsinga. Taka verður afstöðu til þess á öðrum vettvangi, svo sem í lögum eða reglugerðum sem varða sjúkratryggingar einstakra hópa í þjóðfélaginu.

Um 23. gr.

Í ákvæði þessu, sem er efnislega samhljóða 2. mgr. 8. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist, er kveðið á um að konu sem á barn við upphaf afplánunar eða eignast barn meðan á afplánun stendur sé heimilt að hafa það í fangelsinu. Gert er ráð fyrir að fangelsismálastofnun, að höfðu samráði við barnaverndanefnd, taki ákvörðun um það hvort henni verði heimilað að hafa barnið hjá sér í fangelsinu. Í því sambandi verði meðal annars litið til aldurs barnsins og hagsmuna þess, svo og hæfni móður til að annast það.

Um 24. gr.

Ákvæði 1. mgr. um skilyrði fullnustu utan fangelsis er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 25. gr.

Fangelsismálastofnun gerði á sínum tíma samning við áfangaheimilið Vernd þess efnis að um fanga sem lykju afplánun á grundvelli 2. mgr. 11. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist giltu almenn ákvæði þeirra laga. Leiddi það m.a. til þess að föngum var gert að sæta agaviðurlögum skv. 31. gr. laganna. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í máli sínu nr. 3034/2000 að í 2. mgr. 11. gr. laga um fangelsi og fangavist væri gert ráð fyrir að fangi gæti lokið afplánun utan fangelsis. Hins vegar væri 31. gr. laganna um agaviðurlög takmörkuð við afplánun í fangelsi. Ákvörðun um agaviðurlög væri íþyngjandi ákvörðun og af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins og sjónarmiðum um réttaröryggi fanga leiddi að lagaheimild til beitingar agaviðurlaga þyrfti að vera skýr og glögg. Umboðsmaður taldi ekki hafa verið fullnægjandi lagaheimild til þess að fangar sættu agaviðurlögum á áfangaheimili Verndar.

Með hliðsjón af þessu áliti umboðsmanns Alþingis verður agaviðurlögum ekki beitt við afplánun refsidóma utan fangelsa. Rjúfi fangi hins vegar skilyrði fyrir vistun utan fangelsis eða þau tilvik önnur liggja fyrir sem greinir í 1. mgr. er lagt til að fangelsismálastofnun geti ákveðið að fangi skuli færður aftur í fangelsi, sbr. 2. mgr. Þá er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að fanga sé gefinn kostur á að tjá sig áður en hann er fluttur í fangelsi á ný. Líta verður til eðlis brotsins við mat á því hvort flutningur í fangelsi sé það aðkallandi að gera þurfi undantekningu frá þeirri reglu.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar eru hliðstæð 35. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Þó er lagt til það nýmæli að heimilt sé að láta fanga lausan á öðrum tíma en kl. 8 að morgni þegar um erlendan fanga er að ræða sem sætir brottvísun úr landi eftir að afplánun lýkur.

Um 27.–31. gr.

Nokkur nýmæli eru í kafla þessum um samfélagsþjónustu. Eins og rakið er í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir nokkurri rýmkun á möguleikum til að fullnusta dóm með samfélagsþjónustu, bæði þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi og þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn.

Í 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins er þannig gert ráð fyrir að skilyrði þess að unnt sé að óska eftir því að fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu, þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi, sé að samanlögð refsing megi eigi vera lengri en níu mánuðir en þó þannig að óskilorðsbundinn hluti refsingarinnar fari ekki fram úr sex mánuðum. Hér er um að ræða rýmkun samanlagðrar refsingar sem er samkvæmt gildandi lögum sex mánuðir. Sama gildi þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn. Heildarrefsing megi ekki vera lengri en níu mánuðir, í stað sex mánaða samkvæmt gildandi lögum. Gert verði að skilyrði að óskilorðsbundinn hluti refsingar sé ekki lengri en sex mánuðir. Færð hafa verið rök að þessari rýmkun, m.a. að stærsti hluti þeirra dómþola sem hljóta blandaða dóma eru 25 ára eða yngri. Einnig hafa dómþolar með blandaða dóma styttri sakarferil en margir hverjir sem dæmdir eru í óskilorðsbundna refsingu. Þá er til þess að líta að hlutfall þeirra dóma þar sem dæmd er blönduð refsing ekki hátt.

Það má einnig nefna að dómþoli sem fengi samfélagsþjónustu vegna óskilorðsbundins hluta refsingar sinnar yrði á „tvöföldu skilorði“, þ.e. hann yrði að sæta þeim skilyrðum sem um samfélagsþjónustuna gilda varðandi óskilorðsbundna hluta refsingarinnar en yrði einnig eftir sem áður á skilorði vegna skilorðsbundinna hluta hennar.

Þá er lagt til að við skilyrði samfélagsþjónustu bætist að dómþoli afpláni ekki þá þegar refsingu í fangelsi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. Lagt er til að nægilegt sé að dómþoli óski skriflega eftir samfélagsþjónustu viku áður en en hann átti upphaflega að hefja afplánun fangelsisrefsingarinnar. Gert er ráð fyrir að almennt skuli synja beiðni um samfélagsþjónustu mæti dómþoli ekki til viðtals hjá fangelsismálastofnun þegar fram fer athugun á persónulegum högum hans.

Einnig eru í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar frá orðalagi núgildandi ákvæðis 2. mgr. 25. gr. laga um fangelsi og fangavist til samræmis við núgildandi framkvæmd. Bætt verði við heimild til að krefjast þess að aðili, sem bundinn er því skilyrði að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna, undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða sé til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

Um 32. gr.

Ákvæðið er nánast óbreytt frá 16. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 33. gr.

Í greininni er fjallað um rétt fanga til að fá nánustu vandamenn og vini í heimsókn í fangelsið á ákveðnum viðtalstímum. Tekið er fram að fangi eigi rétt á heimsóknum eigi sjaldnar en vikulega. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði hámark á heimsóknir til fanga. Verði því að miða við að fangi geti tekið við heimsóknum í hverjum viðtals- eða heimsóknartíma fangelsis. Tekið er fram að forstöðumaður fangelsis geti leyft frekari heimsóknir og einnig bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga en mælt er fyrir um að slíka ákvörðun skuli rökstyðja skriflega. Þá er lagt til að fangi geti neitað að þiggja heimsóknir, og felst í því að fangi geti hafnað heimsóknum ákveðinna manna eða heimsóknum yfirleitt.

Í 5. mgr er að finna tvenns konar nýmæli. Annars vegar er lagt til að heimilt sé að leita á þeim sem heimsækja fanga að fengnu samþykki þeirra. Tilgangurinn verði að ganga úr skugga um að sá sem heimsækir fanga hafi ekki meðferðis muni sem óheimilt eða refsivert er að hafa í fórum sínum í fangelsi, t.d. ávana- og fíkniefni eða ákveðin vopn. Lagt er til að heimilt sé að taka af gesti fanga þá hluti sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi meðan á heimsókn stendur. Auk þess er lagt til í 81. gr. að sú háttsemi að smygla eða gera tilraun til að smygla munum eða efnum til fanga sem honum er óheimilt að hafa í fangelsi verði refsiverð. Eins og segir í almennum athugasemdum er þessu ætlað að stemma stigu við því vandamáli sem smygl í fangelsi er. Hins vegar er að finna í málsgreininni nýmæli þar sem mælt er fyrir um viðbrögð við því þegar heimsóknargestur veitir ekki samþykki sitt til líkamsleitar. Heimilt er synja um heimsóknina eða ganga skemur með því að láta hana fara fram undir eftirliti í öðrum vistarverum fangelsisins, sbr. 34. gr., eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga.

Greinin er að stofni til úr 17. gr. laga um fangelsi og fangavist og 13. gr. reglugerðar nr. 119/1990, um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga. Einnig var höfð hliðsjón af dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 34. gr.

Í greininni er fjallað um hvar fangi taki á móti heimsóknum, þ.e. í sérstöku heimsóknarherbergi eða í klefa sínum. Forstöðumaður fangelsis geti í sérstökum tilvikum ákveðið að heimsókn til fanga skuli fara fram í öðrum vistarverum fangelsis, svo sem þegar heimsókn fer fram undir eftirliti eða þegar fangi og gestur hittast aðeins í gegnum gler. Það getur einnig átt við þegar heimsókn fer fram með aðstoð túlks eða aðrar aðstæður við heimsókn gera það

að verkum að nauðsynlegt er að nýta stærri vistarverur en fangaklefa eða heimsóknarherbergi. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi ákvörðunarvald um hvar fangi taki við heimsóknum í hvert sinn en sú ákvörðun verði bókuð og ástæður hennar tilgreindar.

Lögð er á það áhersla í 3. mgr. að börnum sem koma sem heimsóknargestir í fangelsið verði sýnd sérstök nærgætni. Gert er ráð fyrir að í undantekningartilvikum geti fangi heimsótt barn sitt utan fangelsis en þá skal liggja fyrir rökstutt álit barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila um að slíkt fyrirkomulag sé æskilegt þegar hagsmunir barnsins eru hafðir að leiðarljósi. Sérhæfður aðili samkvæmt lagagrein þessari getur t.d. verið skólasálfræðingur.

Greinin er að öðru leyti úr 15. gr. reglugerðar nr. 119/1990. Einnig var höfð hliðsjón af norsku fullnustulögunum hvað varðar heimsóknarherbergi.

Um 35. gr.

Hér er lagt til að heimsóknir til fanga fari almennt fram án eftirlits. Þó geti forstöðumaður fangelsis ákveðið að heimsókn fari fram undir eftirliti þyki það nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Mælt er fyrir um að slíka ákvörðun skuli rökstyðja í bókun.

Í 3. og 4. mgr. er gert ráð fyrir að sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geti óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn. Þetta ákvæði er nýmæli. Tilgangur þess er að öryggis gests eða fanga sé gætt sé þess óskað.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um símtöl fanga. Lagt er til í 1. mgr. að fangi eigi rétt á símtölum á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um.

Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að forstöðumaður fangelsis geti bannað símtöl við fanga í öðrum fangelsum og að hann geti ákveðið að hlustað verði á símtöl fanga að nánari skilyrðum uppfylltum, m.a. í þeim tilgangi að vernda þann sem afleiðingar af broti hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Þetta er nýmæli og er sett bæði í þeim tilgangi að fangi hringi ekki í þessa aðila eftir atvikum með hótunum eða hringi í aðra til að mæla fyrir um hótanir eða ófarnað gagnvart fyrrnefndum aðilum. Ekki er þó gert ráð fyrir að hlustað sé á öll símtöl fanga og er því ekki hægt að koma að öllu leyti í veg fyrir að fangi hringi í brotaþola eða vitni, eða hringi í aðra í þeim tilgangi að hefna sín á brotaþola eða vitnum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef hlustað er á símtöl fanga skuli það tilkynnt honum og ástæður tilgreindar og bókaðar. Er þetta lagt til í ljósi þess að um afar íþyngjandi aðgerð er að ræða. Heimilt verði að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en sé þess ekki kostur verði unnt að kalla til túlk sem þýði samtalið fyrir fangavörð. Þetta er lagt til í ljósi þess að nokkuð er um að erlendir fangar afpláni dóma hér á landi og ákvæði um eftirlit er haldlítið ef samtal fanga fer fram á tungumáli sem fangavörður skilur ekki.

Gert er ráð fyrir að ekki verði heimilt að hlusta á símtöl fanga við lögmann, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Það nýmæli kemur fram í 5. mgr. að samkvæmt beiðni rétthafa símanúmers geti forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í viðkomandi símanúmer úr fangelsi. Er þetta ákvæði lagt til að gefnu tilefni og er fyrst og fremst ætlað að vernda þá sem ekki vilja að tiltekinn eða tilteknir fangar hringi í þá, svo sem ef um er að ræða brotaþola, þá sem báru vitni í viðkomandi máli og aðra sem ekki vilja símtöl frá viðkomandi fanga eða föngum.

Loks er tekið sérstaklega fram að fangi greiði sjálfur kostnað við símtöl sín utan þau sem þar eru tiltekin.

Ákvæði 36. gr. eru að efni til úr 18., 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 119/1990 og einnig eru sambærileg ákvæði í dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 37. gr.

Hér er fjallað um heimild fanga til að senda bréf og taka við þeim og um heimild forstöðumanns fangelsis til að skoða bréf til og frá fanga í viðurvist fangans, takmarka bréfaskipti fanga og stöðva bréfasendingar að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að gera það að skilyrði að bréfasendingar fanga fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en ella má fela skjalaþýðanda að þýða bréfið. Eiga þar sömu röksemdir við og í athugasemdum við 36. gr. Einnig verði fanga greint frá því að bréf hans séu skoðuð og ástæður þess tilgreindar og bókaðar.

Þá er mælt fyrir um að fangi skuli sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir utan þann sem tilgreindur er í málsgreininni. Þegar fangelsi útvegar bréfsefni og umslög er mælt fyrir um að þau megi það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni fangelsis. Er þetta gert með hagsmuni fangans fyrir augum.

Ákvæði greinarinnar eru að stofni til úr I. kafla reglugerðar nr. 119/1990 og 18. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist auk þess sem litið var til ákvæða dönsku og norsku fullnustulaganna.

Um 38. gr.

Hér er lagt til að fangi skuli að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála í fjölmiðlum. Ákvæðið leggur skyldur á fangelsi að útvega dagblöð og gefa föngum kost á að hlusta á útvarp og horfa á sjónvarp og er það í samræmi við það sem nú tíðkast. Ekki ber að skilja ákvæðið svo að það skyldi fangelsisyfirvöld til að útvega áskrift að öllum dagblöðum og sjónvarpsrásum, heldur verði miðað við að fangar eigi, eins og ákvæðið er orðað, að jafnaði kost á að fylgjast með gangi þjóðmála. Tilgangurinn er sá að fangar einangrist ekki í fangavistinni og eigi auðveldara með að aðlagast samfélaginu á ný að afplánun lokinni.

Þá er í 2. mgr. lagt til að fangelsismálastofnun ákveði í samráði við forstöðumann fangelsis hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga. Slík ákvörðun er háð mati á því hvort að viðtalið teljist andstætt þeim ríku hagsmunum sem í ákvæðinu eru tilgreindir.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um rétt fanga til útiveru á lóð fangelsis í a.m.k. eina og hálfa klukkustund á dag og til að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir, enda bjóði aðstæður í fangelsi upp á það. Ákvæðið á fyrirmynd í 15. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist, 86. gr. evrópsku fangelsisreglnanna og dönsku og norsku fullnustulögunum. Hér er þó um rýmkun á útivistartíma að ræða frá því sem var í lögum um fangelsi og fangavist.

Um 40. gr.

Ákvæðið er nýmæli og fjallar um rétt erlendra fanga sem afplána dóma hér á landi til að hafa samband við sendiráð eða ræðismann lands síns hérlendis, eða lands sem gætir hagsmuna þess, og aðstoð fangelsis við ríkisfangslausa fanga eða fanga sem eru flóttamenn við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana. Þetta er m.a. lagt til í ljósi þess að erlendum föngum hefur fjölgað hér undanfarin ár og því þykir eðlilegt að huga sérstaklega að þeirra rétti þegar þar á við.

Greinin á fyrirmynd í 44. gr. evrópsku fangelsisreglnanna og í dönsku fullnustulögunum.

Gert er ráð fyrir því í 3. mgr. að erlendur fangi eigi rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf, sbr. 17. gr.

Um 41. gr.

Lagt er til að fangi skuli eiga þess kost að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags. Tilgangurinn er að fangi fái sáluhjálp og geti iðkað trú sína með eðlilegum hætti. Ákvæðið gefur fanga ekki rétt til að kalla til prest á hvaða tíma sem er, heldur ákvarði fangelsisyfirvöld, eftir atvikum í samráði við prest eða fulltrúa trúfélags, hvernig og hvenær samtali við fanga verði háttað. Með vísan til skráðs trúfélags er sleginn sá varnagli að vitað sé hvert unnt er að snúa sér vegna óskar fanga.

Um 42. gr.

Hér er lagt til hvaða muni forstöðumaður geti leyft fanga að hafa í klefa. Um nýmæli er að ræða og var höfð hliðsjón af dönsku og norsku fullnustulögunum. Nauðsynlegt þykir að hafa um það skýrar meginreglur með lögmæltum takmörkunum. Ekki verði heimilt að hafa tölvu með nettengingu. Fangar geti því hvorki nálgast efni á netinu né sent eða tekið við tölvupósti. Markmiðið er m.a. að koma í veg fyrir refsiverðan verknað, m.a. að fangar geti fengið eða sent ólöglegt efni sem hægt er að nálgast á netinu, eða skipulagt ólöglega starfsemi. Hafa ber í huga að fangavistin, og sú einangrun sem af henni leiðir, væri næsta gagnslaus ef fangi hefði ótakmarkaðan aðgang að netinu. Af sömu ástæðu er lagt til að fanga verði ekki heimilt að hafa eigin síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum, hvorki síma tengdan við símalínu né farsíma. Þá verði fanga óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi og ávana- og fíkniefni. Lagt er til að fanga verði heimilt að hafa peninga í klefa sínum að því tilskildu að fjárhæðin sé ekki hærri en sem svarar þóknun fanga á einum mánuði.

Um 43. gr.

Hér er lagt til að fangar geti kosið sér talsmenn. Hlutverk slíkra talsmanna verði fyrst og fremst að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd í viðræðum við fangelsisyfirvöld og út á við. Það telst hins vegar ekki til hlutverks þeirra að fjalla um atriði er varða öryggi í fangelsi eða að fylgja eftir afgreiðslu mála einstakra fanga.

Um 44. gr.

Í greininni sem fjallar um reglubundin dagsleyfi er gert ráð fyrir að forstöðumaður fangelsis geti að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að heimsækja fjölskyldu sína eða vini. Gert verði að skilyrði að leyfið sé talið heppilegt til að búa fanga undir að ljúka afplánun eða sem þáttur í refsifullnustu.

Lagt er til að leyfi til að heimsækja fjölskyldu eða vini sé að hámarki 14 klukkustundir og veitt á tímabilinu frá kl. 7 að morgni dags til kl. 22 að kvöldi sama dags. Ber að skilja þetta þannig að fangi fari úr fangelsi kl. 7 að morgni eða síðar og komi til baka í fangelsi fyrir kl. 22. Þó er lagt til að heimilt sé að lengja leyfið eigi fangi sannanlega um langan veg að fara. Misjafnlega getur staðið á ferðum á milli fangelsis og ákvörðunarstaðar fanga sem getur verið mjög langt frá fangelsinu. Rétt er að leggja áherslu á að þessi heimild skuli aðeins nýtt í undantekningartilvikum og almenna reglan verði sú að leyfi verði að hámarki 14 klukkustundir eins og áður greinir. Ef veitt er undanþága verði það metið hverju sinni hvort rétt sé að veita undanþágu og hvað teljist sannanlega löng vegalengd. Gert er ráð fyrir að slíkt mat

ráðist fyrst og fremst af því hversu löng ferðin er og hvort mestur hluti leyfisins fari í ferðir milli fangelsis og ákvörðunarstaðar.

Þá er í 2. mgr. lagt til að fangi skuli í leyfisbeiðni upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu og hvern hann hyggst heimsækja. Gert er ráð fyrir að unnt sé að leita staðfestingar hjá þeim sem fangi hyggst heimsækja, og hlýtur það að teljast eðlileg krafa í ljósi þess tilgangs sem býr að baki leyfinu.

Í 3. mgr. og 4. mgr. er fjallað um það hvenær fyrst verði unnt að veita fanga leyfi og hvenær endurveiting slíks leyfis kemur til greina. Nauðsynlegt þykir að skýrar reglur gildi um þetta til að jafnræðis sé gætt. Vegna góðrar reynslu af slíkum dagsleyfum er gert ráð fyrir að þau verði veitt á mánaðarfresti eftir að hafa verið veitt í fyrsta skipti sem er talsverð rýmkun frá gildandi reglum. Þá eru reglur um dagsleyfi langtímafanga einnig rýmkaðar þar sem lagt er til að þegar fangi hefur verið samfellt fjögur ár í fangelsi megi veita slíkt leyfi þrátt fyrir að hann hafi ekki afplánað einn þriðja hluta refsivistarinnar.

Loks er gert ráð fyrir að binda megi afplánun utan fangelsis því skilyrði að fangi fái ekki dagsleyfi samkvæmt þessari grein. Á það sérstaklega við í þeim tilvikum þegar afplánun fer fram á meðferðarstofnun eða meðferðarheimili.

Um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis er fjallað í reglugerð nr. 719/1995, með síðari breytingum.

Um 45. gr.

Í greininni er lagt til að litið sé til brotsins sem fangi afplánar refsivist fyrir og sakar- og afplánunarferils fanga áður en leyfi til dvalar utan fangelsis er veitt. Sérstaka gát skuli sýna við veitingu leyfis þegar um er að ræða tiltekin brot. Þá skal taka tillit til hegðunar fanga í afplánun og hvort hann hafi nýtt sér meðferðarúrræði í fangelsinu sem honum standa til boða og æskilegt er að hann nýti sér. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að hvetja fanga til að nýta sér þau meðferðarúrræði sem í boði eru fyrir fanga.

Í 3. mgr. er kveðið á um það hvaða afbrot sem fangi var dæmdur fyrir í síðasta refsidómi og/eða atvik geta haft áhrif á beiðni fanga um dagsleyfi og endurveitingu þess. Sérstaklega er kveðið á um að hafi fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi skuli líða að minnsta kosti tvö ár þar til unnt er að veita fanga slíkt leyfi. Hafi fangi framið refsiverðan verknað í fyrra dagsleyfi eða misnotað slíkt leyfi að öðru leyti skal leyfi eigi veitt fyrr en að minnsta kosti átta mánuðir eru liðnir frá slíku atviki. Verði fangi uppvís að neyslu áfengis- eða fíkniefna eða hann hefur framið agabrot í fangelsi eða utan þess kemur leyfi til dvalar utan fangelsis að jafnaði eigi til greina fyrr en að sex mánuðum liðnum frá slíku atviki. Um er að ræða strangari reglur en nú gilda, enda þykir ástæða til að taka harðar á misnotkun leyfa um leið og reglur um veitingu þeirra eru rýmkaðar að öðru leyti.

Um 46. gr.

Hér er mælt fyrir um leyfi fanga til dvalar utan fangelsis í sérstökum tilvikum sem nánar er lýst í 1.–4. tölul. 1. mgr. Gert er ráð fyrir að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um að þær aðstæður, sem þar er lýst, séu fyrir hendi. Þá verði leyfi samkvæmt ákvæðinu átta klukkustundir að hámarki. Í undantekningartilvikum er heimilt að lengja þann tíma.

Í 3. mgr. er nánar lýst hverjir teljist vera ættingjar eða aðrir nákomnir en lagt er til að fleiri falli undir þá skilgreiningu, enda verður að telja að aðrir ættingjar geti í mörgum tilvikum verið nánari fanga en þeir sem standa honum næst í skyldleika.

Þá er í 4. mgr. mælt fyrir um að forstöðumaður ákveði í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum verði hagað í leyfinu, þ.e. hvort fangaverðir fylgi honum eftir allan tímann.

Um 47. gr.

Hér er lagt til að fangelsismálastofnun geti veitt fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám vinnu eða starfsþjálfun. Gert er ráð fyrir að áður en ákvörðun er tekin liggi fyrir staðfesting á námi, vinnu eða starfsþjálfun fanga, staðfest stundaskrá eða skrifleg staðfesting skóla eða vottorð vinnuveitanda eða þess sem veitir starfsþjálfun á að fangi geti hafið viðkomandi nám, vinnu eða starfsþjálfun og enn fremur að þeim sé ljóst að um refsifanga sé að ræða.

Greinin er sambærileg ákvæðum 33. og 34. gr. reglugerðar nr. 719/1995. Vinna, nám eða starfsþjálfun miðar að því að búa fangann sem best undir að ljúka afplánun og taka þátt í samfélaginu að afplánun lokinni. Í þessu sambandi skal bent á 24. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, m.a. með því að stunda vinnu eða nám sem er þá liður í aðlögun hans að samfélaginu að lokinni afplánun.

Mælt er fyrir um það í 3. málsl. 1. mgr. hvenær leyfi sem þetta kemur fyrst til greina. Það er forstöðumaður sem tekur ákvörðun um það í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu verði hagað í leyfinu.

Um 48. gr.

Lagt er til að lögfest verði þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis. Í 1.–3. tölul. 1. mgr. eru tilgreind almenn skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa og í 1.–5. tölul. 2. mgr. eru frekari skilyrði tilgreind en ekki er um tæmandi talningu að ræða og er því heimilt að setja frekari skilyrði fyrir leyfinu.

Í 4. mgr. eru tiltekin þau atriði sem tilgreina skal í leyfinu og kveðið á um tilkynningarskyldu fanga ef þau atvik sem þar greinir gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.

Um 49. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til reglur um form umsóknar, leyfi og leyfisveitingar. Þær eru sambærilegar ákvæðum 21. gr. reglugerðar nr. 719/1995.

Um 50. gr.

Hér er gert ráð fyrir að fangi beri sjálfur kostnað vegna leyfis til dvalar utan fangelsis, þó ekki kostnað af fylgd fangavarða. Er það í samræmi við það sem nú gildir.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis áður en það kemur til framkvæmda. Slíkt verði fyrst og fremst gert þegar fram koma upplýsingar sem hefðu leitt til þess að neitað hefði verið um leyfi hefðu þær upplýsingar legið fyrir áður en leyfið var veitt.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir heimild til niðurfellingar leyfis til dvalar utan fangelsis ef fangi rýfur skilyrði leyfisins meðan á því stendur. Auk þess geti rof á skilyrðum leyfis varðað agaviðurlögum.

Um 52. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Lagt er til að leita megi í klefa fanga ef grunur leikur á um að fangi hafi í vörslum sínum muni sem honum er óheimilt að hafa, sbr. 1.–4. tölul. 1. mgr. Auk þess megi leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti. Tekið er fram að fanga skuli skýrt frá ástæðum fyrir leit áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því, svo sem ef hætta er talin á að fangi kunni að skjóta undan eða eyða hlutum eða efnum sem refsivert er að hafa í vörslum sínum eða hafa orðið til við refsiverðan verknað.

Lagt er til í 3. mgr. að fangi skuli almennt ekki vera viðstaddur leit í klefa og að heimilt sé að flytja hann í aðrar vistarverur á meðan hún fer fram. Þó verði heimilt að ákveða að hann skuli viðstaddur leit. Verður það að fara eftir tilgangi leitar og eðli þess sem leitað er að hvor leiðin er farin. Þá er í lok 3. mgr. lagt til að gera skuli skýrslu um leitina og þá hluti sem þar finnast og fanga er óheimilt að hafa í klefa sínum.

Ástæður meginreglu þeirrar sem lögð er til í 3. mgr. eru að fangi geti ella aflað sér upplýsinga um leitaraðferðir fangavarða og þar með verði öryggi í fangelsinu ógnað, enn fremur að fangi geti brugðist við á tilfinningalegan eða ofbeldisfullan hátt við að sjá fangaverði leita í persónulegum eigum hans.

Í gildandi lögum um fangelsi og fangavist er ekki heimild til að leita í klefum fanga. Telja verður eðlilegt að lögfesta slíka heimild, enda er um íþyngjandi ákvörðun að ræða. Slík ákvæði eru og í dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 53. gr.

Hér er nýmæli um leit á fanga, í fötum hans og innanklæða. Gert er ráð fyrir að leit á fanga innanklæða skuli gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns.

Um 54. gr.

Í greininni er fjallað um líkamsrannsókn á fanga. Gert verði að skilyrði að grunur leiki á að fangi hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getur í 1. mgr. 52. gr. Þá verði kveðið á um að taka megi blóðsýni og þvagsýni úr fanga ef grunur leikur á um að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna og að læknir eða hjúkrunarfræðingur annist líkamsrannsókn og töku blóðsýnis. Lagt er til að ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skuli tekin með rökstuddri bókun.

Líkamsrannsókn er rannsókn til að komast að því hvort fangi feli í líkama sínum efni eða muni sem í 1. mgr. 52. gr. getur. Slík rannsókn getur farið fram hvort heldur er með sýnatöku, röntgenmyndatöku eða á annan þann hátt sem læknir eða hjúkrunarfræðingur telur gefa gleggsta og öruggasta niðurstöðu. Leiki grunur á því að fangi feli ávana- eða fíkniefni innvortis verður að telja nauðsynlegt að læknar eða hjúkrunarfólk geti komist að því hvort svo sé með þeim aðferðum sem hverju sinni gefa öruggasta niðurstöðu, enda geta slík efni falin í líkama manns skapað mikla hættu fyrir líf og heilsu viðkomandi.

Um 55. gr.

Hér er lagt til að tekin verði af tvímæli um að stjórnsýslukæra fresti ekki leit og líkamsrannsókn.

Um 56. gr.

Í ákvæði þessu eru agabrot skilgreind og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 57. gr.

Hér er fjallað um viðurlög við agabrotum fanga. Gert er ráð fyrir að skrifleg áminning sé vægasta viðurlagategundin og því er kveðið skýrt á um það í 3. mgr. að áminningu verði beitt hafi fangi ekki áður framið agabrot og brot er smávægilegt.

Þá er að finna tæmandi talningu þeirra brota eða tilrauna til brota í 2. mgr. sem heimila beitingu einangrunar sem agaviðurlaga.

Um 58. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir heimild til að skilja fanga frá öðrum föngum undir ákveðnum kringumstæðum sem eru tæmandi taldar í ákvæðinu. Lögð er áhersla á að um bráðabirgðaúrræði sé að ræða sem ekki skal standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en 24 tíma.

Eðli máls samkvæmt er ekki gert ráð fyrir að ákvörðun um aðskilnað skv. 58. gr. sé kæranleg til dómsmálaráðuneytis.

Um 59. gr.

Hér er lagt til að fanga megi vista í öryggisklefa ef nauðsyn krefur og önnur skilyrði 1. mgr. eiga við.

Gert er ráð fyrir að þegar fangi er vistaður í öryggisklefa megi nota belti og hanska, fót- og handjárn og fót- og handreimar, sbr. 2. mgr. Skal vistun í öryggisklefa aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingu annarra aðgerða.

Þá er gert ráð fyrir að ákvörðun um vistun í öryggisklefa sé birt fanga þegar aðstæður leyfa en eðli máls samkvæmt getur verið ómögulegt að gera það strax vegna ástands hans. Skal ákvörðunin þá birt strax og unnt er.

Ákvæðið á fyrirmynd í dönsku og norsku fullnustulögunum og í reglugerð nr. 179/1992.

Um 60. gr.

Greinin fjallar um skyldu til að kalla til lækni þegar einangrun eða aðskilnaði er beitt, svo og þegar fangi er settur í öryggisklefa. Læknisskoðun skuli fara fram daglega ef unnt er þegar einangrun er beitt eða þegar fangi er settur í öryggisklefa.

Um 61. gr.

Hér er gert ráð fyrir að áður en ákvörðun er tekin um agaviðurlög skv. 57. gr. skuli rannsaka málsatvik og gefa fanga kost á að kynna sér fyrirliggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þá skal ákvörðunin rökstudd. Enn fremur skuli fanga greint frá því að hann geti kært agaviðurlög til dómsmálaráðuneytisins. Taki hann ákvörðun um það sendi forstöðumaður fangelsis stjórnsýslukæruna og öll gögn málsins til ráðuneytisins eins og nú tíðkast.

Ákvæðum um málsmeðferðarfrest dómsmálaráðuneytisins er breytt frá gildandi lögum. Í stað tveggja sólarhringa er lagt til að fresturinn verði fjórir virkir vinnudagar frá því að kæran berst. Tvímæli verði tekin af um að kæra, sem berst utan afgreiðslutíma ráðuneytisins, teljist hafa borist því við upphaf næsta virka dags. Er þetta í samræmi við núverandi framkvæmd.

Þá verði ákvörðun um vistun fanga í öryggisklefa skv. 59. gr. eftir sem áður kæranleg samkvæmt þessari grein.

Um 62. gr.

Nýmæli er í greininni um að forstöðumaður fangelsis geti tekið ákvörðun um að leggja hald á muni eða peninga sem óheimilt er að koma með í fangelsi, hafa þar í vörslum sínum

eða búa þar til eða sem reynt er að smygla í fangelsi. Frá þessu er sú undantekning að ekki er heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns. Við samningu ákvæðisins var höfð hliðsjón af 73. gr. dönsku fullnustulaganna.

Um 63.–65. gr.

Ákvæðin eru sambærileg ákvæðum 40.–42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 73. 7. júní 2004, og ákvæðum 5. gr. reglugerðar 29/1993.

Þó skal getið nýmælis í 4. mgr. 64. gr. þar sem lagt er til að heimilt sé að krefjast þess að sá sem hlýtur reynslulausn sem bundin er skilyrði 1. tölul. 2. mgr. undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn því skilyrði reynslulausnar að neyta ekki áfengis eða fíkniefna.

Um 66. gr.

Í greininni er fjallað um fyrirkomulag á skilorðseftirliti fangelsismálastofnunar. Ákvæðið er að efni til sambærilegt 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 67. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um fyrirkomulag skilorðseftirlits. Gert er ráð fyrir að fangelsismálastofnun geri dómþola grein fyrir í hverju eftirlitið felst. Skiptir hér ekki máli þótt dómari hafi áður gert dómþola grein fyrir því sama við dómsuppkvaðningu, eða ákærandi við ákvörðun um ákærufrestun. Þá upplýsi dómþoli fangelsismálastofnun um hagi sína, t.d. um heimili, síma, vinnu, fjölskylduaðstæður o.s.frv. Þá er gert ráð fyrir að dómþola beri að hlíta því sem fangelsismálastofnun leggur fyrir hann, enda er það forsenda þess að eftirlitið geti farið fram.

Um 68. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en án þessarar heimildar væri eftirlit með því að ekki sé rofið skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna næsta haldlítið.

Um 69. gr.

Lagt er til að fangelsismálastofnun skuli gera lögreglu og ákæruvaldi viðvart ef talið er að dómþoli hafi rofið þau skilyrði sem honum var gert að hlíta með dómi eða ákærufrestun. Verður þetta að teljast eðlileg ráðstöfun í ljósi þess að lögreglurannsókn er nauðsynleg til að komast að því hvort um skilorðsrof hafi verið að ræða og þar með hvort ákæra verður gefin út.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þegar opinber rannsókn hefst á meintum skilorðsrofum dómþola ljúki eftirliti fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi skilyrðin. Þar með er dómþoli orðinn sakborningur í því opinbera máli sem þá hefst og nýtur réttinda sem slíkur. Tekin eru af öll tvímæli um að falli rannsókn niður af einhverjum ástæðum taki fangelsismálastofnun við eftirlitinu að nýju.

Um 70. gr.

Greinin er að stofni til úr ákvæðum 49. gr. og 52. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sú breyting er gerð að dómsmálaráðherra er heimilt að fela einum lögreglustjóra eða öðrum aðila, hvort heldur sem er opinberri stofnun eða einkaaðila, að annast innheimtu sekta á landsvísu en slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að auka skilvirkni og einfalda sektarinnheimtuferlið. Þá verði heimilt að veita lengri greiðslufrest en nú er mælt fyrir um við inn-

heimtu sekta. Slíkur viðbótarfrestur kæmi einkum til greina í undantekningartilvikum, t.d. þegar fjárhagur sektarþola er sérlega bágur eða persónulegar aðstæður hans með þeim hætti að eðlilegt sé að veita frest samkvæmt greininni. Litið yrði til þess hvort sjá mætti fram á að slíkur frestur myndi auka líkur á greiðslu til muna.

Um 71. gr.

Hér er fjallað um vararefsingu fésekta sem skuli beita ef innheimtuaðgerðir skv. 72. gr. eru þýðingarlausar eða fullreyndar.

2. mgr. er að stofni til úr 54. gr. almennra hegningarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 72. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í 26. gr. a laga um fangelsi og fangavist um fullnustu vararefsingar fésekta með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Í núgildandi lögum er ekki kveðið á um lágmarksfjárhæð fésekta og hefur raunin verið sú að allt niður í 5.000 kr. sekt er fullnustuð með samfélagsþjónustu. Á árinu 2003 var gerð könnun af starfsmanni fangelsismálastofnunar á meðal þeirra sem afplánuðu vararefsingar með samfélagsþjónustu. Bentu niðurstöður til þess að þeir upplifðu meiri röskun af því að láta af hendi fjármuni en að sjá af tíma og vera á skilyrðum sem gilda um samfélagsþjónustu. Ekki var munur á milli þeirra sem voru í vinnu eða þeirra sem voru atvinnulausir. Þá kom fram að meiri hluti þessara einstaklinga kváðust geta greitt sekt sína ef þeim hefði ekki verið heimiluð samfélagsþjónusta. Í tengslum við þessa athugun má færa rök að því að tilgangi samfélagsþjónustu sé erfiðlega náð þegar sá sem hlýtur vægari refsingu, þ.e. sekt, velur frekar þyngri refsingu, þ.e. samfélagsþjónustu í stað greiðslu sekta. Þykir því rétt að gerðar verði ríkari kröfur til þeirra sem heimiluð er samfélagsþjónusta í stað vararefsinga til þess að koma í veg fyrir misnotkun á úrræðinu. Hér er því lagt til að sett verði inn í lögin ákvæði um 60.000 kr. sem lágmarksfjárhæð fyrir samfélagsþjónustu. Vararefsing verði því ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu undir þessari fjárhæð. Tekur framangreind fjárhæð mið af 1. mgr. 83. gr. a almennra hegningarlaga um fyrningarfrest. Í greininni segir m.a. að fésekt undir 60.000 kr. sem er ákveðin með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist þegar liðin eru þrjú ár frá því að unnt var að hefja fullnustu sektarinnar. Talsvert hefur borið á því að sektir fyrnist sem eru innan þessara fjárhæða með hliðsjón af því að innheimtuferlið er almennt langt og seinvirkt. Þá er gert ráð fyrir að lágmarksklukkustundafjöldi samfélagsþjónustu verði hækkaður úr 20 klst. í 40. klst. en um lengd fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu gildir ákvæði 3. mgr. 28. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 26. gr. a, er eingöngu heimilt að veita dómþola samfélagsþjónustu, sem dæmdur er í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi og að auki til greiðslu sekta ef heildarrefsingin er ekki lengri en eitt ár, á óskilorðsbundnum hluta refsingarinnar þrátt fyrir að sektarhluti hennar teljist ávallt vægari refsing. Þykir rétt að fallið verði frá því að útiloka þessa dómþola frá samfélagsþjónustu. Til samræmis er enn fremur lagt til að samfélagsþjónusta verði heimiluð þegar samanlögð vararefsing fésekta samkvæmt einni eða fleiri refsiákvörðun er hærri en eitt ár. Slík tilvik eru þó fátíð en skv. 1. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga er hámarksafplánunartími vararefsingar eitt ár án tillits til þess hversu há fjárhæð sektarinnar er sem er þar að baki.

Þá er lagt til með 3. mgr. að sett verði strangari skilyrði fyrir veitingu samfélagsþjónustu þegar sektarþoli sem hlotið hefur fimm eða fleiri sektir fyrir sambærileg brot verði að jafnaði ekki heimiluð samfélagsþjónusta. Er það ákvæði fyrst og fremst sett til þess að koma í veg fyrir misnotkun á úrræðinu.

Samkvæmt núgildandi ákvæði getur fyrning sekta átt sér stað eftir að sektarþoli undirritar skilyrði samfélagsþjónustu þrátt fyrir að vinnan sjálf sé ekki hafin. Sektarþoli getur því hæglega teygt lopann fram yfir fyrningu með því að mæta ekki til starfa, láta ekki ná í sig eða gera sér upp langtímaveikindi. Til þess að sporna við þessu er lagt til í 4. mgr. að fullnusta samfélagsþjónustu hefjist þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu en ekki þegar sjálf vinnan hefst.

Um 73. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. b laga um fangelsi og fangavist og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 74. gr.

Hér er lagt til að lögreglustjóri eða annar aðili samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. 70. gr., annist innheimtu sakarkostnaðar og að um þá innheimtu fari samkvæmt ákvæðum 70. og 71. gr. og mundi það vera lögfesting á fyrirkomulagi sem tíðkast hefur um langa hríð.

Um 75. gr.

Hér er gert ráð fyrir lögfestingu á framkvæmd eignaupptöku sem tíðkast hefur lengi.

Um 76. gr.

Um stjórnsýslukæru gilda reglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Skv. 26. gr. laganna er aðila heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Ákvarðanir forstöðumanns sem mælt er fyrir í lögunum eru því kæranlegar til fangelsismálastofnunar en ákvarðanir fangelsismálastofnunar aftur á móti kæranlegar til dómsmálaráðuneytisins. Dæmi um hið fyrrnefnda eru ákvarðanir forstöðumanns í tengslum við heimsóknir til fanga, sbr. 33. gr., en dæmi um hið síðarnefnda er ákvörðun fangelsismálastofnunar um leyfi til dvalar fanga til utan fangelsis, sbr. 46. gr., og ákvörðun stofnunarinnar um að fella slíkt leyfi niður. Tekin eru af öll tvímæli um það að ákvörðun forstöðumanns, sem tekin er í samráði við fangelsismálastofnun, skuli kæranleg beint til dómsmálaráðuneytis.

Í greininni eru sérákvæði um málsmeðferð. Rétt er að hafa í huga að víðar í frumvarpinu er að finna slík ákvæði, sbr. t.d. sérreglur um kærumeðferð ákvarðana skv. VI. kafla um agaviðurlög o.fl. og ákvæði um málsmeðferð í 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 25. gr. Ekki eru lagðar til aðrar takmarkanir á andmælarétti fanga en þar eru. Þess í stað er gengið út frá því að andmælaréttur geti ráðist af eðli máls þegar upp koma þær aðstæður að ógerlegt er að framfylgja honum, svo sem þegar valdbeitingar er þörf.

Í 2. og 3. mgr. eru lagðar til sérstakar undanþágur frá aðgangi fanga að málsgögnum. Telja verður rétt að fangi fái ekki aðgang að upplýsingum um aðra fanga eða öryggismál fangelsis. Ef kostur er og aðstæður leyfa má sýna fanga þau atriði viðkomandi málsgagna sem fjalla um hann einan og halda að öðru leyti efni málsgagnanna frá honum.

Um 77. gr.

Nauðsynlegt þykir að tilgreina hvaða ákvæði gildi um gæsluvarðhaldsfanga því að um þá gilda önnur sjónarmið og reglur en um fanga sem afplána refsingu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 78. gr.

Greinin fjallar um náðunarnefnd og er nær samhljóða 32. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist, með þeirri undantekningu að lagt er til að skipunartími nefndarinnar verði þrjú ár í stað tveggja.

Um 79. gr.

Samhljóða ákvæði var í frumvarpi til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sem lagt var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi, en var ekki samþykkt. Í ákvæðinu er lagt til að fangelsismálastofnun fái heimild til vinnslu persónuupplýsinga að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfseminnar. Þetta er ekki bundið við vinnslu almennra persónuupplýsinga heldur getur vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga einnig verið nauðsynleg. Hér má t.d. nefna að gert er ráð fyrir vinnslu upplýsinga um refsidóma og aðrar ákvarðanir sem fela í sér refsingu og fangelsismálastofnun berast til fullnustu og vinnslu upplýsinga um fullnustu refsinga, en slíkar upplýsingar teljast viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Þessi heimild til vinnslu persónuupplýsinga tekur mið af 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, en þar er gert ráð fyrir að ákvæði annarra laga mæli fyrir um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Það skal áréttað sérstaklega að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessu ákvæði yrði einungis heimil að því marki sem nauðsynlegt væri með hliðsjón af lögbundnu hlutverki fangelsismálastofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðinu fari samkvæmt lögum nr. 77/2000.

Um 80. gr.

Greinin fjallar um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna, og eru tiltekin nokkur atriði í dæmaskyni. Rétt er að geta þess að reglugerðarheimildum frumvarpsins er hér safnað saman í eina grein til að gefa skýra mynd af þeim atriðum sem gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um í reglugerð.

Í 3. mgr. er síðan gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun setji reglur fangelsa.

Um 81. gr.

Hér er lagt til að gerð verði refsiverð sú háttsemi að smygla munum til fanga sem hann má ekki hafa í fangelsi. Ákvæðið er nýmæli og er tilgangur þess að stemma stigu við því vandamáli sem smygl á munum inn í fangelsi er. Gert er ráð fyrir að auk muna sem refsivert er að hafa í fórum sínum, svo sem fíkniefna og ákveðinna tegunda vopna, nái ákvæðið til annars löglegra muna sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi, svo sem vopna, áfengis, síma og annarra fjarskiptatækja, lyfja og annarra hluta sem fanga er óheimilt samkvæmt reglum fangelsis að hafa í fangelsi.

Um 82. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar að öðru leyti en því að lagt er til brottfall nánar tiltekinna ákvæða almennra hegningarlaga þar sem gert er ráð fyrir að efni þeirra verði flutt í lög um fullnustu refsinga, sbr. það sem að framan greinir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðum ýmissa laga og reglugerða um fullnustu refsinga verði steypt saman í ein heildarlög með það að markmiði að gera gildandi reglur skýrari og styrkja lagastoð ýmissa ákvæða. Flestar breytingarnar miða að lögfestingu núverandi framkvæmdar. Þau ákvæði sem eru nýlunda eða breyting frá núverandi skipan varða fæst kostnað ríkissjóðs nema í litlum mæli. Í því sambandi má nefna að gera má ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að falla til við það að heimilað verði að fangavörður njóti aðstoðar túlks í sambandi við afplánun erlendra fanga, svo sem þegar gerð er grein fyrir réttindum, reglum og skyldum við afplánun, við heimsóknir til fanga, hlustun á símtöl og þess háttar. Einnig má nefna að í frumvarpinu er lögð til rýmkun á reglum um leyfi fanga úr fangelsi til að heimsækja aðstandendur á sjúkrabeð og til að vera viðstaddir jarðarfarir, en það kann að hafa í för með sér lítils háttar hækkun á kostnaði við fylgd fangavarða með föngum. Að öllu virtu er þó ekki talið að frumvarpið hafi umtalsverðan viðbótarkostnað í för með sér sem ekki rúmast innan rekstrarumfangs Fangelsismálastofnunar verði það óbreytt að lögum.

Í frumvarpinu er lagt til að orðið „þóknun“ verði notað í stað orðsins „vinnulaun“ í núgildandi lögum vegna endurgjalds fyrir vinnu fanga. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að þetta sé gert til að skilja á milli launa á almennum vinnumarkaði og þeirrar greiðslu sem fangar fá fyrir störf í fangelsi. Fjármálaráðuneytið vekur athygli á því að það telur að breytt orðalag að þessu leyti feli ekki í sér skattfríðindi til handa föngum eða mökum þeirra. Eftir sem áður er það álit ráðuneytisins og skattyfirvalda að þessar tekjur séu skattskyldar og að af þeim beri að greiða tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð, eins og kynnt hefur verið fyrir Fangelsismálastofnun og dómsmálaráðuneytinu. Almennt má gera ráð fyrir að launagreiðslur til fanga séu undir skattleysismörkum en að maki fanga eigi rétt á þeim hluta persónuafsláttar sem ekki er nýttur á móti launum fyrir vinnu við afplánun í fangelsi.

380. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Aukin útgjöld.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 6,3 milljarða kr. Nú við 2. umræðu koma enn fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um að auka útgjöldin, nú um 2,9 milljarða kr. Með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps og breytingartillagna við það aukast fjárheimildir ársins því um 9,3 milljarða kr. eða um 3,4% af fjárlögum. Þetta er talsvert lægra hlutfall en verið hefur undanfarin ár og er það vissulega til bóta en samt sem áður er hér óskað eftir auknum fjárveitingum til útgjalda sem annaðhvort vekja furðu eða ættu að vekja til umhugsunar. 1. minni hluti fjárlaganefndar ætlar ekki við þessa umræðu að meta hvort þetta frumvarp eða breytingartillögurnar við það séu

í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins en bendir á nefndarálit sitt um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 þar sem gerðar voru umtalsverðar athugasemdir varðandi viðhorf ríkisstjórnarmeirihlutans til þeirra laga. Við 1. umræðu um frumvarpið lýsti fjármálaráðherra því yfir að það væri enginn vafi á því að frumvarpið væri fyllilega í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Það er því ekki að sjá að rökstuddar athugasemdir hafi áhrif á viðhorf framkvæmdarvaldsins og meðan meiri hluti þingsins lætur þau viðhorf yfir sig ganga er ekki líklegt að breyting verði á. Eflaust á eftir að bætast við þetta frumvarp áður en til 3. umræðu kemur og mun þá frumvarpið verða skoðað í heild sinni út frá lögum um fjárreiður ríkisins.

Það vekur sérstaka athygli að efnahagsforsendur fjárlaga ársins 2004 eru algjörlega brostnar. Þannig er nú t.d. spáð að einkaneysla tvöfaldist frá fyrri spám og hið sama gildir um fjárfestingu og þjóðarútgjöld.

Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar, %	Fjárlög 2004	Áætluð niðurstaða 2004	Frávik frá fjárlögum
Einkaneysla	3,50	7,00	3,50
Samneysla	1,00	1,50	0,50
Fjárfesting	8,50	17,25	8,75
Þjóðarútgjöld alls	4,00	8,00	4,00
Útflutningur vöru og þjónustu	4,50	6,00	1,50
Innflutningur vöru og þjónustu	5,75	12,75	7,00
Verg landsframleiðsla	3,50	5,50	2,00
Viðskiptajöfnuður – % af landsframleiðslu	-3,25	-7,25	-4,00

Þessu til viðbótar er reiknað með að atvinnuleysi verði um 3% af mannafla á árinu 2004 sem er hálfu prósenti hærra en reiknað var með. Sjaldan eða aldrei hafa forsendur fjárlaga beðið annað eins skipbrot og einu viðbrögð ríkisstjórnar eru skattalækkanir sem gagnast þeim einum sem mest hafa handa á milli. Sú fyrirætlan getur eins og margir hafa bent á virkað líkt og olía á eld miðað við þær efnahagsforsendur sem við búum nú við.

Auknar tekjur.

Samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum við það er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 9,3 milljarðar kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs aukist um 10,8 milljarðar kr. en rekstrartekjur lækki um 1,5 milljarða kr. Hækkun skatttekna má að stærstum hluta rekja til góðrar afkomu fyrirtækja á árinu 2003, aukins bifreiðainnflutnings og áhrifa aukinnar einkaneyslu á innheimtu virðisaukaskatts. Í lok september sl. námu innheimtar ríkissjóðstekjur 13,2 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga. Samkvæmt því má ætla að tekjur ríkissjóðs séu vanáætlaðar eins og oft áður og verði meiri en gert er ráð fyrir.

Viðhald Alþingishúss.

Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir viðbótarframlagi til viðhalds Alþingishúss að upphæð 60 millj. kr. Á fjárlögum voru veittar 75 millj. kr. og því er áætlað að kostnaður við endurbæturnar verði 135 millj. kr. sem er 80% hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir þegar fjárlög ársins voru samþykkt. Í greinargerð með frumvarpinu eru tíndar til ýmsar skýringar. Þar kemur

m.a. fram að tilboð í verkið voru heldur hærri en kostnaðaráætlun og að einnig kom í ljós eftir að framkvæmdir hófust að magnaukning og aukaverk voru mun meiri en kostnaðarramminn gerði ráð fyrir. Vissulega hafði sumarþingið áhrif en einnig verður að gagnrýna áætlunargerð framkvæmdanna því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem framkvæmdir Alþingis fara verulega fram úr áætlunum án þessa að viðhlítandi skýringar fáist. Ljóst er að bæta þarf mjög allan undirbúning framkvæmda hjá Alþingi og ekki síður eftirlit með þeim. Það er ólíðandi að sú stofnun sem á að vera fyrirmynd hvað varðar umgengni við fjárlög skuli koma við sögu á þennan hátt í frumvarpi til fjáraukalaga.

Framhaldsskólar.

Frá því að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 var lagt fram hafa fjárveitingar til fjárlagaliðarins „Framhaldsskólar, almennt“ verði auknar um rúman milljarð króna. Verið er að leysa úr brýnum fjárhagsvanda framhaldsskólanna sem hafa verið verulega aðþrengdir um árabil. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að auka fjárheimildina um 250 millj. kr. vegna þess að nemandaspá benti til þess að fjöldi ársnema gæti orðið allt að 1.100 umfram forsendur fjárlaga og var miðað við að lækka meðalframlag á nemanda frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Engin skýring hefur fengist á því hvar eða hvernig hið nýja viðmið fannst. Nú, örfáum vikum, síðar óskar ríkisstjórnin eftir því að fjárheimildin verði enn aukin um 200 millj. kr. vegna nemandafjölgunar. Hafa því fundist rúmlega 800 nemendur til viðbótar frá því að frumvarpið var lagt fram eða hefur verið horfið frá lækkun meðalframlaga á nemanda? Hver sem skýringin er segir hún ýmislegt um þau vinnubrögð sem viðhöfð eru og getur ekki aukið traust til þeirrar áætlunargerðar sem viðhöfð er. Með þessum breytingum er fullyrt að rekstur framhaldsskóla verði í jafnvægi árið 2004. Hins vegar kemur ekki fram hvort með þessu sé einnig verið að taka á uppsöfnuðum rekstrarhalla framhaldsskólanna eða hvort þessi aukning eigi aðeins að standa undir rekstri yfirstandandi árs. Að mati 1. minni hluta er nauðsynlegt að menntamálaráðuneytið upplýsi þetta og sendi fjárlaganefnd áætlaða stöðu einstakra skóla í árslok 2004 að teknu tilliti til þessara framlaga.

Þá má benda á að Háskóli Íslands á við sama vandamál að stríða, þ.e. að í fjárlögum ársins er gert ráð fyrir að greitt sé fyrir 5.200 virka nemendur en skólaárið 2003–2004 voru virkir nemendur í Háskóla Íslands 5.697. Eðlilegt er að spyrja hvers vegna ekki sé tekið á vanda Háskólans með sama hætti og vanda framhaldsskólanna. Hvaða reglur gilda innan menntamálaráðuneytisins þegar kemur að skilgreiningu á vanda stofnana? Þessu til viðbótar er athyglisvert að niðurstöður vinnuhóps, sem menntamálaráðherra skipaði árið 2002 til að meta hvort þróun einingarverða í reiknilíkani háskólanna væri í samræmi við ákvæði samnings um kennslu, benda til að ef fullt tillit hefði verið tekið til launahækkana hefði fjárveiting til Háskóla Íslands þurft að vera um 300 millj. kr. hærri á árinu 2004 en gert er ráð fyrir. Væntanlega verður tekið á þessu vandamáli við gerð fjárlaga fyrir árið 2005.

Enn á ný er bætt við kafla í söguna endalausu um embætti ríkislögreglustjóra. Þau eru fátíð fjáraukalögin þar sem ekki er minnst á embætti ríkislögreglustjóra. Nú á samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja sérsveitina frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra en á móti á að flytja tæknirannsóknir frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjórans í Reykjavík. Sérsveitin á nú að vera stoðdeild undir forsjá ríkislögreglustjórans, hvað sem það nú þýðir. Það er nauðsynlegt að mati 1. minni hlutans að fljótlega ljúki að sinni skipulagsbreytingum í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra þannig að meta megi gæði og kostnað við starfsemina.

Athyglisvert er að auka þarf fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs um tæplega 1,7 milljarða kr. eða um 67%. Þrátt fyrir aukinn hagvöxt er atvinnuleysi meira en forsendur fjár-

laga gerðu ráð fyrir. Stóriðjuframkvæmdirnar hafa ekki skilað þeim störfum sem áætlað var og hefur vinnuaflsþörfinni að mestu verið mætt með erlendu vinnuafli. Hið aukna atvinnuleysi er alvarleg þróun og ber stjórnvöldum skylda til að kanna ástæður þess þannig að grípa megi til aðgerða til að draga úr því.

Lokaorð.

Margt fleira í þessu frumvarpi væri ástæða til að gera athugasemdir við en það bíður 3. umræðu þegar heildarmynd er komin á frumvarpið. Margoft hefur verið á það bent að til þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok árs. Þrátt fyrir ósk í fjárlaganefnd í byrjun október sl. um slíkt yfirlit hefur það ekki enn borist. Það vekur ugg að svo langan tíma taki að taka saman slíkt yfirlit sem ætti ef vinnubrögð væru í lagi að vera fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi. Blekkingarleikur með fjárlög hefur einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr og því miður hefur meiri hluti Alþingis ekki viljað efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Meðan svo er má búast við marklitlum fjárlögum í fallegum búningi.

Alþingi, 18. nóv. 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

381. Skýrsla [337. mál]

forsætisráðherra um réttarstöðu samkynhneigðra.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. KAFLI
INNGANGUR

1.1. Skipun og hlutverk nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks.

Þann 8. september 2003 skipaði Davíð Oddsson forsætisráðherra nefnd til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Var nefndin skipuð í samræmi við ályktun sem Alþingi samþykkti 11. mars 2003 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að gera úttekt á réttarstöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi.

Í nefndina voru skipuð Anni G. Haugen félagsráðgjafi, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti, Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af menntamálaráðuneytinu, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Þorvaldur Kristinsson, tilnefndur af Samtökunum '78, og Björg Thorarensen, prófessor í lögum við lagadeild Háskóla Íslands, sem án sérstakrar tilnefningar var skipuð formaður nefndarinnar. Þann 14. október 2003 var Hólmfríður Grímsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, skipuð í nefndina í stað Ragnheiðar Haraldsdóttur. Dís Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var starfsmaður nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er vísað til þingsályktunarinnar um hlutverk hennar, að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks og skuli nefndin jafnframt gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu.

Nefndin tók til starfa í september 2003 og hittist á reglulegum vinnu- og samráðsfundum sem urðu alls 21 talsins, sex á árinu 2003 og 15 á árinu 2004.

1.2. Ályktun Alþingis og sjónarmið að baki henni.

Þingsályktunartillaga um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks var flutt af fulltrúum allra þingflokka á 128. löggjafarþingi 2002–2003.[1] Flutningsmaður hennar var Guðrún Ögmundsdóttir og meðflutningsmenn voru Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Sverrir Hermannsson, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson og Guðjón A. Kristjánsson.

Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera úttekt á réttarstöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Skal nefndin jafnframt gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúi forsætisráðuneytis, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðra. Sérstakur starfsmaður verði nefndinni til aðstoðar.

Nefndin skili Alþingi skýrslu og tillögum eigi síðar en 15. janúar 2004."

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er bent á að hér á landi hafi verið stigin mikilvæg skref í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Enn vanti þó nokkuð upp á að fullt jafnræði sé til staðar á þessu sviði og sé afar brýnt að bæta þar úr. Er þar sérstaklega bent á tvö atriði, annars vegar rétt samkynhneigðra til að eignast og ala upp börn og hins vegar réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð. Vísað er til skýrslu sem dómsmálaráðherra lét gera um réttarstöðu sambúðarfólks og samanburð á réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum og lögð var fram á Alþingi í mars 2001.[2] Ljóst sé að engin heildstæð löggjöf gildi á þessu sviði og bent á að með hugtakinu „óvígð sambúð" hafi almennt verið átt við sambúð karls og konu sem hafi sameiginlegt heimili, án þess að vera í hjúskap, og vissa fjárhagslega samstöðu. Hins vegar sé mikil óvissa um hvort og á hvaða réttarsviðum unnt er að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Nauðsynlegt sé því að skoða þessi mál náið og koma með tillögur til úrbóta.

Þá er lýst í greinargerðinni ákvæðum laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, og breytingum á þeim sem gerðar voru með lögum nr. 52/2000 þess efnis að maki í staðfestri samvist geti stjúpættleitt barn maka síns. Takmarkanir laganna varðandi frumættleiðingar barna og tæknifrjóvgun standi enn óbreyttar. Tekið er fram að afstaða samfélagsins til barna í fjölskyldum samkynhneigðra hafi breyst undanfarin ár og hafi þetta málefni verið ofarlega í umræðu á öllum Norðurlöndunum. Vísað er til niðurstaðna sænskrar nefndar sem skilaði viðamikilli skýrslu árið 2001 um samkynhneigða og börn. Loks er tekið fram að nauðsynlegt sé

---

1 Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Alþt. 2002–2003, bls. 802 og 5560.

2 Alþt. 2000–2001, A-deild, bls. 3949.

að kanna vel þróun þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu með það að markmiði að styrkja réttarstöðu samkynhneigðra.

Þingsályktunartillögunni var vísað til allsherjarnefndar eftir fyrri umræðu. Nefndin kallaði eftir umsögnum frá níu eftirtöldum: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Biskupsstofu, dómsmálaráðuneytinu, Félagi samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta við Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Samtökunum '78. Bárust umsagnir frá öllum umsagnaraðilum að frátöldum Bandalagi háskólamanna, dómsmálaráðuneytinu og Biskupsstofu en fulltrúar þess síðastnefnda komu á fund allsherjarnefndar. Allir, sem skiluðu umsögn, lýstu stuðningi sínum við tillöguna í óbreyttri mynd. Í umsögnum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja var lýst yfir stuðningi við tillöguna án frekari röksemda. Í umsögn Jafnréttisstofu var tekið fram að nokkuð hefði borið á því að samkynhneigðir leituðu þangað vegna misréttis og mikilvægt væri að tryggja að þessi samfélagshópur fengi möguleika á að leita réttar síns á svipaðan hátt og einstaklingar geta gert á grundvelli kynferðis. Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands var m.a. bent á að rétt væri að kanna skyldu til fræðslu um samkynhneigð og baráttu gegn fordómum. Í umsögn Félags samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta var lagt til að í greinargerð með tillögunni yrði bætt við einum þætti sem nefndin skyldi kanna og lyti að heimildum trúfélaga til þess að sjá um stofnun staðfestrar samvistar, en núgildandi lög fælu í sér mismunun milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra að þessu leyti. Í umsögn Samtakanna '78 var sérstaklega bent á það misrétti sem fælist í réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi eftir því hvort um sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra væri að ræða. Ýmsir agnúar væru á núverandi lögum vegna takmarkana á því að samkynhneigðir gætu frumættleitt börn og tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrastofnunum stæði ekki til boða konum í staðfestri samvist. Breytingar, sem hefðu átt sér stað á löggjöf ríkja á borð við Svíþjóð og Holland, undirstrikuðu nauðsyn þess að færa íslenska löggjöf nær nútímaviðhorfum í þeim efnum.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar um tillöguna er m.a. vísað til framangreindra umsagna og segir þar jafnframt:

„Með skipun nefndarinnar er stigið mikilvægt skref í því að fá heildarsýn hvað stöðu þessa hóps varðar en eins og kemur fram í greinargerð með tillögunni sést afar skýrt hversu réttarstaða samkynhneigðra er slæm þegar hún er borin saman við réttarstöðu sambúðarfólks og þeirra sem eru í hjónabandi.

Til grundvallar tillögunni liggur skýrsla frá mars 2001 sem unnin var í dómsmálaráðuneytinu um réttarstöðu fólks í sambúð og hjónabandi. Samkynhneigðir eiga ekki þann valkost að geta skráð sig í sambúð eins og aðrir heldur einungis að fara í staðfesta samvist. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum og er í skýrslunni gerð grein fyrir lagaákvæðum á fjölmörgum réttarsviðum sem sett hafa verið um réttarstöðu einstaklinga í óvígðri sambúð. Í skýrslunni er sérstaklega tekið fram að ekki hafi verið gerð úttekt á því hvort og þá hvernig rétt væri að setja einstök lagaákvæði um réttarstöðu samkynhneigðra í óstaðfestri samvist. Nú er því mikil réttaróvissa um hvort og á hvaða réttarsviðum unnt er að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og sambúð samkynhneigðra og rétt er að leggja áherslu á að þetta snertir bæði réttindi og skyldur samkynhneigðra í sambúð.

Mikil þróun og umræða hefur átt sér stað á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu um þessi mál og margar breytingar hafa verið gerðar á lögum til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Mikilvægt er að skoða þessi mál heildstætt,

bæði stöðuna hér heima og í öðrum löndum, og verður það m.a. hlutverk þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um."[3]

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt óbreytt. Var ályktunin samþykkt á Alþingi með 42 samhljóða atkvæðum en 21 þingmaður var fjarverandi.

Þess ber að geta að Alþingi hefur áður ályktað um réttindi samkynhneigðra og aðgerðir til að kanna stöðu þeirra á Íslandi. Þann 19. maí 1992 fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu samkynhneigðs fólks og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart því hverfi.[4] Í samræmi við það skipaði Davíð Oddsson forsætisráðherra nefnd með þetta hlutverk vorið 1993. Í skýrslu nefndarinnar frá október 1994 birtist úttekt hennar á þessum atriðum og gerðar eru ýmsar tillögur sem stefna að því að afnema misrétti gagnvart samkynhneigðum. Verða þær nánar raktar í 3. kafla skýrslu þessarar.

1.3. Störf nefndarinnar.

Eins og áður hefur verið lýst er kveðið á um það hlutverk nefndarinnar í ályktun Alþingis að gera úttekt á réttarstöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi og tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Í greinargerð með tillögunni er í þessu sambandi einkum vísað til tveggja sviða þar sem enn megi finna mismunun í löggjöf á réttarstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra, þ.e. annars vegar hvað varðar ættleiðingar og tæknifrjóvganir og hins vegar varðandi réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð.

Í upphafi starfsins leitaðist nefndin við að afmarka starfssvið sitt út frá þeim markmiðum sem koma fram í ályktuninni og undirbúningsgögnum með henni og byggði á því að fyrst og fremst skyldi stefna að lagalegri úttekt á stöðu samkynhneigðra. Að þessu leyti var verksvið nefndarinnar nokkru þrengra en nefndar um málefni samkynhneigðra sem skipuð var af forsætisráðherra árið 1993 og hafði það hlutverk að kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu samkynhneigðs fólks og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart því hverfi. Nefndin ákvað að fara yfir íslensk lög og reglur til að fjalla um þau lagaákvæði og helstu svið þar sem samkynhneigðir njóta ekki sömu réttarstöðu og gagnkynhneigðir, kanna hvaða rök lægju að baki slíkri mismunun og gera á grundvelli slíkrar könnunar tillögur til úrbóta. Jafnframt skyldi hún meta hvort ítarlegri verndarákvæða væri þörf í lögum til þess að vernda samkynhneigða gegn mismunun. Nefndin einskorðaði starf sitt þannig ekki við þau tvö svið sem nefnd eru í greinargerð með ályktun Alþingis, heldur kannaði lagastöðuna á breiðari grundvelli. Auk þess ákvað nefndin að kanna sérstaklega hvernig hefði verið fylgt eftir margþættum tillögum áðurgreindrar nefndar um málefni samkynhneigðra sem koma fram í skýrslu hennar frá 1994, hver væri reynsla af þeim lagabreytingum sem gerðar voru á grundvelli skýrslunnar og hvort ástæða væri til frekari breytinga. Í þeirri skýrslu voru, auk ýmissa tillagna um lagabreytingar, lagðar til úrbætur á menningarlegu og félagslegu sviði, einkum í fræðslumálum í ljósi þess að staða samkynhneigðra í samfélaginu batnar með aukinni þekkingu á samkynhneigð.[5]

Á vegum nefndarinnar fór fram víðtæk gagnaöflun varðandi þróun á réttarstöðu samkynhneigðra á Norðurlöndum og nokkrum Evrópulöndum. Var þar einkum litið til nýlegra

---

[3] Alþt. 2002–2003, A-deild, bls. 501.
[4] Alþt. 1991–1992, A-deild, bls. 1706.
[5] Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra, bls. 5.

lagabreytinga og tillagna að lagabreytingum sem eru til skoðunar í þessum ríkjum svo og nýlegra skýrslna og rannsókna frá sérfræðinganefndum sem skipaðar hafa verið í nokkrum nágrannalöndum, t.d. í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, og fjallað hafa um afmörkuð viðfangsefni sem falla undir verksvið þessarar nefndar. Einnig var litið til þróunar og aflað gagna um málefni sem lúta að réttarstöðu samkynhneigðra í ýmsu alþjóðlegu samstarfi sem Ísland á aðild að, m.a. í alþjóðlegri mannréttindasamvinnu á vettvangi Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins.

Nefndin fékk á sinn fund ýmsa sérfræðinga til viðræðna og ráðgjafar um einstaka þætti viðfangsefnisins. Gestir nefndarinnar voru eftirfarandi, taldir í þeirri röð sem þeir komu á fund nefndarinnar: Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, Steinþór Haraldsson, lögfræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra, Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, Ágúst Þór Sigurðsson, lögfræðingur hjá Tryggingastofnun, Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur hjá Barnaverndarstofu, Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, Lisa Yoder og Guðrún Sveinsdóttir frá félaginu Íslensk ættleiðing, Valgerður Baldursdóttir barnageðlæknir, Þórður Óskarsson, yfirlæknir á tæknifrjóvgunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, og Atli Gíslason hrl.

Þar sem nefndin var skipuð haustið 2003 og í ljósi umfangs verkefna hennar var ljóst frá upphafi að ekki tækist að ljúka verkinu fyrir 15. janúar 2004 eins og kveðið var á um í þingsályktuninni en stefnt var að því að nefndin lyki störfum sumarið 2004.

Nefndin stendur öll að skýrslunni og meginatriðum tillagna. Nefndin náði þó ekki samstöðu um öll atriði í tillögum sínum og skiptist hún því um þau atriði í tvo jafna hluta þar sem hvor hluti skilar sínu áliti. Er þar annars vegar um að ræða álit nefndarformanns og fulltrúa dómsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og hins vegar álit fulltrúa Samtakanna '78, félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

2. KAFLI
SAMANTEKT UM TILLÖGUR NEFNDARINNAR

2.1. Inngangur.

Skipta má viðfangsefnum nefndarinnar og niðurstöðum hennar upp í fimm meginþætti og fær hver þeirra sérstaka umfjöllun í 6.–10. kafla skýrslunnar. Þessir þættir eru eftirfarandi: Réttarstaða samkynhneigðra í sambúð (6. kafli), skilyrði og stofnun staðfestrar samvistar (7. kafli), samkynhneigðir og börn (8. kafli), lagaákvæði um bann við mismunun (9. kafli) og fræðsla og rannsóknir um samkynhneigð (10. kafli). Hér á eftir fer samantekt um niðurstöður nefndarinnar um þessa meginþætti en fyllri tillögur og ítarlegri greinargerð kemur fram í tilgreindum köflum skýrslunnar um hvern þátt.

2.2. Réttarstaða samkynhneigðra í sambúð.

Nefndin leggur til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar til þess að tryggja að samkynhneigð pör geti stofnað til sambúðar með sömu réttaráhrifum og gagnkynhneigð pör. Engin heildstæð löggjöf gildir um réttarstöðu sambúðarfólks en víða í lögum eru sérstök réttaráhrif tengd því að tveir einstaklingar búi saman í „óvígðri sambúð“ eða „sambúð skráðri í þjóðskrá“, án þess að skilgreining þessara hugtaka liggi þó fyrir. Getur sambúðarfólk notið ákveðinna réttinda eða borið vissar skyldur sem stofnast við sambúðina, m.a. á vettvangi vinnumarkaðsréttar, skattamála, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og er réttarstaðan þannig að nokkru leyti sambærileg og á við um hjúskap. Einnig er misjafnt hvort það er skilyrði fyrir því að réttaráhrif sambúðar stofnist að karl og kona séu skráð í óvígða sambúð í þjóðskrá, svo sem unnt er skv. 1. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990.

Nefndin telur engin rök með því að samkynhneigð pör hafi lakari stöðu varðandi réttarstöðu í sambúð. Því skuli þau eiga sama valkost og gagnkynhneigð pör að stofna til slíkrar sambúðar með þeim réttaráhrifum sem henni fylgir. Til þess að ná megi því markmiði að tryggja jafnan rétt samkynhneigðra og gagnkynhneigðra að þessu leyti leggur nefndin til breytingar á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, þar sem mælt verði fyrir um að einstaklingar í óvígðri sambúð eigi sama lögheimili og geti þeir fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá að uppfylltum skilyrðum II. kafla hjúskaparlaga. Auk þessa telur nefndin nauðsynlegt að farið verði yfir dreifð lagaákvæði þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við óvígða sambúð „karls og konu“ og gerðar orðalagsbreytingar eftir því sem við á þannig að hún nái yfir sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni. Þannig verði í lögum rætt um „sambúðarfólk í óvígðri sambúð“ eða „tvo einstaklinga í óvígðri sambúð“ í stað þess að ræða um „karl og konu í óvígðri sambúð“. Með einfaldri breytingu á nokkrum ákvæðum í núgildandi lögum við lagasetningu til framtíðar verður hægt að koma á fullu jafnrétti á þessu sviði, án þess að horfið verði frá þeirri stefnu löggjafans að skipa ekki á einum stað reglum um sambúð einstaklinga í ítarlegri heildarlöggjöf á því sviði. Eru breytingar á lögum og reglum, sem gera þarf í þessu skyni, taldar í viðauka með skýrslunni.

2.3. Skilyrði og stofnun staðfestrar samvistar.

Nefndin leggur til breytingar á ákvæðum 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, þannig að sérstakt skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar, þess efnis að a.m.k. annar einstaklinganna sé íslenskur ríkisborgari sem *eigi fasta búsetu* hér á landi, verði fellt niður. Þess í stað er lagt til að nægilegt sé að gera kröfu um að annar eða báðir einstaklingarnir eigi búsetu í landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist sem eru hliðstæð íslenskum lögum um sama efni.

Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að breyta afstöðu sinni gagnvart hjónaböndum samkynhneigðra þannig að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör. Slík afstöðubreyting er að mati nefndarinnar forsenda þess að unnt verði að breyta hjúskaparlöggjöf í þessa átt.

2.4. Samkynhneigðir og börn.

Nefndarmenn eru sammála um tillögur varðandi ættleiðingar íslenskra barna en náðu ekki samstöðu um þá þætti tillagnanna sem varða ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir. Skiptist nefndin í tvo jafna hluta um þau atriði. Rétt er að taka fram að enginn skoðanamunur var uppi í umræðum nefndarinnar um að samkynhneigðir einstaklingar séu jafnhæfir uppalendur og gagnkynhneigðir. Fjallaði nefndin m.a. um niðurstöður margvíslegra rannsókna sem gerðar hafa verið utan lands og innan lands varðandi börn sem alast upp með samkynhneigðum foreldrum sem styðja þá niðurstöðu.

2.4.1. Sameiginlegar tillögur nefndarinnar um ættleiðingar íslenskra barna.

Nefndin leggur til að frumættleiðingar á íslenskum börnum verði heimilaðar jafnt gagnkynhneigðum og samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist og viðeigandi breytingar gerðar á 1. mgr. 6. gr. laganna í þessu skyni. Skv. 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist, nr. 87/1996, getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Er þessi réttur þannig bundinn við stjúpættleiðingar íslenskra barna en ekki frumættleiðingar. Í tilvikum þar sem um ræðir frumættleiðingu á íslensku barni á hún sér stað að undangengnu fóstri samkvæmt reglum barnaverndarlaga eða annarri umsjá barns. Samkynhneigð pör hafa tekið börn í fóstur enda eru engar tak-

markanir í íslenskum lögum eða reglum hvað það varðar. Nefndin telur ekki rök standa til þess að lög girði fyrir rétt samkynhneigðra til þess að ættleiða barn við þessar aðstæður, enda fer fram ítarleg könnun í slíkum tilvikum á grundvelli ættleiðingarlaga eins og í sambærilegum tilvikum þegar gagnkynhneigðir eiga í hlut og á því byggt að ættleiðingin sé viðkomandi barni fyrir bestu. Að slík ættleiðing verði gerð möguleg sem framhald af fóstri undirstrikar vilja löggjafans til að tryggja þessum börnum fyllsta öryggi.

2.4.2. Tillögur þriggja nefndarmanna (formanns, fulltrúa dómsmálaráðuneytis og fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis) varðandi ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir.

Á undanförnum tveimur áratugum hefur fjölgað verulega á Íslandi frumættleiðingum á börnum frá Asíulöndum en þessi ríki heimila ekki ættleiðingar til samkynhneigðra. Er því ljóst að samkynhneigðum pörum mundi við þessar aðstæður ekki nýtast sú leið sem ættleiðingarlög ráðgera, að erlend ættleiðing eigi sér stað fyrir milligöngu ættleiðingarfélags gagnvart þeim ríkjum sem samvinna er við um ættleiðingar.

Engar rannsóknir hafa farið fram á því hvernig erlendum ættleiddum börnum vegnar hér á landi, hvernig þau hafa aðlagast umhverfi sínu og upplifað tengslarof við heimaland sitt og uppruna. Samkvæmt erlendum rannsóknum sem nefndin kannaði og áliti sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar er ljóst að ættleiðing kjörbarna frá öðrum löndum hefur í för með sér allmikið sálrænt álag fyrir þau sem þeim gengur misjafnlega að vinna úr. Eðli málsins samkvæmt eru ekki enn fyrirliggjandi rannsóknir varðandi ættleidd börn samkynhneigðra foreldra. Rannsóknir hafa sýnt að líkur eru á því að börn samkynhneigðra foreldra verði fyrir ákveðnu félagslegu álagi einkum á fyrri hluta unglingsára. Vegna óvissu um sálræna líðan erlendra ættleiddra barna, sem skera sig m.a. frá umhverfi sínu vegna ólíks uppruna síns, auk mikilvægis þess að stefna ekki í hættu árangursríkri samvinnu sem komist hefur á við erlend stjórnvöld um ættleiðingar barna þaðan, telja þrír nefndarmenn ekki rétt að svo stöddu að heimila ættleiðingar samkynhneigðra para á erlendum börnum.

Svíþjóð hefur nú eitt Norðurlandanna veitt samkynhneigðum fullan rétt til frumættleiðinga á börnum, erlendum sem innlendum, en lög þess efnis tóku gildi 1. febrúar 2002. Þrír nefndarmenn telja rétt að fylgst verði náið með reynslunni af þeirri löggjöf, m.a. um áhrif löggjafarinnar gagnvart þeim erlendu ríkjum sem ættleitt er frá, með það í huga að fallið verði frá takmörkunum á rétti samkynhneigðra til frumættleiðinga erlendra barna.

Hvað varðar álitaefni um tæknifrjóvganir eru nefndarmennirnir þrír þeirrar skoðunar að sjónarmið hafi ekki breyst í svo veigamiklum atriðum frá setningu laga um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, að rétt sé að falla frá skilyrði laganna um að kona, sem undirgengst tæknifrjóvgunaraðgerð, sé í hjúskap eða sambúð með karli. Skilyrðin byggjast á því markmiði að tryggja, eftir því sem kostur er, hagsmuni barns sem fæðist eftir getnað með tæknifrjóvgun þegar aðrar leiðir hjóna eða karls og konu í sambúð til að eignast barn hafa brugðist. Hefur skilyrðið um að eingöngu gagnkynhneigð pör eigi aðgang að þessari meðferð byggst á því viðhorfi að þeir hagsmunir barnsins vegi þyngra að það eigi rétt til að alast upp bæði með móður og föður frekar en að um ræði sjálfstæðan rétt einstaklings til þess að eignast barn. Með vísan til þessa sjónarmiðs hefur ekki heldur verið fallist á að tryggja beri einhleypum konum rétt til að gangast undir tæknifrjóvgun með gjafasæði. Þótt lesbísk pör stofni til þungunar með þekktum sæðisgjafa og einfaldri tæknisæðingu er ekki sýnt fram á að því fylgi meiri áhætta en almennt er til staðar við venjulegan getnað barns varðandi heilbrigði kynföður. Telur nefndin ekki rétt að breyta þessari skipan og að greinarmunur, sem gerður er á

milli gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para að þessu leyti, hvíli á málefnalegum sjónarmiðum og byggist á hagsmunum barns.

2.4.3. Tillögur þriggja nefndarmanna (fulltrúa félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Samtakanna '78) varðandi ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir.

Þessir þrír nefndarmenn leggja til að samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist verði með lögum heimilt að ættleiða börn af erlendum uppruna enda sýna rannsóknir að samkynhneigðir foreldrar eru almennt ágætlega færir um að annast börn. Forsenda þess að börn séu ættleidd verður þá hin sama og í tilvikum annarra sem ættleiða börn, að gerð er ítarleg úttekt á högum og aðstæðum væntanlegra kjörforeldra. Sérstaklega þarf að gæta þess að þeir verði færir um að veita barninu umönnun og ástúð og að takast á við það álag sem ættleiðing frá framandi menningarsvæðum kallar yfir börn. Að meina samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist möguleika á að ættleiða börn af erlendum uppruna telja nefndarmennirnir stríða gegn viðteknum sjónarmiðum jafnræðis.

Nefndarmennirnir þrír telja að reglur annarra ríkja um ættleiðingar eigi ekki að hafa úrslitaáhrif á mótun íslenskrar löggjafar og vísa til þess að tveimur árum eftir að sænsk lög heimiluðu samkynhneigðum að ættleiða börn af erlendum uppruna finnast ekki dæmi þess að erlent ríki hafi séð ástæðu til að útiloka samstarf um ættleiðingar til gagnkynhneigðra þar í landi.

Nefndarmennirnir þrír telja brýnt að efla rannsóknir á högum ættleiddra barna af erlendum uppruna þar sem slík þekkingaröflun geti skipt sköpum um velferð þeirra. Skortur á slíkum rannsóknum geti þó ekki talist rök til að mismuna samkynhneigðum og gagnkynhneigðum í ættleiðingarefnum þar sem slíkt hljóti að ganga jafnt yfir alla og hafa sömu áhrif á möguleika beggja þessara þjóðfélagshópa til ættleiðinga.

Fyrrgreindir þrír nefndarmenn telja að lesbískum pörum skuli heimil aðstoð við tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrastofnunum. Svo lengi sem löngun til að eignast barn er virt af löggjafanum og hún forsenda lagasetningar telja þeir það stríða gegn viðteknum jafnræðissjónarmiðum að meina lesbískum pörum rétt sem gagnkynhneigð pör njóta. Réttur barna til að þekkja faðerni sitt er mikilvægur og undirstrikaður í barnalögum. Gagnkynhneigð pör hafa engu að síður möguleika á aðstoð lækna til tæknifrjóvgunar með gjafasæði en á Íslandi er það sótt til Danmerkur þar sem nafnleynd ríkir um sæðisgjafa og það þýðir að börn, sem verða til á þennan hátt, hafa ekki möguleika á að komast að faðerni sínu. Þó að nýjar tækniaðferðir við frjóvgun hafi á síðustu árum orðið til þess að gagnkynhneigð hjón og pör leiti sjaldnar nafnlauss gjafasæðis en áður, þá er leiðin þeim samt heimil og tíðkast hér á landi. Að neita lesbískum pörum um rétt, sem gagnkynhneigðum er færður, með vísun til þess að barn hafi ekki tök á að komast að faðerni sínu, telja nefndarmennirnir ekki réttmætt.

Nefndarmennirnir þrír benda á að lesbíur stofna gjarnan til þungunar með þekktum sæðisgjafa utan sjúkrastofnana og kann það að stofna heilsu móður og væntanlegs barns í hættu þar sem heilbrigði sæðisgjafa er ekki formlega kannað. Með lagaheimild lesbískra para til tæknifrjóvgunar á sjúkrastofnunum yrði girt fyrir þennan áhættuþátt. Einnig benda þeir á að leiðir lesbía til að leita tæknifrjóvgunar erlendis eru bundnar efnahag og félagslegri stöðu þeirra. Skortur á lagaheimild til að njóta þessa réttar á Íslandi elur því á félagslegu misrétti viðkomandi para í leit að lausnum við barnleysi sínu.

2.5. Lagaákvæði um bann við mismunun.

Nefndin leggur til að sett verði í lög sérstök verndarákvæði til að sporna við mismunun samkynhneigðra á vinnumarkaði. Engin heildstæð löggjöf gildir hér á landi svipað því sem finna má á Norðurlöndunum um vernd á vinnumarkaði gagnvart mismunun við ráðningu, starfsumhverfi eða uppsögn. Nefndin telur mikilvægt í undirbúningi löggjafar um réttindi launþega á vinnumarkaði að samkynhneigðir njóti sérstakrar verndar gegn mismunun að þessu leyti. Jafnframt verði lögð lagaleg skylda á vinnuveitendur á vettvangi einkaréttarins að afhenda gögn og rökstyðja ákvarðanir varðandi vinnusamband við launþega, þegar grunur leikur á að mismunun hafi átt sér stað á grundvelli kynhneigðar, en sem stendur verður slík skylda aðeins lögð á vinnuveitendur sem falla undir stjórnsýslulög.

2.6. Fræðsla og rannsóknir.

Nefndin telur mikilvægt að efla fræðslu um samkynhneigð og málefni samkynhneigðra á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Er slík fræðsla að mati nefndarinnar nauðsynleg forsenda fyrir því að málefnaleg og hlutlaus umræða geti átt sér stað um málefni samkynhneigðra, hún vinnur gegn fordómum og gerir samkynhneigða sýnilegri í þjóðfélaginu.

Þótt ýmsu hafi verið áorkað á undanförnum árum telur nefndin ekki hafa verið unnið nægilega markvisst að því að efla fræðslu um samkynhneigð og málefni samkynhneigðra eins og nefnd um málefni samkynhneigðra lagði til fyrir áratug. Fræðsla um samkynhneigð hefur ekki verið sett inn á námskrá grunn- og framhaldsskóla sem þáttur í kennslu í félagsfræði og heilsufræði og enn skortir nokkuð á að viðeigandi kennsluefni sé til á þessu sviði. Einnig bendir nefndin á mikilvægi þess að auka fræðslu í þjálfun nokkurra starfsstétta og að samtök og stofnanir, sem geta veitt samkynhneigðum ungmennum ráðgjöf og fræðslu, verði efld.

Nefndin leggur til að fjallað verði um samkynhneigð í viðeigandi köflum aðalnámskráa grunnskóla og framhaldsskóla. Mikilvægt er að þeirri umfjöllun sé ekki aðeins ætlaður staður í kynfræðslu heldur líka í öðrum greinum, svo sem lífsleikni og samfélagsgreinum. Slíkri breytingu á námskrám verði fylgt eftir með gerð námsefnis á báðum skólastigum þar sem fjallað verði um samkynhneigð í tengslum við önnur blæbrigði mannlegs tilfinningalífs. Nefndin leggur einnig til að samkynhneigð fái sérstaka umfjöllun í grunnmenntun ýmissa stétta svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga, guðfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa og námsráðgjafa, lögreglumanna og fangavarða og að slíkt námsefni standi til boða í hverri grein.

Þá leggur nefndin til að verkefni sem miða að rannsóknum, fræðslu og ráðgjöf um málefni samkynhneigðra njóti aukinna opinberra styrkja. Í því sambandi telur nefndin mikilvægt að styrkja vísindarannsóknir á lífi og líðan lesbía og homma á Íslandi til þess að komast að því hvar skórinn kreppir þannig að gera megi viðeigandi ráðstafanir á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála gagnvart þessum þjóðfélagshópi.

3. KAFLI
ÞRÓUN ÍSLENSKS RÉTTAR Á SÍÐUSTU ÁRUM VARÐANDI RÉTTARSTÖÐU SAMKYNHNEIGÐRA

3.1. Ályktun Alþingis frá 1992 og skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994.

Á undanförnum árum hefur orðið umtalsverð þróun í þá átt að bæta stöðu samkynhneigðra í þjóðfélaginu, bæði á vettvangi löggjafar og í margvíslegu samfélagslegu samhengi þar sem viðhorf hafa breyst og dregið hefur úr fordómum. Segja má að ákveðin straumhvörf hafi orðið þegar Alþingi ályktaði þann 19. maí 1992 í fyrsta skipti um málefni samkynhneigðra

og lýsti yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðum ætti sér ekki stað hér á landi.[6] Hafði sambærileg þingsályktunartillaga verið lögð fram á Alþingi 1985 sem vísað var til félagsmálanefndar en tillagan var ekki afgreidd frá nefndinni.[7]

Í ályktuninni frá 1992 fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks með fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skyldi nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hyrfi hér á landi. Í samræmi við ályktunina skipaði forsætisráðherra nefndina þann 26. apríl 1993 og skilaði hún viðamikilli skýrslu um málefni samkynhneigðra í október 1994. Í skýrslunni er að finna ítarlega umfjöllun um samkynhneigð og samfélag og með hvaða hætti fordómar gagnvart samkynhneigðum birtast í samfélaginu. Fjallað er um þróun íslensks réttar í gegnum aldirnar varðandi misrétti gagnvart samkynhneigðum í refsilöggjöf og á öðrum sviðum löggjafar, lýst er afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðra, á hvaða sjónarmiðum fordæming kirkjunnar á samkynhneigð hefur byggst og hvernig sú afstaða hefur mildast. Ítarlega er fjallað í skýrslunni um nauðsyn fræðslu í samfélaginu til að eyða fordómum og leiðrétta ranghugmyndir varðandi samkynhneigða. Rakin er staða mála í löggjöf Norðurlanda um vernd minnihlutahópa og bann við mismunun gagnvart samkynhneigðum. Loks er í skýrslunni ítarleg umfjöllun um lagalega stöðu samkynhneigðra í sambúð, lýst þróun á því sviði á Norðurlöndum og nokkrum öðrum ríkjum og hvernig þeim málum er háttað hér á landi. Einnig er vikið að íslenskum lögum og reglum varðandi heimildir samkynhneigðra til að ættleiða börn og gangast undir tæknifrjóvgun.

Í skýrslu nefndarinnar koma fram margþættar tillögur til úrbóta varðandi réttarstöðu samkynhneigðra og um aðgerðir til að afnema misrétti. Nefndin klofnaði þó í niðurstöðum sínum og skilaði minni hluti hennar, fulltrúar Samtakanna '78, séráliti. Tillögur meiri hluta nefndarinnar voru settar fram í sjö liðum:[8]

1. Sett skyldu sérstök lög, líkt og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um að samkynhneigt fólk gæti staðfest samvist sína formlega hjá yfirvöldum sem hefði sömu réttaráhrif og hjúskapur, að því frátöldu að samkynhneigðir mættu þó ekki ættleiða börn og barn foreldris í staðfestri samvist gæti ekki lotið forsjá hins samvistarmakans.
2. Breyta skyldi 233. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þannig að samkynhneigðir nytu sambærilegrar verndar fyrir árásum á opinberum vettvangi á æru og friðhelgi einkalífs eins og aðrir minnihlutahópar sem nytu refsiverndar ákvæðisins.
3. Athuga skyldi hvort rétt væri að bæta nýju ákvæði í hegningarlög eða önnur lög sem legði bann við því að neita minnihlutahópum, þar á meðal samkynhneigðum, um vöru eða þjónustu sem boðin væri almenningi í atvinnuskyni.
4. Fræðsla um samkynhneigð skyldi felld inn í námskrá í samfélagsgreinum og kynfræðslu í efstu bekkjum grunnskólans og að viðeigandi námsefni væri undirbúið.
5. Við endurskoðun námskrár fyrir framhaldsskóla skyldi fræðsla um samkynhneigð talin meðal markmiða í kennslu í félagsfræði og heilsufræði.
6. Efla skyldi fræðslu um samkynhneigð í þjálfun nokkurra starfsstétta.

---

6 Alþt. 1991–1992, A-deild, bls. 1706.
7 Alþt. 1985–1986, A-deild, bls. 940.
8 Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra, bls. 6.

7. Efla skyldi samtök og stofnanir sem gætu veitt samkynhneigðum ungmennum ráðgjöf og fræðslu.

Minni hluti nefndarinnar studdi tillögur meiri hlutans svo langt sem þær náðu en vildi ganga lengra í nokkrum atriðum.[9] Hann lagði því til að hjúskaparlög skyldu veita samkynhneigðum í staðfestri samvist sömu réttindi og hjónum að öllu leyti, samkynhneigðum í staðfestri samvist ætti að heimila ættleiðingar og að fara með sameiginlega forsjá barns annars þeirra. Minni hlutinn lagði til að refsivernd 233. gr. a ætti ekki að takmarkast við að ráðist væri á hóp manna, heldur einnig ef ráðist væri á einstakling vegna kynhneigðar hans og loks að sett yrðu lög án tafar sem legðu bann við því að neita samkynhneigðum eða öðrum minnihlutahópum um vöru eða þjónustu sem boðin væri almenningi í atvinnuskyni.

Loks tók minni hlutinn fram að markmiði þingsályktunarinnar frá 19. maí 1992 yrði ekki náð nema að viðurkenna tilveru samkynhneigðra og veita þeim að öllu leyti sama rétt og öðrum þjóðfélagsþegnum. Með setningu laga sem takmörkuðu réttindi samkynhneigðra á einhverjum sviðum mundu stjórnvöld lögfesta misrétti. Þess í stað skyldu íslensk stjórnvöld stíga skrefið til fulls og gera engan greinarmun á þegnum landsins.

3.2. Mat á eftirfylgni á tillögum nefndarinnar.

3.2.1. Löggjöf um staðfesta samvist.

Á þeim áratug sem liðinn er frá því nefnd um málefni samkynhneigðra lauk störfum, hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar til þess að koma tillögum hennar í framkvæmd. Veigamesta breytingin er setning laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, sem byggðust á tillögum nefndarinnar um málefni samkynhneigðra og sóttu fyrirmynd til sænskrar, danskrar og norskrar löggjafar um sama efni. Samkvæmt lögunum var tveimur einstaklingum af sama kyni heimilt að stofna til staðfestrar samvistar sem hefði sömu réttaráhrif og hjúskapur með nokkrum undantekningum þó. Lögin eru þannig upp byggð að þau vísa fyrst og fremst til ákvæða hjúskaparlaga og að þau skuli gilda með sambærilegum hætti um staðfesta samvist nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í lögunum um staðfesta samvist komu fram slíkar sérreglur um eftirtalin atriði:

1. Það var skilyrði staðfestingar á samvist að báðir einstaklingarnir eða annar þeirra væri íslenskur ríkisborgari með lögheimili hér á landi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.
2. Aðeins sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skyldu framkvæma staðfestingu á samvist, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.
3. Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjóvgun giltu ekki um staðfesta samvist, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.
4. Ákvæði í alþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að, giltu ekki um staðfesta samvist nema aðrir samningsaðilar féllust á það, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.
5. Aðeins sýslumönnum eða dómurum var falið að leita sátta, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna.
6. Íslenskum dómstólum var veitt rýmri lögsaga til að taka fyrir hjúskaparmál skv. 113. gr. hjúskaparlaga hafi staðfesting samvistar farið fram hér á landi, sbr. 3. mgr. 8. gr. laganna.
7. Íslenskum stjórnvöldum voru veittar rýmri heimildir til að leysa úr málum sem varða staðfesta samvist en hjúskap, sbr. 4. mgr. 8. gr. laganna.

Með lögum nr. 52/2000 voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum um staðfesta samvist sem lutu m.a. að framangreindum sérreglum og voru þær í meginatriðum þríþættar.

---

[9] Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra, bls. 6.

Í fyrsta lagi var voru rýmkuð skilyrði 2. mgr. 2. gr. varðandi ríkisborgararétt sem er nú a-liður 2. mgr. 2. gr. laganna. Geta erlendir ríkisborgarar nú einnig fengið staðfesta samvist sína skv. b-lið 2. mgr. 2. gr. laganna hafi þeir báðir haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestinguna. Einnig er nú kveðið á um það í 3. mgr. 2. gr. laganna að ríkisborgararétt í Danmörku, Noregi og Svíþjóð megi leggja að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt, skv. a-lið 2. mgr. 2. gr. Getur dómsmálaráðherra ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð lögum þessum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt. Í reglugerð nr. 681/2004 er mælt fyrir um að ríkisborgararéttur í Finnlandi og Hollandi verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

Í öðru lagi var 6. gr. laganna breytt með þeim hætti að einstaklingur í staðfestri samvist getur ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi.

Í þriðja lagi var nýju ákvæði bætt í 2. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að lagaákvæði, sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu, t.d. varðandi feðrun barna, þar sem óhugsandi er eðli málsins samkvæmt að kona í staðfestri samvist geti verið faðir barns.

3.2.2. Löggjöf um bann við mismunun.

Í almennri umfjöllun um lagabreytingar, sem átt hafa sér stað undanfarinn áratug til að tryggja jafnræði og bann við mismunun, ber hæst þær breytingar sem gerðar voru á stjórnarskránni með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995. Þá kom nýtt ákvæði inn í stjórnarskrána, 65. gr., sem mælir fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Jafnframt er áréttað í 2. mgr. 65. gr. að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Við meðferð frumvarpsins á þingi kom fram gagnrýni á að samkynhneigðar væri ekki getið sem atriða sem bannað væri að byggja mismunun á. Á það var hins vegar bent í nefndaráliti stjórnarskrárnefndar að 1. mgr. 65. gr. telji ekki með tæmandi hætti öll þau atriði sem bannað er að byggja mismunun heldur er ákvæðið haft opið með tilvísun til „stöðu að öðru leyti“ og mundu samkynhneigðir tvímælalaust falla þar undir eins og aðrir þjóðfélagshópar.[10]

Tillögum nefndarinnar um málefni samkynhneigðra um setningu refsiákvæða um bann við mismunun vegna samkynhneigðar hefur verið hrint í framkvæmd. Með lögum nr. 135/1996 var nýju ákvæði bætt í 180. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að sá sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vöru eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu varðar skv. 2. mgr. 180. gr. að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi.

Við sama tækifæri var breytt 233. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, í því markmiði að refsivernd ákvæðisins næði einnig til samkynhneigðra. Einnig var ákvæðinu breytt með þeim hætti að það verndar nú einnig *einstaklinga* fyrir því að á þá sé ráðist opinberlega

---

[10] Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 3882.

með háði, rógi, smánun eða ógnun en takmarkast ekki við að ráðist sé á *hóp manna*. Þannig mælir 233. gr. a nú fyrir um að hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3.2.3. Aðgerðir til að auka fræðslu um samkynhneigð.

Þriðji meginþáttur tillagna nefndarinnar um málefni samkynhneigðra laut að nauðsyn þess að auka fræðslu um samkynhneigð í þjóðfélaginu og voru helstu tillögurnar eftirfarandi:

1. Að þar sem hvergi væri að finna skýr og ótvíræð markmið í námskrám grunnskóla og framhaldsskóla sem vörðuðu fræðslu um samkynhneigð, væri brýnt að bæta úr því við endurskoðun námskrár þessara skólastiga.
2. Að nauðsyn væri á kennslu- og fræðsluefni á íslensku þar sem fjallað væri um samkynhneigð í eðlilegu samhengi sem eitt tjáningarform ástar og tilfinninga, en ekki í tengslum við kynferðislegan afbrigðileika. Nefndin benti á að þar sem námsefnisgerð tæki mið af markmiðum aðalnámskrár væri skortur á kennsluefni rökrétt afleiðing þess að hvergi væri kveðið á um umfjöllun í aðalnámskrám.
3. Að leggja bæri áherslu á umfjöllun og fræðslu um samkynhneigð í grunnmenntun ýmissa stétta, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, guðfræðinga, félagsráðgjafa eða námsráðgjafa.
4. Að nauðsynlegt væri að efla fræðslu- og ráðgjafarstarf á vegum Samtakanna '78 og veita opinberu fé til félagsins í því skyni sem svaraði a.m.k. einu stöðugildi. Jafnframt bæri að efla almenningsbókasafn félagsins með opinberum fjárveitingum, enda væri þar um að ræða eina sérfræðibókasafn landsins um málefni sem varða samkynhneigð.

Þessum tillögum nefndarinnar hefur verið fylgt eftir að nokkru leyti, þótt nokkuð skorti enn á að þeim markmiðum hafi verið náð sem lögð eru til í skýrslunni. Verður nú lýst stuttlega þeim skrefum sem tekin hafa verið í þessa átt.

Nýtt fræðsluefni hefur komið út þótt takmarkað sé. Námsgagnastofnun hefur gefið út bækur til kennslu í lífsleikni þar sem m.a. er fjallað um samkynhneigð og fyrirtækið Krummakvikmyndir hefur í samvinnu við Samtökin '78 gefið út kvikmynd og kennsluleiðbeiningar um líf og reynslu samkynhneigðra unglinga. Árið 2004 styrkti námsefnisgerðarsjóður menntamálaráðuneytisins í fyrsta sinn gerð kennsluefnis og kennsluleiðbeininga um samkynhneigð sem eru ekki komin út. Þó að ekki hafi verið unnið markvisst að fræðslu um málefni samkynhneigðra í menntun starfsstétta hafa ýmsar menntastofnanir fléttað slíkt efni inn í ýmsar kennslugreinar, einkum í kennaranámi. Eindregnust er þessi fræðsla við skor uppeldis- og menntunarfræða við félagsvísindadeild Háskóla Íslands þar sem fjallað er ítarlega um málefni samkynhneigðra á sérstökum námskeiðum (Margbreytileiki og minnihlutahópar) og í kynjafræði við sama skóla er nú boðið upp á sérstakt námskeið í hinsegin fræðum (Hinseginlíf og hinseginbarátta).

Flestir háskólar hafa markað sér stefnu um bann við mismunun meðal stúdenta og starfsfólks og er þar m.a. kveðið á um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar. Innan Háskóla Íslands hefur verið unnið margvíslegt kynningarstarf sem miðar að því að eyða fordómum í garð samkynhneigðra og starfar þar virkt hagsmunafélag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta.

Starf Samtakanna '78 að fræðslu, ráðgjöf og upplýsingu hefur verið eflt með fjárveitingum ríkisvaldsins og má telja að það hafi nú uppfyllt tillögur nefndarinnar frá 1994 þess efnis að félaginu yrði gert kleift að fjármagna eitt stöðugildi í þessu skyni. Þó eru þessar styrkveitingar einungis tryggðar til árs í senn. Árið 2004 nemur samanlagður fjárstyrkur forsætis-

ráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og fjárveitinganefndar Alþingis til félagsins samtals 4 milljónum króna. Fjárstyrkir Reykjavíkurborgar til rekstrar og ýmissa verkefna árið 2004 eru um 1 millj. kr.

4. KAFLI
ALÞJÓÐLEG SAMVINNA VARÐANDI MÁLEFNI SAMKYNHNEIGÐRA

Málefni samkynhneigðra og aðgerðir til þess að vinna gegn mismunun á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu um mannréttindi hafa aukist verulega að umfangi á síðasta áratug en framan af var málefnum samkynhneigðra og réttindum þeirra sem minnihlutahóps lítil athygli sýnd hjá alþjóðastofnunum. Hér á eftir verður lýst starfi nokkurra alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að og fjallað um aðgerðir sem þar hafa átt sér stað á þessu sviði svo og úrlausnir alþjóðlegra úrskurðaraðila þar sem hafa komið til skoðunar álitaefni um mismunun í garð samkynhneigðra.

4.1. Sameinuðu þjóðirnar.

4.1.1. Samningar og aðrar samþykktir stofnana SÞ.

Fjöldi mannréttindasamninga og annarra samþykkta hefur verið gerður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í því markmiði að banna eða afnema mismunun. Í 2. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 er mælt fyrir um að hver maður skuli njóta þeirra réttinda sem talin eru í yfirlýsingunni án mismununar á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.[11] Hefur þessi talning atriða, sem bannað er að byggja mismunun á, lagt grunninn að síðari samningum og almennum samningsákvæðum um bann við mismunun á vegum Sameinuðu þjóðanna. Helstu sértæku mannréttindasamningar með það markmið eru alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965[12] og samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979.[13]

Í flestum mannréttindasamningum SÞ, sem fjalla um vernd tiltekinna réttinda, eru ákvæði um að allir skuli njóta jafnt þeirra réttinda sem samningurinn fjallar um. Í því sambandi má benda á 1. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966 sem kveður á um að sérhvert ríki, sem er aðili að samningum takist á hendur að ábyrgjast öllum einstaklingum innan landsvæðis síns og undir lögsögu sinni þau réttindi sem viðurkennd eru í samningnum án nokkurs konar mismununar svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Nær samhljóða ákvæði er að finna í 2. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá sama tíma.[14]

Það samningsákvæði, sem veitir víðtækustu almennu verndina varðandi bann við mismunun, er 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Ákvæðið mælir

---

[11] Yfirlýsingin var samþykkt á allsherjarþingi SÞ með ályktun 217(III).
[12] Sbr. ályktun allsherjarþings SÞ nr. 2106A(XX).
[13] Sbr. ályktun allsherjarþings SÞ nr. 34/180.
[14] Sbr. ályktun allsherjarþings SÞ nr. 2200A (XXI). Einnig má benda á að í 1. mgr. 2. gr. samnings um réttindi barnsins frá 20. nóvember er kveðið á um skyldu aðildarríkja til þess að tryggja öllum börnum jafnt þau réttindi sem talin eru í samningnum án mismununar á grundvelli sambærilegra atriða og talin eru í fyrrgreindum ákvæðum samninganna frá 1966. Þar er jafnframt sérstaklega tekið fram að barni skuli ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna þess eða fjölskyldumeðlima.

fyrir um að allir séu jafnir fyrir lögunum og eigi rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skuli í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Af skoðun framangreindra mannréttindasamninga er ljóst að kynhneigðar er hvergi getið í flokki atriða sem bannað er að byggja mismunun á. Þó er ljóst að talning þessara samninga um mismununarástæður er ekki tæmandi en vísar til annarra aðstæðna eða stöðu að öðru leyti. Því mundu ákvæðin geta átt við í tilvikum þar sem mismunun á sér stað á grundvelli kynhneigðar.

Þótt ýmsar alþjóðlegar samþykktir eða yfirlýsingar hafi verið gerðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um vernd tiltekinna minnihlutahópa hefur ekki náðst samstaða um slíkar aðgerðir varðandi samkynhneigða og hafa málefni eins og réttindi samkynhneigðra í sambúð hlotið litla athygli.[15] Markviss þróun hefur þó verið í mörgum ríkjum, einkum í Evrópu, í þá átt að afnema ákvæði úr lögum sem fela í sér mismunun í garð samkynhneigðra. Engu að síður er enn langt í land með að full alþjóðleg samstaða náist á þessu sviði og víða ríkja fordómar í garð samkynhneigðra sem byggjast bæði á trúarlegum og menningarlegum ástæðum og lýsa sér í því að samkynhneigð er ekki viðurkennd. Þetta birtist m.a. í refsilöggjöf sumra ríkja þar sem mök samkynhneigðra eru enn talin refsiverð háttsemi og eins ber að hafa í huga að í minni hluta ríkja heims er fallist á að sambúð samkynhneigðra geti haft svipuð eða sömu réttaráhrif og hjúskapur.

Á þingi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna (Human Rights Commission) vorið 2003 lagði Brasilía fram tillögu til ályktunar ráðsins um mannréttindi og kynhneigð. Tillagan varð ekki afgreidd frá þinginu, en hún mætti nokkurri andstöðu, einkum frá íslömskum ríkjum.[16] Eru ályktunardrögin almenns eðlis en þar er m.a. lýst áhyggjum af mannréttindabrotum sem eiga sér stað vegna kynhneigðar manna. Lögð er áhersla á að aðildarríki verndi réttindi manna án tillits til kynhneigðar og grípi til aðgerða til að vinna gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar. Ályktunartillagan kom aftur til skoðunar á þingi mannréttindaráðsins í apríl 2004 en ákveðið var að fresta meðferð hennar á þeim forsendum að ekki væri nægjanlegur stuðningur ríkja við hana að svo stöddu og að málið þarfnaðist betri undirbúnings. Verður tillagan aftur á dagskrá ráðsins að ári.

4.1.2. Úrlausnir mannréttindanefndar SÞ.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna starfa sérfræðinganefndir sem hafa eftirlit með framkvæmd helstu mannréttindasamninga á vettvangi samtakanna. Í fjórum þessara samninga er viðkomandi nefndum einnig veitt vald til þess að taka við kærum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem telja að aðildarríki hafi brotið á réttindum þeirra.[17] Aðildarríki

---

15 Kristen L. Walker: „United Nations Human Rights Law and Same-Sex Relationships: Where from here?", bls. 743 í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Í sömu grein má finna nánari umfjöllun um með hvaða hætti mannréttindasamningar SÞ vernda réttindi samkynhneigðra.

16 Skjal E/CN.4/2003/L.92. Promotion and protection of human rights. Human rights and sexual orientation.

17 Umræddar heimildir nefnda til að taka við kærum koma fram í valfrjálsri bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, 14. gr. samnings um afnám alls kynþáttamisréttis, 20. gr. samnings um bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og valfrjálsri bókun við samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

verður þó að samþykkja sérstaklega valdbærni nefndanna til að taka við kærum á hendur sér. Mannréttindanefndin (Human Rights Committee) fer með eftirlit með samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Sá samningur verndar m.a. almennt jafnræði manna fyrir lögum í 26. gr. eins og áður er getið, svo og friðhelgi einkalífs og fjölskyldu í 17. gr. og rétt til að ganga í hjúskap í 23. gr. auk fjölda annarra réttinda af borgaralegum og stjórnmálalegum toga.

Mannréttindanefndin er eina eftirlitsnefndin samkvæmt mannréttindasamningi á vegum Sameinuðu þjóðanna sem hefur borist og tekið til meðferðar kærur sem lúta að brotum á réttindum samkynhneigðra. Hér verða rakin stuttlega tvö mál sem hafa verið tekin til meðferðar og hafa fordæmisgildi fyrir mat á vernd samningsins á réttindum samkynhneigðra.

Í máli *Toonen gegn Ástralíu* fékk mannréttindanefndin til úrlausnar kæru um að ákvæði í hegningarlögum í Tasmaníu sem lögðu refsingu við kynmökum tveggja karlmanna bryti gegn friðhelgi einkalífs kæranda skv. 17. gr. og jafnræðisreglu 26. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi enda þyrftu gagnkynhneigðir ekki að þola slíkar takmarkanir. Jafnvel þótt kærandi hefði ekki verið ákærður eða sakfelldur fyrir brot á refsiákvæðinu taldi hann að löggjöfin sem slík bryti gegn þessum ákvæðum enda gætu verið yfirvofandi lögregluaðgerðir gegn honum sem beindust gegn friðhelgi einkalífs hans og heimili af þeirri ástæðu einni að hann hefði þar kynferðislegt samneyti við annan karlmann. Mannréttindanefndin féllst á að refsilöggjöfin sem slík fæli í sér takmarkanir á friðhelgi einkalífs kæranda. Ekki var fallist á þau rök ástralska ríkisins að unnt væri að réttlæta slíka takmörkun með sjónarmiðum um vernd almannaheilsu og að takmörkunin væri nauðsynleg til að sporna við útbreiðslu alnæmis. Það var því niðurstaða nefndarinnar að Ástralía hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs kæranda skv. 17. gr. en í því fælist að ástralska ríkinu bæri að sjá til þess að umrædd refsiákvæði yrðu felld niður. Af þeirri ástæðu þurfti ekki að leysa sérstaklega úr því hvort einnig hefði verið brotið gegn jafnræðisreglu 26. gr. samningsins.[18]

Í máli *Juilet Joslin o.fl. gegn Nýja-Sjálandi* fékk nefndin til úrlausnar kæru lesbísks pars sem laut að því að nýsjálensk löggjöf mismunaði gagnkynhneigðum og samkynhneigðum pörum þar sem hún veitti þeim ekki jafnan rétt til að ganga í hjónaband. Var því haldið fram að með þessu væri brotið gegn 16. gr. samningsins sem fjallar um rétt til að vera viðurkenndur sem aðili að lögum, 17. gr. um friðhelgi einkalífs, 23. gr. um vernd fjölskyldunnar og rétt karla og kvenna á hjúskaparaldri til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu og loks 26. gr. um jafnræði manna fyrir lögunum. Mannréttindanefndin skoðaði málið einkum út frá sjónarmiðum að baki þeirri sjálfstæðu reglu sem kemur fram í 2. mgr. 23. gr. samningsins og kveður á skyldu aðildarríkja til að viðurkenna rétt kvenna og karla á hjúskaparaldri til þess að ganga í hjónaband. Nefndin benti á að umrædd grein væri eina ákvæði samningsins þar sem skýrlega væri kveðið á um að vernd takmarkaðist við rétt „kvenna og karla“ en væri ekki almenns eðlis eins og önnur ákvæði hans. Hefði ákvæðið einnig ávallt verið skilið með þeim hætti að það legði eingöngu þær skyldur á aðildarríki að tryggja þessi réttindi með þeim hætti sem það mælti berum orðum fyrir um. Með vísan til þessa gildissviðs ákvæðisins taldi nefndin að neitun aðildarríkis um að fallast á rétt samkynhneigðra til að ganga í hjónaband bryti ekki gegn réttindum kærenda sem vernduð væru af samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.[19]

---

[18] Álit mannréttindanefndarinnar frá 4. apríl 1994 í máli nr. 488/1992 (CCPR/C/50/D/488/1992).
[19] Álit mannréttindanefndarinnar frá 30. júlí 2002 í máli nr. 902/1999 (CCPR/C/75/D/902/1999).

Niðurstöður mannréttindanefndarinnar endurspegla að þrátt fyrir þann áfanga sem náðist í Toonen-málinu um viðurkenningu hennar á jöfnum réttindum samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í refsilöggjöf, taldi nefndin sér ekki fært að heimfæra þau sjónarmið upp á mismunandi reglur sem gilda um sambönd gagnkynhneigðra og samkynhneigðra í aðildarríkjunum. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga að enn er mjög langt í land að meiri hluti aðildarríkja að samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi viðurkenni sambönd samkynhneigðra eða veiti þeim sérstök réttaráhrif, á meðan þeim ríkjum fer hraðar fækkandi sem leggja refsingu við mökum samkynhneigðra.[20]

4.2. Evrópuráðið.

4.2.1. Samþykktir ráðgjafarþingsins og ráðherranefndarinnar.

Margvísleg umræða og aðgerðir hafa átt sér stað hjá stofnunum Evrópuráðsins sem miða að því að afnema mismunun gagnvart samkynhneigðum og hvetja aðildarríki til að gera ráðstafanir á því sviði bæði í löggjöf og við framkvæmd laga. Hér á eftir verður lýst ákvörðunum ráðgjafarþings og ráðherranefndar Evrópuráðsins á þessu sviði en sérstök umfjöllun verður í kafla 4.2.3. um úrlausnir stofnana sem starfa samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950, mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem reynt hefur á álitaefni um mismunun í garð samkynhneigðra í kærumálum.

Eitt fyrsta skrefið í þessa átt var ályktun ráðgjafarþings Evrópuráðsins nr. 924 (1981) frá 1. október 1981 um mismunun gegn samkynhneigðum. Þar er lögð áhersla á vilja þingsins til að vernda mannréttindi og afnema misrétti í garð samkynhneigðra. Bent er á að slíkt misrétti viðgangist enn þótt mörg aðildarríki hafi breytt löggjöf sinni og m.a. afnumið lagaákvæði sem lýsa mök samkynhneigðra refsiverð. Er því beint til ráðherranefndar ráðsins að hún leggi fyrir ríkisstjórnir aðildarríkjanna að afnema þegar bann við kynmökum fullorðins samkynhneigðs fólks og að sömu aldursmörk verði látin gilda um sjálfsákvörðunarrétt ungmenna til kynmaka, hvort sem um er að ræða samkynhneigða eða gagnkynhneigða. Einnig er þar m.a. kveðið á um mikilvægi þess að samkynhneigðu fólki verði tryggð jöfn kjör, réttindi og atvinnuöryggi þegar ráðið er í vinnu, sérstaklega í opinberri þjónustu, hætt verði að þröngva fólki til þess að sæta læknismeðferð í þeim tilgangi að breyta kynhneigð þess og tryggja verði að forsjá barna og umgengnisréttur takmarkist ekki vegna samkynhneigðar foreldris. Við sama tækifæri gerði ráðgjafarþingið samþykkt nr. 756 (1981) þar sem þess var farið á leit við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) að samkynhneigð yrði felld út úr *Hinni alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskrá* sem stofnunin gefur út.[21]

Í áliti sínu frá 26. janúar 2000 lagði ráðgjafarþingið til að breytingar yrðu gerðar á drögum sem þá lágu fyrir að 12. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og kveður viðaukinn á um almennt bann við mismunun. Lagði þingið til að kynhneigð yrði bætt inn í talningu atriða í 1. gr. viðaukans sem bannað er að byggja mismunun á enda væri þar um að ræða algenga ástæðu mismununar.

Þann 30. júní 2000 samþykkti ráðgjafarþingið ályktun nr. 1470(2000) um stöðu samkynhneigðra og maka þeirra varðandi rétt til hælis og flutnings milli aðildarríkja Evrópuráðsins.

---

[20] Laurence R. Helfer: „Will the United Nations Human Rights Committee Require Recognition of Same-Sex Marriages?“, bls. 734, í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs.

[21] Nánari umfjöllun um þessar ályktanir Evrópuráðsins má finna í skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994, bls. 2–3.

Er þar vísað til fyrri ályktana um réttindi hælisleitenda nr. 1236(1994) og 1327(1997) og lýsir þingið yfir áhyggjum sínum af því að stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda mismuni samkynhneigðum einstaklingum. Það birtist m.a. í því að stjórnvöld í aðildarríkjum fallist ekki á að ofsóknir vegna kynhneigðar verði ástæða þess að maður fái hæli og jafnframt að maki í samkynhneigðu sambandi njóti ekki sömu réttinda til dvalarleyfis og þegar gagnkynhneigð pör eiga í hlut. Beindi þingið því til ráðherranefndarinnar að hvetja aðildarríki til þess að endurskoða skilyrði fyrir veitingu hælis og fella þar undir ofsóknir vegna samkynhneigðar, þannig að þeir teljist sérstakur þjóðfélagshópur sem sæti ofsóknum í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951. Einnig að aðildarríki endurskoði stefnu í málefnum innflytjenda þannig að samkynhneigð pör og fjölskyldur samkynhneigðra njóti sama réttar til dvalarleyfis og önnur pör. Ráðherranefnd Evrópuráðsins brást við ályktun þingsins með ákvörðun frá 7. mars 2001 þar sem því er lýst að aðildarríkjum hafi verið gefin þessi fyrirmæli og jafnframt hafi sérfræðinganefndum innan Evrópuráðsins verið falið að fjalla um þessi málefni á fundum sínum sem öll aðildarríki eiga fulltrúa á.

Við sama tækifæri, þann 20. júní 2000, samþykkti þing Evrópuráðsins jafnframt víðtæka ályktun nr. 1474(2000) um stöðu samkynhneigðra í aðildarríkjunum. Eru þar ítrekaðar áhyggjur þingsins af því að enn fyrirfinnist í nokkrum aðildarríkjum löggjöf sem geri kynmök samkynhneigðra refsiverð þótt Mannréttindadómstóll Evrópu hafi allt frá árinu 1981 slegið föstu að slík refsilöggjöf brjóti gegn friðhelgi einkalífs manna og í nýrri dómum staðfest með enn afdráttarlausari hætti að ekki megi mismuna mönnum á grundvelli kynhneigðar. Þingið ítrekaði einnig þörfina á því að kynhneigð yrði talin í flokki atriða sem bannað væri að byggja mismunun á í 12. viðauka við mannréttindasáttmálann og að ráðherranefndin tæki það sérstaklega til skoðunar. Beindi þingið því til ráðherranefndarinnar að hvetja aðildarríki til að bæta kynhneigð inn í ákvæði í landslögum sem fjalla um bann við mismunun, að fella niður refsiákvæði sem banna kynmök fullorðins samkynhneigðs fólks og að sömu aldursmörk verði látin gilda um sjálfsákvörðunarrétt ungmenna til kynmaka, hvort sem um ræðir samkynhneigða eða gagnkynhneigða. Eins eru aðildarríki hvött til að gera ráðstafanir til að uppræta fordóma í garð samkynhneigðra, einkum í skólakerfinu, innan lögreglu og dómskerfis og á vettvangi íþróttamála og loks að sett yrðu viðeigandi viðurlög við mismunun í garð samkynhneigðra. Í ályktuninni er lögð áhersla á að aðildarríki tryggi jafnrétti samkynhneigðra á vinnumarkaði, lög verði sett sem viðurkenni réttaráhrif skráðrar sambúðar samkynhneigðra og að samkynhneigð verði viðurkennd sem áhættuþáttur fyrir ofsóknir þannig að veita megi einstaklingum hæli af þeim sökum á grundvelli flóttamannasamningsins frá 1951.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins tók afstöðu til ályktunar þingsins með ákvörðun frá 21. september 2001 þar sem kemur m.a. fram að ályktunin hafi verið send til umfjöllunar til sérfræðinganefndar Evrópuráðsins gegn kynþáttahatri og umburðarleysi (European Commission against racism and intolerance – ECRI) en nefndin fjallar m.a. um mismunun og skort á umburðarlyndi á breiðum grunni, m.a. vegna kynþáttahaturs, útlendingahaturs, gyðingahaturs o.fl. Málefni samkynhneigðra hafa síðan verið til skoðunar hjá nefndinni. Hvað varðar tillögu þingsins um að bæta kynhneigð við talningu atriða í banni við mismunun í 12. viðauka við mannréttindasáttmálann svaraði ráðherranefndin því til að ekki væri ráðlegt að breyta texta viðaukans en ljóst væri að atriði væru ekki talin þar upp með tæmandi hætti og féll kynhneigð tvímælalaust undir aðra stöðu manna sem mætti ekki vera grundvöllur mismununar.

Loks er vert að benda á að þann 22. október 2003 var lögð fram á þingi Evrópuráðsins skýrsla um lesbíur og homma í íþróttum og drög að ályktun um efnið sem er nú til meðferðar í þinginu. Í ályktunartillögunni er m.a. vísað til ályktunar þingsins nr. 1092(1996) um bann

við mismunun gagnvart konum í íþróttum. Í tillögunni er lýst áhyggjum yfir því að fordómar eigi sér stað gagnvart hommum og lesbíum í íþróttum og hvetja þurfi aðildarríki til að taka á því vandamáli með svipuðum hætti og í baráttu gegn kynþáttahatri og útlendingahatri. Eins eru evrópsk íþróttasamtök hvött til þess að láta málið til sín taka og kveða á um bann við atlögum að samkynhneigðum í samþykktum sínum. Einnig kemur fram í tillögunni hvatning til ráðherranefndarinnar til þess að fjallað verði um fordóma gegn samkynhneigðum í samningi Evrópuráðsins um ofbeldi og óeirðir á íþróttaviðburðum frá 19. ágúst 1985.

Ætla má að nýlegar ályktanir þings Evrópuráðsins, sem m.a. ítreka fyrri ályktun þess frá 1981, megi að hluta til rekja til þess að með inngöngu fjölda nýrra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu á síðasta áratug hefur aftur fjölgað aðildarríkjum þar sem löggjöf mismunar samkynhneigðum. Í flestum hinna nýju ríkja er þróun löggjafar til þess að viðurkenna sambúð samkynhneigðra eða staðfesta samvist þeirra komin stutt á veg. Í byrjun árs 1990 voru aðildarríki að Evrópuráðinu 23 talsins en fjöldi þeirra hefur nær tvöfaldast, og eru þau nú 45. Þar af eru 21 aðildarríki í Mið- og Austur Evrópu sem hafa nýlega gengið í ráðið. Þess má geta að sum hinna nýju ríkja hafa aðeins nýlega afnumið refsiákvæði sem lýsa kynmök samkynhneigðra fullorðinna einstaklinga refsiverðan verknað.

4.2.2. Samningar Evrópuráðsins um vernd mannréttinda.

Þrátt fyrir margvíslegar samþykktir ráðgjafarþings Evrópuráðsins og ráðherranefndarinnar um þörf á aðgerðum til að berjast gegn mismunun gagnvart samkynhneigðum er ekki að finna á vegum ráðsins sérstaka alþjóðasamninga eða samningsákvæði sem fjalla sérstaklega um réttindi samkynhneigðra eða aðgerðir eða sérreglur um bann við mismunun samkynhneigðra.

Ljóst er að þau ákvæði helstu mannréttindasamninga Evrópuráðsins sem leggja almennt bann við mismunun ná yfir mismunun á grundvelli samkynhneigðar, enda er þar ekki um tæmandi talningu að ræða heldur vísað til stöðu að öðru leyti. Má í þessu sambandi benda á 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem kveður á um að réttindi og frelsi sem tryggð eru í samningnum skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna *eða annarrar stöðu*.

Með 12. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sem samþykktur var 4. nóvember 2000, er lagt víðtækara bann við mismunun en finna má í 14. gr. sáttmálans. Þannig kveður 1. gr. viðaukans á um að réttindi þau sem lög mæli fyrir um skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarra aðstæðna. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að enginn skuli sæta manngreinarálits af hálfu opinberra yfirvalda, svo sem vegna þeirra ástæðna sem um getur í 1. mgr. Eins og fram kom í svari ráðherranefndar Evrópuráðsins til þings ráðsins frá 21. september 2001 taldi nefndin ekki þörf á að breyta texta viðaukans enda félli tvímælalaust undir vernd hans bann við mismunun á grundvelli samkynhneigðar. Má í því sambandi vísa til skýringartexta með 12. viðauka þar sem tekið er fram að ekki verði reynt að telja þar með tæmandi hætti öll tilvik sem falla undir bann við mismunun, vegna hættu á gagnályktun varðandi atriði sem ekki eru talin þar. Er sérstaklega bent á að kynhneigð sé meðal atriða sem falli undir gildissvið ákvæðisins og megi m.a. í þeim efnum líta til dómaframkvæmdar Mann-

réttindadómstólsins um túlkun 14. gr., sbr. dóm hans í máli *Salgueiro da Silva Mouta gegn Portúgal* en það mál verður nánar reifað hér á eftir.[22]

Ýmis önnur ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu geta komið til álita varðandi réttindi samkynhneigðra í tengslum við friðhelgi einkalífs og stofnun og vernd fjölskyldunnar, einkum 8. gr. sáttmálans sem fjallar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldulífs og 12. gr. sem fjallar um rétt karla og kvenna á hjúskaparaldri til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu. Í 5. gr. 7. viðauka er mælt fyrir um að hjón skuli njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Einnig má nefna að 16. gr. félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 mælir fyrir um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

4.2.3. Úrlausnir mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu.

Eftirlitsstofnunum mannréttindasáttmála Evrópu, mannréttindanefndinni og Mannréttindadómstólnum bárust framan af fáar kærur sem tengdust réttindum samkynhneigðra.[23] Eftir 1980 hefur nokkur fjöldi kærumála komið til úrlausnar hjá nefndinni og dómstólnum varðandi réttindi samkynhneigðra og má segja að álitaefni, sem þau tengjast, hafi í meginatriðum verið þríþætt. Í fyrsta lagi hafa málin fjallað um refsilöggjöf þar sem mök samkynhneigðra hafa verið lýst refsiverð. Í öðru lagi hefur í auknum mæli reynt á álitaefni um hvort vernd sáttmálans á fjölskyldulífi nái yfir sambúð samkynhneigðra og rétt þeirra til að ganga í hjúskap. Þótt nefndin og dómstóllinn hafi slegið föstu að sambönd samkynhneigðra falli undir friðhelgi einkalífs hafa þau verið varkár að viðurkenna að vernd fjölskyldulífs og heimilis skv. 8. gr. sáttmálans nái til samkynhneigðra para, en á síðari árum gætir ákveðinnar stefnubreytingar eftir því sem kærumálum af þessum toga hefur fjölgað og álitaefnin eru fleiri.[24] Loks hafa í þriðja lagi komið til úrlausnar kærur um bann við því að samkynhneigðir gegni herþjónustu og brottrekstur úr hernum vegna samkynhneigðar. Hér á eftir verða raktar stuttlega helstu stefnumarkandi úrlausnir nefndarinnar og dómstólsins varðandi hvern þessara meginþátta.

1) Álitaefni um mismunun gagnvart samkynhneigðum í refsilöggjöf.

Fyrstu kærumálin sem bárust eftirlitsstofnunum sáttmálans tengdust álitaefnum um hvort ákvæði í refsilögum aðildarríkjanna, sem lýstu kynmök samkynhneigðra refsiverð, brytu gegn friðhelgi einkalífs samkynhneigðra einstaklinga. Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp stefnumarkandi dóm á þessu sviði árið 1981 í máli *Dudgeon gegn Bretlandi* þar sem því var slegið föstu að kynlíf væri veigamikill þáttur í friðhelgi einkalífs einstaklinga sem 8. gr. verndaði. Var tilvist löggjafar á Norður-Írlandi, sem mælti fyrir um að kynmök samkynhneigðra væri refsiverður verknaður, talin fela í sér brot á friðhelgi einkalífs kæranda, jafnvel þótt lögunum hefði ekki verið framfylgt gagnvart honum eða öðrum. Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að bann við kynmökum samkynhneigðra væri nauðsynlegt til að tryggja siðgæði

---

22 Protocol No. 12 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms. Explanatory Report, 20. mgr. Council of Europe ETS No. 177.

23 Mannréttindanefnd Evrópu (MNE) var lögð niður við gildistöku 11. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu 1. nóvember 1998 en ýmsar skipulagsbreytingar voru þá jafnframt gerðar á starfsemi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).

24 Hrefna Friðriksdóttir: „Leyfilegar og óleyfilegar fjölskyldur. Mannréttindi og lagaleg staða samkynhneigðra fjölskyldna", bls. 53 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*, ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

og vísaði m.a. til breyttra viðhorfa í aðildarríkjunum og aukins umburðarlyndis í garð samkynhneigðra.[25] Í tveimur síðari dómum í málum *Norris gegn Írlandi*[26] frá 1988 og *Modinos gegn Kýpur*[27] frá 1993 fékk Mannréttindadómstóllinn sambærileg álitaefni til úrlausnar og áréttaði fyrri niðurstöðu sína um að refsilöggjöf, sem mælti fyrir um refsinæmi kynmaka fullorðinna samkynhneigðra einstaklinga, bryti gegn friðhelgi einkalífs þeirra skv. 8. gr. sáttmálans. Þrátt fyrir skýra afstöðu um að lög, sem leggja refsingu við kynmökum samkynhneigðra, brjóti gegn friðhelgi einkalífs hefur nefndin þó ekki fallist á að það veiti mönnum frá ríkjum, þar sem slík lög gilda, rétt til hælis í aðildarríkjum sáttmálans. Í máli *Z.B. gegn Bretlandi* frá 1990 taldi nefndin þannig að brottvísun kæranda til Kýpur, þar sem slík refsilöggjöf var við lýði, bryti ekki gegn réttindum hans skv. 8. gr. enda vægi þyngra nauðsyn þess að framfylgja ákvæðum útlendingalöggjafarinnar en kærandi hafði um langt skeið dvalist ólöglega í landinu.[28]

Í máli *Sutherland gegn Bretlandi* tók mannréttindanefnd Evrópu af skarið um að refsiákvæði í lögum, sem áskildi hærri aldur til samþykkis fyrir kynmökum samkynhneigðra (21 ár) en átti við í tilviki gagnkynhneigðra (16 ár), fæli í sér mismunun og þar með brot á 14. gr. og 8. gr. sáttmálans.[29] Var þar tekið annað veigamikið skref í átt að því að viðurkenna að mismunun gagnvart samkynhneigðum bryti gegn ákvæðum sáttmálans en Mannréttindadómstóllinn hafði ekki tekið afdráttarlausa afstöðu varðandi þetta atriði í fyrri málum sínum um refsiákvæði sem mismunuðu samkynhneigðum að þessu leyti. Í niðurstöðu mannréttindanefndarinnar í þessu máli tók nefndin hins vegar sérstaklega fram að m.a. í ljósi breyttra viðhorfa í aðildarríkjunum félli hún frá fyrri afstöðu sinni sem birtist í niðurstöðu hennar árið 1978 um að hærri kynferðislegur samþykkisaldur, þ.e. 21 ár samkvæmt breskum lögum, væri réttlætanlegur í tilviki samkynhneigðra á þeim grunni að slík refsilöggjöf stefndi að því að vernda réttindi annarra.[30] Nefndin benti nú á að engin málefnaleg rök stæðu til þess að kynferðislegur samþykkisaldur væri annar þegar samkynhneigðir ættu í hlut. Í tveimur nýlegum dómum Mannréttindadómstólsins frá árinu 2003 í málum *S. og L. gegn Austurríki* og *L. og V. gegn Austurríki,* sem gerðu slíkan mismun á samþykkisaldri í refsilöggjöf, birtist síðan ítarlegur rökstuðningur dómstólsins fyrir því að með henni væri brotið gegn 8. gr. og 14. gr. mannréttindasáttmálans.[31]

2) Álitaefni um vernd fjölskyldulífs og rétt samkynhneigðra til að ganga í hjúskap.

Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa farið hægar í sakirnar við úrlausn þess hvort fjölskyldulíf samkynhneigðra para njóti verndar 1. mgr. 8. gr. sáttmálans varðandi friðhelgi fjölskyldulífs og heimilis. Í máli *X og Y gegn Bretlandi* frá 1983 fjallaði nefndin um kæru sem laut að því að bresk stjórnvöld töldu að samband tveggja samkynhneigðra karlmanna félli ekki undir fjölskyldulíf sem veitti maka rétt til dvalar í landinu og var öðrum þeirra vísað brott úr landi á grundvelli útlendingalöggjafarinnar. Mannréttinda-

---

25 Dómur MDE frá 22. október 1981. A-Series 45.
26 Dómur MDE frá 26. október 1988. A-Series 142.
27 Dómur MDE frá 22. apríl 1993. A-Series 259.
28 Ákvörðun MNE frá 10. febrúar 1990 í máli nr. 16106/90.
29 Skýrsla MNE frá 1. júlí 1997 í máli nr. 25186/94. Málinu var skotið til Mannréttindadómstólsins, en lauk þar með sátt þar sem breytingar voru fyrirhugaðar á breskri löggjöf og kynferðislegur samþykkisaldur er nú sá sami eða 16 ár í öllum tilvikum. Var málið fellt niður með dómi MDE frá 27. mars 2001.
30 Skýrsla MNE frá 12. október 1978 í máli nr. 7215/75, D&R 19, bls. 66.
31 Tveir dómar MDE frá 9. apríl 2003.

nefndin féllst ekki á að slíkt samband félli undir fjölskyldulíf sem nyti verndar 1. mgr. 8. gr. sáttmálans. Hins vegar tók hún fram að réttur X og Y til að vera saman félli undir friðhelgi einkalífs þeirra en jafnframt að þessar takmarkanir væru innan leyfilegra marka skv. 2. mgr. ákvæðisins og því hefði brot ekki átt sér stað á réttindum kærenda.[32] Sama niðurstaða varðandi beitingu ákvæða útlendingalöggjafar varð í máli *C. og L.M. gegn Bretlandi* frá 1989.[33] Taldi mannréttindanefndin að það bryti ekki gegn banni sáttmálans við mismunun að bresk útlendingalöggjöf veitti hefðbundnu fjölskylduformi sérstaka vernd við beitingu ákvæða um brottvísun og að samband tveggja lesbía félli ekki undir fjölskyldulíf. Í sama máli hafnaði nefndin því að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 12. gr. mannréttindasáttmálans en það ákvæði verndar rétt karla og kvenna á hjúskaparaldri til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu. Í því sambandi vísaði nefndin til rökstuðnings í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 1986 í máli *Rees gegn Bretlandi,* sem fjallaði um réttindi einstaklings sem skipt hafði um kyn til þess að ganga í hjúskap. Þar hafði dómstóllinn slegið því föstu að vernd 12. gr. takmarkaðist við hefðbundinn hjúskap karls og konu sem væri grundvöllur að stofnun fjölskyldu. Kæruefnið í máli Rees laut að rétti einstaklings, sem skipt hafði um kyn, til þess að ganga í hjónaband en honum reyndist ókleift að fá skráningu kyns breytt á fæðingarvottorði sínu. Dómstóllinn taldi ekki að breskum stjórnvöldum bæri skylda til að breyta skráningunni.[34] Á síðustu árum hefur orðið stefnubreyting hjá Mannréttindadómstólnum hvað varðar rétt einstaklinga, sem hafa skipt um kyn, til breyttrar skráningar á kyni og í máli *Christine Goodwin gegn Bretlandi* frá árinu 2002 sló dómstóllinn því föstu að það bryti gegn friðhelgi einkalífs kæranda skv. 8. gr. og rétti hans til að ganga í hjónaband skv. 12. gr. að neita kæranda, sem skipt hafði um kyn, um breytta skráningu í fæðingarvottorði en breyting á skráningu var forsenda þess að hann gæti gengið í hjónaband.[35]

Í máli *Simpson gegn Bretlandi* frá 1986 fjallaði mannréttindanefndin um kæru lesbískrar konu sem hafði verið neitað um að ganga inn í leigusamning eftir fráfall sambýliskonu sinnar sem hún hafði átt áralanga sambúð með en bresk lög veittu slíkan rétt í tilvikum þar sem um var að ræða hjónaband, sambúð karls og konu eða náin fjölskyldutengsl. Taldi kærandi að með þessu hefði verið brotið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs, fjölskyldulífs og heimilis skv. 8. gr. sáttmálans af þeirri ástæðu einni að hún væri ekki af réttu kyni og að þessi takmörkun á réttindum væri ekki nauðsynleg af neinni þeirri ástæðu sem getið væri í 2. mgr. 8. gr. Nefndin benti á að markmið leigulaganna væri að vernda fjölskyldu leigutaka sem félli frá, með þeim hætti að hún gæti áfram búið á sama stað. Nefndin vísaði til fyrri ákvörðunar sinnar um að þótt viðhorf gagnvart samkynhneigðum hefðu breyst, væri ekki hægt að fallast á að samband samkynhneigðra einstaklinga félli undir hugtakið fjölskyldulíf í skilningi 1. mgr. 8. gr. sáttmálans.[36] Sama niðurstaða varð í ákvörðun nefndarinnar í máli *Röösli gegn Þýskalandi* frá 1996 þar sem málsatvik voru sambærileg.[37]

Í máli *Catharina Johanna Kerkhoven, Anna Maria Hinke og Stijn Hinke gegn Hollandi* voru kærendur tvær lesbískar konur sem bjuggu saman ásamt syni annarrar þeirra. Kærendur kvörtuðu yfir því að samkvæmt hollenskum lögum væri þeim ókleift að hafa sameiginlega forsjá yfir syninum en slíkt væri aðeins mögulegt fyrir stjúpforeldri í sambúð gagnkyn-

---

[32] Ákvörðun MNE frá 3. maí 1983 í máli nr. 9369/81, D&R 32, bls. 220.
[33] Ákvörðun MNE frá 9. október 1989 í máli nr. 14753/89 (óbirt).
[34] Dómur MDE frá 17. október 1986. A-Series 106.
[35] Dómur MDE frá 11. júlí 2002. Reports of Judgments and Decisions 2002-VI.
[36] Ákvörðun MNE frá 14. maí 1986 í máli nr. 11716/85, D&R 47, bls. 274.
[37] Ákvörðun MNE frá 15. maí 1996 í máli nr. 28318/95, D&R 85, bls. 149.

hneigðs pars. Kærendur töldu brotið gegn rétti sínum til friðhelgi einkalífs og heimilis skv. 8. gr. með því að ekki væri hægt að stofna til lagalegra tengsla við stjúpbarn í tilviki samkynhneigðra og slík mismunun bryti einnig gegn 14. gr. sáttmálans. Mannréttindanefndin vísaði á ný til fyrri ákvarðana sinna um að samband tveggja samkynhneigðra einstaklinga félli ekki undir fjölskyldulíf í skilningi 1. mgr. 8. gr. og nyti því ekki verndar ákvæðisins. Þar fyrir utan væru engar takmarkanir á rétti kærendanna þriggja til að búa saman. Við mat á því hvort mismunun hefði átt sér stað í skilningi 14. gr. benti mannréttindanefndin á að þegar forsjá barns væri til skoðunar væri ekki hægt að jafna saman stöðu karls og konu annars vegar og tveggja kvenna hins vegar. Niðurstaða nefndarinnar var að engin brot hefðu átt sér stað á réttindum kærenda.[38]

Árið 2003 gekk stefnumarkandi dómur hjá Mannréttindadómstól Evrópu sem bendir til að dómstóllinn fallist á nokkuð rýmri túlkun á hugtakinu „fjölskyldulíf" en leiða má af fyrri framkvæmd hans. Í máli *Karner gegn Austurríki* fékk dómurinn til úrlausnar kæru samkynhneigðs karlmanns sem hafði verið í sambúð með öðrum karlmanni í leiguíbúð í sex ár þegar hinn síðarnefndi féll frá en sá hafði jafnframt verið leigutaki samkvæmt leigusamningi. Hafði kæranda verið gert að flytja úr íbúðinni eftir það og var ekki fallist á það af austurrískum dómstólum að austurrísk lög, sem veittu maka, sambýlismanni (life companion) og nánum ættingjum rétt til að ganga inn í leigusamning, gætu átt við um aðstæður kæranda. Hann byggði kæru sína á því að réttindi hans skv. 8. gr. og 14. gr. sáttmálans hefðu verið brotin og benti á að markmið leigulaganna væri að veita eftirlifandi sambýlismanni leigutaka, sem félli frá, ákveðið efnahagslegt og félagslegt öryggi. Dómstóllinn benti á að lagavernd fjölskyldunnar sem takmarkaðist við hefðbundin fjölskylduform, gæti verið réttlætanleg en skoða þyrfti í hverju tilviki hvort meðalhófs væri gætt. Taldi dómstóllinn að ekki væri sýnt fram á nauðsyn þess að gera þann greinarmun á einstaklingum sem byggðist á kynhneigð að ákvæði leigulaganna gætu ekki náð yfir samband samkynhneigðra sambýlismanna. Varð því niðurstaðan sú að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr. og 14. gr. mannréttindasáttmálans.[39]

Í máli *Salgueiro da Silva Mouta gegn Portúgal* frá 1999 sló Mannréttindadómstóll Evrópu því föstu að það bryti gegn banni við mismunun og friðhelgi fjölskyldunnar að líta til kynhneigðar foreldris við mat á því hvort það ætti að hafa forsjá barns síns. Kærandi, sem hafði átt í forsjárdeilu við barnsmóður, sína var samkynhneigður karlmaður í sambúð með öðrum karlmanni. Kæra hans laut að því að ákvörðun portúgalskra dómstóla um að veita móðurinni forsjá barnsins hefði byggst á því að hann væri samkynhneigður og benti hann á ýmis ummæli í dómsniðurstöðunni í forsjármálinu því til stuðnings. Taldi Mannréttindadómstóllinn ljóst að samband föður og dóttur félli undir friðhelgi einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. og lagði mat á hvort mismunun hefði átt sér stað á grundvelli 14. gr. á grundvelli ólögmætra sjónarmiða. Dómstóllinn kannaði rökstuðning portúgalska dómstólsins og taldi það lögmætt markmið, sem þar kom fram, að leggja til grundvallar við ákvörðun um forsjá hvað væri barninu fyrir bestu. Hins vegar taldi hann ljóst af ummælum í dóminum að við ákvörðunina um hvað væri barninu fyrir bestu hefði verið litið til kynhneigðar föðurins og sambúðar hans með öðrum karlmanni og tekið fram að þar væri um að ræða óeðlilegar aðstæður sem barn ætti ekki að alast upp við. Þar sem Mannréttindadómstóllinn taldi þessi og fleiri ummæli dómsins eindregið benda til þess að samkynhneigð föður hefði ráðið úrslitum við forsjár-

---

[38] Ákvörðun MNE frá 19. maí 1992 í máli nr. 15666/89 (óbirt).
[39] Dómur MDE frá 24. júlí 2003.

ákvörðunina hefði verið brotið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr. og 14. gr. sáttmálans.[40]

Ekki er að finna afdráttarlaus svör frá Mannréttindadómstólnum varðandi rétt samkynhneigðra til að ættleiða börn en slíkt álitaefni kom nýlega þar til úrlausnar í fyrsta skipti í máli *Fretté gegn Frakklandi*. Kærandi var samkynhneigður einhleypur karlmaður sem frönsk stjórnvöld höfðu neitað um leyfi til ættleiðingar að undangenginni könnun á aðstæðum hans og högum til að ala upp barn sem fram fór samkvæmt reglum þar um. Frönsk löggjöf heimilar einhleypum jafnt sem pörum að ættleiða. Kærandi í þessu máli hélt því fram að honum hefði verið synjað um ættleiðingarleyfi einvörðungu á grundvelli kynhneigðar hans og hefði þar með verið brotið gegn réttindum hans skv. 8. gr. og 14. gr. sáttmálans. Franska ríkið taldi hins vegar að synjunin hefði byggst á niðurstöðu könnunar á stöðu hans og högum sem leiddi í ljós að hann væri einhleypur maður sem lifði í umhverfi þar sem ekki væri að finna nein tengsl við neinar kvenímyndir. Heimili hans og daglegur lífsstíll væri einnig með þeim hætti að ekki væri líklegt að hann mundi geta boðið barni upp á viðeigandi umhverfi sem ætla mætti að væri því fyrir bestu, auk þess sem hann virtist af viðtölum ekki fyllilega gera sér grein fyrir afleiðingum ættleiðingarinnar. Einnig varðist franska ríkið með þeim rökum að þar fyrir utan væri ekki ljóst hver væru áhrif þess fyrir barn að vera ættleitt af samkynhneigðum einstaklingi og því síður væri samstaða um málið innan aðildarríkja Evrópuráðsins. Mannréttindadómstóllinn tók fram að mannréttindasáttmáli Evrópu verndaði ekki sjálfstætt rétt manna til að ættleiða börn en mismunun um það á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða gæti þó falið í sér brot á friðhelgi einkalífs einstaklinga skv. 8. gr. og brot á 14. gr. Dómstóllinn féllst á að aðildarríki væru ekki samstíga varðandi álitaefnið hvort samkynhneigðir ættu sama rétt og aðrir til að ættleiða börn, um viðkvæmt málefni væri að ræða og veita yrði ríkjum rúmt svigrúm til mats um það atriði. Dómstóllinn tók fram að markmið ættleiðingar væri að útvega barni fjölskyldu en ekki að útvega fjölskyldu barn og nauðsynlegt væri að sjá til þess að barninu yrði boðið upp á bestu mögulegar aðstæður. Eins benti dómstóllinn á að sérfræðinga á sviði barnasálfræði og barnageðlækninga greindi á um mögulegar afleiðingar þess fyrir velferð barns að það væri ættleitt af einum eða fleiri samkynhneigðum einstaklingum, en vísindarannsóknir um efnið væru enn af mjög skornum skammti. Taldi dómstóllinn með hliðsjón af þessu að sá greinarmunur, sem gerður hefði verið á stöðu kæranda miðað við aðra, virðist byggður á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum og því væri ekki um að ræða ólögmæta mismunun í skilningi 14. gr. sáttmálans.[41]

3) Álitaefni um bann við því að samkynhneigðir gegni herþjónustu.

Loks er vert að rekja stuttlega mikilvæga dóma sem Mannréttindadómstóllinn hefur kveðið upp á síðustu árum og fjalla um takmarkanir á rétti samkynhneigðra til að ganga í breska herinn og gegna herþjónustu.[42] Í málum *Lustig-Prean og Beckett gegn Bretlandi* og *Smith og Grady gegn Bretlandi* tók dómstóllinn til skoðunar hvort bann, sem bresk stjórnvöld settu við veru samkynhneigðra í hernum, bryti gegn friðhelgi einkalífs kærenda skv. 8. gr. sáttmálans. Höfðu kærendur verið reknir úr hernum eftir nokkurra ára áfallalausan starfsferil þegar upp komst um samkynhneigð þeirra að undangenginni sérstakri rannsókn á vegum hersins um það. Þessi stefna stjórnvalda var einkum byggð á niðurstöðum skýrslu sem breska varnarmálaráðuneytið hafði gert og fjallaði um ýmis meint neikvæð áhrif af veru samkyn-

---

[40] Dómur MDE frá 21. desember 1999. Reports of Judgments and Decisions 1999-IX.
[41] Dómur MDE frá 26. febrúar 2002. Reports of Judgments and Decisions 2002-I.
[42] Alistair Mowbray: *Cases and Materials on the European Convention on Human Rights*, bls. 349–350.

hneigðra einstaklinga í hernum, m.a. á baráttugetu heraflans og á siðferðisþrek hermanna. Vísaði breska ríkið til þess að þessi takmörkun væri nauðsynleg í þágu þjóðaröryggis og því réttlætanleg skv. 2. mgr. 8. gr. Mannréttindadómstóllinn fjallaði ítarlega um þær röksemdir sem komu fram í skýrslunni og benti á að takmarkanir, sem snertu persónulegustu þætti í einkalífi einstaklinga, þyrfti að byggja á sérstaklega þungvægum rökum og nauðsyn þeirra að vera afar rík. Hann taldi hins vegar að ekki væri sýnt fram á það með óyggjandi hætti að samkynhneigðir einstaklingar í herþjónustu mundu hafa þau áhrif sem haldið væri fram í skýrslunni enda hafði breska ríkið ekki fært fram nein dæmi því til stuðnings. Það var niðurstaða dómstólsins að hvorki væri hægt að réttlæta með gildum rökum rannsókn sem fram fór til að leiða í ljós samkynhneigð kærenda né brottvísun kærenda úr hernum og með þessu hefði verið brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra skv. 8. gr. sáttmálans.[43] Í kjölfar þessara mikilvægu fordæma, sem Mannréttindadómstóllinn setti varðandi bann við samkynhneigð í breska hernum, hafa fleiri dómar gengið þar um sama eða sambærileg atriði með sömu niðurstöðu um brot á ákvæðum sáttmálans.[44]

4.3. Evrópusambandið.

4.3.1. Reglur á vettvangi ESB sem varða réttindi samkynhneigðra.

Álitaefni, sem varða réttindi samkynhneigðra og hafa komið til skoðunar á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) og dómstóls sambandsins, hafa einkum tengst rétti samkynhneigðra til þess að fá samband sitt viðurkennt sem fjölskyldulíf með þeirri lagavernd sem því fylgir.[45] Evrópusambandið er sem slíkt ekki aðili að mannréttindasáttmála Evrópu þótt öll aðildarríki þess séu það en stofnanir sambandsins byggja þó á þeim grunnreglum sem birtast í sáttmálanum. Dómstóll EB hefur ítrekað beitt ákvæðum sáttmálans í úrlausnum sínum og vísað til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins um túlkun þeirra. Á fundi sínum í Nice í desember árið 2000 samþykkti ráðherraráð ESB mannréttindaskrá Evrópusambandsins en í henni er ítarleg talning mannréttinda sem gengur að ýmsu leyti lengra en mannréttindasáttmáli Evrópu. Bæði eru þar talin fleiri réttindi t.d. af meiði efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda en einnig er skilgreining nokkurra hefðbundinna réttinda ítarlegri. Skráin hefur ekki lagalegt gildi enn sem komið er en hefur þegar haft nokkur áhrif við skýringu á reglum EB-réttar. Stefnt er að því að hún verði hluti af sameiginlegri stjórnarskrá fyrir Evrópu og njóti þar með stöðu grundvallarreglna á vettvangi sambandsins.

III. kafli mannréttindaskrár ESB er helgaður jafnrétti og banni við mismunun, bæði með almennum ákvæðum og sérstökum verndarákvæðum varðandi jöfn réttindi kynjanna svo og um réttindi barna, aldraða og fatlaða. Í 20. gr. skrárinnar er mælt fyrir um jafnræði allra fyrir lögunum en í 21. gr. kemur fram bann við mismunun og eru í 1. mgr. ákvæðisins talin upp atriði sem bannað er að byggja mismunun á. Er þetta ákvæði frábrugðið sambærilegum ákvæðum alþjóðasamninga um bann við mismunun sem áður hefur verið lýst, að því leyti að þar eru talin upp fleiri atriði í þessu sambandi en jafnframt með tæmandi hætti. Þannig er *kynhneigð* (sexual orientation) talin í hópi atriða sem bannað er að byggja mismunun á, auk fleiri nýrra atriða sem bæst hafa við hefðbundna talningu í ákvæðinu, svo sem aldur og

---

[43] Dómar MDE frá 27. september 1999. Reports of Judgments and Decisions 1999-VI.

[44] Sbr. t.d. tvo dóma MDE frá 22. október 2002 í máli *Perkins og R. gegn Bretlandi* og *Beck, Copp og Bazely gegn Bretlandi.*

[45] Ítarlega umfjöllun um rétt samkynhneigðra para samkvæmt reglum ESB má sjá í meistaraprófsritgerð Nönnu Magnadóttur: *Same Sex Couples in the European Union. Citizenship, Movement and Residence.*

fötlun. Engin sérstök verndarákvæði í skránni eru helguð réttindum samkynhneigðra að öðru leyti.

Í 7. gr. skrárinnar er mælt fyrir um vernd á friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs, heimilis og bréfaskipta en hér er því byggt á sambærilegri skilgreiningu og í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu án frekari skilgreiningar, t.d. á inntaki fjölskyldulífs. Í 9. gr. skrárinnar er mælt fyrir um að tryggja skuli rétt til þess að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi. Athyglisvert er að ákvæðið tilgreinir ekki sérstaklega „karla og konur" í þessu sambandi eins og í 12. gr. mannréttindasáttmálans. Kann það að hafa nokkra þýðingu við skýringu ákvæðisins til framtíðar eftir því sem þeim ríkjum sambandsins fjölgar sem heimila hjónabönd samkynhneigðra og hugsanlega einnig á skýringu 7. gr. skrárinnar um það hvað felst í vernd fjölskyldulífs. Enn sem komið er hafa stofnanir ESB verið varkárar við að viðurkenna að sambönd samkynhneigðra falli undir hugtakið fjölskyldulíf eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Evrópusambandið hefur unnið að afnámi mismununar á ýmsum sviðum með sérstökum aðgerðum sem hafa einkum stefnt að því að koma á jafnrétti kynjanna.[46] Engar beinar samþykktir eða aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar til að vinna gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar eða afnámi misréttis gagnvart samkynhneigðum. Með Amsterdamsamningnum frá 1997 voru gerðar ýmsar breytingar á Rómarsamningnum, stofnsamningi Evrópusambandsins, sem varða m.a. hlutverk þess varðandi vernd mannréttinda. Í grein 13(1) Rómarsamningsins kom inn nýtt ákvæði þar sem fjallað er um ráðstafanir stofnana sambandsins til að afnema mismunun á grundvelli tiltekinna ástæðna. Þar kom orðið *kynhneigð* inn í fyrsta skipti í EB-rétti sem óheimil ástæða mismununar. Reyndar var þetta í fyrsta skipti sem alþjóðlegur samningur tilgreindi kynhneigð sem þátt í banni við mismunun og því mikilvægur áfangi, þótt ekki sé beinlínis um efnisákvæði að ræða heldur heimild stofnana ESB til að grípa til aðgerða gegn mismunun.[47]

Meðal mikilvægustu aðgerða sambandsins gegn mismunun frá samþykkt Amsterdamsamningsins og eiga sér stoð í hinu nýja ákvæði í 13. gr. Rómarsamningsins er samþykkt tilskipunar nr. 2000/78/EB um innleiðingu meginreglunnar um jafnrétti í tengslum við vinnumarkaðinn um afnám mismununar á vinnumarkaði en tilskipunin tók gildi í desember 2003.[48] Þar er m.a. kveðið skýrt á um bann við mismunun á vinnumarkaði á grundvelli kynhneigðar. Tilskipunin er lagalega bindandi fyrir öll aðildarríki sambandsins og ber þeim að innleiða ákvæði hennar í landsrétt. Hún gildir um öll svið vinnumarkaðarins, bæði gagnvart opinberum starfsmönnum og í vinnuréttarsamböndum á vettvangi einkaréttarins. Annað veigamikið skref Evrópusambandsins til þess að afnema mismunun er tilskipun frá árinu 2000 sem fjallar um jafnrétti manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna.[49] Gildissvið hennar er mun víðara heldur en tilskipunin sem gildir um jafnrétti á vinnumarkaði enda er þar fjallað um jafnrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins og bann við mismunun, t.d. hvað varðar ýmis

---

[46] Í mikilvægum dómi á þessu sviði, *Defrenne gegn Sabena*, mál C-149/79 [1978] ECR 1365, sló EB-dómstóllinn því föstu að afnám kynjamisréttis væri meðal grundvallarreglna EB-réttar. Síðan hafa margvíslegar ráðstafanir til að gerðar til að afnema kynjamisrétti.

[47] Nanna Magnadóttir: *Same Sex Couples in the European Union. Citizenship, Movement and Residence*, bls. 14.

[48] Council Directive 2000/78/EC establishing a general framework for equal treatment in employment and occupation, frá 27. nóvember 2000.

[49] Council Directive 2000/43/EC implementing the principle of equal treatment between persons irrespective of racial or ethnic origin, frá 29. júní 2000.

félagsleg réttindi, rétt til menntunar og rétt til að njóta sömu almennu þjónustu og aðrir, svo sem varðandi húsnæði. Af heiti tilskipunarinnar er hins vegar ljóst að hún takmarkast við vernd gegn mismunun á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna og kemur hún því ekki að haldi fyrir vernd gegn mismunun á grundvelli samkynhneigðar.

4.3.2. Úrlausnir Evrópudómstólsins.

Dómstóll EB hefur fengið til úrlausnar nokkur álitaefni sem tengjast réttindum samkynhneigðra og viðurkenningu á sambandi þeirra í tengslum við réttindi starfsmanna stofnana sambandsins.

Í máli *D gegn ráðinu* frá 2001 fjallaði dómstóllinn um réttarstöðu samkynhneigðs starfsmanns ráðsins og maka hans sem voru í staðfestri samvist samkvæmt sænskum lögum. D krafðist þess að samvistarmaki hans nyti réttarstöðu *maka* í skilningi reglugerðar um starfsmenn sambandsins nr. 781/98 sem veitti maka starfsmanns ákveðin hlunnindi og að staðfestri samvist þeirra væri jafnað til hjúskapar eftir sömu reglu. Gerði D kröfu um að reglur, sem giltu í heimalandi þeirra, Svíþjóð, varðandi réttindi maka í staðfestri samvist, giltu jafnt um réttindi þeirra samkvæmt starfsmannareglum sambandsins. Dómstóll EB féllst ekki á þessi sjónarmið og benti á að orðalag starfsmannareglnanna um þetta atriði væri skýrt og gæfi ekki tilefni til rýmri túlkunar á hugtakinu „hjúskapur". Með því væri aðeins skírskotað til sambands karls og konu og jafnvel í aðildarríkjum, sem heimiluðu staðfesta samvist tveggja einstaklinga af sama kyni, væri gerður greinarmunur í lögum á slíku sambandi og hjúskap. Einnig var bent á að við undirbúning reglugerðar nr. 781/98 hefði komið fram tillaga frá Svíum um að staðfest samvist yrði lögð að jöfnu við hjúskap hvað varðar réttindi maka en hún hefði ekki hlotið samþykki. Dómstóllinn hafnaði því einnig að um ræddi mismunun á grundvelli kynferðis sem bryti gegn þágildandi 119. gr. Rómarsamningsins (nú 141. gr.) enda giltu sömu reglur að þessu leyti hvort sem ætti í hlut karlkyns eða kvenkyns starfsmaður. Loks taldi dómstóllinn að neitun um að veita samvistarmaka D réttarstöðu maka samkvæmt starfsmannareglunum bryti ekki gegn 8. gr. mannréttindasáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs. Byggðist sú niðurstaða á því að hér væri einvörðungu um að ræða reglur sem giltu um samband launþega og atvinnurekanda sem hefðu engin áhrif á borgaraleg réttindi D, svo sem friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs hans.[50]

Dómstóllinn tók ekki afstöðu til þess í máli D hvort þessi skipan bryti gegn frjálsri för launþega samkvæmt reglum EB-réttar. Ekki var heldur vikið að áhrifum þess markmiðs sem rakið er í áðurgreindri 13. gr. Rómarsamningsins og kveður á um ráðstafanir stofnana sambandsins til að afnema mismunun, m.a. á grundvelli kynhneigðar.[51] Vert er að taka fram að um þessar mundir er unnið að breytingum á fyrrgreindri starfsmannareglugerð ESB þannig að ákvæði hennar um maka nái einnig yfir staðfesta samvist.[52]

---

[50] Dómur EB-dómstólsins frá 31. maí 2001. Mál C-122 og 125/99P[2001] ECR I-4319. Í forúrskurði í máli *Grant gegn South West Trains* hafði dómstóllinn áður tekið sambærilega afstöðu um að túlka yrði hugtakið „maki" þröngt þegar fjallað var um sérstök réttindi sem maka voru veitt í landslöggjöf og ekki væri um mismunun að ræða í skilningi þáverandi 119. gr. Rómarsamningsins (nú 141. gr.) um bann við mismunun byggða á kynferði. Dómur dómstóls EB frá 17. febrúar 1998. Mál C-249/96 [1998] ECR I-621.

[51] Elsbeth Guild: „Free Movement and Same-Sex Relationships", bls. 686–687 í ritinu: *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs.

[52] Í nóvember 2003 skilaði framkvæmdastjórn ESB tillögu til ráðsins þessa efnis, sbr. skjal COM/2003/721/FINAL (Proposal for a Council Regulation amending the Staff Regulations of officials and the Conditions of Employment of other servants of the European Communities).

4.4. Samantekt.

Af því sem lýst hefur verið að framan varðandi alþjóðlega samvinnu sem Ísland tekur þátt í er ljóst að töluverð þróun hefur orðið í þá átt að bæta réttindi samkynhneigðra á undanförnum áratug. Fremur lítil framþróun hefur þó enn sem komið er orðið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í því sambandi ber að hafa í huga að Sameinuðu þjóðirnar eru samtök allra ríkja heims, tæplega 200 talsins, þar sem afstaða margra ríkja gagnvart samkynhneigð er gerólík því sem þekkist á Vesturlöndum og fordómar gegn samkynhneigðum eiga sér enn djúpar rætur í menningu og trúarbrögðum. Umræður um að viðurkenna réttindi samkynhneigðra eru því stutt á veg komnar á þessum vettvangi og má í ljósi aðstæðna telja ólíklegt að alþjóðleg samstaða náist um það á næstu árum. Er þó jákvætt að líta til þess að tillögur til ályktunar um mannréttindi og kynhneigð hafa verið lagðar fram hjá mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum þótt þær hafi ekki enn náð fram að ganga. Eins er mikilvægt að benda á tímamótaniðurstöðu mannréttindanefndarinnar sem starfar samkvæmt samningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi í kærumáli gegn Ástralíu þess efnis að lagaákvæði, sem lögðu refsingu við kynmökum samkynhneigðra, brytu gegn friðhelgi einkalífs. Á hinn bóginn hefur nefndin ekki fallist á að samningurinn verndi rétt samkynhneigðra til að ganga í hjónaband.

Þróunin í Evrópu varðandi viðurkenningu á réttindum samkynhneigðra undanfarin ár hefur á hinn bóginn bæði verið hröð og athyglisverð. Er hún í nánu sambandi við þróun í flestum Evrópuríkjum um að viðurkenna í auknum mæli réttindi samkynhneigðra, t.d. með lagasetningu sem veitir sambúð samkynhneigðra sömu réttaráhrif og sambúð gagnkynhneigðra og um bann við mismunun. Samhliða þessari viðurkenningu hefur sambúð og fjölskyldulíf samkynhneigðra orðið sýnilegra í samfélaginu og dregið hefur úr fordómum. Eftir mikla varfærni, sem mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu sýndu á níunda áratugnum gagnvart álitaefnum um vernd mannréttindasáttmála Evrópu á fjölskyldulífi samkynhneigðra para, hefur orðið mikilvæg stefnubreyting. Í máli *Karners gegn Austurríki* frá 2003 féllst dómstóllinn þannig á rýmri túlkun á hugtakinu „fjölskyldulíf“ skv. 8. gr. sáttmálans og taldi ólögmæta mismunun fólgna í að greina á milli para eftir kynhneigð þeirra varðandi tiltekin lagaleg réttindi. Einnig er mikilvægur dómur dómstólsins frá 1999 í máli *Salgueiro da Silva Mouta gegn Portúgal* sem sló því föstu að það bryti gegn banni við mismunun og friðhelgi fjölskyldunnar skv. 8. gr. að líta til kynhneigðar foreldris við úrlausn þess hvort það ætti að hafa forsjá barns síns. Enn sem komið er hefur Mannréttindadómstóllinn þó ekki fallist á að sáttmálinn feli í sér sjálfstæðan rétt einstaklinga til að ættleiða börn og vísað til þess að markmið ættleiðingar sé að útvega barni fjölskyldu en ekki að útvega fjölskyldu barn eins og fram kom í máli *Fretté gegn Frakklandi* frá árinu 2002. Jafnframt tók hann fram að aðildarríki væru ekki samstíga varðandi álitaefnið hvort samkynhneigðir ættu sama rétt og aðrir til að ættleiða börn, um viðkvæmt málefni væri að ræða og veita yrði ríkjum rúmt svigrúm til mats um það atriði.

Loks hafa mikilvæg skref verið tekin á vettvangi Evrópusambandsins sem hefur fyrst alþjóðastofnana talið kynhneigð upp meðal atriða sem bannað er byggja mismunun á í stofnskrá sinni, sbr. breytingar sem gerðar voru 13. gr. Rómarsamningsins með Amsterdamsamningnum frá 1997 og skýrt ákvæði í 21. gr. mannréttindaskrár ESB. Einnig er vert að benda á tilskipun nr. 2000/78/EB um bann við mismunun á vinnumarkaði sem veitir sérstaka vernd gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar. Þá er unnið að breytingum á starfsmannareglum ESB í þá átt að auka vernd samkynhneigðs sambúðarmaka starfsmanns en með því er brugðist við dómi EB-dómstólsins frá 2001, þess efnis að hugtakið maki næði ekki til sambýlismanns samkynhneigðs starfsmanns i staðfestri samvist. Er þess að vænta að á næstu árum

verði enn frekari þróun innan ESB sem miðar að afnámi mismununar gegn samkynhneigðum á vinnumarkaði og viðurkenningu á sambúð og fjölskyldulífi samkynhneigðra.

5. KAFLI
ÞRÓUN Í NOKKRUM NÁGRANNALÖNDUM VARÐANDI RÉTTARSTÖÐU SAMKYNHNEIGÐRA

5.1. Inngangur.

Réttarstaða samkynhneigðra er afar misjöfn eftir löndum. Enn er fjöldi ríkja sem fordæmir samkynhneigð og kveður á um í löggjöf sinni að mök samkynhneigðra séu refsiverð. Í öðrum ríkjum hefur verið fetað langt á þeirri braut að gera réttarstöðu samkynhneigðra sem jafnasta réttarstöðu gagnkynhneigðra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir réttarstöðunni í nokkrum erlendum ríkjum og verður einkum fjallað um rétt samkynhneigðra til að staðfesta samvist sína eða ganga í hjónaband, rétt þeirra til að eignast og ala upp börn og sérstaka vernd sem þeim er fengin sem minnihlutahópi í samfélaginu. Sérstök áhersla verður lögð á að lýsa réttarstöðunni í þeim ríkjum sem standa Íslandi næst þar sem lagaumhverfi er líkast.

5.2. Danmörk.

5.2.1. Staðfest samvist.

Danmörk var fyrst Norðurlandanna til að setja sérstaka löggjöf um staðfesta samvist (lov om registreret partnerskab, nr. 372/1989) sem gildi tóku 1. október 1989. Sú löggjöf varð fyrirmynd annarra norrænna ríkja sem settu lög um sama efni, þar á meðal Íslands. Dönsku lögin og hin íslensku eru því hliðstæð að efni og uppbyggingu. Þannig eru réttaráhrif dönsku laganna um staðfesta samvist þau sömu og réttaráhrif hjúskapar með ákveðnum undantekningum, sem lúta einkum að afstöðunni gagnvart börnum.

Frá því að lögin voru sett 1989 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þeim. Með síðustu breytingu sem gerð var með lögum nr. 360/1999 voru skilyrði til að staðfesta samvist rýmkuð. Lagabreytingin átti rætur að rekja til norræns samstarfs sem miðaði að samræmingu laga um staðfesta samvist. Með breytingunni var kveðið á um að heimilt væri að skrá aðila í staðfesta samvist ef annar þeirra ætti lögheimili í Danmörku og hefði danskan, norskan, sænskan eða íslenskan ríkisborgararétt eða ef báðir aðilar ættu lögheimili í Danmörku síðastliðin tvö ár fyrir staðfestinguna. Áður hafði verið skilyrði að a.m.k. annar þeirra væri búsettur í Danmörku og væri danskur ríkisborgari. Þá var einnig með breytingunni kveðið á um að ákveða mætti með reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi væru lög um staðfesta samvist, sambærileg dönsku lögunum, yrði einnig lagður að jöfnu við danskan ríkisborgararétt. Tvær reglugerðir hafa verið gefnar út á grundvelli þessa ákvæðis, reglugerð nr. 929/2001 sem veitir heimildina til handa hollenskum ríkisborgurum og reglugerð nr. 198/2002 sem veitir heimildina til handa finnskum ríkisborgurum. Með sömu lagabreytingu var samkynhneigðum í staðfestri samvist loks heimilað að ættleiða stjúpbörn sín, svo framarlega sem þau hefðu ekki verið ættleidd frá öðru landi.

Á árinu 2003 lögðu nokkrir þingmenn fram frumvörp á danska þinginu til breytingar á lögum um staðfesta samvist. Markmið þeirra breytinga voru í fyrsta lagi að koma á jöfnum rétti milli hjóna og aðila í staðfestri samvist til að ættleiða bæði dönsk og erlend börn. Í öðru lagi að gera aðilum í staðfestri samvist kleift að stjúpættleiða barn maka síns strax við fæðingu þess og í þriðja lagi að fella niður skilyrðið um lögheimili í Danmörku fyrir staðfestri samvist. Ekkert þessara frumvarpa hlaut samþykki á þinginu en samkvæmt upplýsingum frá danska dómsmálaráðuneytinu tilkynnti dómsmálaráðherra að ráðuneytið mundi skoða nánar hvort hægt væri að slaka á kröfum laganna um búsetuskilyrði. Í ráðuneytinu

hefur nú verið settur á fót starfshópur sem mun skoða þessi atriði og skila skýrslu til ráðherra.

5.2.2. Önnur sambúðarform.

Í Danmörku líkt og hér á landi eru ekki sérstök lög um sambúð. Á stöku stað í löggjöfinni eru þó ákvæði þar sem sambúðarfólki eru fengin ákveðin réttindi eða á það lagðar ákveðnar skyldur. Of flókið og viðamikið verk var að greina allt réttarsviðið með tilliti til réttinda sambúðarfólks en þess í stað var upplýsinga aflað á tveimur sviðum, þ.e. á sviði skatta og almannatrygginga.

Í danskri skattalöggjöf eru fá ákvæði sem veita sambúðarfólki sömu réttindi og hjónum. Í lögum um gjald af dánarbúum og gjöfum (boafgiftsloven, nr. 751/2001) eru sérreglur um þá sem greiða lægra gjald af dánarbúum og gjöfum sem fara yfir ákveðna viðmiðunarfjárhæð. Sambúðarmakar (personer som har fælles bopæl), sem hafa búið saman í minnst 2 ár eru sérstaklega tilgreindir með þeim sem greiða lægri gjöld í þessum tilvikum. Samkvæmt upplýsingum frá skattyfirvöldum í Danmörku ná þessar reglur einnig til sambúðarfólks af sama kyni sem ekki hafa staðfest samvist sína.

Í 2. gr. laga um greiðslu skatta af lífeyrisgreiðslum (pensionsbeskatningsloven, nr. 816/2003) eru reglur um það hvaða lífeyrisgreiðslur falli undir lögin. Þar er fjallað um makalífeyri og sambúðarmakalífeyri (samleverpension). Í skýringum á því hver teljist sambúðarmaki samkvæmt lögunum er það nafngreindur einstaklingur sem bjó með hinum látna þegar hann lést eða einstaklingur sem hefði getað gengið í hjónaband eða staðfesta samvist með hinum látna. Af lagatextanum er því ljóst að ákvæðið nær til samkynhneigðra para í sambúð.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu í Danmörku miða dönsk lög um félagsleg réttindi manna að mestu við réttindi einstaklingsins án tillits til hjúskaparstöðu eða sambúðar. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar en þar hafa tekjur maka áhrif þegar ákvörðun er tekin um fjárhæð ýmissa félagslegra styrkja, svo sem lífeyris og fjölskyldustyrkja. Fram til 1. janúar 1999 náði hugtakið maki eingöngu til aðila í hjúskap en eftir það var með lagabreytingu hugtakið maki einnig látið ná til aðila í sambúð. Með lagabreytingunni var skilgreiningin á sambúð miðuð við að jafna mætti henni til hjónabands eða staðfestrar samvistar.

Samkvæmt framansögðu virðist sem lagaleg mismunun milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para í sambúð sé ekki til staðar á nefndum réttarsviðum.

5.2.3. Réttarstaðan varðandi börn.

Samkvæmt dönskum barnalögum (børnelov nr. 460/2001) telst eiginmaður móður barns faðir þess ef það er getið í hjúskapnum. Þessi regla hefur verið nefnd „pater-est“. Sé móðir ekki í hjúskap telst sá maður faðir barnsins sem skrifar undir yfirlýsingu með móður þess efnis að saman muni þau bera ábyrgð á og fara með forsjá barnsins. Lögin gera ráð fyrir að þetta gerist um leið og fæðing barnsins er skráð. Þessi ákvæði gilda ekki um fólk í staðfestri samvist, sbr. 4. gr. laganna sem kveður á um að ákvæði í annarri löggjöf, sem bundin eru við kyn annars aðilans í hjúskap, gildi ekki um aðila í staðfestri samvist. Á sama hátt verður ályktað að ákvæðin gildi ekki heldur um samkynhneigða aðila í sambúð.

Feðri móðir ekki barn sitt og höfði enginn mál til faðernisviðurkenningar ber sýslumanni (statsamtet) að höfða mál, sbr. 7. gr. barnalaganna. Undir slíkum málarekstri er móður skylt að gefa upp hver eða hverjir séu líklegir til að teljast feður barnsins. Veiti móðir ekki nefndar upplýsingar er henni leiðbeint um hvaða þýðingu það geti haft fyrir hana og barnið. Áður en

til slíks dómsmáls kemur fer þó fram sérstök málsmeðferð hjá sýslumanni þar sem reynt er að upplýsa, í samráði við móður, hver faðir barnsins er og ber við þá meðferð að gæta upplýsingaskyldu gagnvart móður um þýðingu feðrunar barnsins.

Um tilhögun forsjár barna við skilnað gilda lög um forsjá og umgengni (lov om forældremyndighed og samvær, nr. 387/1995). Við skilnað geta foreldrar samið um hvort þeirra fer með forsjána. Hún getur verið sameiginleg eða þannig að annað foreldra fari með hana. Samningur um forsjá er skriflegur og staðfestur af þar til bæru yfirvaldi. Í 11. gr. laganna er því foreldri, sem fer með forsjána, heimilt að gera slíkan forsjársamning við nýjan maka sem það hefur gengið í hjúskap með. Þetta ákvæði gildir þó ekki um maka í staðfestri samvist, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna um staðfesta samvist. Þannig getur maki í staðfestri samvist ekki farið með forsjá stjúpbarns síns. Til þess að svo megi vera verður viðkomandi maki að stjúpættleiða barnið.

Heimild til að ættleiða börn hafa eingöngu hjón samkvæmt dönsku ættleiðingarlögunum (adoptionsloven nr. 1040/1999). Lögin gilda ekki um pör í staðfestri samvist. Hins vegar hefur maki í staðfestri samvist heimild til stjúpættleiðingar, sbr. það sem áður hefur komið fram í kafla 5.2.1.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna um forsjá og umgengni geta aðrir en foreldrar farið með forsjá barns. Þegar slíkt er ákveðið er aðeins miðað við það sem er barninu fyrir bestu. Engar takmarkanir eru gerðar í lögunum um staðfesta samvist hvað þessi ákvæði varðar og verður því ályktað að samkynhneigð pör geti tekið barn í fóstur jafnt og gagnkynhneigð pör allt eftir því hvað barninu er fyrir bestu.

Samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum (lov om kunstig befrugtning i forbindelse med lægelig behandling, diagnostik og forskning m.v., nr. 460/1997) er læknum heimilt að framkvæma tæknifrjóvgun á giftum konum eða konum í sambúð með manni ef sambúðinni má jafna til hjúskapar. Í 1. gr. laganna er kveðið á um að þau taki til tæknifrjóvgunar í sambandi við læknismeðferð, sem er framkvæmd af lækni eða undir stjórn læknis, í þeim tilgangi að gera konu þungaða á annan hátt en með samförum milli karls og konu. Lögin taka hins vegar ekki til tæknisæðingar (insemination) sem framkvæma má án læknisaðstoðar. Slík tæknisæðing má þó ekki brjóta í bága við ákvæði læknalaga um skottulækningar.

Í Danmörku hafa ljósmæður og hjúkrunarfræðingar framkvæmt tæknisæðingu utan heilbrigðiskerfisins. Þar sem engin sambærileg ákvæði gilda um tæknisæðingu og um tæknifrjóvgun er tæknisæðing heimil öllum konum sem eftir henni óska, óháð hjúskaparstöðu og kynhneigð.[53]

Samkvæmt dönskum rétti hvílir nafnleynd bæði á sæðisgjöfum og eggjagjöfum. Í því felst að hvorki barn sem verður til með tæknifrjóvgun né foreldrar þess geta fengið upplýsingar um sæðisgjafann. Á sama hátt getur sæðisgjafinn ekki fengið upplýsingar um þá sem þáðu sæðið.

5.2.4. Lagaákvæði um bann við mismunun.

Í danskri löggjöf er samkynhneigðum veitt ákveðin vernd gegn misrétti. Sérstök lög eru til um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar o.fl. (lov om forbud mod forskelsbehandling på grund af race m.v., nr. 626/1987). Í lögunum er kveðið á um að ekki megi í atvinnustarfsemi neita að afgreiða mann eða neita honum um aðgang til jafns við aðra að stað,

---

[53] „Storkklinik" er dæmi um einkarekna starfsemi í Danmörku þar sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður annast tæknisæðingu með ónafngreindu gjafasæði.

sýningu eða samkomu og þess háttar sem opin er almenningi með vísan til kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða þjóðflokks, trúar eða kynhneigðar. Getur brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Í 266. gr. b dönsku hegningarlaganna er kveðið á um að sá sem opinberlega eða af ásetningi breiði út til fjölda manna ummæli eða aðra yfirlýsingu, þar sem hópi manna er ógnað, þeir smánaðir eða niðurlægðir vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða þjóðflokks, trúar eða kynhneigðar, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Þá er tekið fram í 2. mgr. að ef ummælin séu hluti af skipulögðum áróðri skuli það virt til refsiþyngingar.

5.3. Noregur.

5.3.1. Staðfest samvist.

Árið 1993 voru sett í Noregi lög um staðfesta samvist (lov om registrert partnerskap, nr. 40/1993). Lögin voru hliðstæð hinni dönsku fyrirmynd um staðfesta samvist. Samkvæmt lögunum gátu tveir einstaklingar af sama kyni staðfest samvist sína ef annar eða báðir áttu lögheimili í Noregi og ef annar var norskur ríkisborgari. Þá giltu reglur hjúskaparlaga um einstaklinga í staðfestri samvist að undanskildum ákvæðunum um kirkjulega hjónavígslu og þá giltu ekki ákvæði ættleiðingarlaga um heimildir hjóna til að ættleiða börn.

Síðan lögin voru sett hefur þeim verið breytt nokkrum sinnum. Sömu breytingar og gerðar voru á dönsku lögunum, sem getið er í kafla 5.2.1 að framan, voru gerðar á norsku lögunum annars vegar með lögum nr. 104/2000 og hins vegar með lögum nr. 36/2001.

5.3.2. Önnur sambúðarform.

Í Noregi, líkt og í Danmörku og á Íslandi, eru ekki sérstök lög um sambúð, heldur eru dreifð ákvæði í löggjöfinni sem færa sambúðarfólki ýmis réttindi eða leggja á það ákveðnar skyldur á sama hátt og um hjón væri að ræða.

Samkvæmt upplýsingum frá norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu er engin ein lagaleg skilgreining til á hugtakinu sambúð í norskum rétti heldur er það skilgreint út frá þeim lögum sem fjalla um það hverju sinni. Venjulega er það skilgreint svo að um sé að ræða sambúð sem jafna má til hjúskapar og oft er gerð krafa um að parið eigi barn saman. Hvort sambúðarhugtakið nær til samkynhneigðra para í sambúð fer eftir túlkun á lagatextanum í hverju tilviki. Í skýrslu frá norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu kemur fram að samkynhneigðir í sambúð geti fallið undir sambúðarhugtakið í þeim tilvikum þegar ekki er gert ráð fyrir að parið eigi barn saman.[54]

Árið 1991 voru sett lög um einstaklinga með sameiginlegt heimilishald (lov om husstandsfellesskap, nr. 45/1991). Lögin, sem voru til staðar áður en lög um staðfesta samvist voru sett, tóku til þeirra sem höfðu sameiginlegt heimilishald og þar með talið samkynhneigðra. Lögin gilda um þá einstaklinga sem ekki eru í hjúskap, eru eldri en 18 ára og hafa búið saman í tvö ár hið minnsta eða eiga von á barni saman. Megininntak laganna er að annar sambúðaraðili getur krafist þess að fá í sinn hlut við skipti húsnæði og innbú sem verið hefur til sameiginlegra nota ef sérstök rök liggja því til grundvallar. Skráning sambúðar er ekki skilyrði samkvæmt lögunum heldur má færa sönnur á hana eftir öðrum leiðum.

Í almannatryggingakerfinu hafa samkynhneigðir einstaklingar í sambúð sömu réttindi og skyldur og gagnkynhneigðir einstaklingar í sambúð sem ekki eiga barn saman. Það birtist þó helst í réttindamissi við að taka upp sambúð þar sem fólk í sambúð hefur á sama hátt og hjón

---

[54] St. meld. nr. 29(2002–2003) Om familien – forpliktende samliv og foreldreskap (Familiemeldingen).

lakari lífeyrisréttindi en einstaklingar. Þá missa einstæðir foreldrar, sem taka upp sambúð, rétt til þeirra styrkja sem standa einstæðum foreldrum til boða. Sambúðin verður þó að hafa varað í 12 mánuði af síðustu 18 mánuðum til að hljóta réttaráhrif. Þessar reglur hafa frá 1998 einnig gilt um sambúð samkynhneigðra með börn.

5.3.3. Réttarstaðan varðandi börn.

Samkvæmt norskum lögum svipar réttarstöðu foreldra við fæðingu barns um margt til danskra laga. Samkvæmt norsku barnalögunum (lov om barn og foreldre, nr. 7/1981) telst eiginmaður móður barns faðir þess ef það er getið í hjúskapnum. Hins vegar telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir barns heldur verður hann að skrifa undir faðernisviðurkenningu ásamt móður. Þá er forsjá barnsins ekki sameiginleg hjá sambúðarforeldrum heldur verða þau að semja um það sérstaklega. Ekkert ákvæði er í norsku lögunum um staðfesta samvist sambærilegt ákvæðinu í dönsku og íslensku lögunum sem kveður á um að ákvæði, sem feli í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin séu við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Eðli máls samkvæmt gæti þó kona í staðfestri samvist með móður barns aldrei talist faðir barns sem fæddist í samvistinni.

Feðri móðir ekki barn sitt skal hið opinbera hlutast til um að fá úr því skorið hver faðir barnsins er, sbr. 5. gr. barnalaganna. Í slíkum tilvikum er meintum föður send tilkynning þar sem kveðið er á um að með hans samþykki verði hann talinn faðir barnsins en ef ekki þá verði málið sent til úrlausnar dómstóla, sbr. 12. gr. laganna.

Við skilnað foreldra geta foreldrar samið um hvort þeirra fer með forsjána. Hún getur verið sameiginleg eða þannig að annað foreldra fari með hana. Samningur um forsjá er skriflegur og staðfestur af þar til bæru yfirvaldi. Samkvæmt norskum lögum geta foreldrar barns eingöngu farið með forsjá þess. Engar heimildir eru til að fela öðrum aðilum en foreldrum forsjá, svo sem stjúpforeldri, jafnvel þótt einungis annað foreldranna fari með forsjána. Við andlát beggja foreldra geta þó aðrir aðilar höfðað dómsmál og krafist forsjár.

Samkvæmt norskum ættleiðingarlögum (lov om adopsjon, nr. 8/1986) er einungis hjónum heimilt að ættleiða barn. Lögin taka ekki til para í staðfestri samvist. Frá 1. janúar 2002 er maka í staðfestri samvist þó heimilt að stjúpættleiða barn hins makans svo framarlega sem það er ekki frá erlendu ríki sem viðurkennir ekki slíka ættleiðingu.

Í reglugerð frá 18. desember 2003 um fósturheimili (forskrift om fosterhjem) er kveðið á um hverjum sé heimilt að taka börn í fóstur. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir að á fósturheimili skuli vera tveir foreldrar af gagnstæðu kyni. Samkynhneigðir og einstæðingar geti komið til greina sem fósturforeldrar sé það barninu fyrir bestu samkvæmt mati barnaverndaryfirvalda.

Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun (lov om humanmedisinsk bruk af bioteknologi, nr. 100/2003) má einungis framkvæma tæknifrjóvgun á konu sem er gift eða í sambúð með manni, sem jafna má til hjúskapar.

Í 7. gr. laga um tæknifrjóvgun er ákvæði um rétt barns til að fá upplýsingar um sæðisgjafa. Samkvæmt ákvæðinu á sá sem hefur orðið til með aðstoð tæknifrjóvgunar rétt á við 18 ára aldur að fá upplýsingar um sæðisgjafann. Í 8. gr. er kveðið á um sérstaka skrá sem skal halda yfir sæðisgjafa. Ákvæði þessi hafa þó ekki enn tekið gildi. Þar til þau taka gildi gildir nafnleynd um sæðisgjafa líkt og í dönskum rétti.

5.3.4. Lagaákvæði um bann við mismunun.

Í norskum rétti er samkynhneigðum veitt vernd gegn misrétti á ýmsum sviðum löggjafarinnar. Í 135. gr. a norsku hegningarlaganna er ákvæði sem svarar til 233. gr. a. íslensku hegningarlaganna en samkvæmt ákvæðinu skal þeim refsað með fésektum eða allt að tveggja ára fangelsi sem hótar opinberlega, hæðir eða lætur hatur, ofsókn eða lítilsvirðingu bitna á manni eða hópi manna vegna trúarjátningar þeirra, kynþáttar, hörundslitar eða þjóðernis eða þjóðaruppruna. Sama á við um slíka óvirðingu gagnvart manni eða hópi manna vegna samkynhneigðar þeirra, samkynhneigðra lífshátta eða viðhorfa.

Þá er í 349. gr. hegningarlaganna sambærilegt ákvæði og í 180. gr. íslensku hegningarlaganna sem kveður á um að óheimilt sé í atvinnurekstri að neita manni um vörur eða þjónustu eða um aðgang að opinberri sýningu eða samkomu á grundvelli trúar, kynþáttar, hörundslitar, þjóðernis, þjóðaruppruna, samkynhneigðar, samkynhneigðra lífshátta eða viðhorfa. Getur brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Þótt ekki séu fleiri ákvæði hegningarlaga sem veita samkynhneigðum vernd samkvæmt orðanna hljóðan þá hefur verið talið að 292. gr. veiti þeim hópi slíka vernd. Í ákvæðinu er fjallað um atriði sem geta varðað refsiþyngingu þegar um stórfelld brot er að ræða og er þar tekið fram að það horfi til refsiþyngingar hafi kynþáttafordómar verið hvati að framningu brotsins. Ákvæðið er einnig talið ná til þess hafi samkynhneigð þolanda verið tilefni brots.[55]

Þá kemur fram í skýrslu norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytisins um lífsskilyrði og lífsgæði samkynhneigðra tillaga til að breyta 232. og 292. gr. norsku hegningarlaganna. Í 232. gr. er kveðið á um atriði sem geta varðað refsiþyngingu þegar ofbeldisbrot hafa verið framin. Þar er tekið fram að það verði metið til þyngingar refsingu hafi brotið verið framið á sérstaklega móðgandi hátt eða framið með öðrum hlutum sem geta verið mjög hættulegir heilsu manna eða með hnífi eða öðrum hættulegum tækjum eða með annarri vítaverðri aðferð. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að við mat á því hvort aðferð hafi verið vítaverð skuli m.a. taka til greina hvort brotið beinist gegn varnarlausri manneskju, hvort kynþáttafordómar hafi verið hvatinn að því, hvort það hafi verið framið af fleirum en einum o.s.frv. Í skýrslunni er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að ofbeldisbrot, sem eru unnin vegna kynhneigðar þolandans, verði í ákvæðinu einnig talin til refsiþyngingar á sama hátt og brot sem eru unnin vegna kynþáttafordóma. Lagt er til að sama breyting verði gerð á refsiþyngingarákvæðinu í 292. gr. en um það hefur þegar verið fjallað að framan.[56]

Árið 2001 var lögum um vinnuvernd og vinnuumhverfi (lov om arbeidervern og arbeidsmiljø, nr. 4/1977) breytt til að gefa samkynhneigðum aukna vernd gegn mismunun við ráðningu. Ákvæði 55. gr. A í lögunum, sem fjallar um bann við mismunun af ýmsum orsökum við ráðningu, var breytt þannig að það var einnig látið ná til samkynhneigðar. Í 1. mgr. 55. gr. er kveðið á um að atvinnuveitandi megi ekki í atvinnuumsókn fyrir nýja starfsmenn eða á annan hátt krefjast þess að umsækjendur gefi upplýsingar um pólitíska, trúarlega eða menningarlega afstöðu þeirra né heldur upplýsingar um hvort þeir séu meðlimir í launþegasamtökum. Það sama skal gilda um upplýsingar um hugsanlega samkynhneigð umsækjanda. Í ákvæðinu er tekið fram að þetta gildi þó ekki ef slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar vegna eðlis starfsins eða ef það er ljóst að það felst í viðkomandi starfi að hafa ákveðna pólitíska, trúarlega eða menningarlega afstöðu. Í 2. mgr. er kveðið á um að við ráðningu megi atvinnu-

---

[55] Levekår og livskvalitet for lesbiske og homofile i Noreg. St.meld. nr. 25 (2000–2001), bls. 21.
[56] Sama heimild, bls. 27.

veitandi ekki mismuna umsækjendum á grundvelli sömu sjónarmiða og upp eru talin í 1. mgr.

Á síðasta ári voru í Noregi sett ný lög um húsnæðissamvinnufélög (lov om bustadbyggjelag, nr. 38/2003). Með húsnæðissamvinnufélagi er átt við félag sem hefur að aðalmarkmiði að útvega húsnæði fyrir hluthafana og að hafa umsjón með húsnæðinu. Í 4. gr. er sérstakt ákvæði um bann við mismunun. Þar segir að í reglur félagsins sé óheimilt að setja skilyrði sem félagsmenn þurfi að uppfylla sem byggi á trúarafstöðu, litarhætti, tungumálakunnáttu, þjóðerni, samkynhneigð eða öðrum slíkum atriðum.

5.4. Svíþjóð.

5.4.1. Staðfest samvist.

Lög um staðfesta samvist voru sett í Svíþjóð árið 1994 (lag om registrerat partnerskap, nr. 1994:1117) og tóku gildi 1. janúar 1995. Lögin voru sambærileg dönsku og norsku lögunum um staðfesta samvist. Staðfest samvist hafði sömu réttaráhrif og hjónaband með þeim undantekningum að aðilar í staðfestri samvist gátu ekki farið sameiginlega með forsjá barns annars aðilans, máttu ekki ættleiða börn né gangast undir tæknifrjóvgun.

Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á lögunum frá því að þau voru sett. Árið 2000 voru gerðar sambærilegar breytingar á lögunum og gerðar voru á þeim dönsku og norsku þegar skilyrði samkynhneigðra til að staðfesta samvist sína voru rýmkuð. Svíar gengu þó ívið lengra en Norðmenn og Danir þar sem þeir gerðu einungis að skilyrði að annar hinna tveggja einstaklinga þyrfti að hafa verið búsettur í landinu í tvö ár, þegar ekki væri um sænska ríkisborgara að ræða, en ekki báðir. Þá settu Svíar ekki inn heimild til að setja reglugerð til viðurkenningar á staðfestri samvist í ríki með sambærilega löggjöf og Svíþjóð heldur var það sett inn í lagatextann og þarf því lagabreytingu til í hvert skipti sem viðurkenna á nýtt ríki. Samkvæmt sænsku lögunum jafngildir því danskur, íslenskur, hollenskur og norskur ríkisborgararéttur þeim sænska.

Hinn 1. febrúar 2002 gekk í gildi breyting á lögunum um staðfesta samvist sem gerði samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist kleift að ættleiða börn. Með breytingunni var pörum í staðfestri samvist bæði veitt heimild til að frumættleiða börn og stjúpættleiða börn maka síns. Frumættleiðing var heimil samkynhneigðum óháð því hvort um innlenda eða erlenda ættleiðingu væri að ræða. Til grundvallar lagabreytingunni lá ítarleg skýrsla nefndar sem falið hafði verið að kanna líðan og stöðu barna í fjölskyldum samkynhneigðra.[57] Verður nánar fjallað um efni hennar og niðurstöður í kafla 8.8.

Með umræddri breytingu var einnig felld úr gildi sú regla sem áður gilti að ákvæði foreldralaga (föreldrabalk, 1949:381) um forsjá annarra aðila en foreldra giltu ekki um staðfesta samvist.

Nefndin, sem skilaði umræddri skýrslu, lagði einnig til að konum í staðfestri samvist yrði veitt heimild til að gangast undir tæknifrjóvgun. Sú tillaga varð ekki tilefni til lagabreytinga árið 2002 en hún er enn til skoðunar í sænska dómsmálaráðuneytinu. Þá er einnig til skoðunar í ráðuneytinu hvort beri að rýmka enn frekar skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar, þá þannig að tengsl annars aðilans við Svíþjóð þurfi ekki að vera til staðar né heldur tengsl við önnur lönd sem hafa sambærilegar reglur.

---

[57] *Barn i homosexuella familjer,* SOU 2001:10.

5.4.2. Önnur sambúðarform.

Svíþjóð hefur eitt Norðurlandanna sett sérstök lög um sambúð. Lengst af giltu lög um sameiginlegt heimili einstaklinga í sambúð (lag om sambors gemensama hem, nr. 1987:232) og lög um sambúð samkynhneigðra (lag om homosexuella sambor, nr. 1987:813). Hinn 1. júlí 2003 gengu í gildi ný sambúðarlög í Svíþjóð (sambolag, nr. 2003:376) sem felldu úr gildi tvo fyrrnefnda lagabálka. Nýju sambúðarlögin taka bæði til sambúðar samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Skv. 1. gr. laganna telst það sambúð þegar tveir einstaklingar búa saman sem par og hafa sameiginlegt heimilishald. Þá er í sömu grein kveðið á um að ákveðin ákvæði í foreldralögunum, lögum um tæknisæðingu og lögum um glasafrjóvgun gildi eingöngu um sambúð aðila af gagnstæðu kyni. Í lögunum er m.a. kveðið á um það hvenær sambúð teljist slitið og hvernig fjárskipti skulu fara fram við slit sambúðar.

5.4.3. Réttarstaðan varðandi börn.

Samkvæmt sænsku foreldralögunum er móður skylt að feðra barn sitt. Geri hún það ekki ber félagsmálanefnd að gera það. Pater-est reglan gildir skv. 1. gr. laganna, þ.e. eiginmaður konu telst faðir barns ef það er getið í hjúskapnum. Sé barn hins vegar getið í sambúð foreldra telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir þess heldur þarf sérstaka faðernisviðurkenningu. Slík viðurkenning getur átt sér stað fyrir fæðingu barns. Þá fara foreldrar í sambúð ekki sjálfkrafa saman með forsjá barnsins heldur verður að semja um það sérstaklega. Þessi ákvæði gilda ekki um fólk í staðfestri samvist, sbr. 3. gr. 3. kafla laga um staðfesta samvist, sem kveður á um að ákvæði í annarri löggjöf, sem bundin eru við kyn annars aðilans í hjúskap, gildi ekki um aðila í staðfestri samvist. Á sama hátt verður ályktað að ákvæðin gildi ekki heldur um samkynhneigða aðila í sambúð.

Feðri móðir ekki barn sitt er félagsmálanefnd skylt að komast að því hver faðir barnsins er og sjá til þess að það verði feðrað, sbr. 1. gr. 2. kafla laganna. Við úrlausn málsins skal nefndin óska eftir upplýsingum hjá móður og öðrum aðilum sem geta gefið upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir málið. Séu þær upplýsingar, sem nefndin hefur fengið, nægjanlega öruggar getur nefndin óskað eftir því að sá maður sem talinn er vera faðir barnsins viðurkenni faðernið.

Í foreldralögum er kveðið á um skipan forsjár við skilnað foreldra. Meginreglan er sú að við skilnað foreldra fara þau sameiginlega með forsjána. Foreldrar geta óskað eftir að þeirri forsjárskipan verði breytt þannig að annað þeirra fari með forsjána. Ekki er gert ráð fyrir í lögunum að aðrir aðilar en foreldrar fari með forsjá barnanna nema við andlát annars eða beggja foreldra eða ef foreldrar hafa orðið uppvísir að vítaverðri vanrækslu á forsjárskyldum sínum. Þegar svo háttar til getur dómari skipað sérstaka forsjáraðila einn eða tvo til að fara með forsjána ásamt öðru foreldri eða í stað beggja foreldra.

Í 4. kafla foreldralaganna er fjallað um ættleiðingu og er eingöngu fólki í hjúskap heimilt að ættleiða börn. Fólk í sambúð hefur því ekki heimild til að ættleiða börn. Samkvæmt þeirri breytingu, sem gerð var á lögunum um staðfesta samvist árið 2002, og getið var um í 5.4.1, hafa nú pör í staðfestri samvist sama rétt til ættleiðingar og hjón.

Um heimild fólks til að taka barn í fóstur er kveðið á um í 10. gr. a 6. kafla foreldralaga. Heimild til þess hafa þeir sem eru í hjúskap eða í sambúð sem jafna má til hjúskapar. Ákvæðið tekur bæði til samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para.

Heimild til að gangast undir tæknifrjóvgun hafa samkvæmt sænskum lögum konur í hjúskap og konur í sambúð með manni, sbr. lög um tæknisæðingu (lag om insemination, nr. 1984:1140) og lög um glasafrjóvgun (lag om befruktning utanför kroppen, nr. 1988:711). Hvorki konur í staðfestri samvist eða í sambúð né einstæðar konur hafa því heimild til að

gangast undir tæknifrjóvgun. Sæðisgjafar njóta ekki nafnleyndar skv. lögunum heldur eru upplýsingar um þá skráðar í sérstaka skrá sem er varðveitt í 70 ár hið minnsta. Þegar barn, sem orðið hefur til með tæknifrjóvgun, hefur náð nægilegum þroska er því heimilt að kynna sér upplýsingar sem skráin hefur að geyma um sæðisgjafann.

Eins og kom fram í kafla 5.4.1 að framan er nú til skoðunar í sænska dómsmálaráðuneytinu hvort heimila eigi konum í staðfestri samvist að gangast undir tæknifrjóvgun í sjúkrahúsi. Í samræmi við það er kannað hvaða reglur skuli gilda um móðerni í slíkum tilvikum. Í skýrslu, sem nú liggur fyrir í sænska dómsmálaráðuneytinu, hafa verið gerðar ákveðnar tillögur í þessu sambandi.[58] Þar er lagt til að greinarmunur verði gerður á tæknifrjóvgun sem fer fram innan heilbrigðiskerfisins og utan þess. Í þeim tilvikum, sem tæknifrjóvgun fari fram innan heilbrigðiskerfisins, verði maki konunnar sem fæðir barnið, einnig talinn móðir barnsins, svo framarlega sem hún hafi samþykkt tæknifrjóvgunina og að barnið sé í raun getið með tæknifrjóvgun. Sérstök móðernisyfirlýsing þurfi þó að koma til bæði hvað varðar konur í sambúð og staðfestri samvist. Hvað varði tilvik þar sem tæknisæðing er framkvæmd utan heilbrigðiskerfisins gildi hins vegar þær reglur sem gilt hafi fram að þessu um faðerni. Vilji maki konunnar, sem fæði barnið, einnig verða móðir þess geti hún óskað eftir stjúpættleiðingu.

5.4.4. Lagaákvæði um bann við mismunun.

Í sænskum rétti eru ákvæði í hegningarlögum (brottsbalk, nr. 1962:700) sambærileg ákvæðum í íslenskum, dönskum og norskum rétti þar sem annars vegar er óheimilt að móðga einhvern með skírskotun til kynþáttar hans, litarháttar, þjóðernis, þjóðflokks, trúar eða samkynhneigðar hans, sbr. 5. gr. 5. kafla, og þar sem hins vegar rekstraraðilum í starfsemi sinni og þeim er halda almenna samkomu eða opinbera skemmtun er óheimilt að mismuna á grundvelli sömu þátta, sbr. 9. gr. 16. kafla. Brot gegn fyrra ákvæðinu geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum en hinu síðara sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Á síðasta ári var samþykkt ný löggjöf um bann við mismunun (lag om förbud mot diskriminering, nr. 2003:307). Samkvæmt lögunum er óheimilt að mismuna fólki á grundvelli þjóðernis, trúar eða af öðrum trúarástæðum á ákveðnum sviðum, svo sem á sviði félagsþjónustu, ferðaþjónustu, almannatrygginga og sambærilegra styrkjakerfa, atvinnuleysisbóta auk heilbrigðis- og sjúkratrygginga og annarrar heilbrigðisþjónustu. Nú liggja fyrir í sænska dómsmálaráðuneytinu tillögur til breytinga á lögunum sem miða að því að bæta kynhneigð við þá þætti sem óheimilt er að byggja mismunun á.[59]

5.5. Finnland.

5.5.1. Staðfest samvist.

Finnland var síðast Norðurlandanna til að setja lög um staðfesta samvist, (lag om registrerat partnerskap, nr. 950/2001) en þau tóku gildi 1. mars 2002. Lögin voru sett að fyrirmynd annarra Norðurlanda. Samkvæmt lögunum hefur staðfest samvist sömu réttaráhrif og hjúskapur með nokkrum undantekningum. Ákvæði laga um faðerni (lag om faderskap, nr. 700/1975) taka ekki til staðfestrar samvistar, lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans taka ekki til staðfestrar sam-

---

[58] Föräldraskap vid assisterad befruktning för homosexuella. Ds. 2004:19.
[59] Diskriminering inom det sociala området på grund av sexuell läggning. Ds. 2004:20.

vistar og par í staðfestri samvist hefur ekki rétt til að stjúpættleiða eða frumættleiða. Þá getur par í staðfestri samvist ekki tekið upp sameiginlegt ættarnafn.

Þar sem finnsku lögin voru sett talsvert á eftir sambærilegum lögum annars staðar á Norðurlöndunum eru þær breytingar sem önnur Norðurlönd hafa gert á lögunum þegar til staðar í finnsku lögunum með þeirri undantekningu þó að stjúpættleiðingar eru ekki heimilar. Finnska leiðin fylgir þeirri sænsku hvað varðar skilyrðið um að eingöngu annar aðilanna þurfi að hafa verið búsettur í Finnlandi síðastliðin 2 ár til að unnt sé að staðfesta samvistina. Þá er heimilt að kveða á um í reglugerð að ríkisborgararéttur annarra ríkja þar sem sambærileg lög gildi um staðfesta samvist verði lagður að jöfnu við finnskan ríkisborgararétt. Slík reglugerð hefur verið sett (SRF om registrerat partnerskap, nr. 141/2002) og er í 1. gr. kveðið á um að til jafns við finnskan ríkisborgararétt skuli leggja ríkisborgararétt í Danmörku, Íslandi, Hollandi, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi.

5.5.2. Önnur sambúðarform.

Í Finnlandi eru ekki sérstök lög um sambúð, heldur eru dreifð ákvæði í löggjöfinni sem fá sambúðarfólki ýmis réttindi eða leggja á það ákveðnar skyldur. Samkvæmt upplýsingum úr dómsmálaráðuneytinu gilda þessi ákvæði ekki um sambúð samkynhneigðra.

Þegar lögin um staðfesta samvist voru samþykkt á finnska þinginu var tekið fram að í fyrsta lagi giltu þau ekki um aðila af sama kyni sem ekki staðfestu samvist sína, í öðru lagi að ekki mætti með túlkun á lögunum um staðfesta samvist beita ákvæðum í finnskri löggjöf, sem fjalla um sambúð sem jafna má til hjónabands, um sambúð fólks af sama kyni og í þriðja lagi að ef seinna kæmi fram rökstudd ástæða til að breyta þessu þá gæti það ekki gerst í gegnum túlkun einstakra stjórnsýsluyfirvalda á reglunum heldur yrði að fara fram gagnger skoðun á því hvort og hvernig breyta ætti ástandinu og með því mynduð ný og samræmd framkvæmd.[60]

5.5.3. Réttarstaðan varðandi börn.

Samkvæmt faðernislögunum (faderskabslagen, nr. 700/1975) gildir pater-est reglan líkt og á öðrum Norðurlöndum. Hvað varðar sambúð hins vegar telst sambúðarmaki ekki sjálfkrafa faðir barns sem fæðist í sambúðinni heldur verður hann að skrifa undir sérstaka faðernisviðurkenningu. Þá er forsjá barnsins ekki sjálfkrafa sameiginleg heldur verður að semja um það sérstaklega. Þessi ákvæði gilda ekki um fólk í staðfestri samvist samkvæmt skýrum fyrirmælum 9. gr. laganna um staðfesta samvist. Á sama hátt verður ályktað að ákvæðin gildi ekki heldur um samkynhneigða aðila í sambúð.

Feðri móðir ekki barn sitt er það gert af sérstökum eftirlitsmanni barna, sbr. 6. gr. faðernislaganna. Eftirlitsmaður kallar móður fyrir og gerir henni grein fyrir hvaða réttaráhrif fylgi feðrun barns, bæði félagsleg og fjárhagsleg. Barnið verður ekki feðrað án vilja móður. Óski móðir eftir að barnið verði feðrað gefur hún upplýsingar um mögulegan föður eða feður. Takist ekki að feðra barnið með samþykki föður höfðar barnaeftirlitsmaðurinn barnsfaðernismál.

Forsjá við skilnað foreldra getur verið sameiginleg eða hjá öðru þeirra sbr. 7. gr. laga um forsjá og umgengnisrétt barna (lag angående vårdnad om barn och umgängesrätt, nr. 361/1985 v. 1983). Dómari getur kveðið á um að fleiri geti farið með forsjá barnsins ásamt foreldrum eða í stað þeirra, sbr. 9. gr. laganna.

---

[60] RSv 95/2001 rd – RP 200/2000 rd.

Þar sem lögin um staðfesta samvist geymdu engin ákvæði um réttarsamband foreldra í staðfestri samvist og barna sem hugsanlega byggju með parinu skipaði félags- og heilbrigðisráðuneytið starfshóp þann 17. mars 2002 sem var falið að kanna réttarstöðu barna í þessu tilliti. Starfshópurinn skilaði skýrslu 2. september 2003. Í niðurstöðum starfshópsins kom m.a. fram að veita ætti pörum í staðfestri samvist aukinn rétt til að ættleiða börn. Í fyrsta lagi ætti að heimila stjúpættleiðingar og í öðru lagi ætti að veita heimild í vissum tilvikum til að ættleiða börn sem parið hefði einhver tengsl eða kunningsskap við. Það kæmi t.d. til greina ef foreldrar barns sem parið þekkti féllu frá og barnið þyrfti góð og traust uppvaxtarskilyrði. Í báðum tilvikum yrði tilhögunin þó að vera í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu. Þá lagði starfshópurinn jafnframt til að forsjár- og umgengnisreglum laga nr. 361/1983 skyldi breytt á þá leið að maki foreldris í staðfestri samvist fengi umgengnisrétt við barnið við slit á staðfestri samvist. Tillögur starfshópsins eru til skoðunar í félags- og heilbrigðismálaráðuneytinu.

Heimild til að ættleiða börn samkvæmt finnskum ættleiðingarlögum (Adoptionslag, nr. 153/1985) hafa eingöngu hjón.

Í Finnlandi er ekki til sérstök löggjöf sem tekur til tæknifrjóvgana heldur gilda um þær ákvæði þeirra laga sem gilda í heilbrigðiskerfinu. Tæknifrjóvgun verður því framkvæmd bæði af starfsmönnum í ríkissjúkrahúsum og einkasjúkrahúsum og sjálfstætt starfandi læknum. Í lögum um heilbrigðiskerfið (lag om hälso- och sjukvård) er kveðið á um að þeir megi framkvæma tæknifrjóvgun sem hafi leyfi til þess innan heilbrigðiskerfisins. Þeir sem þiggja tæknifrjóvgun fá sömu stöðu og sjúklingar og um þá gilda lög um réttindi og skyldur sjúklinga (lag om patientens ställning och rättigheder, 785/1992).

Samkvæmt upplýsingum úr finnska dómsmálaráðuneytinu hefur verið til skoðunar síðan 1980 að setja sérstaka löggjöf um tæknifrjóvgun. Frumvörp hafa verið lögð fyrir þingið í því skyni og nú síðast árið 2002. Frumvarpið hlaut ekki samþykki á þinginu og var sent aftur til dómsmálaráðuneytisins til breytinga. Ágreiningurinn hefur einkum snúist um þrennt. Í fyrsta lagi rétt þess sem er getinn með tæknifrjóvgun að fá upplýsingar um sæðisgjafann, í öðru lagi hvort þjónustan eigi eingöngu að standa til boða gagnkynhneigðum pörum sem ekki geta eignast börn án slíkrar aðstoðar og í þriðja lagi hvort heimila eigi staðgöngumæðrun.

Eins og staðan er í dag hefur tæknifrjóvgun staðið til boða gagnkynhneigðum pörum bæði giftum og í sambúð, einstæðum konum og konum sem eru í sambúð með annarri konu. Samkvæmt sjúkratryggingalögum (sjukförsäkringenslagen nr. 364/1963) geta kona og maður, sem ekki geta eignast börn vegna sjúkdóms, fengið kostnað við tæknifrjóvgun greiddan. Í þeim tilvikum, sem barnleysið er ekki að rekja til sjúkdóms, verða tilvonandi foreldrar að standa straum af kostnaði. Þetta gildir einnig um einstæðar konur og konur í sambúð með konu.

Samkvæmt núgildandi reglum getur sæðisgjafi gefið sæði undir nafnleynd líkt og í dönskum og norskum rétti.

Í faðernislögum hefur ekki verið tekið á því réttarástandi sem skapast þegar einstæð kona eða kona í sambúð með konu gengst undir tæknifrjóvgun. Þegar sæðisgjafinn hefur verið þekktur hefur þetta ekki skapað álitamál en öðru máli gegnir þegar um óþekktan sæðisgjafa hefur verið að ræða.

5.5.4. Lagaákvæði um bann við mismunun.

Í 9. gr. 24. kafla finnsku hegningarlaganna nr. 39/1889 er almennt ákvæði um ærumeiðingar. Þar segir m.a. að þeim skuli refsað fyrir ærumeiðingar sem viðhefur óviðurkvæmileg ummæli um annan einstakling ef þau eru líkleg til að valda honum þjáningu. Ákvæðið er

almenns eðlis og tekur til samkynhneigðra og annarra minnihlutahópa þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið í ákvæðinu. Í 10. gr. er svo refsiþyngingarákvæði sem tekur til aðstæðna þegar ærumeiðingar birtast í fjölmiðlum.

Í 9. gr. 12. kafla finnsku hegningarlaganna er kveðið á um að refsivert sé fyrir opinbera starfsmenn að neita mönnum um þjónustu eða aðgang að fundum, vísa mönnum af fundum eða mismuna þeim að öðru leyti á grundvelli kynþáttar, þjóðernis, litarháttar, tungumáls, kynferðis, aldurs, fjölskyldutengsla, kynhneigðar, heilsufars, trúar, stjórnmálaskoðana, þátttöku í stjórnmálum eða viðskiptum eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Getur brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði.

Þá er refsivert skv. 3. gr. 47. kafla hegningarlaganna ef atvinnuveitandi, við ráðningu í starf eða þegar auglýst er eftir fólki til að gegna ákveðnu starfi, mismunar á grundvelli kynþáttar, þjóðernis, litarháttar, tungumáls, kyns, aldurs, tengsla, kynhneigðar, heilsu, trúar, stjórnmálaskoðana, þátttöku í stjórnmálum eða viðskiptum eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Getur brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi í allt að 6 mánuði.

5.6. Holland.[61]

5.6.1. Staðfest samvist.

Í Hollandi hefur sá sem vill formfesta samband sitt við aðra manneskju þrjá möguleika. Í fyrsta lagi að ganga í hjónaband, í öðru lagi að staðfesta samvist sína og í þriðja lagi að gera sambúðarsamkomulag.

Þrátt fyrir að lög um staðfesta samvist (registered partnership) hafi ekki verið sett í Hollandi fyrr en 1. janúar 1998 hafa hollensk pör í sambúð allt frá árinu 1979 notið mikilla réttinda víða í sérlöggjöf. Þau réttindi höfðu fram að setningu laganna um staðfesta samvist ávallt verið veitt gagnkynhneigðum og samkynhneigðum jafnt. Þörfin fyrir slík lög var því ekki brýn.[62] Hollensku lögin um staðfesta samvist eru frábrugðin löggjöf Norðurlanda að því leyti að bæði samkynhneigðum og gagnkynhneigðum pörum stendur til boða að staðfesta samvist sína. Að öðru leyti hafa lögin sambærilega réttarverkan og lög um staðfesta samvist á Norðurlöndunum, þ.e. þau hafa sömu réttaráhrif og hjúskapur, með nokkrum undantekningum sem lúta að sambandi aðilanna við börn maka.

5.6.2. Önnur sambúðarform.

„Sambúðarsamkomulag“ samkvæmt hollenskum reglum líkist óvígðri sambúð hér á landi. Aðilar ákveða hvað þeir vilja að felist í slíku samkomulagi og það hefur eingöngu réttaráhrif milli þeirra. Samkomulagið getur þó gefið mikilvæga vísbendingu um að aðilar séu í sambúð og geta opinberir aðilar byggt á því varðandi réttindi og skyldur sem sambúðarfólki standa til boða á víð og dreif í löggjöfinni.

---

61 Heimildir í þessum kafla eru eingöngu byggðar á upplýsingum sem koma fram í bæklingi útgefnum af hollenska dómsmálaráðuneytinu í apríl 2001: „Marriage and adoption, changes to family law- Information for legal professionals“ og grein Kees Waaldijk: „Small Change: How the Road to Same-Sex Marriage Got Paved in the Netherlands“ í safnritinu: *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs.

62 Kees Waaldijk: „Small Change: How the Road to Same-Sex Marriage Got Paved in the Netherlands“, bls. 441 í safnritinu: *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs.

5.6.3. Hjúskapur.

Með lögum, sem samþykkt voru í Hollandi í desember 2000 og tóku gildi 1. apríl 2001 stigu Hollendingar skrefi lengra en Norðurlöndin og heimiluðu samkynhneigðum pörum að ganga í hjónaband. Lögin um staðfesta samvist standa áfram sem kostur fyrir bæði samkynhneigða og gagnkynhneigða.

Lögin um hjónabönd samkynhneigðra hafa nánast sömu réttarverkanir og gilda um hjónabönd gagnkynhneigðra en þó eru nokkrar undantekningar. Í fyrsta lagi gilda ekki ákvæði laga um móðerni og faðerni barna um hjónabönd samkynhneigðra og í öðru lagi gilda aðrar reglur um forsjárskyldur í hjónabandi samkynhneigðra en gagnkynhneigðra. Um þessi atriði verður fjallað undir 5.6.4.

Munur milli hjónabands og staðfestrar samvistar er einkum sá að í fyrsta lagi er hægt að ljúka staðfestri samvist með samkomulagi beggja aðila án íhlutunar dómstóls. Hjónabandi í Hollandi verður hins vegar ekki lokið án íhlutunar dómstóls. Í öðru lagi hafa slit samvistar ekki sömu réttaráhrif að öllu leyti og lögskilnaður. Í þriðja lagi þurfa aðilar í staðfestri samvist ekki að útvega heimild hjá sýslumanni til að kirkjuleg vígsla geti farið fram en slík heimild er nauðsynlegur undanfari kirkjulegrar vígslu hjónabands. Þá gilda ekki ákvæði laga um móðerni og faðerni barna um staðfesta samvist né heldur ákvæði laga um forsjárskyldur í gagnkynhneigðum hjónaböndum.

Hægt er að umbreyta staðfestri samvist í hjónaband og hjónabandi í staðfesta samvist. Lögin um samkynhneigð hjónabönd gilda ekki sjálfkrafa í öðrum ríkjum undir yfirráðum Hollands; Antilla-eyjum og Arúba, heldur verður að ákveða sérstaklega að þau skuli gilda. Hins vegar er sá hjúskapur, sem stofnað er til samkvæmt lögunum í Hollandi, gildur í þessum ríkjum.

5.6.4. Réttarstaðan varðandi börn.

Samkvæmt hollenskum lögum gildir pater-est reglan ‚þ.e. eiginmaður móður barns telst faðir þess. Þá fara foreldrar í hjónabandi saman með forsjá barnsins. Fæðist barn í hjónabandi samkynhneigðra, þá er móðir barnsins sú sem það fæðir og fer hún ein með forsjána. Óski eiginkona móður einnig eftir að fara með forsjána er slíkt ákveðið með dómsúrskurði. Fæðist barn hins vegar í staðfestri samvist foreldra sem eru gagnkynhneigðir verður að gera sérstakan samning um faðerni barnsins og um að foreldrarnir fari saman með forsjá barnsins. Fæðist barn hins vegar í staðfestri samvist samkynhneigðra getur sambúðarkona ekki ritað undir sambærilega staðfestingu heldur verða þær að höfða dómsmál til að fá slíkan rétt viðurkenndan. Það sama gildir um sambúðarsamkomulag.[63]

Hvað varðar réttarstöðu aðila í sambúð gagnvart börnum hins makans fer eftir eðli sambúðarinnar, þ.e. hvort aðilar eru í hjónabandi, staðfestri samvist eða hafa gert sambúðarsamkomulag. Þegar um hjónaband er að ræða, hvort sem það er milli samkynhneigðra eða gagnkynhneigðra, geta aðilarnir óskað eftir að dómstóll úrskurði um sameiginlega forsjá þeirra. Sama gildir um staðfesta samvist. Þetta gildir hins vegar ekki um sambúðarsamkomulag.

Samkvæmt hollenskum lögum geta samkynhneigð og gagnkynhneigð pör, sem geta lögum samkvæmt gengið í hjúskap, frumættleitt börn sem búa í Hollandi og stjúpættleitt börn maka. Skilyrði er að pörin hafi búið saman samfellt í minnst þrjú ár áður en sótt er um leyfi til frumættleiðingar eða stjúpættleiðingar. Það er ekki skilyrði að pörin séu í staðfestri samvist eða hjúskap. Þá er skilyrði að parið hafi haft barnið í fóstri í eitt ár áður en það fær heimild

---

63 Sama heimild, bls. 442.

til ættleiðingar. Einstaklingar geta einnig frumættleitt börn sem búa í Hollandi (jafnvel þótt þeir búi með aðila af sama kyni).[64] Þegar um einstaklinga er að ræða er skilyrði að þeir hafi haft barn í fóstri í 3 ár hið minnsta.

Lögin um heimild samkynhneigðra til að ættleiða börn gilda ekki sjálfkrafa í öðrum ríkjum undir yfirráðum Hollands; Antilla-eyjum og Arúba, heldur verður að ákveða sérstaklega að þau skuli gilda. Hins vegar eru þær ættleiðingar, sem veittar eru samkvæmt lögunum í Hollandi, gildar í þessum ríkjum.

Hvað varðar fóstursamninga þá hafa samkynhneigð pör í sambúð haft heimild til að taka börn í fóstur allt frá 1970.[65]

Í Hollandi er öllum konum kleift að gangast undir tæknifrjóvgun án tillits til hjúskaparstöðu eða kynhneigðar.

5.7. Réttarstaða samkynhneigðra í nokkrum öðrum ríkjum.

Í Belgíu voru sett lög um skráða sambúð (cohabitation légale) sem tóku gildi 1. janúar 2000. Lögin gilda um skráða sambúð bæði samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para og fá þeim ýmis réttindi sem gilda um hjón. Lögin ganga þó ekki nærri nógu langt til að geta talist sambærileg lögum Norðurlandanna og Hollands um staðfesta samvist. Hinn 22. júní 2001 samþykkti dómsmálaráðherra Belgíu lagafrumvarp til breytinga á einkamálalöggjöfinni (Civil Code) í þá veru að jafnræði yrði komið á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra til að ganga í hjónaband með þeim undantekningum sem vörðuðu faðerni (filiation) og réttinn til ættleiðinga.[66] Lögin voru samþykkt á hollenska þinginu í janúar 2003 og tóku gildi í júní 2003.

Heimild fyrir samkynhneigða að staðfesta samvist sína er einnig til staðar í nokkrum öðrum ríkjum Evrópu. Í Frakklandi hafa samkynhneigðir getað skráð samvist sína frá því í nóvember 1999, í nokkrum héruðum á Spáni, sbr. í Katalóníu frá júlí 1998, í Aragon frá mars 1999 og í Navarra frá júní 2000, og í Þýskalandi frá nóvember 2000. Réttaráhrif staðfestrar samvistar í þessum löndum nálgast þó ekki að vera þau sömu og réttaráhrif staðfestrar samvistar á Norðurlöndunum og í Hollandi.[67]

Í Kanada kvað Hæstiréttur upp dóm í maí 1999 þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að það bryti gegn kanadísku mannréttindaskránni (The Canadian Charter of Rights and Freedoms) að gera greinarmun á gagnkynhneigðum og samkynhneigðum í sambúð og því ættu samkynhneigðir í sambúð að njóta allra sömu réttinda og gagnkynhneigðir í sambúð.[68] Í kjölfarið var löggjöf breytt í flestum fylkjum Kanada til samræmis við niðurstöðu Hæstaréttar. Nokkru síðar komst áfrýjunarréttur í tveimur fylkjum Kanada, Ontaríó og Bresku Kólumbíu, að þeirri niðurstöðu að það bryti gegn kanadíska sáttmálanum um réttindi og

---

64 Sama heimild, bls. 446.
65 Sama heimild, bls. 441.
66 Oliver de Schutter og Anne Weyembergh: „"Statutory Cohabitation" Under Belgian Law: A Step Towards Same-Sex Marriage?", bls. 473 í safnritinu: *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs.
67 SOU 2001:10, *Barn i homosexuella familjer*, del A, bls.187.
68 Kathleen A. Lahey: „Becoming "Persons" in Canadian Law: Genuine Equality or "Separate But Equal"", bls. 237 í safnritinu: *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs.

frelsi að meina samkynhneigðum að ganga í hjónaband. Samkynhneigð pör í þessum tveimur fylkjum hafa fengið borgaralega vígslu síðan í júní og júlí 2003.[69]

5.8. Samantekt.

Ef réttarstaðan í þeim ríkjum sem aðallega hefur verið fjallað um að framan, auk Íslands er tekin saman í stórum dráttum má segja að á Norðurlöndunum og í Hollandi sé til staðar form af staðfestri samvist sem er nánast sambærilegt milli þessara landa þótt í Hollandi standi það bæði samkynhneigðum og gagnkynhneigðum pörum til boða. Í nokkrum öðrum löndum Evrópu hefur samkynhneigðum verið gert kleift að skrá sambúð eða samvist sína en réttaráhrif þeirrar skráningar ganga mun skemmra en réttaráhrif staðfestrar samvistar á Norðurlöndunum og í Hollandi.

Hvað varðar önnur sambúðarform hefur Svíþjóð eitt Norðurlandanna sett sérstök lög um óvígða sambúð og taka þau bæði til samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para. Annars staðar á Norðurlöndum eru ekki lög um óvígða sambúð heldur eru dreifð ákvæði í löggjöfinni sem fá sambúðarfólki ýmis réttindi og skyldur. Í þeim tilfellum er það háð túlkun í hverju tilviki hvort ákvæðin taki til samkynhneigðra jafnt sem gagnkynhneigðra para. Í Finnlandi hefur þó sérstaklega verið ákveðið að slík ákvæði taki ekki til samkynhneigðra. Í Hollandi getur fólk gert sérstakt sambúðarsamkomulag, bæði samkynhneigðir og gagnkynhneigðir.

Holland og Belgía eru einu ríki heims sem hafa sett sérstök lög sem heimila samkynhneigðum að ganga í hjónaband. Í tveimur fylkjum í Kanada er samkynhneigðum heimilt að ganga í hjónaband en sú heimild byggist ekki á lögum heldur dómi áfrýjunarréttar.

Hvað varðar réttarstöðu varðandi börn þá hafa foreldrar í staðfestri samvist á Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi sömu heimildir og foreldrar í hjónabandi varðandi forsjá stjúpbarna sinna. Í Danmörku kveða hins vegar lögin um staðfesta samvist á um að þau taki ekki til heimildar til að fara með forsjá barna.

Hvað varðar rétt til ættleiðingar þá heimila Holland, Belgía og Norðurlöndin að Finnlandi undanskildu samkynhneigðum að stjúpættleiða börn. Danskur og norskur réttur gera þó þá undantekningu að kjörbörn sem eru ættleidd frá öðru landi verða ekki stjúpættleidd. Eingöngu Svíþjóð og Holland heimila samkynhneigðum að frumættleiða börn en í Hollandi takmarkast frumættleiðing við hollensk börn. Svíþjóð hefur því eitt landa heims heimilað samkynhneigðum að frumættleiða jafnt innlend sem erlend börn.

Hvergi eru ákvæði í lögum á Norðurlöndum sem kveða á um að samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist sé óheimilt að taka börn í fóstur. Í Noregi er þó meginreglan að barnið fái fósturforeldra af gagnstæðu kyni en geti, ef það samræmist því sem barninu er fyrir bestu, fengið fósturforeldra af sama kyni.

Í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi geta eingöngu giftar konur eða konur í sambúð með karli gengist undir tæknifrjóvgun. Í Finnlandi, Danmörku og Hollandi geta konur gengist undir tæknifrjóvgun óháð hjúskaparstöðu og kynhneigð. Í Danmörku er þó heimildin takmörkuð við tæknisæðingu og verður hún ekki framkvæmd í sjúkrahúsi. Verið er að skoða breytingar á löggjöf í Svíþjóð í þá átt að samkynhneigðum konum í staðfestri samvist verði heimilað að gangast undir tæknifrjóvgun innan heilbrigðiskerfisins.

Á öllum Norðurlöndunum eru til staðar í hegningarlögum eða annarri sérrefsilöggjöf ákvæði sambærileg 180. gr. íslensku hegningarlaganna sem vernda samkynhneigða fyrir

---

[69] The Freedom to Marry Around the World, upplýsingablað frá Gay & Lesbian Advocates & Defenders (GLAD). Vefsíða www.glad.org.

mismunun í formi þess að þeim verði neitað um þjónustu eða aðgang að stöðum opnum almenningi. Þá eru í hegningarlögum allra Norðurlandanna, að Finnlandi undanskildu, ákvæði sem vernda samkynhneigða gegn því að ráðist verði að þeim með háði, smánun eða ógnun vegna kynhneigðar þeirra. Í Finnlandi gildir þó almennt ærumeiðingarákvæði hegningarlaganna í slíkum tilfellum. Þá eru í norskum og finnskum rétti ákvæði þess efnis að óheimilt sé að mismuna á grundvelli kynhneigðar við ráðningu í starf. Í Noregi er slíkt ákvæði í lögum um vinnuvernd og vinnuumhverfi en í Finnlandi er það í hegningarlögum.

Hvað varðar mismunun á öðrum réttarsviðum þá er nýlegt ákvæði í norskum lögum um húsnæðissamvinnufélög sem kveður á um að mismunun á grundvelli kynhneigðar o.fl. sé óheimil. Þá er einnig til skoðunar í norskum rétti hvort kveða eigi sérstaklega um í refsiþyngingarákvæðum hegningarlaganna að það horfi til refsiþyngingar hafi brot verið framið vegna samkynhneigðar brotaþola. Í Svíþjóð liggja fyrir þinginu breytingar á nýlegum lögum, sem kveða á um bann við mismunun í félagslega kerfinu á grundvelli þjóðernis eða trúar, þess eðlis að kynhneigð verði einnig talin upp með þeim þáttum sem óheimilt er að byggja mismunun á.

6. KAFLI
RÉTTARSTAÐA SAMKYNHNEIGÐRA Í SAMBÚÐ

6.1. Þróun löggjafar sem veitir sambúð tiltekin réttaráhrif og staða samkynhneigðra í sambúð.

Á síðustu áratugum hefur fjölgað mjög þeim sem kjósa að eiga heimili saman í svokallaðri óvígðri sambúð í stað þess að ganga í hjúskap. Engin lagaleg skilgreining liggur þó fyrir um það hvað telst vera óvígð sambúð né heildarlög um réttaráhrif hennar en í daglegu tali er þar átt við karl og konu sem búa saman sem hjón án þess að hafa gengið í hjúskap samkvæmt lögum. Með tilvísun til *óvígðrar* sambúðar er ljóst að slík sambúð hefur ekki fengið kirkjulega eða borgaralega *vígslu* eins og á við um hjúskap samkvæmt hjúskaparlögunum. Utan þessarar skilgreiningar hefur fallið systkinasambúð, sambúð foreldris og barns og sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni.[70]

Hefur óvígð sambúð verið viðurkennd í auknum mæli bæði af löggjafanum og réttindi og skyldur sambúðarfólks hafa stórum aukist þótt ekki hafi það nema að hluta sama rétt og skyldur og hjón. Í 1. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er þannig skýrt tekið fram að lögin taki ekki til óvígðrar sambúðar. Hins vegar má finna á víð og dreif í lögum ákvæði sem binda sambærileg réttaráhrif við óvígða sambúð og eiga við um hjúskap, t.d. á vettvangi vinnumarkaðsréttar, skattamála, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar en ekki er hægt að ganga að slíkum reglum vísum á einum stað. Byggjast sjónarmið um réttaráhrif sambúðar í þessum tilvikum á því að tveir einstaklingar, sem halda heimili án þess að hafa gengið í hjúskap, hafi vissa fjárhagslega samstöðu, eigi oft sameiginleg börn og séu tengdir ýmsum böndum sem eðlilegt sé að taka tillit til á nokkrum sviðum löggjafarinnar.

Eitt af meginverkefnum nefndarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra var að kanna réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð, en óvissa ríkir um það hvort og á hvaða réttarsviðum unnt er að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Á meðan almennt hefur verið litið svo á að hugtakið óvígð sambúð, þar sem það kemur fyrir í lagaákvæðum, skírskoti einvörðungu til sambúðar karls og konu sem unnt er að fá skráða sem slíka í þjóðskrá er ekki einhlítt að það hugtak sé notað í lögum heldur er þar einnig rætt um „skráða

---

[70] Guðrún Erlendsdóttir: *Óvígð sambúð*, bls. 18.

sambúð“ eða vísað til „sambúðarmaka“, „sambúðaraðila“, „einstaklings í sambúð“, „sambúðarfólks“ eða „sambýlisfólks“ svo nokkur dæmi séu tekin. Eins er stundum óljóst í lögum hvað tilvísun til orðsins „maki“ felur í sér og hvort þar er bæði átt við giftan einstakling og einstakling í sambúð eða eingöngu þann fyrrnefnda. Ekki finnst fordæmi úr framkvæmd dómstólanna um skýringu þessara lagaákvæða gagnvart samkynhneigðum pörum í hjúskap.

Segja má að það sé meðvituð stefna löggjafans að setja ekki heildarlög um óvígða sambúð en setja heldur sérstök lagaákvæði á afmörkuðum sviðum þar sem slík sambúð hefur ákveðin réttaráhrif þannig aðilar njóti ákveðinna réttinda eða beri vissar skyldur. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja óvígða sambúð í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum, einkum ef aðilar eiga barn saman. Hefur þetta fyrst og fremst komið til álita á þeim sviðum þar sem reynir á félagsleg réttindi, t.d. þar sem hið opinbera útdeilir réttindum félagslegs eðlis og um þær skyldur sem af því leiðir Á sumum sviðum getur sambúðarfólk valið á milli þess að vera meðhöndlað sem einstaklingar eða með sama hætti og hjón, sbr. t.d. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, en á öðrum sviðum gilda sjálfkrafa sömu lagareglur um hjón og sambúðarfólk, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Rök fyrir því að ganga ekki lengra í þessum efnum hafa verið talin fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar hefur þótt ástæða til þess að marka hjúskap skýra sérstöðu í lagalegu tilliti og hvetja að nokkru til hjúskaparstofnunar en hjúskapur hefur þótt æskilegt og eftirsóknarvert lífsform. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að munur á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð sé eðlilegur með tilliti til þess að fólk eigi að hafa raunverulega valkosti um hvernig það vilji haga nánu lífssambandi sínu.[71]

Í skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994 kemur fram að telja verði að réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð svipi um margt til réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Þó verði að ætla að lagaákvæðum, sem kveða á um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, *verði ekki beitt með rýmkandi lögskýringu* um samkynhneigða í sambúð þar sem ekki verði séð í lögskýringargögnum að vilji löggjafans standi til slíks. Einnig er tekið fram að ekki sé kunnugt um að lagaákvæðum sem fjalla um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð hafi verið beitt með lögjöfnun um samkynhneigða í sambúð við úrlausn tiltekinna ágreiningsmála.[72] Tillögur meiri hluta nefndarinnar varðandi úrbætur, sem tengdust sambúð samkynhneigðra, takmörkuðust því við að sett yrðu sérstök lög sem gerðu samkynhneigðum kleift að staðfesta samvist sína með sambærilegum réttaráhrifum og um hjúskap væri að ræða samkvæmt hjúskaparlögum, með nokkrum undantekningum þó. Verður nánar fjallað um setningu laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, og áhrif þeirra í 7. kafla hér á eftir.

Nefndin lagði hins vegar ekki til breytingar á lagaákvæðum sem fjalla um réttaráhrif óvígðrar sambúðar karls og konu þannig að þau næðu einnig yfir sambúð samkynhneigðra. Þótt lög um staðfesta samvist hafi markað tímamót í viðurkenningu á réttindum samkynhneigðra eiga samkynhneigð pör því ekki enn sama valkost og gagnkynhneigð pör að velja sér óvígða sambúð í stað hjúskapar sem ákveðið sambúðarform með þeim lagaáhrifum sem slíkri sambúð fylgja á ýmsum sviðum. Að þessu leyti er því enn til staðar lagaleg mismunun gagnvart samkynhneigðu fólki.

---

71 Skýrsla dómsmálaráðherra um réttarstöðu sambúðarfólks. Alþt. 2000–2001, bls. 3949.
72 Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra, bls. 56.

6.2. Skýrsla um réttarstöðu sambúðarfólks.

Eins og fram kom í 1. kafla hefur verið gerð ítarleg skýrsla um réttarstöðu sambúðarfólks sem lögð var fram af hálfu dómsmálaráðherra á Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001 að beiðni nokkurra þingmanna.[73] Í beiðninni var bent á mikilvægi þess að fá yfirlit yfir lög og reglugerðir sem veita fólki í sambúð sambærilegan rétt og ef um hjónaband er að ræða en þróun síðustu ára hafi verið sú að telja sambúð ígildi hjónabands á ýmsum sviðum. Skýrslan var tekin saman á vegum dómsmálaráðuneytisins sem fól Hrefnu Friðriksdóttur lögfræðingi að vinna að samningu hennar.

Í skýrslunni eru borin saman mismunandi réttaráhrif hjúskapar og sambúðar svo og gerð ítarleg samantekt um ákvæði íslenskra laga á ýmsum sviðum þar sem sambúð eru veitt sérstök réttaráhrif. Eins er þar lýst stuttlega stöðu og þróun þessara mála á öðrum Norðurlöndum. Þar kemur m.a. fram að hvergi á Norðurlöndum sé að finna heildstæða löggjöf um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð sem svarar til laga um hjúskap en á ýmsum réttarsviðum, svo sem í skattalögum, lögum um almannatryggingar o.fl., kveði lög á um ákveðin réttaráhrif sambúðar.

Skýrslan um réttarstöðu sambúðarfólks hefur nýst sem mjög góður grunnur fyrir starf nefndarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra við það meginviðfangsefni hennar að gera tillögur til að bæta réttarstöðu samkynhneigðs fólks í sambúð. Nefndin hefur farið yfir öll þau lög og reglur sem rakin eru í skýrslunni og notað sem grunn fyrir tillögugerð sína á þessu sviði en þeim tillögum er nánar lýst í kafla 6.5. hér á eftir. Fyrst verður þó lýst stuttlega þeim reglum sem gilda um skráningu óvígðrar sambúðar og helstu réttarsviðum sem binda sérstök réttaráhrif við sambúð. Með því er unnt að varpa ljósi á þau svið þar sem samkynhneigðir í sambúð hafa aðra stöðu en gagnkynhneigð pör. Hafa ber þó í huga að hér getur bæði átt við að óvígð sambúð veiti einstaklingum aukin lagaleg réttindi og að hún leiði til aukinna lagalegra skyldna þeirra eða veiti hvorum einstaklingi minni rétt en þeir hefðu sem einhleypingar.

Í samantektinni, sem fer hér á eftir, eru dregnar saman helstu upplýsingar sem koma fram í skýrslunni um lög og reglur sem tengjast réttarstöðu sambúðarfólks að teknu tilliti til lagabreytinga sem hafa orðið frá gerð hennar og byggt er á kaflaskipan skýrslunnar um helstu réttarsvið þar sem fjallað er um lagaleg áhrif sambúðar. Þó verður umfjöllun skýrslunnar um lagaleg áhrif sambúðar, sem varða börn, færð í 8. kafla í skýrslunni ásamt annarri umfjöllun um réttarstöðu samkynhneigðra og börn.

6.3. Skráning óvígðrar sambúðar hjá Hagstofu Íslands.

Eins og áður hefur verið lýst er hugtakið „óvígð sambúð“ hvergi skilgreint í lögum og engin heildarlöggjöf er til um stofnun og slit slíkrar sambúðar eða réttaráhrif hennar. Lagaákvæði, sem veita sambúðarfólki tiltekin réttindi, geta miðað við að sambúðarfólk eigi sama lögheimili eða sambúð þeirra skráð í þjóðskrá eða færðar séu sönnur á hana með einhverjum öðrum hætti. Samkvæmt lögum um lögheimili, nr. 21/1990, er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Skv. 1. mgr. 7. gr. laganna skulu hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin það. Í niðurlagsorðum ákvæðisins er tekið fram að sama gildi um fólk í *óvígðri sambúð* eftir því sem við getur átt.

---

[73] Sbr. Alþt. 2000–2001, A-deild, bls. 719 og er skýrslan birt þar á þskj. 935, bls. 3949.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin aflaði frá Hagstofunni, hefur sú framkvæmd mótast á grundvelli 7. gr. laganna um lögheimili að karl og kona með sama lögheimili geti fengið óvígða sambúð sína skráða með skriflegri tilkynningu þess efnis til Hagstofunnar. Engar formlegar skráðar reglur gilda um skilyrði slíkrar skráningar. Á því er þó byggt að skráning óvígðrar sambúðar geti aðeins átt við um sambúð gagnkynhneigðra einstaklinga enda er gengið út frá því að lagaákvæði sem gilda almennt um óvígða sambúð eigi ekki við um samkynhneigða einstaklinga. Hefur samkynhneigðum pörum því verið synjað um slíka skráningu. Einnig hefur mótast sú framkvæmd við skráningu óvígðrar sambúðar hjá Hagstofunni að litið sé til nokkurra grunnskilyrða II. kafla hjúskaparlaganna t.d. varðandi aldur og að fyrri hjúskap hafi verið slitið með lögskilnaði.

Eins og áður segir gera lög, sem fjalla um réttaráhrif sambúðar, oft, en þó ekki alltaf, kröfu um að óvígð sambúð sé skráð hjá Hagstofu Íslands eða sönnur færðar á hana með öðrum hætti. Í viðræðum nefndarinnar við Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Þjóðskrár, kom fram að notkun hugtaksins „skráð sambúð“ hefur aukist í löggjöfinni á undanförnum árum þar sem krafa er á annað borð gerð um að sambúð sé skráð í þjóðskrá en sjaldnar er vísað til óvígðrar sambúðar í því sambandi í nýrri lagasetningu.

6.4. Helstu lagaákvæði sem veita sambúð tiltekin réttaráhrif.

6.4.1. Fjármál, réttindi og skyldur sambúðarfólks.

Sá grundvallarmunur er á réttaráhrifum sambúðar og hjúskapar að engar sérstakar lagareglur gilda um fjármál sambúðarfólks á meðan hjúskaparlög geyma ítarleg ákvæði um fjármál hjóna, eignir og skuldir, gagnkvæma framfærsluskyldu, hvernig fer um eignaskipti við slit hjúskapar o.fl. Hins vegar hafa ákveðnar venjur skapast við úrlausn ágreiningsmála við slit sambúðar sem eru í nokkrum meginatriðum ólíkar reglum hjúskaparlaga. Í vissum tilvikum mæla lög þó fyrir um að sambúð geti haft áhrif á samningsstöðu aðila. Í 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er slíku félagi hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Það sama gildir um þá sem eru giftir eða í *óvígðri sambúð* með þessum tilgreindu aðilum eða standa þeim sérstaklega nærri að öðru leyti. Sambærilega reglu er að finna í 104. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 34. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, eru eigendur fasteigna í fjöleignarhúsi félagsmenn í húsfélagi en æðsta vald í málefnum þess er í höndum almenns húsfundar, skv. 58. gr. laganna. Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn, *makar þeirra* og *sambúðarfólk* og geta þeir síðarnefndu farið með atkvæðisrétt fyrir félagsmann á fundi án sérstaks umboðs. Í 3. mgr. 66. gr. sömu laga segir að kjörgengir til stjórnar húsfélags séu félagsmenn, makar þeirra eða *sambúðarfólk* og nánir ættingjar. Ljóst er að lögin um fjöleignarhús fjalla um sambúð í víðum skilningi, skráða sem óskráða, og ná þar með vafalaust yfir samkynhneigða einstaklinga í sambúð.

Í ábúðarlögum, nr. 80/2004, er fjallað um rétt annars hjóna við andlát ábúanda á jörð og hvernig fer um rétt til ábúðar við skilnað hjóna. Í 27. gr. laganna kemur fram að ákvæði þeirra, þar sem fjallað er um hjón eða maka, eigi einnig við um sambúðarfólk ef sambúðin er skráða hjá Hagstofu Íslands, ef það á sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað í a.m.k. eitt ár eða ef það hefur átt barn saman eða á von á barni. Af þessu er ljóst að ákvæðið getur ekki átt við samkynhneigða einstaklinga í sambúð þar sem þeir geta ekki fengið sambúð sína skráð hjá Hagstofu Íslands eins og áður segir. Í jarðalögum, nr. 81/2004, er á nokkrum stöðum fjallað um réttindi og skyldur *maka* ábúanda og óðalseiganda án nánari skilgreiningar. Þó virðist sem þar sé eingöngu átt við maka í hjúskap eins og ráða má t.d. af

50. gr. laganna sem mælir fyrir um að slíti óðalseigandi og *maki* hans samvistum haldi það *hjónanna* óðalinu sem erfði það.

Sambúð getur haft viss áhrif á mat á háttsemi einstaklinga samkvæmt almennum hegningarlögum og er óvígð sambúð þá lögð að jöfnu við hjónaband. Þannig segir í 198. gr. að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða *óvígðrar sambúðar* með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi, skuli sæta fangelsi. Í 199. gr. kemur fram að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða *óvígðri sambúð* eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan skuli sæta fangelsi. Þá er tiltekið í 205. gr. almennra hegningarlaga að refsing samkvæmt tilgreindum ákvæðum XXII. kafla um kynferðisbrot megi falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafi gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp *óvígða sambúð* eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða *óvígðri sambúð,* hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð. Engin skilyrði eru sett um skráningu sambúðar í þessu sambandi en samkvæmt venjubundinni lagatúlkun á hugtakinu mundu þessi ákvæði gilda um samkynhneigða einstaklinga í sambúð.

Þegar kemur að álitaefnum um skiptingu eigna við slit sambúðar er ekki að finna í lögum neinar efnisreglur sem gilda um eignaskiptingu. Þannig er litið á sambúðarfólk sem tvo sjálfstæða einstaklinga og um fjármál þeirra fer eftir almennum reglum fjármunaréttar. Þó er einstaklingum í óvígðri sambúð búið sérstakt réttarfarshagræði með ákvæðum í lögum nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Skv. 100. gr. laganna geta *karl eða kona* eða bæði saman, sem *slíta óvígðri sambúð* eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins, krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra. Samkvæmt orðanna hljóðan nær þetta lagaákvæði ekki til samkynhneigðra einstaklinga í sambúð frekar en endranær við túlkun hugtaksins óvígð sambúð. Samkynhneigð pör í sambúð eiga því ekki kost á því að láta fjárslit milli sín fara eftir reglum um opinber skipti sem eru nánar tilgreindar í lögunum um skipti á dánarbúum o.fl.

Á vettvangi gjaldþrotaréttar gilda sérreglur um riftun samninga milli nákominna í þeim tilvikum þar sem einstaklingur reynist ófær um að greiða skuldir sínar. Skv. 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., má krefjast riftunar á gjafagerningi ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Krefjast má riftunar á gjöf til nákominna ef gjöfin var afhent sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Hafi fjárslit farið fram milli þrotamannsins og maka hans eða *sambýlismanns,* og hafi hann afsalað sér rétti við þau, má með sömu skilyrðum krefjast riftunar á þeirri ráðstöfun að því leyti sem fyrrum maki þrotamannsins eða *sambýlismaður* hefur fengið meira í sinn hlut við fjárslitin en honum hefði borið, sbr. 132. gr. Með sömu skilyrðum má enn fremur krefjast riftunar ósanngjarnrar greiðslu launa til nákominna og greiðslu skulda með tilteknum hætti, sbr. 133. og 134. gr. sömu laga. Í 3. gr. laganna um gjaldþrotaskipti er skilgreint orðið nákomnir en það er m.a. notað um hjón og þá sem búa í *óvígðri sambúð,* þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar og þá sem tengjast með hjúskap eða *óvígðri sambúð* með samsvarandi skyldleika.

Enginn gagnkvæmur erfðaréttur er milli sambúðarfólks og eftirlifandi sambúðarmaki öðlast ekki rétt til setu í óskiptu búi svo sem á við um hjón samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962. Í sumum lagaákvæðum má finna sérreglur um að tiltekin réttindi falli í skaut sambúðarmaka við fráfall manns. Í lögum nr. 33/1997, um Bókasafnssjóð höfunda, eru ákvæði um greiðslur til höfunda og þýðenda vegna afnota bóka í bókasöfnum. Geta höfundar

sótt um úthlutun úr sjóðnum en rétt til úthlutunar eftir andlát rétthafa eiga m.a. eftirlifandi maki og *eftirlifandi einstaklingur sem var í sambúð með rétthafa* þegar hann lést enda hafi sambúðin staðið í fimm ár hið skemmsta. Sambúð er ekki frekar skilgreind í lögunum en ætla má að hið rúma orðalag greini ekki á milli sambúðar gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para.

Samkvæmt lögum nr. 16/1991, um brottnám líffæra, er heimilt að einstaklingi látnum að nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings ef samþykki hins látna liggur fyrir, sbr. 2. gr. laganna. Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki *nánasta vandamanns* hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Með nánasta vandamanni er skv. 2. mgr. 2. gr. átt við maka eða *sambýlismann* eða *sambýliskonu*. Sambúð er ekki skilgreind í lögunum en ætla má að hún nái jöfnum höndum yfir sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra.

6.4.2. Lífeyrisréttindi og vinnumál.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Í lögunum er fjallað bæði um lífeyrissparnað og lífeyrisréttindi sem grundvölluð eru á samtryggingu og felast í þeim ákvæði um lágmarkskjör.

Lögin mæla fyrir um það hvernig sjóðfélagi ávinnur sér, maka sínum og börnum, eftir því sem við á, rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Í 3. mgr. 16. gr. laganna er fjallað um skilyrði fyrir greiðslu makalífeyris og kemur þar fram mikilvæg skilgreining sem lögð er til grundvallar um það hvort einstaklingur í sambúð með sjóðþega njóti slíkra réttinda. Í ákvæðinu segir að *maki* samkvæmt lögunum teljist vera sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða *óvígðri sambúð* enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Segir jafnframt að með óvígðri sambúð sé átt við sambúð *karls og konu* sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Samkvæmt orðanna hljóðan getur skilgreining á maka ekki náð yfir samkynhneigð pör í sambúð. Geta reglur laganna um lífeyrisréttindi maka því aðeins átt við í tilvikum samkynhneigðra para sem gengið hafa í staðfesta samvist en í tilvikum gagnkynhneigðra para gilda reglurnar jöfnum höndum um þá sem hafa gengið í hjúskap og þá sem eru í sambúð, að uppfylltum skilyrðum um tímalengd sambúðar eða sameiginlegt barn. Skilgreining 3. mgr. 16. gr. laga nr. 129/1997 varðandi makalífeyri er lögð til grundvallar í öðrum ákvæðum laganna sem fjalla um annars konar lífeyrisréttindi, t.d. í 14. gr. varðandi ellilífeyri. Einnig er byggt á þessari skilgreiningu í annarri löggjöf um lífeyrismál um stofnun lífeyrisréttinda maka, þótt ekki sé ávallt áskilinn sama tími varðandi tímalengd sambúðar og minni háttar orðalagsmun megi stundum finna. Þannig má benda á sambærilega skilgreiningu á maka í 5. mgr. 11. gr. laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, 5. mgr. 11. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 45/1999, og 3. mgr. 12. gr. laga um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Í tveimur síðargreindu ákvæðunum er þó rýmri heimild til greiðslu makalífeyris þar sem tekið er fram að greiða megi slíkan lífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er fjallað um makalífeyri í 17. gr. með sömu skilgreiningu á maka í 7. mgr. 17. gr. en þar er þó miðað við að óvígð sambúð hafi varað í a.m.k. eitt ár en ekki tvö eins og í hinum lagaákvæðunum.

Eru reglur annarra lífeyrissjóða en þeirra sem hér hafa verið taldir og um gilda sérstök lög almennt byggðar á sömu skilgreiningu á maka en þar með útilokast réttur samkynhneigðs maka í sambúð til makalífeyris.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 113/1994 skal greiða eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem uppfylla tiltekin skilyrði. Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri en greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögunum. Í 3. gr. kemur fram að heimilt sé að úrskurða *sambúðarfólki* makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða enda hafi sambúð staðið um árabil. Sambúð er ekki skilgreind í lögunum og virðist því ekki loku fyrir það skotið að reglan gildi jafnt um sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para.

Samkvæmt ákvæðum fjölmargra kjarasamninga er atvinnurekanda skylt að tryggja launþega fyrir dauða o.fl. Algengast er að kjarasamningar tilnefni maka sem einn rétthafa dánarbóta en taki fram að með maka sé auk hjúskapar átt við *einstakling í staðfestri samvist og einstakling í skráðri óvígðri sambúð*. Óvígð sambúð er yfirleitt ekki skilgreind frekar en eins og endranær yrði ekki litið svo á að sambúð samkynhneigðra félli þar undir enda er ekki unnt að fá hana skráða hjá Hagstofu.

Samkvæmt 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, er útgerðarmanni skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum. Dánarbætur greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Tekið er fram að með maka sé einnig átt við *sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum almannatryggingalaga*. Miðað við orðalag 44. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar nær reglan því ekki til sambúðar samkynhneigðra einstaklinga en nánar verður fjallað um reglur almannatrygginga á þessu sviði í kafla 6.4.5. hér á eftir.

Þá kann í kjarasamningi að vera kveðið á um rétt maka til launa við andlát launþega, sbr. t.d. núgildandi kjarasamning um réttindamál aðildarfélaga Bandalags háskólamanna. Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist, *skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar* í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993.

Í lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72/1996, eru ákvæði um réttindi eftirlifandi *maka* til launa. Orðið maki er ekki skilgreint í lögunum. Sama á við um rétt eftirlifandi maka embættismanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Um aðra starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna frá 1996, voru enn fremur í gildi ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954, um lausnar- og makalaun, þar til samið var um annað. Í 40. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, er einnig kveðið á um rétt eftirlifandi maka til launa í tiltekinn tíma. Ætla má að þessi ákvæði geti því náð yfir sambúð tveggja samkynhneigðra einstaklinga.

Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er atvinnurekanda m.a. skylt að greiða í sjúkrasjóði stéttarfélaga starfsmanna sinna og eru reglur sjúkrasjóðanna hverjar með sínu sniði. Flestir sjúkrasjóðir greiða t.d. bætur eins og útfararstyrk, dánarbætur og sérstaka styrki vegna tiltekinna aðstæðna. Nefna má sem dæmi að samkvæmt úthlutunarreglum sjúkrasjóðs Bandalags háskólamanna frá 1. apríl 2000 er unnt að greiða útfararstyrk til þess sem stendur straum af útför og matskennda fjárhæð til að bæta tímabundið framfærslutap maka eða sambúðarmaka. Þá er unnt að greiða sérstakan styrk vegna veikinda *maka*. Sjúkrasjóðir gera almennt ekki grundvallarmun á einstaklingum í hjúskap og sambúð en kunna að leggja að einhverju leyti mismunandi skilgreiningar til grundvallar við mat á réttindum sambúðarfólks, svo sem um lengd sambúðartíma. Því er ekki hægt að slá neinu föstu um það hvort sjúkrasjóðir vernda eða útiloka réttindi sambúðarfólks

eftir því hvort um gagnkynhneigð eða samkynhneigð pör er að ræða og verður að skoða hvert tilvik sjálfstætt í því sambandi.

Í ýmsum lögum sem fjalla um starfsréttindi samkvæmt opinberu leyfi er tekið fram að við andlát leyfishafa geti *maki* fengið heimild til að halda áfram. Hér má benda á 6. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, sem mælir fyrir um að *maka* sé fært að halda áfram iðnaði látins maka síns án nýs leyfis enda fullnægi makinn lögmæltum skilyrðum. Eru lögmælt skilyrði þó ekki skilgreind frekar. Í 22. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, og í 8. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 134/2001, er vísað til maka án frekari skilgreiningar.

Samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrots, nr. 53/1993, ábyrgist sjóðurinn greiðslu vinnulaunakröfu launþega við gjaldþrot vinnuveitanda. Í 6. gr. laganna eru tilgreindir þeir launþegar sem ekki geta krafist greiðslu en það eru þeir sem hafa átt sæti í stjórn gjaldþrota félags, átt tiltekinn hlut í félagi eða gegnt tilteknum ábyrgðarstöðum hjá vinnuveitanda. Hið sama á við um *maka* þessara aðila, skyldmenni hans í beinan legg og maka skyldmennis í beinan legg. Orðið maki er ekki skilgreint í lögunum.

Samkvæmt lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, er óheimilt að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er skv. 2. mgr. 1. gr. átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar. Orðið maki er ekki skilgreint og því ekki ljóst hvort eða að hvaða leyti lögin ná til sambúðarfólks.

6.4.3. Skaðabætur.

Í 12. og 13. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, er kveðið á um að sá sem ber skaðabótaábyrgð á dauða annars manns skuli m.a. greiða hæfilegan útfararkostnað og bætur til *maka* eða *sambúðarmaka* fyrir missi framfæranda, sbr. 12. og 13. gr. laganna. Þannig er enginn munur gerður á bótarétti eftirlifandi maka eftir því hvort um hjúskap eða sambúð var að ræða. Það er þó skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð verði jafnað til hjúskapar en lögin skilgreina það ekki nánar. Í athugasemdum með 13. gr. í frumvarpi til skaðabótalaga er vísað til þess að meta verði í hverju tilviki fyrir sig hvort sambúð hins látna og bótakrefjanda á þeim tíma, sem tjón bar að höndum, var þess eðlis að rök séu til að jafna henni til hjúskapar.

Þá er skv. 26. gr. laganna heimilt að gera þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur. Með maka er einnig átt við sambúðarmaka og má ætla eins og með framangreind ákvæði laganna að undir það geti fallið sambúð samkynhneigðra einstaklinga.

6.4.4. Vátryggingar.

Samkvæmt ákvæðum II. kafla laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, má vátryggja sérhverja lögmæta hagsmuni gegn skaða og geta hér fallið undir t.d. svokallaðar heimilistryggingar. Tekið er fram í lögunum að vátrygging á búsmunum taki almennt einnig til búsmuna *maka* vátryggingartaka, barna hans og heimilisfólks. Í ljósi aldurs laganna og tilvísunar maka annars staðar í lögum má ráða að hér sé eingöngu átt við maka í hjúskap. Heimilisfólk er ekki nánar skilgreint en gera má ráð fyrir að sambúðarmaki í víðtækum skilningi mundi falla þar undir. Í vátryggingarskilmálum er algengt að tala um vátryggða sem vátryggingartaka og fjölskyldu hans, aðila með sameiginlegt lögheimili, sameiginlegt heimilishald og sem búa á sama stað.

Samkvæmt III. kafla um líftryggingar má miða slíka tryggingu hvort heldur er við líf vátryggingartaka eða við líf þriðja manns og má semja um að vátryggingarfjárhæðin greiðist

út við lát viðkomandi eða þegar hann nær tilteknum aldri. Skv. 102. gr. getur vátryggingartaki, bæði þegar vátrygging er tekin og síðar, tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað og skal þá vátryggingarfjárhæðin almennt greidd beint og óskert til þess manns ef hún á að greiðast út fyrir lát vátryggingartaka. Trygging getur með þessum hætti runnið beint til sambúðarmaka án tillits til reglna um erfðarétt. Ef greiða á vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka skiptir máli hvort hann á skylduerfingja eða ekki. Ef vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað og sá maður er ekki skylduerfingi hans en vátryggingartaki lætur eftir sig maka eða niðja skal farið með vátryggingarfjárhæðina, að því er varðar búshluta og skylduarf þessara manna, eins og hún heyrði til dánarbúinu og vátryggingartaki hefði ánafnað þeim, er hann tilnefndi í sinn stað hana með erfðaskrá. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingartaki hefur afsalað sér rétti sínum til að afturkalla ánöfnunina.

Í 105. gr. er tekið fram að sé maki vátryggingartaka tilnefndur, sé þar átt við *maka sem hann lifði í hjúskap með* er hann andaðist.

6.4.5. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð.

Til almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 117/1993 teljast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar og mæla lögin nánar fyrir um hvenær einstaklingar eiga rétt til bóta samkvæmt ákvæðum þeirra. Lögin byggjast á þeirri meginreglu að réttur einstaklings til aðstoðar úr opinberum sjóðum skuli vera óháður hjúskaparstöðu en þó er á sumum sviðum litið til fjölskyldustöðu fólks við ákvörðun bóta. Er það reist á sjónarmiðum um að einstaklingur í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn og það geti því stuðst við málefnaleg sjónarmið að greiðslur almannatrygginga séu lægri til hjóna en til tveggja einhleypra einstaklinga.

Lengst af hefur almannatryggingalöggjöfin byggst á því að leggja skuli að jöfnu í þessu tilliti par í hjúskap og par í óvígðri sambúð enda gilda að mörgu leyti sömu sjónarmið um fjárhagslega samstöðu við þessar aðstæður. Í 1. mgr. 44. gr. laga um almannatryggingar kemur þannig fram sú meginregla varðandi bótagreiðslur samkvæmt lögunum að sama rétt til bóta og hjón hafa einnig *karl og kona* sem eru í *óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár*. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum *enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá*. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir. Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en það hefði sem hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

Í ýmsum ákvæðum laganna þar sem fjallað er um ákveðnar tegundir trygginga, svo sem slysatryggingar í 24.–29. gr., ellilífeyri í 11. og örorkulífeyri í 12. gr., er jöfnum höndum vísað til hjóna eða fjallað um réttindi eða áhrif af tekjum *maka* án nánari tilgreiningar. Í framkvæmd Tryggingastofnunar er lagður sá skilningur í þetta orð, í ljósi skilgreiningar 1. mgr. 44. gr. laganna, að átt sé við einstakling í hjúskap eða óvígðri sambúð að uppfylltum þeim skilyrðum sem nánar eru rakin í ákvæðinu.

Nefndin ræddi við fulltrúa frá Tryggingastofnun um það hvort sambúð samkynhneigðra einstaklinga hefði að einhverju marki sambærileg áhrif að lögum og óvígð sambúð. Kom þar fram að í framkvæmd stofnunarinnar er gengið út frá því að óvígð sambúð samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 44. gr. laganna miðist eingöngu við karl og konu en ekki tvo einstaklinga af sama kyni eins og endranær þegar rætt er um lagaáhrif óvígðrar sambúðar.

Þess má geta að í 10. mgr. 17. gr. laganna um almannatryggingar er mælt fyrir um að lífeyrisþegi í *sambýli* við einstakling 18 ára eða eldri eigi rétt á tekjutryggingarauka. Er sambýli

skilgreint í 11. mgr. sömu greinar en með því er átt við hjúskap, óvígða sambúð og staðfesta samvist eða þegar lífeyrisþegi nýtur fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk eða hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði. Er hér um rúma skilgreiningu að ræða á þessu afmarkaða sviði laganna sem mundi vafalaust ná yfir samkynhneigða einstaklinga í sambúð.

Í lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, eru reglur um mæðra- og feðralaun, barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, endurhæfingarlífeyri, makabætur, dánarbætur, heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót, frekari uppbætur, bætur vegna bifreiðakostnaðar, bifreiðakaupastyrkir og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Er framkvæmd laganna í höndum Tryggingastofnunar. Í 15. gr. laganna er tekið fram að ákvæði laga um almannatryggingar gildi um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á. Því gildir hér hin almenna regla 1. mgr. 44. gr. laganna um almannatryggingar. Þannig eru hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, eins og hún er þar skilgreind, lagðir að jöfnu en sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni fellur utan skilgreiningarinnar.

6.4.6. Félagsþjónusta sveitarfélaga o.fl.

Markmið laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í lögum er víða að finna ákvæði um stuðning við fjölskyldur, m.a. fjárhagsaðstoð, og getur fjölskyldustaða haft áhrif á þau réttindi og stuðning sem lögin veita. Skv. 2. mgr. 19. gr. laganna eiga sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón einnig *karl og kona* sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram. Samkvæmt orðanna hljóðan nær þessi regla laganna ekki yfir tvo einstaklinga af sama kyni í sambúð. Reglur um fjárhagsaðstoð gera ráð fyrir að einstaklingar undir ákveðnum tekjumörkum geti sótt um aðstoð en tekjumörk hjóna og sambúðarfólks eru almennt lægri en samanlögð tekjumörk tveggja einhleypra einstaklinga.

Lög um leikskóla, nr. 78/1994, taka til starfsemi leikskóla sem annast uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri að ósk foreldra. Bygging og rekstur leikskóla er á ábyrgð hvers sveitarfélags. Hvert sveitarfélag setur reglur um úthlutun leikskólarýma. Þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er meiri en framboð er algengt að tiltekin börn njóti forgangs. Í flestum sveitarfélögum njóta börn einstæðra foreldra og námsmanna forgangs að leikskóla og fá styrk til greiðslu leikskólagjalda, eða niðurgreiðslur, umfram þá sem eru í hjúskap eða óvígðri sambúð. Ætla má að óvígð sambúð sé alls staðar lögð að jöfnu við hjúskap og að ekki sé gerður greinarmunur á því hvort sambúðin er við kynforeldri barns eða annan einstakling. Staða samkynhneigðra einstaklinga í sambúð er aftur á móti ekki ljós en miðað við almenna túlkun laga og reglna, sem gilda um óvígða sambúð, má gera ráð fyrir að sambúð þeirra hefði ekki sömu réttaráhrif.

6.4.7. Skattamál.

Hjúskapur og sambúð geta haft margvísleg áhrif á sviði skattamála eins og sjá má í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. Skv. 1. mgr. 62. gr. laganna skulu hjón sem eru samvistum telja saman launatekjur, og aðrar tekjur skv. A-lið 7. gr. laganna hvoru um sig og skal telja hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skv. B-lið 7. gr. hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum. Aðrar tekjur hjóna en launatekjur, skv. C-lið 7. gr. laganna (svo sem leigutekjur og arður), skulu lagðar saman og taldar til tekna hjá því hjóna sem hefur hærri hreinar tekjur. Sérstakar reglur eru í lögunum um ýmiss konar frádrátt frá tekjum.

Nemi heimilaður heildarfrádráttur frá tekjum hærri fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær er um ræðir skal það sem umfram er dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu. Skv. 3. mgr. 62. gr. skulu *karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð* og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón sem samvistum eru ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Loks er sérregla í 4. mgr. sem kveður á um að einstaklingar í staðfestri samvist skuli telja fram og vera skattlagðir eins og hjón.

Samsköttun er á eignum hjóna og skv. 80. gr. laganna skulu hjón telja fram saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig. Skv. 1. mgr. 80. gr. *eiga karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð* og eiga sameiginlegt lögheimili, rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón sem samvistum eru ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

Af þessum ákvæðum er ljóst að það er valkvætt fyrir sambúðarfólk að vera skattlögð sem hjón en á sama tíma sést af orðanna hljóðan að slíkt getur aðeins átt við um sambúð karls og konu en ekki tvo einstaklinga af sama kyni. Í 4. mgr. 62. gr. er þess getið sérstaklega að réttaráhrif staðfestrar samvistar séu þau sömu og ef um hjúskap er að ræða, en undantekning er að þessa sé getið í sérlögum þar sem lögin um staðfesta samvist, nr. 87/1996, slá því föstu í 5. gr. að staðfest samvist hafi sömu réttaráhrif og hjúskapur nema í þeim tilvikum sem þau sjálf undanskilja.

Reglur laganna um tekjuskatt og eignarskatt um samsköttun sambúðarfólks gilda á öllum sviðum skattalöggjafarinnar og reglum byggðum á þeim, t.d. varðandi vaxtabætur og barnabætur. Hámarksfjárhæð vaxtagjalda hjá hjónum og sambúðarfólki sem uppfyllir skilyrði laganna um samsköttun er talsvert lægri en tvöföld hámarksfjárhæð einstaklings. Samsvarandi gildir um eignamörk sem skerða vaxtabætur. Skv. 7. mgr. B-liðar 68. gr. skal skipta vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 62. gr. laganna, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Þessar reglur hafa í för með sér að tveir samkynhneigðir einstaklingar í sambúð, sem kaupa húsnæði saman, eiga rétt til hærri vaxtabóta en hjón og sambúðarfólk sem fellur undir skilgreiningu laganna. Sama niðurstaða verður varðandi reglur laganna um barnabætur skv. A-lið 68. gr. Eru greiddar hærri bætur til einstæðra foreldra en til foreldra í hjúskap eða óvígðri sambúð sem falla undir skilgreiningu laganna. Barnabætur skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram tilgreinda fjárhæð sem er tvöfalt hærri hjá hjónum eða sambúðarfólki en hjá einstæðu foreldri. Barnabætur skerðast einnig um hlutfall af eignarskattsstofni umfram tiltekna fjárhæð sem er talsvert hærri fyrir tvo einstaklinga en fyrir hjón og sambúðarfólk.

Samkvæmt lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, skal greiða slíkan skatt af öllum fjárverðmætum sem við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans. Hafa hjúskapur og sambúð veigamikla þýðingu við ákvörðun skattskyldu eftir lögunum. Meginreglan skv. 1. mgr. 2. gr. laganna er að erfðafjárskattur sé 5%. Undantekning frá þessu kemur fram í 3. mgr. sömu greinar en samkvæmt henni greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda samkvæmt lögum um staðfesta samvist og sambýlismaður sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við *einstakling af gagnstæðu kyni* og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleifanda er ótvírætt getið. Ljóst er af þessu að tveir einstaklingar af sama kyni í sambúð geta ekki notið þess mikilvæga hagræðis sem felst í undanþágu laganna. Hún getur því aðeins átt við um samkynhneigt par

í staðfestri samvist. Vegna skýrra orða laganna er ólíklegt að erfðaskrá manns, sem tilnefnir sambýlismann af sama kyni, leiddi til undanþágu skv. 3. mgr.

6.4.8. Húsnæðismál.

Samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, annast Íbúðalánasjóður lánveitingar til bygginga og kaupa á íbúðarhúsnæði en þar getur verið um að ræða almenn lán og viðbótarlán til einstaklinga svo og lánveitingar til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu. Almenn lán eru lán sem sjóðurinn veitir til kaupa, byggingar eða endurbóta á íbúðarhúsnæði gegn afhendingu ÍLS-veðbréfs. Reglugerðir nr. 522/2004, um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, og nr. 521/2004, um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, geyma nánari reglur um lánveitingar Íbúðalánasjóðs, tilhögun viðskipta og útgáfu íbúðabréfa. Er 8. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 522/2004 svohljóðandi: „Með sambúðarfólki er átt við *skráða sambúð karls og konu* er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá eða tvo einstaklinga sem hafa fengið staðfesta samvist.“ Þá fjallar 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar um kaup á hluta úr íbúð við hjúskaparslit og sambúðarslit sambúðarfólks og er ákvæðið svohljóðandi: „Hjón eða sambúðarfólk, sem keypt hafa íbúð saman, fá ekki fyrirgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kaupa sín í milli á eignarhluta íbúðar nema við hjúskapar- eða sambúðarslit.“

Áður en gengið er frá fasteignaviðskiptum skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi fá greiðslugetu sína metna hjá fjármálastofnun samkvæmt reglum Íbúðalánasjóðs. Við mat á greiðslugetu er fyrst og fremst tekið mið af útborguðum mánaðarlaunum aðila og geta hjón og sambúðarfólk notið hagræðis af ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, t.d. vegna yfirfærslu persónuafsláttar sem getur leitt til hærri útborgunar launa. Einnig er þó tekið tillit til bóta úr opinberum sjóðum sem geta verið hærri til tveggja einstaklinga en hjóna eða sambúðarfólks eins og rakið er annars staðar í skýrslu þessari. Þá er við mat á greiðslugetu m.a. tekið tillit til framfærslukostnaðar umsækjanda. Byggja skal á sem næst raunverulegum framfærslukostnaði en tekið er mið af lágmarksframfærslukostnaði samkvæmt upplýsingum Ráðgjafastofu heimilanna og meðalframfærslukostnaði samkvæmt neyslukönnunum Hagstofunnar. Við þetta mat er gert ráð fyrir að tveir einstaklingar þurfi meira sér til framfærslu en hjón og sambúðarfólk sem aftur getur leitt til minni ráðstöfunartekna og þar af leiðandi lægri lánveitingar.

Viðbótarlán eru ætluð þeim sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa sérstaka aðstoð við íbúðarkaup. Einstaklingum, sem rétt eiga á almennu láni, má veita viðbótarlán að beiðni húsnæðisnefndar viðkomandi sveitarfélags. Getur heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) þannig orðið 90% af matsverði íbúðar. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis og hefur hvert sveitarfélag heimild til að setja nánari fyrirmæli um þessi atriði, sbr. 30. gr. laganna og 4. gr. reglugerðar um viðbótarlán, nr. 783/1998. Í reglugerðinni er tekið fram að auk skilyrða um greiðslugetu sé réttur til viðbótarláns bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk. Skv. 5. gr. miðast tekjumörk við meðaltekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks en með sambúðarfólki er átt við *skráða sambúð karls og konu* sem eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Miðað er við að meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæðum en tilgreint er í reglugerðinni og eru viðmiðunartekjur hjóna og sambúðarfólks 40% hærri en hjá einstaklingi. Segja má að tveir einstaklingar eigi því rýmri rétt til viðbótarláns en hjón eða sambúðarfólk.

Af framangreindu er ljóst að reglur laganna um húsnæðismál um sambúðarfólk ná ekki til tveggja samkynhneigðra einstaklinga í sambúð.

Í lögum nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög, geta félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélag. Í 6. gr. laganna er tekið fram að eigandi búseturéttar sé að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða *einstaklinga sem hafi haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.* Sambúð er ekki skilgreind frekar en samkvæmt orðanna hljóðan má gera ráð fyrir rúmri túlkun. Skv. 7. gr. er réttur búseturétthafa til íbúðar ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til *maka* við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi en hugtakið maki er ekki skilgreint frekar.

Sambúðarfólk, sem býr í leiguhúsnæði, getur notið hagræðis af ákvæðum húsaleigulaga, nr. 36/1994, til dæmis við skilnað eða andlát þótt aðeins annað þeirra sé leigjandi samkvæmt leigusamningi. Í 46. gr. laganna er ákvæði um að ef leigjandi flytur úr húsnæði sem hann hefur gert leigusamning um er *maka* hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, heimilt að halda leigusamningi áfram. Skv. 3. gr. gilda ákvæði laganna um hjón eða maka einnig um sambúðarfólk en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár eða *annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.* Skv. 45. gr. laganna er eftirlifandi maka eða *sambúðarmanni,* sbr. 3. gr., skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimilismenn leigjanda við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi sem stunduð var í húsnæðinu og vilja taka við leigusamningi með réttindum og skyldum, heimilt að ganga inn í leigusamninginn í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður er mæla gegn því. Af þessu er ljóst að réttindi samkvæmt lögunum gilda jafnt um sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni og gagnkynhneigt par í óvígðri sambúð.

6.4.9. Námslán o.fl.

Fjölskylduhagir námsmanns hafa ýmis áhrif á rétt hans til námslána en um námslán gilda lög nr. 21/1992. Skv. 3. gr. laganna skal miðað við að námslán nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns og er stjórn sjóðsins heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Í grein 4.5. í úthlutunarreglum sjóðsins frá 14. maí 2004 er tekið fram að *óvígð sambúð* sé lögð að jöfnu við hjúskap/ staðfesta samvist en sambúð er ekki skilgreind frekar. Í framkvæmd er miðað við skráningu óvígðrar sambúðar í þjóðskrá og má því gera ráð fyrir að reglurnar nái ekki til tveggja einstaklinga af sama kyni í sambúð. Getur það eftir atvikum leitt hvort tveggja til rýmri (tillit til tekna maka) og lakari (sérstakur réttur vegna maka) réttarstöðu aðila.

6.4.10. Útlendingar og ríkisborgararéttur.

Samkvæmt 5. gr. a laga nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt, er dómsmálaráðherra heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn, m.a. umsækjanda sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi hann átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár. Einnig er heimilt að veita ríkisborgararétt umsækjanda sem býr í *skráðri sambúð* með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift hafi hann átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár. Ljóst er að þessar aðstæður geta ekki náð til samkynhneigðs pars þar sem þeim er ókleift að skrá sambúð sína.

Samkvæmt lögum um útlendinga, nr. 96/2002, getur fjölskyldustaða útlendings haft veruleg áhrif á réttindi hans samkvæmt lögunum, m.a. varðandi heimildir hans til að dvelja í landinu við mat á tengslum hans við landið. Í 13. gr. laganna er fjallað um dvalarleyfi fyrir nánustu aðstandendur íslenskra ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem er búsettur hér landi eða útlendings sem dvelst löglega í landinu. Skv. 2. mgr. 13. gr. teljast nánustu aðstandendur vera maki, *sambúðarmaki,* samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Ekki er fyllilega skýrt til hvaða aðstæðna þessi talning nær. Orðinu *samvistarmaki* var bætt inn í upptalninguna við meðferð frumvarpsins án sérstakra skýringa en ætla má að það skírskoti eingöngu til laganna um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Orðið *sambúðarmaki* er tilgreint í ákvæðinu án þess að vísað til skráðrar sambúðar eða óvígðrar sambúðar og því ekki loku fyrir það skotið að það nái til sambúðar samkynhneigðs pars. Í 46. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt flóttamanna til hælis á Íslandi. Skv. 3. mgr. 46. gr. eiga maki flóttamanns, *sambúðarmaki* eða samvistarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka eða sambúðarmaka eða samvistarmaka rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Í 2. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, er heimild til að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Er hér byggt á sömu skilgreiningu varðandi nánustu aðstandendur og í lögunum um útlendinga, sbr. 9. tölul. 3. gr. laganna.

6.5. Tillögur nefndarinnar.

Könnun íslenskra laga og reglna, sem lýst hefur verið, leiðir í ljós að samkynhneigð pör í sambúð búa við lagalega mismunun á allmörgum sviðum þar sem þau eiga þess ekki kost að fá sambúð sína skráða og viðurkennda að lögum og njóta því ekki sömu réttinda og skyldna og gagnkynhneigð pör í sambúð. Á ýmsum öðrum sviðum er réttarstaðan óljós að þessu leyti. Þótt samkynhneigð pör eigi þess kost að staðfesta samvist sína samkvæmt lögum nr. 87/1996 með sömu réttaráhrifum í meginatriðum og hjúskapur hafa þau ekki þann valkost að velja sambúðarform með takmarkaðri réttaráhrifum þar sem tekið er tillit til sameiginlegs heimilishalds og vissrar fjárhagslegrar samstöðu með ýmsum réttindum og skyldum. Nefndin telur að engin málefnaleg rök réttlæti mismunun af þessu tagi og leggur til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar til þess að tryggja að samkynhneigð pör geti stofnað til sambúðar með sömu réttaráhrifum og gagnkynhneigð pör.

Eins og fram hefur komið gildir engin heildstæð löggjöf um réttarstöðu sambúðarfólks sambærileg við hjúskaparlög, nr. 31/1993. Ákvæði, þar sem sérstök réttaráhrif tengd því að tveir einstaklingar búi saman í „óvígðri sambúð“ eða „sambúð skráðri í þjóðskrá“, er að finna á víð og dreif í löggjöfinni án þess að skilgreining þessara hugtaka liggi þó fyrir. Einnig er misjafnt hvort það er skilyrði fyrir réttaráhrifum óvígðrar sambúðar að hún sé skráð í þjóðskrá, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990.

Nefndin telur það ekki vera á sínu færi að leggja til að heildarlöggjöf verði sett um málefni sambúðarfólks enda væru slíkar breytingar fallnar til þess að hafa mun víðtækari áhrif en á réttarstöðu samkynhneigðra. Eins má ætla að vilji löggjafans standi ekki til þess að setja heildarlög á þessu sviði, m.a. með hliðsjón af norrænni stefnumörkun og samvinnu á vettvangi sifjaréttar. Hins vegar álítur nefndin nauðsynlegt að breyta ákvæðum laga þar sem við á til þess að þau nái einnig til samkynhneigðra para. Helsta grunnforsenda til þess að bæta megi réttarstöðu samkynhneigðra á þessu sviði er að tveir samkynhneigðir einstaklingar geti fengið sambúð sína skráða hjá Hagstofu Íslands enda er ljóst að ýmis sérlög binda

réttaráhrif sambúðar við að hún sé skráð í þjóðskrá þótt ekki sé það algilt. Því leggur nefndin til að lögum um lögheimili, nr. 21/1990, verði breytt og þar verði mælt fyrir um að tveir einstaklingar geti fengið óvígða sambúð sína skráða á sameiginlegu lögheimili að uppfylltum sömu skilyrðum og fram koma í ákvæðum II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993 (7.–12.gr.), varðandi aldur, skyldleika, kröfu um lögræði og lok fyrri hjúskapar/staðfestrar samvistar en með þessu yrði í reynd fest í lög framkvæmd Hagstofunnar við skráningu óvígðrar sambúðar í dag. Með vísan til skilyrða hjúskaparlaga að þessu leyti gildir sjálfkrafa að litið yrði til lagaskilyrða fyrir stofnun staðfestrar samvistar.

Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að nýtt lagaákvæði verði fest í 3. mgr. 7. gr. laganna um lögheimili en jafnframt yrði þá felldur niður síðasti málsliður núverandi 1. mgr. 7. gr. laganna sem vísar til fólks í óvígðri sambúð. Að mati nefndarinnar þarf ekki að setja nein frekari formskilyrði en nú gilda og ekki þarf að fara fram sérstök könnun á því hvort skilyrðin eru uppfyllt önnur en þau að upplýst yrði um þau við útfyllingu eyðublaðs um skráningu sambúðar og að báðir aðilar undirriti eyðublaðið. Þannig stofnast sambúð með þessum hætti við skráningu tveggja einstaklinga á sama lögheimili.

Auk þessarar lagabreytingar telur nefndin nauðsynlegt að farið verði yfir dreifð lagaákvæði þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við sambúð gagnkynhneigðra para og gerðar orðalagsbreytingar eftir því sem við á þannig að þau nái einnig til sambúðar samkynhneigðra einstaklinga. Þannig verði í lögum rætt um „sambúðarfólk“ eða „tvo einstaklinga“ í óvígðri eða eftir atvikum skráðri sambúð í stað þess að tilgreina kyn þeirra og vísa til „karls og konu í óvígðri sambúð“.

Nefndin telur ekkert því til fyrirstöðu að hugtakið „óvígð sambúð“ geti átt við um sambúðarfólk af sama kyni. Taki löggjafinn afstöðu til þess með lagabreytingum þar sem við á að *tveir einstaklingar* geti búið í óvígðri sambúð, í stað *karls og konu,* leggur það grunninn að nýrri skýringu á þessu hugtaki sem mundi gilda á öllum sviðum löggjafarinnar. Sé þess getið í lagaákvæði að einstaklingar í óvígðri sambúð eigi von á barni saman yrði sú merking óbreytt að um ræði einstaklinga af gagnstæðu kyni. Nefndin bendir á að hugtakið óvígð sambúð er notað æ minna í löggjöfinni og er tilhneiging til að vísa frekar til *skráðrar* sambúðar karls og konu í ákvæðum sem binda réttaráhrif við sambúð. Samkynhneigð pör geta fengið staðfesta samvist með borgaralegri *vígslu* samkvæmt orðnotkun hjúskaparlaganna þótt ekki geti þau fengið kirkjulega vígslu vegna undantekningar sem gerð er í 4. gr. laganna um staðfesta samvist. Með því að vísa til óvígðrar sambúðar samkynhneigðs pars gilda þannig sömu rök í reynd og eiga við um gagnkynhneigð pör, samband þeirra hefur þannig ekki fengið vígslu samkvæmt hjúskaparlögunum.

Nefndin telur óheppilegt að búa til nýtt hugtak yfir sambúð samkynhneigðra og greina hana þannig frá sambúð karls og konu þótt slíkt hafi komið til umræðu í starfi hennar. Var einkum rætt um að notast við orðið „óstaðfest samvist“ um sambúð samkynhneigðra para til aðgreiningar frá „staðfestri samvist“ á meðan hugtakið óvígð sambúð gagnkynhneigðra para yrði áfram notað til aðgreiningar frá hjúskap. Að mati nefndarinnar er ákjósanlegra að lög og reglur í framtíðinni geri engan slíkan greinarmun á þessu sviði á grundvelli kynhneigðar og það einfaldi á sama tíma setningu laga og reglna sem binda réttaráhrif við sambúð. Er því engin málefnaleg ástæða til þess að auðkenna skráningu sambúðar hjá Hagstofu eftir því hvort um ræðir gagnkynhneigð eða samkynhneigð pör í sambúð.

Með fyrrgreindum breytingum á lögum um lögheimili og einföldum breytingum á nokkrum lögum verður að mati nefndarinnar hægt að koma á jafnrétti á þessu sviði á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para án þess að horfið verði frá þeirri stefnu löggjafans að skipa ekki á einum stað reglum um sambúð einstaklinga í ítarlegri heildarlöggjöf. Skýrslu

þessari fylgir viðauki þar sem nánar eru tilgreindar þær breytingar á lögum sem nefndin leggur til svo þessu markmiði verði náð. Eru þar lagðar til breytingar á eftirtöldum lögum og reglugerðum: Lögum um lögheimili, nr. 21/1990, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 10/1997, lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, húsaleigulögum, nr. 36/1994, og reglugerð nr. 522/2004, um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

7. KAFLI
SKILYRÐI OG STOFNUN STAÐFESTRAR SAMVISTAR

7.1. Framkvæmd laga um staðfesta samvist.

Með lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, sem tóku gildi 27. júní 1996, var samkynhneigðum pörum gert kleift að fá lögformlega viðurkenningu á sambúð sinni og eru réttaráhrif staðfestrar samvistar í meginatriðum sambærileg réttaráhrifum hjúskapar, sbr. ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, með nokkrum undantekningum. Um nánari umfjöllun varðandi aðdraganda lagasetningarinnar er vísað til kafla 3.2. hér að framan en eins og þar kemur fram byggði hún á tillögum nefndar um málefni samkynhneigðra frá árinu 1994 og sækir fyrirmynd til danskrar, norskrar og sænskrar löggjafar um sama efni. Lögin um staðfesta samvist tryggðu ekki aðeins samkynhneigðum ákveðin réttindi heldur fólst í þeim viðurkenning á jafnri stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu og í fjölskyldulífi. Vakti aðdragandi lagasetningarinnar og umræðan um hana svo mikla athygli að á tiltölulega skömmum tíma varð fjölskyldulíf samkynhneigðra sýnilegra en áður og öðlaðist umtalsverða viðurkenningu.[74] Ljóst er að lögin hafa stuðlað að mikilvægri viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu gagnvart samböndum og fjölskyldulífi samkynhneigðra.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti og Hagstofu hafa ekki komið upp vandkvæði varðandi framkvæmd laganna. Með lögum nr. 52/2000 voru gerðar nokkrar breytingar á þeim; fellt var niður fortakslaust skilyrði 2. gr. þeirra um að annar eða báðir einstaklingar væru íslenskir ríkisborgarar og jafnframt var 6. gr. laganna breytt með þeim hætti að einstaklingi í staðfestri samvist var heimiluð stjúpættleiðing á barni hins sem hann hefur forsjá fyrir nema um ræði kjörbarn frá öðru landi. Þá var bætt nýju ákvæði í 2. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að lagaákvæði, sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu. Álitaefni um þetta höfðu komið upp við framkvæmd laganna sem tengdust reglum um feðrun barna samkvæmt ákvæðum barnalaga í tilvikum þar sem kona í staðfestri samvist fæddi barn. Eðli málsins samkvæmt var ekki fallist á það við skráningu hjá Hagstofu að maki hennar af sama kyni teldist faðir barns.

Nefndin aflaði ýmissa tölulegra upplýsinga um staðfesta samvist frá Hagstofu Íslands fram til ársloka 2003. Upplýsingar um fjölda staðfestra samvista síðustu ár leiða í ljós að fjöldi para, sem gengur í staðfesta samvist á ári hverju, virðist nokkuð svipaður, að undanskildu árinu 1996 þegar lögin tóku gildi. Hér á eftir fara tölur yfir fjölda staðfestra samvista

---

[74] Anna Einarsdóttir: „Aldrei hægt að lifa eðlilegu lífi: Lesbíur og fjölskyldulíf", bls. 75, í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

og skilnaða samkynhneigðra eftir kyni árin 1996–2003. Hafa ber í huga að tölurnar endurspegla fjölda para þannig að fjöldi einstaklinga er tvöföld sú tala.

Stofnun og lok staðfestrar samvistar
27. júní 1996 til 31. desember 2003.

Stofnár	Stofnun	Samvistum slitið, skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður*									Andlát	Við lýði 31.12.03
		Alls	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003		
Karlar og konur alls	**110**	**25**	**–**	**1**	**2**	**5**	**6**	**3**	**7**	**1**	**3**	**82**
1996	21	3	–	1	1	1	–	–	–	–	2	16
1997	12	7	.	–	1	3	1	2	–	–	–	5
1998	12	7	.	.	–	–	5	1	1	–	1	4
1999	12	3	.	.	.	1	–	–	2	–	–	9
2000	14	1	.	.	.	.	–	–	1	–	–	13
2001	15	3	.	.	.	.	.	–	2	1	–	12
2002	10	1	.	.	.	.	.	.	1	–	–	9
2003	14	–	.	.	.	.	.	.	.	–	–	14
Karlar alls	**51**	**15**	**–**	**1**	**2**	**2**	**3**	**2**	**5**	**–**	**3**	**33**
1996	11	2	–	1	1	–	–	–	–	–	2	7
1997	5	4	.	–	1	1	–	2	–	–	–	1
1998	6	4	.	.	–	–	3	–	1	–	1	1
1999	7	2	.	.	.	1	–	–	1	–	–	5
2000	5	1	.	.	.	.	–	–	1	–	–	4
2001	5	1	.	.	.	.	.	–	1	–	–	4
2002	5	1	.	.	.	.	.	.	1	–	–	4
2003	7	–	.	.	.	.	.	.	.	.	–	7
Konur alls	**59**	**10**	**–**	**–**	**–**	**3**	**3**	**1**	**2**	**1**	**–**	**49**
1996	10	1	–	–	–	1	–	–	–	–	–	9
1997	7	3	.	–	–	2	1	–	–	–	–	4
1998	6	3	.	.	–	–	2	1	–	–	–	3
1999	5	1	.	.	.	–	–	–	1	–	–	4
2000	9	–	.	.	.	.	–	–	–	–	–	9
2001	10	2	.	.	.	.	.	–	1	1	–	8
2002	5	–	.	.	.	.	.	.	–	–	–	5
2003	7	–	.	.	.	.	.	.	.	–	–	7

* Samvistaslit eða skilnaður að borði og sæng ekki talið ef samvistir eru teknar upp aftur. Taldar eru allar skráningar hvort sem lögheimili er á Íslandi eða erlendis.

Af tölunum má sjá að fjöldi karlkyns para og kvenkyns para, sem ganga í staðfesta samvist, er áþekkur en tölur yfir staðfesta samvist sem lýkur með skilnaði leiða, í ljós að skilnaðartíðni virðist nokkuð hærri meðal karlanna.

Í meðfylgjandi töflum eru upplýsingar um meðalaldur fólks þegar það gengur í staðfesta samvist og hjúskap en af því má sjá að meðalaldur einstaklinga, er þeir ganga í staðfesta samvist, er hærri en einstaklinga sem ganga í hjúskap. Á hinn bóginn er meðalaldur einstaklinga við slit staðfestrar samvistar lægri heldur en fólks við skilnað eins og sést af næstu töflu.

Aldur við hjónavígslu og stofnun staðfestrar samvistar 1996–2003.

	Hjúskapur*				Staðfest samvist			
	Fjöldi einstaklinga	Meðal-aldur	Mið-aldur	Tíðasti aldur	Fjöldi einstaklinga	Meðal-aldur	Mið-aldur	Tíðasti aldur
Karlar								
1996–2003	12.304				102	37,2	35,1	30
1996–2000	7.695	34,8	32,7	30	68			
2001	1.484	35,3	32,6	27	10			
2002	1.652	35,4	32,9	29	10			
2003	1.473	35,6	33,4	30	14			
Konur								
1996–2003	12.304				118	35,1	35,0	35
1996–2000	7.695	32,1	30,1	26	74			
2001	1.484	32,2	29,7	28	20			
2002	1.652	32,7	30,5	27	10			
2003	1.473	32,9	30,6	30	14			

*Bráðabirgðatölur Hagstofu 2003.

Aldur við lögskilnað 1996–2003.

	Hjúskapur*				Staðfest samvist			
	Fjöldi einstaklinga	Meðal-aldur	Mið-aldur	Tíðasti aldur	Fjöldi einstaklinga	Meðal-aldur	Mið-aldur	Tíðasti aldur
Karlar								
1996–2003	4.156				26	36,0	35,4	33
1996–2000	2.545	42,8	41,9	41	10			
2001	551	41,9	41,3	40	6			
2002	529	43,3	42,4	35	6			
2003	531	43,7	42,6	42	4			
Konur								
1996–2003	4.156				14	30,2	30,9	27
1996–2000	2.545	40,2	39,7	42	6			
2001	551	39,3	38,8	36	4			
2002	529	40,6	39,3	38	2			
2003	531	40,8	39,3	37	2			

*Bráðabirgðatölur Hagstofu 2003.

Í tölulegum upplýsingum má sjá að í miklum meiri hluta tilvika er samvist staðfest hjá sýslumanninum í Reykjavík eða í nágrannaumdæmum á höfuðborgarsvæðinu, sbr. meðfylgjandi töflu.

Staður þar sem stofnun staðfestrar samvistar fór fram 27. júní 1996 til 31. desember 2003.

	Fjöldi	%
Alls	**110**	**100**
Reykjavík	83	75
Annars staðar á höfuðborgarsvæði	10	9
Annars staðar á landinu	13	12
Erlendis	4	4

7.2. Tölulegur samanburður á milli Íslands og nokkurra ríkja.

Hér á eftir fara nokkrar tölulegar upplýsingar og samanburður á fjölda staðfestra samvista hér á landi og á öðrum Norðurlöndum (registreret partnerskab) frá gildistöku laga um efnið í viðkomandi ríkjum. Eins og fram kom í 5. kafla er löggjöf Norðurlanda á þessu sviði áþekk. Einnig eru hér birtar tölur yfir fjölda hjónabanda samkynhneigðra í Hollandi.

Staðfest samvist skráð á Íslandi 1996–2003.

	Alls	Tveir karlar	Tvær konur
1996	21	11	10
1997	12	5	7
1998	12	6	6
1999	12	7	5
2000	14	5	9
2001	15	5	10
2002	10	5	5
2003	11	5	6

Lögheimili á Íslandi. Lög um staðfesta samvist tóku gildi 27. júní 1996.

Staðfest samvist skráð í Noregi 1993–2002.

	Alls	Tveir karlar	Tvær konur
1993	156	115	41
1994	133	86	47
1995	98	64	34
1996	127	80	47
1997	117	74	43
1998	115	71	44
1999	144	82	62
2000	154	78	76
2001	185	108	77
2002	183	105	78

Eldri aðilinn búsettur í Noregi. Lög um staðfesta samvist tóku gildi 1. ágúst 1993.

Staðfest samvist skráð í Svíþjóð 1995–2002.

	Alls	Tveir karlar	Tvær konur
1995	665	498	167
1996	319	201	118
1997	262	158	104
1998	250	158	92
1999	287	154	133
2000	357	218	139
2001	381	195	186
2002	422	212	210

Báðir aðilar búsettir í Svíþjóð.

Hjónaband fólks af sama kyni og staðfest samvist skráð í Hollandi 2001–2002.

	Alls	Tveir karlar	Tvær konur
Hjónaband fólks af sama kyni			
2001	2.414	1.339	1.075
2002	1.838	935	903
Staðfest samvist fólks af sama kyni			
2001	530	285	245
2002	740	358	382

Lög um hjónaband fólks af sama kyni tóku gildi 1. apríl 2001.

Fjöldi staðfestra samvista við lýði á Íslandi í árslok 1996–2003.

	Alls	Tveir karlar	Tvær konur
1996	21	11	10
1997	31	14	17
1998	41	18	23
1999	48	23	25
2000	55	24	31
2001	67	27	40
2002	70	27	43
2003	82	33	49

Lögheimili á Íslandi. Lög um staðfesta samvist tóku gildi 27. júní 1996.

Fjöldi staðfestra samvista við lýði í Danmörku í árslok 1989–2003.

	Alls	Með börn
1989	296	10
1990	653	27
1991	851	41
1992	986	46
1993	1.078	49
1994	1.191	59
1995	1.308	81
1996	1.431	91
1997	1.531	106
1998	1.679	150
1999	1.829	176
2000	1.992	220
2001	2.166	266
2002	2.315	294
2003	2.468	338

Lög um staðfesta samvist gengu í gildi 1989.

Fjöldi staðfestra samvista við lýði í Finnlandi í árslok 2002.

Pör í staðfestri samvist alls	399
Tveir karlar	207
Tvær konur	192
Pör í staðfestri samvist með börn	32

Lög um staðfesta samvist gengu í gildi 2001.

Þegar bornar eru saman tölur um hlutfall fjölda staðfestra samvista pr. 100 þúsund íbúa á Íslandi, Finnlandi og í Danmörku í árslok 2002 kemur eftirfarandi í ljós.

Fjöldi staðfestra samvista pr. 100 þúsund íbúa.

Land	Fjöldi staðfestra samvista við lýði í árslok 2002	Fjöldi staðfestra samvista pr. 100 þús. íbúa
Ísland	70	24,3
Danmörk	2315	43,2
Finnland	399	7,7

Við mat á þessum tölum ber að hafa í huga að Danmörk var fyrsta ríki Norðurlandanna þar sem lög um staðfesta samvist tóku gildi árið 1989 en á Íslandi tóku lögin gildi á miðju ári 1996. Slík lög tóku síðast gildi í Finnlandi í mars 2002 þannig að tölurnar þaðan endurspegla aðeins fyrstu 10 mánuðina eftir gildistöku laganna. Því eru tölur frá Íslandi og Danmörku betri til samanburðar en af þeim má ráða að hlutfall staðfestrar samvistar er umtalsvert hærra í Danmörku en hér á landi.

7.3. Sérstök skilyrði um ríkisborgararétt eða búsetu.

Samkvæmt lögunum um staðfesta samvist gilda um stofnun hennar, réttaráhrif og slit sömu reglur og eiga við um hjúskap nema annað sé tekið fram. Í 2. gr. laganna um staðfesta samvist kemur fram sérregla um skilyrði fyrir því að staðfest samvist geti fari fram hér á landi. Upprunalega settu lögin það fortakslausa skilyrði að báðir einstaklingarnir eða annar þeirra væri íslenskur ríkisborgari sem ætti lögheimili hér á landi. Var samhljóða skilyrði að finna í lögum annarra Norðurlanda um staðfesta samvist. Rök á bak við þessa skipan voru einkum þau að á meðan þetta nýja sambúðarform væri ekki viðurkennt nema í mjög fáum ríkjum utan Norðurlandanna væri rétt að krefjast þess að einstaklingar hefðu ákveðin tengsl við ríkið þar sem slík réttarstaða væri veitt með lögum. Þannig gætu tveir erlendir ríkisborgarar ekki komið hingað til lands til að ganga í staðfesta samvist enda hefði hún engin réttaráhrif í því landi sem þeir kæmu frá ef þetta sambúðarform væri ekki viðurkennt þar með lögum.[75]

Eitt af markmiðum breytingalaga nr. 52/2000 var að rýmka þessi skilyrði eftir því sem eðlilegt og sanngjarnt væri með tilliti til borgara annarra ríkja en þá hafði dönsku lögunum um staðfesta samvist verið breytt að þessu leyti og breytingartillögur voru til meðferðar í þinginu í Noregi og Svíþjóð. Eftir breytingarnar með lögum nr. 52/2000 kveður 2. mgr. 2. gr. laganna á um að staðfesting samvistar geti farið fram ef:

a. báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, **eða**
b. báðir einstaklingarnir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra.

Þá er mælt fyrir um það í 3. mgr. 2. gr. að ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Jafnframt er þar tekið fram að dómsmálaráðherra geti ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð lögum þessum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

Af þessu er ljóst að heimilt er að leggja að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt ekki aðeins ríkisborgararétt þeirra Norðurlanda sem talin eru í ákvæðinu heldur einnig bæta inn í reglugerð öðrum ríkjum þar sem slíkt sambúðarform er heimilað í lögum. Ríkjum í þeim hópi, einkum á meginlandi Evrópu, hefur fjölgað mjög á síðasta áratug. Reglugerð sem heimild er veitt til að setja skv. 3. mgr. 2. gr. laganna um staðfesta samvist var sett af dómsmálaráðherra 30. júlí 2004 (nr. 681/2004). Í 1. gr. hennar er mælt fyrir um að ríkisborgararéttur í Finnlandi og Hollandi sé lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Verði ríkisborgararéttarskilyrðið ekki uppfyllt skv. a-lið 2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. getur staðfest samvist engu að síður farið fram hér á landi í tilviki þar sem erlendir ríkisborgarar hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu. Rökin með þessu eru að við þessar aðstæður hafi útlendingar þegar öðlast ákveðin tengsl við landið og líkur megi telja á að þeir búi hér áfram með þeim réttaráhrifum sem staðfest samvist veitir þeim í stað þess að þeir hyggist búa í ríki þar sem staðfest samvist hefur engin réttaráhrif að þarlendum lögum.

Þrátt fyrir mikilvæga rýmkun á skilyrðum fyrir stofnun staðfestrar samvistar hafa komið upp tilvik sem sýna að núverandi búsetuskilyrði laganna geta falið í sér óeðlilega hindrun þar

---

[75] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 2640.

sem annar eða báðir einstaklingar eru íslenskir eða norrænir ríkisborgarar. Þannig má til dæmis nefna að íslenskir námsmenn erlendis sem eiga þá ekki fasta búsetu á Íslandi, geta ekki fengið samvist sína staðfesta hér á landi. Þessi hindrun gildir jafnt þótt þeir eigi búsetu í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð þótt slíkt sambúðarform sé viðurkennt þar að lögum. Vilji þeir ganga í staðfesta samvist verður það að eiga sér stað í því ríki þar sem þeir eiga búsetu og þar sem slíkt sambúðarform er viðurkennt að lögum.

7.4. Skilyrði um borgaralega vígslu – afstaða þjóðkirkjunnar til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra.

Önnur sérregla sem lýtur að stofnun staðfestrar samvistar og víkur frá ákvæðum hjúskaparlaga kemur fram í 1. mgr. 4. gr. laganna um staðfesta samvist. Samkvæmt þessu ákvæði framkvæma sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra staðfesta samvist. Er samkynhneigðum pörum þannig ókleift að fá kirkjulega vígslu skv. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Það sama gildir varðandi sáttaumleitanir í tengslum við skilnað. Skv. 2. mgr. 8. gr. laganna um staðfesta samvist leita aðeins sýslumaður eða dómari sátta á milli einstaklinga í staðfestri samvist en ekki prestar eða forstöðumenn trúfélaga svo sem mælt ef fyrir um í 4. mgr. 42. gr. hjúskaparlaganna.

Sú skipan að staðfest samvist geti eingöngu stofnast með borgaralegri vígslu hefur verið studd við skýra afstöðu þjóðkirkjunnar gegn kirkjulegum vígslum samkynhneigðra. Í athugasemdum með frumvarpinu, sem varð að lögum um staðfesta samvist, kemur m.a. fram að afstöðu þjóðkirkjunnar varðandi þetta atriði hafi verið leitað í tengslum við gerð frumvarpsins en í svarbréfi biskups sagði þá m.a.:

> Kirkjan gerir sér vitanlega grein fyrir því að prestar hennar eru ekki aðeins í þjónustu trúarlegs aðila, heldur einnig opinberir starfsmenn sem hljóta að lúta lögum ríkisins og fyrirmælum. Hins vegar óskar kirkjan alls ekki eftir því og telur það mjög vafasamt að mælt verði fyrir því í lögum að heimild sé veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra. Hitt er vitanlega sjálfgefið að prestar og aðrir kirkjulegir aðilar munu biðja fyrir þeim sem leita eftir slíku og er þá aðeins spurt um þörf en ekki grennslast fyrir um stöðu viðkomandi.[76]

Ítarlega er fjallað um afstöðu þjóðkirkjunnar til hjónabands samkynhneigðra í skýrslu nefndarinnar um málefni samkynhneigðra frá árinu 1994 og er hér vísað til skýrslunnar um þau sjónarmið sem þar hafa verið uppi á ýmsum tímum. Á síðasta áratug, einkum eftir setningu laganna um staðfesta samvist, hefur orðið lífleg umræða um stöðu samkynhneigðra innan þjóðkirkjunnar og afstöðu kirkjunnar til hjónabands samkynhneigðra. Fyrir þann tíma höfðu málefni samkynhneigðra lítið sem ekkert komið þar til umræðu.

Sumarið 1996 ákvað kirkjuráð að skipa starfshóp til þess að fjalla m.a. um guðfræðileg, siðferðileg og lagaleg rök og álitamál sem vörðuðu stöðu samkynhneigðra. Meiri hluti starfshópsins sendi frá sér greinargerð sem lögð var fram á prestastefnu sumarið 1997. Í niðurstöðum starfshópsins segir m.a.:

> Samkvæmt lúterskum skilningi er Guð að verki á hinu veraldlega sviði þótt það feli ekki í sér neina sjálfsreglugjöf. Hjónaband, sem felur í sér eiginmann og eiginkonu og

---

[76] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 2641.

> hugsanlega börn, er gagnkynhneigt tákn. Það viðhorf er greypt í vitund fólks og menningu. En þjóðkirkja hefur skyldur gagnvart samfélaginu öllu, hún getur ekki leyft sér að afrækja eða skilja út undan ákveðna hópa. Um leið er ljóst að ólík sjónarmið hljóta að rúmast innan hennar.[77]

Enn fremur segir:

> Prestar hafa rétt til þess að ganga lögformlega frá hjónavígslu vegna sterkrar stöðu þjóðkirkjunnar hér á landi. Með aðskilnaði ríkis og kirkju gæti þetta hugsanlega breyst, t.d. ef Ísland gengi í Evrópusambandið. Samkvæmt lúterskum skilningi fer hjónabandið fram á torginu, á hinu veraldlega sviði, en eftir sem áður frammi fyrir augliti Guðs. Hjónabandið er sem sé ekki sakramenti. Borgaraleg hjónabönd eru því fullgild hjónabönd samkvæmt lúterskum skilningi og í ljósi þess teljum við að einnig beri að virða staðfesta samvist samkynhneigðra para, tilfinningar þeirra og viðhorf.[78]

> Í ljósi ... greinargerðarinnar... leggjum við til við biskup Íslands, kirkjuráð, kirkjuþing og prestastefnu að stofnanir þjóðkirkjunnar fari þess á leit við helgisiðanefnd að gert verði ritúal um bæn og blessun fyrir samkynhneigt fólk sem staðfest hefur samvist sína.[79]

Einnig var lögð fram tillaga um að hugmynd um svokallað „festarband“ yrði könnuð, þ.e. að samkynhneigð pör gætu hlotið vígslu í kirkju og hvort hægt væri að nota slíkt orð um staðfesta samvist. Á sömu prestastefnu var tekist á um þann lið greinargerðar starfshóps þar sem hvatt var til að helgisiðanefnd yrði falið að undirbúa bæn og blessun fyrir samkynhneigt fólk sem staðfest hefur samvist sína. Loks var sameinast um samþykkt þar sem helgisiðanefnd var hvött til þess að kynna sér þá vinnu sem fram fer í systurkirkjum í nágrannalöndunum varðandi leiðbeiningar um fyrirbæn og blessun á staðfestri samvist samkynhneigðra og skyldi hún leggja fram álitsgerð á næstu prestastefnu og stuðla að fræðslu um málefni samkynhneigðra. Málið hefur ekki hlotið endanlegar lyktir en margvísleg umræða hefur þó farið fram um þessi mál innan vébanda kirkjunnar.

Í umræðunni um kirkjulegar vígslur samkynhneigðra hefur biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, nokkrum sinnum rætt afstöðu þjóðkirkjunnar á opinberum vettvangi en þau sjónarmið koma einnig fram í hirðisbréfi biskups árið 2001. Var það var í fyrsta sinn á Íslandi sem biskup ræddi málefni samkynhneigðra í stefnuriti sínu. Um leið og hann tekur fram að engum verði synjað um blessun og fyrirbæn fyrir altari þjóðkirkjunnar og hvetur til umburðarlyndis og virðingar fyrir manngildinu tekur hann fram að staðfest samvist sé skráð sambúð en ekki hjónaband:

> Hjónavígsla er annað og meira en staðfesting á ást og sambúð einstaklinga, það á sér forsendu í gagnkvæmni kynjanna. Rökin fyrir atbeina kirkjunnar að hjónavígslu eru

---

77 Samkynhneigð og kirkja. Greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju sem skipuð var af kirkjuráði og biskupi Íslands 1997, bls. 181–182.

78 Samkynhneigð og kirkja. Greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju sem skipuð var af kirkjuráði og biskupi Íslands 1997, bls. 182–183.

79 Samkynhneigð og kirkja. Greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju sem skipuð var af kirkjuráði og biskupi Íslands 1997, bls. 183.

> orð Biblíunnar að Guð skapaði manninn í sinni mynd, hann skapaði þau karl og konu og Guð blessaði þau. Hjónavígsla kirkjunnar í opinberu ritúali, táknmál hennar og atferli byggir á þessu, á gagnkvæmni kynjanna. En þeim sem leita fyrirbænar kirkjunnar og blessunar Guðs yfir samlíf sitt og heimili er ekki vísað á bug, hvert svo sem sambúðarform heimilisfólksins er.[80]

Á síðustu árum hafa ýmsir prestar lýst þeirri afstöðu sinni opinberlega að kirkjunni beri að taka formlega ákvörðun um blessun staðfestrar samvistar samkynhneigðra enda sé það í anda jafnræðis og mannréttinda sem þjóðkirkjunni beri að virða. Það jákvæða viðhorf sem ýmsir þjónar þjóðkirkjunnar hafa sýnt, jafnvel með því að játa breytt viðhorf sín, á ekki síst rætur í auknum sýnileika samkynhneigðra í þjóðfélaginu og framlagi þeirra til umræðunnar.[81]

Nefndin leitaði eftir upplýsingum frá biskupi Íslands varðandi afstöðu þjóðkirkjunnar til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra og hvort breytingar væru þar fyrirsjáanlegar. Í svarbréfi biskups Íslands til nefndarinnar frá 12. janúar 2004 kemur fram að íslenska þjóðkirkjan sé ekki tilbúin að vígja samkynhneigð pör sem hjón og ekki sé hægt að svara því hvort og hvenær það yrði gert. Bent er á að samkynhneigðir séu velkomnir í samfélag kirkjunnar og njóti allra réttinda á vettvangi hennar. Þjóðkirkjan hafi fagnað lögum um staðfesta samvist sem mikilsverðri réttarbót og margir þjóðkirkjuprestar hafi blessað samkynhneigð pör í sérstakri fyrirbænaathöfn en ekki væri litið á slíka athöfn sem vígslu. Segir síðan í bréfinu:

> Þjóðkirkjan hefur þó ekki viðurkennt staðfesta samvist sem hjónaband. Hér er íslenska þjóðkirkjan samstíga þeim kirkjum sem hún er í samstarfi við austan hafs og vestan og fylgist náið með þeim umræðum sem þar eiga sér stað. Þar eru miklar umræður og deilur um þessi mál en formlega hefur engin nágrannakirknanna vígt samkynhneigða sem hjón. Fyrir því eru guðfræðileg rök og ástæður er snerta biblíuskilning og grundvöll kenninga kirkjunnar.

Á prestastefnu í apríl 2004 lýsti biskup Íslands því yfir að samkynhneigð væri meðal þess sem hugað væri að við endurskoðun á fjölskyldustefnu þjóðkirkjunnar sem nú væri hafin. Einnig lýsti hann því að starfshópur um málefni samkynhneigðra innan þjóðkirkjunnar hefði verið skipaður og mundi hann vinna í tengslum við endurskoðun fjölskyldustefnunnar. Þá hefur biskup látið prestum, sem eftir hafa leitað í té form fyrir fyrirbæna- og blessunarathöfn yfir samvist samkynhneigðra. Það er þó ekki opinbert ritúal og ekki hjónavígsla, heldur markaður staður á vettvangi sálgæslu og því getur hver og einn átt við samvisku sína að standa að slíkri athöfn eða ekki.[82]

Allmargir prestar hafa blessað samkynhneigð pör sem hafa staðfest samvist sína, bæði í kirkjum og heimahúsum. Stöku athafnir hafa jafnvel hlotið opinbera jákvæða athygli fjölmiðla og án efa haft áhrif á gildismat almennings og kirkjunnar þjóna. Í tali kirkjunnar manna kemur fram að engum sé neitað um blessun og að á blessun samkynhneigðra beri að

---

80 Karl Sigurbjörnsson: *Í birtu náðarinnar,* bls. 161.

81 Þess má geta að samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Gallup sem birtar voru í júní 2004 kom skýrt í ljós að mikill meiri hluti þjóðarinnar styður fjölskyldustofnun lesbía og homma, en þar töldu rúmlega 87% þjóðarinnar að leyfa ætti samkynhneigðum að gifta sig. Þar af töldu 69% að samkynhneigðir ættu að eiga þess kost að gifta sig í kirkju.

82 Sjá umfjöllun í grein Morgunblaðsins 28. apríl 2004: „Samkynhneigðir eru velkomnir í samfélag þjóðkirkjunnar", bls. 4.

líta sem sálgæslu. Samkynhneigðir og stuðningsmenn þeirra gagnrýna þetta og benda á að sálgæslu sé eðli málsins samkvæmt oftast beint að manneskjum í einhvers konar kreppu mannlegrar tilvistar. Sú blessun, sem kristið samkynhneigt fólk sé að óska eftir á degi staðfestrar samvistar, sé ekki til handa krepptu fólki heldur þeim sem vilja finna fögnuði, styrk og góðri sannfæringu sinni yfirvegað og opinbert form.

7.5. Tillögur nefndarinnar.

Nefndin leggur til breytingar á ákvæðum 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, þannig að sérstakt skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar, þess efnis að a.m.k. annar einstaklinganna sé íslenskur ríkisborgari sem eigi fasta búsetu hér á landi, verði fellt niður. Þess í stað er lagt til að nægilegt sé að gera kröfu um að annar eða báðir einstaklingarnir eigi búsetu í landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist sem eru hliðstæð íslenskum lögum um sama efni. Með þessu verður hægt að tryggja að íslenskir ríkisborgarar geti gengið í staðfesta samvist hér á landi ef þeir kjósa svo en jafnframt er tryggt að samvistin hafi sambærileg réttaráhrif í búsetulandi þeirra.

Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að vinna að því að ná samstöðu um að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör. Slík afstöðubreyting er að mati nefndarinnar forsenda þess að unnt verði að fella niður það skilyrði laganna um staðfesta samvist að hún geti aðeins stofnast með borgaralegri vígslu. Nefndin hvetur til þess að við endurskoðun á fjölskyldustefnu þjóðkirkjunnar sem nú stendur yfir og í starfshópi innan kirkjunnar um málefni samkynhneigðra verði þetta mál skoðað ítarlega samhliða aukinni umræðu og fræðslu um málefni samkynhneigðra innan kirkjunnar.

8. KAFLI
RÉTTARSTAÐA SAMKYNHNEIGÐRA GAGNVART BÖRNUM

8.1. Sérreglur laganna um staðfesta samvist varðandi börn.

Í skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994 var, sem áður segir, vikið að því álitaefni hvort samkynhneigð pör í staðfestri samvist skyldu hafa rétt til þess að ættleiða börn eftir sömu reglum og giltu um hjón. Það varð niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að réttaráhrif íslensku laganna skyldu verða þau sömu um þessi atriði og í norrænni löggjöf, að réttarreglur um hjón skyldu ekki gilda um staðfesta samvist í tilvikum þar sem fjallað væri um börn. Í áliti meiri hlutans var þannig lagt til að samkynhneigðum yrði ekki heimilt að ættleiða börn né fara sameiginlega með forsjá barns annars þeirra. Tekið var fram að meðan skráð sambúð samkynhneigðra væri að festa sig í sessi sem viðurkennt sambúðarform í þjóðfélaginu væri rétt að fara hægt í sakirnar í þessu efni, meðal annars á grundvelli þess almenna sjónarmiðs að barni sé að jafnaði talið fyrir bestu að eiga sér bæði móður- og föðurímynd. Jafnframt var tekið fram að réttur samkynhneigðra foreldra til að ala upp sín eigin börn hafi ávallt verið óskoraður hér á landi og yrði það áfram. Minni hluti nefndarinnar var á öðru máli og lagði til fullan rétt samkynhneigðra para til ættleiðinga og til þess að hafa forsjá barna þannig að réttarstaðan yrði sú sama að öllu leyti eins og hjón ættu í hlut.[83]

Við setningu laganna um staðfesta samvist, nr. 87/1996, var í meginatriðum byggt á tillögum nefndarinnar og norrænu laganna varðandi sérreglur um staðfesta samvist og börn. Þannig var mælt fyrir um það í 1. mgr. 6. gr. laganna að ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjóvgun giltu ekki um staðfesta samvist. Sá veigamikli munur var þó á lögun-

---

[83] Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra, bls. 67 og 68.

um annars vegar og tillögum nefndarinnar og norrænni löggjöf hins vegar að einstaklingur í staðfestri samvist var ekki undanþeginn frá því að hafa sameiginlega forsjá með barni maka síns. Í athugasemdum með frumvarpinu var bent á að líta yrði til þess að sú aðstaða gæti auðveldlega verið fyrir hendi að samkynhneigður einstaklingur færi með forsjá barns síns þegar hann stofnaði til staðfestrar samvistar. Við þessar kringumstæður, þ.e. í sameiginlegu heimilishaldi einstaklinga í staðfestri samvist og barns annars þeirra, væri það eðlilegt og í samræmi við hagsmuni barnsins að regla 3. mgr. 30. gr. þágildandi barnalaga um lögbundna forsjá stjúpforeldris gilti með sama hætti og um hjúskap væri að ræða. Þannig gætu tveir einstaklingar í staðfestri samvist farið sameiginlega með forsjá barns annars þeirra og hvíldi því jöfn framfærsluskylda á þeim gagnvart barninu, sbr. 2. mgr. 9. gr. þágildandi barnalaga auk annarra forsjárskyldna. Réttaráhrif, sem bundin væru við stöðu stjúpforeldris gagnvart stjúpbarni í öðrum lögum, mundu gilda með sama hætti í þessari aðstöðu.[84] Með þessari tilhögun varð Ísland fyrst Norðurlanda til þess að fallast á forsjá samkynhneigðs stjúpforeldris með barni maka síns. Núgildandi reglur um forsjá við þessar aðstæður verða nánar reifaðar kafla í kafla 8.2. hér á eftir.

Með lögum nr. 52/2000 voru gerðar breytingar á 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist varðandi ættleiðingar samkynhneigðra. Eftir það er einstaklingi í staðfestri samvist heimilt að ættleiða barn hins sem hann hefur forsjá fyrir nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Verður nánar fjallað um þessar lagabreytingar og ættleiðingar samkynhneigðra í kafla 8.5. á eftir.

8.2. Forsjá.

Svo sem áður greinir varð Ísland fyrst Norðurlandanna til að viðurkenna rétt samkynhneigðs stjúpforeldris í staðfestri samvist til þess að fara með sameiginlega forsjá með barni. Viðurkenning laganna um staðfesta samvist um þetta atriði fólst í því að ekki var getið sérstakra undantekninga varðandi reglur þágildandi barnalaga, nr. 20/1992, um forsjá barna. Í 2. mgr. 30. gr. þeirra laga var mælt fyrir um að tæki ógift foreldri, sem færi með forsjá barns síns, upp sambúð eða gengi í hjúskap væri forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri. Þannig stofnaðist í raun sjálfkrafa til forsjár stjúpforeldris við þessar aðstæður og gilti það jafnt um hjúskap og staðfesta samvist sem forsjárforeldri barns stofnaði til.

Með nýjum barnalögum, nr. 76/2003, var þessari reglu um sjálfkrafa forsjá stjúpforeldris yfir barni breytt. Í 29. gr. laganna er fjallað um forsjármenn barns. Skv. 3. mgr. 29. gr. laganna fær nú stjúpforeldri eða sambúðarforeldri ekki forsjá barns maka síns eða sambúðarmaka er það gengur í hinn nýja hjúskap eða hefur búið í skráðri sambúð í eitt ár nema foreldri barnsins fari áður *eitt* með forsjá þess. Þetta þýðir að forsjárskipan barns breytist ekki ef kynforeldrar þess, sem fara sameiginlega með forsjá þess samkvæmt samningi, ganga í hjúskap eða taka upp sambúð með öðrum, eins og nú er, heldur fara foreldrarnir einir áfram sameiginlega með forsjána. Í skýringum með þessu nýja ákvæði barnalaganna er bent á að samkvæmt óbreyttri skipan geti forsjármenn barns orðið fjórir þegar svo háttar til en fullyrða megi að engin rök mæli með því að forsjármenn verði svo margir. Auk þessa nýja skilyrðis mælir 3. mgr. 29. gr. fyrir um að sambúðarmaki fái ekki forsjá barns nema *skráð sambúð hans og foreldris barnsins hafi staðið samfleytt í eitt ár* a.m.k. Hér er sett það skilyrði að sambúðin hafi verið tilkynnt þjóðskrá. Markmið þess að binda í lög að miða skuli við skráningu í þjóðskrá er að þannig dregur úr líkum á því að ágreiningur rísi um við hvaða

---

[84] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 2642.

tímamark skuli miða upphaf sambúðar en það getur haft verulega þýðingu að það tímamark sé skýrt. Þá er að auki gerð sú krafa að sambúð hafi staðið samfleytt í eitt ár til þess að sýnt sé fram á stöðugleika sambandsins. Má í þessu sambandi minna á að í ættleiðingarlögum eru gerðar strangari kröfur til lengdar sambúðar en hjúskapar við ákvörðun um ættleiðingu barns. Hér er sú leið farin að binda forsjá sambúðarforeldris fyrir barni við að sambúð þess og foreldris hafi staðið a.m.k. í eitt ár samfleytt.[85]

Breytingar á barnalögunum um að forsjá stjúpforeldris yfir barni maka stofnist ekki sjálfkrafa við hjúskap horfa eins við gagnvart staðfestri samvist og gilda því eftir sem áður sömu reglur á þessu sviði í báðum tilvikum. Hins vegar er vert að taka fram að nái tillögur nefndar þessarar fram að ganga, sem reifaðar voru í kafla 6.5. hér að framan og miða að því að samkynhneigð pör geti fengið sambúð sína skráða hjá Hagstofu Íslands, hverfur um leið sú mismunun, sem nú gildir, um réttarstöðu karls og konu í sambúð og samkynhneigðs pars að því varðar reglur um forsjá stjúpforeldris í sambúð.

8.3. Reglur um faðerni og móðerni barna.

Nýju barnalögin, nr. 76/2003, breyttu í ýmsum atriðum reglum eldri laga varðandi faðerni og móðerni barna. Eftir sem áður gildir þó meginreglan um ákvörðun faðernis barns sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laganna og nefnd hefur verið pater-est reglan. Hún felur það í sér í hnotskurn að eiginmaður eða sambúðarmaður móður skuli sjálfkrafa teljast faðir barns hennar. Þannig er litið svo á að löglíkur séu fyrir faðerni barns þegar móðir er í hjúskap eða sambúð skráðri hjá Hagstofu Íslands og því sé ekki þörf á sérstökum feðrunaraðgerðum þegar svo stendur á.

Reglur um það hvernig faðerni barna, sem fæðast í hjúskap, ákvarðast eiga ekki við um börn sem fæðast í staðfestri samvist tveggja kvenna. Í 2. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist er kveðið á um að lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæði þessu bætt inn í lögin með lögum nr. 52/2000 eins og rakið var í kafla 7.1. m.a. í því skyni að eyða óvissu um að samvistarmaki konu, sem fæddi barn í staðfestri samvist, gæti ekki talist „faðir" barnsins en þá ályktun mátti reyndar leiða af eðli máls.

Það nýmæli kom inn í barnalögin nr. 76/2003 í 1. gr. að kveðið er á um rétt barns til að þekkja báða foreldra sína og jafnframt er þar lögð afdráttarlaus skylda á móður til að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr. laganna eiga ekki við. Í skýringum við 1. gr. laganna er m.a. vísað til 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem leggur þá skyldu á aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma réttindum samkvæmt samningnum í framkvæmd, en í 7. gr. samningsins er kveðið á um rétt barns til að þekkja foreldra sína. Þótt ákvæði eldri barnalaga hafi gengið út frá því sem almennri reglu að barn væri feðrað felst ákveðin stefnumörkun í því að leggja lagalega skyldu á móður til þess að feðra barn því hingað til hefur ekki þótt rétt að taka það skref. Á síðari árum hafa sjónarmið í barnarétti hins vegar breyst mikið, ekki síst hefur vaxandi áhersla verið lögð á rétt barns til að þekkja báða foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og samvista við þau bæði.[86] Á hinn bóginn hefur ekki þótt rétt að taka upp sérstök viðurlög við því að feðra ekki barn og hefur verið bent á tvö atriði til stuðnings því. Annars vegar verður að hafa í huga að í barnalögunum eru tekin upp ný ákvæði um aðild í faðernismálum, þannig að manni, sem telur sig föður barns, er nú

---

[85] Alþt. 2002–2003, A-deild, bls. 917 (þskj.181).
[86] Alþt. 2002–2003, A-deild, bls. 893 og 900.

heimilað að höfða faðernismál fyrir dómstólum enda hafi barnið ekki verið feðrað. Í öðru lagi hafa þvingunarúrræði, eins og álagning dagsekta á móður sem neitar að feðra barn, ekki verið talin líkleg til að skila árangri eins og reynslan hefur t.d. sýnt í Danmörku.

Ákvæði barnalaganna taka á nokkrum álitaefnum sem geta skapast um móðerni og faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun. Í 5. gr. laganna er fjallað um móðerni barns við tæknifrjóvgun og mælt fyrir um að kona, sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun, teljist móðir þess. Markmið ákvæðisins er að taka af öll tvímæli um að ef notast er við gjafaeggfrumu við tæknifrjóvgun en ekki eggfrumur konu sem gengur með barn sé það engu að síður ávallt konan sem gengur með og elur barn sem telst móðir þess. Í 6. gr. laganna koma fram reglur um faðerni barns við tæknifrjóvgun. Skv. 1. mgr. telst maður, sem hefur samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu hans samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun, faðir barns sem þannig er getið. Sama á við um mann og konu sem hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá. Í 2. mgr. 6. gr. kemur fram að maður sem gefur sæði í þeim tilgangi að það verið notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu sinni eða sambúðarkonu samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun verði ekki dæmdur faðir barns sem getið er með sæði hans. Loks er í 3. mgr. 6. gr. kveðið á um að maður, sem hefur gefið sæði í öðrum tilgangi en greinir í 2. mgr., telst faðir barns sem getið er með sæði hans nema sæðið hafi verið notað án vitundar eða eftir andlát hans.

Af ákvæðum barnalaganna um móðerni og faðerni er ótvírætt að tvær konur í staðfestri samvist geta ekki báðar talist mæður í lagalegum skilningi barns sem önnur þeirra fæðir, heldur aðeins sú sem gengur með og elur barnið. Eins er ljóst að þar sem ákvæði tæknifrjóvgunarlaga gilda ekki um staðfesta samvist telst maður, sem hefur gefið sæði til konu í staðfestri samvist, lagalegur faðir barnsins, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna, og hvílir skylda á móðurinni skv. 1. gr. til þess að feðra barn sitt út frá þeirri meginreglu að barn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína. Samvistarmaki getur hins vegar ættleitt barn konu sinnar, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist eftir ákvæðum ættleiðingarlaga, nr. 130/1999, en um ættleiðingar verður nánar fjallað í kafla 8.5.

8.4. Fóstur.

Ráðstöfun barna í fóstur er mikilvægt barnaverndarúrræði sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til í tilvikum þar sem foreldrar barns eru ekki taldir færir um eða geta ekki af öðrum ástæðum farið með forsjá þess. Í XII. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2000, eru ákvæði um fóstur barna, við hvaða aðstæður gripið verði til þess úrræðis, um val á fósturforeldrum um fóstursamninga o.fl. Skv. 65. gr. laganna er með fóstri átt við að barnaverndarnefnd geti falið sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði. Ráðstöfun barns í fóstur getur átt sér stað við þrenns konar aðstæður. Í fyrsta lagi ef foreldrar, sem fara með forsjá barns afsala, sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur, í öðru lagi ef barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris, ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum og í þriðja lagi ef foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr. laganna. Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið, sbr. 2. mgr. 65. gr. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldum gagnvart barni lýkur samkvæmt lögum eða við 18 ára aldur þess en tímabundið fóstur, sem er algengara úrræði, er til ákveðins tíma í senn. Markmið fósturs samkvæmt barnaverndarlögunum er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Samkvæmt lögunum skal barni tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu voru alls 289 börn í fóstri á árinu 2003. Þar af voru 116 börn í tímabundnu fóstri og 173 börn í varanlegu fóstri. 44 börn fóru í tímabundið fóstur á árinu og 8 börn í varanlegt fóstur. Nokkuð hefur dregið úr notkun þessa úrræðis á undanförnum árum en skýringin hefur m.a. verið rakin til þess að fjölskyldur hafa fengið aukinn stuðning barnaverndaryfirvalda í erfiðum aðstæðum og meiri áhersla hefur verið lögð á að leita leiða til að börn geti verið áfram hjá foreldrum sínum í stað þess að ráðstafa þeim í fóstur.

Í 66. gr. barnaverndarlaganna kemur fram að þeir sem óska eftir því að taka barn í fóstur skuli beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur. Þá er tekið fram í 3. mgr. að félagsmálaráðherra setji reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í fóstur. Um ráðstöfun barna í fóstur gildir reglugerð nr. 532/1996. Hvorki í lögunum né í reglugerðinni er gerður áskilnaður um að fósturforeldrar skuli vera hjón eða karl eða kona í sambúð eða aðrar sérstakar kröfur t.d. varðandi aldur eða fjölskyldugerð. Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar segir að við mat á hæfni væntanlegra fósturforeldra skuli könnuð almenn atriði, svo sem hvaða væntingar og kröfur fósturforeldrar hafa um töku barns í fóstur, hverjar óskir þeirra eru um aldur barns, kyn þess o.s.frv. Jafnframt skulu heimilishagir og allar aðstæður væntanlegra fósturforeldra kannaðar. Um val á fósturforeldrum er fjallað í 67. gr. laganna og 6. gr. reglugerðarinnar. Barnaverndarnefnd, sem ráðstafar barni í fóstur, velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barnaverndarstofu. Nefndinni ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Henni ber að taka tillit til aðstæðna, hæfni og reynslu væntanlegra fósturforeldra og mats á því hversu heppilegir uppalendur þeir muni verða fyrir viðkomandi barn. Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili.

Ljóst er að lög og reglur um ráðstöfun barna í fóstur standa ekki í vegi fyrir því að samkynhneigt par í staðfestri samvist eða í sambúð geti beint umsókn um fóstur til Barnaverndarstofu og verði valið sem heppilegir fósturforeldrar. Við mat á hæfni umsækjenda sem uppalenda og við ákvörðun um val á fósturforeldrum er þannig einvörðungu litið til aðstæðna sem taldar eru viðkomandi barni fyrir bestu í hverju tilviki miðað við hagsmuni þess og þarfir. Það er ekkert sem útilokar að einhleypt fólk taki að sér barn og það gerist öðru hvoru. Stundum hefur verið um að ræða einstaklinga sem fyrir eru í sérstökum tengslum við barnið og því heppilegasta lausnin.[87] Þess eru dæmi að samkynhneigt par hafi sótt um að taka barn í fóstur og að gerður hafi verið fóstursamningur við tvær konur í staðfestri samvist á grundvelli barnaverndarlaga.[88]

---

87 Þess má geta að í undirbúningi er ný reglugerð um fóstur barna en drög að henni hafa verið send frá Barnaverndarstofu til félagsmálaráðuneytisins. Þar kemur fram að fósturforeldrar skuli vera í stakk búnir til þess að veita barni trygga umönnun og öryggi og til að mæta þörfum barns sem búið hefur við ótryggar aðstæður eða átt við erfiðleika að etja. Einnig segir að fósturforeldrar þurfi að vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika auk fjárhagslegs og félagslegs öryggis sem stuðlað getur að jákvæðum þroskamöguleikum barns. Samkvæmt þessu er ekki skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi en hjón eða sambúðarfólk skulu þó sækja um leyfi saman.

88 Frásögn af reynslu samkynhneigðs pars sem gerðist fósturforeldrar má sjá í greininni: „Þá gerðist undrið. Fósturmæður Magnúsar segja frá", bls. 133–147, í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf.* Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

8.5. Ættleiðingar.

8.5.1. Þróun lagareglna um ættleiðingar samkynhneigðra.

Um skilyrði ættleiðingar á börnum og önnur atriði sem varða ættleiðingar er fjallað í lögum nr. 130/1999. Skv. 1. gr. laganna veitir dómsmálaráðherra leyfi til ættleiðingar. Í 2. gr. laganna er kveðið á um hverjir geti verið ættleiðendur en það eru eftirfarandi:

- Hjón eða karl og kona, sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár, skulu bæði standa að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með eftirfarandi frávikum:
- Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.
- Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má og veita leyfi til ættleiðingar ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo háttað að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar.
- Heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.

Í skýringum með 2. gr. frumvarpsins til laga um ættleiðingar er vísað til 1. mgr. 6. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, þar sem fram kemur að þeim samkynja einstaklingum sem lögin tækju til væri ekki heimilt að ættleiða barn saman. Var tekið fram að umboð sifjalaganefndar, sem samdi frumvarpið til ættleiðingarlaga, næði ekki til þess að endurskoða þessa skipan, en dómsmálaráðuneytið teldi eðlilegast að um hana yrði fjallað í norrænu lagasamstarfi.[89]

Auk reglna um ættleiðendur eru þau almennu skilyrði sett í 4. gr. laga um ættleiðingar að ekki megi veita leyfi til ættleiðingar nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu. Í lögunum eru ítarlegar reglur, m.a. um meðferð umsókna um ættleiðingu og úrlausn ættleiðingarmála, réttaráhrif ættleiðingar og um rétt kjörbarns til upplýsinga.

Sú stefna var tekin við setningu laga um staðfesta samvist hér á landi og sambærilegra laga á Norðurlöndum að láta réttarreglur ættleiðingarlaga um hjón ekki gilda um staðfesta samvist. Var því mælt fyrir um í 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist að ákvæði ættleiðingarlaga giltu ekki um staðfesta samvist. Ýmsar breytingar hafa orðið á norrænni löggjöf á þessu sviði, þær veigamestu eru lög sem sett voru í Svíþjóð árið 2002 þar sem allar takmarkanir á rétti samkynhneigðra til ættleiðingar voru afnumdar. Ráðist var í þessar breytingar á grundvelli tillagna stjórnskipaðrar nefndar sem rannsakaði ítarlega málefni samkynhneigðra og barna og skilaði niðurstöðum sínum á árinu 2001. Verður viðfangsefnum og niðurstöðum nefndarinnar nánar lýst í kafla 8.8. hér á eftir.[90]

Hér á landi, sem og í löggjöf Noregs og Danmerkur, hafa skilyrði til þess að samkynhneigðir ættleiði börn verið rýmkuð nokkuð frá 1996 þannig að einstaklingur í staðfestri samvist getur nú ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir, þ.e. stjúpbarn sitt, nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Var breyting þessa efnis gerð á 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist með lögum nr. 52/2000. Upprunalegt markmið frumvarpsins til breytingalaganna var að rýmka skilyrði til að stofna til staðfestrar samvistar sem lutu að búsetu og

---

[89] Alþt. 1999–2000, A-deild, bls. 658, og Alþt. 1998–1999, bls. 2838.

[90] SOU 2001:10. *Barn i homosexuella familjer. Betänkande av Kommittén om barn i homosexuella familjer.*

ríkisborgararétti og lýst var í kafla 7.2. Ákvæðið um heimild einstaklings í staðfestri samvist til stjúpættleiðinga bættist hins vegar við frumvarpið í meðförum þingnefndar. Sú breyting og ástæður þess að kjörbörn frá öðrum löndum eru undanþegin er lítt rökstutt í áliti nefndarinnar. Í umræðum á Alþingi um frumvarpið kom þó fram að fyrirmynd að þessari skipan væri sótt til danskrar lagabreytingar um sama efni. Þar hefði þótt nauðsynlegt að gera þessa undantekningu varðandi börn sem ættleidd hefðu verið frá öðrum ríkjum til að spilla ekki þeim tengslum sem hefðu myndast milli Danmerkur og þeirra landa sem erlend kjörbörn kæmu frá en ekkert þeirra landa samþykkti að fólk í staðfestri samvist ættleiddi börn þaðan.[91]

8.5.2. Fjöldi ættleiðinga á Íslandi.

Á töflu á næstu blaðsíðu má sjá nákvæmar tölulegar upplýsingar frá dómsmálaráðuneytinu um fjölda ættleiðinga á árunum 1981–2003, þar sem koma fram tegundir ættleiðinga og ríki sem erlend kjörbörn koma frá. Eftir að ættleiðingar erlendra barna tóku að tíðkast að ráði hefur ættleiðingum barna verið skipt í þrjá flokka: ættleiðingar stjúpbarna, þ.e. þar sem stjúpforeldri ættleiðir barn maka síns, frumættleiðingar íslenskra barna og frumættleiðingar erlendra barna. Byggist taflan, sem fer hér á eftir, á þessari greiningu.

Ættleiðingar á Íslandi 1981–2003.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Alls
Ísland – stjúpföður	34	32	42	25	31	26	14	16	26	5	17	26	21	18	10	15	17	17	18	15	20	10	17	472
Ísland – stjúpmóður					1						1		1	2							1	2		8
Samtals stjúpætt.	**34**	**32**	**42**	**25**	**32**	**26**	**14**	**16**	**26**	**5**	**18**	**26**	**22**	**20**	**10**	**15**	**17**	**17**	**18**	**15**	**21**	**12**	**17**	**480**
Ísland – fósturfor.	17	15	14	9	14	8	12	13	6	6	5	10	6	6	5	14	8	6	6	6	4	2	4	196
Samtals ættl. Ísl.	**51**	**47**	**56**	**34**	**46**	**34**	**26**	**29**	**32**	**11**	**23**	**36**	**28**	**26**	**15**	**29**	**25**	**23**	**24**	**21**	**25**	**14**	**21**	**676**
Afríka					2											1		1						4
Asíuríkin	2					3																		5
Búlgaria																		1						1
Kosta Ríka										1														1
Eistland																	1	1						2
Evrópulönd		1			1					1						1								4
Filippseyjar							1							1										2
Grænh.eyjar													1											1
Gvatemala	6	6	3	1	2		3		1							1								23
Indland								6	19	10	5	3	5	3	7	7	7	7	10	12	22	9	6	138
Indónesía	2	27	25	4																				58

[91] Alþt. 1999–2000, B-deild, bls. 5258.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Alls
Japan															2									2
Kasakstan																		2						2
Kína																						10	17	27
Kólumbía	1	2	2			1	1		1	1			2	2	1					3				17
Marokkó																				1				1
N-Ameríka				1																				1
Portúgal																		1						1
Rúmenía															1	1	1	2	7	5	2			19
Rússland											1		1						1					3
Sri Lanka					40	43	2																	85
S-Ameríka							4													1				5
Taíland														1		1				1	1	2		6
Tyrkland	2	3			1		1	1	2				1											11
Víetnam												1												1
Samtals erlendis	**11**	**40**	**32**	**5**	**43**	**51**	**10**	**8**	**23**	**11**	**8**	**4**	**10**	**6**	**12**	**10**	**10**	**13**	**22**	**22**	**25**	**21**	**23**	**420**
Samtals alls	**62**	**87**	**88**	**39**	**89**	**85**	**36**	**37**	**55**	**22**	**31**	**40**	**38**	**32**	**27**	**39**	**35**	**36**	**46**	**43**	**50**	**35**	**44**	**1096**

Í töflunni hér að framan um ættleiðingar kemur fram að heildarfjöldi þriggja flokka kjörbarna á tímabilinu 1981–2003 er eftirfarandi:

Ættleiðingar stjúpbarna	480
Frumættleiðingar íslenskra barna	196
Frumættleiðingar erlendra barna	420
Alls	**1096**

Af tölunum má sjá að meiri hluti ættleiðinga íslenskra barna á hverju ári eru stjúpættleiðingar eða á bilinu 15 til 21 ættleiðing árlega síðasta áratug. Hlutfall frumættleiðinga á íslenskum börnum á móti stjúpættleiðingum hefur enn lækkað síðustu ár. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu hefur stjúpættleiðing einstaklings í staðfestri samvist á barni maka tvisvar átt sér stað frá því breytingalög nr. 52/2000 tóku gildi í maí 2000, fyrri ættleiðingin var árið 2000 en sú síðari árið 2001 og er ein slík umsókn nú til meðferðar í ráðuneytinu.

Íslenskum börnum, sem ættleidd hafa verið með frumættleiðingu, hefur hins vegar fækkað nokkuð síðustu árin. Einnig er ljóst að í öllum tilvikum er um fósturbörn ættleiðenda að ræða, þ.e. börn sem hafa áður verið í fóstri hjá kjörforeldrum um lengri tíma, í flestum tilvikum samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar. Á síðustu sex árum má sjá að frumættleiðingar íslenskra fósturbarna eru á bilinu 2 til 6 árlega.

Í meiri hluta frumættleiðinga síðustu ár er um að ræða ættleiðingar á erlendum börnum. Fjöldi erlendra barna, sem ættleidd hafa verið, er þó nokkuð sveiflukenndur. Einstaka ár hafa börnin verið á bilinu 40 til 51 (1982, 1985 og 1986) en svo hefur þeim fækkað allt niður í 4 til 8 árin 1984, 1988, 1991, 1992 og 1994. Flest voru þau 51 árið 1986 en fæst fjögur árið

1992. Frá árinu 1999 hefur fjöldinn verið nokkuð stöðugur eða rúmlega 20 börn á hverju ári. Mestur fjöldi erlenda kjörbarna undanfarna áratugi hefur komið frá Asíulöndum, eða hátt í 400 börn, en nokkrar sveiflur verið á því frá hvaða ríkjum börnin koma. Þannig komu samanlagt 58 börn frá Indónesíu árin 1981 til 1984, 85 börn frá Sri Lanka árin 1985 til 1987 en á heildina litið hafa flest erlend kjörbörn á árabilinu 1981 til 2003 komið frá Indlandi eða alls 138 börn. Árin 2002 og 2003 komu öll erlend kjörbörn, 27 talsins frá Kína, en það tengist samvinnu um ættleiðingar sem íslensk og kínversk stjórnvöld hafa nýlega komið á.

8.5.3. Ættleiðingar erlendra barna.

Mikilvæg forsenda fyrir samvinnu íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld annarra ríkja um ættleiðingar erlendra barna var aðild Íslands að Haag-samningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.[92] Með ættleiðingarlögunum nr. 130/1999 voru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar til að undirbúa aðild Íslands að Haag-samningnum en fjallað er um ættleiðingar erlendra barna og framkvæmd samningsins í VI. kafla laganna. Markmið Haag-samningsins er að samræma þau skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda samningsríkja svo að ættleiðing milli landa megi fara fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Þannig er byggt á því að samvinna sé á milli þess ríkis þar sem barn á búsetu og þess ríkis þar sem umsækjendur um ættleiðingu eiga búsetu við meðferð ættleiðingarmála. Samningurinn kveður á um að samningsríki tilnefni miðstjórnvald og er dómsmálaráðuneytið miðstjórnvald hér á landi samkvæmt ættleiðingarlögunum. Ráðuneytið hefur þannig umsjón með því að þeim skyldum, sem samningsríki taka á sig, sé fullnægt. Það hefur einnig eftirlit og viðurkennir formlega ættleiðingarfélög sem hafa milligöngu um ættleiðingar milli landa.

Samkvæmt 34. gr. ættleiðingarlaganna getur dómsmálaráðuneytið löggilt félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis. Eitt slíkt félag hefur hlotið löggildingu, félagið „Íslensk ættleiðing". Félagið hefur starfað síðan 1978 og rekur skrifstofu í Reykjavík. Þangað geta allir snúið sér sem óska eftir upplýsingum um ættleiðingar erlendra barna. Hlutverk félagsins samkvæmt ættleiðingarlögunum felst í að hafa milligöngu um ættleiðingar við erlend stjórnvöld og önnur löggilt ættleiðingarfélög í heimalandi barna, miðlun upplýsinga til væntanlegra ættleiðenda og annað liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið. Samkvæmt reglugerð nr. 1010/2003, um ættleiðingar barna erlendis, er skylt að leita milligöngu um ættleiðingu barna erlendis hjá löggiltu ættleiðingarfélagi, nema ef sérstakar aðstæður mæla með ættleiðingu án milligöngu félagsins.

Sem stendur hefur Íslensk ættleiðing komið á samstarfi um ættleiðingar frá fjórum ríkjum; Indlandi, Kína, Kólumbíu og Taílandi. Frá árinu 2001 hefur sérstök áhersla verið lögð á ættleiðingar barna frá Kína en það samstarf byggist á samningi milli íslenskra og kínverskra stjórnvalda sem var gerður í júlí 2001. Þannig komu öll erlend kjörbörn á Íslandi síðustu tvö ár frá Kína, 10 árið 2002 og 17 árið 2003. Hefur samstarf við Kína gefið góða raun og er stefnt að áframhaldandi samstarfi um ættleiðingar við kínversk stjórnvöld.

Nefndin fékk á sinn fund nokkra sérfræðinga til umræðu um óskertan frumættleiðingarrétt samkynhneigðra para á erlendum kjörbörnum. Meðal þeirra voru Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri, sem fer með ættleiðingarmálefni í dómsmálaráðuneytinu, og fulltrúar Íslenskrar ættleiðingar, Lisa Yoder formaður og Guðrún Sveinsdóttir, starfsmaður félagsins. Í máli þeirra kom fram að stefna flestra ríkja, sem börn eru ættleidd frá sé að heimila ekki ættleiðingar á börnum

---

[92] Samningurinn birtist í C-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 3/2000 og tók gildi gagnvart Íslandi 1. maí 2000. Aðildarríki að samningnum eru 46 talsins.

þaðan til samkynhneigðra. Þar á meðal væru þau ríki sem samstarf hefði stofnast við fyrir milligöngu Íslenskrar ættleiðingar, Kína, Indland og Taíland, en stjórnvöld þessara ríkja setji beinlínis það skilyrði að ættleiðendur barna þaðan séu ekki samkynhneigðir. Í tilvikum þar sem um ræðir ættleiðingu einhleyps einstaklings á barni frá Kína þarf viðkomandi að gefa yfirlýsingu þess efnis að hann sé ekki samkynhneigður til þess að tryggja að ekki verði farið fram hjá þeim skilyrðum sem stjórnvöld þessara ríkja setja. Einnig væru ættleiðingum kínverskra barna til einhleypra sett takmörk og má fjöldi þeirra ekki fara yfir 8% heildarfjölda ættleiðinga. Í viðræðum við nefndina töldu fulltrúar ráðuneytisins og Íslenskrar ættleiðingar ekki tímabært að breyta íslenskum lögum í þá átt að fella niður takmarkanir á ættleiðingum samkynhneigðra á erlendum börnum á meðan þau ríki, sem Ísland á samvinnu við á þessu sviði, setja slík skilyrði. Jafnframt lýstu þær áhyggjum yfir því að slíkar lagabreytingar kynnu hugsanlega að hafa óheppileg áhrif á samstarf við þessi ríki sem fylgdust vel með því hvernig landslöggjöf um skilyrði ættleiðinga er háttað. Eftirspurn frá ríkjum heims um að ættleiða börn t.d. frá Kína væri mun meiri en framboð á börnum til ættleiðingar. Það væri mjög mikilvægt að viðhalda því góða samstarfi sem komist hefði á en það ætti sér langan aðdraganda og undirbúning. Enn sem komið er væri heimild til frumættleiðinga samkynhneigðra á erlendum börnum alger undantekning í ríkjum heims og væri ekki rétt að svo stöddu að Ísland tæki það skref. Eðlilegra væri að fylgjast með því hver yrði þróun mála að þessu leyti í Svíþjóð þar sem nýlega voru sett lög sem heimila fullan ættleiðingarrétt samkynhneigðra og kanna hvort slík lagasetning kynni að hafa áhrif á samstarf um ættleiðingar erlendra barna.

8.5.4. Staða erlendra kjörbarna á Íslandi.

Samkvæmt þeim tölulegu upplýsingum, sem birtar eru hér að framan, hafa alls 420 erlend börn verið ættleidd til Íslands á undanförnum 23 árum og fleiri fyrir þann tíma. Er því ljóst að nokkur fjöldi þessara barna er nú kominn á fullorðinsaldur. Engar rannsóknir hafa farið fram um það hvernig erlendum ættleiddum börnum hér á landi hefur vegnað í aðlögun við íslenskt samfélag. Meðal sérfræðinga, sem nefndin fékk á sinn fund til þess að ræða stöðu erlendra ættleiddra erlendra barna hér á landi, var Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, og Valgerður Baldursdóttir barnageðlæknir sem jafnframt á sæti í ættleiðingarnefnd skv. 17. gr. ættleiðingarlaga. Í máli Valgerðar kom m.a. fram að við ættleiðingu á erlendu barni ætti sér ávallt stað ákveðið tengslarof sem börnunum reyndist misjafnlega erfitt að vinna úr síðar á ævinni, en sálræn áhrif þess væru ótvíræð og kæmu fram hjá þeim öllum að einhverju leyti. Hún kvað þó misjafnt eftir því hversu sterkir einstaklingarnir væru hversu sýnileg þessi merki væru hjá þeim en hún kvað þessi aðskilnaðarsár einkennandi hjá ættleiddum börnum. Aðstæður kjörforeldra barnsins gætu skipt miklu máli um það hvernig börnum tækist að vinna sig í gegnum þetta en jafnvel við bestu aðstæður, sem barn fengi, hefði ættleiðingin áhrif á sálarlíf þess. Ýmsir álagsþættir gætu haft áhrif á ættleidd börn í þessu sambandi og gert þeim erfiðara fyrir, t.d. skilnaður foreldra. Þær aðstæður að barn ælist upp hjá samkynhneigðum foreldrum gætu hugsanlega verið einn álagsþáttur. Aukið álag í umhverfi barna hefði alltaf áhrif á möguleika þeirra á að vinna úr tengslarofi en ekki væri hægt að gera upp á milli tiltekinna álagsþátta í þessu sambandi.

Valgerður benti einnig á að bágbornar aðstæður, m.a. tilfinningaleg og félagsleg vanræksla, sem sum barnanna hafa búið við áður en þau eru ættleidd inn í nýja fjölskyldu, skipti miklu máli og geti haft afgerandi áhrif á persónuþroska þeirra síðar á ævinni. Í kjölfar fjölgunar barna, sem ættleidd eru hingað til lands frá öðrum ríkjum, hafi komið upp fleiri tilvik varðandi börn sem eru mjög illa stödd tilfinningalega og félagslega og hafi verið greind með svokallaðar tengslaraskanir. Meginreglan sé að eftir því sem börnin hafa lengur búið við bágar

aðstæður að þessu leyti því verr eru þau stödd tilfinningalega og félagslega. Afleiðingarnar geti verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinginn, fjölskylduna og samfélagið.

Í máli umboðsmanns barna kom fram að hún teldi mikilvægt að hafa í huga 21. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að við ættleiðingu skuli tryggja, eins og endranær þegar börn eiga í hlut, að fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu. Hún taldi einnig nauðsynlegt að leggja til grundvallar sjónarmiðið að börn eigi rétt á að eiga foreldra, eins og fram kemur í 7. gr. barnasamningsins, í stað þess að byggja á því að fullorðnir ættu rétt til að eignast börn. Hvað varðaði afstöðu til ættleiðinga samkynhneigðra á börnum sagði umboðsmaður barna að áður en ráðist yrði í lagabreytingar af einhverju tagi vildi hún sjá rannsóknir á þessu sviði en kannanir á högum kjörbarna og ættleiddra barna á Íslandi vantaði með öllu. Það að vera erlent ættleitt barn hér á landi væri ákveðið álag í lífi barns, það þyrfti að takast á við aðskilnað við kynforeldra sína og uppruna, auk þess að vera af öðrum þjóðernisuppruna og litarhætti eins og ætti við um nær öll börn sem ættleidd eru frá útlöndum. Hún teldi ljóst að erlend kjörbörn væru þegar ákveðinn minnihlutahópur hér á landi og jafnframt útsettari en ella fyrir ýmsum sálrænum vandamálum. Ættleiðing erlends barns af samkynhneigðu pari kynni að auka enn frekar á það álag sem leiddi af aðskilnaði við uppruna sinn. Hún greindi frá að umboðsmaður barna í Svíþjóð hefði komist að því að erlend ættleidd börn hefðu lent í einelti. Þetta væri ekki vísindaleg könnun heldur það sem umboðsmaður þar hefði merkt í störfum sínum. Umboðsmaður kvað brýnt að gera rannsókn á þeim börnum sem hefðu verið ættleidd hér á landi og ekki tímabært að íhuga breytingar á lögunum fyrr en ítarlegri upplýsingar um þessi mál lægju fyrir.

8.6. Tæknifrjóvgun.

Á síðasta áratug hefur tæknin gert kleift að koma á getnaði og þungun kvenna með læknisaðgerðum í tilvikum þar sem venjulegar aðferðir hafa ekki dugað og hefur árangur slíkrar meðferðar við barnleysi verið talsverður. Með orðinu tæknifrjóvgun er átt við tvær meginaðgerðir í þessu skyni, *tæknisæðingu* og *glasafrjóvgun*. Við tæknisæðingu á frjóvgun sér stað í líkama konunnar en við glasafrjóvgun verður frjóvgunin í frumuræktunarglasi. *Tæknisæðing* verður við það að sæði er komið fyrir, á annan hátt en með samförum, í eða nærri kynfærum konunnar. Ýmist er notað sæði eiginmanns eða sambýlismanns konunnar eða gjafasæði. *Glasafrjóvgun* verður við það þegar eggfruma er frjóvguð með sæðisfrumu í frumuræktunarglasi. Ýmsir möguleikar varðandi uppruna kynfrumnanna koma til greina við glasafrjóvgun. Unnt er að nota eggfrumu frá konunni sem síðan gengur með og elur barnið en sæði annaðhvort frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar eða frá sæðisgjafa. Einnig er hugsanlegt að egg sé fengið frá annarri konu en þeirri sem gengur með og elur barnið en sæðið annaðhvort frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar sem gengur með eða frá sæðisgjafa.[93]

Lög um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, voru þau fyrstu sinnar tegundar sem sett voru hér á landi. Áður giltu ólögfestar reglur á þessu sviði þar sem starfsemi tæknifrjóvgunardeildar hófst árið 1991 en tæknisæðingar höfðu þá verið framkvæmdar hér á landi allt frá 1980.[94] Eru lögin byggð á sambærilegum reglum sem giltu á Norðurlöndum en löggjöf á þessu sviði var sett þar um svipað leyti. Skv. 2. gr. laganna um tæknifrjóvgun má eingöngu framkvæma

---

[93] Nánari upplýsingar um tæknifrjóvganir og starfsemi tæknifrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss má m.a. finna í heftinu: Barnleysi – meðferð með tæknifrjóvgun.

[94] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 1401.

tæknifrjóvgun á heilbrigðisstofnun sem hefur fengið til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Skilyrði tæknifrjóvgunar eru rakin í 1. mgr. 3. gr. laganna og eru þau eftirfarandi:

a. konan, sem undirgengst aðgerðina, sé samvistum við karlmann, í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem staðið hafi samfellt í þrjú ár hið skemmsta og að þau hafi bæði samþykkt aðgerðina skriflega og við votta,
b. aldur parsins megi teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum,
c. andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar og
d. aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar.

Ákvæði tæknifrjóvgunarlaga heimila kynfrumugjöf til tæknifrjóvgunar. Með því er átt við að þriðji aðili getur gefið sæðisfrumur eða eggfrumur í tilvikum þar sem ekki er unnt að nota kynfrumur pars. Í 4. gr. laganna er mælt fyrir um að læknir, sem annist meðferð, skuli velja viðeigandi kynfrumugjafa. Jafnframt er tekið fram í 2. mgr. 4. gr. að kynfrumugjafi geti óskað eftir nafnleynd og er heilbrigðisstarfsfólki þá skylt að tryggja að hún verði virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur eða um barnið né veita parinu eða barninu upplýsingar um gjafann. Í 5. gr. laganna er tekið fram að tæknisæðingu með gjafasæði megi aðeins framkvæma að frjósemi karlmannsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis. Í 6. gr. laganna kemur fram að glasafrjóvgun með gjafakynfrumum megi því aðeins nota ef frjósemi karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra er haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Gjöf fósturvísa svo og staðgöngumæðrun er óheimil skv. 6. gr. laganna en með því síðarnefnda er átt við að tæknifrjóvgun sé framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Í greinargerð í frumvarpi til tæknifrjóvgunarlaga er lýst þeim tilgangi tæknifrjóvgunar að hjálpa barnlausu pari að eignast barn. Jafnframt er bent á að við það vakni ýmis siðferðileg álitaefni. Við setningu lagareglna á þessu sviði beri að líta á málið frá hinum ýmsu sjónarhornum og kunni þá mismunandi hagsmunir að rekast á. Meta verði hagsmuni barns þess sem til verður með þessum hætti, hagsmuni hins barnlausa pars og margvíslega þjóðfélagslega hagsmuni. Þyngst hljóti að vega hagsmunir barnsins og það að því verði tryggð þroskavænleg uppvaxtarskilyrði. Í greinargerðinni eru ýmis þessara álitaefna rædd nánar, m.a. hvort líta beri svo á að tæknifrjóvgunarmeðferðin skuli vera réttur þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og ef svo er ekki hvernig staðið skuli að ákvörðun um framkvæmd og þá hvaða kröfur beri að gera til þeirra einstaklinga er hlut eiga að máli. Eðlilegt sé að skipa reglum þannig að réttur konunnar eða parsins víki fyrir þeim hagsmunum er varða uppeldisaðstæður barnsins og þjóðfélagslegri stjórnun þessara mála. Þá er á það bent í greinargerðinni að í fljótu bragði mætti ætla að þversögn sé fólgin í því að gera kröfur til þeirra sem óska eftir að verða foreldrar við tæknifrjóvgun meðan engar kröfur eru gerðar til þeirra sem eignast barn með venjulegum hætti. Málið horfi hér þó á annan veg við þar sem gert er ráð fyrir að tæknifrjóvgun verði framkvæmd á heilbrigðisstofnun. Því sé eðlilegt að barninu verði tryggð þroskavænleg uppeldiskjör eftir því sem unnt er. Verði því einkum litið til þess að barnið skuli eiga þess kost að alast upp í skjóli bæði móður og föður, við lagalega og félagslega trygg kjör og að öðru leyti heppilegar uppeldisaðstæður.[95] Í greinargerðinni er vikið að því álitaefni hvort tækni-

[95] Alþt. 1995–1996, A-deild, bls. 1408.

frjóvgun með gjafasæði eigi rétt á sér og þá einkum hvort hægt sé að réttlæta nafnlausa kynfrumugjöf en þetta atriði var eitt umdeildasta atriði frumvarpsins og gagnrýnt af mörgum við meðferð þess á þingi. Voru helstu rök gegn tæknisæðingu með gjafasæði þau að barnið er ekki kynbarn eiginmanns eða sambýlismanns móður. Sú staðreynd geti orðið fólki erfið að horfast í augu við og skapað ýmsar tilfinningaflækjur í fjölskyldunni, þótt síðar verði. Einnig vegi þungt þörf barnsins til að þekkja uppruna sinn en með nafnleynd við kynfrumugjöf sé girt fyrir þann rétt. Bent er á að yfirgnæfandi líkur séu á að barn, sem getið er við tæknisæðingu með gjafasæði frá útlöndum, eigi þess engan kost að afla sér vitneskju um kynföður. Sá möguleiki er þó fyrir hendi ef sæði er flutt inn frá sæðisbanka í landi þar sem ekki ríkir nafnleynd gagnvart sæðisgjafa. Er bent á Svíþjóð í því sambandi, en Svíþjóð eitt Norðurlanda heimilar ekki nafnleynd kynfrumugjafa við tæknifrjóvgun eftir ákvæðum tæknifrjóvgunarlaganna.

Ljóst er skv. 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist að reglur tæknifrjóvgunarlaganna eiga ekki við um tvær konur í staðfestri samvist. Þannig getur kona í staðfestri samvist hvorki óskað eftir tæknisæðingu né glasafrjóvgun með gjafasæði og gildir sama regla að þessu leyti um einhleypar konur. Hefur þessi skipan staðið óbreytt frá setningu laganna um staðfesta samvist. Það sama er að segja um löggjöf í Noregi og Danmörku og samkvæmt upplýsingum, sem nefndin aflaði, eru ekki fyrirhugaðar lagabreytingar í þessum löndum á skilyrðum tæknifrjóvgunar. Í Svíþjóð eru nú til meðferðar tillögur sænsku nefndarinnar um samkynhneigða og börn um að slíkar takmarkanir á rétti lesbískra para verði felldar niður. Samhliða því eru til meðferðar í Svíþjóð tillögur nefndarinnar um lagabreytingar sem fela í sér að barn konu í staðfestri samvist, sem getið er með tæknifrjóvgun með gjafasæði, öðlist tvöfalt móðerni, en engan lagalegan kynföður og þar með engin lagaleg tengsl við sæðisgjafann.

Konur í staðfestri samvist og einhleypar konur hér á landi geta leitað sér aðstoðar erlendis til þess að fá tæknisæðingu með gjafasæði enda þekkist í ýmsum öðrum ríkjum að einkarekin sjúkrahús veiti slíka þjónustu og að slíkt sé ekki bannað í landslöggjöf viðkomandi ríkja. Sem dæmi má nefna að það hefur ekki verið talið brjóta gegn dönskum lögum að í einkarekinni starfsemi sé veitt þjónusta með tæknisæðingar með gjafasæði til lesbískra para en slík meðferð fer fram utan ramma tæknifrjóvgunarlaganna og án aðkomu læknis.[96] Einnig þekkjast dæmi þess hér á landi að tæknisæðingar hafi átt sér stað hjá lesbískum pörum með aðkomu þekkts sæðisgjafa og leitt hafa til getnaðar, án tilstillis læknis eða heilbrigðisstofnunar. Þegar sæðisgjafi er þekktur í tilvikum sem þessum, er hins vegar ljóst að hann telst faðir barns í lagalegu tilliti skv. 3. mgr. 6. gr. barnalaga, nr. 76/2003, enda fer ekki um sæðisgjöfina eftir ákvæðum laga um tæknifrjóvgun. Við þessar aðstæður getur maki í staðfestri samvist stjúpættleitt barn hins eftir ákvæðum ættleiðingarlaga, þó ekki fyrr en a.m.k. þrír mánuðir eru liðnir frá fæðingu barnsins sbr. 2. mgr. 8. gr. þeirra laga nema alveg sérstaklega hagi til. Með ættleiðingunni rofna öll lagatengsl barnsins við kynföður, sæðisgjafann, en stofnast að sama skapi milli barnsins og kjörforeldrisins og nýtur barnið þá almennt sömu réttarstöðu og það væri eigið barn kjörforeldrisins.

Nefndin fékk á sinni fund Þórð Óskarsson, yfirlækni á tæknifrjóvgunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, til þess að fá nánari upplýsingar um framkvæmd laganna um tæknifrjóvgun. Er tæknifrjóvgunardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss eina heilbrigðisstofnunin

---

[96] Sjá tímaritsviðtalið „Eitt barn, tvær mömmur“ þar sem rætt er við Guðlaugu Jónsdóttur og Guðrúnu Óskarsdóttur um klíník Nínu Stork í Danmörku þar sem konur geta, án tillits til hjúskaparstöðu eða kynhneigðar, fengið sæði frá nafnlausum sæðisgjöfum. Nýtt líf, apríl 2004, bls. 22–28.

hér á landi sem framkvæmir aðgerðir samkvæmt lögunum.[97] Í máli Þórðar kom fram að eggfrumugjöf er mjög sjaldgæf og mjög vandasamt er að koma við nafnleynd eggfrumugjafa. Það kemur til af því að ekki er hægt að frysta og geyma eggfrumur með sama hætti og sæðisfrumur og talsverð fyrirhöfn er fyrir konu að gefa egg. Egggjöf kallar á undanfarandi hormónameðferð gjafans, egg er tekið með læknisaðgerð auk þess sem frjóvgun eggsins verður að eiga sér stað mjög stuttu eftir töku þess. Öðru máli gegni um sæðisgjöf. Hægt er að frysta sæði og geyma jafnvel í nokkur ár. Þótt sæðisgjöf geti verið frá þekktum sæðisgjafa samkvæmt lögunum hafa ekki komið upp slík tilvik hjá tæknifrjóvgunardeildinni. Að sögn Þórðar hefur þar frá öndverðu, í tilvikum þar sem sæðisgjöf er annars vegar, verið notað sæði sem deildin fær frá dönskum sæðisbanka. Í öllum tilvikum er þar um nafnleynd sæðisgjafa að ræða en það eru skilyrði sem bankinn sjálfur setur. Jafnframt er tryggt að við meðferð og vörslu sæðis, sem kemur þaðan hefur sæðið verið rannsakað með tilliti til gæða og öryggis auk þess sem ákveðnar heilbrigðiskröfur eru gerðar til sæðisgjafanna. Að mati Þórðar þyrfti að koma á fót hjá tæknifrjóvgunardeildinni ákveðnu ferli við rannsókn og meðferð gjafasæðis með tilliti til ákveðinna öryggisatriða ef sæðisgjafi gæfi sig fram þar. Eru ekki uppi fyrirætlanir um að koma á fót íslenskum sæðisbanka í þessu skyni. Þá bendir hann á að verulega hafi dregið úr eftirspurn eftir gjafasæði frá danska sæðisbankanum á undanförnum árum. Ástæða þess er að með nýrri tækni, svokölluðum smásjárfrjóvgunum, hefur orðið gjörbreyting á möguleikum til þess að nota sæðisfrumur eiginmanns eða sambýlismanns til að frjóvga egg þrátt fyrir skerta frjósemi hans. Það er því nær eingöngu í tilvikum þar sem karlmaður í hjúskap eða sambúð framleiðir engar sæðisfrumur sem sæðisgjafar er þörf. Notkun gjafasæðis frá danska sæðisbankanum við tæknifrjóvgun var nokkuð algeng fram til ársins 1998. Eftir að smásjárfrjóvgunartæknin var tekin upp hefur þörfin minnkað verulega en í tæknifrjóvgunarmeðferðum er nú notast við gjafasæði í minna en fjórðungi tilvika.

Í máli Þórðar kom loks fram að nokkur dæmi eru um að lesbísk pör hafi leitað til tæknifrjóvgunardeildarinnar til að fá upplýsingar um möguleika á tæknifrjóvgun. Þeim hefur verið neitað um tæknifrjóvgun í ljósi skýrra skilyrða tæknifrjóvgunarlaganna fyrir slíkri læknismeðferð. Á hinn bóginn hafa konur í þessum tilvikum sem öðrum fengið ráðgjöf, til dæmis um viðeigandi lyfjameðferð ef um ræðir óreglulegt egglos eða önnur læknisfræðileg vandamál tengd frjósemi.

8.7. Rannsóknir um börn í samkynhneigðum fjölskyldum.

Erfitt er að áætla fjölda barna samkynhneigðra foreldra hér á landi enda liggur í augum uppi að engri skráningu er til að dreifa á fjölda þeirra. Árið 1999 reiknuðu háskólakennararnir Jón Torfi Jónasson og Rannveig Traustadóttir út hugsanlega fjölda samkynhneigðra með börn á framfæri sínu og tóku mið af þeim erlendu rannsóknum og aðferðum sem beitt er í félagsvísindum. Þau völdu tíðnihlutfall útreikninga sinna af mikilli varfærni og tók það mið af lægstu hlutfallstölum erlendra rannsókna. Í útreikningum háskólakennaranna var gert ráð fyrir að lesbíur væru 3% mannfjölda á Íslandi og hommar 5%.[98] Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu

---

[97] Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur nú veitt læknum á tæknifrjóvgunardeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss heimild til að starfrækja einkarekna heilbrigðisstofnun á þessu sviði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi til slíkrar starfsemi þegar þetta er ritað.

[98] Fræðimönnum ber þó ekki saman um fjölda samkynhneigðra og í erlendum heimildum má finna rannsóknir sem áætla fjölda lesbía milli 3% og 10% og fjölda homma um milli 4% og 15%. Sjá Rannveig Traustadóttir: „Hvað segja rannsóknir? Um samkynhneigða foreldra og börn þeirra", bls. 23 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

Íslands (1999) er 31% þjóðarinnar á aldrinum 20–39 ára, en á þeim aldri er algengast að fólk eigi börn. Miðað við erlendar rannsóknarniðurstöður um að 20% lesbía og 10% homma eigi börn þá eiga 250 íslenskar lesbíur börn. Með sömu forsendum eiga 208 íslenskir hommar börn. Ef gert er ráð fyrir því að hvert foreldri eigi eitt barn eiga íslenskar lesbíur og hommar samtals 458 börn. Ítrekað er að hér er um mjög varlega áætlun að ræða.[99]

Í umfjöllun um samkynhneigða og börn telur nefndin mikilvægt að líta til þess að á síðustu árum hafi ýmsar alþjóðlegar og innlendar rannsóknir verið gerðar varðandi fjölskyldulíf samkynhneigðra og um börn samkynhneigðra foreldra. Ítarlegustu samantektina, sem gerð hefur verið hér á landi á þessu sviði, er að finna í bókinni *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf* sem kom út á síðasta ári í ritstjórn Rannveigar Traustadóttur og Þorvaldar Kristinssonar. Í fyrri hluta bókarinnar er safn greina þar sem m.a. er ítarlega lýst ýmsum erlendum rannsóknum á fjölskyldum homma og lesbía og hæfni þeirra sem foreldra.[100] Fjallað er um mannréttindi og lagalega stöðu samkynhneigðra fjölskyldna og um börn samkynhneigðra.[101] Einnig eru birtar niðurstöður íslenskrar rannsóknar sem fólst í viðtölum við sex lesbíur og börn þeirra til að kanna reynslu þessara kvenna af samskiptum þeirra við upprunafjölskyldur sínar og hvernig þeim gekk að stofna eigin fjölskyldu.[102] Rætt er við og fjallað um reynslu lesbísks pars í staðfestri samvist um dóttur sem getin var með gjafasæði þar sem parið sjálft annaðist sæðingu.[103] Rætt er við tvo feður í staðfestri samvist um fjölskyldulíf þeirra og samskipti við börn sín af fyrri hjónaböndum.[104] Birtar eru niðurstöður rannsóknar sem fólst í viðtölum við fimm uppkomin börn samkynhneigðra á Íslandi um reynslu af því að alast upp hjá samkynhneigðum foreldrum[105] og loks er birt frásögn lesbísks pars af því hvernig þær fengu barni ráðstafað í fóstur fyrir milligöngu barnaverndaryfirvalda og um reynslu þeirra sem fósturforeldra.[106] Síðari hluti bókarinnar *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf* er helgaður umfjöllun um foreldra og aðstandendur samkynhneigðra. Þar er fjallað um samskipti samkynhneigðra við nánustu ástvini sína, einkum með tilliti til reynslu samkynhneigðra unglinga og foreldra þeirra.

Rit þetta gefur bæði gott yfirlit yfir margvíslegar erlendar rannsóknarniðurstöður varðandi samkynhneigða og börn auk þess sem þar kemur fram íslenskt sjónarhorn varðandi reynslu homma og lesbía af ríkjandi viðhorfum þjóðfélagsins gagnvart fjölskyldulífi samkynhneigðra hér landi. Hér á eftir verður reynt að draga saman nokkra meginþætti varðandi niðurstöður rannsókna um samkynhneigða foreldra og börn. Í úttekt Rannveigar Traustadóttur um erlendar rannsóknir á þessu sviði er lýst helstu fordómum sem birst hafa í gegnum tíðina gegn samkynhneigðum foreldrum, að þeir séu óhæfir foreldrar, að lesbíur séu ekki eins móðurlegar og aðrar konur, að samkynhneigðir séu geðveikir, að samband lesbía og homma við samkynja maka komi í veg fyrir að þau gefi sér tíma til að sinna barnauppeldi og að lífsstíll samkynhneigðra sé ósamrýmanlegur barnauppeldi og fjölskyldulífi. Auk þess hafi ýmsir óttast að börn skaðist af því að alast upp hjá samkynhneigðum, að kynímynd þeirra brenglist, að þau

---

99 Sama heimild, bls. 23.
100 Rannveig Traustadóttir: „Hvað segja rannsóknir? Um samkynhneigða foreldra og börn þeirra", bls. 17–46 í sama riti.
101 Hrefna Friðriksdóttir:„Leyfilegar og óleyfilegar fjölskyldur. Mannréttindi og lagaleg staða samkynhneigðra fjölskyldna", bls. 47–74 í sama riti.
102 Anna Einarsdóttir: „Aldrei hægt að lifa eðlilegu lífi. Lesbíur og fjölskyldulíf", bls. 75–96 í sama riti.
103 „Við erum fjölskylda", Anna Þór Auðunsdóttir og Hanna Rún Þór segja frá, bls. 97–106 í sama riti.
104 Felix Bergsson: „Hún á tvo pabba! Saga úr Vesturbænum", bls. 107–114 í sama riti.
105 Guðrún Rakel Brynjólfsdóttir: „Börn lesbía og homma", bls. 114–132 í sama riti.
106 „Þá gerðist undrið. Fósturmæður Magnúsar segja frá", bls. 133–147 í sama riti.

verði samkynhneigð, að persónuleikaþroski þeirra truflist, að þau verði fyrir aðkasti vegna kynhneigðar foreldranna, eigi erfiðara með að mynda félagstengsl við jafningja og að þau verði misnotuð kynferðislega.[107] Í grein Rannveigar er fjallað ítarlega um hvern þessara þátta, lýst niðurstöðum erlendra rannsókna um hvern þeirra og þeir bornir saman. Þar kemur m.a. fram að lesbíur búa við jafngóða geðheilsu og gagnkynhneigðar konur eða betri og ekki hefur tekist að sýna fram á nein sjúkleg einkenni sem tengist kynhneigð lesbía. Þá kemur í ljós við rannsóknir að enginn munur er á samböndum lesbía og gagnkynhneigðra para hvað gæði varðar og jafnframt að lesbíur sem eiga börn úr fyrri gagnkynhneigðum samböndum sýna þeim sömu ástúð og gagnkynhneigðar fráskildar mæður og báðir hópar sýna sama áhuga á uppeldi barnanna. Þá staðfesta engar rannsóknir að lesbíur takmarki aðgang barna sinna að karlmönnum sem fyrirmyndum eins og stundum er haldið fram en þær leiða hins vegar í ljós að lesbískar mæður telja karlfyrirmyndir mikilvægar fyrir börn sín. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að streita í fjölskyldum lesbía geti verið meiri en í fjölskyldum gagnkynhneigðra og stafi hún fyrst og fremst af fordómum og mismunun umhverfisins. Algengt er að fjölskyldur þeirra séu ekki viðurkenndar eða álitnar tímabundnar, sjúklegar eða tilviljanakenndar. Þessir fordómar geta komið frá stórfjölskyldum eða samfélaginu og hindra fólk oft í að viðurkenna lesbíur og börn þeirra sem fjölskyldur eða litið er á þau sem afbrigðilegar fjölskyldur.[108] Loks kemur fram í sumum rannsóknum að margar lesbíur helgi sig börnum sínum og láti þau ganga fyrir öllu öðru. Í stuttu máli sýna niðurstöður rannsókna að lesbíur séu ekki öðruvísi en aðrar mæður hvað varðar uppeldishætti og færni sem uppalendur, tengsl við börnin og í almennri framgöngu sem mæður.

Erlendar rannsóknir á hommum sem feðrum eru mun færri en þær sem hafa beinst að lesbíum sem mæðrum. Mun færri hommar fara með forsjá barna sinna en lesbíur. Niðurstöður rannsókna styðja á engan hátt að samkynhneigð dragi úr hæfni karla sem feðra. Þær sýna hins vegar að hommum og gagnkynhneigðum körlum svipi mjög saman sem feðrum hvað varðar uppeldisaðstæður, tilfinningatengsl, samskipti við börn sín og aðra helstu þætti föðurhlutverksins.[109]

Margar rannsóknir hafa beinst sérstaklega að börnum samkynhneigðra og þá einkum að því hvort þau skaðist á einhvern hátt við að alast upp hjá þeim, þrói t.d. með sér brenglaða kynímynd og að félagslegur og persónulegur þroski þeirra bíði skaða. Rannsóknir sýna hins vegar fram á að ekkert samband virðist vera á milli kynhneigðar foreldra og þróunar kynbundinnar sjálfsmyndar hjá börnum. Sama er að segja þegar borin hefur verið saman kynhlutverkahegðun barna lesbískra mæðra og gagnkynhneigðra mæðra en rannsóknir sýna að börn lesbía þrói sams konar kynhlutverkahegðun og börn gagnkynhneigðra. Margir hafa haft áhyggjur af því að börn lesbía og homma „smitist“ af samkynhneigð foreldra sinna og því hafa margar rannsóknir beinst að þessu atriði. Allar þessar rannsóknir sýna hins vegar fram á að yfirgnæfandi meiri hluti barna lesbía og homma lýsir sjálfum sér sem gagnkynhneigðum og yfirlit yfir þessar rannsóknir leiða í ljós að hlutfall samkynhneigðra er ekki hærra meðal

---

[107] Rannveig Traustadóttir: „Hvað segja rannsóknir? Um samkynhneigða foreldra og börn þeirra“, bls. 18 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

[108] Sama heimild, bls. 27–29. Í þessu sambandi má einnig benda á grein Önnu Einarsdóttur í sama riti: „Aldrei hægt að lifa eðlilegu lífi. Lesbíur og fjölskyldulíf“, bls. 75, sem fjallar um reynslu nokkurra lesbískra kvenna á Íslandi af samskiptum við upprunafjölskyldur sínar.

[109] Sama heimild bls. 35. Í þessu sambandi má einnig vísa til greinar Felix Bergssonar í sama riti: „Hún á tvo pabba! Saga úr Vesturbænum“, bls. 107, sem fjallar um reynslu samkynhneigðra feðra í staðfestri samvist, fjölskyldulíf og samskipti þeirra við börn sín.

afkomenda lesbía og homma en meðal afkomenda gagnkynhneigðra. Rannsóknir á öðrum persónuleikaþáttum barna lesbía og homma hafa beinst að fjölmörgum atriðum svo sem sjálfsmynd, geðheilsu, hegðunarerfiðleikum, siðgæðismati og greind. Ekki er óalgengt að fólk telji að börn, sem alast upp hjá lesbíum og hommum, séu líklegri til að eiga við ýmis geðræn vandamál að stríða en rannsóknir sýna hins vegar að svo er ekki en þær leiða frekar í ljós þann styrk barna samkynhneigðra að þau hafi frekar tilhneigingu til að vera umburðarlyndari gagnvart ólíkum samfélagshópum. Loks hefur verið kannað hvort samkynhneigð foreldra hafi hugsanleg áhrif á félagstengsl barna og hvort börn samkynhneigðra eigi erfiðara uppdráttar í félagahópnum vegna samkynhneigðar foreldranna. Rannsóknir sýna að þessi börn hafa góð félagstengsl við jafningja en þó kemur fram í rannsóknum, sem byggjast á viðtölum að sum þeirra hafa áhyggjur af neikvæðum viðhorfum til kynhneigðar foreldra.[110] Slík viðhorf koma einnig fram í íslenskri rannsókn sem byggðist á viðtölum við fimm uppkomin börn lesbía og homma um reynslu sína þar sem þau lýsa m.a. fordómum í samfélaginu gagnvart samkynhneigðum sem birtast í viðhorfum annars fólks. Þar kom fram að þótt fæst þeirra hefðu orðið fyrir fordómum með beinum hætti höfðu þau öll skynjað hræðsluna við að verða fyrir þeim. Tengsl þeirra við foreldra sína og aðra sem standa í svipuðum sporum hefðu hins vegar hjálpað þeim að skilja lífið. Þar af leiðandi hefði reynsla þeirra haft marga kosti í för með sér og dýpkað sýn þeirra á tilveruna.[111]

Loks hafa erlendar rannsóknir leitt í ljós að ótti við að börn homma og lesbía verði fremur misnotuð kynferðislega en börn gagnkynhneigðra á sér enga stoð. Þvert á móti gefi rannsóknir til kynna að síður sé hætta á að börn samkynhneigðra verði fyrir kynferðisofbeldi en samkvæmt rannsóknum er ljóst að meiri hluti gerenda í kynferðisbrotum gegn börnum eru gagnkynhneigðir karlmenn.[112]

Í niðurlagi umfjöllunar Rannveigar Traustadóttur eru dregnar saman rannsóknarniðurstöður um börn lesbía og homma. Er sú ályktun dregin að þær styðji ekki þá skoðun að börn samkynhneigðra séu öðruvísi en börn gagnkynhneigðra og að ekki sé unnt að spá fyrir um hvort uppeldi barnsins heppnist vel með því að vísa til kynhneigðar foreldranna. Óttinn við að börn skaðist á því að alast upp hjá samkynhneigðum sé því ástæðulaus.[113]

8.8. Rannsóknir og niðurstöður sænskrar nefndar um samkynhneigða og börn.

Snemma árs 1999 skipaði ríkisstjórn Svíþjóðar nefnd ellefu þingmanna úr öllum flokkum sænska þingsins, undir formennsku Görans Ewerlöf, dómstjóra, til að rannsaka málefni barna í samkynhneigðum fjölskyldum. Í nefndina voru einnig skipaðir til ráðgjafar 12 sérfræðingar en þeir komu m.a. frá dómsmála- og félagsmálaráðuneytum, umboðsmanni barna, félagsmálayfirvöldum, félaginu Barnaheill (Rädda barnen), lýðheilsustofnun, nefnd um erlendar ættleiðingar barna, umboðsmanni gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar og landssamtökum samkynhneigðra en auk þess sátu í nefndinni barnasálfræðingur og barnageðlæknir. Nefndinni var falið það verkefni að rannsaka og greina aðstæður barna í samkynhneigðum fjölskyldum og lýsa afstöðu sinni til þess hvort hægt væri að réttlæta þann greinarmun sem gerður væri á rétti gagnkynhneigðra og samkynhneigðra þannig að þeir síðarnefndu gætu ekki

---

[110] Sama heimild, bls. 36–38.
[111] Sjá í sama riti Guðrún Rakel Brynjólfsdóttir: „Börn lesbía og homma“, bls. 122.
[112] Rannveig Traustadóttir: „Hvað segja rannsóknir? Um samkynhneigða foreldra og börn þeirra“, bls. 39 í sama riti.
[113] Sama heimild bls. 41.

ættleitt eða farið með forsjá barna. Þá var nefndinni falið að kanna hvort veita ætti lesbískum pörum aðstoð á heilbrigðisstofnunum við að eignast börn með tæknisæðingum. Jafnframt var tekið fram að nefndinni bæri ávallt að byggja niðurstöður sínar á því sem hún teldi barni fyrir bestu. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í ítarlegri tveggja binda skýrslu þann 31. janúar 2001.[114]

Hefur nefndin um réttarstöðu samkynhneigðra kynnt sér vel fyrrgreindar niðurstöður sænsku nefndarinnar um börn og samkynhneigða og röksemdir á bak við þær enda er viðfangsefni beggja nefndanna að hluta til það sama. Er því vert að reifa í stórum dráttum hverjar voru niðurstöður sænsku nefndarinnar, einkum um ættleiðingar og tæknifrjóvgun, og hvernig hefur verið brugðist við tillögum hennar. Rétt er að geta þess að þegar sú nefnd tók til starfa var sænsk löggjöf varðandi samkynhneigða og börn að ýmsu leyti strangari en núgildandi íslensk löggjöf. Þannig var ekki heimilt samkvæmt sænskum lögum að einstaklingur í staðfestri samvist hefði sameiginlega forsjá með kynbarni maka síns eða stjúpættleiddi barn maka hins. Þá hefur sá munur verið frá öndverðu á sænskri og íslenskri löggjöf um tæknifrjóvgun að sæðisgjöf með nafnleynd sæðisgjafa er ekki heimil í Svíþjóð.

Sænska nefndin byggði niðurstöður sínar á meira en fjörutíu alþjóðlegum og innlendum rannsóknum um samkynhneigðar fjölskyldur og lét jafnframt fara fram ýmsar rannsóknir í Svíþjóð á þessu sviði. Þau börn samkynhneigðra, sem þessar rannsóknir beindust að, höfðu í flestum tilvikum fæðst í fyrra sambandi foreldris við maka af gagnstæðu kyni en eins og við er að búast eru ekki eru fyrirliggjandi neinar rannsóknir á börnum sem samkynhneigt par hefur frumættleitt. Markmið framangreindra rannsókna var að meta hvort og þá hvaða áhrif samkynhneigð foreldra hefði á líðan og uppvaxtarskilyrði barns, og var þá ekki gerður sérstakur greinarmunur á hópum sænskra barna og barna í öðrum ríkjum. Í þessum rannsóknum kom m.a. fram að enginn munur var á milli barna samkynhneigðra og gagnkynhneigðra foreldra að þessu leyti. Þó kemur þar fram að í sumum tilvikum hafa börn samkynhneigðra, einkum á fyrri hluta unglingsára, upplifað kynhneigð foreldra sinna sem félagslegt vandamál í samskiptum við jafnaldra sína. Jafnframt kemur þar fram að barn, sem nýtur ástar og stuðnings foreldra og er í góðu tilfinningasambandi við þá, er hins vegar vel búið til þess yfirvinna erfiðleika af þessu tagi að mati nefndarinnar.[115]

Ítarlega er fjallað um málefni ættleiddra barna í sænsku skýrslunni með sérstakri áherslu á börn sem hafa verið ættleidd frá erlendum ríkjum. Er bent á að öll frumættleidd börn þurfi að takast á við ákveðinn tilfinningalegan vanda vegna sambandsrofs við kynforeldra sína og höfnunar sem þeim finnst þau verða fyrir. Þetta geti gert sumum þeirra erfitt fyrir við að móta sjálfsmynd sína á unglingsárum. Börn, sem ættleidd hafi verið frá útlöndum, þurfi auk þess að takast á við það að „vera öðruvísi" vegna ólíks þjóðernisuppruna og oft litarháttar og vera jafnvel af umhverfi sínu álitin tilheyra hópi innflytjenda en ekki innfæddir Svíar sem eykur á vanda þeirra við mótun sjálfsmyndar og stuðlar að ákveðnum sálrænum erfiðleikum.[116] Hafa rannsóknir í Svíþjóð leitt í ljós að hærra hlutfall erlendra ættleiddra barna og unglinga þarf að leita sálfræðilegrar aðstoðar en gengur og gerist meðal annarra barna og unglinga í samfélaginu.[117] Á hinn bóginn bendir nefndin á að traust tilfinningasamband ættleiddra barna við

---

[114] Skýrslan *Barn i homosexuella familjer. Betänkande av Kommittén om barn i homosexuella familjer* er birt í SOU 2001:10, í hlutum A og B.

[115] SOU 2001:10: *Barn i homosexuella familjer. Betänkande av Kommittén om barn i homosexuella familjer* Del A, bls. 15.

[116] Sama heimild, bls. 140.

[117] Sama heimild, bls. 144.

kjörforeldra sína og ást og öryggi á heimilinu ráði úrslitum um möguleika á að yfirvinna slík vandamál í uppvextinum, án þess að kynhneigð foreldra komi þar við sögu.

Á vegum sænsku nefndarinnar var leitað upplýsinga hjá stjórnvöldum 25 ríkja í Asíu, S-Ameríku og A-Evrópu sem Svíþjóð hefur átt mesta samvinnu við undanfarin ár um erlendar ættleiðingar. Voru tvær spurningar lagðar fyrir stjórnvöld þessara ríkja: Í fyrsta lagi hvort þau gætu hugsað sér að gefa börn til ættleiðingar til samkynhneigðra og í öðru lagi hvort löggjöf, sem heimilaði slíkt í Svíþjóð, mundi hafa neikvæð áhrif á ættleiðingar frá þessum löndum til gagnkynhneigðra í Svíþjóð. Svör við fyrirspurninni bárust frá 17 ríkjum. Öll svöruðu þau því til að þau heimiluðu aðeins ættleiðingar til gagnkynhneigðra. Þá tóku sjö þeirra fram, Víetnam, Kólumbía, Indland, Búlgaría, Taíland, Filippseyjar og Ekvador, að sænsku lögin mundu ekki hafa neikvæð áhrif á ættleiðingar til gagnkynhneigðra hjóna. Eitt land, Eþíópía, tók fram að það mundi ekki hafa neikvæð áhrif á gagnkynhneigð pör en gæti haft neikvæð áhrif á ættleiðingar til einstaklinga. Eitt ríki, Lettland, kvað vissa hættu á að slík löggjöf mundi spilla fyrir möguleikum gagnkynhneigðra hjóna til að ættleiða.[118]

Það var niðurstaða meiri hluta sænsku nefndarinnar að ekki væru rök með því að gera greinarmun á rétti hjóna og para í staðfestri samvist til þess að ættleiða börn og skyldu allar takmarkanir gagnvart þeim síðarnefndu felldar niður úr lögum. Átti það jafnt við um stjúpættleiðingar sem frumættleiðingar og innlendar sem erlendar ættleiðingar. Um þessa niðurstöðu voru þó skiptar skoðanir í nefndinni en alls eru níu minnihlutaálit og sérálit birt í skýrslunni ásamt niðurstöðu meiri hlutans þar sem einstaka nefndarmenn vildu ganga skemmra í þessum efnum. Í því sambandi má benda á að helstu sérfræðingar nefndarinnar um málefni og réttindi barna, svo sem umboðsmaður barna í Svíþjóð, barnasálfræðingur og barnageðlæknir og fulltrúi Barnaheilla lýstu efasemdum sínum um að nægilega væri litið til hagsmuna barna og um túlkun meiri hlutans á ýmsum neikvæðum niðurstöðum rannsókna um annars vegar ættleidd börn og hins vegar um börn samkynhneigðra og féllust þau því ekki á að heimila frumættleiðingar samkynhneigðra.[119] Einnig voru í minni hluta þeir nefndarmenn sem unnu með nefndinni og voru sérfróðir um erlendar ættleiðingar, m.a. með vísan til þess að ekki hefði verið tekið nægilegt tillit til afdráttarlausrar afstöðu þeirra landa, sem Svíþjóð hefði helst samvinnu við um ættleiðingar, gegn ættleiðingum samkynhneigðra og hugsanleg áhrif á þá samvinnu.[120]

Hvað varðar tæknifrjóvganir, þá varð það tillaga sænsku nefndarinnar sem fjallaði um börn og samkynhneigða að samkynhneigðar konur í staðfestri samvist eða í sambúð skuli eiga rétt á tæknifrjóvgun á heilbrigðisstofnun. Til stuðnings þessari niðurstöðu er bent á það grundvallaratriði að barn eigi rétt á báðum foreldrum sínum. Með því að heimila sæðisgjöf til lesbískra para á heilbrigðisstofnun verði tryggt að barn geti ávallt fundið uppruna sinn þar sem upplýsingar um sæðisgjafa eru varðveittar og ekki er heimilt samkvæmt sænskum lögum að hann njóti nafnleyndar. Samhliða þessu gerði nefndin tillögur um breytingar á lagareglum um móðerni og faðerni þannig að barn, sem fæðist í staðfestri samvist tveggja kvenna, fái sjálfkrafa tvöfalt móðerni, í stað reglna sem kveða á um feðrun barna. Lögum hefur ekki verið breytt í samræmi við tillögur nefndarinnar um tæknifrjóvgun en þær eru nú til skoðunar hjá sænskum stjórnvöldum.

---

[118] Sama heimild, bls. 27.
[119] Sama heimild, bls. 426–427.
[120] Sama heimild, bls. 438 og 445.

8.9. Tillögur nefndarinnar.

8.9.1. Sameiginlegar tillögur nefndarinnar um ættleiðingar íslenskra barna.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist, nr. 87/1996, getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Í umfjöllun nefndarinnar um frumættleiðingar barna voru nefndarmenn þeirrar skoðunar að hafa yrði í huga þær sérstöku aðstæður sem uppi eru hér á landi. Leyfi til frumættleiðinga á börnum hér á landi eru í miklum meiri hluta tilvika vegna ættleiðingar kjörbarns frá öðru landi. Í þeim fáu tilvikum, þar sem um ræðir frumættleiðingu á íslensku barni, hefur hún átt sér stað að undangengnu fóstri samkvæmt reglum barnaverndarlaga eða annarri umsjá barns. Samkynhneigð pör hafa tekið börn í fóstur enda eru engar takmarkanir í íslenskum lögum eða reglum hvað það varðar.

Nefndin telur ekki rök standa til þess að lög girði fyrir rétt samkynhneigðra til þess að ættleiða barn við þessar aðstæður enda fer fram ítarleg könnun í slíkum tilvikum á grundvelli ættleiðingarlaga eins og í sambærilegum tilvikum þegar gagnkynhneigðir eiga í hlut og á því byggt að ættleiðingin sé viðkomandi barni fyrir bestu. Benda allar rannsóknir til þess að samkynhneigðir séu jafngóðir foreldrar og gagnkynhneigðir einstaklingar og jafnhæfir uppalendur. Má um það vísa til margvíslegra rannsókna sem gerðar hafa verið varðandi börn sem alast upp með samkynhneigðum foreldrum sem styðja þá niðurstöðu. Að ættleiðing verði gerð samkynhneigðum möguleg sem framhald af fóstri eins og í öðrum tilvikum þar sem börn eru í fóstri undirstrikar vilja löggjafans til að tryggja þessum börnum fyllsta öryggi. Nefndin leggur því til að frumættleiðingar á íslenskum börnum verði heimilaðar jafnt gagnkynhneigðum og samkynhneigðum pörum og viðeigandi orðalagsbreytingar verði gerðar í því skyni á 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

8.9.2. Tillögur þriggja nefndarmanna varðandi ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir.

Nefndarmenn náðu ekki samstöðu um þá þætti tillagnanna sem varða ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir og skiptist nefndin í tvo jafnstóra hluta um þau atriði. Hér á eftir fara tillögur formanns nefndarinnar, fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis en í kafla 8.9.3. eru raktar tillögur fulltrúa félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Samtakanna 78.

8.9.2.1. Ættleiðingar erlendra barna.

Á undanförnum tveimur áratugum hefur frumættleiðingum á börnum frá Asíulöndum til Íslands fjölgað verulega en þessi ríki fallast ekki á ættleiðingar samkynhneigðra. Hátt í 400 börn hafa verið ættleidd frá löndum í Asíu og Suður-Ameríku frá 1981, flest frá Indlandi, Sri Lanka, Indónesíu og Kína. Á næstu árum stefnir í að ættleiddum börnum frá Kína fjölgi mjög vegna sérstaks samnings milli stjórnvalda þess efnis en af hálfu kínverskra stjórnvalda er sett skilyrði um að barn verði ekki ættleitt til samkynhneigðra para eða einstaklinga. Þótt deila megi um réttmæti slíkra skilyrða verður að hafa í huga að viðhorf gagnvart samkynhneigð í þessum ríkjum eru enn sem komið er mjög ólík því sem hér þekkist og eru jafnframt afdráttarlaus. Er því ljóst að samkynhneigðum pörum mundi enn sem komið er ekki nýtast sú leið sem íslenskar reglur ráðgera, að erlend ættleiðing eigi sér stað fyrir milligöngu ættleiðingarfélags gagnvart þeim ríkjum sem samvinna er við um ættleiðingar.

Engar rannsóknir hafa farið fram um það hvernig erlendum kjörbörnum vegnar hér á landi, hvernig þau hafa aðlagast umhverfi sínu og upplifað tengslarof við heimaland sitt og uppruna. Samkvæmt erlendum rannsóknum sem nefndin kannaði og áliti sérfræðinga, sem komu á fund

nefndarinnar, er ljóst að ættleiðing kjörbarna frá öðrum löndum hefur í för með sér allmikið sálrænt álag fyrir börn sem þeim gengur misjafnlega að vinna úr jafnvel þótt þau njóti bestu aðstæðna á heimili, stuðnings og trausts tilfinningasambands við kjörforeldra. Í þessu sambandi má einnig benda á að helstu sérfræðingar um málefni og réttindi barna, sem unnu með sænsku nefndinni um börn og samkynhneigða, lýstu efasemdum sínum um að nægilega væri litið til hagsmuna barna í þessu sambandi. Þeir féllust ekki á að heimila frumættleiðingar til samkynhneigðra og töldu að of lítið væri gert úr niðurstöðum rannsókna á börnum samkynhneigðra sem leiddu í ljós ákveðin félagsleg vandamál þeirra á unglingsárum vegna samkynhneigðar foreldra. Einnig mæltu sérfræðingar sænsku nefndarinnar um alþjóðlegar ættleiðingar gegn því að samkynhneigðum yrðu heimilaðar ættleiðingar erlendra barna, einkum með vísan til þess að litið væri fram hjá hættu á því að samstarf um erlendar ættleiðingar spilltist af þessum sökum. Lýstu sérfræðingar, sem nefndin um réttarstöðu samkynhneigðra ræddi við um þetta atriði, sömu áhyggjum og töldu ekki tímabært að breyta lögum að þessu leyti.

Út frá þessum tvíþættu sjónarmiðum; ákveðinnar óvissu um sálræna líðan erlendra ættleiddra barna hér á landi og áhrif ýmissa álagsþátta og að varasamt sé að stefna í hættu árangursríkri samvinnu sem komist hefur á síðustu ár við kínversk stjórnvöld um ættleiðingar telja þrír nefndarmenn ekki rétt að heimila ættleiðingar samkynhneigðra para á erlendum börnum að svo stöddu. Á grundvelli tillagna meiri hluta sænsku nefndarinnar um málefni samkynhneigðra og barna sem lýst var að framan hefur Svíþjóð nú eitt Norðurlandanna veitt samkynhneigðum fullan rétt til frumættleiðinga á börnum, en lög þess efnis tóku gildi 1. febrúar 2002. Nefndarmennirnir þrír telja rétt að fylgjast náið með reynslunni af þeirri löggjöf m.a. um áhrif löggjafarinnar gagnvart þeim erlendu ríkjum sem ættleitt er frá, með það í huga að fallið verði frá takmörkunum á rétti samkynhneigðra til frumættleiðinga erlendra barna.

8.9.2.2. Tæknifrjóvganir.

Hvað varðar rétt lesbískra para til tæknifrjóvgunar eru formaður, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis þeirrar skoðunar að sjónarmið hafi ekki breyst í svo veigamiklum atriðum frá setningu tæknifrjóvgunarlaga, nr. 55/1996, að fallið verði frá skilyrði laganna um að kona, sem undirgengst tæknifrjóvgunaraðgerð, sé í hjúskap eða sambúð með karli og að tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum eigi sér stað vegna skertrar frjósemi parsins. Mikilvægt er að gera greinarmun annars vegar á börnum sem þegar eru fædd og þarfnast foreldra sem geta ættleitt þau og hins vegar börnum sem verða til með tæknilegri aðstoð opinberrar heilbrigðisstofnunar. Tæknifrjóvgunarlögin byggjast á skilyrðum fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð í samræmi við það sem gildir í Danmörku og Noregi. Skilyrðin stefna að því markmiði að tryggja eftir því sem kostur er hagsmuni barns sem fæðist eftir getnað með tæknifrjóvgunarmeðferð þegar aðrar leiðir hjóna eða karls og konu í sambúð til að eignast barn hafa brugðist. Hefur skilyrðið um að eingöngu gagnkynhneigð pör eigi aðgang að þessari meðferð verið reist á því viðhorfi að þeir hagsmunir barnsins vegi þyngra að það eigi rétt til að alast upp bæði með móður og föður frekar en að um ræði sjálfstæðan rétt einstaklings til þess að eignast barn. Með vísan til þessa sjónarmiðs hefur þannig ekki verið fallist á að einhleypar konur skuli eiga rétt til að gangast undir tæknifrjóvgun með gjafasæði. Þótt lesbísk pör stofni til þungunar með þekktum sæðisgjafa og einfaldri tæknisæðingu án aðkomu lækna eða heilbrigðisstofnana hefur ekki verið sýnt fram á að því fylgi meiri áhætta varðandi heilbrigði kynföður en almennt er til staðar við venjulegan getnað barns.

Nefndarmennirnir telja að það geti ekki réttlætt fráhvarf frá þessu sjónarmiði að börn fæðist í raunveruleikanum við margvíslegar aðstæður og að samkynhneigðar eða einhleypar konur geti fengið tæknifrjóvgun erlendis með eða án aðstoðar lækna eða annarra heilbrigðis-

starfsmanna. Sá grundvallarmunur er hér á að þegar barn verður til fyrir tilstilli heilbrigðisyfirvalda hér á landi með tæknifrjóvgun, þegar aðrar leiðir hafa brugðist, hvíli sérstaklega rík ábyrgð á þjóðfélaginu varðandi þær aðstæður sem barn fæðist í.

Þótt meiri hluti sænsku nefndarinnar, sem fjallaði um börn og samkynhneigða, hafi lagt til að lesbísk pör ættu rétt á tæknifrjóvgun ber að hafa í huga að Svíþjóð nýtur þeirrar sérstöðu meðal annarra Norðurlanda að ekki er heimilt að sæðisgjafar njóti nafnleyndar. Því voru það sérstök rök meiri hluta sænsku nefndarinnar með því að heimila tæknifrjóvgun til lesbísks pars að barnið, sem verður til við þær aðstæður, eigi alltaf möguleika á að fá upplýsingar um uppruna sinn. Mjög hefur dregið úr þörf á gjafasæði til notkunar við tæknifrjóvgun hér á landi vegna nýrrar tækni, smásjárfrjóvgunar, sem gerir kleift í langflestum tilvikum að notast við kynfrumur pars. Ætla verður að réttur lesbískra para til tæknifrjóvgunar mundi auka eftirspurn eftir nafnlausu gjafasæði og leiða til þess að fleiri börn fæddust hér á landi sem fyrir fram væru svipt böndum við líffræðilega feður sína og jafnframt meinaður aðgangur að upplýsingum um uppruna sinn.

8.9.3. Tillögur þriggja nefndarmanna varðandi ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir.

8.9.3.1. Ættleiðingar erlendra barna.

Fulltrúar félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Samtakanna '78 leggja til að samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist verði heimilt að ættleiða börn af erlendum uppruna til jafns við gagnkynhneigð pör enda sé ítarleg könnun á högum verðandi foreldra á grundvelli ættleiðingarlaga ávallt forsenda slíkra heimilda. Einnig benda þeir á að fullur ættleiðingarréttur samkynhneigðra í Svíþjóð hefur ekki skert möguleika annarra til að ættleiða börn af erlendum uppruna.

Það er staðreynd að börnum, sem hafa verið ættleidd frá öðrum ríkjum, er búið nokkurt sálrænt álag við það að tengsl þeirra við uppruna sinn eru rofin. Þessum börnum mætir nýr og framandi heimur og að auki eiga mörg þeirra að baki erfitt skeið eftir að þau komu í heiminn og þar til þau eignast nýja foreldra. Á þetta hafa sérfræðingar m.a. bent í viðræðum við nefndina. Nefndarmennirnir þrír telja þessar staðreyndir þó ekki haldbær rök gegn rétti samkynhneigðra til að ættleiða börn af erlendum uppruna því að slíkt feli í sér þá gefnu forsendu að samkynhneigðar fjölskyldur hljóti í eðli sínu að vera slíkt frávik að álagi valdi. Í máli sérfræðinga kemur fram að vellíðan og velgengni ættleiddra barna af erlendum uppruna markast umfram allt af *samanlögðum* álagsþáttum í lífi þeirra. Því telja nefndarmennirnir þrír að mat á álagsþáttum í fjölskyldu hljóti ætíð að taka mið af högum, aðstæðum og hæfni viðkomandi *einstaklinga*, ekki þjóðfélagshópa, þar sem niðurstaða slíkrar athugunar kunni að vera jákvæð eða neikvæð eftir atvikum.

Sú tegund fjölskyldugerðar, þar sem er að finna tvo samkynhneigða foreldra, verður æ algengari og sýnilegri. Hún hefur hins vegar ekki öðlast sama sýnileika og t.d. fjölskylda einstæðs foreldris enda langtum sjaldgæfari og kunna þessar staðreyndir að skýra að nokkru leyti þær efasemdir sem ríkt hafa til skamms tíma í garð samkynhneigðra um hæfni þeirra til að ala upp börn. Hins vegar benda rannsóknir á högum barna, sem alast upp með samkynhneigðum foreldrum, ekki til þess að þau búi við lakari þroskakosti en önnur börn.[121] Þær rannsóknir

---

[121] Guðrún Rakel Brynjólfsdóttir: „Börn lesbía og homma" og Rannveig Traustadóttir: „Hvað segja rannsóknir? Um samkynhneigða foreldra og börn þeirra" í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf.* Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

draga skýrt fram að öryggi og umhyggja foreldra sé það sem skipti sköpum fyrir hamingju þessara barna og að rætt sé opinskátt og feimnislaust um sérstöðu þeirra.

Að synja samkynhneigðum pörum um rétt til að ættleiða börn af erlendum uppruna, án tillits til persónulegs atgervis og aðstæðna í hverju tilviki, stríðir að mati nefndarmannanna þriggja gegn því sjónarmiði að ætíð skuli miðað við hvað barni sé fyrir bestu. Ef lög útiloka pör frá þeim möguleika að ættleiða börn af erlendum uppruna með því að vísa til kynhneigðar þeirra, kann það barn, sem þarf á nýjum foreldrum að halda, beinlínis að fara á mis við gott atlæti og bestu þroskakosti. Nefndarmennirnir ítreka að allt mat á uppeldishæfileikum foreldra hljóti hér sem endranær að taka mið af högum, aðstæðum og hæfni viðkomandi *einstaklinga* en ekki þjóðfélagshópa enda kunni niðurstaða slíkrar athugunar að vera jákvæð eða neikvæð eftir atvikum.

Nokkur erlend ríki hafa lýst því yfir að þau heimili ekki ættleiðingar til samkynhneigðra para. Nefndarmennirnir þrír telja að reglur annarra ríkja í þeim efnum verðskuldi fyllstu virðingu en að þær eigi ekki að hafa úrslitaáhrif á mótun íslenskrar löggjafar. Þeir vísa jafnframt til þess að tveimur árum eftir að sænsk lög heimiluðu samkynhneigðum að ættleiða börn af erlendum uppruna, hinn 1. febrúar 2002, finnist ekki dæmi þess að erlent ríki hafi séð ástæðu til að útiloka samstarf um ættleiðingar til gagnkynhneigðra þar í landi að því er embætti umboðsmanns samkynhneigðra í Svíþjóð upplýsir.[122]

Ljóst er að rannsóknir skortir enn á högum barna hér á landi sem hafa verið ættleidd frá öðrum ríkjum, og taka fulltrúar félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Samtakanna '78 undir þá skoðun umboðsmanns barna að brýnt sé að efla slíkar rannsóknir eftir megni enda geti slík þekkingaröflun skipt sköpum um velferð og hamingju ættleiddra barna af erlendum uppruna. Hins vegar leggja þeir áherslu á að þótt rannsóknir skorti sé ekki hægt að beita því sem rökum til að mismuna samkynhneigðum og gagnkynhneigðum í ættleiðingarefnum. Skortur á rannsóknum hljóti að hafa sömu áhrif á möguleika beggja þessara þjóðfélagshópa til ættleiðinga séu sjónarmið jafnræðis í heiðri höfð.

8.9.3.2. Tæknifrjóvganir.

Fulltrúar félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Samtakanna '78 leggja til að lesbískum pörum skuli heimilt að njóta aðstoðar við tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrastofnunum til jafns við gagnkynhneigð pör. Samkvæmt íslenskum lögum eiga gagnkynhneigð hjón eða pör, sem ekki geta eignast barn, kost á aðstoð til barneigna með tæknifrjóvgun. Löngun til að eignast barn er virt af löggjafanum og hún er forsenda umfangsmikilla aðgerða og lagasetninga. Löngunin til að ala upp barn er að mati löggjafans engu minna virði þótt manneskja þurfi aðstoðar við enda segir í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um tæknifrjóvgun árið 1995 að ekki þurfi „að orðlengja mikilvægi þess fyrir barnlaust fólk að hægt sé að veita því hjálp sem bætt getur úr barnleysi þess".[123] En löngun til barneigna takmarkast ekki við gagnkynhneigð pör. Því telja nefndarmennirnir þrír það stríða gegn viðteknum sjónarmiðum jafnræðis að meina lesbískum pörum um þann rétt til tæknifrjóvgunar á opinberum sjúkrastofnunum sem gagnkynhneigð pör njóta.

---

[122] Christine Gilljam, fulltrúi Homoumbudsmannen í Stokkhólmi, í bréfi 17.2.2004: „Jag har i mina kontakter med statens Nämnd för internationella adoptioner, NIA, inte uppfattat att den nya svenska lagstiftningen på något sätt ännu påverkat de svenska adoptionsorganisationernas arbete i ursprungsländerna."

[123] Alþt. 1995, A-deild, bls. 1406.

Ákveðinn grundvallarmunur er á stöðu þeirra barna sem ættleidd eru og þeirra sem verða til við tæknifrjóvgun. Í fyrra tilvikinu er verið að finna börnum í neyð öruggt athvarf og skjól en í hinu síðara er verið að stofna til lífs. Í báðum tilvikum getur faðerni barnanna verið óþekkt og óvíst hvort barnið geti nokkurn tíma fengið upplýsingar um hver faðir þess er. Nefndarmennirnir þrír telja að það eigi að vera meginregla að börn þekki uppruna sinn, sbr. 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003, en benda jafnframt á að gagnkynhneigð pör njóta réttar til tæknifrjóvgunar samkvæmt lögum, þ.m.t. réttar til að þiggja nafnlaust gjafasæði og engar breytingar eru boðaðar á þeim rétti. Á Íslandi er það sótt til Danmerkur þar sem nafnleynd ríkir um sæðisgjafa. Staða barna, sem yrðu til með slíkum hætti í sambandi tveggja kvenna, væri þá hin sama og barna gagnkynhneigðra hjóna sem verða til með sama hætti. Þó að nýjar tæknifrjóvgunaraðferðir við frjóvgun hafi á síðustu árum orðið til þess að gagnkynhneigð hjón og pör leita sjaldnar nafnlauss gjafasæðis en áður, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að leiðin er heimil gagnkynhneigðum pörum og hún tíðkast hér á landi. Að neita lesbískum pörum um rétt, sem gagnkynhneigðum er færður með vísun til þess að barn hafi ekki tök á að komast að faðerni sínu, telja nefndarmennirnir þrír ekki réttlætanlegt.

Að mati nefndarmannanna þriggja mælir það með rétti lesbískra para til að njóta aðstoðar við tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrastofnunum að lesbíur stofna gjarnan til þungunar með þekktum sæðisgjafa utan sjúkrastofnana þar sem lög meina læknum að aðstoða við slíkan getnað. Með því kann lífi og heilsu móður og væntanlegs barns hennar að vera stefnt í nokkra hættu. Þó að vilji til ábyrgðar sé fyrir hendi hvílir við slíkar aðstæður ekki formleg krafa á sæðisgjafa að hann gangi úr skugga um smithættu háskalegra sjúkdóma. Með heilbrigðiskröfum sjúkrastofnana er girt fyrir þennan áhættuþátt og mælir það með rétti viðkomandi kvenna til að leita framangreindrar þjónustu á opinberum sjúkrastofnunum.

Einnig benda nefndarmennirnir á að lesbísk pör á Íslandi geta leitað aðstoðar við tæknifrjóvgun á sjúkrastofnunum erlendis. Með því er konum mismunað vegna þess að þær sem þessa leið fara hafa tök á að velja hana í krafti efnahags og menntunar enda er leiðin kostnaðarsamari en sú sem gagnkynhneigðum pörum stendur til boða á íslenskum sjúkrastofnunum. Það ræðst því af félagslegri stöðu viðkomandi kvenna hvort þær geta mætt misréttinu, sem hér um ræðir, með öðrum úrræðum.

Um velferð barna, sem verða til við tæknifrjóvgun í samkynhneigðum samböndum, vísa nefndarmennirnir þrír til heildarniðurstaðna rannsókna sem til eru á börnum í samböndum samkynhneigðra. Þær sýna ekki marktækan mun á líðan þeirra hvort sem þau alast upp með samkynhneigðum eða gagnkynhneigðum foreldrum, heldur ræðst vellíðan barnanna einkum af því að rætt sé við þau opinskátt og feimnislaust um sérstöðu þeirra. Þá má ljóst vera að það álag, sem fylgir viðskilnaðarreynslu flestra ættleiddra barna, er ekki til staðar í lífi barna sem getin eru við tæknifrjóvgun. Einnig minna nefndarmennirnir á að kveðið er á um það í lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, að því aðeins megi aðstoða við tæknifrjóvgun að „andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar“ og „að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar“. Skv. 2. gr. laganna er heilbrigðisstofnun einnig skylt „að bjóða pörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð og væntanlegum sæðisgjöfum faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga“. Hér er því gert ráð fyrir mati sérfræðinga á högum foreldra og hæfni þeirra til barneigna í því skyni að tryggja verðandi börnum bestu þroskakosti. Réttur lesbískra para til að njóta aðstoðar við tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrastofnunum yrði því tvímælalaust til að styrkja andlega og félagslega velferð barna þeirra til jafns við börn gagnkynhneigðra sem verða til með svipuðum hætti.

9. KAFLI
LAGAÁKVÆÐI UM BANN VIÐ MISMUNUN

9.1. Gildandi lög sem veita vernd fyrir mismunun vegna samkynhneigðar og framkvæmd þeirra.

Nefndin hefur kannað gildandi löggjöf með verndarákvæðum gagnvart mismunun og er setningu nýrra lagaákvæða á því sviði á undanförnum árum nánar lýst í kafla 3.2.3. að framan. Engin almenn lög gilda um bann við mismunun en slíkt bann er að finna á ákveðnum sviðum löggjafarinnar auk almennra reglna um jafnræði fyrir lögunum og banns við mismunun í 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993. Í þessum síðarnefndu reglum er kynhneigð ekki meðal þeirra atriða sem talin eru og bannað er að byggja mismunun á en talningin er ekki tæmandi og er þar vísað til stöðu að öðru leyti og annarra sambærilegra ástæðna. Ótvírætt er að kynhneigð fellur undir gildissvið þessara ákvæða. Nýlega reyndi í fyrsta skipti á það fyrir dómstólum hvort þessi ákvæði vernduðu mann fyrir mismunun um veitingu starfs vegna kynhneigðar í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 19. maí 2003. Verður sá dómur nánar rakinn í kafla 9.2. hér á eftir þar sem fjallað verður um mismunun á vinnumarkaði.

Í almennum hegningarlögum eru tvö refsiákvæði sem hafa þýðingu fyrir vernd samkynhneigðra gegn mismunun. Er hér átt við annars vegar 180. gr. laganna sem leggur sektir eða fangelsi allt að 6 mánuðum við því að aðili í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neiti manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar eða neiti manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi. Ákvæðið stendur í þeim kafla laganna sem fjallar um brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu. Það er mikilvægur liður í því að vernda réttindi samkynhneigðra gagnvart fordómum sem geta birst með þessum hætti í þjóðfélaginu, með útilokun samkynhneigðra frá t.d. skemmtistöðum eða veitingastöðum eða neitun um þjónustu og leggur það skyldur á bæði opinbera aðila og aðila á vettvangi einkaréttarins. Á hinn bóginn kann að vera örðugt um sönnun í einstaka tilvikum. Hitt refsiákvæðið, sem hefur beina þýðingu fyrir samkynhneigða, er í 233. gr. a almennra hegningarlaga en þar eru lagðar sektir eða fangelsi allt að tveimur árum við því að ráðast með háði, smánun og ógnun opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar. Ákvæðið stendur í XXV. kafla laganna sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Breytingar voru gerðar á ákvæðinu 1996 í því skyni að veita refsivernd vegna ofsókna í garð samkynhneigðra. Þær byggðust m.a. á tillögum nefndarinnar um málefni samkynhneigðra frá 1994.[124] Í íslenskri refsilöggjöf er ekki sérstaklega kveðið á um að það horfi til refsiþyngingar ef ofbeldisbrot er framið af hvötum sem byggjast á hatri í garð samkynhneigðra en eins og lýst var í kafla 5.3.4. að framan eru lagabreytingar í þessu skyni nú til skoðunar í Noregi samkvæmt tillögum nefndar sem fjallaði um réttarstöðu samkynhneigðra.[125]

---

[124] Sbr. skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra, bls. 6. Breytingin á 233. gr. a fólst í því að orðinu „samkynhneigð“ var bætt inn í talningu atriða auk þess sem refsiverndin var rýmkuð frá því að vernda eingöngu „hópa“ manna til þess að vernda einnig einstaklinga innan hóps.

[125] St. meld nr. 25 (2000–2001). Levekår og livskvalitet for lesbiske og homofile i Noreg, bls. 27.

Nefndin kannaði framkvæmd fyrrgreindra refsiákvæða. Hún óskaði tölulegra upplýsinga frá ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara um fjölda kæra sem borist hefðu lögreglu vegna brota á ákvæðunum og hvort ákæra hefði verið gefin út vegna slíkra brota eða hvort önnur mál hefðu komið fram þar sem grunur léki á brotum gegn samkynhneigðum vegna kynhneigðar þeirra. Í ljós kom að engar kærur höfðu verið skráðar hjá lögreglu um brot á þessum ákvæðum. Aðeins einu sinni hefur verið gefin út ákæra vegna brots á 233. gr. a en þá vegna ummæla í blaðaviðtali sem fólu í sér kynþáttafordóma. Í dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2002 í máli nr. 461/2000 var ákærði í málinu sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn 233. gr. a vegna ummæla sinna.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra hafa nokkrar kærur borist lögreglu þar sem vísað er í XXV. kafla hegningarlaga vegna ærumeiðinga og brota gegn friðhelgi einkalífs þar sem brot er talið beinast gegn samkynhneigðum. Við nánari leit þar kom í ljós að reyndar höfðu komið fram tvær kærur sem fjölluðu um niðrandi ummæli í garð samkynhneigðra og varða þannig 233. gr. a almennu hegningarlaganna. Þær reyndust hins vegar ekki skráðar í málaskrá lögreglunnar undir því refsiákvæði heldur öðrum ákvæðum hegningarlaga um æruvernd. Fyrra málið var kært til lögreglu 15. janúar 2003 og var það skráð undir 234. gr. laganna um ærumeiðingar. Um ræddi kæru vegna tölvuleiks sem hægt var að nálgast í gegnum vefslóðina tilveran.is og beindist gegn samkynhneigðu fólki. Lögregla hafði samband við ábyrgðaraðila síðunnar sem tóku leikinn strax út af síðunni og í framhaldinu var rannsókn málsins hætt. Seinna málið var kært til lögreglu 26. nóvember 2003 og er skráð sem almennt brot gegn friðhelgi einkalífs. Um ræddi kæru vegna meintra ærumeiðandi skrifa í garð samkynhneigðra í aðsendri grein sem birtist í Morgunblaðinu. Málið var hins vegar ekki talið gefa tilefni til útgáfu ákæru og var fellt niður í júní 2004.

9.2. Mismunun á vinnumarkaði.

Reynslan sýnir að vinnumarkaðurinn er meðal sviða þar sem fordómar manna gagnvart samkynhneigðum eru líklegastir til að koma í ljós þar sem samkynhneigð manns getur haft áhrif á ráðningu hans í starf, leitt til vandamála á vinnustað, t.d. eineltis eða útilokunar og jafnvel atvinnumissis. Engin heildarlög hafa verið sett hér á landi um vernd gegn mismunun launþega á vinnumarkaði við ráðningu, í vinnusambandi eða við uppsögn á grundvelli kynhneigðar eða annarra atriða. Reglur um ráðningar og uppsagnir starfsmanna koma fram í ákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þá fjalla ýmis sérlög um starfsskilyrði ákveðinna starfsstétta, t.d. lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Þessu til viðbótar er í gildi löggjöf sem fjallar um vernd við uppsögnum við tilteknar aðstæður, t.d. lög nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.[126]

Í mörgum nágrannaríkjum, t.d. í Noregi, eru slíkar reglur til staðar en árið 2001 voru gerðar breytingar á norskum lögum um vinnuvernd og vinnuumhverfi (Lov nr. 4/1977 om arbeidervern og arbeidsmiljø m.v.) varðandi ráðningar á launþegum. Skv. 55. gr. A laganna er

[126] Þess má geta að innan þjóðkirkjunnar hefur verið nokkur umræða um vígslu samkynhneigðra presta. Í blaðaviðtali við biskup Íslands haustið 2003 kom fram að spurningin um vígslu samkynhneigðs prests hefði aldrei vaknað hér á landi og hann sæi ekkert sem mælti á móti því að vígja samkynhneigðan prest. Sbr. „Hin myrku öfl eru raunveruleg". Viðtal við herra Karl Sigurbjörnsson í Fréttablaðinu, 19. október 2003.

vinnuveitanda óheimilt að krefja umsækjendur um starf upplýsinga um kynhneigð þeirra eða önnur persónuleg atriði svo sem trúarleg eða menningarleg viðhorf o.fl. Þá má vinnuveitandi ekki leggja til grundvallar við ákvörðun um ráðningu í starf hvort umsækjandi er samkynhneigður eða af tilteknum kynþætti, litarhætti, trúarbrögðum o.fl. Jafnframt er sú skylda lögð á vinnuveitanda að veita skriflegar upplýsingar til umsækjanda sem telur sér hafa verið mismunað við ráðningu þar sem hann rökstyðji hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar við ráðningu í starf.[127]

Í kafla 4.3.1. hér að framan var lýst tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB um innleiðingu meginreglunnar um jafnrétti í tengslum við vinnumarkaðinn um afnám mismununar á vinnumarkaði.[128] Tilskipunin tók gildi í desember 2003 þannig að áhrifa hennar er aðeins nýlega farið að gæta. Í henni er m.a. kveðið skýrt á um bann við mismunun á vinnumarkaði við ráðningu, uppsögn eða um önnur atriði á grundvelli kynhneigðar. Tilskipunin er lagalega bindandi fyrir öll aðildarríki sambandsins og ber þeim að innleiða ákvæði hennar inn í landsrétt. Hún gildir um öll svið vinnumarkaðarins, bæði gagnvart opinberum starfsmönnum og í vinnuréttarsamböndum á vettvangi einkaréttarins og leggur m.a. þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að gera þeim sem telur sér mismunað kleift að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Tilskipun þessi hefur ekki verið talin eiga undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þar sem hún eigi sér stoð í 13. gr. Rómarsamningsins sem á sér ekki hliðstæðu í fyrrnefnda samningnum. Hún hefur því ekki verið innleidd hér á landi.

Á árinu 2003 gekk athyglisverður dómur þar sem reyndi í fyrsta skipti á það hvort manni hefði verið neitað um starf vegna kynhneigðar þannig að brotið hefði verið gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnsýslulaga en um var að ræða starf umsjónarmanns á tilsjónarsambýli fyrir unglingsdrengi í Kópavogi.[129] Í raun er þetta fyrsti dómurinn hér á landi þar sem yfirleitt er vikið að réttindum samkynhneigðra og banni við mismunun á grundvelli kynhneigðar. Stefnandi í málinu var samkynhneigður og einn af tólf umsækjendum um starfið. Að loknu viðtali við alla umsækjendur var stefnandi valinn ásamt tveimur öðrum til frekari viðræðna um starfið og gekkst undir annað viðtal við starfsmenn félagsþjónustunnar. Í þessu starfsviðtali var stefnandi spurður að því hvort hann væri samkynhneigður og m.a. fært í tal að það kynni að skapa vandamál vegna hagsmuna þeirra barna sem búa ættu á sambýlinu og foreldra þeirra. Snerist síðan mikill hluti viðtalsins um samkynhneigð stefnanda. Síðar kom í ljós að umsækjendurnir þrír voru allir spurðir um kynhneigð. Stefnandi fékk ekki starfið en annar maður var ráðinn, með minni menntun og starfsreynslu en stefnandi. Hann höfðaði þá mál gegn Kópavogsbæ og byggði á því að brotið hefði verið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnsýslulaga með því að spyrja hann ítarlega út í kynhneigð hans og kynhegðun í umræddu starfsviðtali. Honum hefði verið gefið til kynna að þessir þættir skiptu máli við ákvörðun um ráðningu í starf umsjónarmanns á tilsjónarsambýlinu. Í þessu sambandi vísaði stefnandi einnig til 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um bann við mismunun og jafnræðisreglu 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

---

[127] Í norsku skýrslunni um málefni samkynhneigðra, *St. meld nr. 25 (2000-2001). Levekår og livskvalitet for lesbiske og homofile i Noreg,* er nánar fjallað um verndaraðgerðir gegn mismunun á vinnumarkaði, bls. 73–78.

[128] Council Directive 2000/78/EC frá 27. nóvember 2000 establishing a general framework for equal treatment in employment and occupation.

[129] Dómur kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness 19. maí 2003 í máli nr. E-4172/2002: Dofri Örn Guðlaugsson gegn Kópavogsbæ.

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness komu fram afdráttarlaus ummæli um lagavernd fyrir mismunun vegna samkynhneigðar þar sem sagði m.a.: „Engum blöðum er um það að fletta að réttindi samkynhneigðra eru varin af framangreindum ákvæðum, komi í ljós að þeim hafi verið mismunað á grundvelli kynhneigðar sinnar án þess að fyrir hafi legið lögmæt sjónarmið.“ Það var mat dómsins að ummæli starfsmanns Kópavogsbæjar í viðtalinu við stefnanda hefðu falið í sér fordóma í garð samkynhneigðra við þær kringumstæður sem uppi voru í málinu. Það var því álit dómsins að stefnandi hefði ekki notið jafnrar stöðu á við þann sem fékk starfið og með því hefði verið brotið gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga. Með því einu að spyrja umsækjendurna um kynhneigð sína í umræddum starfsviðtölum yrði vart ályktað annað en að sjónarmið um kynhneigð hefðu haft töluvert vægi við ráðningu en vafa þar að lútandi bæri að meta stefnda, Kópavogsbæ, í óhag. Spurningin um kynhneigð hefði ekki þjónað lögmætum tilgangi í starfsviðtalinu við stefnanda og til þess fallin að vekja með honum þá hugmynd að hann væri vegna kynhneigðar sinnar óæskilegri starfskraftur en ella. Með því einu að gera kynhneigð að umræðuefni í viðtalinu hefði verið framin ólögmæt meingerð gegn persónu stefnanda í skilningi 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1993. Voru stefnda því dæmdar 300 þúsund krónur í miskabætur.

Þessi dómur er mikilvægt fordæmi til að slá því föstu að ráðning í starf megi ekki ráðast af atriðum sem lúta að kynhneigð manna og teljist slíkt vera ómálefnalegt sjónarmið. Á hinn bóginn er ljóst að aðstöðumunur getur verið á möguleikum manns til að leita réttar síns eftir því hvort um ræðir störf hjá stofnununum ríkis og sveitarfélaga þar sem vinnuveitendur eru bundnir af ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við málsmeðferð varðandi ráðningu, þ.m.t. jafnræðisreglu 11. gr. laganna, eða hvort um ræðir starf á almennum vinnumarkaði.

Nefndin fékk á sinn fund Atla Gíslason hrl. sem hefur á undanförnum árum veitt Samtökunum '78 og félögum í þeim ýmsa ráðgjöf í tilvikum þar sem meint mismunun í garð samkynhneigðra á vinnumarkaðnum hefur komið til skoðunar. Hann taldi að þótt gjörbylting hefði orðið á vinnumarkaðnum í viðhorfum til samkynhneigðra í átt til umburðarlyndis og minni fordóma kæmu enn upp tilvik þar sem kvartað væri yfir einelti á vinnustað og annarri háttsemi í garð samkynhneigðra sem kæmi til vegna kynhneigðar þeirra. Hann benti á það vandamál að launþegar væru í mismunandi stöðu til þess að ná fram rétti sínum vegna mismununar eftir því hvort um ræddi störf í opinberri þjónustu eða á almennum vinnumarkaði. Í síðarnefnda tilvikinu væru ekki til staðar skýrar reglur um bann við mismunun, þótt byggja mætti á ákvæðum skaðabótalaganna um ólögmæta meingerð. Það sem ylli sérstökum erfiðleikum væri að vinnuveitendur hefðu ekki lagalega skyldu til þess að veita upplýsingar sem beðið væri um vegna mála af þessu tagi og þyrftu ekki að rökstyðja ákvarðanir skriflega ef eftir því væri leitað. Því gæti mjög oft orðið erfitt um sönnun varðandi þessi atriði í dómsmálum gegn einkafyrirtækjum. Hann taldi mikilvægt að gera bragarbót á lögum að þessu leyti og gætu norsku lagaákvæðin, sem fyrr eru rakin, verið góð fyrirmynd í þeim efnum.[130]

Nefndin leitaði upplýsinga hjá félagsmálaráðuneytinu um það hvort unnið væri að undirbúningi löggjafar um bann við mismunun á vinnumarkaði eða hvort stefnt væri að því að setja slíka löggjöf. Í svörum ráðuneytisins koma fram að ESB-tilskipunin um innleiðingu meginreglunnar um jafnrétti í tengslum við vinnumarkaðinn væri nú til skoðunar í ráðu-

[130] Í viðtali sem birtist í VR-blaðinu, „Samkynhneigðir og vinnumarkaðurinn – Gjörbylting í viðhorfum til samkynhneigðra“, lýsir Atli nánar þörfinni á því að „einkavæða“ stjórnsýslulögin, þannig að sömu kröfur séu gerðar varðandi þessi atriði til vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði og opinberra stofnana. Sjá VR-blaðið, 1. tbl. 26. árg. janúar 2004, bls. 8.

neytinu jafnvel þótt ekki væri talið að íslenskum stjórnvöldum væri skylt að innleiða hana. Félagsmálaráðherra hefur ákveðið í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins að meta hvort nauðsynlegt sé að sams konar efnisreglur og eru í tilskipuninni verði hluti af íslenskri löggjöf.

9.3. Tillögur nefndarinnar.

Nefndin telur ekki sérstaka ástæðu til þess að breyta ákvæðum refsilaga um bann við mismunun gagnvart samkynhneigðum og að núgildandi refsiákvæði veiti næga vernd í þessu skyni. Hún telur hins vegar mikilvægt að lögregla breyti vinnulagi sínu varðandi skráningu kæra sem henni berast sem tengjast brotum í garð samkynhneigðra þannig að þau verið heimfærð til réttra refsiákvæða. Með því verði unnt að meta með áreiðanlegri hætti af tölfræðiupplýsingum úr málaskrá lögreglu hvort tilhneiging sé til þess að brjóta gegn réttindum samkynhneigðra, t.d. út frá því hvort kærum um slíkt fjölgar á einhverju tímamarki.

Nefndin leggur til að sett verði í lög sérstök verndarákvæði til að sporna við mismunun samkynhneigðra á vinnumarkaði. Engin heildstæð löggjöf gildir hér á landi svipað því sem finna má á Norðurlöndunum um vernd á vinnumarkaði gagnvart mismunun við ráðningu, starfsumhverfi eða uppsögn. Nefndin telur mikilvægt í undirbúningi löggjafar um réttindi launþega á vinnumarkaði að vernd samkynhneigðra gegn mismunun að þessu leyti verði sérstaklega tilgreind. Jafnframt verði lögð lagaleg skylda á vinnuveitendur á vettvangi einkaréttarins að afhenda gögn og rökstyðja ákvarðanir varðandi vinnusamband við launþega þegar grunur leikur á að mismunun hafi átt sér stað á grundvelli kynhneigðar en sem stendur verður slík skylda aðeins lögð á vinnuveitendur sem falla undir stjórnsýslulög.

10. KAFLI
FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

10.1. Inngangur.

Verkefni nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra er að gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Ein leið að því marki er fræðsla, umræða og upplýsing um samkynhneigð, svo og öflun þekkingar með rannsóknum. Í kafla 3.2.3. hér að framan var lýst helstu tillögum sem fram komu í skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra frá árinu 1994 varðandi fræðslu. Þar sem þær tillögur hafa enn sem komið er aðeins að takmörkuðu leyti náð fram að ganga bera tillögur núverandi nefndar að nokkru marki merki ítrekunar.

10.2. Grunnskólar og framhaldsskólar.

10.2.1. Námskrár grunnskóla og framhaldsskóla.

Í aðalnámskrá grunnskóla (1999) segir m.a.:

> Almenn menntun á að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, náungakærleik og verðmætamat.

Og í kafla um jafnrétti til náms segir enn fremur:

> Einnig er mikilvægt að nemendum lærist að tjá eigin tilfinningar og kunni jafnframt að virða tilfinningar annarra og tjáningu þeirra, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla (1999), í kafla um lífsleikni, segir m.a. svo um lokamarkmið:

> Nemandi rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi.

Í þessum námskrám er lögð sterk áhersla á mikilvægi jafnréttishugsjóna, mannvirðingar og víðsýni í viðhorfum og vikið í því sambandi að þeim hópum sem í einhverju tilliti eiga undir högg að sækja. Kynhneigð er þó hvergi nefnd á nafn í framangreindum námskrám sem urðu til þremur árum eftir að mannréttindi samkynhneigðra voru staðfest með réttarbótum í lögum um staðfesta samvist og breytingum á almennum hegningarlögum. Í reynd er kennurum í sjálfsvald sett hvort þeir fjalla um málefnið í ýmsum námsgreinum, t.d. hinni nýlegu námsgrein lífsleikni. Í viðtölum kennara við starfsmenn Samtakanna '78 sem vinna að rannsóknum og fræðslu kemur fram að ýmsir þeirra eiga frumkvæði að því að fjalla um samkynhneigð og telja sig þar hafa stuðning af þeim markmiðslýsingum sem vitnað er til að framan en aðrir kennarar láta það hjá líða vegna þess að námskrár kveða ekki ótvírætt á um þennan þátt. Í rannsókn, sem fjallar um viðhorf umsjónarkennara og samkynhneigðra unglinga til fræðslu um kynhneigð í grunnskólum, kemur m.a. fram að langflestir umsjónarkennarar, sem þátt tóku í rannsókninni, töldu rétt að veita fræðslu um kynhneigð en langtum færri vissu hins vegar hvort nokkur slík fræðsla færi fram í þeirra eigin grunnskóla.[131] Stærstur hluti umsjónarkennara töluðu lítið eða ekkert við nemendur sína um kynhneigð.

Afleiðing þeirrar þagnar, sem ríkir í grunnskólum og framhaldsskólum um þetta efni, virðist ótvíræð. Í viðtölum við samkynhneigða í tengslum við fyrstu íslensku rannsóknir á þessu sviði kemur fram að margir minnast síðustu ára sinna í grunnskóla sem tíma feluleiks, angistar og lítillar einbeitingar í námi.[132] Þar kemur m.a. fram að þeir hafa leynt kynhneigð sinni árum saman í skólum sínum af ótta við einelti og jafnvel gefist upp í námi.

Þá hafa önnur rannsóknarviðtöl sýnt að samkynhneigðir kennarar hneigist til að leyna kynhneigð sinni í skólasamfélaginu og óttist að hrökklast úr starfi með einum eða öðrum hætti vegna kynhneigðar sinnar.[133] Viðmælendur vísa þar einkum til þess að þeir óttist hvernig foreldrar nemenda bregðist við slíkum tíðindum. Sá ótti fær stuðning af niðurstöðum annarrar rannsóknar þar sem fram kemur að þótt langflestir skólastjórnendur grunnskóla lýsi sig hlynnta því að um samkynhneigð sé fjallað í kennslu þá telji þeir ekki að kennarar eigi að gefa samkynhneigð sína til kynna.[134] Sjálfir telja samkynhneigðir kennarar að sýnileiki samkynhneigðra sé mikilvægur í kennarastarfinu þar sem kennarinn sem fyrirmynd er mikilvægur þáttur skólastarfsins. Með sýnileika er átt við að viðkomandi svari spurningum nemenda sinna af hreinskilni, taki á neikvæðri umræðu um samkynhneigð á vettvangi skólans og haldi jákvæðum viðhorfum í þeirra garð á lofti þegar við á.

---

[131] Hrönn Bessadóttir, Ingibjörg Ósk Pétursdóttir og Kristrún Sigurgeirsdóttir: „Þögnin rofin: Samkynhneigð í grunnskólum." Óbirt B.Ed.-ritgerð við kennaradeild Háskólans á Akureyri, 2003.

[132] Þorvaldur Kristinsson: „Falin veröld. Um samkynhneigð og einelti í skólum". Fyrirlestur á ráðstefnunni *Möguleikar karlmennskunnar*. Háskóli Íslands, 5. mars 2004.

[133] Sara Dögg Jónsdóttir: „Líðan samkynhneigðra kennara í starfi." Óbirt rannsóknarverkefni, styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna (2001).

[134] Sara Dögg Jónsdóttir: „Samkynhneigð og grunnskólinn: Viðhorf skólastjórnenda til umfjöllunar um samkynhneigð í grunnskólum og samkynhneigðra kennara" (2001).

Kynni fræðslufulltrúa Samtakanna '78 af börnum samkynhneigðra í skólum benda til þess að mörg þeirra upplifi tómarúm og einmanaleika hvað varðar stöðu sína. Aðstæður þessara barna eru mismunandi og ræðst það af afstöðu foreldranna til eigin kynhneigðar. Þau virðast þó taka fegins hendi við sérhverri umræðu um samkynhneigð þar sem öllum fjölskyldugerðum er gert jafnhátt undir höfði í fræðslu og umræðu á vettvangi skólans.

10.2.2. Kennsluefni.

Þó að málefni samkynhneigðra fái ekki umfjöllun í námskrám grunn- og framhaldsskóla telur meiri hluti skólamanna mikilvægt að umræða um samkynhneigð eigi sér stað innan skólasamfélagsins. Staðfesting fékkst á jákvæðu viðhorfi skólastjórnenda í niðurstöðum könnunar á viðhorfi þeirra til umfjöllunar um samkynhneigð í grunnskólum.[135] Þessi staðfesting endurspeglast í þeim viðtökum sem skólastjórnendur sýndu fræðslu- og heimildarkvikmyndinni *Hrein og bein* eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Þorvald Kristinsson sem Krummakvikmyndir og Samtökin '78 gáfu út vorið 2003 en nær öll bókasöfn grunnskóla og framhaldsskóla eiga eintak af myndinni. Kvikmyndinni fylgja *Kennsluleiðbeiningar og verkefni* sem er fyrsta námsbók sem kemur út á Íslandi og fjallar alfarið um samkynhneigð.[136] Annað efni, sem víkur sérstaklega að samkynhneigð með einhverjum hætti, er að finna í kennslubók, einkum ætlaðri 10. bekk í lífsleikni, sem nefnist *Leið þín um lífið* og var gefin út af Námsgagnastofnun.[137] Einnig má nefna bókina *Ég er bara ég,* sem ætluð er miðstigi grunnskóla og gefin út af Námsgagnastofnun en í henni er fjallað um það að eiga mömmu sem er lesbía.[138] Þá mun takmarkað úrval af eldra kennsluefni vera tiltækt við kynfræðslu og fleiri greinar. Haustið 2004 er væntanleg á markað bókin *Ungt fólk og kynheilbrigði* eftir Sóleyju S. Bender, Guðbjörgu Eddu Hermannsdóttur og Solveigu Jóhannsdóttur en hún er ætluð til kynfræðslu í framhaldsskólum og hefur þegar verið reynd við kennslu í nokkrum skólum. Þar er samkynhneigð til umfjöllunar á vandaðan og ábyrgan hátt til jafns við annað sem kynfræðslu varðar. Þá vinnur Bjarni Benedikt Björnsson að leiðbeiningum sem ætlaðar eru framhaldsskólakennurum í íslensku og byggjast þær á M.Paed.-ritgerð hans við Háskóla Íslands, „Margbreytileiki í móðurmálskennslu: Um samkynhneigð í bókmenntum og íslenskukennslu í framhaldsskóla".

Útgefið efni er þó næsta takmarkað að vöxtum og munar mest um nefnda kvikmynd og verkefnasafnið sem henni fylgir. Þrátt fyrir útgáfu á efni sem tekur á lífi og reynslu lesbía og homma liggja engar kannanir fyrir um það hvort og hvernig það er nýtt af kennurum og er brýnt að kanna þann þátt fræðslustarfsins sem lýtur að nýtingu fræðsluefnis. Að öllu samanlögðu er ljóst að það munar um þau skref sem stigin hafa verið á nýrri öld og að skortur á nothæfu kennsluefni á ekki að standa í vegi fyrir faglegri umfjöllun kennara þó að nýir tímar kalli stöðugt á nýtt og fjölbreyttara efni.

---

[135] Sara Dögg Jónsdóttir: „Samkynhneigð og grunnskólinn: Viðhorf skólastjórnenda til umfjöllunar um samkynhneigð í grunnskólum og samkynhneigðra kennara" (2001).
[136] Sara Dögg Jónsdóttir: *Hrein og bein.* Kennsluleiðbeiningar og verkefni með samnefndri kvikmynd (2003).
[137] Brauer o.fl.: *Leið þín um lífið: Siðfræði fyrir ungt fólk* (2002).
[138] Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson: *Ég er bara ég.* Námsgagnastofnun (2000).

10.3. Háskólar.

10.3.1. Fræðsla og rannsóknir á háskólastigi.

Nefndin hefur ekki kannað formlega hvernig staðið er að umfjöllun og fræðslu um samkynhneigð í grunnmenntun ýmissa stétta, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga, guðfræðinga, félagsráðgjafa eða námsráðgjafa. Af viðtölum við einstaka háskólakennara og fulltrúa starfsstétta virðist ljóst að á heildina litið er slík fræðsla ekki ýkja mikil umfangs en yfirleitt virðist vikið að málefninu á ábyrgan hátt. Framfarir markast að nokkru leyti af því að margar erlendar kennslubækur, sem notaðar eru á háskólastigi hér á landi, hafa frá aldamótum tekið upp sérstaka kafla um samkynhneigð. Þannig er til dæmis góður gaumur gefinn að málefninu í kennslu kennaranema við Kennaraháskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri svo og við hjúkrunarfræðideildir Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Viðtöl við yngstu kynslóð grunnskólakennara benda til þess að þeir telji yfirleitt sjálfsagt og nærtækt að fjalla um málefnið, t.d. í lífsleikni. Þá er ítarlega fjallað um samkynhneigð á námskeiði um margbreytileika og minnihlutahópa í uppeldis- og menntunarfræðum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og á vormisseri 2003 var í fyrsta sinn boðið upp á þverfaglegt námskeið í hinsegin fræðum á vegum kynjafræði við sama skóla. Í umfjöllun lagadeildar Háskóla Íslands er fjallað um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlega mannréttindasamninga í grunnnámi á fyrsta ári en einnig í sérstökum valfögum á 4. og 5. ári laganáms. Er þar m.a. fjallað um almennu jafnræðisregluna og bann við mismunun og vikið að réttarþróun varðandi réttarstöðu samkynhneigðra á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Á síðasta áratug hafa fyrstu íslensku rannsóknirnar á þessu sviði litið dagsins ljós, einkum í allmörgum rannsóknarritgerðum háskólanemenda í greinum eins og félagsfræði, mannfræði, bókmenntafræði, guðfræði og lögfræði. Einna blómlegust virðist þessi rannsóknarvinna vera á vettvangi uppeldis- og menntunarfræða við félagsvísindadeild Háskóla Íslands svo og við Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum þar sem nú er unnið að nokkrum verkefnum sem lúta að veruleika lesbía og homma. Í útgáfuefni má t.d. sjá afrakstur þessa fræðastarfs í ritsafninu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf* sem áður hefur verið lýst. Ljóst er að hér er að verða til vandað og fjölbreytt fræðasvið sem muni í nánustu framtíð styrkja félagslega stöðu lesbía og homma og hafa smám saman áhrif á önnur skólastig.

10.3.2. Stefnumótun og bann við mismunun.

Nefndin leitaði upplýsinga hjá skólum, sem starfa á háskólastigi, um það hvort þeir hefðu mótað sér sérstaka stefnu til að tryggja jafnrétti og banna mismunun innan skólans á grundvelli kynhneigðar. Bárust nefndinni svör við fyrirspurninni frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Hólaskóla, Tækniháskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Bifröst og Listaháskólanum. Í svörunum kom fram að fimm fyrstnefndu skólarnir hafa sett sér eða eru með í undirbúningi jafnréttisáætlun sem gildir bæði um nemendur og starfsmenn og í tilviki Háskóla Íslands er að auki verið að leggja lokahönd á stefnu um bann við mismunun. Í þeirri stefnu er kynhneigð talin meðal þeirra atriða sem bannað er að byggja mismunun á en bannið er nánar útfært í einum kafla stefnunnar sem er svohljóðandi:[139]

---

[139] Lokadrög stefnu HÍ um bann við mismunun, dags. 16. júní 2004 (óbirt).

4.5 Kynhneigð

4.5.1 Óheimilt er að mismuna starfsfólki og stúdentum vegna kynhneigðar. Allir eiga rétt á sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð kynhneigð.
4.5.2 Virða skal rétt fólks til að tjá sig, eða tjá sig ekki, um kynhneigð sína.
4.5.3 Mismunun vegna kynhneigðar felst gjarnan í særandi ummælum og háðsglósum sem líkja má við fordóma vegna litarháttar. Slík framkoma er ekki liðin innan háskólasamfélagsins.
4.5.4 Stjórnendur og kennarar skulu ekki ganga út frá því að allir séu gagnkynhneigðir.
4.5.5 Kennarar skulu leggja sig fram um að skapa andrúmsloft sem er laust við fordóma gegn sam- og tvíkynhneigðum.
4.5.6 Í skipulagi námskeiða og vali námsefnis ber kennurum að leggja áherslu á efni sem er laust við fordóma í garð sam- og tvíkynhneigðra.

Innan Háskóla Íslands er starfandi jafnréttisnefnd og sérstakur jafnréttisfulltrúi sem vinnur að því að fylgja eftir jafnréttisáætlun skólans. Hefur jafnréttisnefnd m.a. staðið fyrir könnun um líðan samkynhneigðra í skólanum og er niðurstaðna hennar að vænta. Þá hefur félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta verið starfrækt við skólann í rúmlega fimm ár. Er starfsemi þess mjög virk og eru um 300 manns skráðir á póstlista félagsins.

Í jafnréttisstefnu sem Háskólinn á Akureyri hefur sett sér segir m.a. að háskólinn leggi áherslu á í starfi sínu að unnið verði gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar Í drögum að jafnréttisstefnu Hólaskóla er ákvæði í 3. gr. um jafnrétti óháð kynhneigð sem mælir fyrir um að mismunun á grundvelli kynhneigðar sé andstæð stefnu skólans og á það jafnt við um starfsfólk, stjórnendur og nemendur. Í þremur háskólum, Listaháskólanum, Bifröst og Háskólanum í Reykjavík var ekki hafin vinna við gerð sérstakrar jafnréttisstefnu, en slíkar fyrirætlanir voru uppi í tveimur fyrstnefndu skólunum og yrði þar tekið af skarið varðandi bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar. Í siðareglum Háskólans í Reykjavík er vikið að banni við mismunun vegna kynhneigðar en þar segir að allir innan skólans komi fram við hver við annan af virðingu og leggi sig fram um að koma í veg fyrir að þar viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð.

10.4. Forvarnir gegn sjálfsvígum.

Landlæknisembættið hóf fyrir tveimur árum fræðslufundi varðandi sjálfsvígsforvarnir og frá vorinu 2003 hefur embættið staðið fyrir námskeiðum fyrir fagfólk innan heilsugæslu og félagsþjónustu, skólafólk, lögreglu og presta. Þar er m.a. rætt um áhættuhópa í sambandi við þunglyndi og sjálfsvíg en ljóst er að einn af áhættuhópunum eru ungir samkynhneigðir. Þar er farið yfir ýmsa þætti þunglyndis, hverjir séu í áhættuhópum, hvernig hægt sé að greina það og meðferð. Rætt er um sjálfsvígsþanka, sjálfsvígstilraunir, sjálfsvíg og tíðni sjálfsvíga og hvernig hægt sé að styðja við bakið á aðstandendum. Á þessum námskeiðum er rætt um hvernig ná megi til helstu áhættuhópa. Þá fer þar einnig fram hópvinna, m.a. er horft á myndband um þunglyndi sem ætlað er til þess að heilsugæslustöðvar geti lánað fólki heim til að skoða í friði og ræða við aðstandendur sína. Lögð er rík áhersla á að þetta sé samfélagslegt verkefni og að ef allir leggist á eitt séu meiri líkur á að fækka sjálfsvígum. Námskeiðin standa í fimm tíma og eru þverfagleg. Landlæknir hefur hleypt af stokkunum verkefninu „Þjóð gegn þunglyndi“ og frá janúar 2004 hefur landlæknisembættið haldið úti vefsíðunni www.thung-

lyndi.landlaeknir.is með ýmsum upplýsingum og fræðslu fyrir almenning og fagfólk sem miðar m.a. að forvörnum gegn sjálfsvígum.

10.5. Fræðslu- og ráðgjafarstarf Samtakanna '78.

Samtökin '78 buðu fyrst upp á fræðslufundi í skólum árið 1980. Bókasafn félagsins hefur alla tíð verið nátengt fræðslustarfinu en það telur rúmlega 3.000 bindi fræðirita og fagurbókmennta svo og um 500 kvikmyndir á myndbandi. Safnið er opið almenningi, stýrt af bókasafnsfræðingi og opið 16 tíma í viku. Það er eina fræðibókasafn landsins um málefni sem varðar samkynhneigð og er vistað á Gegni. Það er mikið notað af fræðimönnum og nemendum á öllum skólastigum við ritgerðaskrif og rannsóknarvinnu.

Árið 2001 var háskólamenntaður fræðslufulltrúi í fyrsta sinn ráðinn í hlutastarf á vegum félagsins til þess að sinna fræðslu og upplýsingastarfi meðal nemenda og kennara á öllum skólastigum og veitti forsætisráðuneytið sérstakan fjárstyrk til starfseminnar. Sama ár hóf félagið að bjóða þjónustu sérmenntaðra félagsráðgjafa. Árið 2004 veitti félagsmálaráðuneytið síðan í fyrsta sinn fjárstyrk til viðbótar framlagi félagsmálanefndar Alþingis til þess að standa straum af starfi háskólamenntaðs framkvæmdastjóra og félagsráðgjafa samtakanna. Heita má að opinberir styrkir nægi nú til þess að fjármagna rúmlega eitt stöðugildi.

Þó að Samtökin '78 mæti vaxandi skilningi ríkisvaldsins á þeirri fjárþörf sem þarf til að sinna fræðslu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun hrekkur það ekki til að mæta kostnaði við brýn verkefni. Þrátt fyrir vaxandi starf að fræðslu og félagslegum stuðningi bíða mörg verkefni þess að unnt verði að fjármagna þau, svo sem fræðslu- og upplýsingaefni um heilsuvernd og stuðningur við samkynhneigða á vinnumarkaði. Þetta starf vitnar um breyttar áherslur í starfi félagsins frá því skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra kom út árið 1994. Þar sem áður var baráttuhreyfing mannréttindasinna og stuðningssamtök sjálfboðaliða er nú í vaxandi mæli að verða til alhliða þjónustu- og ráðgjafarstofnun sérfræðinga um þau mál sem varða velferð samkynhneigðs fólks og fjölskyldna þeirra.

10.6. Efling rannsókna.

Hin mikla áhersla, sem um árabil hefur verið lögð á réttarbætur til handa samkynhneigðum á Norðurlöndum hefur orðið til þess að draga athygli norrænna yfirvalda og samtaka samkynhneigðra frá mikilvægi þess að afla viðtækrar vísindalegrar þekkingar á þroskakostum lesbía og homma svo að hægt sé að meta hvaða aðgerða sé helst þörf í mennta-, félags- og heilbrigðiskerfi. Straumhvörf urðu í þessum efnum þegar út kom í Noregi umfangsmikil rannsóknarskýrsla sem gerð var á árunum 1997–1999 og byggðist á þátttöku 3000 samkynhneigðra Norðmanna. Skýrslan nefnist *Heilsufar, lífsgæði og lífsaðstæður lesbía og homma (Levekår og livskvalitet blant lesbiske kvinner og homofile menn)*, orðin til að frumkvæði ráðuneytis barna- og fjölskyldumála, unnin af rannsóknastofnuninni NOVA (Norsk Institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring), og í daglegu tali nefnd NOVA-skýrslan.

Niðurstöður sýndu m.a. að þátttakendur höfðu meiri menntun en almennt gerist meðal norsku þjóðarinnar. Þá leiddi könnunin í ljós sterkari og nánari vinatengsl þátttakenda en almennt gerist. Yfirgnæfandi meiri hluti þátttakenda leyndi kynhneigð sinni ekki fyrir aðstandendum og vinum og mikill hluti þeirra bjó við samþættan lífsstíl, þ.e. átti gagnkynhneigða og samkynhneigða vini sem þekktu jafnframt hverjir aðra en slíkt er eitt af mikilvægum skilyrðum félagslegrar vellíðunar. Þrátt fyrir þetta sögðu þátttakendur heilsu sína lakari en gagnkynhneigðir, einkum yngsti aldurshópurinn, 16–24 ára. Þessi hópur virtist þjást oftar en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra af andlegum kvillum og streitutengdum vandamálum. Þá kom í ljós að lesbíur og hommar voru í mun meiri áhættu hvað varðar sjálfsvígshugleið-

ingar og sjálfsvígstilraunir en almennt gerist. Um 25% hinna yngstu sögðust hafa gert a.m.k. eina tilraun til sjálfsvígs. Á heildina litið kom í ljós að yngsti hópurinn í rannsókninni, fólk undir 25 ára aldri, stóð hallari fæti en nokkur annar aldurshópur varðandi flesta þá þætti sem notaðir eru til að athuga lífsgæði, lífsaðstæður, líðan og heilsu. Þar koma til þættir eins og andleg og geðræn líðan, laumuspil um tilfinningar, takmörkuð félagstengsl, flestar sjálfsvígstilraunir eða hugsanir um sjálfsvíg, tíðari reynsla af einelti, félagslegri einangrun og ofbeldi en aðrir aldurshópar, auk þess sem þessi hópur freistast oftar til að nota áfengi og vímuefni en aðrir aldurshópar.

Af ráðum til úrbóta nefndu þátttakendur m.a. nauðsyn á meiri fræðslu um samkynhneigð í skólum; mikilvægi aðstoðar við ungt fólk sem er að koma úr felum; mikilvægi forvarna gegn sjálfsvígum sem beindust að þeim; jafnrétti við gagnkynhneigða til ættleiðinga; virkar aðgerðir til að hindra ofbeldi og áreitni gegn lesbíum og hommum, svo og virkar aðgerðir til að stöðva neikvæða umfjöllun og gefa neikvæðar ímyndir af lesbíum og hommum í fjölmiðlum.

NOVA-skýrslan er stærsta norræna rannsókn sem til er um líðan samkynhneigðra og verður að teljast ómetanlegt viðmið í rannsóknarkröfum nútímans hvarvetna á Norðurlöndum. Rannsóknin er gerð meðal þjóðar sem er skyldari Íslendingum um félagsleg viðhorf, menntun og lýðræðishætti en flestar aðrar og kallar óneitanlega á kröfur um rannsóknir hér á landi sem veita svör við þeim spurningum hvernig líðan og högum samkynhneigðra ungmenna á Íslandi sé í rauninni háttað.

10.7. Tillögur nefndarinnar.

Aðgerðir til að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu snúast að miklu leyti um að eyða fordómum í garð samkynhneigðs fólks og ein leið að því marki er fræðsla, umræður og upplýsingar um samkynhneigð, svo og öflun þekkingar með rannsóknum. Því leggur nefndin til eftirfarandi:

1. Í námskrám grunn- og framhaldsskóla frá 1999 var ekki tekið mið af tillögum nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994 um að kveða skýrt á um fræðslu um kynhneigð. Tillögur þessar voru framsæknar og mega teljast lykilatriði í umræðunni um samkynhneigð og fræðslustarf. Þögn um málefnið í námskrám skapar óöryggi í skólastarfi um það hvaða stefnu beri að taka þó að eindreginn vilji skólastjórnenda og kennara til breytinga sé fyrir hendi. Þessi þögn bitnar ekki aðeins á öllum nemendum án tillits til kynhneigðar þeirra, heldur einnig á samkynhneigðum kennurum svo og samkynhneigðum foreldrum og börnum þeirra. Því er lagt til að áhersla verði lögð á umræðu um kynhneigð í næstu endurskoðun á aðalnámskrám og þar kveðið á um fræðslu um samkynhneigð og stuðning við samkynhneigða í skóla.
2. Í ljósi ofannefndrar tillögu telur nefndin brýnt að breytingum á námskrám verði fylgt eftir með námsefni á öllum skólastigum þar sem fjallað er á fordómalausan hátt um samkynhneigð í tengslum við önnur blæbrigði mannlegs tilfinningalífs. Mikilvægt er að þeirri umfjöllun sé ekki aðeins ætlaður staður í kynfræðslu heldur líka í öðrum greinum, svo sem lífsleikni og samfélagsgreinum. Þá er mikilvægt að leitað sé til sérfræðinga um málefni samkynhneigðra um gerð námsefnis, að það sé í stöðugri endurskoðun og að höfundar þess eigi vísan stuðning námsefnisgerðarsjóðs menntamálaráðuneytisins þar sem hér er enn um lítt plægðan akur að ræða. Árið 2004 veitti námsefnisgerðarsjóður í fyrsta sinn fé til slíks verkefnis og í framhaldi af því má hugsa sér að menntamálaráðuneytið leiti til háskólamenntaðra sérfræðinga um málefni samkynhneigðra við gerð námsefnis og kennsluleiðbeininga. Þá telur nefndin mikilvægt að nýtt fræðsluefni leggi sérstaka áherslu á samkynhneigðar fjölskyldur svo mjög sem fjölskyldumyndun hefur eflst að sýnileika

meðal samkynhneigðra síðasta áratug. Einnig er hvatt til þess að háskólarannsóknum verði beint að nýtingu þess fræðsluefnis sem tiltækt er í skólum.

3. Leggja þarf áherslu á umfjöllun um líf og tilveru samkynhneigðra í grunnmenntun ýmissa stétta svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga, guðfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa, námsráðgjafa, lögreglufólks og fangavarða. Telur nefndin æskilegt að slík fræðsla sé tilgreind í námslýsingum. Mikilvægt er að hagkvæmt kennsluefni standi til boða í hverri grein og lagt er til að menntamálaráðuneyti kanni þörf á slíku efni í einstökum greinum þar sem erlent efni hæfir ekki íslenskum aðstæðum, og hlutist til um gerð þess.
4. Nefndin telur mikilvægt að starfi Samtakanna '78 að fræðslu, fjölmiðlun og ráðgjöf verði tryggður stuðningur frá ríki og sveitarfélögum svo að innan fimm ára verði unnt að fela launuðum starfsmönnum þar aukin verkefni á sviði fræðslu, fjölmiðlunar og ráðgjafar sem jafngildir tveimur stöðugildum. Innan Samtakanna '78 virðist nú helst vera völ á sérfræðiþekkingu hér á landi um málefni samkynhneigðra og því hvetur nefndin til þess að framvegis verði félaginu tryggðar fastar fjárveitingar. Nefndin hvetur stjórnvöld til að veita bókasafni Samtakanna '78 árlegan fjárstuðning til að efla og auka fræðibókakost safnsins.
5. Nefndin leggur til að ráðuneyti menntamála, félagsmála og heilbrigðismála taki höndum saman við félagsvísindadeild Háskóla Íslands um víðtæka vísindarannsókn á lífi og líðan samkynhneigðra á Íslandi. Með því móti má komast að því hvar skórinn kreppir og gera viðeigandi ráðstafanir á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála til að bæta lífsskilyrði og þroskakosti samkynhneigðra hér á landi.

HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá grunnskóla. Menntamálaráðuneytið 1999.

Alþingistíðindi A-deild, 1985–1986.

Alþingistíðindi A-deild, 1991–1992.

Alþingistíðindi A-deild, 1994–1995.

Alþingistíðindi A-deild, 1995–1996.

Alþingistíðindi A-deild, 1999–2000.

Alþingistíðindi A-deild, 2000–2001.

Alþingistíðindi A-deild, 2002–2003.

Alþingistíðindi B-deild, 1999–2000.

Anna Einarsdóttir: „Aldrei hægt að lifa eðlilegu lífi: Lesbíur og fjölskyldulíf", bls. 75–96, í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf.* Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson.

Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson: *Ég er bara ég.* Námsgagnastofnun 2000.

Bjarni Benedikt Björnsson: „Margbreytileiki í móðurmálskennslu: Um samkynhneigð í bókmenntum og íslenskukennslu í framhaldsskóla." Óbirt ritgerð til M.Paed.-prófs í íslensku við heimspekideild Háskóla Íslands 2004.

Björg Thorarensen (ritstj.): Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar sem Ísland er aðili að. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.

Björn Björnsson: „Biblían og kristin siðfræði." *Kirkjuritið* 66. árg. nóvember 1999.

Barn i homosexuella familjer. Betänkande av Kommittén om barn i homosexuella familjer. SOU 2001:10. Fritzes offentliga publikationer.

Brauer, Leonore o.fl.: *Leið þín um lífið: Siðfræði fyrir ungt fólk.* Stefán Jónsson þýddi. Reykjavík: Námsgagnastofnun 2002.

Diskriminering inom det sociala området på grund av sexuell läggning. Ds. 2004:20.

Van Dijk, P, og Van Hoof, G.J.H: *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights.* Third edition. Kluwer Law International. Haag 1998.

The Freedom to Marry Around the World, upplýsingablað frá Gay & Lesbian Advocates & Defenders (GLAD). Vefsíða www.glad.org.

Föräldraskap vid assisterad befruktning för homosexuella. Ds 2004:19.

Felix Bergsson: „Hún á tvo pabba! Saga úr Vesturbænum", bls. 107–114 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.

Guðrún Rakel Brynjólfsdóttir: „Börn lesbía og homma", bls. 114–132 í ritinu Samkynhneigðir og fjölskyldulíf. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.

Guðrún Erlendsdóttir: *Óvígð sambúð. Samanburður á reglum um hjúskap og óvígða sambúð*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1988.

Guild, Elsbeth: „Free Movement and Same-Sex Relationships", bls. 677–692 í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships. A Study of National, European and International Law*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Hart Publishing. Oxford 2001.

Hegna, Kristinn, Kristiansen, Hans W. og Moseng, Bera Ulstein: *Levekår og livskvalitet blant lesbiske kvinner og homofile menn*. Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring. Oslo 1999.

Helfer, Laurence R.: „Will the United Nations Human Rights Committee Require Recognition of Same-Sex Marriages?", bls. 733–742 í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships. A Study of National, European and International Law*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Hart Publishing. Oxford 2001.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Þorvaldur Kristinsson. *Hrein og bein*. Kvikmynd á myndbandi um líf og reynslu ungra lesbía og homma. Reykjavík: Krummakvikmyndir í samvinnu við Samtökin '78. Reykjavík 2003.

Hrefna Friðriksdóttir: „Leyfilegar og óleyfilegar fjölskyldur. Mannréttindi og lagaleg staða samkynhneigðra fjölskyldna", bls. 47–74 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.

Hrönn Bessadóttir, Ingibjörg Ósk Pétursdóttir og Kristrún Sigurgeirsdóttir. „Þögnin rofin: Samkynhneigð í grunnskólum." Óbirt B.Ed.-ritgerð við kennaradeild Háskólans á Akureyri 2003.

Jónína Leósdóttir: „Eitt barn, tvær mömmur." Viðtal við Guðlaugu Jónsdóttur og Guðrúnu Óskarsdóttur. Nýtt líf, apríl 2004, bls. 22–28.

Karl Sigurbjörnsson: *Í birtu náðarinnar*. Reykjavík 2001.

Lahey, Kathleen A.: „Becoming "Persons" in Canadian Law: Genuine Equality or "Separate But Equal"", bls. 237–278 í ritinu: *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships. A Study of National, European and International Law*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Hart Publishing. Oxford 2001.

Levekår og livskvalitet for lesbiske of homofile i Noreg. St.meld. nr. 25 (2000–2001). Det Kongelige barne- og familiedepartement.

Marriage and adoption, changes to family law – Information for legal professionals. Ministerie van Jusitie. Den Haag. April 2001.

Mowbray, Alastair: *Cases and Materials on the European Convention on Human Rights*. Butterworths. London 2001.

Nanna Magnadóttir: *Same Sex Couples in the European Union. Citizenship, Movement and Residence*. Master Thesis. University of Lund, Faculty of Law. January 2004.

Om familien – forpliktende samliv og foreldreskap St. meld. nr. 29 (2002–2003).

Ólafur Oddur Jónsson. 1997. „Trú, kynhneigð og náungi minn." Ljósrit, gefið út fyrir prestastefnu á Akureyri 1997.

Protocol No. 12 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms. Explanatory Report. Council of Europe. ETS No. 177.

Rannveig Traustadóttir: „Hvað segja rannsóknir? Um samkynhneigða foreldra og börn þeirra", bls. 17–46 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.

„Samkynhneigðir og vinnumarkaðurinn – Gjörbylting í viðhorfum til samkynhneigðra", viðtal Péturs Blöndal við Atla Gíslason hrl. VR-blaðið, 1. tbl. 26. árg. janúar 2004.

Samkynhneigð og kirkja. Greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju sem skipuð var af kirkjuráði og biskupi Íslands 1997.

Sara Dögg Jónsdóttir: „Samkynhneigð og grunnskólinn: Viðhorf skólastjórnenda til umfjöllunar um samkynhneigð í grunnskólum og samkynhneigðra kennara". Óbirt B.Ed.-ritgerð við Kennaraháskóla Íslands, grunnskólaskor 2001.

Sara Dögg Jónsdóttir: „Líðan samkynhneigðra kennara í starfi." Óbirt rannsóknarverkefni, styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna 2001.
Sara Dögg Jónsdóttir: Hrein og bein. Kennsluleiðbeiningar og verkefni með samnefndri kvikmynd. Reykjavík 2003.
de Schutter, Oliver og Weyembergh, Anne: „"Statutory Cohabitation" Under Belgian Law: A Step Towards Same-Sex Marriage?", bls. 465–474 í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships. A Study of National, European and International Law*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Hart Publishing. Oxford 2001.
Skýrsla nefndar um málefni samkynhneigðra. Reykjavík, október 1994.
Sóley S. Bender, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Solveig Jóhannsdóttir: *Ungt fólk og kynheilbrigði*. Gefin út í handriti til tilraunakennslu 2003 en er væntanleg til útgáfu.
„Við erum fjölskylda. Anna Þór Auðunsdóttir og Hanna Rún Þór segja frá", bls. 97–106 í ritinu *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.
Waaldijk, Kees: „Small Change: How the Road to Same-Sex Marriage Got Paved in the Netherlands", bls. 437–464 í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships. A Study of National, European and International Law*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Hart Publishing. Oxford 2001.
Walker, Kristen L.: „United Nations Human Rights Law and Same-Sex Relationships: Where from here", bls. 743–759 í ritinu *Legal Recognition of Same-Sex Partnerships. A Study of National, European and International Law*. Ritstj. Robert Wintemute og Mads Andenæs. Hart Publishing. Oxford 2001.
„Þá gerðist undrið. Fósturmæður Magnúsar segja frá", bls. 133–147, í ritinu Samkynhneigðir og fjölskyldulíf. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.
Þorvaldur Kristinsson: „Falin veröld: Um samkynhneigð og einelti í skólum." Fyrirlestur á ráðstefnunni *Möguleikar karlmennskunnar*. Háskóli Íslands, 5. mars 2004.

ÚRLAUSNIR ÍSLENSKRA OG ALÞJÓÐLEGRA DÓMSTÓLA OG NEFNDA SEM VÍSAÐ ER TIL

Íslenskir dómar

Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 19. maí 2003 í máli nr. E-4172/2002.
Dómur Hæstaréttar frá 24. apríl 2002 í máli nr. 461/2000.

Álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna

Toonen gegn Ástralíu. Álit frá 4. apríl 1994 í máli nr. 488/1992 (CCPR/C/50/D/488/1992).
Juliet Joslin o.fl. gegn Nýja Sjálandi. Álit frá 30. júlí 2002 í máli nr. 902/1999 (CCPR/C/75/D/902/1999).

Ákvarðanir mannréttindanefndar Evrópu

X og Y gegn Bretlandi. Ákvörðun frá 3. maí 1983 í máli nr. 9369/81, D&R 32, bls. 220.
Simpson gegn Bretlandi. Ákvörðun frá 14. maí 1986 í máli nr. 11716/85, D&R 47, bls. 274.
C. og L.M. gegn Bretlandi. Ákvörðun frá 9. október 1989 í máli nr. 14753/89 (óbirt).
Z.B. gegn Bretlandi. Ákvörðun frá 10. febrúar 1990 í máli nr. 16106/90.
Catharina Johanna Kerkhoven, Anna Maria Hinke og Stijn Hinke gegn Hollandi. Ákvörðun frá 19. maí 1992 í máli nr. 15666/89 (óbirt).
Röösli gegn Þýskalandi. Ákvörðun frá 15. maí 1996 í máli nr. 28318/95, D&R 85, bls. 149.
Sutherland gegn Bretlandi. Skýrsla MNE frá 1. júlí 1997 í máli nr. 25186/94.

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Dudgeon gegn Bretlandi. Dómur frá 22. október 1981. A-Series 45.
Rees gegn Bretlandi. Dómur MDE frá 17. október 1986. A-Series 106.
Norris gegn Írlandi. Dómur frá 26. október 1988. A-Series 142.
Modinos gegn Kýpur. Dómur frá 22. apríl 1993. A-Series 259.
Lustig-Prean og Beckett gegn Bretlandi. Dómur frá 27. september 1999. Reports of Judgments and Decisions 1999-VI.
Smith og Grady gegn Bretlandi. Dómur frá 27. september 1999. Reports of Judgments and Decisions 1999-VI.
Salgueiro da Silva Mouta gegn Portúgal. Dómur frá 21. desember 1999. Reports of Judgments and Decisions 1999-IX.

Sutherland gegn Bretlandi. Dómur frá 27. mars 2001.
Fretté gegn Frakklandi. Dómur frá 26. febrúar 2002. Reports of Judgments and Decisions 2002-I.
Christine Goodwin gegn Bretlandi. Dómur frá 11. júlí 2002. Reports of Judgments and Decisions 2002-VI.
Perkins og R. gegn Bretlandi. Dómur frá 22. október 2002.
Beck, Copp og Bazely gegn Bretlandi. Dómur frá 22. október 2002.
S. og L. gegn Austurríki. Dómur frá 9. apríl 2003.
L. og V. gegn Austurríki. Dómur frá 9. apríl 2003.
Karner gegn Austurríki. Dómur frá 24. júlí 2003.

Dómar EB-dómstólsins
Defrenne gegn Sabena. Mál C-149/79 [1978] ECR 1365.
D gegn ráðinu. Mál C-122 og 125/99P[2001] ECR I-4319.
Grant gegn South West Trains. Mál C-249/96 [1998] ECR I-621.

VIÐAUKI
SAMANTEKT UM BREYTINGAR Á LAGAÁKVÆÐUM

Lagaákvæði	**Núgildandi orðalag**	**Tillaga að nýju orðalagi**
Lög um lögheimili, nr. 21/1990. 7. gr.	Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skv. 1. gr. skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður Þjóðskráin það. **Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð eftir því sem við getur átt.** Hjón, sem slitið hafa samvistir, eiga sitt lögheimilið hvort.	Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skv. 1. gr. skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður Þjóðskráin það. **Einstaklingar í óvígðri sambúð eiga sama lögheimili eftir því sem við getur átt. Þeir geta þeir fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá að uppfylltum skilyrðum II. kafla hjúskaparlaga eftir því sem við getur átt.** Hjón **og sambúðarfólk,** sem slitið hafa samvistir, eiga sitt lögheimilið hvort.
Lög um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. 100. gr.	Ef **karl og kona** slíta óvígðri sambúð eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra.	Ef **sambúðarfólk** slítur óvígðri sambúð eftir að hafa búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra.
Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. 3. mgr. 16. gr.	Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð **karls og konu** sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.	Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er í ákvæði þessu átt við sambúð **tveggja einstaklinga** sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

Lagaákvæði	Núgildandi orðalag	Tillaga að nýju orðalagi
Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 10/1997. 7. mgr. 17. gr.	Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við **sambúð karls og konu** sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.	Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð **tveggja einstaklinga** sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.
Lög um almannatryggingar, nr. 117/1993. 1. mgr. 44. gr.	Sama rétt til bóta og hjón **hafa karl og kona** sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.	Sama rétt til bóta og hjón **hafa einstaklingar** í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.
Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. 2. mgr. 19. gr.	Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón eiga einnig **karl og kona** sem búa saman og eru **bæði ógift,** enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.	Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón eiga einnig **tveir einstaklingar** sem búa saman og eru **báðir ógiftir** enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.
Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. 3. mgr. 62. gr.	**Karl og kona,** sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.	**Einstaklingar,** sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, ef **þeir** hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda óski **þeir** þess **báðir** skriflega við skattyfirvöld.
Sömu lög. 1. mgr. 80. gr.	Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 82. gr. **Karl og kona,** sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.	Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 82. gr. **Einstaklingar,** sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt til að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, ef **þeir** hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár, enda óski **þeir** þess **báðir** skriflega við skattyfirvöld.

Lagaákvæði	Núgildandi orðalag	Tillaga að nýju orðalagi
Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. 1. mgr. 13. gr.	Hafi annað hjóna, sem samvistum eru, engar tekjur á staðgreiðsluári skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Nýtur þá sá maki, sem tekjurnar hefur, einnig þess persónuafsláttar hins makans sem millifæranlegur er skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Sama gildir um **karl og konu** sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegu réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aukaskattkorta maka sem gefin verða út skv. 4., 5. og 6. mgr. 12. gr.	Hafi annað hjóna, sem samvistum eru, engar tekjur á staðgreiðsluári skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Nýtur þá sá maki, sem tekjurnar hefur, einnig þess persónuafsláttar hins makans sem millifæranlegur er skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Sama gildir um **einstaklinga** sem búa saman í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegu réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aukaskattkorta maka sem gefin verða út skv. 4., 5. og 6. mgr. 12. gr.
Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004. 3. mgr. 2. gr.	Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda samkvæmt lögum um staðfesta samvist og **sambýlismaður** sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar **við einstakling af gagnstæðu kyni** og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem **sambýlismanns** arfleifanda er ótvírætt getið.	Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda samkvæmt lögum um staðfesta samvist og **sambúðarmaki** sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar **við arfleifanda** og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem **sambúðarmaka** arfleifanda er ótvírætt getið.
Húsaleigulög, nr. 36/1994. 3. gr.	Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við **karl og konu** sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.	Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við **tvo einstaklinga** sem búa saman og eru báðir ógiftir ef **þeir** hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.
Reglugerð nr. 522/ 2004, um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf. 8. tölul. 2. gr.	Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð **karls og konu** er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá eða tvo einstaklinga sem hafa fengið staðfesta samvist.	Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð **tveggja einstaklinga** er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóð skrá eða tvo einstaklinga sem hafa fengið staðfesta samvist.

382. Fyrirspurn [338. mál]

til dómsmálaráðherra um afplánunaráætlun fanga.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Er gerð einstaklingsmiðuð afplánunaráætlun fyrir hvern fanga við upphaf refsivistar, um
a. þörf á meðferð,
b. áhættumat,
c. getu til náms og vinnu,
d. félagslegan eða sálfræðilegan stuðning?

Skriflegt svar óskast.

383. Fyrirspurn [339. mál]

til dómsmálaráðherra um afplánun eldri fanga.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni og Margréti Frímannsdóttur.

Hafa fangar á eftirlaunaaldri rétt á að ljúka afplánun hjá Vernd eins og aðrir fangar? Ef svo er ekki, hver er ástæðan?

Skriflegt svar óskast.

384. Fyrirspurn [340. mál]

til samgönguráðherra um eignarhlut ríkisins í Íslandspósti hf.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Er áformað að selja eignarhlut ríkisins í Íslandspósti hf.?

385. Fyrirspurn [341. mál]

til samgönguráðherra um eignarhlut ríkisins í Flugskóla Íslands hf.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Er áformað að selja eignarhlut ríkisins í Flugskóla Íslands hf.?

386. Fyrirspurn [342. mál]

til umhverfisráðherra um eignarhlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Er áformað að selja eignarhlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.?

387. Fyrirspurn [343. mál]

til fjármálaráðherra um eignarhlut ríkisins í Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Er áformað að selja eignarhlut ríkisins í Verðbréfaskráningu Íslands hf.?

388. Fyrirspurn [344. mál]

til fjármálaráðherra um eignarhluti ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Í hvaða hlutafélögum og einkahlutafélögum eru íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sjóðir í eigu ríkisins hluthafar og hversu mikill er eignarhluturinn í hverju félagi?

Skriflegt svar óskast.

389. Fyrirspurn [345. mál]

til heilbrigðisráðherra um þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin framfylgja þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi?

390. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúma 6,3 milljarða kr. Enn fremur liggja fyrir tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um aukin útgjöld sem nema tæpum 3 milljörðum kr. Samtals liggja því fyrir tillögur um tæpa 9,3 milljarða kr. aukningu á fjárlögum ársins 2004 í því frumvarpi til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir.

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir þörfinni hverju sinni. Í reyndinni er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjöflun eða útgjöldum ríksins og stofnana þess á heilu ári. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Undanfarin ár hafa mörg hver þau fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarp hefur kveðið á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, verið fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga og því átt heima í fjárlagafrumvarpi þess árs. Þrátt fyrir að í þessu frumvarpi hafi dregið úr slíku þá er enn að finna dæmi um að kveðið sé á um fjárútlát sem áttu heima í fjárlagafrumvarpi ársins 2004 af því að þau voru fyrirsjáanleg.

Framhaldsskólar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga og breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að fjárveiting til framhaldsskóla verði aukin um 450 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2004 lá fyrir að fjárveiting til framhaldsskóla væri vanáætluð. Bent var á þetta í umræðum um frumvarpið enda lágu gögn fyrir sem sýndu fram á það. Minna má t.d. á að stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýndi þessa vanáætlun nemenda. Í framhaldi af þessari vanáætlun ríkisstjórnarinnar, sem allir sáu nema hún, skapaðist vandræðaástand í þjóðfélaginu sl. sumar þegar margir nemendur gátu ekki fengið skólavist

vegna fjársveltis framhaldsskólanna. Þegar ljóst var að í fullt óefni var komið samþykktu stjórnvöld að setja meiri fjármuni til framhaldsskólanna svo hægt væri að taka á móti fleiri nemendum. Enn vantar þó um 200 millj. kr. til framhaldsskólanna á árinu til þess að þeir geti fjármagnað skólastarfið og mætt auknum fjölda nemenda. Svona vinnubrögð eru afleit. Auk þessa sitja framhaldsskólar eftir með óuppgerðan halla frá fyrri árum. Þetta er skýrt dæmi um að öll gögn lágu fyrir þegar fjárlög voru samþykkt á sl. ári, og ljóst var að vanáætlað væri en samt sem áður var ekkert gert fyrr en síðar og aukafjárveiting síðan sótt í fjáraukalagafrumvarpi.

Héraðsdómstólar.

Í frumvarpinu er kveðið á um aukningu á fjárveitingu til héraðsdómstóla um 35 millj. kr. Vanáætlun í fjárveitingum til héraðsdómstólanna er ekki eitthvað sem á að koma stjórnvöldum á óvart. Fulltrúar héraðsdómstólanna sendu erindi til fjárlaganefndar um að það fjármagn sem þeim væri ætlað í fjárlögum fyrir árið 2004 væri af svo skornum skammti að þeir gætu ekki haldið uppi eðlilegri málsmeðferð og vinnslu mála eins og þeim bæri skylda til lögum samkvæmt.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Í frumvarpinu er lögð til um 668 millj. kr. fjárveiting til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Draga má í efa að þessi upphæð dugi svo sjúkrahúsið geti staðið með eðlilegum hætti að þeirri þjónustu sem við viljum að það veiti. Fulltrúar sjúkrahússins bentu á við fjárlagagerðina sl. haust að þessa upphæð vantaði inn og reyndar gott betur til að endar næðu saman og haldið yrði óbreyttri þjónustu. Jafnframt bentu þeir á að fjárveitingar til reksturs spítalans á föstu verðlagi hafa nánast staðið í stað á árunum 1999–2004.

Sveitarfélög.

Fjárhagur margra sveitarfélaga hefur verið erfiður undanfarin ár. Mörg sveitarfélögin hafa verið rekin með halla frá 1990 en samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga bendir til að um 2,8 milljarða kr. halli verði á rekstri sveitarfélaganna árið 2003. Þá tók eftirlitsnefnd sveitarfélaga nýlega til sérstakrar athugunar reikningsskil 47 af 101 sveitarfélagi sem sent höfðu inn gögn. Í framhaldi af þeirri skoðun var ákveðið að skrifa 23 sveitarfélögum sérstaklega til að krefja þau um nánari skýringar. Skattabreytingar ríkisstjórnarinnar hafa jafnframt kostað sveitarfélögin stórfé. Fjölgun einkahlutafélaga hefur t.d. kostað sveitarfélögin 1.000–1.200 millj. kr. á ársgrundvelli. Verkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna án þess að tekjustofnar fylgdu á fjölmörgum sviðum.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í byrjun nóvember sl. var ítarlega gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og hvernig stöðugt hefði hallað á þau í samskiptum við ríkisvaldið. Var þar kynnt að sveitarfélögin mundu fara fram á 700–1.000 millj. kr. aukaframlag í ár til að létta stöðu sveitarfélaganna. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs munu leggja fram tillögu um að aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði 700 millj. kr. í stað 400 millj. kr. sem meiri hlutinn leggur til.

Í breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar er gerð tillaga um 400 millj. kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda, t.d. vegna fækkunar íbúa og erfiðra ytri aðstæðna. Félagsmálaráðherra mun ákveða úthlutun fjárins í samráði við ráðgjafarnefnd sjóðsins og að fengnum tillögum tekjustofnanefndar. Spurning er þó hvernig ríkisstjórnin og meiri hluti fjárlaganefndar komust að þeirri niðurstöðu að 400 millj. kr. væri sú upphæð sem til þyrfti því forustumenn

sveitarfélaganna höfðu kynnt þörf fyrir mun hærri upphæð. Fara þarf miklu betur yfir þetta mál, t.d. hvernig á að skipta þessum fjármunum. Jafnframt þarf að taka á þessum málum til framtíðar svo ekki þurfi að koma til svona björgunaraðgerða sem þó má velta fyrir sér hvort nægjanlegar eru. Það þarf að fara yfir tekjustofna sveitarfélaga.

Háskóli Íslands.

Beiðni hefur komið frá Háskóla Íslands um aukafjárveitingu upp á rúmar 223 millj. kr. Ástæðu beiðninnar má rekja til þess að skólinn hefur ekki fengið greitt fyrir alla nemendur. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt að standa vörð um Háskóla Íslands. Háskóli Íslands er langstærsta kennslu- og rannsóknastofnun landsins. Háskólinn er þjóðskóli og á sem slíkur að vera öllum opinn sem uppfylla skilyrði til að geta hafið nám við skólann. Stjórnvöld mega ekki þrengja svo að skólanum að hann verði að takmarka aðgang. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður því þessa beiðni Háskólans.

Opinberar framkvæmdir.

Vanda þarf betur kostnaðaráætlanir við verklegar framkvæmdir. Allt of oft er verið að samþykkja auknar fjárveitingar vegna framúrkeyrslu við opinberar framkvæmdir. Í frumvarpi til fjáraukalaga sem nú liggur fyrir er meðal annars óskað eftir auknum fjárveitingum vegna framkvæmda við Alþingishús, Gljúfrastein og Þjóðminjasafnið. Sérstaka athygli vekur fjárveiting til Þjóðminjasafns Íslands þar sem farið er fram á 20 millj. kr. aukafjárveitingu í tilefni af opnun safnsins. Fjárveiting er vegna uppsetninga á sýningum og vegna kynningarmála. Athygli vekur að ekki var gert ráð fyrir þessu í fjárlögum ársins. Það hlýtur að hafa legið fyrir að það hefði kostnað í för með sér að setja upp sýningu. Þetta er enn eitt dæmið um lélega áætlanagerð þar sem hlutirnir eru gerðir upp í fjáraukalögum.

Fleiri stofnanir og verkefni á vegum ríkisins búa við fjárskort vegna vanáætlunar útgjalda en fá hann ekki bættan í fjáraukalögum. Aftur virðist gæluverkefnum ríkisstjórnarinnar hampað, svo sem eflingu sérsveita lögreglunnar sem virðast á leið með að verða vísir að íslenskum her. Þá er aukið framlag um 100 millj. kr. til svokallaðra friðargæslustarfa sem er í raun hervæðing íslenskra ríkisborgara við hlið hersveita Bandaríkjamanna og Nató.

Breytt vinna við fjárlagagerð.

Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hefur flutningsmaður nefndarálits þessa tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs en þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd tæki þau mál til meðferðar og legði fram fjáraukalagafrumvarp sem yrði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum, eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um. Slíkt fyrirkomulag hefði t.d. komið sér vel síðastliðið vor svo hægt hefði verið að samþykkja auknar fjárveitingar til framhaldsskóla þannig að skólar hefðu strax getað svarað nemendum um það hvort þeir fengju skólavist. Í staðinn þurftu margir nemendur að bíða í óvissu um hvort þeir fengju skólavist eður ei.

Enn fremur hefur flutningsmaður lagt til að vinnunni við fjárlagagerðina verði breytt. Nú hefst undirbúningur að fjárlagavinnu hvers árs á fyrri hluta ársins á undan, þ.e. í apríl. Vegna þessa væri rétt að ríkisstjórnin legði fram frumvarp eða ramma að fjárlögum næsta árs fyrir þinglok og það yrði rætt áður en vorþingi lyki. Í raun yrði þar samþykktur ramminn sem unnið yrði eftir við undirbúning fjárlaga næsta árs. Eftir slíka meðferð þingsins gæti framkvæmdarvaldið síðan haldið áfram að undirbúa fjárlagafrumvarpið sem fjármálaráðherra legði síðan fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í upphafi haustþings. Með þessu móti væri frumvarpið og fjárlögin unnin í meiri samvinnu við Alþingi en nú er og á eðlilegri ábyrgð þess.

Pétur Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 18. nóv. 2004.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 29. september 2004.)
II. Fjárhagsstaða framhaldsskólanna. Minnisblað með athugasemdum og ábendingum Félag íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélag Íslands. (10. nóvember 2004.)

391. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	249,0	787,0	1.036,0

392. Fyrirspurn [346. mál]

til forsætisráðherra um nefnd um endurreisn urriðastofna Þingvallavatns.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað er að frétta af störfum nefndar sem Alþingi fól ríkisstjórninni 3. mars 1998 að skipa og gera átti tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns?

393. Fyrirspurn [347. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit við Ísland.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hafa mörg erlend olíufélög kynnt sér lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, og hafa einhver félög sótt um leyfi til olíu- og gasleitar í íslenskri lögsögu eftir gildistöku laganna? Ef svo er, hvaða félög og hver eru áform þeirra?
2. Hafa erlendir aðilar sýnt málinu áhuga án þess að sækja formlega um leyfi til leitar?
3. Eru lögin sambærileg við lög erlendra ríkja þar sem olíu- og gasleit eða vinnsla fer fram á landgrunni?
4. Hafa komið fram athugasemdir við fyrrnefnd lög? Ef svo er, hvaða athugasemdir helstar?
5. Hafa verið kannaðir möguleikar sem gerð er grein fyrir í niðurstöðum skýrslu Anthony George Doré frá júní 1998 en hann var óháður ráðgjafi starfshóps iðnaðarráðuneytisins um olíuleit?

Skriflegt svar óskast.

394. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „32.500 kr.“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.

Eins og áður er skráningargjaldinu ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum. Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3805/2003, sem varðaði gjaldtöku vegna inntökuprófa í læknadeild Háskóla Íslands, er bent á að af gildandi lögum um Háskóla Íslands eða lögskýringargögnum verði ekki ráðið að skráningargjaldið lúti beinlínis sömu lögmálum og þjónustugjald. Þannig komi fram í athugasemdum við frum-

varpið er varð að lögum nr. 41/1999 að gjaldið komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Þá segi þar að gjaldið sé bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og standi undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar megi sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum sé veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil þeirra, upplýsingar um námsferil sem sendar séu stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildarskrifstofa, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjafar og bókasafns, og afnot af tölvupósti og prenturum háskólans. Bendir umboðsmaður á að löggjafinn hafi ákveðið að nemendur greiði við skráningu til náms sérstakt gjald sem sæti breytingum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu er að finna yfirlit frá Háskóla Íslands yfir þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að ná til.

Ákvæði gildandi laga um skrásetningargjaldið er skýrt að því marki að ljóst er til hverra það nær og fjárhæðin er einnig ljós. Þegar fjárhæð gjalds er fastákveðin með þessum hætti og gjaldskylda er að öðru leyti skýr er að öðru jöfnu ekki ástæða til að gera greinarmun á því hvort um skatt eða þjónustugjald er að ræða. Hins vegar verður að gera kröfu til þess að skýrar gangi fram í lögunum sjálfum hversu oft gjaldið er kræft og á hvaða tímabilum þar sem lögin heimila sérstakt álag á gjaldið utan auglýstra skrásetningartímabila. Því gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að skýrt verði kveðið á um í 3. mgr. 13. gr. laganna að skrásetningargjaldið nái til heils skólaárs. Skólaárið er frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár og skiptist það í tvö kennslumissiri: haustmissiri frá 20. ágúst til 21. desember og vormissiri frá 7. janúar til 15. maí sem hefst í ágúst og lýkur í júní. Það leiðir til þess að hefji nemendur nám á vormissiri greiða þeir einungis helming skrásetningargjaldsins.

Lagt er til að frumvarp þetta, verði það að lögum, öðlist gildi 1. janúar 2005 í samræmi við gildistökudag fjárlaga 2005.

Fylgiskjal I.

Bókfærður kostnaður vegna skrásetningar og tengdrar þjónustu við stúdenta í Háskóla Íslands.

	Heildargjöld 2005 framreiknuð m.v. 2003 (í þús. kr.)	Gjald 2005 á hvern nemenda (m.v. 8.700 greiðendur)	Heildargjöld 2003 (í þús. kr.)
1. Skráning stúdenta í námskeið og próf			
– bókfærð gjöld, Nemendaskrá	24.412	2.806	22.854
– önnur gjöld (reiknuð), 20% af rekstri deildarskrifstofa	61.489	7.068	57.564
2. Nemendakerfi			
– bókfærð gjöld, nemendakerfi	24.234	2.786	22.687
3. Upplýsingamiðlun og námsráðgjöf			
– bókfærð gjöld, námskynningar og námsráðgjöf	27.129	3.118	25.397

	Heildargjöld 2005 framreiknuð m.v. 2003 (í þús. kr.)	Gjald 2005 á hvern nemenda (m.v. 8.700 greiðendur)	Heildargjöld 2003 (í þús. kr.)
4. Skipulag kennslu og prófa			
– bókfærð gjöld, prófgæsla	19.508	2.242	18.263
5. Framlög til samtaka og stofnana stúdenta			
– bókfærð gjöld 2003, framlag til SHÍ o.fl.	16.521	1.899	15.466
– bókfærð gjöld 2003, framlag til FS	38.139	4.384	35.704
– önnur gjöld reiknuð	9.998	1.149	9.360
6. Skrifstofa kennslusviðs			
– reiknuð gjöld 30% af rekstri skrifstofu kennslusviðs	7.559	869	7.076
7. Þjónusta Alþjóðaskrifstofu			
– bókfærð gjöld, Alþjóðaskrifstofa	31.479	3.618	29.469
8. Aðgangur að bókasafni og lesaðstöðu			
– bókfærð gjöld 2003, lesaðstaða í Þjóðarbókhlöðu	14.167	1.628	13.263
– önnur gjöld reiknuð, aðgangur að gögnum	12.017	1.381	11.250
9. Aðgangur að tölvum, prenturum o.fl.			
– bókfærð gjöld, rekstur tölvuvera	37.361	4.294	34.976
– önnur gjöld reiknuð 50% af alm. rekstri Reiknistofnunar	52.679	6.055	49.316
10. Aðstaða og stjórnun			
– reiknuð gjöld 12% af liðum 1–9	45.203	5.196	42.317
Samtals kostnaðarliðir skrásetningargjalds	**421.896**	**48.494**	**352.645**
– þar af sérstaklega bókfærð gjöld	232.950	26.776	218.079
– þar af reiknuð hlutdeild í öðrum bókfærðum gjöldum	188.945	21.718	176.883
Innheimt skrásetningargjöld 2003			**273.424**
– þar af til Félagsstofnunar stúdenta			35.704
Mismunur (kostnaðarliðir – innheimt 2003)			**79.221**

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári. Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005

byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og afli 100 m.kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.

395. Frumvarp til laga [349. mál]

um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „32.500 kr.“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.

Í athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, sagði að ákvæði um skrásetningargjaldið væri sambærilegt öðrum slíkum lagaákvæðum, svo sem ákvæði um efnisgjald í framhaldsskólalögum og ákvæði um skrásetningargjald í lögum um Háskóla Íslands.

Eftir að lögin frá 1997 um Kennaraháskóla Íslands tóku gildi voru samþykkt lög um Háskóla Íslands, nr. 41/1999 og lög um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, þar sem mun skýrar var kveðið á um það en áður til hvaða kostnaðar og þjónustuþátta skráningargjaldinu var ætlað að ná. Var skráningargjaldinu þannig ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu sem stúdentum yrði veitt á námstímanum. Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3805/2003, sem varðaði gjaldtöku vegna inntökuprófa í læknadeild Háskóla Íslands, var bent á að af gildandi lögum um Háskóla Íslands eða lögskýringargögnum yrði ekki ráið að skráningargjaldið lyti beinlínis sömu lögmálum og þjónustugjald. Þannig kæmi fram í athugasemdum við frumvarpið er varð að lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, að gjaldið kæmi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Þá segi þar að gjaldið sé bókkfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og standi undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar megi sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum sé veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil þeirra, upplýsingar um námsferil sem sendar séu stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildarskrifstofa, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjafar og bókasafns, og afnot af tölvupósti og prenturum háskólans. Bendir umboðsmaður á að löggjaf-

inn hafi ákveðið að nemendur greiði við skráningu til náms sérstakt gjald sem sæti breytingum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Skráningargjaldi nemenda í Kennaraháskóla Íslands er ætlað að mæta kostnaði við sambærilega þætti og í Háskóla Íslands, sbr. framangreint, og sama gildir um Háskólann á Akureyri. Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu er að finna yfirlit frá Kennaraháskólanum yfir þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að ná til.

Ákvæði gildandi laga um skrásetningargjaldið er skýrt að því marki að ljóst er til hverra það nær og fjárhæðin er einnig ljós. Þegar fjárhæð gjalds er fastákveðin með þessum hætti og gjaldskylda er að öðru leyti skýr er að öðru jöfnu ekki ástæða til að gera greinarmun á því, hvort um skatt eða þjónustugjald er að ræða. Hins vegar verður að gera kröfu til þess að skýrar gangi fram í lögunum sjálfum hversu oft gjaldið er kræft og á hvaða tímabilum. Sem skattlagningarheimild væri svigrúm stjórnvalda til að hafa áhrif á þessi atriði meira en kröfur til slíkra heimilda leyfa, og með því að fastbinda fjárhæðina verður ekki úr lögunum lesið hvaða kostnaðarliðum gjaldinu er ætlað að mæta ef litið er á það sem þjónustugjald. Af þeim sökum er sérstaklega brýnt að skilgreint sé með ótvíræðum hætti í lögunum sjálfum hvenær gjaldið er kræft, þ.e. bæði hversu oft og á hvaða tímabilum. Er hið síðarnefnda sérstaklega brýnt vegna þess álags sem lögin heimila að lagt sé á gjaldið utan auglýstra skrásetningartímabila. Því gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að skýrt verði kveðið á um í 2. mgr. 4. gr. laganna að skrásetningargjaldið nái til heils skólaárs. Skólaárið telst frá 1. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í haustmissiri, vormissiri og sumarönn. Í framkvæmd hefur skrásetningargjaldið í Kennaraháskóla Íslands ætíð verið miðað við 12 mánaða tímabil og ef nemendur stunda nám einungis hluta af því tímabili greiða þeir skrásetningargjaldið hlutfallslega í samræmi við það. Við það er miðað í frumvarpi þessu.

Lagt er til að frumvarp þetta, verði það að lögum, öðlist gildi 1. janúar 2005 í samræmi við gildistökudag fjárlaga 2005.

Fylgiskjal I.

Áætlaður kostnaður vegna skrásetningar og þjónustu við stúdenta í Kennaraháskóla Íslands skólaárið 2004–2005 sem ekki telst til kennslu. Miðað er við 2.300 skráða nemendur.

	Kostnaður á nemanda	Heildarkostnaður, verðlag 2004
Nemendaskrá, launakostnaður	9.191	21.140.000
Þróun nemendakerfis	1.087	2.500.000
Annar kostnaður við nemendaskrá	1.409	3.240.000
Auglýsingar um nám	261	600.000
Kennsluskrá, bæklingar og póstur	1.043	2.400.000
Námsráðgjöf og kynningar	3.235	7.440.000
Samtals nemendaskráning	**16.226**	**37.320.000**

	Kostnaður á nemanda	Heildarkostnaður, verðlag 2004
Vinna við mat á umsóknum um nám (inntökunefndir o.fl.)	435	1.000.000
Prófstjórn og prófgæsla	2.609	6.000.000
Prófdómarar	209	480.000
Prófgögn	209	480.000
Samtals kostnaður við próf	**3.461**	**6.960.000**
Alþjóðafulltrúi og upplýsingar um nám erlendis	2.191	5.040.000
Aðgangur að tölvubúnaði, netum og kerfisþjónustu	7.304	16.800.000
Aðgangur að bókasafni	5.217	12.000.000
Ljósrituð námsgögn til nemenda	835	1.920.000
Samtals ýmis þjónusta við nemendur	**15.548**	**35.760.000**
Samtals skilgreindur kostnaður KHÍ	**35.235**	**80.040.000**
12% álag vegna húsnæðis og yfirstjórnar	4.146	9.535.200
Samtals KHÍ	**39.381**	**89.575.200**
Hluti stúdentaráðs samkvæmt samningi um verkefni	5.800	13.920.000
Samtals	**45.181**	**103.495.200**

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári. Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og afli 24 m.kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.

396. Frumvarp til laga [350. mál]

um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „32.500 kr.“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.

Eins og áður er skráningargjaldinu ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu, sem stúdentum er veitt á námstímanum. Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3805/2003, sem varðaði gjaldtöku vegna inntökuprófa í læknadeild Háskóla Íslands, er bent á að af gildandi lögum um Háskóla Íslands eða lögskýringargögnum verði ekki ráðið að skráningargjaldið lúti beinlínis sömu lögmálum og þjónustugjald. Þannig komi fram í athugasemdum við frumvarpið er varð að lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, að gjaldið komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Sama gildir um skrásetningargjald samkvæmt lögum um Háskólann á Akureyri. Í athugasemdum við frumvarpið er varð að lögum nr. 40/1999 var fjallað um gjaldið. Bent var á að það væri bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og stæði undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar mætti sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum væri veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil þeirra, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini, þjónustu stúdentaskrár, deildarskrifstofa, alþjóðaskrifstofu, námsráðgjafar og bókasafns, og afnot af tölvum og prenturum háskólans. Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu er að finna yfirlit frá Háskólanum á Akureyri yfir þá þjónustu sem skrásetningargjaldinu er ætlað að ná til.

Ákvæði gildandi laga um skrásetningargjaldið er skýrt að því marki að ljóst er til hverra það nær og fjárhæðin er einnig ljós. Þegar fjárhæð gjalds er fastákveðin með þessum hætti og gjaldskylda er að öðru leyti skýr er að öðru jöfnu ekki ástæða til að gera greinarmun á því, hvort um skatt eða þjónustugjald er að ræða. Hins vegar verður að gera kröfu til þess að skýrar gangi fram í lögunum sjálfum hversu oft gjaldið er kræft og á hvaða tímabilum. Sem skattlagningarheimild væri svigrúm stjórnvalda til að hafa áhrif á þessi atriði meira en kröfur til slíkra heimilda leyfa, og með því að fastbinda fjárhæðina verður ekki úr lögunum lesið hvaða kostnaðarliðum gjaldinu er ætlað að mæta ef litið er á það sem þjónustugjald. Af þeim sökum er sérstaklega brýnt að skilgreint sé með ótvíræðum hætti í lögunum sjálfum hvenær gjaldið er kræft, þ.e. bæði hversu oft og á hvaða tímabilum. Er hið síðarnefnda sérstaklega

brýnt vegna þess álags sem lögin heimila að lagt sé á gjaldið utan auglýstra skrásetningartímabila. Því gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að skýrt verði kveðið á um í 2. mgr. 4. gr. laganna að skrásetningargjaldið nái til heils skólaárs. Skólaárið er frá 1. júlí til jafnlengdar næsta árs og skiptist það í tvö kennslumissiri: haustmissiri frá 9. ágúst til 20. desember og vormissiri frá 3. janúar til 13. maí. Það leiðir til þess að hefji nemendur nám á vormissiri greiða þeir einungis helming skrásetningargjaldsins.

Lagt er til að frumvarp þetta, verði það að lögum, öðlist gildi 1. janúar 2005 í samræmi við gildistökudag fjárlaga 2005.

Fylgiskjal I.

Áætlaður kostnaður vegna skráningar og tengdrar þjónustu við nemendur Háskólans á Akureyri. Miðað er við 1.550 skráða nemendur.

	Heildarkostnaður, verðlag 2004	Kostnaður á nemanda
Kynning:		
Námskynningar	600.000	387
Auglýsingar	1.375.000	887
Skráning:		
Vefumsjón	150.000	97
Kennslusvið – námsráðgjöf, afgreiðsla, skrifstofustjórar deilda	12.750.000	8.226
Aðgangur að bókasafni	7.250.000	4.677
Ýmis þjónusta:		
Skráningarkerfi	5.000.000	3.226
Vottorð	600.000	387
Útsend gögn	1.000.000	645
Velgengnisvika	500.000	323
Skírteini og aðgangskort	1.550.000	1.000

	Heildarkostnaður, verðlag 2004	Kostnaður á nemanda
Aðgangur að tölvukerfi	14.791.429	9.543
Alþjóðasvið	1.900.000	1.226
Samtals	**47.466.429**	**30.624**
Yfirstjórn og húsnæði 20% (12%)	5.695.971	3.675
Samtals kostnaður Háskólans	**53.162.400**	**34.298**
Hlutdeild FÉSTA/nemenda (23%)	16.042.000	10.350
Samtals	**69.204.400**	**44.648**
3% verðlagshækkun	2.076.132	1.339
Samtals á verðlagi ársins 2005	**71.280.532**	**45.987**

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári. Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og afli 16 m.kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.

397. Svar [202. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um grunnlínukerfi símans.

1. *Hvert er talið söluandvirði grunnlínukerfis símans á markaði nú og hversu hátt hlutfall er það talið vera af söluandvirði Landssíma Íslands hf.?*

Í tengslum við fyrirhugaða sölu ríkisins á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að láta vinna faglegt verðmat á fyrirtækinu. Stendur sú vinna enn yfir og mun endanleg niðurstaða ekki liggja fyrir fyrr en skömmu áður en sala hlutabréfa hefst. Verðmatinu er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir ríkið við söluákvarðanir. Niðurstaða verðmats mun því ekki verða gerð opinber, a.m.k. ekki fyrr en eftir sölu fyrirtækisins.

Ekki kemur fram í fyrirspurninni hvað átt er við með hugtakinu „grunnlínukerfi“. Í svari þessu er miðað við eftirfarandi skilgreiningu og eru hugtökin grunnlínukerfi og grunnnet notuð jöfnum höndum. Er jafnframt bent á skýrslu um sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands.[1]

Grunnnet:
Tengingar milli staða, hvort sem um er að ræða kopar, ljósleiðara eða örbylgju. Við þessar tengingar má tengja virkan búnað, en hann er almennt ekki talinn hluti grunnnetsins. Til þessara tenginga teljast einnig heimtaugar. Til grunnnetsins telst einnig „ómissandi aðstaða“, þ.e. sú aðstaða sem þarf til að hýsa virkan búnað, þ.m.t. aðstaða til að hýsa radíóbúnað fyrir farsímaþjónustu. Til grunnnetsins teljast einnig tilheyrandi upplýsinga- og stjórnunarkerfi. Til grunnnets telst ekki virkur búnaður, svo sem símstöðvar og radíóbúnaður til GSM/NMT.

Í umræddu verðmati verður leitast við að verðmeta grunnlínukerfið sem hluta af heildarmati á verðmæti fyrirtækisins. Mat á þessum þætti er þó háð mörgum forsendum. Sem kunnugt er hafa fleiri fyrirtæki en Síminn á undanförnum árum byggt upp grunnet á ýmsum stöðum, einkum þó á höfuðborgarsvæðinu. Í fyrsta lagi er það óvissu háð hversu mikilla viðskipta grunnnet Símans mun njóta í þeirri samkeppni sem framundan er á næstu árum. Í öðru lagi ríkir mikil óvissa um tæknilega uppbyggingu grunnnetsins. Allt stefnir í að tölva, sími og sjónvarp renni í eitt og má sjá merki þess nú þegar. Bæði Landssíminn og Og Vodafone hafa stigið skref í þá átt að samtengja síma og sjónvarp. Því hefur jafnframt verið spáð að tal verði í framtíðinni flutt yfir ljósleiðara á sama hátt og xDSL. Loks er grunnlínukerfið háð því hvernig uppbygging annarra fjarskiptafyrirtækja á ljósleiðarakerfum verður.

Með hliðsjón af framansögðu er afar erfitt að meta fyrir fram nákvæmt söluandvirði grunnlínukerfis Símans kæmi til aðskilnaðar, eða hversu hátt hlutfall það yrði af söluandvirði Landssíma Íslands hf.

2. *Hefur verið athugað hvort gerlegt sé fyrir ríkið að selja Landssíma Íslands hf. án grunnlínukerfisins og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?*

Tæknilega ætti að vera mögulegt að selja Símann án grunnlínukerfisins. Spurningin er hins vegar sú hvort slíkt sé æskilegt. Í höfuðdráttum má segja að þrennt komi þar til álita: Í fyrsta lagi hvort það sé fjárhagslega skynsamlegt fyrir ríkið, í öðru lagi til hagsbóta fyrir þróun og uppbyggingu grunnets fjarskipta á landinu og í þriðja lagi nauðsynlegt fyrir samkeppnisumhverfi fjarskiptamarkaðarins.

Hvað varðar hagsmuni ríkisins og það markmið að fá sem hæst verð fyrir hlutabréf í fyrirtækinu, mundi aðskilnaður grunnnets frá Símanum skapa aukna óvissu um söluna á fyrirtækinu. Við slíkar aðstæður mundi ávöxtunarkrafa á fjárfestingu í Símanum hækka. Einn helsti kostur Símans sem fjárfestingarkosts er hversu stöðug og góð afkoma félagsins hefur verið. Við stöðugar aðstæður er fyrirtæki jafnan álitlegri fjárfestingarkostur en ella. Veruleg breyting á uppbyggingu fyrirtækisins mundi leiða til meiri óvissu meðal mögulegra fjárfesta, valda hækkun á ávöxtunarkröfu þess og þar með lækka verð fyrirtækisins.

---

[1] Skýrsla um sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf., Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, 2001 – 5. kafli.

Varðandi þróun, uppbyggingu og rekstur grunnnetsins má á það benda að við undirbúning sölu Símans árið 2001 fór fram ítarleg umræða um hugsanlegan aðskilnað grunnnetsins frá Símanum. Það var niðurstaða ríkisstjórnarinnar á þeim tíma að ekki væri skynsamlegt að fara þá leið. Meðal annars var stuðst við álit sérfræðinga á sviði fjarskiptatækni sem lesa má um í áðurnefndri skýrslu einkavæðingarnefndar.

Helstu röksemdir sem settar voru fram í skýrslunni voru þær að betri nýting á bandbreidd grunnnetsins væru eitt af meginmarkmiðum rekstraraðila grunnflutningskerfisins, sérstaklega þegar til lengri tíma væri litið. Væri það álit margra aðila sem stunduðu rannsóknir og þróun á sviði fjarskiptatækni að í grunnneti framtíðarinnar mundi sem dæmi grunnflutningskerfið og ATM- umferðarstjórnunarkerfi sameinast í einu kerfi sem allir aðrir hlutar fjarskiptakerfisins mundu tengjast við. Til að slík endurskipulagning og innleiðing nýrrar tækni því samfara yrði sem auðveldust væri aðskilnaður grunnflutningskerfisins frá umferðarstjórnunarkerfunum óæskilegur. Til að mynda gætu símtöl verið flutt eftir mismunandi kerfum, þ.e. á ATM, milli svæðisstöðva í gegnum ljósleiðara eða innan sama svæðis. Ef grunnlínukerfið yrði aðskilið frá öðrum þáttum rekstrarins yrði að skilgreina sérstaklega hvernig þessir flutningar færu fram. Hefði það í för með sér aukinn kostnað innan kerfisins, m.a. í fjárfestingu í búnaði. Þá fjárfestingu og viðbótarkostnað við rekstur yrðu neytendur að greiða. Í samkeppnisumhverfi mætti svo gera ráð fyrir að það leiddi til þess að önnur fjarskiptafyrirtæki hæfu sjálf uppbyggingu á grunnnetum til að komast hjá þessum aukakostnaði.

Í skýrslunni var þess jafnframt getið að hvað rekstur og þróun varðaði væru miklar líkur á að aðskilnaður frá annarri starfsemi drægi úr hvata til framfara og tækninýjunga. Fyrirtæki um grunnnetið (ríkisstofnun eða hlutafélag í eigu ríkis) þyrfti að standa undir fjárfestingum vegna tæknilegrar uppbyggingar. Í skýrslunni er lýst efasemdum um að slíkt félag hefði nægjanlegan hvata til tæknilegrar uppbyggingar og þróunar þjónustu.

Frá þeim tíma þegar þessi umræða átti sér stað hefur ekkert það komið fram sem styður að skynsamlegra sé að skilja grunnlínukerfið frá Símanum núna en fyrir þremur árum, nema síður sé. Á undanförnum árum hefur samkeppni aukist á sviði fjarskipta, ekki einungis í hefðbundinni símþjónustu og gagnaflutningum, heldur einnig með uppbyggingu annarra fyrirtækja á grunnneti á afmörkuðum landsvæðum, einkum þó í þéttbýli. Á sama tíma ber Síminn svokallaða alþjónustukvöð, sem m.a. felur í sér að hann standi að uppbyggingu viðhaldi og rekstri grunnnets á strjálbýlum landsvæðum þar sem síður er arðbært að standa að slíkum rekstri og uppbyggingu.

Hvað samkeppni varðar tryggir lagalegt umhverfi samkeppnisaðilum Landssímans greiðan aðgang að grunnkerfinu á sama verði og Landsíminn greiðir. Í leyfisbréfi fyrirtækisins er mælt fyrir um sérstaka aðgreiningu í bókhaldi og mynda stofnlínukerfið og notendalínukerfið fjárhagslega sjálfstæðar einingar bæði hvað varðar efnahag og rekstur og því er í raun um rekstrarlega skiptingu að ræða sem tryggir fjárhagslegan aðskilnað. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði rekstrarleyfishafa á grundvelli laga nr. 81/2003 og reglugerðar nr. 641/2000, um alþjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu hefur ekkert það komið fram sem knýr á um skilja grunnlínukerfið frá Símanum nú.

3. *Hefur verið athugað hvort ríkið geti notið tekna af grunnlínukerfinu eftir aðskilnað frá Landssíma Íslands hf. og ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar?*

Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvort ríkið geti notið tekna af grunnlínukerfinu ef aðskilnaður frá Landssíma Íslands hf. yrði að veruleika. Ljóst er hins vegar að ef til þess kæmi þyrfti ríkið sjálft að eiga félagið. Niðurstöður um tekjur væru háðar þeim forsendum

sem menn gefa sér um uppbyggingu kerfisins til næstu ára, svo sem um uppbyggingu á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, en tekjurnar væru einnig háðar því hvernig slíku fyrirtæki reiddi af í samkeppni við önnur félög er reka grunnlínukerfi. Væri kerfið skilið frá Símanum fengist heldur engin trygging þess að Síminn keypti þjónustu af slíku fyrirtæki.

Þá er rétt að geta þess að tilskipanir ESB og íslensk lög gætu sett skorður við eignarhaldi ríkisins, án þess að það hafi verið kannað sérstaklega. Ljóst er hins vegar að útilokað er að veita ríkinu eða einhverjum aðila einkarétt á grunnetsþjónustu fjarskipta. Grunnnetsþjónusta í eigu ríkisins, sem stofnuð væri á grunni grunnets Símans, yrði á einhvern hátt í samkeppni við aðra markaðsaðila á grunnnetsmarkaðnum, nú aðallega Orkuveitu Reykjavíkur og Fjarska.

Með framangreindum fyrirvörum má gera ráð fyrir að tekjur af aðskildu grunnlínukerfi væru sambærilegar því sem nú gerist þar sem bókhald kerfisins er þegar aðskilið öðrum þáttum Símans. Líkur eru þó á því að kostnaður kerfisins með þessu fyrirkomulagi yrði meiri væri sérstakt félag stofnað utan um grunnlínukerfið.

398. Svar [312. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um leyfilegan meðafla botnfisks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið af leyfilegum meðafla botnfisks reiknast ekki til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu? Beðið er um upplýsingar fyrir tímabilið frá 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.*
2. *Hvernig skiptist þessi afli á milli fisktegunda?*
3. *Úr hvaða veiðarfærum hefur aflinn komið og hvernig skiptist hann á milli veiðarfæra?*
4. *Hve mikil söluverðmæti hafa borist á land af hverri fisktegund frá 1. febrúar 2002?*
5. *Hve mikil heildarverðmæti hafa borist á land?*

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu vegna þessarar fyrirspurnar og fylgir hér svarbréf Fiskistofu frá 17. nóvember ásamt viðeigandi töflum.

Í svari þessu eru veittar upplýsingar um leyfilegan meðafla botnfisks á tímabilinu 1. nóvember 2003–1. nóvember 2004 og um verðmæti leyfilegs meðafla á tímabilinu 1. febrúar 2002–31. ágúst 2004.

1. Afli sem reiknaðist ekki til aflamarks vegna framangreindrar reglu á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004 nam 1.737.309 kg miðað við slægðan botnfisk annan en karfa og óslægðan karfa.
2. Í töflu 1 kemur fram tegundaskipting afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“ á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.
3. Í töflu 1 kemur fram veiðarfæraskipting afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“ á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.
4. Verðmæti afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“ á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2004 per fisktegund kemur fram í töflu 2. (Ekki eru tiltækar upplýsingar um verðmæti þessa afla nema til 31. ágúst 2004.)

5. Heildarverðmæti afla íslenskra skipa á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2004 var 188.556 millj. kr.

Eins og sjá má með samanburði á töflum 1 og 2 hafa útgerðaraðilar landað afla nokkurra tegunda utan aflamarks sem afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“. Andvirði þessa afla hefur farið í sama farveg og afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“. Alls var magn þessa „gjafaafla“ 8.214 kg að verðmæti 400.289 kr.

Tafla 1. – Tegunda- og veiðarfæraskipting afla sem undanþeginn er aflamarki samkvæmt svonefndri 5%-reglu á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004. Afli í kg upp úr sjó (óslægður) samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum. (Fiskistofa 17. nóvember 2004.)

Veiðarfæri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi / Gullkarfi	Langa	Keila	Steinbítur	Skötuselur	Skarkoli	Þykkvalúra/ Sólkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra
Lína	176.147	16.952	540	3.861	72.291	64.122	3.699	1	77				
Net	738.577	28.949	32.830	1.853	11.438	1.109	1.047	6.875	6.447	5			20
Handfæri	1.480		547	342	61	147	130						
Dragnót 135 mm	633.172	69.090	15.944	1.442	421		8.431	347	61.098	64	779	275	
Botnvarpa	17.206	23.666	457	8.467		23	420		5.097	3		41	9
Humarvarpa	12.522	62	119		20						210		
Grásleppunet	11.515		167				13		2.470				
Rauðmaganet	1.892												
Skötuselsnet	4.387	173	39		1.820		63	4.020	27	5			
Samtals	**1.596.898**	**138.892**	**50.643**	**15.965**	**86.051**	**65.401**	**13.803**	**11.243**	**75.216**	**77**	**989**	**316**	**29**

Magn afla sem undanþeginn er aflamarki samkvæmt svonefndri 5%-reglu miðað við útreikning til aflamarks. (Magn í kg.)

Veiðarfæri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi / Gullkarfi	Langa	Keila	Steinbítur	Skötuselur	Skarkoli	Þykkvalúra/ Sólkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra
Lína	147.963	14.240	454	3.861	57.833	57.710	3.329	1	71	0	0	0	0
Net	620.405	24.317	27.577	1.853	9.150	998	942	6.188	5.931	5	0	0	18
Handfæri	1.243	0	459	342	49	132	117	0	0	0	0	0	0
Dragnót 135 mm	531.864	58.036	13.393	1.442	337	0	7.588	312	56.210	59	717	253	0
Botnvarpa	14.453	19.879	384	8.467	0	21	378	0	4.689	3	0	38	8
Humarvarpa	10.518	52	100	0	16	0	0	0	0	0	193	0	0
Grásleppunet	9.673	0	140	0	0	0	12	0	2.272	0	0	0	0
Rauðmaganet	1.589	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skötuselsnet	3.685	145	33	0	1.456	0	57	3.618	25	5	0	0	0
Samtals	**1.341.394**	**116.669**	**42.540**	**15.965**	**68.841**	**58.861**	**12.423**	**10.119**	**69.199**	**71**	**910**	**291**	**27**

Tafla 2. – Magn og verðmæti afla sem undanþeginn er aflamarki skv. svonefndri 5%-reglu á tímabilinu 1. febrúar 2002–31. ágúst 2004. Afli í kg upp úr sjó (óslægður). Verðmæti í kr. samkvæmt upplýsingum frá kaupendum aflans. (Fiskistofa 17. nóvember 2004.)

Teg. nr.	Fisktegund	Magn	Verðmæti
1	Þorskur	3.518.174	373.630.385
2	Ýsa	728.497	44.358.638
3	Ufsi	153.085	5.092.775
4	Lýsa	901	10.434
5	Karfi / Gullkarfi	136.906	7.082.680

Teg. nr.	Fisktegund	Magn	Verðmæti
6	Langa	100.176	6.160.494
7	Blálanga	166	5.151
8	Keila	79.926	3.061.985
9	Steinbítur	19.856	1.423.328
12	Tindaskata	1.438	13.466
13	Hlýri	73	6.734
14	Skötuselur	15.550	1.842.510
15	Skata	99	9.539
20	„Ósundurliðað“	882	85.135
21	Lúða	404	94.428
22	Grálúða	165	25.592
23	Skarkoli	185.265	25.116.064
24	Þykkvalúra/Sólkoli	721	126.960
25	Langlúra	9.366	491.701
26	Stórkjafta/Öfugkjafta	315	11.156
27	Sandkoli	1.680	40.656
28	Skrápflúra	5.463	98.561
30	Síld	239	4.790
33	Spærlingur	18	18
40	Humar/Leturhumar	359	29.790
48	Hrognkelsi	1.800	90.612
60	Litli karfi	1.307	12.809
61	Djúpkarfi	47.682	2.176.969
86	Náskata	8	35
950	Grásleppuhrogn	40	600
	Samtals	**5.010.561**	**471.103.995**

399. Svar [132. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldskrá leikskóla.

1. *Er ráðherra þeirrar skoðunar að giftir foreldrar og foreldrar í sambúð standi undir niðurgreiðslum til þeirra sem greiða lægri leikskólagjöld og um sé að ræða ólögmæta gjaldtöku?*

Leikskólagjöld standa einungis undir hluta kostnaðar sveitarfélaga við rekstur leikskóla. Að öðru leyti er reksturinn fjármagnaður af útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags og má því segja að allir foreldrar njóti niðurgreiðslu á leikskólagjöldum. Engin rök hníga að því að sveitarfélögum sé óheimilt að veita til dæmis einstæðum foreldrum og námsmönnum meiri afslátt samkvæmt gjaldskrá en öðrum foreldrum. Jafnframt er afar hæpið að fullyrða að slík niðurgreiðsla bitni á foreldrum annarra leikskólabarna, eða að hjón eða sambúðarfólk standi undir niðurgreiðslum til barna einstæðra foreldra, þótt niðurgreiðsla til annarra hópa sé minni en til þeirra sem mestrar niðurgreiðslu njóta, vegna félagslegra aðstæðna.

2. *Er ráðherra sammála þeim sjónarmiðum að gjaldskráin verði leiðrétt og sama gjald verði fyrir öll börn, en niðurgreiðslan komi af skattfé?*

Vekja má athygli á að í skýrslu forsætisráðuneytis um fátækt hér á landi, sem birt var vorið 2004, kemur fram að einstæðir foreldrar hafa umtalsvert lægri tekjur en hjón og sambúðarfólk. Má hér nefna að tekjur einstæðra foreldra árið 2002 voru meira en helmingi lægri en tekjur hjóna og sambúðarfólks í öllum tekjuflokkum. Einstæðir foreldrar hafa enn fremur lægri tekjur en einhleypir. Gera má ráð fyrir að sveitarfélögin bjóði börnum einstæðra foreldra leikskóladvöl gegn lægra gjaldi í ljósi þess að foreldrar þeirra hafa almennt minna fé til ráðstöfunar en börn hjóna og sambúðarfólks. Þarna er því leitast við að tryggja að öll börn eigi kost á að sækja leikskóla án tillits til hjúskaparstöðu foreldra. Erfitt er að koma auga á einfaldari leið í framkvæmd til að tryggja þetta miðað við rekstrarumhverfi leikskólanna.

Þó mætti hugsa sér að veita tekjulágum foreldrum afslátt á leikskólagjöld þannig að litið sé til tekna, ekki hjúskaparstöðu. Tekjulágum hjónum kann líkt og tekjulágum einstæðum foreldrum að reynast erfitt að greiða leikskólagjöld, ekki síst þegar fleiri en eitt barn er á leikskóla. Rétt er að benda á að mörg sveitarfélög veita systkinaafslátt.

3. *Er sambærilegur mismunur hjá stærstu sveitarfélögum á gjaldskrá eftir tekju- eða hjúskaparstöðu? Ef svo er ekki, er óskað samanburðar á gjaldskrám stærstu sveitarfélaganna.*

Tafla 1 sýnir gjald það sem greitt er fyrir mánaðardvöl barns á leikskóla. Miðað er við átta tíma á dag og er morgunverður, hádegisverður og síðdegishressing innifalin í gjaldinu. Upplýsinga var aflað frá sveitarfélögum með fimm þúsund íbúa og fleiri. Eins og sést er alls staðar munur á því gjaldi sem hjón og sambúðarfólk greiða annars vegar og því sem einstæðir foreldrar greiða. Í Reykjavík er munurinn mestur, þar greiða einstæðir 52% af því gjaldi sem hjón og sambúðarfólk greiðir. Í Reykjanesbæ er munurinn minnstur, þar greiða einstæðir foreldrar 81% af því gjaldi sem hjón greiða.

Tafla 1. Gjald fyrir mánaðardvöl barns á leikskóla.

Sveitarfélag	Einstæðir foreldrar	Námsmenn	Hjón/sambúð
Reykjavíkurborg	14.400 kr.	21.100 kr.	27.900 kr.
Kópavogsbær	19.264 kr.	19.264 kr.	27.488 kr.
Garðabær	19.250 kr.	19.250 kr.	26.172 kr.
Hafnarfjarðarkaupstaður	16.384 kr.	16.384 kr.	25.032 kr.
Mosfellsbær	17.680 kr.	17.680 kr.	26.800 kr.
Reykjanesbær	21.800 kr.	21.800 kr.	27.000 kr.
Akraneskaupstaður	17.009 kr.	17.009 kr.	22.553 kr.
Akureyrarkaupstaður	16.107 kr.	21.661 kr.	27.215 kr.
Sveitarfélagið Árborg	17.487 kr.	17.487 kr.	24.935 kr.

4. *Hversu mikil er niðurgreiðsla leikskólagjalda árlega, annars vegar fyrir þá sem njóta hennar og hins vegar miðað við útgjöld stærstu sveitarfélaganna?*

Tafla 2 sýnir útgjöld til reksturs leikskóla umfram tekjur árin 2002 og 2003 ásamt hlutfalli þeirra af heildarútgjöldum sveitarfélaga, annars vegar á landinu öllu og hins vegar hjá sveitarfélögum með yfir fimm þúsund íbúa.

Tafla 2. Útgjöld til reksturs leikskóla að frádregnum tekjum.

	Útgjöld til reksturs leikskóla að frádregnum tekjum		Útgjöld til reksturs leikskóla að frádregnum tekjum í hlutfalli við heildarútgjöld	
	2002	2003	2002	2003
Landið allt	8.421.758	8.846.599	9,7%	9,2%
Reykjavíkurborg	3.463.433	3.526.513	10,4%	9,8%
Kópavogsbær	786.646	933.605	12,1%	12,6%
Garðabær	255.282	291.469	10,8%	10,5%
Hafnarfjarðarbær	733.246	718.396	14,0%	11,1%
Mosfellsbær	189.462	190.285	10,8%	9,9%
Reykjanesbær	332.178	335.886	10,4%	10,5%
Akraneskaupstaður	134.990	133.442	9,1%	7,7%
Akureyrarbær	454.078	456.525	8,5%	8,2%
Sveitarfélagið Árborg	165.366	192.341	9,8%	9,6%

400. Frumvarp til laga [351. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Orðin „og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru“ í 1. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

9. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „Þessir aðilar greiða hvorki tekjuskatt né eignarskatt“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt.

5. gr.

Orðin „og eignarskattur“ í 5. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Í stað orðsins „skattskyld“ í 3. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: framtalsskyld.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Orðin „og eignarskattur af sameiginlegum eignarskattsstofni“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Orðin „og eignarskatt“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „25,75%“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 21,75%.
b. Í stað „93.325“ í 2. mgr. kemur: 100.745.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað „329.948“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 356.180.
b. Orðin „og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu“ í 1. málsl. 2. mgr. A-liðar falla brott.
c. Orðin „og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu eignarskatts hans á álagningarárinu“ í 3. málsl. 2. mgr. A-liðar falla brott.
d. Í stað „746“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar kemur: 768.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað „36.308“ í 3. mgr. A-liðar kemur: 56.096.
b. Í stað „123.254“, „146.713“, „205.288“, „210.584“, „1.444.139“ og „722.070“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 139.647, 166.226, 232.591, 238.592, 2.231.195, og: 1.115.598.
c. Í stað „3%“, „7%“ og „9%“ í 5. málsl. 4. mgr. A-liðar kemur: 2%, 6%, og: 8%.
d. Í stað „5,5%“ í 1. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 5%.
e. Í stað „480.371“, „630.626“ og „780.878“ í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 494.782, 649.544, og: 804.304.
f. Í stað „3.613.148“, „5.989.414“, „164.603“, „211.691“, „272.206“ og „600“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 3.721.542, 6.169.097, 169.541, 218.042, 280.372, og: 618.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Til skattskyldra eigna skal telja“ kemur: Framtalsskyldar eignir eru.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Framtalsskyldar eignir.*

12. gr.

Í stað orðsins „skattskyldra“ í 1. málsl. 73. gr. laganna kemur: framtalsskyldra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Á framtali skal gera grein fyrir skuldum skattaðila.
b. Orðin „eða hreina eign“ í 4. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. 2. mgr. orðast svo:

Til skulda aðila sem um ræðir í 4. tölul. 3. gr. má einungis telja skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

d. 3. mgr. orðast svo:

Til skulda aðila sem um ræðir í 5.–8. tölul. 3. gr. má einungis telja skuldir sem á eignum þessum hvíla.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Skuldir.

14. gr.

76. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

77. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Framtalsskyldar eignir og skuldir skal miða við eignir og skuldir skattaðila í árslok.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tímaviðmiðun framtalsskyldu.*

17. gr.

79. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., svo og karl og kona sem óskað hafa samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. og einstaklingar í staðfestri samvist, skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

19. gr.

2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 81. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Í stað „4.838.000“ hvarvetna í 82. og 83. gr. laganna kemur: 4.983.140.

21. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna verður: **Eignir og skuldir.**

22. gr.

Í stað orðanna „Tekju- og eignarskattur“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: Tekjuskattur.

23. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 95. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Við 97. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fari fram rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila reiknast heimild til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 4. málsl., svohljóðandi: Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri í stað auglýsingar skv. 3. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi og birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá.
b. Orðin „og eignarskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

26. gr.

Orðin „eða eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 109. gr. laganna falla brott.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar, og eignarskattur hvers gjaldanda“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum hvers gjaldanda, sbr. þó 4. mgr.
b. Í stað orðanna „tekju- og eignarskatti“ í 7. mgr. kemur: tekjuskatti.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tekju- eða eignarskatts“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tekjuskatts.
b. Orðin „og eignarskatti“ í 2. mgr. falla brott.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á sköttum erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sama skattstofni bæði á Íslandi og erlendis.

b. Orðin „og eignir“, „og eignum“ og „og eignarskatt“ í 5. mgr. falla brott.

30. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um tekjuskatt.**

31. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (XII.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna skal tekjuskattur reiknast með eftirfarandi hætti við staðgreiðslu á árunum 2004, 2005 og 2006 og álagningu tekjuskatts á árunum 2005, 2006 og 2007 vegna tekna áranna 2004, 2005 og 2006:

1. Við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2005 vegna tekna ársins 2004 skal tekjuskattur reiknast 25,75% af tekjuskattsstofni.
2. Við staðgreiðslu á árinu 2005 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 skal tekjuskattur reiknast 24,75% af tekjuskattsstofni.
3. Við staðgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006 skal tekjuskattur reiknast 23,75% af tekjuskattsstofni.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 66. gr. laganna skal tekjuskattur reiknast með eftirfarandi hætti við staðgreiðslu á árunum 2004, 2005 og 2006 og við álagningu tekjuskatts á árunum 2005, 2006 og 2007 vegna tekna áranna 2004, 2005 og 2006:

1. Við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2005 vegna tekna ársins 2004 skal tekjuskattur af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 64. gr. vera 4% af tekjum umfram 93.325 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.
2. Við staðgreiðslu á árinu 2005 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 skal tekjuskattur af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 64. gr. vera 4% af tekjum umfram 96.125 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.
3. Við staðgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006 skal tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 64. gr. vera 4% af tekjum umfram 98.528 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

b. (XIII.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna skal persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 66. gr., vera með eftirfarandi hætti við staðgreiðslu á árunum 2004, 2005 og 2006 og álagningu tekjuskatts á árunum 2005, 2006 og 2007 vegna tekna áranna 2004, 2005 og 2006:

1. Við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2005 vegna tekna ársins 2004 skal persónuafsláttur manna vera kr. 329.948.
2. Við staðgreiðslu á árinu 2005 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 skal persónuafsláttur manna vera kr. 339.846.
3. Við staðgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006 skal persónuafsláttur manna vera kr. 348.343.

c. (XIV.)

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarfjárhæð, sem þar er tilgreind, vera 37.397 við ákvörðun barnabóta á árinu 2005 og 46.747 við ákvörðun barnabóta á árinu 2006.
2. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar vera: 126.952, 151.114, 211.447, 216.902, 1.487.463 og 743.732 við ákvörðun barnabóta á árinu 2005 og 139.647, 166.226, 232.591, 238.592, 1.859.329 og 929.665 við ákvörðun barnabóta á árinu 2006.

d. (XV.)

Vaxtabætur við álagningu á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004 skulu vera 95% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna.

II. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 262. gr. laganna kemur: 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 18/1959, um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, með síðari breytingum.

33. gr.

Orðin „öðrum en eignarskatti“ í 2. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, með síðari breytingum.

34. gr.

Í stað orðanna „tekju- og eignarskattur“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: tekjuskattur.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tekju- og eignarskattur“ kemur: tekjuskattur.
b. Í stað orðanna „1. málsl. 1. mgr. í 32. gr. laga nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt“ kemur: 1. málsl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

36. gr.

Í stað orðanna „tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi“ í 5. gr. laganna kemur: tekjuskatti.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 59/1972, um getraunir, með síðari breytingum.

37. gr.

Orðin „öðrum en eignarskatti“ í 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

38. gr.

Orðin „öðrum en eignarskatti“ í 4. gr. laganna falla brott.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, með síðari breytingum.

39. gr.

Orðin „öðrum en eignarskatti“ í 4. gr. laganna falla brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með síðari breytingum.

40. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. og 2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

41. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og eignarskatt af öllum eignum sínum hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 1. mgr. kemur: í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt.
b. Í stað „laga nr. 75/1981“ í 4. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

43. gr.

Orðin „og eigna“ og „og eignir“ í 2. gr. laganna falla brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað „2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 5. tölul. 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. mgr. kemur: 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 5. tölul. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað „eignarskattsstofni“ í 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: eignum og skuldum.

45. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

46. gr.

Orðið „eignarskatti“ í 1. málsl. 16. gr. laganna fellur brott.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum.

47. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 26/1986, um talnagetraunir, með síðari breytingum.

48. gr.

Orðin „öðrum en eignarskatti“ í 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1987, um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

49. gr.

Í stað orðanna „tekju- og eignarskatti“ í 3. gr. laganna kemur: tekjuskatti.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. A-liðar kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „71. gr. þeirra laga“ í 2. málsl. A-liðar kemur: 70. gr. þeirra laga.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 3. málsl. 2. tölul. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Orðin „og eignarskatt“ í 6. tölul. falla brott.

52. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2., 3. og 6. tölul. 5. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „59. gr. laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „59. gr. sömu laga“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 58. gr. sömu laga.
d. Í stað orðanna „59. gr. laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 58. gr. laga nr. 90/2003.

54. gr.

Í stað orðanna „71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

55. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 4. mgr. kemur: 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Orðin „og eignarskatt“ í 4. mgr. falla brott.

57. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 10. gr. laganna falla brott.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðin „og eignarskatt“ í 3. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „71. gr. þeirra laga“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 70. gr. þeirra laga.

59. gr.

Í stað orðanna „68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. mgr. kemur: 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. kemur: 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

62. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „65. gr. og 2. mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ kemur: 64. gr. og 2. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ kemur: 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „109. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

b. Í stað orðanna „68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 6. mgr. kemur: 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

64. gr.

Orðin „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

65. gr.

Í stað orðanna „86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 33. gr. laganna kemur: 85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

66. gr.

Í stað orðanna „121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: 122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

67. gr.

Í stað orðanna „114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

68. gr.

Í stað orðanna „114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

69. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. mgr. 37. gr. laganna falla brott.

70. gr.

Í stað orðanna „121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: 122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XVII. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

71. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 3. málsl. 30. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingum.

72. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. lög nr. 49/1987“ í 1. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

73. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

74. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 4. málsl. 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

75. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

76. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

77. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 5. mgr. 49. gr. laganna kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, með síðari breytingum.

78. gr.

Orðin „og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum“ í 5. málsl. 11. gr. laganna falla brott.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/1989, um norrænan þróunarsjóð.

79. gr.

Í stað orðanna „tekjuskatti og eignarskatti“ í 3. gr. laganna kemur: og tekjuskatti.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

80. gr.

Í stað orðanna „56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 51. og 53. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 102/1990, um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

81. gr.

Í stað orðanna „tekjuskatti og eignarskatti“ í 3. gr. laganna kemur: og tekjuskatti.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

82. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

83. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 2. tölul. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: 2. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

84. gr.

Orðin „og eignarskatts“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.

86. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 5. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

87. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 3. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: 2. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

88. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 14. gr. laganna kemur: laga um tekjuskatt.

89. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað „30.000“ og „360.000“ í 1. mgr. kemur: 42.000, og: 504.000.
b. Í stað „360.000“ í 2. mgr. kemur: 504.000.
c. 3. mgr. fellur brott.

90. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 17. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

91. gr.

Orðin „og eignarskatti“ í 6. mgr. 2. gr. a laganna falla brott.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

92. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „og eignarskatt“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „107., sbr. 108. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 3. mgr. kemur: 109., sbr. 110. gr., laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

93. gr.

Í stað orðanna „86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

94. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

95. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, með síðari breytingum.

96. gr.

Orðin „og eignarskatts“ í 22. gr. laganna falla brott.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

98. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 55. gr. laganna:

a. Orðin „og eignarskatti“ falla brott.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, með síðari breytingum“ kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

99. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í 2. málsl. 56. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

100. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 2. mgr. 17. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum.

101. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 3. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 73/1994, um söfnunarkassa.

102. gr.

Orðin „öðrum en eignarskatti“ í 3. gr. laganna falla brott.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

103. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 19. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

104. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. og 3. mgr. 20. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

105. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. mgr. kemur: 1. og 3. tölul. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „62.–65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. kemur: 61.–64. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 3. mgr. kemur: 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

106. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

107. gr.

Í stað orðanna „2. og 3. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 2. og 3. mgr. 64. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

108. gr.

Í stað orðanna „1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

109. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 3. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 3. mgr. kemur: 4. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

c. Í stað orðanna „1.–3. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 4. mgr. kemur: 1.–3. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
d. Í stað orðanna „7. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 6. mgr. kemur: 7. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

110. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 2. mgr. 122. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Orðin „og eignarskatt“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.

111. gr.

Í stað orðanna „114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt“ í 30. gr. laganna kemur: 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

112. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXXII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum.

113. gr.

Í stað orðanna „lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXXIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

114. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

115. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

116. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

117. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. kemur: lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.
d. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í 3. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

118. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 5. mgr. 9. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

119. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXXIV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum.

120. gr.

Orðin „og eignarskatti“ í 1. málsl. 17. gr. laganna falla brott.

XXXV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

121. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „2. tölul. 71. gr. laga nr. 75/1981“ í b-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
d. Í stað orðanna „32. og 38. gr. laga nr. 75/1981“ í c-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 33. og 37. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
e. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í d-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
f. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
g. Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: lögum um tekjuskatt.
h. Í stað orðanna „33. gr. laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 5. tölul. 1. mgr. kemur: 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
i. Í stað orðanna „34. og 45. gr. laga nr. 75/1981“ í 2. málsl. 5. tölul. 1. mgr. kemur: 35. og 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

122. gr.

Í stað orðanna „10., 36. og 53. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum“ í 3. málsl. 7. gr. laganna kemur: 12. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

123. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 1. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. og 3. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í 6. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

125. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga“ í 6. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.

126. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 4. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, með síðari breytingum.

127. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „73. og 76. gr. laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 72. og 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

128. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XXXIX. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

129. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

XL. KAFLI

Breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

130. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga“ í 6. málsl. 2. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 12/1999, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

131. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

132. gr.

Orðin „og eignarskatt“ í 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum.

133. gr.

Orðin „og eignarskatti“ og „og eignarskatt“ í 1. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

134. gr.

Orðin „og eignarskatti“ og „og eignarskatt“ í 1. málsl. 6. mgr. 19. gr. laganna falla brott.

XLIV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „A-lið 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

136. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

137. gr.

Í stað orðanna „tekju- og eignarskatti“ og „tekju- og eignarskatt“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: tekjuskatti, og: tekjuskatt.

XLVI. KAFLI

Breyting á safnalögum, nr. 106/2001, með síðari breytingum.

138. gr.

Orðin „og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum“ í 2. málsl. 6. gr. laganna falla brott.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu, með síðari breytingum.

139. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

140. gr.

Orðin „og eignarskatti“ í 3. málsl. 4. mgr. 76. gr. laganna falla brott.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.
b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981“ í a- og b-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
c. Í stað orðanna „32. og 38. gr. laga nr. 75/1981“ í c-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 33. og 37. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
d. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „33. gr. laga nr. 75/1981“ í 1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. kemur: 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
f. Í stað orðanna „34. og 45. gr. laga nr. 75/1981“ í 2. málsl. 4. tölul. 1. mgr. kemur: 35. og 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
g. Í stað orðanna „2. tölul. 71. gr. laga nr. 75/1981“ í 10. tölul. 1. mgr. kemur: 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
h. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum“ í 11. tölul. 1. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

142. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum“ í 3. málsl. 7. gr. laganna kemur: laga um tekjuskatt.

L. KAFLI
Breyting á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.
143. gr.

Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 5. mgr. 22. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

LI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa.
144. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981“ í 4. mgr. 23. gr. laganna kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

LII. KAFLI
Gildistaka.
145. gr.

Ákvæði laga þessara öðlast gildi og koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í þessari grein.

Ákvæði 8. gr. og a-liðar 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

Ákvæði d-liðar 9. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2006 og við staðgreiðslu á árinu 2005.

Ákvæði 1.–7. gr., b- og c-liðar 9. gr., 11.–19. gr., 21.–23. gr., b-liðar 25. gr., 26.–30. gr. og 32.–144. gr. öðlast gildi 31. desember 2005.

Ákvæði a- og b-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006.

Ákvæði c-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007 og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006.

Ákvæði d-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005 og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006 vegna vaxtagjalda og tekna á árinu 2005 og eigna og skulda í lok þess árs.

Ákvæði e- og f-liðar 10. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda og tekna á árinu 2004 og eigna og skulda í lok þess árs.

Ákvæði 20. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu eignarskatts á árinu 2005 vegna eigna í árslok 2004. Greinin fellur brott 31. desember 2005.

Ákvæði 24. gr. og a-liðar 25. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða í 31. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og þar greinir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar eru í frumvarpi þessu lagðar til verulegar skattalækkanir sem koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005 til 2007. Mestu munar um lækkun á tekjuskattshlutfalli manna um 4% auk afnáms eignarskatts á einstaklinga og lögaðila. Áætlað er að áhrif þessara skattalækkana á tekjuhlið ríkissjóðs verði nálægt 20 milljörðum kr. á ársgrundvelli þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda að teknu tilliti

til veltuáhrifa. Þar af eru áætluð áhrif á tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir komandi ár um 4 milljarðar kr.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir enn fremur að beinn stuðningur við barnafjölskyldur verði aukinn með hækkun barnabóta. Í samræmi við það er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á barnabótakerfinu sem komi til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2006 og 2007. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum er talinn verða um 2,4 milljarðar króna þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Þar af eru áætluð áhrif á útgjöld ársins 2006 um 1,2 milljarðar kr.

Frumvarpið skiptist í 52. kafla. Í fyrsta kaflanum er mælt fyrir um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þeim breytingum má skipta í fimm meginþætti, þ.e. lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 4% í áföngum, hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna, hækkun á barnabótum, afnám eignarskatts á einstaklinga og lögaðila, og breytingar vaxtabóta. Hér á eftir er hverjum þessara þátta gerð nánari skil.

Tekjuskattur einstaklinga. Í frumvarpinu er lagt til að frá og með 1. janúar 2005 lækki tekjuskattshlutfall einstaklinga um 1% og kemur sú breyting til framkvæmda við staðgreiðslu á næsta ári og við endanlega álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna og eigna á árinu 2005. Sem fyrr segir er þessi breyting talin lækka tekjur ríkissjóðs um allt að 4 milljarða kr. á næsta ári. Auk þess er lagt til að frá og með 1. janúar 2006 lækki skatthlutfallið frekar, eða um 1%, og aftur um 2% frá og með 1. janúar 2007. Er því samtals um 4% lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga að ræða á því tímabili sem frumvarpið nær yfir. Talið er að árleg heildaráhrif þeirrar breytingar á tekjur ríkissjóðs verði nálægt 16 milljörðum kr. í lok tímabilsins að teknu tilliti til veltuáhrifa.

Viðmiðunarfjárhæðir. Í frumvarpinu er mælt fyrir um hækkun á persónuafslætti til næstu þriggja ára í samræmi við umsamdar launahækkanir á almennum vinnumarkaði, þ.e. hækkun um 3% frá 1. janúar 2005, aftur um 2,5% frá 1. janúar 2006 og loks um 2,25% frá 1. janúar 2007. Samsvarandi hækkun er lögð til á frítekjumörkum barna undir 16 ára aldri. Jafnframt er gerð tillaga um almenna 3% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna, svo sem sjómannaafslætti, viðmiðunarfjárhæðum eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta, sem komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2005.

Barnabætur. Samkvæmt tillögu frumvarpsins má skipta breytingum barnabótakerfisins í fernt, en þær koma til framkvæmda í tveimur áföngum á árunum 2006 og 2007. Í fyrsta lagi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur hækki um samtals 50% til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir að fjárhæðir þeirra hækki á árinu 2005. Þar af hækki bæturnar um 25% frá ársbyrjun 2006. Í öðru lagi er gerð tillaga um 10% hækkun tekjutengdra barnabóta til viðbótar þeim 3% sem áður voru nefnd, og að sú hækkun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2006. Í þriðja lagi er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki samtals um 50%, auk áðurnefndra 3% árið 2005. Þar af hækki viðmiðunarfjárhæðirnar um 25% frá ársbyrjun 2006. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að skerðingarhlutföll tekna við ákvörðun barnabóta lækki úr 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri, í 2%, 6% og 8% í sömu röð og að sú lækkun komi til framkvæmda á árinu 2007. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum er talinn verða um 2,4 milljarðar kr. þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Þar af eru áætluð áhrif á útgjöld ársins 2006 um 1,2 milljarðar kr.

Eignarskattur einstaklinga og lögaðila. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að eignarskattur bæði einstaklinga og lögaðila falli niður frá og með 31. desember 2005. Framtalsskylda eigna og skulda verður þó áfram við lýði. Hún er meðal annars nauðsynleg í ljósi lagareglna um fyrningar og söluhagnað, auk þess sem nettóeign, þ.e. eignir að frádregnum

skuldum, hefur til að mynda áhrif á útreikning vaxtabóta. Verði þessi tillaga að lögum má reikna með að tekjur ríkissjóðs lækki um 3,7 milljarða kr. á ári. Breytingin mun hins vegar ekki hafa áhrif fyrr en á árinu 2006, en frumvarpið gerir ráð fyrir að álagning eignarskatts á nettóeignir einstaklinga og lögaðila í árslok 2004 verði með óbreyttu sniði á árinu 2005.

Vaxtabætur. Lögð er til tvíþætt breyting á ákvæðum laganna um vaxtabætur. Í fyrsta lagi er sú breyting að hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum lækki úr 5,5% í 5% sem komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006. Í öðru lagi er lagt til að ákvarðaðar vaxtabætur á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á yfirstandandi ári verði 95% af útreiknuðum vaxtabótum. Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 er reiknað með að sú breyting lækki útgjöld ríkissjóðs um allt að 300 millj. kr.

Í fyrsta kaflanum er einnig að finna minni háttar breytingar er varða framkvæmd laganna. Má þar nefnda tillögu þess efnis að þegar fram fer rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila skuli heimild til endurákvörðunar reiknast frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Í öðrum köflum frumvarpsins eru, til lagasamræmingar, lagðar til breytingar á tilteknum lögum þar sem kveðið er á um eignarskatt eða vísað í lög um tekjuskatt og eignarskatt. Einnig eru lagðar til minniháttar breytingar á einstökum lögum. Nánar er fjallað um aðrar breytingar í athugasemdum við 32.–144. gr. frumvarpsins. Rétt er þó að nefna breytingu sem lögð er til á lögum um skattskyldu lánastofnana. Samkvæmt gildandi lögum eru innlánsstofnanir með lægri heildarinnlán en 558 millj. kr. undanþegnar tekju- og eignarskatti, sem er andstætt almennum samkeppnissjónarmiðum um jafnræði fyrirtækja innan sömu atvinnugreinar. Því er lagt til að þessi undanþága verði afnumin.

Að lokum skal bent á að sú aðferð sem beitt er í þessu frumvarpi við leiðréttingu á tilvísunum er sú að allar tilvísanir í lög um tekjuskatt og eignarskatt eru leiðréttar, bæði tilvísanir í einstakar greinar og einnig í lögin sjálf. Þegar vísað er í lögum til tiltekins ákvæðis laga um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til „laga nr. 90/2003, um tekjuskatt“. Ef vísað er almennt til laga um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til „laga um tekjuskatt“.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003 er kveðið á um það hvaða menn teljast bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, en með því er átt við menn sem ber skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru.

Með frumvarpi þessu er lagt til að eignarskattur verði afnuminn frá og með 31. desember 2005, en jafnframt er lagt til að framtalsskylda haldist. Af þeim sökum verður að afnema ákvæði í lögum nr. 90/2003 þar sem kveðið er á um eignarskattsskyldu.

Um 2. gr.

Í 2. gr. laganna segir í hvaða tilvikum tilteknir lögaðilar teljast bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi. Líkt og segir í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, verður að aðlaga ákvæði laganna um skattskyldu tillögu frumvarps þessa um afnám eignarskatts.

Um 3. gr.

Í 3. gr. laganna kemur fram hverjir beri takmarkaða skattskyldu hér á landi. Í 9. tölul. þeirrar greinar segir: „Allir aðilar sem eiga eignir hér á landi skv. 4.–8. tölul. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.“ Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir afnámi eignarskatts, hvort

sem eignirnar eru í eigu aðila sem bera hér á landi takmarkaða eða ótakmarkaða skattskyldu, er lagt til að fella þetta ákvæði brott.

Um 4. gr.

Í 4. gr. laganna er kveðið á um aðila sem undanþegnir eru skattskyldu. Ákvæðið kveður nú á um að aðilar þessir séu undanþegnir bæði tekjuskatti og eignarskatti. Í ljósi fyrirætlana um afnám eignarskatts er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu í það horf sem lagt er til.

Um 5. gr.

Í 5. gr. laganna er mælt fyrir um skattskyldu hjóna. Í ákvæðinu segir m.a. að hjónum skuli ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi. Þar sem lagt er til að eignarskattur verði afnuminn er nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði til samræmis við þau áform.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 19. gr. laganna er tiltekið hvernig hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum skuli ákveðinn. Í ákvæðinu er miðað við að til eigin fjár skuli telja skattskylda hreina eign félags. Í samræmi við tillögu frumvarps þessa um afnám eignarskattsins er lagt til að í stað þess að miða við skattskylda eign verði miðað við framtalsskylda eign.

Um 7. gr.

Í 55. gr. laganna er mælt fyrir um samsköttun félaga. Í ákvæðinu segir m.a. að tekjuskattur og eignarskattur sem til álagningar er hverju sinni í samsköttun verði lagður á móðurfélagið, að teknu tilliti til millifæranlegs taps eða hagnaðar, en öll hlutafélögin beri sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslunum. Þó sé heimilt að leggja skatt á hvert og eitt félag í samsköttun ef félögin óska eftir því sérstaklega.

Til samræmis við tillögu þessa frumvarps um afnám eignarskatts er lagt til að færa ákvæði 55. gr. til samræmis við það og fella brott heimild til samsköttunar eignarskatts. Einnig er lagt til að fella brott ákvæði um heimild skattstjóra til að verða við ósk um að eignir hvers og eins félags í samsköttun verði skattlagðar sérstaklega.

Um 8. gr.

Í 66. gr. laganna er kveðið á um skatthlutfall manna. Til samræmis við þau áform ríkisstjórnarinnar að lækka hlutfallstölu tekjuskatts um fjögur prósentustig á þremur árum er lagt til í a-lið greinarinnar að í stað hlutfallstölunnar 25,75% komi hlutfallstalan 21,75%. Verður lækkunin að fullu komin til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2008. Í samræmi við þau áform ríkisstjórnarinnar að hækka viðmiðunarfjárhæðir er í b-lið lögð til hækkun á frítekjumarki hjá börnum undir 16 ára aldri. Verður hækkun að fullu komin til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2008. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 31. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 67. gr. laganna er mælt fyrir um fjárhæð persónuafsláttar, ráðstöfun ónýtts persónuafsláttar og sjómannaafslátt. Þar er m.a. kveðið á um að persónuafslætti skuli ráðstafað til greiðslu eignarskatts. Til samræmis við afnám eignarskatts er lögð til breyting á ákvæðinu. Þá er lögð til 3% hækkun á sjómannafslætti, sbr. d-lið, sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu á næsta ári. Einnig er í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar lagðar til hækkanir á viðmiðunarfjárhæðum persónuafsláttar, sbr. bráðabirgðaákvæði skv. 31. gr. frumvarps þessa.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar annars vegar á barnabótum og hins vegar á vaxtabótum. Í a-, b- og c-liðum greinarinnar koma fram viðmiðanir barnabóta eins og þær verða við ákvörðun barnabóta á árinu 2007. Í bráðabirgðaákvæði c-liðar 31. gr. frumvarpsins koma síðan fram viðmiðunarfjárhæðir eins og þær verða við ákvörðun barnabóta á árunum 2005 og 2006.

Í e- og f-liðum greinarinnar er lögð til 3% hækkun á viðmiðun vaxtabóta við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004. Í d-lið er gerð tillaga um að lækka hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 5,5% í 5%. Með lögum nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, var sama hlutfall lækkað úr 7% í 5,5%. Rökin fyrir breytingunni voru þau að frá því að viðmiðunarmörkin voru ákveðin 7% höfðu raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Frá því lög nr. 143/2003 tóku gildi hafa raunvextir af húsbréfum og lánum lífeyrissjóða enn lækkað. Nú er svo komið að raunvextir af lánum Íbúðalánasjóðs eru 4,3% og af lánum lífeyrissjóða um 4,3%. Viðskiptabankar eru enn fremur að bjóða lán til húsnæðiskaupa með 4,2% vöxtum. Í ljósi þessa er lagt til að ofangreint hlutfall lækki í 5% og þar með verði dregið úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði.

Um 11. gr.

Í VII. kafla laga nr. 90/2003 er mælt fyrir um eignarskatt. Þótt með frumvarpi þessu sé stefnt að afnámi eignarskatts er jafnframt lagt til að framtalsskyldan haldist. Framtalsskyldan er nauðsynleg þar sem eignir eða skuldir manna skipta m.a. máli við útreikning vaxtabóta, fyrninga og söluhagnaðar. Þá er réttur til húsaleigubóta háður eignum og skuldum bótaþega. Breytingar á VII. kafla taka því mið af því að einungis er verið að afnema skattlagningu eigna en ekki framtalsskyldu.

Í 72. gr. laganna er mælt fyrir um hvað séu skattskyldar eignir. Lagt er til að í stað orðanna „Til skattskyldra eigna skal telja“ komi orðin „Framtalsskyldar eignir eru“. Jafnframt er lagt til að fyrirsögn greinarinnar breytist til samræmis við efnisinnihald hennar.

Um 12. gr.

Í 73. gr. laganna kemur fram hvernig eignir skuli metnar til verðs. Í samræmi við þá fyrirætlun að afnema eignarskatt en viðhalda framtalsskyldu er í þessari frumvarpsgrein lagt til að í stað orðisins „skattskyldra“ komi orðið „framtalsskyldra“.

Um 13. gr.

Í 75. gr. laganna er mælt fyrir um hvaða skuldir megi draga frá eignum svo finna megi eignarskattsstofn. Í frumvarpsgreininni er lögð til aðlögun að þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu um afnám eignarskatts. Áfram verða að vera til staðar ákvæði um hvað megi telja til skulda aðila og er lagt til að frumvarpsgreininni verði breytt í þá veru.

Um 14. gr.

Í 76. gr. laganna er mælt fyrir um hvað megi draga frá eignum svo að finna megi eignarskattsstofn lögaðila. Í ljósi þess að í frumvarpi þessu er lagt til að eignarskattur verði afnumin, er lagt til að greinin verði felld brott.

Um 15. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er mælt fyrir um brottfall 77. gr. laganna. Með afnámi eignarskatts er ofaukið ákvæði 77. gr. sem mælir fyrir um hvaða eignir séu frádráttarbærar frá skattskyldum eignum og undir hvaða skilyrðum.

Um 16. gr.

Í 78. gr. laganna er kveðið á um tímaviðmiðun eignarskattsstofns. Vegna áforma um afnám eignarskatts er lagt til að í stað orðanna „Eignarskatt skal miða við eignarskattsstofn í árslok“ í 1. málsl. greinarinnar komi ákvæði um að framtalsskyldar eignir og skuldir skuli miða við eignir og skuldir skattaðila í árslok. Einnig er lagt til að fyrirsögn greinarinnar breytist í samræmi við þetta og kveði á um tímaviðmiðun framtalsskyldu.

Tekið skal fram að þeir sem með leyfi skattstjóra nota annað reikningsár en almanaksár mega telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan álagningu eignarskatts.

Um 17. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er mælt fyrir um brottfall 79. gr. laganna. Með afnámi eignarskatts er ofaukið ákvæði 79. gr. sem segir hvernig finna skuli eignarskattstofn.

Um 18. gr.

Í 80. gr. laganna er mælt fyrir um hvernig fara eigi með eignarskattsálagningu hjóna og karls og konu sem búa saman í óvígðri sambúð. Lagt er til að áfram verði kveðið á um að karl og kona sem fengið hafa heimild til samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. laganna skuli telja saman eignir og skuldir. Þótt orðalag sé breytt er ekki um efnisbreytingu að ræða. Í núgildandi ákvæði er samsköttunarheimildin í 3. mgr. 62. gr. laganna endurtekin í 80. gr. og hefur það valdið þeim misskilningi að um tvær sjálfstæðar heimildir væri að ræða. Svo er ekki. Hafi karl og kona óskað samsköttunar þá gildir það bæði um tekjuskatt og eignarskatt, en ekki þannig að unnt sé að óska annað hvort eftir samsköttun á tekjuskatti eða samsköttun á eignum.

Ekki hefur verið kveðið á um í VII. kafla laganna að aðilar í staðfestri samvist skuli njóta sömu réttinda og hjón, þó að svo hafi verið í reynd, sbr. 2. málsl. 5. gr. laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist. Hér er því ekki um efnislega breytingu frá gildandi rétti að ræða heldur einungis verið að árétta ákvæði laga um staðfesta samvist með sérstöku ákvæði þar að lútandi. Er þetta ekki hvað síst gert í þeim tilgangi að lestur laga um tekjuskatt gefi sem besta mynd af rétti og skyldum manna í skattalegu tilliti.

Við afnám eignarskatts er ljóst að ákvæði 2. og 3. mgr. greinarinnar verða óþarfar.

Um 19. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 81. gr. er kveðið á um hjá hverjum eignir barns undir 16 ára aldri skuli teljast. Í 2. málsl. er vísað í 77. gr. laganna, en með afnámi þeirrar greinar er lagt til að tilvísun þessi falli brott.

Í 2. mgr. 81. gr. laganna er kveðið á um að skattstjóri megi taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 82. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt. Ljóst er að með afnámi eignarskatts er grundvöllur þessarar heimildar skattstjóra brostinn og ber að afnema ákvæðið. Hér skal tekið fram að gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að síðasta álagning eignarskatts eigi sér stað á árinu 2005 vegna eigna

og skulda í árslok 2004. Skattstjóri má því vegna þessa taka til greina umsókn sem greinir í núgildandi 2. mgr. 81. gr. laganna.

Um 20. gr.

Í 82. og 83. gr. laganna er kveðið á um fríeignarmark nettóeignar við álagningu eignarskatts. Þetta ákvæði frumvarpsins er í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005.

Um 21. gr.

Fyrirsögn VII. kafla er Eignarskattur en lagt er til að tekin verði upp fyrirsögnin Eignir og skuldir.

Um 22. gr.

Í 1. málsl. 85. gr. laganna er kveðið á um að tekju- og eignarskattur skuli ákveðinn af skattstjórum. Hér er til samræmis við það markmið frumvarpsins að afnema eignarskatt lagt til að kveðið verði á um það í 85. gr. að verkefni skattstjóra verði það að ákveða tekjuskatt.

Um 23. gr.

Í 95. gr. er kveðið á um álagningu tekju- og eignarskatts, en skattstjórar fara með álagningarvaldið. Lagt er til að færa greinina til samræmis við þá tillögu að afnema eignarskatt, þannig að kveðið verði á um að skattstjórar leggi á tekjuskatt og skuli, telji skattaðili ekki fram, áætla tekjur hans.

Um 24. gr.

Í 97. gr. laganna er fjallað um tímafresti endurákvörðunar álagningar. Í frumvarpsákvæðinu er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 97. gr. laganna þar sem heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar skatts þegar skattskil aðila hafa verið til rannsóknar við embætti skattrannsóknarstjóra eða ríkislögreglustjóra eru ekki eins að því er varðar virðisaukaskatt og tekju- og eignarskatt. Hér er lagt til að ákvæði tekjuskattslaga verði samræmd sambærilegum ákvæðum í lögum um virðisaukaskatt. Þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur haft mál til rannsóknar sem sakir umfangs hafa tekið mikinn tíma, hefur það valdið óvissu að einstakir þættir málsins eru háðir ólíkum fyrningarákvæðum vegna endurupptöku. Í 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, 31. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, 20. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og 41. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er mælt fyrir um að sök vegna brota á lögunum fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar. Í samræmi við þessar fyrningarreglur er mælt fyrir um það í 5. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts nái til skatts síðustu sex áranna sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Enn fremur segir í 5. mgr. 26. gr. laganna að fari fram rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila reiknast heimild til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Það hlýtur að teljast eðlilegt að mál aðila sem skotið hefur tekjum undan skattlagningu og sætir opinberri rannsókn vegna þessa, ónýtist ekki vegna fyrningarreglna sem ætlað er að taka á allt öðrum málum. Með þessari lagabreytingu er lagt til að þetta misræmi á milli laga

nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, verði afnumið.

Um 25. gr.

Með 15. gr. laga nr. 149/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, var gerð breyting á 93. gr. laganna, sbr. nú 93. gr. laga nr. 90/2003, varðandi skilafresti framtala og tímasetningu álagningar. Í athugasemdum við þá breytingu var bent á að gert sé ráð fyrir að sérstakir frestir verði ákveðnir fyrir lögaðila sem hafa annað reikningsár en almanaksárið þannig að álagning á þá fari fram að liðnum jafnlöngum tíma frá lokum reikningsárs og hjá öðrum félögum. Álagning á þessa lögaðila dreifist því á árið en fylgir ekki í tíma almennri álagningu á lögaðila. Að þeim sökum er með því ákvæði sem hér er lagt til gert ráð fyrir að álagning á umrædda lögaðila verði birt í næstu álagningarskrá eftir álagningu á þá og í næstu skattskrá eftir lok kærumeðferðar vegna þeirrar álagningar. Þá er lagt til að tilkynning um álagningu send umræddum lögaðilum með ábyrgðarbréfi jafngildi í þeirra tilvikum auglýsingu í Lögbirtingarblaði um lok álagningar.

Í 2. mgr. 98. gr. laganna er kveðið á um að þegar álagningu skatta er lokið og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal m.a. tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Hér er lögð til breyting til samræmis við áform um afnám eignarskatts frá 31. desember 2005.

Um 26. gr.

Samkvæmt 109. gr. laganna skal skattskyldur maður greiða fésekt skýri hann af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn eða eignarskatt. Hér er lagt til að orðin „eða eignarskatt“ verði felld brott til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 27. gr.

Í 112. gr. laganna er fjallað um gjalddaga tekju- og eignarskatts. Til samræmis við þá fyrirætlan að afnema eignarskatt er lögð til orðalagsbreyting á 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar. Einnig er lagt til að samsvarandi breyting verði gerð á 7. mgr. greinarinnar, sem fjallar um erlenda ríkisborgara og ríkisfangslausa menn.

Um 28. gr.

Um er að ræða breytingu á 113. gr. laganna til samræmis við þau áform að afnema eignarskatt, en greinin fjallar um áfrýjun skattákvörðunar.

Um 29. gr.

Í 119. gr. er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að gera samninga til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Eins og 1. mgr. 119. gr. laganna er orðuð í dag má ályktа að til túlkunarvandkvæða geti komið á heimild ríkisstjórnarinnar. Því er lagt til að orða ákvæðið með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpsákvæðinu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að skattstjóri geti tekið afstöðu til umsóknar skattaðila um lækkun álagðra skatta vegna tvísköttunar tekna og eigna. Lagt er til að breyta

ákvæði þessu til samræmis við afnám eignarskatts, þannig að orðin „og eignir“, „og eignum“ og „og eignarskatt“ verði felld brott.

Um 30. gr.

Til samræmis við þá fyrirætlun að afnema eignarskatt er lagt til að heiti laganna verði **Lög um tekjuskatt.**

Um 31. gr.

Í þeirri fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að lækka tekjuskattshlutfall einstaklinga um 4% verður farin sú leið að lækka það um 1% vegna tekna á árinu 2005, um 1% vegna tekna á árinu 2006 og aftur um 2% vegna tekna á árinu 2007. Til að ná þessu fram er farin sú leið að lækka tekjuskattshlutfall einstaklinga í 66. gr. laganna um 4% en setja ákvæði til bráðabirgða um að við staðgreiðslu á árinu 2005 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 skuli tekjuskattur reiknast 24,75% af tekjuskattsstofni. Við staðgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006 skuli tekjuskattur reiknast 23,75% af tekjuskattsstofni. Við staðgreiðslu á árinu 2007 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007 skuli tekjuskattur síðan reiknast 21,75%.

Eins og segir í umfjöllun um 9. gr. frumvarpsins er lögð til 3% hækkun á persónuafslætti. Í þessu tilfelli er um að ræða frítekjumörk tekna hjá börnum undir 16 ára aldri. Lagt er til að kveðið verið á um hækkun á þeim þrjú ár fram í tímann, þannig að viðmiðunarfjárhæðir hækki um 3% vegna tekna á árinu 2005, um 2,5% vegna tekna á árinu 2006 og um 2,25% vegna tekna á árinu 2007. Til þess að ná þessu fram verður í grundvallaratriðum farin sama leið og varðandi tekjuskattshlutfall, sbr. 1. mgr.

Í b-lið (bráðabirgðaákvæði XIII) er fjallað um fjárhæð persónuafsláttar þrjú ár fram í tímann. Í 9. gr. frumvarps þessa er fjárhæð persónuafsláttar í 67. gr. laganna hækkuð úr gildandi fjárhæð í þá fjárhæð sem persónuafslátturinn á að vera við staðgreiðslu á árinu 2007 og álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007. Í þessu bráðabirgðaákvæði er hins vegar kveðið á um hver fjárhæðin á að vera við staðgreiðslu á árinu 2005 og álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 annars vegar og hins vegar hver fjárhæðin á að vera við staðgreiðslu á árinu 2006 og álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna ársins 2006.

Í c-lið (bráðabirgðaákvæði XIV) koma fram viðmiðunarfjárhæðir tekjutengdra og ótekjutengdra barnabóta eins og þær verða við ákvörðun þeirra á árunum 2005 og 2006.

Með d-lið (bráðabirgðaákvæði XV) er lagt til að vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2004 skuli vera 95% af útreiknuðum vaxtabótum skv. B-lið 68. gr. laganna. Ákvæðið verður því að öðlast gildi á árinu 2004 og er kveðið á um það í gildistökuákvæði frumvarpsins. Hámark hlutfalls vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta á árinu 2005 er 5,5%, en í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að hlutfall þetta verði lækkað í 5% frá og með 1. janúar 2005. Sú lækkun tekur hins vegar eingöngu til vaxtagjalda vegna ársins 2005 af skuldum til útreiknings vaxtabóta á árinu 2006.

Um 32.–144. gr.

Með greinunum er fyrst og fremst lögð til hreinsun á þeim lögum þar sem vísað er til eignarskatts. Er það til samræmis við það að heiti laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, breytist í lög um tekjuskatt, verði frumvarp þetta að lögum.

Í 5. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, er kveðið á um að innlánsstofnanir með lægri heildarinnlán en tæplega 558 millj. kr. séu undanþegnar skattgreiðslum samkvæmt

þeim lögum. Með tilliti til jafnræðissjónarmiða er lagt til að ákvæði þetta verði fellt úr gildi og er mælt fyrir um það í 45. gr. frumvarps þessa.

Í 53. gr. frumvarpsins er lagt til að tilvísanir til reglna ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald í 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, verði leiðréttar með vísun til þess að það er fjármálaráðherra sem setur þessar reglur.

Í 89. gr. þessa frumvarps er lagt til að tilvísun til ákvæða laga nr. 90/2003 um verðbólguleiðréttingu verði felld brott úr lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og að fjárhæðir verði miðaðar við framreikning í árslok 2001.

Um 145. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildistöku einstakra ákvæða frumvarpsins og hvenær gert sé ráð fyrir að þau komi til framkvæmda.

Gert er ráð fyrir að skatthlutfalli einstaklinga, frítekjumarki barna og persónuafslætti manna verði breytt í áföngum. Koma breytingarnar fyrst til framkvæmda við álagningu á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 og við staðgreiðslu á árinu 2005. Er gert er ráð fyrir að breytingarnar verði að fullu komnar til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2007, sbr. ákvæði til bráðabirgða í 31. gr. frumvarpsins. Skatthlutfall, persónuafsláttur manna, sjómannaafsláttur og frítekjumark barna verður óbreytt frá þessu ári við álagningu á árinu 2005. Gert er ráð fyrir að 3% hækkun sjómannaafsláttar komi til framkvæmda við álagningu tekna á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 og við staðgreiðslu á því ári.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta. Gert er ráð fyrir að þær komi til framkvæmda í áföngum á álagningarárunum 2006 og 2007, sbr. ákvæði til bráðabirgða í 31. gr. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði d-liðar 10. gr. sem varðar hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006.

Í frumvarpinu er lagt til að eignarskattur einstaklinga og lögaðila verði afnuminn frá 31. desember 2005. Koma ákvæðin því fyrst til framkvæmda við álagningu á árinu 2006. Eignarskattur verður samkvæmt þessu lagður á í síðasta skipti á árinu 2005, en eftir það verða eignir og skuldir einungis framtalsskyldar. Ákvæðum laga nr. 90/2003 um álagningu og endurákvörðun eignarskatts er ætlað að halda gildi sínu varðandi skattskyldu eigna til ársloka 2004 og taka til álagningar á árinu 2005, sbr. 98. gr. laganna, og eftir atvikum endurákvörðunar eignarskatts vegna álagningar á árinu 2005 og á fyrri árum. Á það einnig við um álagningu eignarskatts þeirra lögaðila sem ljúka reikningsári sínu innan ársins. Afnám eignarskatts miðast því við að ákvæði þar að lútandi taki gildi 31. desember 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögur um lækkun tekjuskatts og afnám eignarskatts á grundvelli stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og fleiri atriði sem byggt er á í forsendum tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005. Samkvæmt frumvarpinu er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að tekjuskattsprósenta einstaklinga lækki 1. janúar 2005 um 1%, 1. janúar 2006 um

1%, 1. janúar 2007 um 2% eða alls um 4%. Á sama tímabili er gert ráð fyrir að persónuafsláttur hækki úr 329.952 kr. í 356.180 kr. eða alls um tæplega 8%. Þar sem persónuafsláttur-inn hækkar á sama tíma og skattprósentan lækkar mun greiddur tekjuskattur lækka talsvert meira hlutfallslega en sem nemur breytingunni á prósentunni. Aðrar viðmiðunarfjárhæðir hækka almennt um 3% á árinu 2005. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga verði nálægt 16 milljörðum króna lægri að teknu tilliti til veltuáhrifa þegar þessar ráðstafanir verða komnar að fullu til framkvæmda. Þar af eru áætluð áhrif á tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 4 milljarðar króna.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að eignarskattur einstaklinga og lögaðila falli niður frá og með 31. desember 2005. Miðað við áætlun fjárlagafrumvarps 2005 má reikna með að tekjur ríkissjóðs verði um 3,7 milljörðum króna lægri en ella í kjölfar þessarar breytingar. Hún hefur hins vegar ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs fyrir en á árinu 2006.

Í þriðja lagi er í frumvarpi þessu að finna tillögur um verulegar breytingar á barnabótakerfinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aukinn stuðning við barnafjölskyldur með hækkun barnabóta. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af þeim breytingum er talinn verða um 2,4 milljarðar króna þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2007. Þar af eru áætluð áhrif á útgjöld ársins 2006 um 1,2 milljarðar króna.

Í fjórða lagi er lögð til tvíþætt breyting á ákvæðum um vaxtabætur. Annars vegar er lagt til að hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum lækki úr 5,5% í 5% og sú breyting komi til framkvæmda á árinu 2006. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiddar vaxtabætur verði 95% af útreiknuðum vaxtabótum við álagningu á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er reiknað með að síðari breytingin lækki útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu vaxtabóta um allt að 300 m.kr.

Þegar allt er lagt saman má reikna með, lauslega áætlað, að heildartekjur ríkissjóðs lækki um tæplega 20 milljarða króna á ársgrundvelli þegar þessar breytingar verða að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2007. Á sama tímabili munu útgjöldin hækka um liðlega 2 milljarða króna vegna breytinga á barnabótum og vaxtabótum. Allt bendir til þess að áhrif þessara breytinga á útgjöld skattkerfisins verði óveruleg. Þannig má reikna með nokkrum sparnaði þegar til lengra tíma er litið vegna afnáms eignarskatts en á móti vegur fjölgun þeirra sem njóta barnabóta.

401. Svar [285. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um meðferð aflaheimilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru brögð að því að Fiskistofa færi aflaheimildir milli óskyldra aðila án þess að löglegur og númeraður reikningur fylgi varðandi þau viðskipti sem um ræðir hverju sinni? Í hvaða mæli er það gert?*
2. *Hvers konar verðmyndun liggur á bak við slík viðskipti milli óskyldra aðila?*
3. *Er heimilt samkvæmt gildandi bókhalds- og skattalögum að óskyldir aðilar ákvarði verð á aflaheimildum í sumum tilfellum?*
4. *Sé um að ræða færslur aflaheimilda milli óskyldra aðila án verðlagningar, samrýmast þá slík viðskipti gildandi bókhalds- og skattalögum?*

Samkvæmt lögum annast Fiskistofa flutning aflaheimilda milli skipa. Vegna framangreindrar fyrirspurnar óskaði ráðuneytið þess vegna eftir því við Fiskistofu að Fiskistofa gerði grein fyrir því hvaða upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en Fiskistofa staðfesti flutning aflaheimilda milli skipa. Fylgir hér á eftir greinargerð Fiskistofu um það efni. Er greinargerð Fiskistofu tæmandi en samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum er það ekki á verksviði Fiskistofu að líta til þeirra sérstöku atriða sem tilgreind eru í fyrirspurninni.

Aflamark.

Um flutning aflamarks og krókaaflamarks á milli skipa gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 669/2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en flutningur er staðfestur:

- Nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamarkið óskast flutt á milli.
- Upplýsingar um magn aflamarks og verð aflamarks, nema þegar aflamark óskast flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
- Staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur um fiskverð til viðmiðunar hlutaskipta milli útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamark óskast flutt til. Sé skip það sem aflamarkið óskast flutt til minna en 12 brúttórúmlestir skal liggja fyrir staðfesting Verðlagsstofu um að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip og staðfesting á samningi milli útgerðar og áhafnar sé ónauðsynleg.
- Undirskrift þinglýsts eiganda og útgerðaraðila þess skips sem flutt er frá.
- Undirskrift útgerðaraðila skips sem flutt er til.

Aflahlutdeild.

Um flutning aflahlutdeilda og krókaaflahlutdeilda á milli skipa gilda ákvæði 11. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 669/2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005. Einnig gilda lög nr. 75/1997, um samningsveð. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en flutningur er staðfestur:

- Nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflahlutdeildin óskast flutt á milli.
- Upplýsingar um magn aflahlutdeildar.
- Nýtt þinglýsingarvottorð, ekki eldra en 30 daga, varðandi það skip sem flutt er frá.
- Skriflegt samþykki allra þeirra aðila sem áttu þinglýst samningsveð í skipinu 1. janúar 1991.
- Skriflegt samþykki allra þeirra aðila sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þess efnis að framsal aflahlutdeilda frá skipinu sé óheimilt án samþykkis þeirra.
- Þinglýst samþykki þeirra aðila sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.
- Undirskrift þinglýsts eiganda þess skips sem flutt er frá.

Eyðublöð.

Fiskistofa hefur útbúið eyðublöð sem nota skal við flutning aflaheimilda á milli skipa.

402. Svar [264. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu stór hluti tekna Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands stafar af útseldri verkefnavinnu?*
2. *Hvað fékk Hagfræðistofnun greitt fyrir skýrslu sem unnin var að beiðni Olíuverslunar Íslands, þar sem dregnir voru í efa útreikningar Samkeppnisstofnunar á hagnaði olíufélaganna af meintu samráði?*
3. *Hve mörg verkefni hefur Hagfræðistofnun unnið fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna á sl. 10 árum og hvaða verkefni voru það?*

Ráðuneytið fór þess á leit við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gefa svör við fyrirspurninni og eru þau eftirfarandi:

Árið 2002 voru tekjur af útseldri vinnu 12.104.500 kr. og árið 2003 voru þær 19.362.733 kr.

Hagfræðistofnun hefur frá stofnun, árið 1989, aldrei unnið fyrir olíufélag og þar af leiðandi aldrei þegið greiðslur frá olíufélagi.

Stofnunin hefur unnið eitt verkefni fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna, verkefnið *Auðlindagjald og skatttekjur ríkisins*, sem unnið var á árunum 2001–2002.

403. Frumvarp til fjáraukalaga [76. mál]

fyrir árið 2004.

(Eftir 2. umr. 22. nóv.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2004, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**10.799,5**	**12.282,7**
Skattar á tekjur og hagnað	4.875,0	4.514,0
Tryggingagjöld	699,8	680,0
Eignarskattar	798,0	901,0
Skattar á vörur og þjónustu	4.421,7	6.182,7
Aðrir skattar	5,0	5,0
Aðrar rekstrartekjur	-1.525,0	-9,6
Sala eigna	0,0	0,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**9.274,5**	**12.273,1**
Æðsta stjórn ríkisins	114,7	114,7
Forsætisráðuneyti	120,9	120,9
Menntamálaráðuneyti	726,9	726,9
Utanríkisráðuneyti	233,2	233,2
Landbúnaðarráðuneyti	181,9	181,9
Sjávarútvegsráðuneyti	-445,1	-445,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	192,8	192,8
Félagsmálaráðuneyti	3.589,8	3.589,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.037,8	2.037,8
Fjármálaráðuneyti	1.937,8	937,8
Samgönguráðuneyti	528,2	528,2
Iðnaðarráðuneyti	56,5	56,5
Viðskiptaráðuneyti	-90,5	-90,5
Hagstofa Íslands	14,0	14,0
Umhverfisráðuneyti	84,5	84,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Gjöld samtals	**9.283,4**	**8.283,4**
Tekjujöfnuður	**-8,9**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2004:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-8,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	603,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	3.395,6
Viðskiptaskuldir, (breyting)	0,0
Handbært fé frá rekstri	**3.989,7**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-2.867,0
Veitt löng lán	-450,0
Afborganir veittra lána	2.140,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	0,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-1.177,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**2.812,7**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	1.500,0
Afborganir lána	-1.100,0
Fjármögnun samtals	**400,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**3.212,7**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2004:

1. Á 2. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.800 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.200 m.kr.
   b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
      2.4 Landsvirkjun, allt að 400 m.kr.

2. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 49.650 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 55.400 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 24.300 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 19.200 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 10.100 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 10.100 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 5.407 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 700 m.kr.
   e. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
      3.8 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 75 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2004:

Nýir liðir:

3.34 Að selja hlut ríkisins í Öldugötu 17 og verja andvirðinu til tækjakaupa á augndeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

6.33 Að kaupa viðbótarhúsnæði við Hlemm vegna Náttúrufræðistofnunar Íslands.

7.12 Að heimila Flugmálastjórn Íslands að stofna hlutafélag á grundvelli 7. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og ráðstafa í því skyni allt að 250 m.kr. af eigin fé Alþjóðaflugþjónustunnar.

7.13 Að selja rannsóknarskipið Dröfn RE 35 og verja andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip Hafrannsóknarstofnunar.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	2.100,0	2.079,0
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.800,0	2.459,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-25,0	-24,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**4.875,0**	**4.514,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	600,6	582,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	99,2	97,3
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**699,8**	**680,0**
	Tryggingagjöld	**699,8**	**680,0**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	5,0	5,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	90,0	90,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	70,0	70,0
	Skattar á hreina eign	**160,0**	**160,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	1.150,0	1.253,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	-512,0	-512,0
	Eignarskattar	**798,0**	**901,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	3.500,0	5.111,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.200,0	1.200,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	-95,0	-95,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	211,7	211,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**4.816,7**	**6.427,7**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	100,0	100,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	-225,0	-75,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	-270,0	-270,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**-395,0**	**-245,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**4.421,7**	**6.182,7**
	Skatttekjur, samtals	**10.799,5**	**12.282,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-500,0	-500,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	939,2	939,2
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**439,2**	**439,2**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-1.000,0	189,5
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-1.200,0	-874,1
	Aðrar eignatekjur	**-2.200,0**	**-684,6**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-1.760,8**	**-245,4**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	107,0	107,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	35,8	35,8
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	107,0	107,0
9.1.3.35	Ýmislegt	-14,0	-14,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**235,8**	**235,8**
	Ýmsar tekjur	**235,8**	**235,8**

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-1.525,0**	**-9,6**
Heildartekjur samtals	**9.274,5**	**12.273,1**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	27,7
1.04 Alþjóðasamstarf	-2,0
1.06 Almennur rekstur	14,0
Almennur rekstur samtals	39,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	60,0
Gjöld samtals	**99,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,7

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**114,7**
Greitt úr ríkissjóði	**114,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.16 Evrópunefnd	2,2
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	6,0
1.90 Ýmis verkefni	23,5
Almennur rekstur samtals	31,7
Gjöld samtals	**31,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,7

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:	
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	70,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-0,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,8

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Stofnkostnaður:	
6.21 Framkvæmdir	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**120,9**
Greitt úr ríkissjóði	**120,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,7

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 450,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 450,0

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna ..... -45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -45,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

m.kr.

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbætur menningarstofnana 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 107,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 107,0

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 57,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:
1.11 Styrkir til útgáfumála 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.91 Aðildargjöld ESB ..... -2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,8

	m.kr.
02-988 Æskulýðsmál	
Almennur rekstur:	
1.12 Ungmennafélag Íslands	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
02-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.44 Snorrastofa	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**726,9**
Greitt úr ríkissjóði	**619,9**
Innheimt af ríkistekjum	**107,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	45,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.30 Öryggisverkefni	77,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-77,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur	187,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	187,8

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	-70,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	42,0
Gjöld samtals	**-28,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-28,5

m.kr.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.11 Þróunaraðstoð ..... -49,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -49,3

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO ..... -0,9
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP ..... -2,1
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF ..... -1,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð ..... -1,9
Almennur rekstur samtals ..... -5,9

Gjöld samtals ..... **-5,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,9

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN ..... -3,5
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO ..... -1,0
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA ..... -0,7
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF) ..... -1,6
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA ..... -0,6
1.73 Þróunarsjóður EFTA ..... -1,8
1.85 Alþjóðleg friðargæsla ..... -6,7
1.87 Íslensk friðargæsla 100,0
Almennur rekstur samtals 84,1

Gjöld samtals **84,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,1

	m.kr.
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**233,2**
Greitt úr ríkissjóði	**45,4**
Innheimt af ríkistekjum	**187,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.90 Fyrirhleðslur	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.02 Lífeyrissjóður bænda	5,3
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	130,3
Almennur rekstur samtals	135,6
Gjöld samtals	**135,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,6

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-9,3
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	16,2
1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	-1,4
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	-1,2
Almennur rekstur samtals	4,3
Gjöld samtals	**4,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,3
04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði	
Almennur rekstur:	
1.91 Loðdýrafóður	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**181,9**
Greitt úr ríkissjóði	**181,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-1,7
1.90 Ýmislegt	8,5
Almennur rekstur samtals	6,8
Gjöld samtals	**6,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,8

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	15,1
1.30 Rannsóknaskip	35,0
Almennur rekstur samtals	50,1
Gjöld samtals	**50,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,1

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	270,0
Innheimt af ríkistekjum	-270,0

m.kr.

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins ..... -512,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -512,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-445,1**
Greitt úr ríkissjóði **336,9**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-782,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	35,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	113,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,0

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	-23,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-23,5

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:	
1.10 Neyðarsímsvörun	2,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,3

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	51,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,0

m.kr.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi ..... -10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -10,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **192,8**
Greitt úr ríkissjóði **192,8**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 11,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,3

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 736,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 736,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 150,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 150,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 1.198,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 25,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd 7,0
1.41 Framlög og styrkir 95,0
Almennur rekstur samtals 1.325,0

Gjöld samtals **1.325,0**

Sértekjur:
Sértekjur 422,0

Gjöld umfram tekjur **1.747,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.747,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður 880,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 35,0
Almennur rekstur samtals 915,0

Gjöld samtals **915,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0
Innheimt af ríkistekjum 880,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.41 Stígamót 2,0
1.90 Ýmis framlög 8,0
Almennur rekstur samtals 10,0

Gjöld samtals **10,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3.589,8**
Greitt úr ríkissjóði **812,8**
Innheimt af ríkistekjum **2.777,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	20,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,1

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	18,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,2

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	250,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	96,0
Almennur rekstur samtals	346,0
Gjöld samtals	**346,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	346,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-70,0
1.15 Örorkulífeyrir	240,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-211,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	201,0
1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	-40,0
1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	73,0
1.35 Barnalífeyrir	104,0
Almennur rekstur samtals	297,0
Gjöld samtals	**297,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-176,7
Innheimt af ríkistekjum	473,7

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	77,3
1.15 Lyf	250,2
1.21 Hjálpartæki	143,0
1.31 Þjálfun	100,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	-19,8
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-4,5
1.55 Sjúkradagpeningar	-50,0
Almennur rekstur samtals	496,2
Gjöld samtals	**496,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	496,2

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	22,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,4

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	667,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	667,7
08-379 Sjúkrahús, óskipt	
Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,0
08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	
Almennur rekstur:	
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	-2,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,4
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	
Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	2,4
1.14 Lyfjaverðsnefnd	-2,4
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	-25,0
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	6,7
1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum	-3,1
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	2,2
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	-1,2
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-1,2
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	23,0
Almennur rekstur samtals	1,4
Gjöld samtals	**1,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,4
Innheimt af ríkistekjum	-25,0

m.kr.

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	60,0
1.91 Ýmis verkefni öldrunar- og endurhæfingarstofnana	30,0
Almennur rekstur samtals	90,0
Gjöld samtals	**90,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**30,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	13,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,3

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

08-494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:	
1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

m.kr.

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri ..... -9,5

Sértekjur:
Sértekjur 0,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-9,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,2

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal ..... -10,3

Sértekjur:
Sértekjur 0,4

Gjöld umfram tekjur ..... **-9,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,9

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi ..... -23,9

Sértekjur:
Sértekjur 2,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-21,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -21,6

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási ..... -18,5

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	2,0
Gjöld umfram tekjur	**-16,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-16,5

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði	-16,2
Sértekjur:	
Sértekjur	1,0
Gjöld umfram tekjur	**-15,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,2

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-9,5
Sértekjur:	
Sértekjur	1,0
Gjöld umfram tekjur	**-8,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,5

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,0

m.kr.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	20,0
1.11 Sjúkrasvið	20,0
Almennur rekstur samtals	40,0
Gjöld samtals	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	-38,0
1.11 Sjúkrasvið	-146,5
Almennur rekstur samtals	-184,5
Gjöld samtals	**-184,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	11,9
Gjöld umfram tekjur	**-172,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-172,6

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	131,8
1.11 Sjúkrasvið	146,5
Almennur rekstur samtals	278,3
Gjöld samtals	**278,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,9
Gjöld umfram tekjur	**259,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	259,4

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkrasvið	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.037,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.589,1**
Innheimt af ríkistekjum	**448,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	76,0
1.41 Launagreiðslukerfi	22,0
1.43 Tekjubókhaldskerfi	65,0
1.48 Innheimtuskilakerfi	18,0
Almennur rekstur samtals	181,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	-101,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	-92,3
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	-9,7
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	22,0
Stofnkostnaður samtals	-181,0
Gjöld samtals	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	1.000,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	1.000,0
09-821 Vaxtabætur	
Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	600,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	600,0
09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	
Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	9,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,8
09-989 Launa- og verðlagsmál	
Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis verkefni	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.937,8**
Greitt úr ríkissjóði	**937,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.000,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.34 Flugskóli Íslands	11,1
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-6,8
Almennur rekstur samtals	4,3
Gjöld samtals	**4,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,3

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	375,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
Innheimt af ríkistekjum	-20,0

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	97,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-54,0
Innheimt af ríkistekjum	151,7
10-472 Flugvellir	
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	60,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	60,0
10-651 Ferðamálaráð	
Almennur rekstur:	
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	-2,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,8
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**528,2**
Greitt úr ríkissjóði	**336,5**
Innheimt af ríkistekjum	**191,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 56,5
Greitt úr ríkissjóði 56,5
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements ..... -95,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -95,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-90,5**
Greitt úr ríkissjóði **4,5**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-95,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0
Innheimt af ríkistekjum	-14,0
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**14,0**
Greitt úr ríkissjóði	**28,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-14,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	4,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.40 Alþjóðastofnanir	-1,6
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	10,0
Almennur rekstur samtals	8,4
Gjöld samtals	**8,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,4

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	9,8
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	6,0
Gjöld samtals	**15,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,8

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	85,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-85,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

	m.kr.
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.02 Setur í Reykjavík	7,5
Sértekjur:	
Sértekjur	32,0
Gjöld umfram tekjur	**39,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,5
14-410 Veðurstofa Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	16,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**84,5**
Greitt úr ríkissjóði	**84,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

404. Svar [270. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um diplómatavegabréf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða reglur gilda um íslensk diplómatavegabréf? Hverjir hafa slík vegabréf og hversu margir?*
2. *Hvaða reglur gilda um diplómatavegabréf annars staðar á Norðurlöndum og eru þingmenn þar og annars staðar í Evrópu með slík vegabréf?*

1. Gildandi reglur um diplómatísk vegabréf, nr. 55/2004, voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda og segir þar í 2. grein:

Þessir aðilar einir geta fengið diplómatísk vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Forseti Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.

5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.–5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Aðstoðarmenn forsætis- og utanríkisráðherra.
10. Umboðsmaður Alþingis.
11. Ríkisendurskoðandi.
12. Ríkissaksóknari.
13. Ríkissáttasemjari.
14. Ríkislögreglustjóri.
15. Ríkislögmaður.
16. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
17. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
18. Þeir sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland, í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Þeir listamenn sem um langt skeið hafa skarað fram úr á alþjóðavettvangi og öðlast hafa heimsfrægð. Ákvörðun er háð samþykki utanríkisráðherra.
20. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
21. Fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki, sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
22. Makar þeirra sem taldir eru í 1.–21. tölul. og börn þeirra sem taldir eru upp í 7. tölul. en þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 20 ára aldri.

Alls hafa 465 einstaklingar diplómatavegabréf samkvæmt þessum lista.

2. Á Norðurlöndum gilda sömu reglur og hér, þ.e. að forsetar þinganna fá diplómatavegabréf, í Noregi og Svíþjóð einnig varaforsetar. Í Svíþjóð fá fulltrúar í utanríkismálanefnd einnig diplómatavegabréf og í Danmörku fá þau einnig þeir þingmenn sem sitja mikið af fundum erlendis, t.d. í Brussel, og þeir sem fara til ríkja þar sem ástand má teljast varhugavert. Aðrir þingmenn fá þjónustuvegabréf (í Noregi sérvegabréf).

Í Frakklandi, Ítalíu, Bretlandi og Hollandi fá þingmenn ekki diplómatavegabréf. Í Frakklandi munu formenn utanríkismálanefndar og hermálanefndar þó fá diplómatavegabréf og einnig geta franskir þingmenn fengið diplómatavegabréf tímabundið, í undantekningartilvikum.

Í Grikklandi, Írlandi, Portúgal, Albaníu, Búlgaríu, Serbíu og Svartfjallalandi eiga þingmenn rétt á diplómatavegabréfum. Þingmenn frá Möltu fá ekki diplómatavegabréf nema þeir sem sitja á Evrópuþinginu. Á Spáni geta þingmenn sótt um diplómatavegabréf, en fæstir munu kjósa að gera það.

405. Fyrirspurn [352. mál]

til samgönguráðherra um vöruflutninga til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Telur ráðherra að vegir í Austur-Barðastrandarsýslu geti mætt þörfum fyrir landflutninga ef sjóflutningar til og frá höfnum í Vestur-Barðastrandarsýslu leggjast af?
2. Mun Breiðafjarðarferjan Baldur geta annað þessari flutningsþörf ef vegir lokast, t.d. vegna snjóa?
3. Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir eða áætlanir í ráðuneytinu vegna vöruflutninga til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu ef sjóflutningar leggjast af?

Skriflegt svar óskast.

406. Fyrirspurn [353. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af lyfseðilsskyldum lyfjum.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hver var upphæð virðisaukaskatts til ríkissjóðs af lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?
2. Hver var virðisaukaskattur af kaupum stofnana ríkisins á lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?
3. Hver var heildarupphæð endurgreiðslu virðisaukaskatts af lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?

Skriflegt svar óskast.

407. Fyrirspurn [354. mál]

til fjármálaráðherra um Gini-stuðul.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árin 1995–2003?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Gini-kvarðinn er einn algengasti mælikvarði tölfræðinnar á tekjudreifingu. Hann tekur gildi frá 0 og upp í 1, en því hærri sem hann er þeim mun ójafnari er dreifing teknanna. Ef tekjur allra væru jafnháar tæki Gini-kvarðinn gildið 0.

Þjóðhagsstofnun birti upplýsingar um hann árlega en því var hætt eftir að stofnunin var lögð niður og því er óskað eftir því að fjármálaráðuneytið reikni hann út. Farið er fram á að útreikningar byggist á öllum tekjum en ekki einungis launatekjum.

408. Fyrirspurn [355. mál]

til dómsmálaráðherra um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd lögboðinna námskeiða í íslensku fyrir útlendinga sem eru skilyrði útgáfu búsetuleyfis?
2. Hefur verið tryggt fullnægjandi framboð námskeiða um land allt?
3. Er nægjanlegt framboð á sérmenntuðum kennurum?
4. Er til námsefni sem hæfir ólíkum þörfum útlendinga, svo sem eftir aldri, móðurmáli og lestrargetu?
5. Hefur verið lagt mat á hvort tilskildar 150 kennslustundir skila þeim árangri sem að var stefnt, þ.e. að auðvelda útlendingum aðlögun að íslensku samfélagi?

409. Fyrirspurn [356. mál]

til félagsmálaráðherra um heildarskipulag þjónustu við innflytjendur.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Má gera ráð fyrir að tillögur um heildarskipulag þjónustu við innflytjendur og um fyrirkomulag hennar innan stjórnsýslunnar taki til tilhögunar íslenskukennslu fyrir útlendinga?

410. Fyrirspurn [357. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskukennslu fyrir útlendinga í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Eru uppi áform um að efla íslenskukennslu fyrir útlenda nemendur í grunn- og framhaldsskólum?
2. Hefur verið lagt mat á þörf fyrir kennslumiðstöð, námsefnisbanka og námsefnisgerð fyrir kennslu í íslensku fyrir útlendinga?

411. Fyrirspurn [358. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um nýgengi krabbameins á Norðurlöndunum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Er munur á nýgengi og tíðni krabbameins á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum, tilgreint eftir tegundum, og ef svo er, í hverju er munurinn aðallega fólginn?

Skriflegt svar óskast.

412. Fyrirspurn [359. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um nýgengi krabbameins.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hversu mörg tilvik krabbameins hafa greinst hér sl. sex ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum, fjölda, tegund krabbameins, kyni sjúklings og landshlutum.

Skriflegt svar óskast.

413. Fyrirspurn [360. mál]

til fjármálaráðherra um rekstur Landssíma Íslands.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur Landssími Íslands hf. tryggt fjárhagslegan aðskilnað í þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internetþjónustu og GSM-farsímaþjónustu?

414. Fyrirspurn [361. mál]

til fjármálaráðherra um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig miðar því verkefni hér á landi að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð?

415. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn og á sama fiskveiðiári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð veiðileyfis.

2. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. fellur brott og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því.
b. Orðin „sbr. þó ákvæði 9. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.

5. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald“ í 1. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr. a og 5. og 7. mgr. 12 gr. laganna kemur: sbr. 19. gr.

6. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað „3. og 4. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 2. og 3. mgr.; og í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 2. mgr.
c. Orðin „og sameina hana aflahlutdeild annars skips“ í 6. mgr. falla brott.

8. gr.

Í stað orðanna „skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.

9. gr.

Í stað orðanna „1. september“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 15. september.

10. gr.

Í stað orðanna „2005/2006“ í ákvæði til bráðabirgða XXXI í lögunum, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, kemur: 2009/2010.

11. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, 1. gr. laga nr. 75 26. mars 2003 og 1. gr. laga nr. 149 20. desember 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nokkrar lagfæringar á lagatexta sem einkum má rekja til afnáms sóknardagakerfis. Lagfærðar eru nokkrar tilvísanir til laga sem ekki eru lengur í gildi. Þá er lagt til að heimild til að ákveða að hluti afla skuli ekki reiknast til afla-

marks verði gerð varanleg og að tímabundin heimild til ráðherra um sérstaka ráðstöfun þorskeldiskvóta gildi til loka fiskveiðiársins 2009/2010.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í lokamálslið 5. gr. laganna segir: „Á sama fiskveiðiári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með krókaaflamarki eða leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum.“ Sú breyting hefur verið gerð á lögunum að leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum standa aðeins ákveðnum bátum til boða, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2004. Er því nauðsynlegt að fella þann valkost úr lögunum. Þá þykir fara betur á því að þetta ákvæði sé í 4. gr og því er þessi breyting lögð til.

Um 3. gr.

2. mgr. 6. gr. fjallar um viðmiðunarafla fyrir sóknardagabáta eins og hvernig skerða eigi sóknardagafjölda fari afli yfir þau viðmiðunarmörk. Ástæða þykir til að fella þetta ákvæði niður miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið. Önnur ákvæði þessarar greinar gilda um þá báta sem verða í sóknardagakerfinu á fiskveiðiárinu 2004/2005 og 2005/2006.

Um 4. gr.

Sú breyting sem í a-lið felst er einnig tilkomin vegna afnáms sóknardagakerfisins. Sú tilvísum sem í b-lið er lagt til að felld verði niður er óþörf og raunar misvísandi miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 3. mgr. þessarar greinar.

Um 5. gr.

Í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs féllu lög um veiðieftirlitsgjald úr gildi, en í þeim var ákvæði um hvernig ákvarða skyldi verðmætahlutfall milli einstakra fisktegunda í þorskígildum. Er nú kveðið á um hvernig skuli að þessu staðið í 19. gr. laganna og því er þessi breyting lögð til.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögum sem fjalla um heimild skipstjóra til að ákveða að hluti afla skuli ekki reiknast til aflamarks verði gerð varanleg. Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði til bráðabirgða fellur ákvæðið úr gildi í lok yfirstandandi fiskveiðiárs. Efnislega er ákvæðið að öðru leyti óbreytt.

Um 7. gr.

Í a-lið er lagt til að 1. mgr. 11. gr. laganna verði felld úr gildi. Í fyrri málslið þessarar málsgreinar segir að sé rekstri skips hætt skuli úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Þetta ákvæði má rekja til þess þegar miklar takmarkanir voru á flutningi aflahlutdeildar og aðgangur að veiðileyfum var mjög takmarkaður. Í síðari málslið málsgreinarinnar er ákvæði um rétt útgerðar til að ráðstafa aflahlutdeild í tólf mánuði þegar skip ferst. Þetta ákvæði er með sama hætti óþarft.

B-liður er tilkominn vegna þess að 1. mgr. greinarinnar er felld brott.

Við flutning aflahlutdeildar er það ekki skilyrði að hún sé sameinuð aflahlutdeild annars skips og er því lagt til að þessi orð séu felld úr greininni.

Um 8. gr.

Hér er tilvísun í eldri lög sem felld voru í gildi með lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og er lagt til að það sé leiðrétt.

Um 9. gr.

Í gildandi ákvæði segir að fyrsti gjalddagi fyrir veiðigjald sé 1. september. Við framkvæmdina hefur komið í ljós að ekki er ávallt unnt að ganga frá endanlegri úthlutun til allra báta fyrir upphaf fiskveiðiárs, m.a. til báta þar sem flutningur aflahlutdeildar fer fram alveg í lok árs. Þykir af þeim sökum eðlilegra að hafa meira svigrúm og er því þessi breyting lögð til.

Um 10. gr.

Með lögum nr. 85/2002 var ráðherra heimilað að ráðstafa aflaheimildum sem námu allt að 500 lestum af óslægðum þorski til tilrauna með áframeldi. Heimild þessi gildir til loka fiskveiðiársins 2005/2006. Ljóst er að miklar væntingar eru bundnar við eldi á sjávarfiski og því nauðsynlegt að styrkja frekari tilraunir á því sviði. Er því lagt til að heimild þessi verði framlengd til loka fiskveiðiársins 2009/2010 því með því móti yrði kleift að efla frekari tilraunir og marka því stefnu til lengri tíma.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist þegar gildi og jafnframt að fellt verði úr gildi bráðbirgðaákvæði það sem leyst er af hólmi með 6. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nokkrar lagfæringar á lagatexta sem einkum má rekja til afnáms sóknardagakerfis. Lagfærðar eru nokkrar tilvísanir til laga sem ekki eru lengur í gildi. Þá er lagt til að heimild til að ákveða að hluti afla skuli ekki reiknast til aflamarks verði gerð varanleg og að tímabundin heimild til ráðherra um sérstaka ráðstöfun þorskeldiskvóta gildi til loka fiskveiðiársins 2009/2010.

Verði frumvarðið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi í för með sérkostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

416. Svar [98. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.

1. *Hverjar urðu endanlegar tekjur ríkis og sveitarfélaga í formi tekjuskatts og útsvars erlendra starfsmanna sem unnu við Kárahnjúkavirkjun árið 2003?*

Opinber gjöld voru lögð á 827 erlenda starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun. Álagning 2004 vegna tekna 2003 í formi tekjuskatts og útsvars var liðlega 266 millj. kr. Heildarálagning tekjuskatts var tæplega 150 millj. kr. og sérstaks tekjuskatts um 5 millj. kr. Heildarskattur til ríkisins var því 155 millj. kr. en útsvar til sveitarfélaganna var 111 millj. kr. Skiptist það þannig að um 30 millj. kr. runnu til Fljótsdalshrepps og 82 millj. kr. runnu til Norður-Héraðs. Fjárhæðir þessar miðast við stöðuna eins og hún var í álagningarkerfi ríkisskattstjóra 19. október 2004.

2. *Hvernig skiptust þessar tekjur niður á mánuði, hve margir voru greiðendur hverju sinni og til hvaða sveitarfélaga runnu útsvarstekjurnar, sundurliðað eftir mánuðum?*

Við álagningu er dregin frá heildarstaðgreiðsla á staðgreiðsluári samkvæmt innsendum sundurliðunum launagreiðenda en ekki sundurliðað eftir mánuðum. Þessar upplýsingar liggja því ekki fyrir.

3. *Hvert runnu útsvör, ef einhver voru, erlendra starfsmanna sem lengur eða skemur unnu við Kárahnjúkavirkjun en voru á svonefndri utangarðsskrá?*

Erlendir starfsmenn hérlendis bera hér ýmist fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eða takmarkaða skattskyldu skv. 1. tölul. 3. gr. sömu laga. Ræðst það af því hversu löng dvöl þeirra er hér á landi. Skattskyldan ræðst ekki af því hvernig skráningu á svokallaða utangarðsskrá var háttað. Engin þörf er þess vegna fyrir upplýsingar um hvaða einstaklingar voru skráðir á utangarðsskrá við álagningu opinberra gjalda. Upplýsingar þessar liggja því ekki fyrir.

4. *Hvernig gekk innheimta skatttekna af þeim erlendu starfsmönnum á vegum starfsmannaleiga aðal- eða undirverktaka sem dvöldu hér um skamman tíma og hurfu svo aftur úr landi innan ársins, t.d. margra sem unnu við uppsetningu vinnubúða?*

Eins og fram kemur í svari við 3. lið bera erlendir starfsmenn sem ráðast til starfa hér á landi ýmist fulla eða takmarkaða skattskyldu eftir dvalartíma. Þá eru ótaldir erlendir starfsmenn sem sendir eru tilfallandi hingað á vegum erlendra aðila án þess að verða nokkurn tíma skattskyldir hér. Dæmi eru um að réttur til skattlagningar færist yfir til þeirra ríkja sem gerðir hafa verið tvísköttunarsamningar við, t.d. þegar maður dvelur 183 daga eða skemur hér á landi og fær laun fyrir vinnu í þágu aðila sem er heimilisfastur í hinu erlenda samningsríki án þess að hafa hér á landi fasta atvinnustöð sem gjaldfærir greiðslurnar. Ljóst er að sá hópur sem hér er spurt um tekur vafalaust yfir öll þessi tilvik.

Launagreiðendum ber skylda til að halda eftir staðgreiðslu af launum starfsmanna sinna og skila henni mánaðarlega til tollstjórans í Reykjavík og sýslumanna eftir því sem við á. Ef launagreiðandi sinnir ekki afdrætti opinberra gjalda skal innheimtumaður gera fjárnám hjá honum fyrir þeim afdrætti er hann átti að gera skil á, enda ber launagreiðandi skv. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár. Einnig bera þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa

menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, ábyrgð á skattgreiðslum þeirra, sbr. 1. málsl. 3. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt upplýsingum úr innheimtukerfi ríkisins eru eftirstöðvar skatta þeirra fyrirtækja sem starfað hafa við Kárahnjúkavirkjun ekki umfram það sem venjulegt getur talist og staðgreiðsla berst reglulega.

5. *Hve margir erlendir starfsmenn, sem unnu lengur eða skemur við byggingu Kárahnjúkavirkjunar á síðasta ári, skiluðu skattframtali hér á landi vegna tekna ársins, sbr. 90. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt?*

Samkvæmt upplýsingum frá Skattstofu Austurlands var 8. nóvember sl. búið að skila 171 framtali vegna erlendra starfsmanna sem unnu við Kárahnjúkavirkjun á árinu 2003, og fer þeim fjölgandi.

Alls voru lögð opinber gjöld á 827 erlenda starfsmenn eins og fyrr segir. Þegar álagningin byggðist ekki á innsendu framtali var hún byggð á upplýsingum úr staðgreiðsluskrá 2003.

6. *Hafa verkkaupi, aðalverktaki eða eftir atvikum aðrir hlutaðeigandi uppfyllt staðgreiðsluskyldu sína að fullu, sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra frá 27. ágúst 2003, og einnig þegar í hlut á vinnuafl á vegum undirverktaka eða erlendra starfsmannaleigufyrirtækja?*

Leitað var til embættis ríkisskattstjóra en honum er óheimilt að upplýsa um skattskil einstakra gjaldenda. Með hliðsjón af því um hve fáa aðila er að ræða í því tilviki sem spurt er um er ekki unnt að veita umbeðnar upplýsingar.

7. *Eru ennþá óútkljáð mál tengd Kárahnjúkavirkjun sem varða skattskyldu, skil á staðgreiðslu, skattheimtu og skattaframkvæmd almennt og, ef svo er, hvar eru þau deilumál á vegi stödd?*

Nokkur mál er varða skattskyldu og staðgreiðslu eru óútkljáð en samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra er ekki hægt að upplýsa um stöðu einstakra mála.

8. *Er ráðuneytið enn þeirrar skoðunar að engin sérstök álitamál eða vandamál hafi komið upp, né séu líkleg til þess, í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar, sbr. svar við fyrirspurn á þingskjali 821 á 130. löggjafarþingi?*

Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál uppi í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna framkvæmda af þessari stærðargráðu.

417. Svar [260. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um vegaskrá.

1. *Hversu margir vegir hafa verið teknir af vegaskrá á tímabilinu 1980–2004? Hvað heita þessir vegir og hver er lengd þeirra? Hvernig skiptast þeir milli sveitarfélaga og kjördæma?*

Vegaskrá er aðeins breytt af Alþingi samhliða endurskoðun samgönguáætlunar, áður vegáætlunar. Slík endurskoðun fór ekki fram árið 1980 og hefur ekki heldur farið fram á yfirstandandi ári. Því verður hér miðað við tímabilið 1981–2003. Á því tímabili hefur alls 41 tengivegur verið felldur af vegaskrá, samtals um 200 km. Af þeim hafa um 129 km orðið að safnvegum eða landsvegum en 71 km hefur fallið alfarið út af vegaskrá. Sjá eftirfarandi yfirlit. Á umræddu tímabili hafa orðið töluverðar breytingar á skrám um safnvegi (áður sýsluvegi) en ekki er til heildstætt yfirlit yfir þær breytingar.

2. *Hvað ræður því hvort vegur er tekinn af skrá Vegagerðarinnar eða ekki?*

Farið er eftir 8. gr. vegalaga, nr. 45/1994, með síðari breytingum, varðandi flokkun vega og ákvörðun um það hvort vegir skuli teljast þjóðvegir.

3. *Er samráð haft við sveitarfélög um brottfall vega af vegaskrá?*

Eins og fram kemur í svari við 2. lið er fylgt ákvæðum laga um vegaskrána. Samráð er yfirleitt ekki haft við sveitarfélög nema ef um vafamál er að ræða.

Þjóðvegir, af flokknum tengivegir, sem féllu af vegaskrá á árunum 1981–2003.
Margir þeirra eru nú þjóðvegir í flokki safnvega eða landsvega.

Tengivegir Vegnr.	Vegheiti	Upphaflegur vegur Lengd km	Nú safn- eða landsvegur Lengd km	Tekinn af vegaskrá Lengd km	Núverandi vegnúmer
203	Geirlandsvegur:	2,7	2,7		óbreytt
257	Árbúnsvegur:	14,5	2,3	12,2	2549
318	Breyting á vegakerfi	0			
353	Kiðjabergsvegur	5,5	5,5		óbreytt
(41)	Njarðvík – Keflavík	4,3		4,3	
422	Njarðvíkurvegur	1,5		1,5	
433	Reykjalundarvegur	0,6		0,6	
53	Breyting á vegakerfi	0			
537	Sauravegur	11,5		11,5	
568	Skógarnesvegur	9,1	6,7	2,4	óbreytt
575	Flugvöllur Rifi	0,8		0,8	
579	Flugv. Stykkishólmi	0,3		0,3	
591	Neðribyggðarvegur	5,6		5,6	
592	Skorravíkurvegur	1,2		1,2	
609	Fjarðarhlíðarvegur	7,9	7,9		óbreytt
611	Siglunesvegur	3,1	3,1		óbreytt
621	Mosdalsvegur	8,1	8,1		óbreytt
626	Flugvöllur Önundarf.	0,3		0,3	
638	Laugalandsvegur	3,1	3,1		óbreytt
647	Munaðarnesvegur	4,4	4,0	0,4	óbreytt
706	Núpsdalsvegur	2,5	2,5		óbreytt
712	Þorgrímsstaðadalsv.	3,2	3,2		óbreytt
(722)	Vatnsdalsá hjá Undirf.	1,6		1,6	
725	Miðásavegur	2,5	2,5		óbreytt
728	Flugvallarv. Blönduósi	0,6		0,6	
758	Austurdalsvegur	14,1	14,1		óbreytt
761	Fjallsvegur	2,5	2,5		7687
766	Brimnesvegur	5,6	5,6		766 og 7760
788	Haganesvíkurvegur	5,3	5,3		óbreytt
827	Sölvadalsvegur	9,1	9,1		óbreytt
832	Vaðlaheiðarvegur	19,1	19,1		óbreytt
857	Laxárdalsv. að Halldst.	2,8		2,8	
861	Vestursandsvegur	2,3	0,3	2,0	8755
873	Flugvöllur Raufarhöfn	0,2		0,2	
922	Grófarselsvegur	5,8	5,8		óbreytt
926	Húsey jarvegur	13,0	13,0		óbreytt
942	Steinsvaðsvegur	3,8	2,0	1,8	óbreytt
955	Flugvöllur Norðfirði	0,7		0,7	
966	Flugvöllur Djúpavogi	1,4		1,4	
971	Lónsheiðarvegur	17,8		17,8	
988	Flugvöllur Öræfum	1,7	0,2	1,5	9868
	Samtals	200,1	128,6	71,5	

Skipting á milli kjördæma.

	Upphaflegur vegur Lengd km	Nú safn- eða landsvegur Lengd km	Tekinn af vegaskrá Lengd km
Suðurkjördæmi	39,0	10,7	28,3
Suðvesturkjördæmi	0,6		0,6
Norðvesturkjördæmi	93,3	68,6	24,7
Norðausturkjördæmi	67,2	49,3	17,9
Samtals	200,1	128,6	71,5

418. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

3. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það er því endurflutt óbreytt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabifreiða og njóti endurgreiðslu á ⅔ hlutum virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005.

Með lögum nr. 57/2001 var bundin í lög heimild til að endurgreiða þeim sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 21. desember 2003. Með lögum nr. 77/2003 var heimildin framlengd til 31. desember 2005.

Niðurfelling virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum er hins vegar óheimil samkvæmt lögum nr. 50/1988 og hafa þeir sem reka almenningssamgöngur, en það eru einkum sveitarfélög og fyrirtæki þeirra, engrar endurgreiðslu notið. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða. Almenningssamgöngum er nú haldið úti á höfuðborgarsvæðinu af Strætó bs. með 110 vögnum. Frá 1. september 2000 til ársloka 2003 keypti Strætó bs. 14 vagna.

Álagður virðisaukaskattur vegna þessara kaupa er 50,3 millj. kr. og ⅔ hlutar fjárhæðarinnar, þ.e. það sem endurgreiðslan tæki til, nemur 33,5 millj. kr.

Meðalaldur vagna Strætó bs. er um 11 ár. Elstu vagnarnir eru frá 1983, eða 21 árs gamlir. Því er ljóst að mikil þörf er á endurnýjun þessa flota, enda er fyrirhugað að kaupa 21 vagn á árunum 2004 og 2005, þar af tvo metanknúna. Gera má ráð fyrir því að ⅔ hlutar virðisaukaskatts vegna þeirra vagnakaupa verði á bilinu 45–50 millj. kr., eftir því hvert innkaupsverðið verður.

Þjónustusvæði Strætó bs., sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, er dreifbýli á Kjalarnesi og í Mosfellsdal, þéttbýli í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, Álftanesi og í Reykjanesbæ. Í athugun er jafnvel að taka upp akstur til Akraness en í raun er allt svæðið frá Árborg, Reykjanesbæ og Akranesi orðið eitt atvinnusvæði. Auk höfuðborgarsvæðisins er haldið uppi reglubundum almenningssamgöngum á Akureyri (3–4 vagnar), Ísafirði og í Fjarðabyggð. Ætla má að endurgreiðsla ⅔ hluta virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum til allra þeirra sem hér um ræðir gæti numið um 100 millj. kr. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2005.

Frekari stuðningur ríkisins við almenningssamgöngur væri í samræmi við markmið samgönguáætlunar 2003–2006 og að stefnt yrði að því að ríkið endurgreiði álögð gjöld á almenningssamgöngur að fullu.

419. Frumvarp til laga [364. mál]

um skattskyldu orkufyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreining.

1. gr.
Gildissvið.

Orkufyrirtæki skv. 2. gr. skulu skattskyld skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattskyldan tekur til allra orkufyrirtækja þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skattlagning orkufyrirtækja skal vera í samræmi við ákvæði þessara laga og laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

Sé rekstur orkufyrirtækis hluti af starfsemi opinbers aðila skal bæði rekstur og efnahagur hins skattskylda hluta að fullu aðgreindur bókhaldslega frá annarri starfsemi.

2. gr.
Skilgreining.

Í lögum þessum merkir orkufyrirtæki fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

II. KAFLI
Endurmat eigna og fyrningar.

3. gr.
Um endurmat eigna.

Á árinu 2006 skal endurmeta þær fyrnanlegu eignir, sbr. 33. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs og aflað var fyrir árslok 2001, samkvæmt ársreikningi 2001, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár fram til ársins 2001. Kostnaðarverð þannig framreiknað myndar nýjan fyrningargrunn. Til frádráttar framreiknuðu kostnaðarverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af kostnaðarverðinu sem um getur í 4. gr. fyrir hvert ár frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2005. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu kostnaðarverði, sbr. 42. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Mismunur framreiknaðs kostnaðarverðs og framreiknaðra fyrninga telst eftirstöðvar fyrningarverðs og skal færður til eignar.

Heimilt er skattaðila að falla frá endurmati eigna sem þegar eru komnar í niðurlagsverð í árslok 2005 skv. 2. mgr. og færa þær til eignar á matsverði þeirra í ársreikningi 2005.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2005 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast fram til 2001 á sama grunni og verðbreytingarstuðull var reiknaður á árunum 1980 til 2001.

Skattaðilar skv. 1. gr., sem eiga eignir í ársbyrjun 2006, sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra með skattframtali 2007, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Heimilt er að endurmeta eignir sem eru í notkun í ársbyrjun 2006 þótt þær hafi verið gjaldfærðar í undangengnum reikningsskilum ef skattaðili hefði haft rétt til að eignfæra þær og eftir atvikum afskrifa í skattalegu uppgjöri samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, enda eigi ákvæði 4. mgr. ekki við.

Endurmatsbreyting samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til tekna en færist með öðru eigin fé.

Í stað endurmats samkvæmt 2.–4. mgr. er á grundvelli samþykkis ríkisskattstjóra heimilt að nota framreiknað verð eins og það var bókfært í árslok 2001, enda hafi endurmat fyrirtækis á eignum sínum verið sambærilegt endurmati skattalaga. Til frádráttar þannig ákvörðuðu endurmetnu verði reiknast sá hundraðshluti fyrninga sem um getur í 4. gr. ár hvert frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2005. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð.

4. gr.
Fyrningarhlutföll við endurmat.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal við endurmat vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Hitaréttindi, vatnsréttindi, orkuver og virkjanir, þ.m.t. stöðvarhús, stíflur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr og þrýstivatnspípur, 1%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituæðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar 2%.
3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun 4%.

4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum 5%.
5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi 10%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja við endurmat skulu gilda lágmarksfyrningarhlutföll ákvæðis 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

III. KAFLI
Fyrningar og söluhagnaður.

5. gr.
Fyrningar.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Hitaréttindi, vatnsréttindi, orkuver og virkjanir, þ.m.t. stöðvarhús, stíflur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr og þrýstivatnspípur, að lágmarki 1%, að hámarki 3%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituæðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar að lágmarki 2%, að hámarki 4%.
3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun að lágmarki 4%, að hámarki 6%.
4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum að lágmarki 5%, að hámarki 7%.
5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi að lágmarki 10%, að lágmarki 12%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja skulu gilda ákvæði III. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

Fyrningargrunnur eigna samkvæmt þessari grein telst stofnverð þeirra að teknu tilliti til endurmats skv. 3. gr. laga þessara.

6. gr.
Söluhagnaður.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem hafa verið endurmetnar skv. II. kafla, skal framreikna stofnverð þeirra og fyrningar eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og við endurmat skv. 3. gr. eftir því sem við á.

Þegar eignir sem ekki hafa verið endurmetnar skv. II. kafla eru seldar er heimilt að framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til ársins 2001 með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

7. gr.
Reglugerð.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

8. gr.
Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Frumvarpið er samið af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði 11. desember 2000 um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Það var niðurstaða starfshópsins að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina, enda ýmsum vandkvæðum bundið í skattalegu tilliti, vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna er, að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggi við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að fella niður undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti og eignarskatti. Enda þótt fyrir því kunni að hafa verið ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti og eignarskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, ekki skýr. Orkufyrirtæki greiða t.d. tryggingagjald og virðisaukaskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Auk þess þarf að hafa í huga að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstur orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti.

Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2006 með álagningu árið 2007. Þannig gefst fyrirtækjunum svigrúm til að aðlaga fjárhæðir að skattalegum reglum við uppgjör tekjuskattsstofns og eignarskattsstofns.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt álagningu tekju- og eignarskatts er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í fyrir gildistöku laga þessara til að gera skattlagningu þeirra jafnsetta skattlagningu annarra skattaðila. Vegna þessara sérstöku aðstæðna þykir rétt að leggja fram sérstakt frumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja. Gert er ráð fyrir að hin sérstöku lög verði afnumin er fram líða stundir og ákvæði tekjuskattslaganna gildi þá ein um skattlagningu orkufyrirtækja.

Í frumvarpi þessu þykir ekki rétt að taka tillit til afkomu liðinna ára við skattlagningu orkufyrirtækja nú. Af þeirri ástæðu er þeim t.d. ekki heimil yfirfærsla á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 2005 eða fyrr. Sama regla hefur verið viðhöfð hingað til þegar aðilar sem áður hafa notið skattfrelsis hafa orðið skattskyldir, sbr. t.d. banka, sparisjóði og opinbera fjárfestingarlánasjóði.

Fjárhagslegt mat á áhrifum þessara tillagna á arðsemi orkugeirans er miklum vandkvæðum bundið. Við upphaf skattskyldu þarf að fara fram ákveðið endurmat og erfitt er að sjá fyrir afleiðingar þess varðandi skattskilin. Skuldsett orkufyrirtæki sem standa í miklum fjárfestingum á næstu árum með tilheyrandi tilkostnaði samhliða hægfara tekjumyndun greiða væntanlega ekki tekjuskatt á næstu árum heldur mynda yfirfæranlegt tap, en orkufyrirtæki sem safnað hafa upp hagnaði án mikilla fjárfestinga að undanförnu munu væntanlega greiða bæði tekjuskatt og eignarskatt.

Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Þannig liggja ekki fyrir samræmd gögn um reikningsskil fyrirtækjanna og þaðan af síður skattalegt uppgjör. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fram fari skattalegt endurmat á fyrnanlegum og ófyrnanlegum eignum sem mun án efa hafa veruleg áhrif á skattalega niðurstöðu fyrirtækjanna. Áhrifin verða hins vegar ekki ljós fyrr en við fyrstu álagningu.

Miklar sveiflur hafa verið í afkomu orkufyrirtækjanna á síðustu árum. Þannig voru fimm af sex stærstu orkufyrirtækjunum rekin með tapi á rekstrarárinu 2001 og á árinu 2000 voru

þrjú af fyrirtækjunum sex rekin með tapi. Hins vegar voru öll fyrirtækin nema eitt rekin með hagnaði á árinu 1999. Miðað við tölur ársins 2001 virðist eiginfjárstaða stærstu orkufyrirtækjanna mjög traust, eða sem nemur nálægt 100 milljörðum kr. samkvæmt uppgjöri í ársreikningum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að orkufyrirtæki greiði tekjuskatt og eignarskatt með sama hætti og önnur atvinnufyrirtæki. Um skattlagningu skulu gilda öll ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi regla leiðir til þess að orkufyrirtækjum ber að haga uppgjöri til skatts með þeim hætti er skattalög áskilja, m.a. að því er varðar ákvörðun um hvað teljist tekjur og gjöld svo og eignir til fyrninga á komandi árum. Þá eiga almennar reglur um framtalsskil, álagningu, yfirferð og úrskurði við á sama hátt og hjá öðrum lögaðilum. Sama á og við um greiðslu skatta, gjalddaga og innheimtu.

Í greininni er sérstaklega tekið fram að skattskyldan taki til allra orkufyrirtækja, sbr. 2. gr., þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þá er gert ráð fyrir að skattskylda orkufyrirtækja verði í samræmi við ákvæði þeirra laga og sérákvæði þessa frumvarps varðandi endurmat, fyrningar og ákvörðun söluhagnaðar.

Í 2. mgr. er tekið fram að sé rekstur orkufyrirtækis hluti af starfsemi opinbers aðila, skuli bæði rekstur og efnahagur hins skattskylda hluta að fullu bókhaldslega aðgreindur frá annarri starfsemi.

Um 2. gr.

Í greininni er hugtakið orkufyrirtæki skilgreint. Samkvæmt greininni er með orkufyrirtækjum átt við fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

Um 3. gr.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt skattlagningu og hafa því ekki hagað bókhaldi sínu og uppgjöri í samræmi við ákvæði skattalaga er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í áður en frumvarp þetta verður að lögum.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að fram fari endurmat eigna, jafnt mannvirkja sem lausafjár er mynda fyrningarstofn hjá hinum skattskyldu aðilum. Er þessum atriðum hér skipað á sama hátt og gert var við upptöku verðleiðréttra skattskila með lögum nr. 40/1978 og nr. 7/1980. Einnig eru ákvæði um ákvörðun á söluhagnaði sambærileg ákvæðum í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ljóst er að reikningsskil og framsetning ársreikninga orkufyrirtækja er á ýmsan hátt frábrugðin reikningsskilum og þeirri framsetningu er við eiga í skattskilum almennra fyrirtækja. Óhjákvæmilegt er að samræma þessi atriði skattalögum og taka tillit til þess að fyrirtækin kunna að hafa haft mismunandi reglur um eignfærslu og fyrningar margvíslegra fjárfestinga á liðnum árum. Ýmsar eignir orkufyrirtækja, t.d. orkuvirki, lagnir og sérhæfður búnaður, eru sérstaks eðlis og án almenns markaðsgildis en eigi að síður er rétt að hefðbundnum aðferðum skattskila sé beitt við ákvörðun á fyrningarverði þeirra og stofnverði til ákvörðunar á söluhagnaði o.s.frv.

Í lok greinarinnar kemur fram að í stað endurmats samkvæmt greininni sé á grundvelli samþykkis ríkisskattstjóra heimilt að nota framreiknað verð eins og það var bókfært í árslok

2001, enda hafi endurmat eigna verið í öllum aðalatriðum sambærilegt endurmati skattalaga og eignir almennt verið endurmetnar samkvæmt breytingu verðlags. Fram kemur að nánari ákvæði um framkvæmd málsgreinarinnar skuli sett í reglugerð.

Um 4. gr.

Í greininni eru tilgreind fyrningarhlutföll vegna endurmats. Fyrningarflokkana er ekki að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja við endurmat skulu lágmarksfyrningarhlutföll ákvæðis 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að línulegar fyrningar gildi um endurmat eigna, sem er í raun í samræmi við ákvæði skattalaga sem giltu á fyrningartímanum.

Um 5. gr.

Í greininni eru tilgreind fyrningarhlutföll tiltekinna eigna sem ekki er að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Um fyrningar annarra eigna orkufyrirtækja skulu ákvæði III. kafla sömu laga gilda eftir því sem við á. Fyrningargrunnur eigna skal teljast stofnverð þeirra að teknu tilliti til endurmats skv. 3. gr. frumvarpsins. Í því felst að fyrningar samkvæmt ákvæðinu verða línulegar með sama hætti og gildir um aðrar eignir en lausafé samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrningar lausafjár verða hins vegar stiglækkandi, sbr. 2. mgr. 36. gr. skattalaga.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram að við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem hafa verið endurmetnar skv. II. kafla, skuli stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og við endurmat skv. 3. gr. eftir því sem við á. Hafi eignir, sem ekki hafa verið endurmetnar skv. II. kafla, verið seldar er heimilt að framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til ársloka 2001 með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði. Verðbólguleiðréttingar voru afnumdar í skattalögum frá og með árinu 2002.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en gera verður ráð fyrir að fjármálaráðherra eigi þess kost að útfæra nánar í reglugerð ýmsa þætti er snerta framkvæmd og fyrirkomulag skattlagningarinnar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af lögum á sviði orkumála sem afgreidd voru á vorþingi árið 2003 og leiða munu til breyttrar skipunar á vinnslu, flutningi, dreifingu og sölu

á raforku og eftirliti með þeirri starfsemi. Í tengslum við þær breytingar er í þessu frumvarpi lagt til að undanþágur sem orkufyrirtæki hafa haft frá því að greiða tekjuskatt og eignarskatt verði felldar niður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skattskyldan hefjist á rekstrarárinu 2006 og að álagning fari fram á árinu 2007. Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs en afar erfitt er að áætla hvaða tekjum þessi skattlagning muni skila. Reikningsskil orkufyrirtækja hafa á ýmsan hátt verið á annan veg en tíðkast í skattskilum almennra fyrirtækja, sérstaklega varðandi eignamat og fyrningar. Samræmd gögn um skattalegt uppgjör fyrir orkufyrirtækin liggja því ekki fyrir. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir að fram fari skattalegt endurmat á mannvirkjum og öðrum eignum sem mun hafa veruleg áhrif á skattalega niðurstöðu þessara fyrirtækja. Varla er hægt að reikna með verulegum tekjuskatti frá fyrirtækjum í þessum geira í næstu framtíð ef tekið er mið af afkomu þeirra um langt árabil. Skuldsett orkufyrirtæki sem leggja í mikinn tilkostnað við fjárfestingar á komandi árum samhliða hægfara vexti í tekjustreymi munu væntanlega ekki greiða tekjuskatt um hríð heldur mynda yfirfæranlegt rekstrartap. Orkufyrirtæki sem skila hagnaði án mikilla fjárfestinga á undanförnum árum mundu hins vegar líklega greiða tekjuskatt. Í sambandi við eignarskatt þarf að hafa í huga að skatthlutfallið hefur verið lækkað niður í 0,6% samkvæmt gildandi lögum og að áform eru um að afleggja eignarskattinn að fullu.

Orkuiðnaðurinn er samsettur úr frekar fáum fyrirtækjum og er gert ráð fyrir að álagning og innheimta skatta vegna þeirra verði með sama hætti og vegna annarra fyrirtækja. Ekki er því ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi umtalsverð áhrif á útgjöld skattkerfisins.

420. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 27. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 32 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dags. 12. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 1.741,4 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum. Að lok-

um er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði um 306,4 milljarðar kr. sem er 575,0 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður 10.054,6 m.kr. sem er lækkun um 1.166,4 m.kr.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 58,7 m.kr.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Gerð er tillaga um að veita 4,7 m.kr. framlag til leiðréttingar á verðgrunni þingfararkaups.

1.04 Alþjóðasamstarf. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundna fjárveitingu fyrir hálft stöðugildi á alþjóðasviði í tilefni af óvenjumiklu álagi við alþjóðastarf árið 2005. Alþingi leggur tímabundið til ritara fyrir Norðurskautsnefndina til næstu áramóta og hefur verið ákveðið að framlengja það starf fyrir árið 2005. Ráðstefnuhald verður mikið á næsta ári, m.a. þing Norðurlandaráðs og NATO-þing.

1.10 Rekstur fasteigna. Gerð er tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til þess að taka á leigu 250 m² geymsluhúsnæði fyrir skjalasafn Alþingis en safnið býr nú við þröngan kost í kjallara í Vonarstræti 8 og fleiri kjöllurum eldri húsa Alþingis þar sem aðstæður eru slæmar.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til endurgerðar upplýsingakerfa sem upphaflega var fyrirhugað að ljúka að mestu á árinu 2004. Umfang verksins hefur reynst meira en reiknað var með og hefur tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert að tryggja samhæfni nýju kerfanna við gömul kerfi og gömul gögn. Einnig var vinna við nýja tækni við útgáfu þingskjala, birtingu skjala á vef og sjálfvirka útgáfu Alþingistíðinda vanmetin. Nú má búast við að gerð kerfisins ljúki ekki að fullu fyrr en árið 2006 en unnið er að endurmati á verkefninu. Gera má ráð fyrir að setja þurfi 25–35 m.kr. í það árið 2005 til þess að nýta það starf sem unnið hefur verið. Lagt er til að hluti kostnaðarins á árinu 2005 verði fjármagnaður með frestun á fyrirhugaðri endurnýjun annars tölvubúnaðar hjá Alþingi.

Að auki er gerð tillaga um 9 m.kr. tímabundið framlag til endurnýjunar á tölvum þingmanna.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag vegna lækkunar sértekna og hækkunar á öðrum rekstrarkostnaði hjá embættinu.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 731,5 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Gerð er tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu til Rannsóknastofnunar í næringarfræði sem áætlað er að stofna samkvæmt drögum að samningi

Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúss og menntamálaráðuneytis. Rannsóknastofa í næringarfræði við HÍ og LSH fékk fjárveitingu á fjárlögum til rannsókna á kúamjólk árin 2001–2004 og var stofan byggð upp kringum rannsóknarverkefni prófessors í næringarfræði.

Þá er gerð tillaga um 1 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi uppbyggingar fjarnáms í opinberri stjórnsýslu og ýmissar fræðsluþjónustu á sviði opinberrar stjórnsýslu fyrir opinberar stofnanir og sveitarfélög úti um land hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við stjórnmálafræðiskor félagsvísindadeildar HÍ.

225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til rannsókna við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.33 Myndlistarskólinn Akureyri. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun framlags til Myndlistarskólans á Akureyri.

1.37 Tónlistarnám. Gerð er tillaga um 37 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna kostnaðar ríkissjóðs við tónlistarnám nemenda í framhaldsskólum sem fá tónlistarnámið metið til eininga. Samkvæmt samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga tekur ríkissjóður að sér verkefnið af sveitarfélögunum og verða verkefni sem nema kostnaðinum flutt frá ríki til sveitarfélaga fyrir árslok 2006.

451 Símenntun og fjarkennsla.

Lagt er til að framlag til símenntunarstöðva á landsbyggðinni verði hækkað og hækka því eftirfarandi níu liðir um 0,5 m.kr. hver:

1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi.
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
1.23 Farskóli Norðurlands vestra.
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar.
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga.
1.26 Fræðslunet Austurlands.
1.27 Fræðslunet Suðurlands.
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gerð er tillaga um 300 m.kr. hækkun á framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna með vísan til kostnaðarmats á frumvarpi til nýrra laga um sjóðinn. Kostnaðurinn felst í því að árleg endurgreiðsla af námslánum lækkar úr 4,75% af útsvarstekjum lántaka í 3,75% af útsvarstekjum og fjármagnstekjum.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til að gera úttekt á gagnagrunnum með hliðsjón af þeim kröfum sem Fornleifavernd setur um fornleifaskráningu. Verkefnið er á vegum Fornleifaverndar en staðsett hjá minjaverði Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 11,5 m.kr. hækkun á liðnum vegna fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi er lagt til að Minjasafninu á Akureyri verði veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til þverfaglegra rannsókna og kynningar á Gásakaupstað í Eyjafirði. Áætluð verklok eru árið 2006.

Þá er gerð tillaga um að veita Byggðasafni Skagfirðinga 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins „Kolkuós – Kolbeinsárós, höfn og verslunarstaður á miðöldum".

Í þriðja lagi er gerð tillaga um að veita Byggðasafni Skagfirðinga 1 m.kr. tímabundið framlag til að koma upp geymslu og rannsóknaraðstöðu í Minjahúsinu á Sauðárkróki þar sem fyrirhugað er að varðveita muni safnsins, forverja þá, rannsaka og skrá. Verkefnið felst í átaki fyrri hluta árs 2005 og verklok eru áætluð í desember sama ár.

Loks er gerð tillaga um að veita Hinu þingeyska fornleifafélagi 0,5 m.kr. tímabundið framlag til nýsköpunar í ferðaþjónustu og fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag vegna stofnunar sérstaks stjórnmálasögusafns innan handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns.

909 Blindrabókasafn Íslands.

1.01 Blindrabókasafn Íslands. Gerð er tillaga um tímabundið 5 m.kr. framlag til Blindrabókasafns Íslands til þess að yfirfæra hljóðbókakost þess á hið stafræna Daisy-hljóðbókaform. Í því er hægt að fletta upp t.d. eftir efnisyfirliti og spila efni hraðar eða hægar eftir þörfum. Safnið hljóðritar nú allt efni sitt á Daisy-formi en flytja þarf eldri hljóðrit safnsins á þetta form. Áætluð verklok eru árið 2007.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.11 Nýlistasafn. Gerð er tillaga um að hækka framlag til Nýlistasafnsins um 3 m.kr.

1.41 Galdrasýning á Ströndum. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi uppbyggingar Galdrasýningar á Ströndum. Fyrir liggur að ljúka öðrum áfanga sýningarinnar að Klúku í Bjarnarfirði og opna hann sumarið 2005.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um nýjan safnlið með 10 m.kr. framlagi og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um 20,5 m.kr. hækkun á liðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartilllögum meiri hlutans.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Gerð er tillaga um 96 m.kr. hækkun á framlögum til Húsafriðunarsjóðs. Þar af eru 86 m.kr. tímabundið framlag til eftirfarandi verkefna:

Norska húsið í Stykkishólmi	5 m.kr.
Vatneyrarbúð á Patreksfirði	5 m.kr.
Duus-hús í Reykjanesbæ	5 m.kr.
Borgarkirkja á Mýrum	4 m.kr.
Eyrardalsbærinn í Súðavík	4 m.kr.
Vélsmiðjan á Þingeyri	4 m.kr.
Gamli spítali, Gudmanns Minde, á Akureyri	4 m.kr.
Faktorshúsið á Djúpavogi	4 m.kr.
Húsavíkurkirkja	4 m.kr.
Riis-hús á Borðeyri	4 m.kr.
Gamla prestsseturshúsið á Brjánslæk	4 m.kr.
Friðbjarnarhús á Akureyri	4 m.kr.
Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík	4 m.kr.
Framtíðin á Djúpavogi	3 m.kr.

Skjaldborgarbíó á Patreksfirði	3 m.kr.
Gufubaðið og Smíðahúsið á Laugarvatni	2 m.kr.
Neðra pakkhúsið í Englendingavík í Borgarnesi	2 m.kr.
Hraunsrétt í Aðaldal	2 m.kr.
Herhúsið á Siglufirði	2 m.kr.
Skjaldbreið, gömul hlaða við Kálfatjörn	2 m.kr.
Brydebúð í Vík	2 m.kr.
Kaupvangur á Vopnafirði	2 m.kr.
Þingeyrarkirkja í Dýrafirði	2 m.kr.
Tryggvaskáli á Selfossi	2 m.kr.
Einarshús í Bolungarvík	1 m.kr.
Smiðjan á Bíldudal	1 m.kr.
Gamla prestssetrið að Útskálum	1 m.kr.
Hákarlahjallur í Hamarsbæli á Selströnd	1 m.kr.
Kaldilækur í Ólafsvík	1 m.kr.
Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson	1 m.kr.
Bryggjuhús á Seyðisfirði	1 m.kr.

982 Listir, framlög.

1.27 Tónlist fyrir alla. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á liðnum.

1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til skönnunar tónverkasafns miðstöðvarinnar. Verkefnið er komið nokkuð áleiðis, búið er að yfirfæra tæplega 2.000 af ríflega 6.000 verkum á stafrænt form, og með því er tryggð betri geymsla frumgagna með minnkandi umgengni, auðveldari vinnslu og mun auðveldara aðgengi að tónverkum íslenskra tónskálda fyrir áhugasama, hvar sem þeir eru í heiminum. Útlit er fyrir að verkið taki tvö og hálft ár í viðbót.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 11,7 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Listir, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Gerð er tillaga um að fella liðinn brott.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.23 Hið íslenska bókmenntafélag. Gerð er tillaga um að veita Hinu íslenska bókmenntafélagi 3 m.kr. tímabundið framlag til útgáfu rits Harðar Ágústssonar um Laufásstað við Eyjafjörð. Þetta rit er fyrra bindið af sögu staðarins og fjallar um staðinn sjálfan. Seinna bindið mun fjalla um kirkjur í Laufási.

1.51 Fræða- og þekkingarsetur. Gerð er tillaga um að veita Þekkingarsetri Þingeyinga 3 m.kr. framlag.

988 Æskulýðsmál.

1.10 Æskulýðsráð ríkisins. Lagt er til að framlög til Æskulýðsráðs ríkisins hækki um 1 m.kr.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 12 m.kr. hækkun á framlagi til UMFÍ. Þar af eru 8 m.kr. vegna starfsmanna við þjónustumiðstöðvar á landsbyggðinni.

1.90 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um 1,6 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Æskulýðsmál, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Lagt er til að liðurinn verði felldur brott.

989 Ýmis íþróttamál.

1.21 Skáksamband Íslands. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun framlaga til Skáksambands Íslands, en sambandið hefur ekki getað staðið við ýmsar mikilvægar skuldbindingar á síðustu árum vegna fjárskorts. Áætlaður kostnaður sambandsins næsta ár er um 30 m.kr. en ný stjórn þess stefnir að því að stórauka styrki frá fyrirtækjum og stofnunum í stað þess að reiða sig alfarið á fjármagn frá hinu opinbera.

Jafnframt er gerð tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til átaksverkefnisins „Gerpluskák 2005" sem ætlað er að byggja upp skákiðkun íslenskra stúlkna og kvenna.

1.30 Bridgesamband Íslands. Gerð er tillaga um að veita Bridgesambandi Íslands 2,5 m.kr. tímabundið framlag til að taka þátt í Ólympíumóti í bridge sem fram fer í Istanbúl.

1.90 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Íþróttamál, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Gerð er tillaga um að fella safnliðinn brott.

6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til frekari framkvæmda á skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal.

6.54 Gaddstaðir. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu á Gaddstaðaflötum á Rangárvöllum.

6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda í skíðalandi Siglfirðinga í Skarðsdal.

6.57 Sparkvellir. Gerð er tillaga um að veita Knattspyrnusambandi Íslands 25 m.kr. tímabundið framlag til þess að ljúka sparkvallaátaki sem hófst á þessu ári. Knattspyrnusamband Evrópu lagði fram 1 milljón svissneskra franka (um 57 m.kr.) til verksins og 30 m.kr. voru veittar á fjárlögum fyrir árið 2004, auk þess sem fjögur fyrirtæki lögðu samtals til 50 m.kr.

999 Ýmislegt.

1.43 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á Skriðuklaustri. Rannsóknir hafa staðið yfir í þrjú ár, m.a. með styrk úr Kristnihátíðarsjóði. Rústirnar eru umfangsmeiri og betur varðveittar en talið var í fyrstu og ljóst að framlögin úr Kristnihátíðarsjóði nægja ekki til þess að ljúka rannsókninni innan þess tímaramma sem settur hefur verið.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 41,2 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Gerð er tillaga um 36,5 m.kr. hækkun safnliðarins.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um stofnkostnaðarlið með 101,4 m.kr. fjárveitingu og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 242,0 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 8 m.kr. framlag vegna stöðu fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki í 5 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2006.

1.02 Varnarmálaskrifstofa. Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu vegna tímabundinnar

ráðningar sérfræðings á varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins. Fjárveitingin er til tveggja ára og lækkar hún í 4 m.kr. seinna árið.

190 Ýmis verkefni.

1.15 Heimssýning í Aichi í Japan. Lagt er til að veitt verði 57 m.kr. tímabundið framlag til að fjármagna hlut Íslands í heimssýningunni sem haldin verður í Aichi í Japan á næsta ári. Ákveðið hefur verið að Norðurlöndin standi saman að þátttöku í sýningunni og nemur hlutur Íslendinga í kostnaðinum 4%, eða 22 m.kr. Því til viðbótar er 25 m.kr. kostnaður vegna íslenskrar menningarkynningar sem áformuð er á Íslandsdegi heimssýningarinnar 15. júlí 2005. Þar sem lagt verður í talsverðan kostnað við flutninga og ferðir til Japans er ráðgert að nýta tækifærið til að halda menningarkynningu í fleiri borgum þar. Loks er áætlað að kostnaður utanríkisráðuneytisins vegna undirbúnings og framkvæmdar á sýningunni verði um 10 m.kr.

1.23 Mannréttindamál. Lagt er til að heiti viðfangsefnisins 1.23 breytist úr Mannréttindaskrifstofa Íslands í Mannréttindamál.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli og *1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli.* Þau mistök voru gerð í frumvarpinu að setja auknar sértekjur á tvö viðfangsefni, 26,4 m.kr. á viðfangsefnið 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli og 98,6 m.kr. á viðfangsefnið 1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli. Hér er lagt til að þessar auknu sértekjur, 125 m.kr., verði sameinaðar á einu viðfangsefni, 1.30 Öryggisverkefni. Öryggisverkefni eru fjármögnuð með auknum tekjum sem fylgja nýjum loftferðalögum og samningi sýslumannsins við Flugmálastjórn í Keflavík.

1.30 Öryggisverkefni. Lagt er til að heiti viðfangsefnisins 03-201-1.30 Fíkniefnaeftirlit verði breytt í Öryggisverkefni. Á þetta viðfangsefni er nú færð velta vegna útseldrar þjónustu embættisins við öryggismál til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Þá er lagt til að millifærðar verði 125 m.kr. sértekjur af viðfangsefnum 201-1.10 og 201-1.20 eins og að framan greinir.

Lagt er til að útgjaldaheimild embættisins hækki um 125 m.kr. eða um sömu fjárhæð og nemur hækkun sértekna í frumvarpinu, en þar láðist að gera ráð fyrir hækkun útgjalda á móti auknum tekjum. Með breytingum á loftferðalögum sem gerðar voru á sl. vorþingi voru lögð á hærri gjöld til að standa straum af öryggismálum og fleiri þáttum í starfsemi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn verji hluta af þessum mörkuðu skatttekjum sínum, eða 125 m.kr., til að kaupa öryggisþjónustu af embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli samkvæmt sérstökum samningi og kemur sú fjárhæð fram sem auknar sértekjur embættisins. Kostnaðurinn er einkum launakostnaður vegna sólarhringsvaktar í þjónustuhliði, sprengjuleitar í flugvélum, sérstaks starfsmannainngangs auk annars kostnaðar, m.a. við akstur, þjálfun, einkennisfatnað o.fl.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1.11 Þróunaraðstoð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegri hækkun framlaga til þróunarmála í samræmi við sérstaka samþykkt ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að fjárveiting til þróunaraðstoðar verði aukin um 22 m.kr. til viðbótar þar sem ákveðið hefur verið að miða þá aukningu við íslenskar krónur fremur en forsendur um gengi erlendrar myntar.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegri hækkun framlaga til þróunarmála í samræmi við sérstaka samþykkt ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að fjárveitingin verði aukin um 22 m.kr. til viðbótar þar sem ákveðið hefur

verið að miða þá aukningu við íslenskar krónur fremur en forsendur um gengi erlendrar myntar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 58,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 9,5 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til stöðu dýralæknis á Þórshöfn.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til Guðbrandsstofnunar við Hólaskóla. Hún er rannsókna- og fræðastofnun sem stofnuð var í júní 2004 en að henni standa Hólaskóli, embætti vígslubiskups á Hólum f.h. þjóðkirkjunnar og Háskóli Íslands. Markmið stofnunarinnar er að treysta þekkingu á sviði ýmissa fræðigreina sem tengjast Hólum og hún hyggst í fyrstu leggja áherslu á að veita fræði- og listamönnum aðstöðu til að stunda rannsóknir, vinna að list sinni og miðla henni á Hólastað.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Gerð er tillaga um 11,6 m.kr. hækkun á fjárveitingum til fyrirhleðslna og er sundurliðun sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

331 Héraðsskógar.

6.41 Gagnagrunnur um skógrækt. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til gerðar gagnagrunns um skógrækt sem unnið hefur verið að síðustu þrjú ár í samstarfi við önnur landshlutabundin skógræktarverkefni, Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands. Gagnagrunnurinn mun nýtast til skipulagningar og skráningar allra skógræktarframkvæmda í landinu.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.14 Átak í hrossarækt. Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til fimm ára til að vinna að þróunarverkefni í hrossarækt og hestamennsku, en tilgangur verkefnisins er að efla markaðssókn og ræktun íslenska hestsins. Með verkefninu er fyrirhugað að fylgja eftir þeim mikla árangri sem náðst hefur á undanförnum árum í aukinni fagmennsku í hrossarækt og þjálfun íslenska hestsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu á liðnum vegna verkefnisins Upplýsingatækni í dreifbýli sem er átaksverkefni á vegum landbúnaðarráðuneytisins um tölvu- og tæknivæðingu til sveita. Árleg velta verkefnisins er rúmlega 20 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 3,0 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til sjóvinnukennslu nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla á landinu öllu.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 47,3 m.kr.

102 Stjórnartíðindi.

1.01 Stjórnartíðindi. Lagt er til að fjármögnunarliðurinn *Greitt úr ríkissjóði* hækki um 11,1 m.kr. Þetta er leiðrétting á framsetningu sem hefur ekki áhrif á fjárheimild Stjórnartíðinda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sértekjur útgáfunnar verði 11,1 m.kr. umfram útgjöld þar sem kostnaður lækkar við það að efni verður miðlað á netinu og prentun verður hætt. Í frumvarpinu hefur tekjuafgangurinn jafnframt verið færður sem greiðsla í ríkissjóð en sá liður hefði átt að standa óbreyttur og er tillagan gerð til að leiðrétta það. Við það breytist framsetningin þannig að fram kemur viðskiptahreyfing hjá útgáfunni á meðan greiddur verður niður halli fyrri ára og stofnkostnaður við rafræna miðlun. Að því loknu er fyrirhugað að gjaldskrá fyrir birtingu efnis í Stjórnartíðindum verði lækkuð þannig að tekjur og gjöld verði í jafnvægi.

190 Ýmis verkefni.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til stækkunar og eflingar björgunarskipaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

1.46 Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að móta kröfur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga sem sækja um búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Verkefnið tekur m.a. til námsefnis, námskrár, kennslufyrirkomulags og fræðslu fyrir íslenskukennara og verður unnið í samvinnu við menntamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og stofnanir á þeirra vegum.

1.82 Biblíuþýðingar. Gerð er tillaga um að veita Hinu íslenska biblíufélagi 2 m.kr. tímabundið framlag til nýrrar Biblíuþýðingar.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 19,5 m.kr. til vinnslu og endurskoðunar viðbragðsáætlana vegna hugsanlegs goss í Mýrdalseða Eyjafjallajökli. Rannsóknir síðustu mánaða, sem byggjast á sérstakri fjárveitingu frá sumrinu 2003, benda til að óhjákvæmilegt sé að breyta hættumati og marka nýtt áhættusvæði. Ekki eru taldar miklar líkur á að flóð vegna eldgoss í Kötlu fari niður Markarfljót og til sjávar, en þó eru möguleikar á því samkvæmt rannsóknunum. Viðbragðsáætlanir eru ekki til vegna slíkra flóða og er talið brýnt að bæta úr því. Heildarkostnaður við gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana, kynningu, þjálfun o.fl. er áætlaður 44 m.kr. og þar af falla til 19,5 m.kr. á næsta ári.

325 Neyðarsímsvörun.

1.10 Neyðarsímsvörun. Lagt er til að veittar verði 2,3 m.kr. til Neyðarlínunnar vegna endurnýjunar samnings um þjónustu þyrlulækna. Landspítali – háskólasjúkrahús sagði upp samkomulagi við dómsmálaráðuneytið um umsjón og stjórn þyrluvaktar lækna, símaráðgjöf fyrir sjófarendur og læknisfræðilega forsjá Neyðarlínu í upphafi þessa árs. Í kjölfarið var ráðist í endurskoðun á skipulagi og þjónustu á þessu sviði.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að veittar verði 7 m.kr. til Landhelgisgæslu Íslands vegna endurnýjunar samnings um þjónustu þyrlulækna. Landspítali – háskólasjúkrahús sagði upp samkomulagi við dómsmálaráðuneytið um umsjón og stjórn þyrluvaktar lækna, símaráðgjöf fyrir sjófarendur og læknisfræðilega forsjá Neyðarlínu í upphafi þessa árs. Í kjölfarið var ráðist í endurskoðun á skipulagi og þjónustu á þessu sviði.

432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

1.40 Tollgæsla. Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til fíkniefnavarna í Vestmannaeyjum.

701 Þjóðkirkjan.

1.15 Kirkjumiðstöðvar. Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til reksturs kirkjumiðstöðvar á Akureyri sem hugsuð er sem alhliða þjónustumiðstöð kirkjunnar fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Þingeyjarsýslu.

6.23 Hóladómkirkja. Gerð er tillaga um 2,3 m.kr. hækkun framlaga til að standa undir nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi á mannvirkjum Hóladómkirkju.

6.26 Auðunarstofa. Lagt er til að 10,8 m.kr. framlag til Auðunarstofu verði fellt niður þar sem meginframkvæmdum við hana er lokið.

6.28 Þingeyraklausturskirkja. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyraklausturskirkju. Framkvæmdir eru ekki hafnar vegna síðbúins frágangs á teikningum en verkið er nú í útboði.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 587,4 m.kr.

331 Vinnueftirlit ríkisins.

1.01 Vinnueftirlit ríkisins. Gerð er tillaga um 35 m.kr. viðbótarfjárheimild til Vinnueftirlits ríkisins. Með breytingunni verða framlög úr ríkissjóði jafnmikil og markaðar tekjur af hlutdeild í tryggingagjaldi til Vinnueftirlitsins, en þær tekjur voru afnumdar um síðustu áramót. Útgjöld Vinnueftirlitsins hafa aukist vegna framkvæmda á Austurlandi og hefur fjölgað um tvö störf hjá stofnuninni vegna þess. Þá hafa verkefni við skráningu og úrvinnslu gagna um vinnuslys og atvinnusjúkdóma aukist auk eftirlits með vélum, tækjum og hættulegum efnum.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.

1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til Fjöliðjunnar á Akranesi.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 45 m.kr. hækkun á fjárheimild í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2005. Spáin miðast við að skatttekjur verði 273.057 m.kr. á næsta ári.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að framlag til Fæðingarorlofssjóðs hækki um 480 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2004. Með nýjum lögum um starfsemi Fæðingarorlofssjóðs er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins hækki ekki eins mikið og á þessu ári.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lagt er til að framlag til Fæðingarorlofssjóðs vegna greiðslna til foreldra utan vinnumarkaðar hækki um 21 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Útgjöld hafa verið endurmetin í ljósi þróunar útgjalda það sem af er árinu 2004.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um 3,1 m.kr. lækkun safnliðarins.

1.41 Stígamót. Lagt er til að framlög til Stígamóta hækki um 2 m.kr.

1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Lagt er til að Fjölmenningarsetri á Vestfjörðum verði veitt 2 m.kr. framlag til þess að hægt verði að halda áfram upplýsingaþjónustu setursins í síma á pólsku, serbnesku/króatísku og taílensku. Þjónustan var í upphafi fjármögnuð með styrkjum og var stærsti styrkurinn úr Sérverkefnasjóði Rauða kross Íslands.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.
1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis. Gerð er tillaga um 2 m.kr. lækkun safnliðarins.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 56,6 m.kr.

209 Sjúklingatryggingar.

1.11 Sjúklingatryggingar. Lagt er til að framlag til sjúklingatrygginga hækki um 30 m.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 28,1 m.kr. útgjöldum. Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að útgjöld sjúklingatrygginga verði um 50 m.kr. Tilkynntum málum hefur farið ört fjölgandi en þau voru tæplega 50 árið 2003 og stefna í 100 á þessu ári. Nokkur óvissa er um útgjöldin frá ári til árs vegna breytinga á fjölda mála og bótafjárhæðum.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Lagt er til að 10 m.kr. fjárveiting vegna Geðræktar verði millifærð yfir til Lýðheilsustöðvar af lið 08-399-1.98. Framlagið kom inn við 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2004. Verkefnið átti upphaflega að standa yfir í þrjú ár, frá október 2000 til jafnlengdar 2003. Áformað er að festa verkefnið í sessi, en það er samstarfsverkefni landlæknisembættisins, heilsugæslunnar í Reykjavík og geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lagt er til að 76 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið 08-379 Sjúkrahús, óskipt á þennan lið til reksturs sérhæfðrar öryggisgeðdeildar fyrir alvarlega geðsjúka. Að tillögu sérfræðinga á þessu sviði hefur verið ákveðið að sérhæfð öryggisgeðdeild verði staðsett á Kleppi. Miðað er við að rekstur deildarinnar hefjist 1. janúar 2005. Áætlað er að rekstur hennar kosti 76 m.kr. á ári og er lagt til að sú fjárhæð verði millifærð á þennan fjárlagalið þar sem ákvörðun um staðsetningu öryggisgeðdeildarinnar lá ekki fyrir á fyrri stigum fjárlagagerðar.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á liðnum.

Einnig er lagt til að 76 m.kr. verði millifærðar af þessum lið á fjárlagalið 08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús til reksturs sérhæfðrar öryggisgeðdeildar fyrir alvarlega geðsjúka eins og að framan greinir.
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar. Gerð er tillaga um að millifæra 55 m.kr. af þessum lið á lið 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Gerð er tillaga um að millifæra 55 m.kr. á þennan lið af liðnum 08-379-6.50. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Lagt er til að 25 m.kr. fjárheimild nefndar um gerð og starfsrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði verði felld niður þar sem verkefni nefndarinnar er lokið. Jafnframt eru felldar niður jafnháar rekstrartekjur á tekjuhlið ríkissjóðs.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 18,9 m.kr. hækkun safnliðarins um leið og liður 399-1.98 lækkar um sömu fjárhæð. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lagt er til að 10 m.kr. fjárveiting vegna Geðræktar verði millifærð af þessum lið yfir til Lýðheilsustöðvar. Framlagið kom inn við 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2004. Verkefnið var í upphafi ætlað til þriggja ára frá október 2000 til jafnlengdar 2003. Áformað er að festa verkefnið í sessi, en það er samstarfsverkefni landlæknisembættisins, heilsugæslunnar í Reykjavík og geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Jafnframt er lagt til að safnliðurinn lækki um 18,9 m.kr. og að liður 399-1.90 hækki um sömu fjárhæð.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt og *1.83 Greiðslur frá vistmönnum.* Lagt er til að framlag í fjárlögum og þátttaka vistmanna í daggjaldi hjúkrunarheimila verði hækkuð um 60 m.kr. til samræmis við greiðslur vistmanna. Áformað er að nýta framlagið til að fjölga hjúkrunarrýmum og rýmum fyrir hvíldarinnlagnir. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem tekjur og gjöld hækka. Fjárheimildin færist á viðfangsefnið 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt en sértekjurnar frá vistmönnum færast á viðfangsefnið 1.83 Greiðslur frá vistmönnum.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Gerð er tillaga um 31,6 m.kr. hækkun framlags vegna leiðréttingar á útreikningi verðbóta samkvæmt þjónustusamningi við Reykjalund.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 237,5 m.kr.

402 Fasteignamat ríkisins.

1.01 Fasteignamat ríkisins. Lagt er til að framlag til reksturs stofnunarinnar hækki um 52,5 m.kr. tímabundið næstu fjögur árin. Framlagið er fjármagnað með umsýslugjaldi. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að umsýslugjald verði framlengt til ársins 2008. Er hækkun útgjalda háð framlengingu gjaldsins. Bein greiðsla úr ríkissjóði lækkar hins vegar um 127,5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi tekjum af umsýslugjaldi.

6.02 Landskrá fasteigna. Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. framlag tímabundið næstu fjögur árin til áframhaldandi uppbyggingar Landskrár fasteigna, en tímabundið framlag til landskrárinnar var fellt niður í frumvarpinu. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, sem hefur verið lagt fram Alþingi, er gert ráð fyrir áframhaldandi álagningu umsýslugjalds til ársins 2008. Er hækkun útgjalda háð framlengingu gjaldsins.

811 Barnabætur.

1.11 Barnabætur. Gerð er tillaga um 170 m.kr. hækkun á fjárheimild til greiðslu barnabóta. Framlög til barnabóta hafa verið endurskoðuð í ljósi útgjalda á þessu ári og áætlana um þróun tekna og bóta á næsta ári. Leiðir sú endurskoðun til 170 m.kr. hækkunar og er áætlað að barnabætur nemi samtals 5.600 m.kr. á næsta ári.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild til að mæta breytingum á almennum forsendum frumvarpsins eftir afgreiðslu þess lækki um 560 m.kr. og verði 2.140 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 16,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.35 Átak í umferðaröryggismálum. Lagt er til að forgangsröðun í frumvarpinu verði breytt þannig að 100 m.kr. verði færðar tímabundið í eitt ár frá Hafnabótasjóði, 10-336-6.70 Hafnamannvirki, á þennan lið til viðbótar 50 m.kr. í frumvarpinu. Samgönguráðuneytið hyggst nota framlagið til þess að gera átak í umferðaröryggismálum með samræmdum aðgerðum Umferðarstofu og Vegagerðarinnar, ásamt embætti ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að hluti þessa fjármagns renni til kaupa á tæknibúnaði.

1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf. Gerð er tillaga um 7 m.kr. hækkun á óskiptum lið og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir. Gerð er tillaga um 6 m.kr. framlag til framkvæmda við bílastæði við ferjuhöfnina á Seyðisfirði.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn og *6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að 15 m.kr. fjárheimild verði færð af tækja- og búnaðarkaupalið Siglingastofnunar yfir á rekstur vegna aukinna verkefna.

336 Hafnabótasjóður.

6.70 Hafnamannvirki. Lagt er til að forgangsröðun í frumvapinu verði breytt þannig að 100 m.kr. verði færðar tímabundið í eitt ár af þessum lið á fjárlagalið 10-190-1.35 Átak í umferðaröryggismálum, eins og að framan greinir.

6.74 Lendingabætur. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á liðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

471 Rekstur Flugmálastjórnar.

1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna Alþjóðaflugþjónustunnar hækki milli ára og því er gert ráð fyrir að 5% kostnaðarhlutdeild hækki um 2,8 m.kr., úr 93,7 m.kr. í 96,5 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 53,0 m.kr.

201 Iðntæknistofnun Íslands.

1.01 Iðntæknistofnun Íslands. Lagt er til að millifærð verði 1,6 m.kr. fjárheimild af liðnum 11-299-1.50 Nýsköpun og markaðsmál til Iðntæknistofnunar vegna aukins kostnaðar við húsaleigu Impru á Akureyri.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lögð er til tímabundin hækkun að fjárhæð 50 m.kr. á framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Veitt hafa verið vilyrði fyrir endurgreiðslum sem nema hærri fjárhæð en nemur fjárheimild í frumvarpinu. Er því lagt til að framlagið hækki úr 75 m.kr. í 125 m.kr. sem á að nægja, ásamt eftirstöðvum frá fyrri árum, til að staðið verði við þau vilyrði.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Gerð er tillaga um þrjár millifærslur af þessum lið sem nema alls 19,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt er til að millifærðar verði 1,6 m.kr. á liðinn 11-201-1.01 Iðntæknistofnun vegna aukins kostnaðar við húsaleigu Impru á Akureyri.

Þá er lagt til að millfærðar verði 2,1 m.kr. á liðinn 11-301-1.01 Orkustofnun vegna aukins húsnæðiskostnaðar á Akureyri.

Loks er lagt að millifærðar verði 15,8 m.kr. á nýjan lið, 11-399-1.22 Vistvænir orkugjafar. Er ætlunin að halda áfram að vinna að nýtingu vetnis sem orkugjafa og að Ísland geti verið þar í fararbroddi.

301 Orkustofnun.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að millifærðar verði 2,1 m.kr. til Orkustofnunar af liðnum 11-299-1.50 Nýsköpun og markaðsmál vegna aukins húsnæðiskostnaðar Orkustofnunar á Akureyri.

371 Orkusjóður.

1.23 Notendur utan samveitna. Lagt er til að liðurinn 11-399-1.18 Hitaveitur á köldum svæðum verði felldur niður og 5 m.kr. fjárheimild flutt á þennan lið. Notendur utan samveitna og verður fjárveiting á þeim lið þá samtals 7 m.kr. Er fjárhæðin ætluð til notenda á Hólsfjöllum en kostnaður vegna rafstöðva hefur aukist þar á sl. árum. Er svo komið að safnast hefur skuld hjá Rarik, alls um 12 m.kr., vegna þessa. Ætlunin er að nýta fjárheimildina til greiðslu skuldarinnar, sem og til að aðstoða við að leysa vanda íbúanna til langframa, t.d. með virkjun.

399 Ýmis orkumál.

1.18 Hitaveitur á köldum svæðum. Lagt er til að liðurinn verði felldur niður eins og að framan greinir og 5 m.kr. fjárheimild flutt á liðinn 11-371-1.23 Notendur utan samveitna.

1.22 Vistvænir orkugjafar. Lagt er til að millifærðar verði 15,8 m.kr. af liðnum 11-299-150 Nýsköpun og markaðsmál á þennan nýja lið. Er ætlunin að nýta fjárheimildina til að halda áfram að vinna að nýtingu vetnis sem orkugjafa og að Ísland geti verið þar í fararbroddi.

411 Byggðastofnun.

1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til atvinnufulltrúa Þingeyinga.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 5,0 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.15 Fastanefndir. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna vinnu áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Úrskurði samkeppnisráðs í máli olíufélaganna hefur verið áfrýjað til nefndarinnar og er ljóst að starf hennar mun verða umfangsmikið. Ætlunin er m.a. að ráða starfsmann til nefndarinnar tímabundið í þrjá mánuði.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 119,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Viðvarandi rekstrarhalli hefur verið á nefndinni á umliðnum árum. Nauðsynlegt er að

hún geti haldið óbreyttum starfsmannafjölda til að mál fái afgreiðslu innan eðlilegs tíma. Umboðsmaður Alþingis hefur átalið hve langan tíma það hefur tekið að fá úrskurði frá nefndinni og hefur mælst til þess að á því verði ráðin bót. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli á þessu ári verði gerður upp í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004.
1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Gerð er tillaga um hækkun framlaga vegna þess að 3,0 m.kr. sértekjur stöðvarinnar við Mývatn falla niður. Þar sem Kísiliðjan hættir rekstri fellur námagjald vegna kísilgúrtöku í vatninu niður. Námagjaldið hefur runnið að hluta til stöðvarinnar og staðið undir helmingi kostnaðar við vöktun Mývatns.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Lagt er til að veitt verði tímabundin 15 m.kr. fjárveiting til fjögurra ára vegna náttúruverndaráætlunar 2004–2008 og til friðlýsingar á þeim 14 svæðum sem áætlunin tekur til. Með náttúruverndaráætluninni er lagður grundvöllur að markvissari verndun náttúru Íslands en áður hefur tíðkast. Markar hún fyrsta skrefið í þá átt að koma á fót skipulögðu neti verndarsvæða hér á landi sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunni um náttúru Íslands og hins vegar á faglegu mati á verndargildi þeirra.

Jafnframt er gerð tillaga um tímabundna 6 m.kr. fjárveitingu til Umhverfisstofnunar til að gera verndaráætlun fyrir Mývatn, Laxá og nálæg votlendissvæði og Skútustaðahrepp ásamt því að hefja undirbúning að friðlýsingu þeirra landsvæða sem mikilvægt er að vernda. Er það í samræmi við lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sem leysa af hólmi eldri lög um verndun þessara svæða.
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Gerð er tillaga um tímabundna 25 m.kr. fjárveitingu til þriggja ára til uppbyggingar á miðstöðvum í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

310 Landmælingar Íslands.

1.01 Landmælingar Íslands. Gerð er tillaga um 14 m.kr. framlag til Landmælinga Íslands til að viðhalda IS 50V kortagrunni sem gerður hefur verið af öllu Íslandi. Ríkisstjórnin ákvað árið 1998 að hrinda IS 50V verkefninu af stað vegna mikilvægis þess fyrir kortagerð af landinu. Gerð kortagrunnsins hefur verið stærsta verkefni stofnunarinnar í sex ár og er hann nú hryggsúlan í allri kortagerð stofnunarinnar. Fjárveitingar til stafræna kortagrunnsins voru í upphafi ákveðnar til fimm ára en stafrænn kortagrunnur er þess eðlis að ef honum er ekki haldið við með nýjum upplýsingum þá tapast fjárfestingin á stuttum tíma.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.02 Setur í Reykjavík. Lagt er til að Náttúrufræðistofnun Íslands verði veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til gerðar jarðfræði- og vistgerðakorta af landinu.

403 Náttúrustofur.

Gerð er tillaga um að veita sérhverri af eftirfarandi náttúrustofum 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað.
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum.
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík.
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi.

1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki.
1.15 Náttúrustofa Sandgerði.
1.16 Náttúrustofa Húsavík.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til 6 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Veðurstofu Íslands vegna vöktunar á Mýrdalsjökli og við eldstöðina Kötlu. Kemur fjárveitingin til viðbótar 11 m.kr. framlagi í frumvarpinu og verður samtals 17 m.kr. Er þá meðtalinn kostnaður annarra stofnana sem taka þátt í vöktuninni, en Veðurstofan hefur umsjón með verkefninu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

42 Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Lögð er til breyting á fjármögnun Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Framlag úr ríkissjóði hækkar um 300 m.kr. en á móti lækka innheimtar afborganir veittra lána um sömu fjárhæð. Er tillagan í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR.

Lagt er til að ríkissjóður fái heimild til að endurlána allt að 150 m.kr. til Alþjóðaflugþjónustunnar vegna framkvæmda og reksturs árið 2005 sem láðist að taka tillit til við undirbúning frumvarpsins. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er heimild til 200 m.kr. lántöku, en Alþjóðaflugþjónustan var flutt úr B-hluta fjárlaga í A-hluta í fjárlagafrumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 22. nóv. 2004.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Birkir J. Jónsson.	Birgir Ármannsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2004, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Til að ræða tekjugrein frumvarpsins fékk nefndin Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneytinu á sinn fund. Áður hafði nefndin fengið fleiri gesti frá ráðuneytinu til að ræða þjóðhagsspá og aðrar forsendur fjárlaga.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 293.411 milljarðar kr. á greiðslugrunni og 305.807 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Við athugun nefndarinnar á tekjugrein frumvarpsins kom fram að nú er gert ráð fyrir hækkun á henni sem nemur samtals 575 millj. kr. Þessi breyting verður að teljast innan skekkjumarka. Umsýslugjald til Fasteignamatsins verður framlengt samkvæmt frumvarpi um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, sem fjármálaráðherra hefur lagt fram. Áformað er að tekjur af gjaldinu verði 280 millj. kr. og þær notaðar til áframhaldandi uppbyggingar Landsskrár fasteigna hjá Fasteignamati ríkisins. Tekjur af bifreiðagjöldum og ýmsum aukatekjum ríkissjóðs hækka skatta á vörur og þjónustu um 320 millj. kr. Gjald vegna eftirlits með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu, verður fellt niður þar sem verkefninu er lokið. Fjárveiting til verkefnisins á gjaldahlið frumvarpsins sem fjármögnuð er með gjaldinu fellur jafnframt niður. Þetta lækkar ýmsar tekjur um 25 millj. kr.

Spá um þjóðhagsforsendur hefur ekki verið breytt frá framlagningu frumvarpsins.

Við meðferð málsins var rætt að nefndin ætti líkt og aðrar fastanefndir að taka til athugunar þá kafla frumvarpsins sem fjalla um málefnasvið hennar. Samþykktu nefndarmenn að sú meðferð málsins verði skoðuð í samvinnu við fjárlaganefnd fyrir næsta þing.

Minni hlutinn óskaði eftir að tekjugrein fjárlagafrumvarpsins yrði send til umsagnar hjá aðilum utan þingsins. Mun minni hlutinn láta gera það ásamt því sem nefndin í heild mun fara nánar yfir forsendur þjóðhagsspár óháð þessu áliti.

Meiri hlutinn gerir ekki aðrar athugasemdir við greinina fyrir 2. umræðu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 2004.

Pétur H. Blöndal, form.
Þórarinn E. Sveinsson.
Birgir Ármannsson.
Drífa Hjartardóttir.
Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2004, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn átelur þau vinnubrögð sem höfð hafa verið uppi í nefndinni við afgreiðslu á tekjugrein fjárlagafrumvarpsins og telur að miklu ítarlegri skoðun verði að fara fram á tekjugreininni en tekjugreinin var fyrst tekin til umræðu í nefndinni í dag, 23. nóvember. Minni hlutinn hefur farið fram á að tekjugreinin verði send Seðlabanka Íslands, Hagdeild ASÍ og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til umsagnar. Þá telur minni hlutinn það annmarka á fjárlagagerðinni að ný þjóðhagsspá liggi ekki fyrir við endanlega afgreiðslu málsins og leggur til að í það minnsta tekjugrein frumvarpsins verði skoðuð nánar fyrir 3. umræðu í ljósi nýrra forsendna sem kunna að koma fram í spá Seðlabanka Íslands í byrjun desember nk. Einnig þarf að skoða nánar nýtt skattalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar og áhrif þess á tekjuhliðina.

Minni hlutinn mun skila framhaldsáliti til fjárlaganefndar fyrir 3. umræðu fjárlaga þegar framangreind álit liggja fyrir.

Einar Már Sigurðarson sat fund nefndarinnar við afgreiðslu málsins í stað Lúðvíks Bergvinssonar og skrifar hann undir álit þetta með fyrirvara þar sem hann á sæti í fjárlaganefnd.

Gunnar Örlygsson sem situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi lýsir sig samþykkan áliti þessu.

Minni hlutinn býðst til að koma fyrir fjárlaganefnd og skýra sjónarmið sín fyrir 3. umræðu en telur ekki forsendur til að koma fyrir nefndina á þessu stigi.

Alþingi, 23. nóv. 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir,
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.
Álfheiður Ingadóttir.
Össur Skarphéðinsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 2004.

Á fund nefndarinnar komu Óðinn H. Jónsson frá forsætisráðuneyti og Stefán Eiríksson og Ásdís Ingibjargardóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 1.160 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð tæpar 26 millj. kr. en þær nema 2,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 651 millj. kr. og lækka um 10 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs, en um 30,4 millj. kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum. Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 16.509 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 668 millj. kr. en þær nema um 4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.438 millj. kr. og hækka um 633,7 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs, en þar af eru launa- og verðlagshækkanir um 403 millj. kr. Mest munar um 147,5 millj. kr. hækkun vegna eflingar sérsveitar.

Í þeim kafla frumvarpsins sem fjallar um dóms- og kirkjumálaráðuneyti er sérstakur kafli helgaður Landhelgisgæslunni. Eins og í sambærilegu áliti allsherjarnefndar til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 fagnar 1. minni hluti því átaki sem gert hefur verið í að bæta rekstur Landhelgisgæslunnar og þeim árangri sem náðst hefur.

Í frumvarpinu er greint frá áformum um bættan rekstur Lögbirtingablaðs og Stjórnartíðinda með tilkomu rafrænnar útgáfu þeirra í stað prentaðrar. Samkvæmt frumvarpi því sem fjallar um þetta efni og vísað hefur verið til allsherjarnefndar mun þetta hafa í för með sér sparnað og hagræðingu. Jafnframt er gert ráð fyrir lækkun á gjaldskrá fyrir birtingu í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum þegar jafnvægi hefur náðst í rekstri þeirra sem áætlað er að verði innan fárra ára.

Þá er gert ráð fyrir 17,7 millj. kr. hækkun fjárveitingar til héraðsdómstóla til viðbótar við launa- og verðlagsbreytingar. Í sambærilegu áliti allsherjarnefndar til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 benti nefndin á að tryggja þyrfti nægilegt fjármagn samhliða auknum verkefnum dómstóla. 1. minni hluti fagnar því þeirri viðbótarfjárveitingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Bjarni Benediktsson og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með þeim fyrirvara að þau eiga sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 9. nóv. 2004.

Bjarni Benediktsson, form., með fyrirvara.
Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Áður en hafin er umfjöllun um málefni frumvarps til fjárlaga sem heyra undir nefndina vill 2. minni hluti koma á framfæri áhyggjum sínum af því hversu illa gengur að standa við samþykkt fjárlög.

Ljóst er að áætlanir ríkisstjórnarinnar vegna ríkisútgjalda hinna ýmsu stofnana dóms- og kirkjumálaráðuneytisins eru oft mjög vanmetnar samanborið við raunveruleikann eins og hann birtist síðan í ríkisreikningi. Þetta vanmat virðist stundum vera gert með fullri vitund ráðuneytisins og má þar nefna t.d. fyrirséð útgjöld vegna gjafsóknar og vegna embættis forseta Íslands. Sé litið til fjárlaga ársins 2003 kemur í ljós að fyrir opinbera réttaraðstoð, þ.e. gjafsókn, var gert ráð fyrir um 87 millj. kr. kostnaði en ríkisreikningur sama árs sýnir að kostnaðurinn hafi verið um 150 millj. kr. Útlendingastofnun fékk samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2003 149 millj. kr. en ríkisreikningur ársins sýndi 161 millj. kr. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2003 fékk embætti ríkislögreglustjóra 640 millj. kr. en niðurstaða ársins varð 650 millj. kr. Sömu sögu er að segja þegar framlög til héraðsdómstóla, sýslumannsembætta og Fangelsismálastofnunar eru skoðuð, niðurstaða í ríkisreikningi sýnir að þau voru stórlega vanmetin. 2. minni hluti átelur þessi vinnubrögð og telur þau ekki bera vott um trausta áætlanagerð og góða fjármálastjórn.

Gjafsókn vanmetin.

Það er ljóst að kostnaður vegna gjafsóknar er stórlega vanmetinn í frumvarpinu og staðfestu fulltrúar ráðuneytisins það á fundi með allsherjarnefnd. Samkvæmt ríkisreikningi árið 2003 fóru tæplega 150 millj. kr. í opinbera réttaraðstoð en í fjárlagafrumvarpinu er einungis gert ráð fyrir um 110 millj. kr. Hér er ekki gert ráð fyrir þeim sparnaði sem hlýst af framkomnu frumvarpi dómsmálaráðherra sem skerðir gjafsókn í málum sem hafa almenna þýðingu. Staðfestu fulltrúar dómsmálaráðuneytisins fyrir allsherjarnefnd að liðurinn væri vanmetinn.

Annar minni hluti lýsir auk þess yfir áhyggjum af fjárhagsstöðu dómstólanna þrátt fyrir viðbótarfjárveitingu til þeirra upp á 17,7 millj. kr. Sjálfstæði dómstóla er grundvallaratriði í réttarríki og forsenda þess er að þeir búi við viðunandi aðstöðu og nægilegt fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Sérsveit lögreglunnar.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir mikilli aukningu fjármuna til málefna sérsveitar lögreglunnar. Núna er 21 einstaklingur í sérsveitinni og er stefnt að því að fjölga þeim í 55 á næstu árum. Það er ljóst að ríkisstjórnin stefnir að því að auka verulega framlög til sveitarinnar á næstu árum á kostnað almennrar löggæslu í landinu. Á sama tíma og ríkisstjórnin eflir sérsveitina svo um munar hefur Landhelgisgæslan, sem sinnir mikilvægum öryggis- og björgunarstörfum, búið við fjárskort. 2. minni hluti er ekki sammála þessari forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Fangelsismál.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 16,5 millj. kr. í aukin meðferðarúrræði og til að mæta sveiflum í fjölda fanga. Á fundi allsherjarnefndar var ekki hægt að fá sundurliðun á þessari upphæð frá fulltrúum ráðuneytisins sem er miður. Það er ljóst að löngu er tímabært að fjölga meðferðarúrræðum í íslenskum fangelsum og taka þarf fjármagn frá til þess.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna fyrirhugaðs fangelsis við Hólmsheiði en í þó nokkurn tíma hefur staðið til að ráðast í byggingu nýs fangelsis. Vegna skipulagsmála er ljóst að loka þarf kvennafangelsinu í Kópavogi en fulltrúar ráðuneytisins gátu ekki svarað hvað tæki við í málefnum kvenfanga. 2. minni hluti telur því ljóst að útgjöld til málaflokksins muni að öllum líkindum ekki aukast á næstunni.

Mannréttindamál.

Annar minni hluti lýsir yfir mikilli óánægju með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hætta að veita sérmerkta fjárhæð upp á 4 millj. kr. til Mannréttindaskrifstofu Íslands. 2. minni hluti telur að tryggja eigi Mannréttindaskrifstofu Íslands tekjur frá ríkissjóði með sama hætti og hefur verið gert undanfarin ár enda hefur reynslan sýnt að full þörf er á starfsemi skrifstofunnar.

Annar minni hluti telur ástæðu til að fylgjast grannt með framkvæmd nýs samnings ráðuneytisins við Reykjanesbæ um umönnun hælisleitenda. Áður hafði Rauði kross Íslands gert slíkan samning við ráðuneytið en þó fyrir talsvert lægri fjárhæðir.

Umboðsmaður Alþingis.

Annar minni hluti ítrekar það sem komið hefur fram hjá umboðsmanni Alþingis, og allsherjarnefnd tók undir í áliti sínu frá í fyrra, um nauðsyn þess að embættinu verði gert kleift að vinna frekar úr þeim upplýsingum sem liggja í álitum og reifunum þess í því skyni að ná utan um þann þekkingarbrunn sem þar er fyrir hendi allt frá stofnun embættisins. Þessi vinna hefur þegar hafist og er mikilvægt að tryggja fjármuni til þess að henni megi ljúka. Loks bendir 2. minni hluti á mikilvægi þess að umboðsmaður Alþingis og starfsfólk hans eigi kost á að miðla þeirri reynslu og þekkingu á efnis- og formreglum stjórnsýsluréttar sem er til staðar hjá embættinu.

Að lokum vill 2. minni hluti áskilja sér fullan rétt til að koma að fleiri athugasemdum við afgreiðslu fjárlaga.

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 8. nóv. 2004.

Ágúst Ólafur Ágústsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir.
Sigurjón Þórðarson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október.

Nefndin fékk til sín á fund Örlyg Geirsson, Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti. Þau fóru yfir þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar og svöruðu spurningum nefndarmanna. Á fundinum óskaði nefndin eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um rannsóknarframlög til háskóla og í rannsóknarsjóði, heildaryfirliti yfir rannsóknir á landsvísu og samningi um sparkvelli auk frekari upplýsinga um framlög til háskóla- og framhaldsskólastigsins. Umbeðin gögn bárust nefndinni 8. nóvember.

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 38.986 millj. kr. á rekstrargrunni sem er 8% hækkun frá áætlun fjárlaga fyrir árið 2004. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.036 millj. kr. en þær nema 7,8% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Með hliðsjón af yfirferð fulltrúa ráðuneytisins telur 1. minni hluti ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Gunnar Birgisson, form.
Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara.
Böðvar Jónsson.
Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október. Nefndin fékk til sín á fund Örlyg Geirsson, Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti

Annar minni hluti stendur ekki að áliti 1. minni hluta af mörgum ástæðum. 2. minni hluti telur afar brýnt að fjárframlög til skólamála endurspegli þróun nemendafjölda og launaþróun. Þess er ekki gætt í frumvarpinu.

Framhaldsskólarnir.

Fjárhagsstaða flestra framhaldsskóla er slæm. Hallarekstur er viðvarandi ár eftir ár og talið að uppsafnaður vandi þeirra nemi allt að 600 millj. kr. Reiknilíkanið sem skammtar fé til framhaldsskólanna er enn gallað, þrátt fyrir nokkrar tilraunir til endurbóta, og mikilvægt að endurskoðun þess ljúki sem allra fyrst. Það þarf að fara fram nákvæm úttekt á raunverulegri fjárþörf framhaldsskólanna þar sem allt er tekið inn í myndina, tölvur, tækni, húsakostur og launamál, og leiðréttingar gerðar í samræmi við niðurstöður slíkrar úttektar.

Undanfarin ár hafa stjórnvöld neitað að samþykkja áætlanir framhaldsskólanna um fjölda ársnema. Ársnemar 2004 verða að öllum líkindum 1.000 fleiri en fjárlög gera ráð fyrir. Þar af leiðandi þyrfti að auka framlögin um allt að 500 millj. kr. til að mæta fjölguninni. Þetta er allt hægt að sjá við upphaf skólaárs, en þar sem áætlanir skólanna eru ekki samþykktar fyrir fram fá skólarnir ekki bættan útgjaldaauka vegna fjölgunar nemenda fyrr en eftir á og lenda þar af leiðandi í því að hafa ekki nægilegt rekstrarfé stóran hluta úr árinu.

Í frumvarpinu er þessum vanda mætt að hluta en fjarri því að fullu og vantar líklega um 400 nemendur inn í áætlanirnar til að nemendafjöldi sé rétt metinn. Sér í lagi verður að skoða þann hluta reiknilíkansins sem snýr að grunnrekstrarliðum og er háður nemendafjölda. Þetta getur komið sér illa fyrir t.d. framhaldsskóla úti á landi þar sem atvinnuástand og aðrir ytri þættir hafa veruleg áhrif á stærðir árganga.

Margt bendir til þess að Ísland hafi dregist aftur úr öðrum löndum í framlögum til framhaldsskólastigsins og leggur 2. minni hluti ríka áherslu á að staðan verði metin og vandanum mætt með auknum fjárframlögum.

Opinberir háskólar.

Fjárþörf háskólastigisns er ekki rétt metin í frumvarpinu og að mati 2. minni hluta er mikilvægt að bætt verði úr því. Ríkisháskólarnir búa við alvarlegt fjársvelti sem kemur m.a. fram í harkalegum fjöldatakmörkunum og nú er skólunum gert að mæta fjárþörfinni að hluta með 40% hækkun innritunargjalda. Þeirri hækkun mótmælir 2. minni hluti og telur að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið í átt að innheimtu skólagjalda í opinberum háskólum. Þá væri mun heiðarlegra að stjórnvöld nefndu gjaldtökuna réttu nafni og svöruðu fyrir hana sem

slíka. Það er mat 2. minni hluta að fjárhagsvanda opinberra háskóla eigi að leysa með því að auka fjárveitingar til skólanna þannig að rekstur þeirra gangi eðlilega fyrir sig án fjöldatakmarkana eða með því að velta ábyrgðinni af fjármögnuninni yfir á stúdentana.

Auka þarf fjárveitingar til rannsókna sérstaklega. Hlutfall fjárveitinga til rannsókna í Háskóla Íslands var 67% af kennsluframlagi á árinu 1999 en verður komið í 46% árið 2005 aukist fjárveitingar ekki. Afleiðingarnar eru t.d. þær að stöðugt hærra hlutfall kennslu er í höndum stundakennara án rannsóknarskyldu. Á árunum 1999–2004 hefur skráðum nemendum við Háskóla Íslands fjölgað um 50% en kennurum í fullu starfi með rannsóknarskyldu hefur hins vegar ekki fjölgað nema um 1%. Þetta er fráleit staða sem verður að breyta.

Önnur aukaverkun er sú að þeir skólar sem lítið fé fá til rannsókna missa af meistara- og doktorslærðum kennurum vegna ónógs rannsóknarfjár til að halda þeim.

Skólaárið 2003–2004 voru virkir nemendur í Háskóla Íslands 5.697 en skólinn fær samkvæmt fjárlögum ársins 2004 einungis greitt fyrir 5.200 virka nemendur og er áætlaður rekstrarhalli skólans það ár 240 millj. kr. Brýnt er að fjárframlög til skólans verði með þeim hætti að hann geti tekið við þeim nemendum sem inngöngu óska og hafa til þess tilskilda menntun. Þá er mjög áríðandi að gera upp við skólann fyrir undanfarin ár þar sem ekki hefur verið greitt fyrir þann fjölda nemenda sem stundað hefur nám við skólann. Fyrsta árið eftir að kennslusamningurinn var gerður, fjárhagsárið 2000, fékk Háskóli Íslands að fullu greitt fyrir fjölgun nemenda úr 3.885 í 4.176, alls 166 millj. kr.

Árið 2001 varð nokkuð mikil hækkun á launum umfram forsendur fjárlaga. Við uppgjör vegna ársins óskaði Háskóli Íslands eftir 198 millj. kr. leiðréttingu á fjárveitingu sem skiptist þannig:

a. Vegna fjölgunar virkra nemenda í 4.365, 123,7 millj. kr.
b. Vegna launahækkana kennara umfram forsendur launabóta, 26,7 millj. kr.
c. Vegna leiðréttinga á framsetningu fjárlaga, 48,4 millj. kr.

Ekki var gert upp á árinu 2001 en árið 2002 fékkst 101 millj. kr. vegna nemendauppgjörs ársins 2001. Eftir stóðu að mati Háskóla Íslands 97 millj. kr. það ár. Á árinu 2002 voru virkir nemendur 4.667 og óskaði Háskóli Íslands eftir 175 millj. kr. vegna uppgjörs á nemendafjölda. Einungis voru greiddar 40 millj. kr. upp í uppgjörið. Eftir stóðu að mati Háskóla Íslands 135 millj. kr. það ár.

Á árinu 2003 voru virkir nemendur 5.256. Ráðherra hafði lofað að greiða fyrir 4.950 nemendur og var greitt fyrir þá með uppgjöri sem nam 214 millj. kr. Eftir stóð að ekki var greitt fyrir 306 nemendur. Eftir stóðu að mati Háskóla Íslands 175 millj. kr. það ár.

Á árinu 2004 er áætlað að virkir nemendur verði um 5.800 en í fjárlögum er aðeins gert ráð fyrir 5.200 nemendum. Mismunurinn samkvæmt kennslulíkani gæti því numið rúmlega 300 millj. kr.

Fyrir tímabilið 2001–2004 hefur Háskóli Íslands orðið af rúmlega 700 millj. kr. vegna vanáætlana við fjárlagagerð.

Í skýrslu um „forsendur útreikninga nemendaframlaga í reiknilíkani um kennslu við háskóla“ sem starfshópur á vegum menntamálaráðuneytis skilaði af sér í mars á þessu ári kemur m.a. fram um launahlið líkansins að það vanti 10,5% upp á að launastikan endurspegli meðallaunahækkanir í háskólum. Hefur verið áætlað að á árunum 2001–2003 hefði fjárveiting til kennslu í ríkisháskólunum átt að vera um 1 milljarði kr. hærri en raun varð á. Það er því ljóst að þennan þátt þarf að endurskoða og gera upp við háskólana vegna þessa.

Lagfæra verður launastikuna fyrir afgreiðslu fjárlaga. Samkvæmt niðurstöðum fyrrnefnds starfshóps menntamálaráðherra um hvort þróun einingaverðs sé í samræmi við ákvæði samnings um kennslu í mars 2002 er hægt að draga þá ályktun að hefði fullt tillit verið tekið til

launahækkana hefði fjárveiting til Háskóla Íslands þurft að vera a.m.k. 300 millj. kr. hærri á árinu 2004. Áhrifin fyrir árið 2005 eru hátt í 400 millj. kr. Brýnt er að fjárlaganefnd taki á þessu og leiðrétti launastikuna áður en frumvarpið verður afgreitt frá nefndinni.

Safnliðir.

Kolbrún Halldórsdóttir gerir alvarlegar athugasemdir við afgreiðslu safnliða þetta árið. Hennar álit er að þótt handahófskennd afgreiðsla safnliða hafi verið harðlega gagnrýnd undanfarin ár hljóti það að teljast fráleitt að hverfa aftur til þess tíma er fagnefndin var útilokuð frá því að sjá styrkumsóknir þær sem fjárlaganefnd bárust til ýmissa menningartengdra verkefna.

Úr því að fjárlaganefnd treysti sér ekki til að koma úthlutun af safnliðum ráðuneytisins í faglegan farveg innan ráðuneytisins og stofnana þess telur Kolbrún að betra hefði verið að halda afgreiðslunni með þeim hætti sem verið hefur undanfarin ár. Hún hefði t.d. gjarnan viljað fylgja eftir stuðningi sínum við verkefni á borð við Nýsköpunarsjóð tónlistar, sem Tónskáldafélag Íslands hefur leitað eftir stuðningi við, og Leikminjasafn Íslands, svo eitthvað sé nefnt, sbr. álit menntamálanefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Íslensk tunga o.fl.

Annar minni hluti saknar þess í fjárlagafrumvarpinu að brugðist sé við aðstæðum sem kynnu að veikja íslensku sem þjóðtungu á Íslandi. Þar má m.a. nefna að fjárveiting til tungutækni (02-995 í fjárlögum fyrir árið 2004) er felld niður með sérstakri tilvísun til yfirlýsingar um að hugbúnaður á íslensku skuli njóta forgangs í verkefni sem kennt er við upplýsingasamfélag. Þessi tilvísun lýsir grundvallarmisskilningi á inntaki tungutækni og gagnsemi hennar fyrir íslenskt samfélag í framtíðinni. Þá er afnám framlaga til tungutækni fullkomlega á skjön við áætlanir á þessu sviði hjá grannþjóðum okkar sem fámennar teljast, en þó margfalt fjölmennari en íslenska málsvæðið.

Þá telur 2. minni hluti mikilvægt að tryggja fjármuni til viðhalds menningarhúsa.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Björgvin G. Sigurðsson.
Katrín Júlíusdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.
Mörður Árnason.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 12. október.

Nefndin fékk á sinn fund Sturlu Sigurjónsson, Pétur Ásgeirsson og Katrínu Einarsdóttur frá utanríkisráðuneyti. Þá óskaði nefndin eftir viðbótarupplýsingum frá utanríkisráðuneyti, m.a. yfirliti yfir þróun helstu útgjaldaliða ráðuneytisins undanfarin fimm ár.

Gert er ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins hækki um 1.140 millj. kr. miðað við fjárlög fyrir árið 2004. Skýring á aukinni fjárþörf ráðuneytisins er að stærstum hluta aukin framlög til þróunarmála, þ.m.t. friðargæslumála, alþjóðlegrar hjálparstarfsemi og alþjóðastofnana. Ef litið er til þróunar stærstu útgjaldaliðanna undanfarin ár hafa framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækkað úr 294 millj. kr. árið 2000 í 696 millj. kr. árið 2005, framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi úr 164 millj. kr. árið 2000 í 399 millj. kr. árið 2005, framlög til þróunarsjóðs EFTA hafa hækkað úr 98 millj. kr. árið 2000 í 499 millj. kr. árið 2005 og framlög til íslensku friðargæslunnar hafa aukist úr 136 millj. kr. árið 2002 í 463 millj. kr. árið 2005. Þá hefur kostnaður við öryggiseftirlit á Keflavíkurflugvelli aukist en öryggiskröfur í flugstöðinni hafa verið hertar verulega, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Nefndin styður eflingu friðargæslunnar og fagnar auknum framlögum til þróunarmála en þau munu verða um 0,21% af vergri landsframleiðslu á árinu 2005 og hafa framlög til þróunarmála þannig nær þrefaldast á fimm árum. Stefnt er að enn frekari aukningu á næstu árum.

Nefndin vekur athygli fjárlaganefndar á því að á fundi með fulltrúum utanríkisráðuneytisins kom fram að vegna misskilnings hefðu tekjur af öryggisgjaldi á Keflavíkurflugvelli verið færðar til lækkunar á fjárframlögum í fjárlagafrumvarpinu um 138,4 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk á umrætt gjald að standa undir auknum verkefnum í samræmi við breytingar á loftferðalögum.

Guðmundur Árni Stefánsson, Guðjón A. Kristjánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 4. nóv. 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
Siv Friðleifsdóttir.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson.
Dagný Jónsdóttir.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Fskj.

Utanríkisráðuneyti:

Yfirlit yfir fjárveitingar til helstu útgjaldaliða ráðuneytisins á tímabilinu 2000–2005.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Utanríkisráðuneytið	**630,8**	**629,9**	**737,8**	**780,0**	**811,3**	**834,9**
Sýslumaður á Keflavíkurflugvelli	**376,7**	**472,0**	**493,5**	**507,7**	**529,2**	**418,7**
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	**442,4**	**418,6**	**539,9**	**589,5**	**591,5**	**917,7**
Sendiráð Íslands	**2.121,0**	**1.258,5**	**1.526,0**	**1.701,6**	**1.552,7**	**1.696,3**
Almennur rekstur	1.048,2	1.175,4	1.486,2	1.482,8	1.500,0	1.530,0
Viðhald	17,9	15,9	15,9	47,9	24,9	25,9
Stofnkostnaður	1.054,9	67,2	23,9	170,9	27,8	140,4
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	**294,0**	**476,5**	**468,5**	**468,0**	**519,2**	**695,8**
Rekstur		17,0	34,0	34,9	36,1	65,8
Þróunaraðstoð		459,5	434,5	433,1	483,1	630,0
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	**163,7**	**147,7**	**262,1**	**491,0**	**176,4**	**398,6**
Jarðhitaskóli SÞ	50,3	51,8	63,0	67,4	67,3	87,8
Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ, FAO	7,6	8,5	10,4	9,3	8,4	7,6
Þróunaraðstoð SÞ, UNDP	18,3	18,3	22,4	20,0	18,2	19,8
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	9,5	9,5	11,6	10,4	9,4	15,3
Sjávarútvegsskóli SÞ	30,4	36,1	48,9	54,6	52,0	67,2
Hjálparstarf SÞ fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,5	2,5	3,1	2,8	2,5	11,7
Aðstoð við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	27,9	–	–	–	–	–
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	15,2	17,0	100,7	324,5	16,8	62,1
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	–	–	–	–	–	125,3
Alþjóðastofnanir (5 stærstu útgjaldaliðir)	**521,6**	**605,1**	**763,4**	**843,6**	**1.018,4**	**1.380,4**
Þróunarsjóður EFTA	97,9	91,6	113,9	110,3	253,9	499,1
Íslenska friðargæslan			135,5	245,4	329,8	463,0
Eftirlitsstofnun EFTA	54,1	50,7	77,8	75,3	76,5	76,4
Atlantshafsbandalagið	33,6	35,2	43,8	42,4	58,3	58,2
Alþjóðleg friðargæsla	147,4	181,5	73,2	64,4	59,4	53,5
Útflutningsráð	**185,0**	**189,8**	**218,0**	**237,7**	**269,4**	**279,4**
Annað	242,1	111,0	278,5	45,5	57,5	45,9

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október sl.

Nefndin fundaði með fulltrúum landbúnaðarráðuneytis, Guðmundi B. Helgasyni, Ingimar Jóhannssyni, Ólafi Friðrikssyni, Hákoni Sigurgrímssyni og Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur, sem skýrðu þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Þá komu Sigurður Guðjónsson og Vífill Oddsson frá Veiðimálastofnun á fund nefndarinnar og kynntu viðamiklar rannsóknir á vegum stofnunarinnar og verkefni hennar sem eru mjög viðamikil og sífellt að aukast. Í frumvarpinu er fellt niður tímabundið framlag til fimm ára vegna rannsókna á sjávardvöl laxfiska en verkefnið hefur notið stuðnings í tvö ár. Meiri hlutinn leggur áherslu á að stofnunin fái áfram framlag í fjárlögum til þess að geta haldið rannsóknunum áfram enda laxveiðiauðlindin mjög mikilvæg hvort sem litið er til fjárhagslegra sjónarmiða eða byggðasjónarmiða og nauðsynlegt að tryggja viðhald og verndun hennar.

Með hliðsjón af yfirferð ráðuneytisins telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að gera athugasemdir við aðra liði frumvarpsins.

Drífa Hjartardóttir og Birkir J. Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.
Dagný Jónsdóttir.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Minni hlutinn stendur ekki að áliti meiri hluta nefndarinnar að því leyti að hann telur í fyrsta lagi nauðsynlegt að staðið sé við áætlun um landshlutabundna skógrækt sem er langtímaverkefni samkvæmt þingsályktunartillögu en samningar um plöntuframleiðslu eru gerðir allt að þremur árum áður en til útplöntunar kemur. Traustar áætlanir eru landshlutabundinni skógrækt nauðsynlegar og undrunarefni að landbúnaðarráðuneytið skuli ekki fylgja þingsályktun sem samþykkt var á 128. löggjafarþingi.

Í öðru lagi er lagt til að orðið verði við óskum um lokafjárveitingu til gagnagrunns fyrir landshlutabundna skógrækt. Loks telur minni hlutinn að verkefni Veiðimálastofnunar um „silungsveiði í vötnum“ sé áhugaverður kostur og líklegt til að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Anna Kristín Gunnarsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 11. nóv. 2004.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik Friðriksson fyrir hönd AVS-rannsóknarsjóðs um aukið verðmæti sjávarafla, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni og Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu.

Heildarútgjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 3.344 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 832 millj. kr. en þær nema 25% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.989 millj. kr. og lækka um 37 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs.

Fyrsti minni hluti vekur athygli á að nokkuð vantar upp á að Hafrannsóknastofnunin hafi fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við aðstæðum sem ekki eru fyrirséðar í upphafi fjárlagaárs. Eru loðnurannsóknir á þessu ári dæmi um slíkt. Því leggur 1. minni hluti til að í meðförum Alþingis verði sérstakt 50 millj. kr. framlag veitt til stofnunarinnar.

Þá vekur 1. minni hluti athygli á að Fiskistofa hefur á þessu ári horfið frá mótaðri stefnu um uppbyggingu þjónustu sinnar á landsbyggðinni gagnstætt því sem aðrar helstu stofnanir sjávarútvegsráðuneytisins hafa unnið að.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að andvirði svonefnds hafrannsóknarafla renni áfram til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins sem settur var á stofn á síðasta ári í samræmi við bráðabirgðaákvæði XXIX í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. 1. minni hluti vekur athygli á því að heimild skipstjóra samkvæmt ákvæðinu til að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess fellur samkvæmt ákvæðinu niður við lok þess fiskveiðiárs sem nú er hafið. 1. minni hluti telur að umrædd heimild til að landa umfram aflamark allt að 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári hafi dregið úr brottkasti og skilað verðmætum sem ella hefðu farið í súginn en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að þessi afli skili 121 millj. kr. í verkefnasjóðinn á árinu 2005. 1. minni hluti telur, með hliðsjón af framansögðu, rétt að beina því til sjávarútvegsráðuneytisins að það meti þá reynslu sem fengist hefur af beitingu bráðabirgðaákvæðis XXIX í lögum um stjórn fiskveiða og taki afstöðu til þess hvort unnt sé að gera heimildina skilvirkari án þess þó að raska þeim markmiðum sem henni er ætlað að þjóna eða þá hvort rétt sé að framlengja gildistíma ákvæðisins án breytinga.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag í rannsóknarsjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, sem stofnaður var á síðasta ári í samræmi við þingsályktunartillögu sjávarútvegsráðherra, verði hækkað um 100 millj. kr. og verði samkvæmt því 200 millj. kr. á árinu 2005. Það er álit 1. minni hluta að tilvera sjóðsins sé til þess fallin að auka fjölbreytni rannsókna á sviði sjávarútvegs þar sem hann veitir einkaaðilum aðgang að fjármagni til rannsókna sem hingað til hafa einkum verið á forræði opinberra stofnana. 1. minni hluti álítur þetta mikilvægt og styður því auknar fjárveitingar í sjóðinn.

Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. nóv. 2004.

Guðjón Hjörleifsson, form.
Einar K. Guðfinnsson.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Annar minni hluti telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem varðar sjávarútvegsráðuneytið og stofnanir þess.

Verklag sjávarútvegsráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

Á fundi nefndarinnar með fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins var óskað eftir því af hálfu fulltrúa 2. minni hluta að ráðuneytið léti nefndinni í té afrit af fjárlagatillögum undirstofnana ráðuneytisins. Í svari fulltrúa ráðuneytisins kom fram að ráðuneytið hefði ekki óskað eftir fjárlagatillögum stofnana heldur hefðu fulltrúar þeirra þess í stað verið boðaðir á fund í ráðuneytinu þar sem þeim gafst kostur á að gera munnlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum í tilefni fjárlagagerðar. Upplýsti fulltrúi ráðuneytisins að af þessum sökum lægju ekki fyrir nein skrifleg gögn eða upplýsingar um fjárlagatillögur stofnana ráðuneytisins. Það er skoðun 2. minni hluta að framangreint verklag sjávarútvegsráðuneytisins sé ólögmætt. Verður í fyrsta lagi talið að það sé í beinni andstöðu við 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en þar segir:

„Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis."

Framangreint ákvæði var lögfest á grundvelli breytingartillögu sérnefndar sem skipuð var til að fjalla um frumvarp til fjárreiðulaga. Í nefndaráliti sérnefndarinnar segir m.a.:

„Nauðsynlegt þótti að skýra betur en gert er í frumvarpinu stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og samskipti milli Alþingis og ráðuneyta. Nefndin leggur ríka áherslu á það í áliti sínu að mörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu skýr og meðferð fjárlaga vel skilgreind. Mikill tími fór þannig í að ræða samspil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sbr. 21. gr. og 33. gr., og einnig eðli fjárlaga, sbr. 23. gr. og 26. gr., og ákvæði 30. gr., um verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs. Nefndin leggur til breytingar á öllum þessum ákvæðum og um þær vísast til frekari skýringa hér á eftir." (Alþt. 1996–1997, A-deild, bls. 5157.)

Um þá breytingu sem gerð var á 21. gr. frumvarpsins sagði eftirfarandi í nefndarálitinu:

„Lagt er til að í 21. gr. verði tekin ákvæði um skil einstakra aðila í A-, B- og C-hluta á fjárlagatillögum. Þannig verði lögfest sú framkvæmd sem verið hefur, þ.e. að aðilar skila viðkomandi ráðuneyti tillögum sínum og hvert ráðuneyti skilar síðan fjárlagatillögum um þá aðila, sem undir það heyra, til fjármálaráðuneytisins." (Alþt. 1996–1997, A-deild, bls. 5158.)

Verður framangreint ákvæði fjárreiðulaga, sbr. fyrrgreind lögskýringargögn, ekki skilið á annan veg en að stofnunum ríkisins beri skila viðkomandi ráðuneyti skriflegum fjárlagatillögum. Ætla verður að öflun tillagna frá undirstofnunum sé þýðingarmikill þáttur í faglegri vinnu ráðuneyta við mótun og gerð fjárlagatillagna í samráði við fjármálaráðuneytið. Sé það afstaða manna að forstöðumenn stofnana geti fullnægt framangreindri lagaskyldu með því einu að gera munnlega grein fyrir sjónarmiðum sínum á fundi með fulltrúum ráðuneytisins verður að álíta að ráðuneytunum beri ótvíræð skylda í slíkum tilvikum til að halda fundargerð um það sem fram kemur á slíkum fundi og varðveita hana. Ljóst er að pappírslaus samskipti

stjórnvalda við úrlausn lögbundinna verkefna eins og þau sem sjávarútvegsráðuneytið hefur viðhaft í þessu máli fara í bága við meginreglur um vandaða stjórnsýsluhætti og gegnsæi í stjórnsýslunni.

Skoða verður framangreinda lagaskyldu stofnana ríkisins til að skila viðkomandi ráðuneyti fjárlagatillögum í samhengi við upplýsingarétt fjárlaganefndar, sbr. 3. mgr. 25. gr. þingskapa, en samkvæmt ákvæðinu hefur fjárlaganefnd mjög víðtækan rétt til að krefjast hvers kyns upplýsinga er varða rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. Ljóst er að möguleikar fjárlaganefndar til að afla upplýsinga og leggja sjálfstætt mat á fjárþörf stofnana og annarra aðila sem óska fjárveitinga úr ríkissjóði skerðast mjög hafi nefndin ekki aðgang að fjárlagatillögum stofnana. Ætla verður að fjárlagatillögur stofnana sem skilað er til viðkomandi ráðuneyta á grundvelli fjárreiðulaga gefi einna gleggsta mynd af því hvert sé mat stofnunarinnar sjálfrar á fjárþörf sinni auk þess sem ætla má að tillögurnar veiti upplýsingar um framtíðarsýn hennar, ný verkefni sem hún telur ástæðu til að ráðast í, möguleika til aðhalds o.s.frv. Gera verður ráð fyrir að þessar tillögur séu meginundirstaða þeirra fjárlagatillagna sem ráðuneytin skila síðan til fjármálaráðuneytisins ásamt þeim pólitísku áherslum sem viðkomandi ráðherra og ríkisstjórn hefur. Þótt fjárlaganefnd hafi möguleika á að kalla forstöðumenn stofnana á sinn fund til upplýsingagjafar er ljóst að það eitt getur ekki komið í staðinn fyrir aðgang að skriflegum fjárlagatillögum þeirra sem settar eru fram áður en viðkomandi ráðuneyti hefur komist að niðurstöðu um fjárþörf stofnunarinnar. Má öllum vera ljóst að eftir að niðurstaða ráðuneytisins er fengin og eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram af hálfu fjármálaráðherra kann að reynast erfitt fyrir forstöðumenn undirstofnana að bera fram óskir og tillögur við nefndir Alþingis sem eru í andstöðu við vilja viðkomandi ráðherra og ríkisstjórnar.

Segja má að veruleikinn í þessum efnum hafi verið skjalfestur með eftirminnilegum hætti við meðferð fjárlaga á seinasta ári er það varð opinbert að öllum ríkisstofnunum hafði verið sent bréf að undirlagi fjármálaráðuneytisins þar sem forstöðumönnum þeirra var beinlínis bannað að leita beint til fjárlaganefndar með óskir og tillögur um fjárveitingar. Gekk þetta svo langt að skrifstofu Alþingis bárust tilmæli frá forsætisráðuneytinu um að snúa sér ekki beint til fjárlaganefndar hefði það einhverjar óskir eða tillögur fram að færa heldur skyldu allar slíkar tillögur fara í gegnum forsætisráðuneytið. Þótt unnt væri að hafa langt mál um þá undarlegu sýn sem bréfritarar framkvæmdarvaldsins virðast hafa á hlutverk og stöðu Alþingis við meðferð fjárlaga er þetta einungis nefnt hér til að undirstrika hversu mikilvægt það er og í raun undirstaða þess að efnisleg umræða geti farið fram að fagnefndir þingsins hafi aðgang að fjárlagatillögum stofnana við meðferð og afgreiðslu fjárlaga.

Með hliðsjón af framangreindu verður að teljast að umrætt verklag sjávarútvegsráðuneytisins hafi í för með sér ólögmæta skerðingu á upplýsingarétti fjárlaganefndar, sbr. 3. mgr 25. gr. þingskapa, og annara fagnefnda þingsins. Telur 2. minni hluti afar brýnt að fjárlaganefnd taki verklag sjávarútvegsráðuneytisins til rækilegrar athugunar og geri ráðstafanir til að tryggja að nefndir þingsins hafi aðgang að þessum upplýsingum í framtíðinni.

Þegar litið er yfir þróun síðustu ára má greina sífellt aukna tregðu af hálfu framkvæmdarvaldsins til að láta Alþingi, þ.e. nefndum þess og einstökum þingmönnum, í té upplýsingar í tengslum við meðferð fjárlaga. Virðist af þessum sökum ástæða til að minna framkvæmdarvaldið á að fjárveitingavaldið er samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins í höndum Alþingis. Ætti sú staðreynd út af fyrir sig að vera nægjanleg til þess að það væri hafið yfir vafa að Alþingi eigi ótvíræðan rétt til aðgangs að öllum upplýsingum og gögnum sem fjárlagafrumvarp fjármálaráðherra er byggt á. Án upplýsinga er ljóst löggjafinn hefur ekki forsendur til að endurskoða og leggja sjálfstætt mat á þær tillögur sem fjármálaráðherra setur fram í fjárlagafrum-

varpinu sem leiðir í raun til þess að Alþingi hefur ekki annan kost en að fallast á tillögur ráðherra í öllum megindráttum. Þegar svo er komið er ljóst að fjárveitingavald þingsins er ekki lengur til staðar nema að forminu til.

Hafrannsóknastofnunin.

Rétt er að mati 2. minni hluta að vekja athygli á fjárvöntun Hafrannsóknastofnunarinnar sem mun að óbreyttu leiða til þess að ýmsum þýðingarmiklum rannsóknum verði frestað eða þær jafnvel slegnar af. Telur 2. minni hluti að nú sé meiri þörf á rannsóknum, m.a. vegna breytinga sem nú verða í hafinu og stafa af hlýnun sjávar. Ekki er þó unnt að átta sig á hver fjárþörf stofnunarinnar er enda liggja ekki fyrir nefndinni neinar upplýsingar um hvert sé mat stofnunarinnar sjálfrar á fjárþörfinni. Stafar þetta af ólögmætu verklagi sjávarútvegsráðuneytisins við undirbúning fjárlagafrumvarpsins sem gerð var grein fyrir hér að framan.

Í ljósi þessa má spyrja á hvaða grundvelli tillaga 1. minni hluta um 50 millj. kr. aukafjárveitingu til Hafrannsóknastofnunarinnar sé byggð. Verður að telja að tillaga 1. minni hluta sé hrein ágiskun á fjárþörf Hafrannsóknastofnunarinnar nema fulltrúar 1. minni hluta búi yfir upplýsingum sem fulltrúum 2. minni hluta er ekki kunnugt um.

Fiskistofa.

Í áliti 1. minni hluta er Fiskistofa gagnrýnd fyrir að hafa hætt eða dregið úr starfsemi sinni á landsbyggðinni. Tekur 2. minni hluti undir þessa gagnrýni og bendir á að hér sannast það enn einu sinni að ekki er samræmi milli orða og athafna ríkisstjórnarinnar þegar kemur að eflingu opinberra starfa á landsbyggðinni.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að andvirði svonefnds hafrannsóknarafla renni áfram til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins sem settur var á stofn á síðasta ári í samræmi við bráðabirgðaákvæði XXIX í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Í nefndaráliti sjávarútvegsnefndar, sbr. þskj. 628 frá 130. löggjafarþingi, sagði m.a. svo um þessa breytingu:

„Við þessa breytingu mun fjárstreymi sjóðsins aukast til mikilla muna. Það er mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að skýrar reglur gildi um úthlutun úr sjóðnum og að eðlilegt sé að skipuð verði stjórn yfir sjóðnum sem geri tillögur til ráðherra um úthlutun. Leggur nefndin til breytingartillögur í þessa veru. Mælist nefndin jafnframt til þess að reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum verði kynntar fyrir nefndinni áður en þær taka gildi.“

Þrátt fyrir framangreind tilmæli voru reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum settar þann 8. október sl. án þess að þær væru fyrst kynnar nefndinni. 2. minni hluti harmar þessi vinnubrögð sem bera vott um vanvirðu við nefndina og Alþingi allt.

Jón Gunnarsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi 4. nóv. 2004

Kristján L. Möller.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október sl. Nefndin fékk til sín á fund Elínu Pálsdóttur, Ragnhildi Arnljótsdóttur, Sesselju Árnadóttur og Sturlaug Tómasson frá félagsmálaráðuneyti. Þau fóru yfir einstaka liði frumvarpsins með nefndarmönnum sem gafst jafnframt kostur á að spyrja út í þau atriði sem þeir vildu fá frekari upplýsingar um.

Nefndin telur vert að vekja sérstaka athygli á nokkrum atriðum. Í fjárlagafrumvarpinu eru útgjöld Fæðingarorlofssjóðs áætluð 5.967 millj. kr. , en útgjöldin eru 5.826 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 2004. Þetta er 150 millj. kr. lækkun að raunvirði milli ára og samræmist lækkunin kostnaðarmati laga nr. 90/2004 sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þar sem aukning hafði orðið á útstreymi úr sjóðnum voru umrædd lög sett og er gert ráð fyrir að breytingar samkvæmt þeim leiði til lækkunar á útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs.

Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs eru samkvæmt frumvarpinu áætluð 4.171 millj. kr. og þar af nema útgjöld til atvinnuleysisbóta 3.498 millj. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 670 millj. kr. hækkun útgjalda til atvinnuleysisbóta frá síðasta ári. Þessi hækkun stafar annars vegar af auknu atvinnuleysi en samkvæmt spám fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir 2,7% atvinnuleysi og er áætlað að útgjöld á hvert stig atvinnuleysis verði 1.296 millj. kr. á verðlagi ársins 2005. Hins vegar hafa atvinnuleysisbætur verið hækkaðar, sbr. lög nr. 34/2004. Nefndin bendir á að heildarrannsókn á atvinnuleysisástandi er þegar farin af stað hjá félagsmálaráðuneyti.

Rekstrarkostnaður Vinnueftirlits ríkisins er áætlaður sá sami á næsta ári eða um 295,6 millj. kr. Hins vegar verða gerðar breytingar á fjármögnun rekstrarkostnaðar stofnunarinnar frá 1. janúar 2005 til samræmis við ákvæði laga nr. 90/2004, um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald. Framvegis verður fjárhagsrammi stofnunarinnar ákvarðaður í fjárlögum á ári hverju, en stofnunin mun ekki hafa markaðan tekjustofn sem tengist gjaldstofni tryggingagjalds eins og verið hefur fram að þessu. Kostnaður af rekstri stofnunarinnar mun frá framangreindu tímamarki verða greiddur úr ríkissjóði og af öðrum tekjum hennar. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 90/2004 kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að umrædd breyting muni hafa áhrif á tekjur Vinnueftirlits ríkisins heldur sé aðeins áætlað að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði framvegis greiddur úr ríkissjóði óháð tekjustofni tryggingagjaldsins. Nefndin vill vekja athygli fjárlaganefndar á því að hlutdeild Vinnueftirlitsins í tryggingagjaldi árið 2004 nemur 237,8 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi stofnuninni til 201,5 millj. kr. Því þyrfti framlag til almenns reksturs stofnunarinnar að hækka úr 330,1 millj. kr. í 365,1 millj. kr. þannig að ekki þurfi að koma til samdráttar í rekstri hennar. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar þyrfti samkvæmt þessu að vera 236,5 millj. kr. í stað 201,5 millj. kr.

Heildarfjárveiting til málefna fatlaðra hækkar um 204,6 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar almennar launa- og verðlagsbreytingar eru taldar frá. Um 130 millj. kr. hækkun fram-

laga er áætluð til sambýla og nýrra búsetuúrræða fyrir fatlaða. Hér er um að ræða lokaframlag vegna átaks frá árinu 2000 um styttingu biðlista eftir þjónustu fyrir fatlaða. Vel hefur miðað í að stytta biðlista eftir húsnæði fyrir fatlaða en helstu áform á árinu 2004 tengdust markmiðum um styttingu biðlista eftir þjónustu við þennan hóp.

Að lokum má benda á að gert er ráð fyrir 10 millj. kr. tímabundinni fjárveitingu vegna sameiginlegs átaks félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstiginu. Áætlað er að átakinu ljúki í árslok 2005.

Birkir J. Jónsson skrifar undir álitið með fyrirvara þar sem hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 9. nóv. 2004.

Siv Friðleifsdóttir, form.
Guðjón Hjörleifsson.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Pétur H. Blöndal.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefrndar stendur ekki að áliti meiri hlutans enda eru verulegar vanáætlanir á stórum útgjaldaliðum ráðuneytisins sem stjórnarliðar verða sjálfir að bera ábyrgð á. Hér verða helstu gagnsrýnisatriðin rakin:

Fæðingarorlofssjóður.

Í nefndaráliti minni hluta félagsmálanefndar frá síðasta þingi vegna fjárlagakafla félagsmálaráðuneytisins fyrir yfirstandandi ár var því haldið fram að gjöld umfram tekjur í Fæðingarorlofssjóði yrðu 948 millj. kr. á árinu 2004 og því um verulega vanáætlun að ræða á tekjum til að mæta áætluðum útgjöldum. Allar líkur eru á því að þetta gangi eftir og að leita þurfi eftir aukafjárveitingu á þessu ári til að mæta útgjöldum umfram tekjur. Mikil óvissa ríkir einnig um útgjöld næsta árs og óvíst hvernig sparnaðarráðstafanir ríkisstjórnarinnar til að draga úr útgjöldum sjóðsins skila sér á næsta ári. Margt bendir því til að útgjöld sjóðsins vegna fæðingarorlofs sem áætluð eru 5.967 millj. kr. séu vanreiknuð en ætla má að útgjöld yfirstandandi árs fari í 6,2–6,4 milljarða kr.

Minni hlutinn gagnrýnir líka harðlega að fæðingarorlofsgreiðslur halda ekki raungildi sínu miðað við að þeir sem fara í fæðingarorlof fái 80% af launum sínum. Ástæðan er sú að í þeim breytingum sem gerðar voru á fæðingarorlofslögunum á síðasta þingi var breytt því viðmiðunartímabili sem tekjur eru reiknaðar út frá. Í stað þess að miða við 12 mánaða samfellt

tekjutímabil sem lauk tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs var viðmiðunartímabilinu breytt, þannig að miðað var við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða og að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári. Þetta leiðir til þess að fæðingarorlofsgreiðslur taka mið af 2–3 ára gömlum tekjum eftir því hvenær fæðing á sér stað á árinu. Samtök launafólks vöruðu við því að þetta gæti leitt til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum um allt að 10%, þannig að greiðslurnar yrðu ekki 80% af tekjum heldur allt niður í 70%, þar sem ekki væri miðað við tekjur sem viðkomandi hefði á því ári sem barn fæddist. Í því sambandi er ástæða til að benda á að þegar breytingar voru gerðar á fæðingarorlofslögunum á síðasta þingi flutti minni hluti félagsmálanefndar breytingartillögu um að greiðslur héldu raungildi sínu og tækju breytingum í samræmi við launavísitölu á hverjum tíma. Þannig var lagt til að þak og gólf viðmiðunarfjárhæða breyttist á hverjum tíma í samræmi við launavísitölu og að tekjur viðmiðunartímabils vegna greiðslna í fæðingarorlofi tækju breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu á tímabilinu.

Þessar breytingar voru lagðar fram til þess að tryggja að breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við leiddu ekki til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum. Þessar tillögur voru felldar. Í umræðum um þá tillögu fullyrti félagsmálaráðherra úr ræðustól á Alþingi að 80% greiðslur í fæðingarorlofi af tekjum mundu halda raungildi sínu. Benti ráðherra á að hann mundi ef nauðsyn krefði beita ákvæðum í fæðingarorlofslögum sem kveða á um að hámarksgreiðslur og lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa og verðlags. Samkvæmt því ákvæði er félagsmálaráðherra heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnar að breyta greiðslufjárhæðum til hækkunar. Minni hlutinn krefst þess að félagsmálaráðherra standi við þessa yfirlýsingu sína og að fjármagn verði tryggt til að fæðingarorlofsgreiðslur rýrni ekki, en nú stefnir í að þær rýrni um a.m.k. 6–7% og greiðslur fari niður í 74–75% af tekjum viðkomandi við töku fæðingarorlofs. Ef greiðslurnar eiga að halda raungildi sínu þarf því að bæta við 400 millj. kr. í sjóðinn sem ríkissjóður væri ella að hafa af foreldrum í fæðingarorlofi.

Vinnueftirlit ríkisins.

Minni hlutinn vekur einnig athygli á því að ekki er gert ráð fyrir að Vinnueftirlitið fái bættan þann tekjumissi sem stofnunin varð fyrir með breytingu á fjármögnun þess sem lögfest var á síðasta ári. Áður hafði Vinnueftirlitið tekjur af tryggingagjaldi og var hlutur þess 0,048%. Sá hlutur hefði á næsta ári gefið Vinnueftirlitinu 260 millj. kr. í tekjur en framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar á næsta ári er einungis 201,5 millj. kr. Þannig vantar 58,5 millj. kr. til að Vinnueftirlitið hafi sambærilegar tekjur og 0,048% hlutur þess í tryggingagjaldi gaf því. Á sl. ári benti ASÍ á að mikilvægt væri að efla og treysta starfsemi Vinnueftirlitsins en ljóst væri að nýlegar breytingar á vinnuverndarlögunum, ný og aukin verkefni stofnunarinnar, almennar kröfur um aukið vinnuverndarstarf og þegar hafnar og fyrirhugaðar stórframkvæmdir gerðu auknar kröfur til stofnunarinnar og kölluðu á aukið fjármagn til starfseminnar. Minni hlutinn minnir á að upplýst var í félagsmálanefnd á sl. ári að félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra hefðu sameiginlega ákveðið að við þessa breytingu yrði fjármagn ekki skert til Vinnueftirlitsins. Minni hlutinn gerir kröfu til þess að við þetta verði staðið nú við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005.

Ábyrgðarsjóður launa.

Minni hlutinn varaði við því í nefndaráliti sínu um fjárlagakafla félagsmálaráðuneytisins fyrir yfirstandandi ár að útgjöld sjóðsins væru verulega vanáætluð. Það er nú komið fram og eru áætluð útgjöld þessa árs um 840 millj. kr. og í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár kemur

fram í yfirliti yfir markaðar tekjur ársins 2005 að Ábyrgðasjóður launa skuldar ríkissjóði 524,3 millj. kr. en fyrir skuldaði hann ríkissjóði 90 millj. kr. Samtals skuldar sjóðurinn því ríkissjóði 614 millj. kr. Í lögum um Ábyrgðasjóð launa kemur fram að sjóðurinn er fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi, hvaða nafni sem það nefnist sem skattskylt er. Ábyrgðargjald skal vera 0,04% af gjaldstofni. Skorti sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar skal ríkissjóður leggja til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Ljóst er að hækka þarf þetta gjald um a.m.k. helming eða 0,08% til að sjóðurinn geti gert upp við ríkissjóð og staðið undir skuldbindingum sínum. Á árinu 2005 þyrfti ábyrgðargjaldið að vera 0,13% svo ekki þyrfti að koma til ríkisframlags. Framlag ríkissjóðs á árinu 2005 nemur um 0,09% af gjaldstofni ábyrgðargjaldsins.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Í forsendum fjárlaga 2005 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu verði 2,7%. Útgjöld sjóðsins eru áætluð 3.795 millj. kr. Markaðar tekjur sjóðsins eru áætlaðar 3.450 millj. kr. Sjóðurinn mun þannig ganga á eigið fé sem nemur 345 millj. kr. Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að eigið fé skerðist um 95 millj. kr. Samtals er því rýrnun á eigin fé sjóðsins um 400 millj. kr. Minni hlutinn varar við því að svo harkalega sé gengið á eigið fé sjóðsins og bendir jafnframt á að líklegt er að forsendur í fjárlagafrumvarpinu um 2,7% atvinnuleysi á næsta ári standist ekki. Í því sambandi bendir minni hlutinn á að hagdeild ASÍ spáir 3% atvinnuleysi á næsta ári. Gangi það eftir vantar um 400 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð til að hann geti staðið undir útgjöldum.

Leiguíbúðir.

Minni hlutinn gagnrýnir lækkun á framlagi ríkissjóðs til niðurgreiðslu vaxta um 60 millj. kr. og að vextir til leiguíbúða hafi ekki lækkað samfara þeim lækkunum vaxta sem nú eru í boði til kaupa og bygginga á íbúðum. Biðlistar efnalítils fólks eftir leiguíbúðum eru enn mjög langir og má ætla að nálægt 2.000 manns bíði eftir leiguíbúðum. Hjá Reykjavíkurborg eru um 800 manns á biðlista, hjá Öryrkjabandalaginu 300–400 manns, þar af um 80 geðfatlaðir, og um 500 námsmenn eru á biðlistum eftir leiguíbúðum.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Bráðavanda nokkurra sveitarfélaga á yfirstandandi ári hefur verið mætt með 400 millj. kr. framlagi, en á engan hátt er í fjárlögunum gert ráð fyrir að mæta knýjandi fjárhagsvanda sveitarfélaganna en halli af rekstri þeirra nam 2,8 milljörðum kr. á síðasta ári. Þó liggur fyrir sameiginleg viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins, en 3. tölul. hennar fjallar sérstaklega um breytingar á tekjuskiptingu og aukin framlög í jöfnunarsjóð. Þá leiða áform ríkisstjórnarinnar um 1% lækkun tekjuskatts og lækkun hátekjuskatts til 93 millj. kr. tekjutaps jöfnunarsjóðs sem í engu er bætt og gangi hugmyndir eftir um 4% lækkun á kjörtímabilinu verður jöfnunarsjóður af 300 millj. kr. Verði ekki tekið á þessum brýnu úrlausnarefnum fyrir afgreiðslu fjárlaga eru hugmyndir um eflingu sveitarstjórnarstigsins í öngstræti.

Ástæða er líka til að horfa á þetta tekjutap sveitarfélaga í ljósi þróunar heildartekna ríkis og sveitarfélaga af tekjuskatti einstaklinga síðan grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna. Þar sem tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru að verulega leyti byggðar á álagningarstofni útsvars er tekjutap hans verulegt og hefur minni hlutinn óskað eftir því að fá fram þær upplýsingar fyrir 2. umræðu fjárlaga. Á heimasíðu embættis ríkisskattstjóra má skoða þessa

þróun. Þar má sjá að tekjur af aukinni skattbyrði einstaklinga, tekjuskatti og útsvari, hafa nær eingöngu runnið í ríkiskassann en ekki í sveitarsjóði.

Það má sjá á eftirgreindu:

- Árið 1997 – árið eftir að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna – var útsvarið 32,6 milljarðar kr. en tekjuskattur ríkisins 30,3 milljarðar kr. eða 2 milljörðum kr. lægri.
- Árið 2003 höfðu engu síður tekjuskattar hækkað um 6 milljarða kr. umfram útsvar. Samt höfðu sveitarfélögin fengið heimild til hækkunar á útsvari vegna nýrra verkefna og hækkaði útsvarsprósentan um u.þ.b. 1% á árunum 1999–2001.
- Skattbyrði einstaklinga (tekjuskattur og útsvar) jókst um 15% á árunum 1997–2003. Nánast allar þessar auknu álögur fóru til ríkisins, eða 14%. Aðeins 1% kom í hlut sveitarfélaganna. Af tæplega 9 milljarða kr. skattahækkun (tekjuskatti og útsvari) fór 8,1 milljarður til ríkisins en 700 millj. kr. til sveitarfélaganna.

Í framangreindum tölum kemur tekjutap sveitarfélaga vegna stofnunar einkahlutafélaga ekki fram nema að hluta. Skýringin er sú að tekjuskattsstofninn hefur hækkað minna en ella og það lækkar tekjur sveitarfélaga. Hins vegar hefur skattur til ríkisins vaxið – t.d. skattur af arði og gífurlegum fjármagnstekjum sem hækkað hefur um 391% síðan grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna.

Minni hlutinn vekur einnig athygli á þeirri miklu breytingu sem orðið hefur á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi húsaleigubætur sem aukist hafa mjög mikið, m.a. vegna hækkunar á leiguverði á undanförnum árum og breytinga á lögum um húsaleigubætur. Þannig voru húsaleigubætur á árinu 2000 rúmar 595 millj. kr. og hlutur ríkisins í útgjöldunum rúmlega 58% en sveitarfélaganna 42%. Á árinu 2004 eru áætluð útgjöld vegna húsaleigubóta tæplega 1.440 millj. kr. og er hlutur ríkisins í þeim útgjöldum rúmar 575 millj. kr. eða 40% en hlutur sveitarfélaga tæpar 864 millj. kr. eða 60%. Sveitarfélögin hafa m.a. gert kröfu um að þessi kostnaðarskipting verði endurskoðuð.

Málefni fatlaðra.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að mæta brýnustu neyðinni í málefnum fatlaðra með nýjum heimilum fyrir þá sem þurfa mikinn stuðning í daglegu lífi. Í Reykjavík er þessi vandi mestur, en á næsta ári er aðeins gert ráð fyrir 30 millj. kr. til nýrra úrræða. Með hinni hendinni eru síðan teknar 20 millj. kr. í hagræðingarkröfu á svæðisskrifstofum og ljóst að loforð um eyðingu biðlista verða ekki efnd. Minni hlutinn minnir líka á að 77 geðfatlaðir eru á biðlista hjá Öryrkjabandalaginu eftir húsnæði og félagsmálaráðherra hefur ekki boðað neinar lausnir á húsnæðisvanda þessa fólks á næsta ári.

Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Starfsmenntaráð auglýsti í febrúar sl. eftir umsóknum um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Auglýst var eftir umsóknum til tvenns konar verkefna. Þessi verkefni eru ný tækifæri til náms, með sérstakri áherslu á nám í verk- og tæknigeiranum, og ferðaþjónusta og útivist. Til úthlutunar voru 55 millj. kr. Alls sóttu 69 aðilar um styrk til 94 verkefna samtals að upphæð rúmlega 206 millj. kr. 45 aðilar fengu úthlutað styrk, samtals rúmlega 55 millj. kr., til 55 verkefna. Að auki fengu þrír aðilar sérstaka styrki að upphæð 3.350.000 kr. Heildarúthlutun sjóðsins fyrir tímabilið janúar til október 2004 var þannig 58.725.000 kr. Ófaglært fólk og fólk með stutta skólagöngu að baki nýtur einna helst þess fjármagns sem ríkisvaldið ver til starfsmennta í atvinnulífinu. Eru þessi framlög mikilvæg þar sem starfsmenntun í atvinnulífinu er svo sannarlega lykill að bættum kjörum þessara hópa. Minni hlutinn gagnrýnir að einungis eigi að verja 60 millj. kr. í starfsmenntasjóð á næsta ári sem

er engin breyting frá síðustu fjárlögum. Minni hlutinn telur að fjármagnið nýtist vel til að bæta kjör láglaunafólks sem getur orðið til þess að draga úr atvinnuleysi sem stöðugt verður meira áhyggjuefni hér á landi og þar með þörf fyrir atvinnuleysisbætur. Minni hlutinn telur mikilvægt verkefni á næstu árum að efla starfsmenntun í atvinnulífinu og spilar þar veglegt framlag til starfsmenntasjóðs lykilhlutverk.

Atvinnumál kvenna.

Á árinu 2004 bárust 178 umsóknir um styrki til atvinnumála kvenna sem námu tæplega 150 millj. kr. Alls voru veittir 45 styrkir að upphæð 20 millj. kr. sem er 5 millj. kr. lækkun frá á árinu 2003. Síðan 1994 hafa einungis verið veittar 20 millj. kr. árlega. Minni hlutinn telur það óásættanlegt að þessi upphæð hafi staðið svo í stað. Því telur minni hlutinn mikilvægt að hún hækki svo að hún verði í einhverjum takti við eftirspurn. Má þar nefna að heildarupphæð umsókna á árinu 2003 var 236 millj. kr. og er því nokkur lækkun á þessu ári miðað við árið í fyrra. Má ætla að konur telji vonlaust að sækja um fjármagn til sjóðsins vegna þeirrar lágu upphæðar sem heildarúthlutunin er. Það er skoðun minni hlutans að auka beri framlög í sjóðinn og efla þannig frumkvöðlastarf meðal kvenna á Íslandi. Reynslan af þessari úthlutun er mjög góð og hefur nýst vel og gert mörgum konum kleift að koma á fót atvinnurekstri sem ætla má að ekki hefði orðið af hefði þessa fjármagns ekki notið við.

Niðurstaða.

Af framansögðu er ljóst að um verulega vanáætlun er að ræða í fjárlagakafla félagsmálaráðuneytisins sem stjórnarflokkarnir einir verða að bera fulla ábyrgð á. Ljóst er einnig að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru öll í uppnámi sem ekki hefur auðveldað lausn kennaradeilunnar. Að auki gerir minni hlutinn alvarlegar athugasemdir við hvernig ýmsir veigamiklir þættir velferðarsamfélagsins eru hornreka hjá núverandi valdhöfum. Auk þess blasa við verulegar skerðingar á greiðslum til fólks í fæðingarorlofi. Ábyrgðinni er því alfarið vísað á stjórnarflokkana.

Bjarkey Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Helgi Hjörvar.
Katrín Júlíusdóttir.
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Davíð Á. Gunnarsson, Svanhvít Jakobsdóttir, Hrönn Ottósdóttir og Dagný Brynjólfsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Þór Sigurðsson, Ásta R. Magnúsdóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir, Ragnar M. Gunnarsson og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Jóhannes M. Gunnarsson, Vilhelmína Haraldsdóttir, Anna Stefánsdóttir og Ingólfur Þórisson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Guðmundur Einarsson, Lúðvík Ólafsson, Þórunn Ólafsdóttir og Jónas Guðmundsson frá heilsugæslunni í Reykjavík og Sigrún Kristjana Óskarsdóttir frá Hlíðabæ.

Í frumvarpinu kemur fram að heildargjöld ráðuneytisins verði 119.031 millj. kr. að teknu tilliti til aðhaldsaðgerða, sem eru 189 millj. kr. hagræðingarkrafa og 117 millj. kr. niðurfelling á tímabundnum fjárveitingum, og hækkun milli ára nemi 8.488 millj. kr. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 4.188 millj. kr. Raunaukning útgjalda er 3,9%, 4,3 millj. kr. Þar af nemur kerfislæg breyting í almannatryggingum (fjölgun bótaþega), 2.935 millj. kr.

Ekki er gerð hagræðingarkrafa í frumvarpinu til Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eða hjúkrunarheimila og -rýma. Framlög til sjúkrahúsa, sjúkrastofnana og sjúkrasviða heilbrigðisstofnana hækka samtals um 825 millj. kr. milli áranna 2004 og 2005, og þar af fara 500 millj. kr. til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að styrkja rekstrargrunn miðað við óbreytta starfsemi.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Á fundum nefndarinnar var staða Landspítala – háskólasjúkrahúss mikið rædd og kom fram, svo og í stjórnunarupplýsingum fyrir fyrstu níu mánuði ársins, að starfsemi sjúkrahússins er enn að styrkjast og hefur náðst talsverð framleiðniaukning. Biðlistar eru nú engir í mörgum sérgreinum, í öðrum er bið sem er talin viðunandi og í örfáum greinum, augnaðgerðum og aðgerðum vegna offitu, er bið of löng þó svo að hún hafi styst um helming.

Til að ná fram frekari hagræðingu og aukinni skilvirkni í rekstri sjúkrahússins þarf m.a. að tryggja því áfram forgang að hjúkrunarrýmum í nágrenninu. Enn dveljast um 100 sjúklingar á sjúkrahúsinu sem lokið hafa sérhæfðri bráða- og endurhæfingarmeðferð og því er það eitt brýnasta viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar að fjölga hjúkrunarrýmum fyrir aldraða, fyrir geðfatlaða og fyrir unga fatlaða einstaklinga.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að árétta þá miklu möguleika á hagræðingu í þjónustunni sem munu skapast með byggingu nýs bráðaspítala en áætlað er að sameining bráðastarfseminnar á einn stað muni spara mörg hundruð milljónir króna árlega.

Forsvarsmenn sjúkrahússins lögðu m.a. áherslu á þann rekstrarvanda sem skapast við það að kostnaður vegna S-merktra lyfja eykst á hverju ári langt umfram forsendur í fjárlögum að viðbættum auknum kostnaði vegna launatengdra gjalda.

Rafræn sjúkraskrá.

Meiri hlutinn leggur enn og aftur áherslu á þýðingu þess m.a. fyrir aðhald og hagræðingu í heilbrigðiskerfinu að ráðist verði í að byggja upp heilbrigðisnet og innleiða rafræna sjúkraskrá í heilbrigðisþjónustunni. Tekin verði markviss skref til innleiðingar á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og ráðist verði í kostnaðarmat og framkvæmdaáætlun um verkið án frekari tafa. Auk hagræðisins af slíku kerfi mun það tryggja öryggi og betri og greiðari þjónustu fyrir sjúklinga og auka alla skilvirkni í heilbrigðisþjónustunni. Áætlað er að þessi fjárfesting nemi tæpum 2 milljörðum kr. en að fjárhagslegur ávinningur að lokinni fjárfestingu geti numið allt að 850 millj. kr. á ári.

Fjölgun örorkulífeyrisþega.

Á fundum nefndarinnar var mikið rætt um hækkun framlaga samhliða mikilli fjölgun örorkulífeyrisþega. Fyrir liggur að fjölgunin hefur verið tæplega 40% á fimm árum frá 1998 og heildarbætur vegna öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega hafa á sama tíma hækkað úr rúmlega 5 milljörðum kr. í rúmlega 12 milljarða kr. Sérstaka athygli vekja breytingar á aldursskiptingu öryrkja og kynjahlutföllum, 63% fleiri konur á aldrinum 25–29 ára eru öryrkjar en fyrir fimm árum sem dæmi. Eins vekur athygli hvað öryrkjum hefur fjölgað misjafnlega eftir landshlutum á þessu tímabili. Í greinargerð Tryggingastofnunar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er velt upp ýmsum mögulegum skýringum en heilbrigðisráðherra hefur í samráði við fjármálaráðherra falið forstöðumanni Hagfræðistofnunar að grafast fyrir um ástæður mikillar fjölgunar öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega og skila um það skýrslu við upphaf næsta árs. Meiri hlutinn leggur áherslu á að sérstaklega sé hugað að því hvort um kerfislægan vanda sé að ræða og að sérstaklega verði skoðað samspil lægstu launa, fjárhæðar atvinnuleysisbóta og lífeyrisgreiðslna.

Efling heilsugæslunnar.

Meiri hlutinn leggur sem fyrr mikla áherslu á eflingu heilsugæslunnar og mikilvægi þess að hún sé öflug og hæf til að sinna hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Meiri hlutinn fagnar því hækkun framlaga til heilsugæslunnar um 347 millj. kr. milli áranna 2004 og 2005. Sem fyrr leggur meiri hlutinn áherslu á aukið þverfaglegt samstarf heilbrigðisstarfsmanna innan heilsugæslunnar sem gefið hefur mjög góða raun svo sem reynslan af ýmsum geð- og meðferðarteymum hefur sýnt. Hluti af auknum framlögum til heilsugæslunnar, eða 42,1 millj. kr., er ætlaður til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan hennar og leggur meiri hlutinn áherslu á að a.m.k. hluti þeirrar fjárhæðar verði nýttur til að mæta aukningu sálfélagslegra vandamála í öllum aldurshópum sem kallar á aukna þátttöku sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa í starfi heilsugæslunnar.

Aðgengi að heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu hefur batnað mjög síðustu tvö árin, aðsókn hefur aukist og komum til læknis fjölgað um 12 þúsund árið 2003 og enn um 16.700 fyrstu átta mánuði þessa árs. Meiri hlutinn telur brýnt að tryggja áframhaldandi starfrækslu síðdegisvakta við heilsugæslustöðvarnar til að tryggt sé að sjúklingar þurfi ekki að leita í önnur dýrari og óþörf úrræði en jafnframt telur hann brýnt svo að starfsemi heilsugæslunnar

og vinnutími starfsmanna sé skipulagður með tilliti til þessa svo að hægt sé að halda þessari þjónustu úti á sem hagkvæmastan hátt.

Meiri hlutinn fagnar sérstaklega hækkun framlaga til öldrunarþjónustunnar, en með frumvarpinu er tryggð fjárveiting til reksturs 128 nýrra hjúkrunarrýma, þar af eru 83 í notkun hluta yfirstandandi árs, fjölgun dagvistarrýma fyrir heilabilaða um 20% og hækkun fjárveitinga til hvíldarinnlagna.

Drífa Hjartardóttir og Bjarni Benediktsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 11. nóv. 2004.

Jónína Bjartmarz, form.
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.
Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Minni hlutinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ríkisstjórnarflokkarnir ætli ekki að uppfylla samkomulagið við Öryrkjabandalagið um aldurstengdar örorkubætur frá 25. mars 2003. Allir stjórnmálaflokkar landsins nema Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, helstu fjölmiðlar í landinu og í raun allir sem hafa tjáð sig eru sammála um að ríkisstjórnin hafi ekki uppfyllt samkomulagið við öryrkja.

Ljóst er að á vantar um 500 millj. kr. svo að hægt verði að standa við það fyrirkomulag sem kynnt var, þ.e. að tvöfalda hækkun grunnlífeyris hjá yngstu örykjunum. Heilbrigðisráðherra hefur staðfest í fjölmiðlum að loforðið við öryrkja hafi ekki verið efnt að fullu. Haustið 2003 talaði ráðherrann um að „greiða þyrfti hækkanirnar sem um var samið í áföngum, 66% [kæmu] til greiðslu um næstu áramót [2003–2004] og afgangurinn ári síðar“. Sömuleiðis sagði heilbrigðisráðherra: „... miðað við þær heimildir sem ég hef þarf hins vegar að áfangaskipta þessu samkomulagi. En það stendur ekki til annað en að standa við það eins og það stendur.“

Nú heyrist hins vegar annar tónn í ráðherra og öryrkjar eru sviknir aftur. Ekki er gert ráð fyrir neinu fé í fjárlagafrumvarpinu til að standa við „afganginn“ eða seinni áfangann eins og heilbrigðisráðherra talaði um fyrir um ári síðan.

Skammtímahugsun varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús.

Fjárhagsvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss er mikill. Handahófskenndar niðurskurðartillögur eru kynntar með reglulegu millibili án þess að tekið sé tillit til nauðsynlegrar starfsemi, kostnaðar vegna sameiningar sjúkrahúsanna og óhagræðis af því að reka bráðastarfsemi á tveimur stöðum. Ábyrgðinni á því að reka stofnunina innan fjárlagarammans er alfarið varpað á stjórnendur spítalans sem nú hafa m.a. lagt til enn frekari skerðingu á þjónustu og hækkun notendagjalda til að ná markmiðum fjárlagafrumvarpsins.

Minni hlutinn vill minna á bókun fulltrúa í stjórnarnefnd spítalans við afgreiðslu tillagna um aðgerðir vegna þessa. Við afgreiðslu þessa máls lögðu Margrét S. Björnsdóttir og Margrét K. Sverrisdóttir fram svohljóðandi bókun:

„Enn standa stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss frammi fyrir kröfum stjórnvalda um niðurskurð. Á árinu 2005 þarf að skera niður sem svarar 600 milljónum í rekstri spítalans miðað við tilkostnað árið 2004, niðurskurður sem mun hafa í för með sér skerta þjónustu og aukinn kostnað sjúklinga.

Fjárveitingar til spítalans hafa á föstu verðlagi nánast staðið í stað árin 1999–04 á sama tíma og veruleg aukning hefur orðið á heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála. Þetta gerist þrátt fyrir miklar verðhækkanir á lyfja- og lækningavörum LSH umfram forsendur fjárlaga, hækkun launatengdra gjalda LSH vegna ákvarðana stjórnvalda, aukna eftirspurn eftir þjónustu spítalans m.a. vegna framfara í tækni og lyfjum og þess að fjölgað hefur í eldri aldurshópum. Þessi atriði hafa leitt til þess að spítalinn hefur sagt upp starfsfólki, lækkað laun hjá tilteknum hópum, og dregið úr stoðþjónustu eins og sjúkraþjálfun. Þetta hefur leitt til aukins álags á starfsfólk, en of mikið álag hefur áhrif á gæði þjónustunnar og þar með árangur.

Þrátt fyrir þetta hafa staðið yfir umfangsmiklar umbætur í öllum rekstri og starfsemi í kjölfar sameiningar spítalanna. Starfsemi sérgreina hefur styrkst og framleiðni aukist. Má geta þess að á síðasta ári fækkaði um þriðjung á biðlistum eftir aðgerðum á spítalanum. Ljóst er að allt þetta hefur skapað mikið álag á starfsfólk spítalans.

Til að ná niður kostnaði á árinu 2005 hefur framkvæmdastjórn í samráði við stjórnarnefnd LSH unnið tillögur sem lagðar verða fyrir heilbrigðisráðherra. Undirritaðar, fulltrúar Frjálslynda flokksins og Samfylkingar í stjórnarnefnd, telja ýmsar þeirra tillagna eðlilegar umbætur og til bóta. Hins vegar viljum við að það komi skýrt fram að við getum ekki fallist á þá 10% hækkun þjónustugjalda sem lögð er til. Með því væri m.a. horfið frá þeirri heilbrigðisstefnu sem hingað til hefur verið sátt um, þ.e. að sjúklingar sem leggjast inn á spítala þurfi ekki að greiða fyrir úr eigin vasa.

Tillögur eru um að breyta legudeildum í 5 daga deildir, sem mundi þýða aukna tilflutninga sjúklinga. Framkvæmdastjórn varar í því sambandi við aukinni sýkingahættu við flutninga fólks milli deilda, en spítalasýkingar geta verið lífshættulegar veiku fólki. Við tökum undir þessar áhyggjur.

Undirritaðar, fulltrúar Frjálslynda flokksins og Samfylkingar í stjórnarnefnd, átelja ríkisstjórnina fyrir að þrengja að rekstri spítalans eitt árið enn. Nær væri að hægja á skattalækkunum næsta árs, en búa vel að þessari lykilstofnun íslenska heilbrigðiskerfisins.

Við lýsum jafnframt áhyggjum okkar af því að hinu metnaðarfulla starfi sem starfsfólkið hefur byggt upp, m.a. við sameiningu spítalanna, og þeim góða árangri sem tölur sanna að hafi verið náð verði alvarlega ógnað með frekari samdráttaraðgerðum.“

Minni hlutinn vill í þessu sambandi minna á að stjórnmál snúast um forgangsröðun og telur að málefni Landspítalans og heilbrigðisþjónustu almennt séu ekki mjög ofarlega í forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi má minna á að á sama tíma og ríkissjóður

hefur um 305 milljarða kr. á milli handanna á hverju ári vantar Landspítalann um 600–700 millj. kr. til að geta veitt óbreytta þjónustu.

Heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður.

Minni hlutinn tekur undir álit meiri hlutans um mikilvægi þess að efla heilsugæsluna og telur hagkvæmast og skynsamlegast að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Svo að það megi verða þarf að gera enn frekara átak í málefnum heilsugæslunnar og styrkja starfsemi hennar með fleiri starfsstéttum, svo sem félagsfræðingum, auka þverfaglega vinnu og forvarnastarf og sömuleiðis samvinnu heilsugæslu og annarra stofnana innan velferðarkerfisins. Í lögum um framhaldsskóla er gert ráð fyrir að skólarnir semji um slíka þjónustu við heilsugæsluna en hvergi er gert ráð fyrir fjármagni til þessa.

Samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslunni í Reykjavík, Kópavogi, á Seltjarnarnesi og í Mosfellsumdæmi eru um 10.000 manns ekki skráðir hjá heimilislækni á því svæði og þarf því enn að bæta þjónustu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og efla með tilliti til íbúaþróunar og aldurssamsetningar.

Minni hlutinn tekur einnig undir álit meiri hlutans hvað varðar mikilvægi þess að áfram verði starfræktar síðdegisvaktir á heilsugæslustöðvum. Minni hlutinn vill einnig ítreka mikilvægi öflugrar heilsugæslu úti á landi og telur að vel þurfi að standa að málefnum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Málefni aldraðra og minnissjúkra.

Minni hlutinn vill minna á alvarlega stöðu aldraðra sem búa við það að kaupmáttur ráðstöfunartekna þeirra hefur lækkað þar sem skattleysismörk hafa hvorki fylgt verðlagsþróun né launahækkunum. Kjör þeirra lífeyrisþega sem minnst hafa, svo sem þeirra sem lifa á almannatryggingagreiðslunum eingöngu, verður að bæta.

Bið eftir hjúkrunarrýmum er óviðunandi, þrátt fyrir fjölgun þeirra, og minnir minni hlutinn á að enn eru 100 hjúkrunarsjúklingar inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem með réttu eiga ekki heima þar og gætu fengið betri þjónustu annars staðar. Þá vill minni hlutinn minna á brýna nauðsyn úrræða fyrir unga hjúkrunarsjúklinga, undir 67 ára, svo sem heilabilaða, sem ekki fá hjúkrunarrými.

Minni hlutinn telur mikilvægt að dagþjónustustofnanir fái sambærilegar greiðslur og hjúkrunarheimili vegna skjólstæðinga sem fara út af stofnunum tímabundið, svo sem vegna hvíldarinnlagna. Minni hlutinn telur mikilvægt að fjölgað verði valkostum og úrræðum fyrir aldraða, svo sem með aukinni heimilishjálp, dagvistun og hvíldarinnlögnum, svo að komast megi hjá innlögnum á hjúkrunarheimili eða dýrari vistun.

Sálfræðiþjónusta.

Minni hlutinn fagnar 42 millj. kr. framlagi til þess að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar. Eftir er að skipta þessari fjárhæð milli heilsugæslustöðva og er ljóst að eftirspurn eftir fjárveitingu til ákveðinna verkefna verður mun meiri en hægt verður að sinna af þessum fjárlagalið. Því hlýtur minni hlutinn að líta á þetta sem fyrsta skref til eflingar þessari mikilvægu þverfaglegu þjónustu. Auk þess að koma á starfi sálfræðinga og félagsráðgjafa innan heilsugæslunnar er einnig mikilvægt að Tryggingastofnun semji við þessar stéttir (sálfræðinga) um greiðsluþátttöku eins og heimild er fyrir í lögum. Slíkt gæti borgað sig á skömmum tíma, t.d. með minnkandi lyfjaneyslu, en þrátt fyrir lagaheimild og viðurkennda þörf hefur fjármagn ekki fengist til þessa þáttar.

Rafræn sjúkraskrá og upplýsingasamfélagið.

Minni hlutinn tekur undir áherslu meiri hlutans á að fjármagn verði veitt til að undirbúa gerð rafrænna sjúkraskráa.

Tryggja þarf fjármagn til að halda áfram uppbyggingu fjarfundabúnaðar og tryggja öruggt netsamband við allar heilbrigðisstofnanir, svo og þráðlaust símsamband um allt land.

Önnur heilbrigðisþjónusta.

Minni hlutinn leggur sömuleiðis ríka áherslu að bæta stöðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands svo að hægt verði að stytta biðtíma þar. Þjóðin er að eldast og taka verður sérstaklega tillit til þess við fjárframlög til öldrunartengdrar þjónustu.

Fjöldi sjúklinga með átröskun eykst ár frá ári og virðist ekkert benda til þess að draga muni úr honum á næstu árum. Sárlega vantar sérstaka sjúkradeild fyrir þessa sjúklinga þar sem þeir eiga vart heima inni á almennum sjúkradeildum.

Sjúkrastofnanir eiga flestar í miklum erfiðleikum með að halda uppi óbreyttum rekstri vegna kröfu um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. Mikið álag hefur því verið á alla starfsmenn á undanförnum árum og verður að vara við frekari kröfum um sparnað svo að ekki verði gengið á öryggi sjúklinga. Nýjum meðferðarúrræðum og þróunarstarfi innan stofnana eru takmörk sett við þessar aðstæður og mun það hafa áhrif á gæði heilbrigðisþjónustunnar til lengri tíma litið.

Að lokum vill minni hlutinn áskilja sér fullan rétt til að benda á fleiri atriði sem betur mættu fara þegar kemur að skiptingu opinbers fé.

Alþingi, 11. nóv. 2004.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ágúst Ólafur Ágústsson.
Guðrún Ögmundsdóttir.
Þuríður Backman.

Fylgiskjal XVI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf formanns fjárlaganefndar frá 12. og 18. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Halldór S. Kristjánsson og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti og gerðu þeir grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið.

Að auki komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri ásamt Kristjáni Vigfússyni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verksviði Siglingamála-

stofnunar, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri ásamt Sigrúnu Traustadóttur til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verkefnum Flugmálastofnunar og Jón Rögnvaldsson til að ræða þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Meiri hluti samgöngunefndar vekur athygli á að Siglingastofnun telur að hækka þurfi greiðslur úr ríkissjóði frá því sem nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu um 27 millj. kr. Á árinu 2004 færðist tæknilegur hluti skipaskoðunar frá Siglingastofnun til einkarekinna skoðunarstofa og flokkunarfélaga. Við það féllu niður tekjur stofnunarinnar vegna þessa en hluti kostnaðar hefur haldist og mun gera um sinn, svo sem vegna uppgjörs við starfsfólk og leigu á húsnæði. Þá bentu fulltrúar Siglingastofnunar á að þeir teldu rétt að sundurliða nánar hvað sett er undir almennan rekstur í liðnum 10-335 auk þess sem þeir lögðu til að færðar yrðu 15 millj. kr. frá liðnum 10-335-6.01 Tæki og búnaður yfir í almennan rekstur. Meiri hlutinn telur það á verksviði fjárlaganefndar að taka afstöðu til þessara athugasemda. Hann mælir þó með að tillaga fulltrúa Siglingastofnunar um nánari sundurliðun verði tekin til greina svo fremi það raski ekki samræminu og samanburði við aðra sambærilega liði fjárlagafrumvarpsins.

Á fundi með fulltrúum Flugmálastjórnar komu fram nokkrar athugasemdir sem meiri hlutinn telur að fjárlaganefnd beri að skoða í fjárlagavinnunni. Þar nefnir meiri hlutinn helst athugasemd Flugmálastjórnar um að gjaldaheimildir verði veittar til að ráðstafa ríkistekjum til brýnna verkefna vegna aukinna alþjóðlegra krafna og að fullnægjandi lánsfjárheimild verði veitt alþjóðaflugþjónustunni. Þá kom fram á fundi með fulltrúum Flugmálastjórnar að þeir telja mikilvægt að beint framlag ríkisins til flugmála haldist óbreytt í framtíðinni en að leiðrétta eigi í fjáraukalögum 2004 og fjárlögum 2005 lækkun framlagsins frá fjáraukalögum 2003.

Gestir nefndarinnar töldu sig hafa gert fjárlaganefnd grein fyrir athugasemdum sem komu fram á fundum um málið.

Nefndin hefur, með vísan til framangreinds bréfs formanns fjárlaganefndar frá 18. október sl., ekki tekið til skoðunar skiptingu á lið 10-190-1.90 Ýmislegt svo sem venja er til. Meiri hlutinn fagnar því að vinna við skiptingu á þessum lið og önnur samskipti fastanefnda og fjárlaganefndar séu tekin til endurskoðunar.

Meiri hlutinn gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Hilmar Gunnlaugsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem hann situr fundi samgöngunefndar og einnig fundi fjárlaganefndar í fjarveru Arnbjargar Sveinsdóttur.

Alþingi, 12. nóv. 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form.
Hjálmar Árnason.
Guðjón Hjörleifsson.
Hilmar Gunnlaugsson, með fyrirvara.
Dagný Jónsdóttir.

Fylgiskjal XVII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf formanns fjárlaganefndar frá 12. og 18. október sl.

Nefndin fundaði með fulltrúum samgönguráðuneytis, vegamálastjóra, flugmálastjóra og siglingamálastjóra.

Við meðferð málsins óskaði minni hlutinn sérstaklega eftir að fá að sjá þær fjárlagatillögur sem stofnanirnar, sem fundað var með, gerðu til ráðuneytisins við undirbúning frumvarpsins. Þessar tillögur fékk nefndin ekki.

Flugmálastjóri sendi minnisblað þar sem hann þó rekur nokkuð ítarlega athugasemdir sínar við frumvarpið og gerir nokkra grein fyrir fjárlagatillögum sínum vegna flugmála. Þá lagði hafnarstjóri fram minnisblað á fundi með nefndinni þar sem hann gagnrýnir nokkra þætti í þeim kafla er varðar siglingamál. Vegamálastjóri tilkynnti starfsmanni nefndarinnar að hann hefði sent fjárlagatillögur Vegagerðarinnar til samgönguráðuneytis og að nefndin yrði að óska eftir tillögunum þaðan.

Þegar síðan var gengið á eftir því að fá fjárlagatillögur stofnananna þriggja sendar frá samgönguráðuneyti neitaði ráðuneytið að afhenda þær. Þessu mótmælir minni hluti nefndarinnar.

Minni hlutinn telur ómögulegt að gefa álit um frumvarp til fjárlaga án þess að hafa áður fengið að sjá fjárlagatillögur stofnananna og upplýsingar um röksemdir sem þar liggja að baki útreikningum. Minni hlutinn telur ómögulegt fyrir fastanefndir þingsins að meta frumvarpið og leggja fram rökstudda gagnrýni á einstaka kafla nema þær fái helstu gögn sem liggja því að baki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurskurði upp á rúma 2 milljarða kr. varðandi vegamál án þess að fram hafi komið hvar eigi að skera niður eða hvaða verkefnum eigi að fresta.

Minni hlutinn ítrekar því gagnrýni sína á þau vinnubrögð ráðuneytisins að neita nefndinni um upplýsingar sem liggja að baki fjárlagafrumvarpinu og vísar um þetta efni m.a. til álits 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Alþingi, 15. nóv. 2004.

Kristján L. Möller.
Björgvin G. Sigurðsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur Bjarnason.

Fylgiskjal XVIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október 2004.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Helga Bjarnason, Sigurrós Hilmarsdóttur og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2005 eru áætluð um 4.490 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 757 millj. kr. en þær nema 17% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 70 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa og verðlagshækkana munar þar mestu um aukin framlög til nýsköpunar og markaðsmála.

Nefndin telur með hliðsjón af yfirferð fulltrúa iðnaðarráðuneytisins ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá liði fjárlagafrumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Einar Oddur Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Jóhann Ársælsson og Einar Már Sigurðarson skrifa undir álitið með fyrirvara. Sigurður Kári Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. nóv. 2004.

Birkir J. Jónsson, form.
Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október. Nefndin fékk til sín á fund Hrafnhildi Þorvaldsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Hún fór yfir þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar og svaraði spurningum nefndarmanna.

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 4.987 millj. kr. á rekstrargrunni sem er 14% hækkun frá áætlun fjárlaga fyrir árið 2004. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 558 millj. kr. en þær nema um 11% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Á síðasta vori var samþykkt á Alþingi náttúruverndaráætlun, sú fyrsta sinnar tegundar. Augljóst er að mikil vinna er fram undan á vegum umhverfisráðuneytis og stofnana þess við að hrinda í framkvæmd friðlýsingu á þeim svæðum sem áætlunin tekur til. Þessu tengd eru áform um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að farið verði vandlega yfir fjárhagslega stöðu þessara mála til að unnt verði að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis í þessum efnum.

Þá ítrekar meiri hlutinn þá áherslu sem fram kom í áliti meiri hlutans í fyrra, að veitt verði fé til gerðar náttúrufarskorta en slík kort eru m.a. forsenda faglegra vinnubragða við umhverfismat, gerð skipulagsáætlana og framkvæmd íslenskrar umhverfislöggjafar.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form.
Hilmar Gunnlaugsson.
Sigurður Kári Kristjánsson.
Kjartan Ólafsson.
Dagný Jónsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal XX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október. Nefndin fékk til sín á fund Hrafnhildi Þorvaldsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Hún fór yfir þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar og svaraði spurningum nefndarmanna.

Það er álit minni hluta umhverfisnefndar að ráðlegt hefði verið að kalla forstöðumenn stofnana sem heyra undir málasvið nefndarinnar á hennar fund, en ekki reyndist nægur tími til þess, svo minni hlutinn óskaði eftir sérstökum upplýsingum frá forstöðumönnum helstu stofnana og frá Samtökum náttúrustofa. Nefndinni bárust minnisblöð frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Samtökum náttúrustofa. Álit þetta byggist á upplýsingum úr þessum minnisblöðum.

Stofnanir umhverfisráðuneytisins.

Það er ljóst að allar þessar stofnanir eiga við rekstrarvanda að etja og nauðsynlegt er að fjárveitingavaldið taki afstöðu til þeirra upplýsinga sem því hafa verið gefnar við skoðun þessara mála í nefndum þingsins. Í því sambandi telur minni hlutinn nauðsynlegt að bæta Náttúrufræðistofnun Íslands uppsafnaðan halla auk þess sem þörf er á að hækka árlegan rekstrargrunn stofnunarinnar. Ef þetta verður ekki gert eru frekari uppsagnir yfirvofandi hjá stofnuninni og fari svo að fleiri verði sagt upp aukast erfiðleikar stofnunarinnar við að sinna lögbundnum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Þá vill minni hlutinn að sértekjukrafa sú sem hvílir á stofnuninni verði lækkuð, enda er hún með öllu óraunhæf. Það sama má segja um sértekjukröfu á Skipulagsstofnun sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það er mat minni hlutans að nauðsynlegt sé að lækka hana til samræmis við það sem raunhæft getur talist. Hafa verður í huga að Skipulagsstofnun getur ekki haft áhrif á sértekjur sínar heldur ráðast þær alfarið af fjölda framkvæmda sem stofnuninni er ætlað að úrskurða um. Þá ber fjárlaganefnd að líta til þeirrar staðreyndar að Skipulagsstofnun hefur þurft að standa undir auknum skyldum vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um mat á umhverfisáhrifum 2000 og er eðlilegt að fjárveitingavaldið leiðrétti fjárveitingu til stofnunarinnar vegna þessa. Þá er Veðurstofa Íslands þannig sett að veðurþjónustan, og úrvinnsla veðurgagna, er komin niður fyrir ásættanlegt lágmark að mati forstöðumanns stofnunarinnar. Það er mat minni hlutans að í fjárlögum fyrir árið 2005 verði að taka tillit til þessa. Loks ber að geta Umhverfisstofnunar, en þar er sömu sögu að segja, fjárlaganefnd hefur láðst að reikna með fjárveitingu vegna verndaráætlunar fyrir Mývatnssveit sem þó var gert ráð fyrir í lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta verður að leiðrétta. Einnig skortir enn á fjárveitingu til stofnunarinnar til dýraverndarmála. Þar er um að ræða atriði sem minni hluti umhverfisnefndar óskaði leiðréttinga á 2003 og er sú krafa áréttuð í þessu áliti. Einnig er nauðsynlegt að staðið verði við stóru orðin um átak í uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða. Um-

hverfisstofnun ber hitann og þungann af því starfi og nauðsynlegt er að henni sé gert kleift að standa þannig að málum að sómi sé að. Þá er minni hlutinn sammála því sem segir í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar um nauðsyn þess að farið verði vandlega yfir fjárhagsstöðu verkefna er tengjast nýsamþykktri náttúruverndaráætlun og að fjárframlög í það verkefni verði tryggð.

Náttúrustofur.

Minni hlutinn telur fjárlagafrumvarpið ekki gæta lögbundinnar skyldu Alþingis gagnvart náttúrustofunum. Þær starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og í 10. gr. segir að framlag ríkisins til hverrar stofu skuli miðast við fjárhæð er nemi launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem sé allt að því jafnhá þeirri fjárhæð. Samkvæmt því ætti framlag ríkisins til hverrar stofu að vera nálægt 11,7 millj. kr., en frumvarpið gerir ráð fyrir 7,9 millj. kr. á hverja þeirra. Þannig vantar 3,8 millj. kr. upp á framlagið til hverrar stofu til að það standi undir því sem til er ætlast samkvæmt lögunum. Þetta telur minni hlutinn að þurfi að leiðrétta. Auk þess má nefna stefnuleysi gagnvart möguleikum stofanna til að fjármagna sérverkefni sín. Slíkir styrkir koma gjarnan af safnliðum fjárlaga og um þá ríkir óvissa þar til við endanlega afgreiðslu laganna. Þar með skapar Alþingi stofunum óviðunandi aðstæður sem gera þeim afar erfitt fyrir að skipuleggja starfsemi sína.

Safnliðir.

Eins og fram kemur í inngangi álits þessa bárust umhverfisnefnd tvö bréf frá fjárlaganefnd, annað dagsett 12. október og hitt dagsett 18. október. Hið fyrra var til að tilkynna umhverfisnefnd að óskað væri eftir því að hún gerði tillögur um skiptingu safnliða sem heyrðu undir ráðuneyti umhverfismála, en hið síðara var til að tilkynna umhverfisnefnd að fjárlaganefnd hefði skipt um skoðun og nú væri þess ekki óskað að umhverfisnefnd gerði tillögu um skiptingu safnliðanna. Ekki voru færð rök fyrir þeirri ákvörðun. Það er mat minni hluta umhverfisnefndar að þessi hringlandaháttur sé til marks um ráðaleysi meiri hluta fjárlaganefndar varðandi skiptingu safnliða almennt. Í 25. gr. þingskapalaga er þess getið að fjárlaganefnd geti vísað verkefnum til fastanefndar og það fyrirkomulag hefur viðgengist a.m.k. allt síðasta kjörtímabil. Það var tekið upp að fyrirmynd annarra norrænna þjóðþinga. Þannig hafa fagnefndirnar fengið til umsagnar þær umsóknir sem fjárlaganefnd berast um stuðning við félög og einstaklinga á viðkomandi málasviði. Nú er fjárlaganefnd að hverfa frá því fyrirkomulagi og virðist þar hið sama eiga að gilda um allar nefndir þingsins þótt þessi hluti starfsins hafi verið mismikill hjá nefndunum og haft mismikið álag í för með sér. Þannig hefur álit umhverfisnefndar hvað þetta varðar fyrst og fremst snúið að fjárhagslegum stuðningi til frjálsra félagasamtaka, auk þess sem nefndin hefur fjallað um einstakar umsóknir um stuðning við verkefni á sviði umhverfismála. Það umfang sem hér um ræðir er sáralítið hjá því sem t.d. hefur snúið að menntamálanefnd og því ekki sambærilegt. Það er mat minni hluta umhverfisnefndar að rétt sé að koma styrkveitingum Alþingis í formlegan farveg í fagráðuneytunum þar sem stofnaðir yrðu sjóðir með faglega yfirstjórn sem auglýsti eftir styrkjum einu sinni til tvisvar á ári. Slíkir sjóðir störfuðu eftir ákveðnum reglum um úthlutanir og auglýsingar styrkja. Þannig yrði eftir föngum reynt að tryggja að öllum væri ljós framgangsmáti slíkra styrkveitinga og allir ættu því jafnan aðgang og jafna möguleika. Einnig mætti hugsa sér að hluti af því fé sem fjárlaganefnd hefur úthlutað rynni óskipt til stofnana á viðkomandi sviði. T.d. ættu allir fjármunir sem fara í að endurgera gömul hús eða gamla eikarbáta að fara í gegnum Þjóðminjasafnið og lúta þeim viðmiðum sem safnið hefur sett sér í varðveislu menn-

ingararfsins. Einnig væri hugsanlegt að færa fjármuni yfir til húsafriðunarnefndar í þessum tilgangi. Það sem fjárlaganefnd er að gera núna með því að taka styrkúthlutanirnar inn á sitt borð og útiloka þannig fagnefndirnar getur varla talist vera lausn á þessum vanda, það er miklu frekar skref aftur á bak.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Kolbrún Halldórsdóttir.

421. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, ArnbS, BJJ, BÁ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	666,1	4,7	670,8
b. 1.04 Alþjóðasamstarf	119,1	2,0	121,1
c. 1.10 Rekstur fasteigna	143,8	3,0	146,8
d. 6.01 Tæki og búnaður	35,1	24,0	59,1
2. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
a. 1.01 Ríkisendurskoðun	331,1	22,0	353,1
b. Sértekjur	-12,1	3,0	-9,1
3. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.634,2	5,0	2.639,2
Greitt úr ríkissjóði	*4.264,2*	*5,0*	*4.269,2*
4. Við **02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst**			
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	29,7	5,0	34,7
5. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5	2,0	11,5
b. 1.37 Tónlistarnám	0,0	37,0	37,0
6. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
a. 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	9,0	0,5	9,5
b. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,0	0,5	9,5
c. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra	9,0	0,5	9,5
d. 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9,0	0,5	9,5
e. 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,0	0,5	9,5
f. 1.26 Fræðslunet Austurlands	9,0	0,5	9,5
g. 1.27 Fræðslunet Suðurlands	9,0	0,5	9,5
h. 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	9,0	0,5	9,5
i. 1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	9,0	0,5	9,5

7. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.750,0	300,0	4.050,0
8. Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
1.01 Fornleifavernd ríkisins	40,4	2,0	42,4
9. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
1.10 Byggða- og minjasöfn	15,3	11,5	26,8
10. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**			
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	501,8	2,0	503,8
11. Við **02-909 Blindrabókasafn Íslands**			
1.01 Blindrabókasafn Íslands	65,3	5,0	70,3
12. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.11 Nýlistasafn	5,0	3,0	8,0
b. 1.41 Galdrasýning á Ströndum	0,0	5,0	5,0
c. 1.90 Söfn, ýmis framlög	0,0	10,0	10,0
d. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	40,5	20,5	61,0
13. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbætur menningarstofnana	104,7	5,0	109,7
14. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	66,4	96,0	162,4
15. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.27 Tónlist fyrir alla	5,0	1,0	6,0
b. 1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	9,6	2,0	11,6
c. 1.90 Listir	6,9	11,7	18,6
d. 1.98 Listir, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	37,0	-37,0	0,0
16. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5	5,0	12,5
b. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,0	3,0	11,0
c. 1.51 Fræða- og þekkingasetur	7,5	3,0	10,5
17. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0	1,0	3,0
b. 1.12 Ungmennafélag Íslands	52,0	12,0	64,0
c. 1.90 Æskulýðsmál	2,4	1,6	4,0
d. 1.98 Æskulýðsmál, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	6,5	-6,5	0,0
18. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.21 Skáksamband Íslands	8,0	5,0	13,0
b. 1.30 Bridgesamband Íslands	8,0	2,5	10,5
c. 1.90 Ýmis íþróttamál	3,0	6,0	9,0
d. 1.98 Íþróttamál, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	12,4	-12,4	0,0
e. 6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	0,0	5,0	5,0
f. 6.54 Gaddstaðir	0,0	5,0	5,0
g. 6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	0,0	5,0	5,0
h. 6.57 Sparkvellir	0,0	25,0	25,0

19. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.43 Skriðuklaustur	11,3	1,0	12,3
b. 1.90 Ýmis framlög	5,9	41,2	47,1
c. 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	5,0	36,5	41,5
d. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	0,0	101,4	101,4
20. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	710,6	8,0	718,6
b. 1.02 Varnarmálaskrifstofa	73,4	8,0	81,4
21. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands. Liðurinn orðast svo: 1.23 Mannréttindamál	4,0	0,0	4,0
b. 1.15 Heimssýning í Aichi í Japan	0,0	57,0	57,0
22. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
Við 1.30 Fíkniefnaeftirlit. Liðurinn orðast svo:			
1.30 Öryggisverkefni	37,5	125,0	162,5
Greitt úr ríkissjóði	*362,7*	*125,0*	*487,7*
23. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	630,0	22,0	652,0
24. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	125,3	22,0	147,3
25. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	29,6	9,5	39,1
Greitt úr ríkissjóði	*78,7*	*9,5*	*88,2*
26. Við **04-233 Yfirdýralæknir**			
1.01 Yfirdýralæknir	251,9	2,0	253,9
Greitt úr ríkissjóði	*272,0*	*2,0*	*274,0*
27. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**			
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	255,9	3,0	258,9
28. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
1.90 Fyrirhleðslur	44,5	11,6	56,1
29. Við **04-331 Héraðsskógar**			
6.41 Gagnagrunnur um skógrækt	8,0	2,0	10,0
30. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
1.14 Átak í hrossarækt	0,0	25,0	25,0
31. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið			
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	5,0	5,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,0*	*5,0*
32. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	8,0	3,0	11,0
33. Við **06-102 Stjórnartíðindi**			
Greitt úr ríkissjóði	*-11,1*	*11,1*	*0,0*
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*-11,1*	*-11,1*
34. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	51,9	15,0	66,9
b. 1.46 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	0,0	5,0	5,0

c. 1.82 Biblíuþýðingar	0,6	2,0	2,6
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*141,0*	*22,0*	*163,0*
35. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	839,7	19,5	859,2
Greitt úr ríkissjóði	*844,4*	*19,5*	*863,9*
36. Við **06-325 Neyðarsímsvörun**			
1.10 Neyðarsímsvörun	88,6	2,3	90,9
37. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.142,9	7,0	1.149,9
38. Við **06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**			
1.40 Tollgæsla	13,1	1,0	14,1
39. Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
a. Við 1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands. Liðurinn orðast svo: 1.15 Kirkjumiðstöðvar	1,2	1,0	2,2
b. 6.23 Hóladómkirkja	2,7	2,3	5,0
c. 6.26 Auðunarstofa	10,8	-10,8	0,0
d. 6.28 Þingeyraklausturskirkja	0,0	3,0	3,0
40. Við **07-331 Vinnueftirlit ríkisins**			
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	330,1	35,0	365,1
Greitt úr ríkissjóði	*201,5*	*35,0*	*236,5*
41. Við **07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi**			
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	42,3	1,0	43,3
42. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.100,0	45,0	7.145,0
43. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	5.518,0	480,0	5.998,0
b. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	399,0	21,0	420,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*399,0*	*21,0*	*420,0*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*5.568,0*	*480,0*	*6.048,0*
44. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Félagasamtök, styrkir	62,2	-3,1	59,1
b. 1.41 Stígamót	18,0	2,0	20,0
c. 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	8,7	2,0	10,7
d. 1.90 Ýmis framlög	1,5	6,5	8,0
e. 1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis	21,0	-2,0	19,0
45. Við **08-209 Sjúklingatryggingar**			
1.11 Sjúklingatryggingar	28,1	30,0	58,1
46. Við **08-305 Lýðheilsustöð**			
1.01 Lýðheilsustöð	164,2	10,0	174,2
Greitt úr ríkissjóði	*176,8*	*10,0*	*186,8*
47. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	27.194,0	76,0	27.270,0
Greitt úr ríkissjóði	*26.020,0*	*76,0*	*26.096,0*
48. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
a. 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	250,5	-56,0	194,5
b. 6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	88,1	-55,0	33,1

49. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	311,5	55,0	366,5
50. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	25,0	-25,0	0,0
b. 1.90 Ýmis framlög	13,8	18,9	32,7
c. 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	55,3	-28,9	26,4
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*825,1*	*-10,0*	*815,1*
e. *Innheimt af ríkistekjum*	*25,0*	*-25,0*	*0,0*
51. Við **08-401 Hjúkrunarheimili, almennt**			
a. 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	164,5	60,0	224,5
b. Sértekjur	-130,0	-60,0	-190,0
52. Við **08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ**			
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	939,8	31,6	971,4
53. Við **09-402 Fasteignamat ríkisins**			
a. 1.01 Fasteignamat ríkisins	303,5	52,5	356,0
b. 6.02 Landskrá fasteigna	0,0	100,0	100,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*196,6*	*-127,5*	*69,1*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*119,0*	*280,0*	*399,0*
54. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	5.430,0	170,0	5.600,0
55. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	2.700,0	-560,0	2.140,0
56. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.35 Átak í umferðaröryggismálum	50,0	100,0	150,0
b. 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	21,5	7,0	28,5
c. 6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir	0,0	6,0	6,0
57. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	488,5	15,0	503,5
b. 6.01 Tæki og búnaður	25,5	-15,0	10,5
58. Við **10-336 Hafnabótasjóður**			
a. 6.70 Hafnamannvirki	1.124,6	-100,0	1.024,6
b. 6.74 Lendingabætur	5,3	1,0	6,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.138,4*	*-99,0*	*1.039,4*
59. Við **10-471 Rekstur Flugmálastjórnar**			
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	93,7	2,8	96,5
Greitt úr ríkissjóði	*884,6*	*2,8*	*887,4*
60. Við **11-201 Iðntæknistofnun Íslands**			
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	489,6	1,6	491,2
61. Við **11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**			
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	75,0	50,0	125,0

62. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	49,1	-19,5	29,6
Greitt úr ríkissjóði	*144,8*	*-19,5*	*125,3*
63. Við **11-301 Orkustofnun**			
1.01 Almennur rekstur	60,1	2,1	62,2
64. Við **11-371 Orkusjóður**			
1.23 Notendur utan samveitna	2,0	5,0	7,0
65. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
a. 1.18 Hitaveitur á köldum svæðum	5,0	-5,0	0,0
b. 1.22 Vistvænir orkugjafar	0,0	15,8	15,8
66. Við **11-411 Byggðastofnun**			
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	123,2	3,0	126,2
67. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
1.15 Fastanefndir	2,1	5,0	7,1
Greitt úr ríkissjóði	*31,2*	*5,0*	*36,2*
68. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	15,8	6,0	21,8
b. 1.90 Ýmis verkefni	10,5	4,5	15,0
69. Við **14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**			
Sértekjur	-4,8	3,0	-1,8
Greitt úr ríkissjóði	*7,1*	*3,0*	*10,1*
70. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
a. 1.01 Umhverfisstofnun	543,7	21,0	564,7
b. 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	10,0	25,0	35,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*497,7*	*46,0*	*543,7*
71. Við **14-310 Landmælingar Íslands**			
1.01 Landmælingar Íslands	221,5	14,0	235,5
Greitt úr ríkissjóði	*167,1*	*14,0*	*181,1*
72. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.02 Setur í Reykjavík	215,5	5,0	220,5
73. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	7,9	5,0	12,9
b. 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	7,9	5,0	12,9
c. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	7,9	5,0	12,9
d. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	7,9	5,0	12,9
e. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	7,9	5,0	12,9
f. 1.15 Náttúrustofa Sandgerði	7,9	5,0	12,9
g. 1.16 Náttúrustofa Húsavík	7,9	5,0	12,9
74. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almenn starfsemi	502,0	6,0	508,0

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).	
1. Háskólinn á Akureyri, nýbygging	90.000
2. Kennaraháskóli Íslands, lóð o.fl.	45.000
3. Íþróttamiðstöð á Laugarvatni o.fl.	15.000
4. Viðhald, óskipt	20.000
Samtals	**170.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).	
1. Framhaldsskólar í Reykjavík	150.000
2. Menntaskólinn í Reykjavík	50.000
3. Flensborgarskóli	90.000
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10.000
5. Menntaskólinn í Kópavogi	49.000
6. Fjölbrautaskóli Vesturlands	54.000
7. Snæfellsskóli, tæki og búnaður	25.000
8. Verkmenntaskólinn á Akureyri	70.000
9. Framhaldsskólinn á Laugum	30.000
10. Menntaskólinn á Egilsstöðum	23.000
11. Fjölbrautaskóli Suðurlands	81.000
12. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	8.000
13. Menntaskólinn á Laugarvatni	18.000
14. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	74.000
15. Tæki og búnaður, óskipt	10.000
Samtals	**742.000**
3. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	
1. Búvélasafnið í Gröf	1.000
2. Búvélasafn Hvanneyri	1.500
3. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	3.500
4. Kvennasögusafn Íslands	500
5. Langabúð á Djúpavogi, rekstur safna	1.000
6. Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
Samtals	**10.000**
4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).	
1. Eyrbyggja	5.000
2. Húni II	1.000
3. Hvalamiðstöðin á Húsavík, lokaáfangi uppbyggingar	5.000
4. Iðnaðarsafnið á Akureyri, lokafrágangur og rekstur	3.000
5. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	2.000
6. Íþróttasafn, Akranesi	1.000

7.	Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps, flutningur húsnæðis	1.000
8.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, umhverfi safnsins	2.000
9.	Ósvör, Bolungarvík	5.000
10.	Safn bátaflota Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ	2.000
11.	Safnahús Búðardal	5.000
12.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	5.000
13.	Samgöngusafnið í Skógum, áframhaldandi uppbygging	5.000
14.	Sauðfjársetur á Ströndum, kaup á húsnæði	3.000
15.	Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað	2.000
16.	Sjóminjasafnið á Hellissandi	2.000
17.	Sjóminjasafnið í Reykjavík, framkvæmdir við húsnæði o.fl.	5.000
18.	Sögusafnið í Perlunni	5.000
19.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	2.000
	Samtals	**61.000**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Menningarhús á Ísafirði	40.000
2.	Byggðasöfn	24.700
3.	Þjóðskjalasafn Íslands	20.000
4.	Þjóðleikhúsið	10.000
5.	Skriðuklaustur	5.000
6.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**109.700**

6. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
2.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	500
3.	Harmonikkufélag Vestfjarða	300
4.	Íslensk grafík	200
5.	Leifshátíð	500
6.	Leikbrúðuland	1.200
7.	Leikminjasafn Íslands, íslensk leikminjaskrá	1.000
8.	Listasafn Kópavogs	1.000
9.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
10.	Málverkasafn Tryggva Ólafssonar	1.000
11.	Rannsóknarstofa um helgisiðafræði í Skálholti	4.000
12.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	500
13.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.500
14.	Stórsveit Reykjavíkur	500
15.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.000
16.	Tónahátíð í Þjórsárveri	500
17.	Tónleikar í Skaftárhreppi	500
18.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	900
19.	Þjóðlagahátíð á Siglufirði	500
	Samtals	**18.600**

7. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Byggða- og atvinnusaga Súðavíkurhrepps	1.000
2.	Byggðasaga Skagafjarðar	2.000
3.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi	500
4.	Eyrbyggjar – útgáfustarf á menningar- og sögutengdu efni	400
5.	Færeysk orðabók	1.800
6.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	500
7.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	800
8.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa fornbókmennta á erlendum tungumálum	3.000
9.	Önfirðingafélagið í Reykjavík	1.000
10.	Örlygur Hálfdanarson, Úr torfbæjum inn í tækniöld	1.500
	Samtals	**12.500**

8. Norræn samvinna (02-984-1.90).

	Norræna félagið á Íslandi, rekstur og sérverkefni	7.000
	Óskipt	6.000
	Samtals	**13.000**

9. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	2.000
3.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	1.000
	Samtals	**4.000**

10. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Sumarbúðirnar Ástjörn	1.000
2.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	8.000
	Samtals	**9.000**

11. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Fornleifastofnun Íslands	3.000
2.	Frumkvöðlafræðslan ses.	2.000
3.	Holt í Önundarfirði, viðgerðir á húsnæði	1.000
4.	Kirkjubæjarstofa, rannsóknir, gagnaöflun o.fl.	5.000
5.	Kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn	1.000
6.	Klúbbur matreiðslumeistara	1.000
7.	Kópavogsbær, spænsk menningarvika	2.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstrarstyrkur	2.000
9.	Kvenréttindafélag Íslands	600
10.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
11.	Lionsklúbbur Búðardals, minnismerki um Jón Thoroddsen	500
12.	Lýsir, gagnagrunnur um myndlist í íslenskum handritum	1.000
13.	Mats Wibe Lund sf.	2.000
14.	Músík og saga, verkefnið munnleg geymd	1.000

15.	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	2.000
16.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið Hugsað um barn	5.000
17.	Rannsóknir og greining	4.000
18.	SMS – Samskipti með síma	2.000
19.	Snjáfjallasetur	1.000
20.	Sturlustofa í Dölum	600
21.	Surtseyjarfélagið, rannsóknir og starfsemi	700
22.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, tölvusetning á handriti	1.500
23.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
24.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.500
25.	Þjóðbúningaráð	500
	Samtals	**47.100**

12. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaður (02-999-6.90).

1.	Álfhóll, fræðslusýning um þjóðsögur og vættir	2.000
2.	Blátindur VE 21 frá Vestmannaeyjum, endursmíði	3.500
3.	Byggðasafn Garðskaga	4.000
4.	Draugasetrið, Stokkseyri	2.000
5.	Eikarbáturinn Sædís, endursmíði	3.500
6.	Fræðimannaíbúð í Reykjaskóla, Hrútafirði, vinna við endurgerð	2.000
7.	Fuglasafn Sigurgeirs	4.000
8.	Grettisból á Laugarbakka, uppbygging	5.000
9.	Grettislaug	1.000
10.	Heimskautagerði á Raufarhöfn	4.000
11.	Jöklasýning Höfn í Hornafirði, endurnýjun og rekstur	5.000
12.	Kvikmynd um norðurljós	5.000
13.	Landnámssetur Íslands í Borgarnesi	5.000
14.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri	2.000
15.	Listaverk Samúels Jónssonar í Selárdal, viðgerðir	1.000
16.	Manngerðir hellar	2.000
17.	María Júlía BA 36, endursmíði	3.500
18.	Mótorbáturinn Sæljón	500
19.	Nýhöfn á Melrakkasléttu, uppbygging smiðju og veiðihjalls	400
20.	Nýtt handverk á gömlum rótum, sýning í Bryggen, Kaupmannahöfn	5.000
21.	Steinaríki Íslands á Akranesi	3.000
22.	Stúkuhús, Akranesi	3.000
23.	Textílsetur Íslands á Blönduósi	3.000
24.	Tónminjasetur Íslands	2.000
25.	Unglingalandsmót í Mýrdalshreppi	10.000
26.	Útisýningarsvæði að Görðum, Akranesi	1.000
27.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	2.000
28.	Vélbáturinn Ölver, endurbygging	3.000
29.	Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	5.000

30.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	5.000
31.	Ævintýra- og dýragarður á Blönduósi	4.000
	Samtals	**101.400**

13. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Framkvæmdasjóður Skrúðs	2.500
2.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, uppgræðsluverkefni	4.000
3.	Hólaskóli, gæðamat í ferðaþjónustu	3.000
4.	Hólaskóli, Líf í fersku vatni	1.500
5.	Landvernd	4.000
6.	Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna	500
7.	Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar	1.500
8.	Nytjaland	4.000
9.	Rannsóknir á glerál	1.000
10.	Rannsóknir á landslagi undir jökli	3.000
11.	Skógræktarfélagið Skógfell, göngustígur	300
12.	Sláturfélag Austurlands, Austurlamb	500
13.	Töfragarðurinn Stokkseyri	1.000
14.	Vottunarstofan Tún	4.000
15.	Æðarræktarfélag Íslands	300
	Óskipt	8.000
	Samtals	**39.100**

14. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	3.500
2.	Norðurland	16.600
3.	Austurland	9.000
4.	Suðurland	27.000
	Samtals	**56.100**

15. Ýmis verkefni (05-190-1.90).

1.	Kalkþörungavinnsla í Hrútafirði	5.000
2.	Rannsóknarsetur í Sandgerði	1.000
3.	Sjávarsetur í Sandgerði	1.400
	Óskipt	11.200
	Samtals	**18.600**

16. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1.	ADHD-samtökin	1.000
2.	Barnaheill	1.000
3.	Blindrafélagið	8.500
4.	Daufblindrafélag Íslands	700
5.	Félag ábyrgra feðra	400
6.	Félag einstæðra foreldra	1.200

7.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	6.000
8.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
9.	Kvennaráðgjöfin	700
10.	Landsbyggðin lifi	500
11.	Landssamband eldri borgara	1.000
12.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	3.500
13.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
14.	Sjálfsbjörg	4.000
15.	Systkinasmiðjan, námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir	500
16.	Umsjónarfélag einhverfra	600
17.	Vernd	1.000
18.	Vímulaus æska	5.000
19.	Þroskahjálp	5.000
	Óskipt	17.300
	Samtals	**59.100**

17. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	4.000
2.	Regnbogabörn	3.000
3.	Samtökin '78	1.000
	Samtals	**8.000**

18. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	36.400
2.	Heilsugæslustöð á Skagaströnd	25.000
3.	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, endurinnrétting sjúkrahúss	10.000
4.	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, viðbygging	40.000
5.	Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust á Þórshöfn	18.500
6.	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	48.100
7.	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað, endurbygging eldri hluta	79.500
8.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	17.000
9.	Sjúkrahús Suðurlands	92.000
	Samtals	**366.500**

19. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga	2.000
2.	Alnæmissamtökin	1.000
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.500
4.	Beinvernd	500
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	500
6.	Blóðgjafafélag Íslands	500
7.	Elín Ebba Ásmundsdóttir, hlutverkasetur	4.000
8.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
9.	Félag um offitu á Íslandi	500
10.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	500

11.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.000
12.	Gigtarfélag Íslands	2.500
13.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
14.	Heimili og skóli, foreldrasamningur	1.700
15.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
16.	Landssamtök hjartasjúklinga	4.000
17.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.000
18.	Líknarfélagið Skjöldur, 12 spora húsið	1.000
19.	MS-félag Íslands	500
20.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	200
21.	PKU-félagið á Íslandi	200
22.	Samtök lungnasjúklinga	600
23.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.000
24.	Samtök sykursjúkra	1.000
25.	Samtök um sárameðferð	200
26.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	1.000
27.	Tourette-samtökin	400
28.	Umhyggja	1.500
	Samtals	**32.700**

20. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	1.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík	800
3.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	1.000
4.	Samgönguminjasafnið Ystafelli	2.000
5.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stóragerði	4.000
6.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	3.000
	Óskipt	16.700
	Samtals	**28.500**

21. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Drangeyjarfélagið	1.000
2.	Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhólasveitar	1.000
3.	Hverafjallafélagið	1.000
4.	Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, átaksverkefni í ferðaþjónustu og atvinnumálum	1.000
5.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	2.500
	Óskipt	12.700
	Samtals	**19.200**

22. Lendingarbætur (10-336-6.74).

1.	Hnúksnes, Dalabyggð	900
2.	Við Galtarvita	100
3.	Höfðaströnd, Grunnavík	400
4.	Aðalvík	400
5.	Reykjarfjörður, Hornströndum	500
6.	Karlshöfn, Gjögri	800
7.	Reykir, Reykjaströnd	1.100
8.	Lagarfljót	1.100
	Óskipt	1.000
	Samtals	**6.300**

23. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

	Fagráð textíliðnaðarins	4.000
	Óskipt	25.600
	Samtals	**29.600**

24. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Blái herinn	1.000
2.	Fuglaathugunarstöð á Höfn	1.000
3.	Sesseljuhús, umhverfissetur	5.000
	Óskipt	8.000
	Samtals	**15.000**

422. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, ArnbS, BJJ, BÁ).

Eftirfarandi breyting verður á sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**):
Liður **42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna** orðist svo:

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	2.400,0
Fjármagnsgjöld	2.700,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	820,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.120,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.050,0
Aðrar rekstrartekjur	17,0
Önnur rekstrargjöld	318,0
Hagnaður (-tap)	**2.629,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	2.629,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-200,0
Handbært fé frá rekstri	**2.429,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	7.040,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.600,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	60,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-3.500,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.700,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.400,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.300,0**
Breyting á handbæru fé	**229,0**
Handbært fé í ársbyrjun	580,0
Handbært fé í árslok	809,0

423. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, ArnbS, BJJ, BÁ).

Við 2. tölul. 5. gr.
a. Í stað „allt að 4.740 m.kr.“ í inngangsmálslið komi: allt að 4.890 m.kr.
b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 150 m.kr.

424. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, ArnbS, BJJ, BÁ).

1. Við 6. gr. Nýr liður:
2.28 Að selja húsnæði sýslumannsembættisins á Hvolsvelli og ráðstafa andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði.
2. Við 6. gr. Nýr liður:
3.25 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Mánabraut 20, Akranesi.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
4.60 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.61 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.62 Að selja hluta af jörðinni Hólsseli, Öxarfjarðarhreppi.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
6.24 Að kaupa viðbótarhúsnæði að Grensásvegi 12, Reykjavík.
6.25 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
6.26 Að nýta kauprétt á reiðkennsluhúsnæði að Hólum í Hjaltadal þegar fé hefur verið veitt til þess á Alþingi.
5. Við 6. gr. Nýr liður:
7.11 Að heimila Þjóðminjasafni Íslands að taka við Loftskeytastöðinni við Suðurgötu að gjöf frá Landssíma Íslands.

425. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, ArnbS, BJJ, BÁ).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
		m.kr.	m.kr.
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	66.700,0	64.032,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.200,0	1.200,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	7.800,0	7.737,3
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**75.700,0**	**72.969,3**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	13.500,0	11.340,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	500,0	495,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	920,0	904,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.420,0**	**1.399,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**90.620,0**	**85.708,3**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	210,6	210,6
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	27.881,4	27.044,9
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.631,8	3.559,2
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**31.723,8**	**30.814,7**
	Tryggingagjöld	**31.723,8**	**30.814,7**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**	m.kr.	m.kr.
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	223,4	223,4
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	2.250,0	2.250,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	1.480,0	1.480,0
	Skattar á hreina eign	**3.730,0**	**3.730,0**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	500,0	500,0
4.4.1	Stimpilgjöld	4.600,0	4.600,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	420,0	420,0
	Eignarskattar	**9.250,0**	**9.250,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	101.400,0	99.672,0
5.1.2.1	Vörugjöld	1.872,0	1.872,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.248,8	2.226,1
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	770,1	770,1
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	5.587,0	5.587,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.039,6	2.039,6
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	6.288,8	6.288,8
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	34,0	34,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	481,0	481,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	7.401,9	7.305,5
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.694,0	3.694,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.706,6	2.706,6
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	3.269,1	3.212,5
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.790,5	1.790,5
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,6	2,6
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**139.586,0**	**137.682,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	3.341,9	3.341,9
5.2.1.5.5	Þungaskattur	3.323,0	3.323,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	103,5	103,5
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	106,0	106,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	575,7	574,6
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	1.000,0	700,0
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	228,1	228,1
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	405,7	405,7
5.2.2.35	Ýmislegt	17,1	17,1
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.101,0**	**8.799,9**
	Skattar á vörur og þjónustu	**148.687,0**	**146.482,2**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	214,3	214,3
6.1.15	Markaðsgjald	279,4	279,4
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	60,0	60,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**553,7**	**553,7**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
		m.kr.	m.kr.
6.2.1	Sektir á skatttekjur	98,9	24,2
	Aðrir skattar	**652,6**	**577,9**
	Skatttekjur, samtals	**281.156,8**	**273.056,5**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	230,0	230,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	3.227,0	3.227,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**3.457,0**	**3.457,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	8.600,0	4.214,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.220,0	3.412,6
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	590,0	590,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	42,0	42,0
	Aðrar eignatekjur	**12.452,0**	**8.258,6**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**15.909,0**	**11.715,6**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	546,1	546,1
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	242,7	242,7
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.516,0	2.516,0
9.1.3.5	Skólagjöld	652,9	652,9
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
		m.kr.	m.kr.
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	595,4	595,4
9.1.3.20	Prófgjöld	19,2	19,2
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	104,5	104,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.193,1	1.193,1
9.1.3.35	Ýmislegt	347,5	347,5
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	411,0	411,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	30,6	30,6
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**6.759,0**	**6.759,0**
	Ýmsar tekjur	**6.759,0**	**6.759,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	411,3	382,1
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	216,1	143,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**662,4**	**560,1**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	298,8	298,8
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	50,0	50,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**348,8**	**348,8**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**23.679,2**	**19.383,5**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	40,0	40,0
	Sala eigna, samtals	**540,0**	**540,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	95,0	95,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	276,0	276,0
	Rekstrarframlög	**371,0**	**371,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	215,0	215,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	420,0	420,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.006,0**	**1.006,0**
	Fjárframlög, samtals	**1.006,0**	**1.006,0**
	Heildartekjur samtals:	**306.382,0**	**293.986,0**

426. Svar [313. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um meðafla í flotvörpu.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér með svar stofnunarinnar.

1. *Hver er meðafli sem mælst hefur í afla kolmunna-, síldveiði- og loðnuskipa, greint eftir veiðitegundum uppsjávarafla og tegundum meðafla? Óskað er eftir að svör miðist við tímabilið frá síðustu áramótum svo langt sem gögn leyfa.*

Fiskistofa hóf vorið 2003 skipulegar mælingar á meðafla við flotvörpuveiðar uppsjávartegunda. Áherslan hefur fyrst og fremst beinst að mælingu meðafla við kolmunnaveiðar þar sem hætta á meðafla er metin mest, sbr. þó svar við 5. lið. Niðurstöður mælinga árið 2003 koma fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, fjölrit nr. 103. Ekki eru tiltækar sambærilegar upplýsingar um mælingarnar í ár en stutt samantekt var gerð á fyrirliggjandi gögnum. Helstu niðurstöður samantektar um mældan og metinn meðafla við kolmunnaveiðar árið 2004 og samanburður við árið 2003 koma fram í eftirfarandi töflu:

Brottkast í kolmunnaveiðum íslenskra skipa 2003 og 2004 (bráðabirgðatölur).

	Hlutfall meðafla (%)	Meðalfj. fiska/sýni	Uppreiknað brottkast (tonn)
Ufsi 2003	0,32	0,64	1.605
Ufsi 2004*	0,56	1,1	2.094
Þorskur 2003	0,03	0,05	156
Þorskur 2004*	0,45	0,9	1.686

* Miðað við veiðarnar mars – október.

2. *Hvernig skiptist þessi meðafli á milli veiðisvæða og tímabila?*

Ekki eru tiltækar upplýsingar um skiptingu meðafla milli veiðisvæða og tímabila það sem af er árinu 2004. Sambærileg skýrsla um mælingar á meðafla við kolmunnaveiðar árið 2004 og fyrrnefnt fjölrit nr. 103 er væntanleg snemma á næsta ári.

3. *Hversu mikið af meðaflanum hefur verið reiknað til aflamarks hjá viðkomandi skipum?*

Eftirfarandi tafla sýnir óverulegan meðafla í síldar- og kolmunnavörpu sem reiknaðist til aflamarks síðustu fimm fiskveiðiár. Þessi heildarafli var að mestu leyti nýttur af einu vinnsluskipi. Enginn meðafli í loðnuvörpu var reiknaður til aflamarks á þessum tíma.

Meðafli aflamarkstegunda í síldar- og kolmunnavörpu fiskveiðiárin 2000/2001 – 2004/2005, magn í kg upp úr sjó (óslægt).

Kvótategund	2001	2002	2003	2004	2005	Samtals
Þorskur	18	0	680		9.918	15.306
Ýsa	504		385		2.958	5.081
Ufsi			810		669	7.623
Karfi		300	195	25.685		29.173
Keila			270			270
Steinbítur	6					25
Samtals	**528**	**300**	**2.340**	**25.685**	**13.545**	**57.478**

4. *Hversu oft hefur komið til svæðalokana vegna meðafla uppsjávarveiðiskipa og þá hvar og hvenær?*

Svæðalokanir hafa verið þessar: Ein skyndilokun vegna meðafla í kolmunnatroll (nr. 34), út undir miðlínu milli Íslands og Færeyja, tók gildi 23. júlí og stóð í viku.

Í gildi er reglugerð nr. 576/2004, um togveiðar á kolmunna 2004, þar sem veiðisvæðið er skilgreint (frá Vestmannaeyjum austur með og síðan norður með Austurlandi, að mestu utan landgrunnskantsins).

Í gildi er reglugerð nr. 794/2004, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka (svæði úti fyrir Suðausturlandi).

Í gildi er reglugerð nr. 830/2002, um síldveiðar í vörpu, með síðari breytingum, þar sem allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar innan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu. Enn fremur eru allar síldveiðar með vörpu bannaðar á svæðum þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar með reglugerðum eða skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju. Undanskilin eru þrjú svæði: fyrir Vestfjörðum, á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa og austan við Hvalbak, en á þessum svæðum er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á svokölluðum skiljusvæðum, þó einungis utan 12 sjómílna.

5. *Hve oft hefur Fiskistofa gert sérstaka athugun á þessum meðafla?*

Eins og rakið er í svari við 1. lið er í gangi sérstakt verkefni (annað árið í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina) þar sem farið er í gegnum meðafla kolmunnaskipa með skipulögðum hætti, tekin sýni og þau tegundagreind, lengdarmæld og vegin.

Að auki hafa eftirlitsmenn farið í ellefu veiðiferðir í 75 daga með skipum sem veiða með kolmunnaflotvörpu (skyndilokun nr. 34 kom til í einni af þessum veiðiferðum) og í eina veiðiferð í sjö daga með skipi sem veiðir með síldarflotvörpu.

6. *Hafa stjórnvöld gripið til annarra aðgerða til að reyna að draga úr meðaflanum?*

Sjávarútvegsráðuneytið samþykkti tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um viðmiðunarmörk vegna meðafla af botnfiski við kolmunnaveiðar með flotvörpu (júlí 2004). Gerðar hafa verið tilraunir með skilju til að minnka meðaflann.

427. Svar [276. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Bjarkeyjar Gunnarsdóttur um tilraunarekstur almenningssamgangna í Eyjafirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra koma til greina að fela Byggðastofnun að gera tilraun með rekstur almenningssamgöngukerfis sem tengi saman Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri, Kristnes og Grenivík?

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 73/2001 fer samgönguráðuneytið með málefni almenningssamgangna. Af þessum sökum hefur ráðuneytið umsjón með ýmsum samgönguleiðum þar sem ekki er mögulegt út frá viðskiptalegum forsendum að halda uppi almenningssamgöngum. Má þar nefna flug til Bíldudals, Gjögurs og Grímseyjar. Jafnframt hefur ráðuneytið umsjón með ferjuleiðum, t.d. í Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og til Vestmannaeyja. Þá hefur það umsjón

með nokkrum leiðum áætlunarbifreiða. Ekki munu þó vera dæmi um að samgönguráðuneytið hafi umsjón með almenningssamgöngum innan sveitarfélags. Við framkvæmd stuðningsaðgerða á þessu sviði er stuðst við reglur EES-samningsins. Í því felst m.a. að verkefni sem ná tiltekinni krónutölu þarf að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á vegum samgönguráðuneytisins er starfandi nefnd sem falið var að móta stefnu um málefni almenningssamgangna hér á landi til næstu framtíðar. Nefndinni er ætlað að líta á almenningssamgöngur út frá heildarhagsmunum, þ.m.t. notendahagsmunum. Henni er ætlað að finna þau sérstöku vandamál sem nauðsynlegt er að leysa og koma með tillögur til úrbóta. Nefndinni er einnig ætlað koma með tillögu að heildarstefnumótun undir því meginmarkmiði að auka hagkvæmni og skilvirkni almenningssamgangna á landi.

Af framangreindu er ljóst að Byggðastofnun kemur ekki til með að eiga þátt í rekstri almenningssamgangnakerfis þar sem slíkur rekstur er alfarið á ábyrgð samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar í umboði þess. Aðkoma Byggðastofnunar að slíku verkefni gæti hins vegar verið með almennum hætti.

428. Tillaga til þingsályktunar [365. mál]

um átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að hefja skuli stórátak til uppbyggingar á grunnstoðum sjálfbærrar ferðaþjónustu í Norðvesturkjördæmi og verja til þess umtalsverðu fjármagni ár hvert næstu fimm árin. Samgönguráðuneyti skal skipa fimm manna faghóp sem beri ábyrgð á framgangi átaksins og úthlutunum styrkja til verkefna undir merkjum átaksins. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), einn af Fjórðungssambandi Vestfjarða (FSV), einn af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), einn af ferðamálabraut Hólaskóla og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Greinargerð.

Ferðaþjónustan er sá atvinnuvegur landsmanna sem nú vex hvað hraðast og skilar mestri aukningu gjaldeyristekna til þjóðarbúsins ár hvert. Frá árinu 1990 til 2002 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 96 af hundraði. Fjölgunin milli ára 2002–2003 var 14,2% og sú sama fyrstu tíu mánuði ársins 2004. Nú er búist við að fjöldi erlendra ferðamanna þrefaldist á næstu 10 árum.

Enginn vafi leikur á því að ef ferðaþjónustan á að geta brugðist við svo mikilli fjölgun erlendra gesta á svo skömmum tíma verður að dreifa ferðamannastraumnum um landið í mun meiri mæli en nú gerist. Það kallar á víðtæka uppbyggingu, aukna afþreyingarmöguleika og öflugra markaðssetningarstarf í öðrum landshlutum en þeim sem hingað til hafa státað af fjölsóttustu áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Þau landsvæði sem eru til umfjöllunar í þessari tillögu hafa samanlagt einungis 10,4% markaðshlutdeild þegar litið er til heildarfjölda skráðra gistinátta á árinu 2003 og aðeins 7,4% ef litið er til erlendra ferðamanna eingöngu. Það gefur því auga leið að álagið á byggðir Norðvesturkjördæmis er lítið í þessu tilliti og mælir það mjög með því að ráðist verði í aðgerðir þannig að þessi hluti landsins geti með góðu móti tekið við umtalsverðum hluta ferðamannastraumsins á komandi árum.

Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dalir, Snæfellsnes og Borgarfjörður hafa upp á mikla möguleika að bjóða í þjónustu við ferðamenn. Margir þeirra hafa lítið sem ekkert verið nýttir þótt annars staðar sé uppbyggingin lengra á veg komin. Svæðið státar af fjölbreyttri náttúru og lífríki sem laðar nú þegar til sín ferðafólk í vaxandi mæli. Jafnframt er þar að finna fjölmarga merka sögustaði og menningarlandslag sem ekki á sína líka í öðrum landshlutum. Til þess að þessar auðlindir geti nýst svæðinu sem best á sjálfbæran hátt er nauðsynlegt að gera samræmda úttekt á möguleikunum. Skilgreina þarf gildi og aðdráttarafl einstakra sögustaða eða náttúruvætta og þolmörk þeirra til að taka á móti gestum, búa þá staði út og markaðssetja á samræmdan, fyrir fram ákveðinn hátt. Lenging ferðamannatímans er sérstakt átaksverkefni á þessu svæði.

Mikil vinna hefur þegar verið unnin af samtökum og einstaklingum á svæðinu þannig að hægt er að ráðast í aðgerðir þegar á næsta ári ef ákvörðun er tekin um það. Ferðaþjónusta á dreifbýlum svæðum eins og Norðvesturlandi byggist á mörgum en smáum einingum, oft hlutastörfum eða sem árstíðabundin viðfangsefni. Ekki er því hægt að ætlast til að einstaklingar eða lítil fyrirtæki geti lagt fram fjármagn til slíks grunnstarfs sem er þó forsenda fyrir heildina til að byggja upp atvinnuveginn. Má minna á að grónir atvinnuvegir eins og sjávarútvegur og landbúnaður búa að gríðarlegum höfuðstól í markaðsstarfi, vöruþróun, rannsóknum og annarri stoðþjónustu sem samfélagið í heild hefur byggt upp með þessum atvinnugreinum. Sama má segja um ýmsar iðngreinar, svo sem stóriðju, þar sem miklir fjármunir hafa verið lagðir til af hálfu hins opinbera og fyrirtækja í eigu þess til að byggja upp þann atvinnuveg.

Ýmsir hlutar Norðvesturkjördæmis standa höllum fæti í hinum hefðbundnu atvinnugreinum og er ekki séð að þangað verði sótt veruleg aukning tækifæra. Hins vegar er ljóst að ferðaþjónustan á mikla ónýtta möguleika á svæðinu. Efling hennar er því nærtækasta úrræðið til að auka staðbundna fjölbreytni í atvinnulífi sem og svæðisins í heild. Í þessu sambandi má vitna til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, *Flug og ferðaþjónusta á Íslandi:. Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli*, en þar segir: „Ferðaþjónustan skapar aukna fjölbreytni í bæði afþreyingu og atvinnulífi fyrir þjóðina sjálfa, sér í lagi á landsbyggðinni. ... Um leið og ferðamönnum fjölgar skapast aukið svigrúm að þessu leyti og verslunar- og þjónustufyrirtæki spretta upp sem þjóna heimamönnum en ættu samt ekki tilverugrundvöll ef ferðamenn væru ekki til staðar. Þessi áhrif ferðamennskunnar hafa byggst upp á undanförnum árum og eru mjög auðsjáanleg um leið og komið er út fyrir Reykjavík, með veitingastöðum, kaffihúsum, söfnum og ýmsum afþreyingarfyrirtækjum sem hafa auðgað mannlífið með ýmsum hætti jafnframt því að skapa fjölbreytni í atvinnulífi. Ferðaþjónustan er í þessu tilliti mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina vegna þess að hún byggir á notkun staðbundinna aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, svo sem náttúrufegurð. Búseta á landsbyggðinni var upphaflega grundvölluð á einhverju hagræði í nýtingu staðbundinna framleiðsluhátta."

Vægi þessara staðbundnu framleiðsluhátta, svo sem fengsælla fiskimiða og blómlegra landbúnaðarhéraða, hefur minnkað allmikið í seinni tíð samfara aukinni vélvæðingu og bættum samgöngum. Framtíð margra þéttbýliskjarna sem byggðust upp í kringum landbúnað og sjávarútveg á sínum tíma veltur á því að þeir nái að nýta og varðveita sérstöðu af einhverju tagi. Um þetta segir í fyrrnefndri skýrslu: „Lausnirnar hljóta að felast í því að styrkja hlutfallsyfirburði viðkomandi staða með aðgerðum sem hvorki fela í sér nauðung eða óhagkvæmni. Þetta er hægt að gera með því að auðvelda stöðunum að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluþætti og styðja við sérhæfingu. Ferðaþjónusta er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufegurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður að telja til mjög

mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð víða um landið. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr mun hefðbundin vinnsla og atvinnulíf í tengslum við landbúnað og sjávarútveg ekki nægja ein og sér til þess að fólki fjölgi aftur á landsbyggðinni.“

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að það gæti verið „verjandi fyrir hagkvæmnissakir að stjórnvöld niðurgreiddu ferðamannastraum til landsins utan háannar þegar fjárfestingar í greininni eru vannýttar. Og þá einkum til að beina ferðamannastraumnum frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Ef það heppnaðist væri jafnað álagið á innviðum landsins og búsetuskilyrði á landsbyggðinni bætt með hagkvæmum hætti.“

Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið sem rakið hefur verið hér að framan. Þessari tillögu er ætlað að taka á því máli af alvöru.

Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands 1971–2004.



Heimild: Útlendingaeftirlitið og Kynnisferðir hf.

Tafla 1. Markaðshlutdeild einstakra landshluta í gistinóttum á Íslandi 2003.

Landshluti	Íslendingar	Útlendingar	Alls
Höfuðborg	22,6%	59,7%	51,6%
Suðurnes	4,4%	2,6%	3,0%
Vesturland	9,7%	4,5%	5,7%
Vestfirðir	6,5%	1,1%	2,3%
Norðurland vestra	4,3%	1,8%	2,4%
Norðurland eystra	18,3%	10,1%	11,9%
Austurland	10,7%	8,1%	8,7%
Suðurland	23,4%	12,0%	14,5%

Tafla 2. Hlutfall útlendinga af gistinóttum 1998–2003.

Landshluti	1998	2003	Breyting
Landið	71,90%	78,20%	6,30%
Höfuðborg	83,40%	90,40%	7,00%
Suðurnes	70,40%	67,90%	–2,50%
Vesturland	57,00%	62,60%	5,60%
Vestfirðir	26,40%	37,40%	11,00%
Norðurland vestra	53,30%	60,50%	7,10%
Norðurland eystra	61,80%	66,40%	4,60%
Austurland	61,20%	73,10%	12,00%
Suðurland	57,60%	64,80%	7,10%

Tafla 3. Tekjur af erlendum ferðamönnum 1985–2003 í millj. kr.

Ár	Tekjur alls	Neysla innan lands	Fargjalda-tekjur
1985	3.101		
1986	4.122		
1987	5.379		
1988	7.370		
1989	9.373		
1990	13.572	8.806	4.766
1991	14.157	8.684	5.473
1992	13.362	8.124	5.238
1993	15.747	9.764	5.983
1994	17.804	10.595	7.209
1995	19.915	12.004	7.911
1996	20.755	11.722	9.033
1997	22.006	12.021	9.985
1998	26.336	14.633	11.703
1999	27.498	16.070	11.428
2000	30.459	17.967	12.492
2001	37.720	22.881	14.839
2002	37.137	22.835	14.302
2003	37.305	24.531	12.774

Heimild: Samtök ferðaþjónustunnar.

Fylgiskjal.

Ályktun aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi um ferðamál í Norðvesturkjördæmi.
(30. október 2004.)

Aðalfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi leggur til að hafin verði stórsókn í uppbyggingu á kjördæminu sem sérstöku ferðaþjónustusvæði. Gerð verði sérstök átaksáætlun til næstu 5 ára sem hafi það að markmiði að treysta grunnstoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu. Þingið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita til þessa verkefnis a.m.k. 1 milljarði króna árlega næstu fimm árin.

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem vex nú hvað hraðast og skilar mestri árlegri aukningu í nettó gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins. Ferðaþjónustan er nú orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og skilar 40–50 milljörðum króna í gjaldeyristekjur á ári.

Gert er ráð fyrir þreföldun ferðamanna til landsins á næstu 10 árum. Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dali, Snæfellsnes og Borgarfjörð eru auðug af náttúruperlum, sögu og menningararfi. Þessa fjölbreyttu kosti má nýta enn betur á sjálfbæran hátt til eflingar þessari atvinnugrein. Þar má nefna Jökulvötnin í Skagafirði með heimsfrægum fljótasiglingum, jöklaferðir, gjöfular veiðiár, eyjar og lífríki Breiðafjarðar, ægifegurð Vestfjarða, Þjóðgarður á Snæfellsnesi svo nokkuð sé nefnt. Hér er vagga sagnaritunar og sögusvið Íslendingasagna.

Styrking ferðaþjónustunnar er eitt nærtækasta verkefnið til að auka fjölbreytta atvinnu á svæðinu sem heild. Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið, en þar vantar fjármagn sem eðlilegt er að hið opinbera leggi til. Fyrir einn milljarð á ári í fimm ár má lyfta Grettistaki í atvinnumálum þeirra landshluta sem mynda kjördæmið.

429. Frumvarp til laga [366. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2004“ í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum kemur: 30. júní 2005.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar, sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, verði framlengd til 30. júní 2005. Það er gert með hliðsjón af því að enn eru tilraunir með aðra orkugjafa en þá sem unnir eru úr olíu skammt á veg komnar. Því er

eðlilegt að veita þeim sem stunda slíkar rannsóknir áfram undanþágu frá greiðslu þungaskatts af ökutækjum sem knúin eru með öðrum orkugjöfum en þeim sem unnir eru úr olíu. Undan þáguheimildinni er ætlað að gilda fram til 30. júní 2005 en þann 1. júlí 2005 taka gildi ný lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004, sem leiða til þess að lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, falla úr gildi. Undanþágan gildir um innlendan orkugjafa sem og orkugjafa framleiddan erlendis þar sem nauðsynlegt kann að vera í tilraunaskyni að nýta orkugjafa sem framleiddur er erlendis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að bifreiðar sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu verði undanþegnar greiðslu þungaskatts til 30. júní 2005. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum fellur undanþágan niður 31. desember 2004 en hér er lagt til að hún verði framlengd þar til lagaákvæði um þungaskatt falla úr gildi. Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það að lögum.

430. Svar [134. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um styrki úr starfsmenntasjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir hafa fengið styrki úr starfsmenntasjóði og til hvaða verkefna frá því að lög nr. 140/1996 tóku gildi?

Eftirfarandi eru yfirlit yfir styrki úr starfsmenntasjóði þar sem fram kemur hverjir fengu styrkina, til hvaða verkefna og fjárhæð styrkja. Frekari upplýsingar er unnt að finna á vefsíðu Starfsmenntaráðs, www.starfsmenntarad.is.

Allar úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 2004.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
88 Húsið, menningarmiðstöð ungs fólks	Frumkvöðlanámskeið	500.000
Alvís ehf.	Kite-skóli	800.000
Atvinnumálaráð Bolungarvíkur	Þekkingarsamfélagið Bolungarvík	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Nature based tourism	1.250.000
Á sextán skóm ehf.	Markaðsfræði ferðaþjónustu, vinnsla kennsluefnis	250.000
Áskorun ehf.	Sólstafir – ferðalög og náttúran sem þroskaferli	2.000.000
Bandalag íslenskra farfugla	Innleiðing umhverfiskerfis í starfsemi farfugla-heimila	700.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Barnavistun, félag dagforeldra í heimahúsum	Námsbraut fyrir dagforeldra	500.000
Bláa lónið, baðhús	Menningartengd ferðaþjónusta	500.000
Draumasetrið Skuggsjá	Draumar á ferð um landið	400.000
Efling	Námsbraut í fagræstingum	2.500.000
Ferðafélagið Útivist	Fræðsla fararstjóra Útivistar	850.000
Fjölmenningarsetur	Túlkun tilveru í nýju landi	750.000
Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra	Hagnýt starfsmenntun	1.000.000
Fjölsmiðjan	Námsleiðir fyrir ungt atvinnulaust fólk	775.000
Flugleiðahótel hf.	Samskipta- og þjónustunámskeið	450.000
Fræðslumiðstöð bílgreina hf.	Lífræn leysiefni	600.000
Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins	Vökvatækni	1.000.000
Fræðslunet Austurlands	MarkHorn	250.000
Fræðslunet Austurlands	Endurgerð námsefnis: Leiðsögn við hreindýraveiðar	200.000
Fræðslunet Austurlands	Svæðisleiðsögunám	500.000
Fræðslunet Suðurlands	Átthagafræði – ferðaþjónustutækifæri í nágrenninu	500.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	Starfsnám í matreiðslu- og ferðaþjónustugreinum	2.500.000
Hagfélagið ehf.	Frumkvöðlastuðningur	500.000
Iðnmennt ses.	Gagnagrunnur fyrir námsefni á rafrænu formi	1.000.000
Iðntæknistofnun	Umsjónarmenn fasteigna	1.000.000
Iðntæknistofnun	Starfsnám fyrir landverði	600.000
Iðntæknistofnun	Lager- og vörustjórnun	1.500.000
Íslenskir fjallaleiðsögumenn ehf.	Námskeið fyrir jöklaleiðsögumenn	500.000
Kennaraháskóli Íslands	Viðbótarstyrkur, flokkun starfslýsinga	100.000
Lifandi landbúnaður	Magnaðir möguleikar (Ný atvinnutækifæri til sveita)	650.000
Mennt	Kynningarátak vegna Viku símenntunar	3.000.000
Menntafélag byggingariðnaðarins ehf.	Nám fyrir „byggingarliða“	900.000
Menntafélag byggingariðnaðarins ehf.	Störf í byggingariðnaði – þarfagreining	600.000
Menntafélagið ehf.	Fjarnám í rekstri og stjórnun	2.000.000
Menntafélagið ehf.	Dreifnám til 3. stigs vélstjórnar	1.350.000
Menntaskólinn á Ísafirði	Nýbúanám á almennri braut	850.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Iðnmenntun – til framtíðar	750.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Staðbundið leiðsögunám á Reykjanesi	1.000.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Umhverfisvæn ferðaþjónusta	700.000
Mímir – símenntun	Bættu um betur	2.500.000
Mímir – símenntun	Ungir landnemar	1.500.000
Mímir – símenntun	Umhverfi, upplifun og mannauður	1.500.000
Mímir – símenntun	Fyrirtækjarekstur í ferðaþjónustu	1.500.000
Nýsköpunarstofa Vestmannaeyja	Aukin ánægja ferðamanna með gæðalíkani þjónustu	500.000
Rafiðnaðarskólinn ehf.	Starfsumhverfi boðskiptakerfa	2.000.000
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	BITEMA (Bilingual Teaching Material for the Deaf)	400.000
Samtök verslunar og þjónustu	Námsbraut fyrir verslunarfólk	2.500.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Samvinna og samkeppni = árangur	500.000
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Nýtt tækifæri til náms skólaliða í grunn- og leikskólum og dagmæður	500.000
Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra	Námstengt námskeið fyrir ungt fólk	700.000
Svæðisvinnumiðlun Suðurlands	Kynning á iðnaðar- og tæknigreinum	1.000.000
Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða	Harðfiskur – lýðskóli unga fólksins	1.250.000
Tækniháskóli Íslands	Þróun fjarnáms á tæknisviði	2.000.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands	Gæðaþjónusta á upplýsingamiðstöðvum	500.000
Vinnumálastofnun	Verkfæramappa ráðgjafans	1.000.000
Vinnustaðir Öryrkjabandalagsins, Örtækni	Supernova námskeið	1.000.000
Ævintýraferðir Skagafirði	Þjálfun leiðsögumanna við siglingar á vötnum og ám	1.600.000
47 aðilar	**58 verkefni**	**58.725.000**

Allar úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 2003.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Aldan-stéttarfélag	Sarpurinn	650.000
Efling / Samstarfshópur um námsbraut í fagræstingum	„Námsbraut í fagræstingum“	2.000.000
Félagsþjónustan í Reykjavík	Félagsliðanám fyrir starfsfólk í heimaþjónustu og umönnun	500.000
Fjölmenningarsetur	Námsefnisgerð fyrir samfélagstúlkun	500.000
Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra	Markviss ráðgjöf	1.500.000
Fosshótel ehf.	Þjálfun hótel- og veitingastarfsmanna	1.000.000
Fræðslunet Austurlands	Undirbúningur framhaldsnámskeiðs í íslensku fyrir útlendinga	300.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	Starfsnám í matvæla- og veitingagreinum og dreifm.	2.000.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	Afgreiðsla í bakaríum	500.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Hreint loft á Akureyri	500.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Kjarni (málm- og véltæknikjarni)	2.500.000
Fræðslusetrið UniCom ehf.	Meiri menntun, meiri máttur	1.700.000
Hagfræðistofnun HÍ	Menntareikningar	1.000.000
Hrafnhildur Hreinsdóttir	Rannsókn á nýtingu vefnáms	1.000.000
Junior Achievement á Íslandi	Leiðbeinendasmiðja	500.000
Kennaraháskóli Íslands	Flokkun starfslýsinga skv. áhugakerfi Hollands	900.000
Kvikmyndaskóli Íslands	Kvikmyndagerð	2.500.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Heimasíðutengt fjarnám um lífrænan landbúnað	800.000
Landssími Íslands hf.	Fjarskiptatækni f. þá sem ekki eru tæknimenn	1.400.000
Landssími Íslands, starfsþróunardeild	Fjarfundabúnaður vefnámskeið	1.000.000
Meistarafélag í hárgreiðslu	Endurmenntun meistara í hársnyrtiiðn	1.000.000
Mennt	Kynningarátak vegna Viku símenntunar	3.000.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Sérhæfð störf í bygginga- og mannvirkjaiðnaði	2.500.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Skrifstofubraut fyrir fullorðna (kvöldnám)	1.000.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Félagsliðabraut	500.000
Mentor ehf.	Vertu þú sjálfur. En hver ertu?	1.700.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Reykjanesskaginn	1.000.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Meðferð ferskra matvara í verslunum	500.000
Mímir – símenntun ehf.	„Aftur í nám“	1.200.000
Mímir – símenntun ehf.	Námsráðgjöf á vinnustaðnum	2.000.000
Mímir – símenntun ehf.	Fiskur og ferðaþjónusta	2.500.000
Nema ehf.	Veganesti / NemaCode	1.500.000
Prenttæknistofnun	Réttindanám í bókbandi fyrir ófaglærða	2.000.000
Rafiðnaðarskólinn	Stýritæknir	3.000.000
Ráðtak sf.	Fagmenntun meindýraeyða	300.000
Samband íslenskra bankamanna	Hagnýtt fjármálagreinanám í fjarnámi	1.200.000
Samkaup hf.	Hvatning og sjálfsstyrking	570.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Samtök ferðaþjónustunnar	Fræðsluefni um neyðarrým. gisti- og veitingastaða	1.000.000
Samtök um vinnu- og verkþjálfun	Uppbygging starfsmenntunar fatlaðra	1.000.000
Samtök um vinnu- og verkþjálfun	Námskeið verkstjóra á venduðum vinnustöðum	750.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Fjölvirkjar	500.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	„Fagleg þjónusta“	500.000
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Menntasmiðja unga fólksins á Akranesi	1.500.000
Símenntunarstofnun KHÍ	Að spinna í vefinn, námsk f. náms- og starfsrgj.	1.600.000
Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins	Handverk til höfuðs atvinnuleysi	800.000
Ökuskólinn í Mjódd ehf.	Fjarkennsla fyrir verðandi leyfishafa til flutninga	700.000
37 aðilar	**46 verkefni**	**56.570.000**

Allar úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 2002.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
ANZA	Vefnámskeið í uppl.öryggi skv. ISO / IEC 1779	1.500.000
Barnaverndarstofa	Foster pride, þjálfun leiðbeinenda	2.000.000
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri	Námskeið fyrir málmiðnaðarmenn á Akureyri	200.000
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Kennslul. í öldrunarhjúkrun fyrir sjúkraliða, fjarnám	300.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Veisímar	500.000
Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	Kennslufræði fullorðinsfræðslu og þjálfun leiðbeinenda	2.000.000
Fræðslunet Austurlands	Markviss í fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi	300.000
Fræðslunet Austurlands	Þjálfun leiðbeinenda fullorðinsfræðslu	240.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Hreint loft	2.000.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Tilsjónarmenn VSN	1.000.000
Fræðslusetrið Starfsmennt	„Að treysta grunninn“	2.500.000
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	Víðsjá	2.000.000
Hjörleifur Harðarson	Aðgengi fyrir blinda á netinu	200.000
Iðntæknistofnun	Matvæli, leit	500.000
Iðntæknistofnun	Samtal	500.000
Jón Hermannsson	Viltu læra íslensku?	2.000.000
Kennaraháskóli Íslands	Greiningartæki til að kanna færni í upplýsingat.	500.000
Leikskólar Reykjavíkur	Nýliðaþjálfun og námskeið fyrir nýliða	750.000
Meistarafélag í hárgreiðslu	Markviss þjálfun fyrir keppni í hársnyrtiiðn	500.000
MFA	Vinnuálag, kvíði og líkamleg einkenni	1.500.000
MFA	Jarðlagnatækni í fjarfundarbúnaði	3.000.000
Mennt	Rafrænn námsráðgjafi	2.500.000
Mennt	Kynningarátak vegna Viku símenntunar	3.000.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Þarfagreining, handbók	2.000.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Kennsla fullorðinna	750.000
Námsflokkar Hafnarfjarðar – miðstöð símenntunar	Starfsþjálfun leiðbeinenda vinnuskóla	750.000
Nuddskóli Íslands / Félag ísl. nuddara	Kennslubók í svæðanuddi	200.000
Opnar gáttir ehf.	Grunnþættir í gerð vefbundins náms	1.500.000
Prenttæknistofnun	Þjálfun leiðbeinenda í prentiðnaði	1.500.000
PWC	Evrópsk símenntunarrannsókn	500.000
Rafiðnaðarskólinn	Símenntun gegnum samstarf á vefnum	2.500.000
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.	Fræðsla, undirstaða öryggis	500.000
Rannsóknast. Háskólans á Akureyri	Vefbundið sjálfsnám með stuðningi	1.000.000
RTV-menntastofnun ehf.	Þjálfaraþjálfun: Kennslutækni kennara í sí- og endurmenntun	2.500.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	BITEMA (Bilingual Teaching Material for the Deaf)	800.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Fjölvirkjafræðsla	750.000
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Efling samskipta fatlaðra og ófatlaðra á vinnumarkaði	1.000.000
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Kennsluvefur	1.500.000
SVÞ, Samtök verslunar og þjónustu	Námsbraut verslunarstjóra	2.500.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða	Starfsnám fyrir ófaglærða bókaverði	3.000.000
Vátryggingafélag Íslands	Vefbundið námsefni um lögboðnar brunatryggingar	1.500.000
Þróunarstofa Austurlands	Málþing á Reyðarfirði	300.000
37 aðilar	**42 verkefni**	**54.540.000**

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 2001.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Aldan – stéttarfélag	Breytum byggð	450.000
BSRB	Notkun upplýsingatækni meðal BSRB-félaga	3.000.000
Búnaðar- og garðyrkjukennarafélag Íslands (BGÍ)	Símenntun kennara við menntastofnanir landbúnaðarins	580.000
Evrm. námsráðgjafa / Rannsóknarþjónusta HÍ	Vindrós	500.000
Félag fasteignasala, FF	Námskeiðahald	300.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Veisímar, fasi 2 og 3	1.000.000
Fjölmenning ehf.	Námskeið og námsefni í íslensku sem erlent mál fyrir fullorðna	1.000.000
Fræð.málm. / Samt. iðn ./ Fél. járniðn. / Starfsgrs. / Flóab. / Efling	URF: Undirstaða réttilega fundin	3.000.000
Fræðslus. Símennt ehf./Fræðslus. GG	Sértæk símenntun fullorðinna	500.000
Háskóli Íslands, Landskrifst. Leonardó	Ráðstefnan „Nýtt tækifæri“	200.000
Jafnréttisráðgjafi Norðurlands vestra	Sjúkraliðanám í heimabyggð	500.000
Leikskólar Reykjavíkur	Íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn	500.000
Margmiðlunarskólinn	Þjálfun þjálfara	2.000.000
MFA	Nám fyrir stjórnendur starfsmenntunar	2.200.000
MFA	Landnemar	1.700.000
MFA	Vefnámskeið um einelti og áreitni á vinnustöðum	2.000.000
MFA	Enska fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu	2.000.000
MENNT	Gæði og vottun náms	2.000.000
MENNT	Gagnabanki fyrir Upplýsingaveitu um nám	2.000.000
MENNT	Kynningarátak vegna Viku símenntunar	3.000.000
Menntasmiðjan á Akureyri	Sérhæfninámskeið fyrir ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum	700.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	MUS, markviss uppbygging starfsmanna	2.000.000
Nám í námsráðgjöf – félagsvísindadeild HÍ	Fjarnám í náms og starfsráðgjöf	2.000.000
Nýbúamiðstöðin á Vestfjörðum	Vegvísir um íslenskt samfélag	2.500.000
Prenttæknistofnun	Námskeið á netinu	1.000.000
Rafiðnaðarskólinn	Nám fyrir þá sem vilja starfa í síma- og tölvufjarsk.	2.000.000
Samtök ferðaþjónustunnar	Rannsókn á menntunarþörf í ferðaþjónustu	3.000.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, SÍMEY	Góð ráð fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu	360.000
SÍMEY	Viskubrunnurinn	400.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
SÍMEY og RHA-símenntun	Námstorg.is	2.500.000
Skref fyrir skref ehf.	Gæðavottun leiðbeinenda í starfs- og endurmenntun	680.000
SVÞ, Samtök verslunar og þjónustu	ÖrNet	500.000
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi	Lærandi vinnust. – árangursrík stj. starfsmennt.	300.000
Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og Nýbúamiðstöðin á Vestfjörðum	Atvinnuíslenska, íslenska fyrir erlent starfsfólk í fiskvinnslu	800.000
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur	Starfsmannaviðtöl	2.000.000
Vélstjórafélag Ísands – Eftirm. vélstj.	Vélstjórinn – eðli starfsins, réttindi og skyldur	500.000
	36 verkefni	**49.670.000**

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 2000.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Byggðasafn Vestfjarða	Menning og ferðaþjónusta á Vestfjörðum	300.000
Eftirmenntun vélstjóra	Jarðgufuhverflar	400.000
Eftirmenntun vélstjóra	Iðntölvur 4 – Skýringar í kælitækni	300.000
Farskóli Norðurlands vestra, miðstöð símenntunar	Gönguleiðsögn á Norðurlandi vestra	500.000
Ferðamálaskóli Íslands	Ráðstefnu- og fundarskipulagning	400.000
Félag íslenskra fótaaðgerðarfræðinga	Teipun framfótar	100.000
Félag um atferlis- og hugræna meðferð	Hugræn atferlismeðferð	400.000
Félag vinnuvélaeigenda	Mælingar við jarðvinnu	1.000.000
Félagsþjónustan í Reykjavík	Stuðningsfjölskyldur á landsbyggðinni	600.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Upplýsingasamfélagið í Árneshreppi	210.000
Fræðslunefnd um starfsnám fyrir stuðnings- og meðferðarfulltrúa	Stuðnings- og meðferðarfulltrúar á Vesturlandi	800.000
Fræðslunefnd um starfsnám fyrir stuðnings- og meðferðarfulltrúa	Stuðnings- og meðferðarfulltrúar í Reykjavík, á Reykjanesi og Suðurlandi	700.000
Fræðslunet Austurlands	Hreindýr	700.000
Fræðslunet Austurlands	Skrifstofutækninám	500.000
Fræðslunet Suðurlands	Svæðisbundin leiðsögn	300.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Smíðamálmar	100.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Málmsuða	200.000
Fræðlussambandið Símennt	Leiðtogauppbygging	500.000
Íbúar Reykhólahrepps	Siglinganámskeið	250.000
Iðntæknistofnun	Starfsnám fyrir ófaglærða rannsóknarmenn	400.000
Iðntæknistofnun	Starfsnám fyrir hlaðmenn	300.000
Iðntæknistofnun	Umhverfisfulltrúi í smáfyrirtækjum	1.000.000
Landssamband iðverkafólks, Iðntæknistofnun, Efling – stéttarfélag	Þróun starfsmenntunar innan matvælageirans	1.700.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Kæliraftar og varmadælur	300.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Límtréhús – málmgrindahús	300.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Endurmálun steinhúsa	300.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Terrassólögn og slípun	300.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Átak til eflingar starfsmenntunar á landsbyggðinni	500.000
Menntasmiðjan á Akureyri	Stuðnings- og meðferðarfulltrúar á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslu	700.000
Menntasmiðjan á Akureyri	Sérhæfingarnámskeið fyrir ófaglært starfsfólk í ummönnunarstörfum	600.000
Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Kennslubæklingur um grisjun skógar	500.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Fullvinnsla matar	1.000.000
Alþýðusamband Vestfjarða, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Valgreinanámskeið, starfsfólk í umönnun aldraða	1.000.000
Eining – Iðja, Akureyri, Menningar- og færðslusamband alþýðu	Kjarnanámskeið í ræstingum	400.000
Vlf. Fram, Vkf. Aldan, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Kjarnanámskeið fyrir starfsfólk í heimilishjálp	400.000
Verkalýðsfélag Húsavíkur, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Valgreinanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun barna	400.000
Vlf. Stjarnan, Vlf. Stykkishólms, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Kjarnanámskeið fyrir skólaliða	400.000
Vlf.Vaka, Vlf. Fram, Vkf. Aldan, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Námskeið fyirr starfsmenn áhaldahúsa	400.000
Vlf. Þórshafnar, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Námskeið í handverki	300.000
Vlf. Jökull, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Valgreinanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun barna	300.000
Vlf. Jökull, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Námskeið fyrir starfsfólk í verslunum	300.000
Ólafur Arnar Ingólfsson, Ísafirði	Þýðing og útgáfa á námsefni fyrir toghlera	500.000
PricewaterhouseCoopers ehf.	Verkefnisstjórnun	500.000
Rafiðnaðarskólinn	Ný tækni hússtjórnkerfa	3.000.000
Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins	Hollusta og gæða sjávarfangs	500.000
Samstarfshópur um menntun í plastiðnaði	Aukin gæðavitund í plastframleiðslu	1.000.000
Sindraberg ehf.	Þjálfun starfsfólks í sérhæfðri vinnslu	300.000
Skref fyrir skref ehf.	Nýjar leiðir til kennslu fullorðinna	700.000
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi	Námskeið í frágangi og skrifum	63.000
Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða	Skipulagning náms fyrir ófaglærða bókaverði	500.000
Verðbréfaþing Íslands hf.	Nýtt viðskiptakerfi	1.000.000
Vlf. Vaka, Vkv. Aldan, Vmf. Fram og Stéttarfélagið Samstaða	Stuðnings- og meðferðarfulltrúar á Norðurlandi vestra	500.000
Vlf. Stykkishólms og Menningar- og fræðslusamband alþýðu	Ræstinganámskeið	300.000
Vinnustaðir Öryrkjabandalags Íslands, Örtækni	Þjálfunarmódel fyirr notkun á rafeindasjá	750.000
Þjóðminjasafn Íslands	Námskeið í notkun forritsins MapInfo í minjavörslu landsins	250.000
Slökkvilið Reykjavíkur (þróunarverkefni)	Vinnuferlar slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	2.500.000
Menningar- og fræðslusamband alþýðu (þróunarverkefni)	Höfnin þarfnast þekkingar	2.500.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins (þróunarverkefni)	Suða málms	1.200.000
Námsflokkar Reykjavíkur (þróunarverkefni)	Starfsnám fyrir erlent starfsfólk á heilbrigðisstofnunum	1.888.500
Jón Torfi Jónsson, Háskóla Íslands (Rannsóknarverkefni)	Rannsókn á símenntun á Íslandi	1.200.000
		39.211.500

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 1999.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Akureyrarbær Menntasmiðjan	Sérhæfninámskeið fyrir ófaglært starfsfólk í skólum, leikskólum og öldrunarþjónustu	500.000
Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands	Evrópskt samstarf um starfsmenntun	2.000.000
Alþýðusamband Vestfjarða	Kjarnanámskeið og valgreinanámskeið	500.000
Avinnumálanefnd Skaftárhrepps	Stofnun og rekstur smáfyrirtækja	200.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Stofnun og rekstur smáfyrirtækja	200.000
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Stofnun og rekstur smáfyrirtækja	200.000
Álfasteinn ehf.	Sérsniðið tövlunám	150.000
Benóný Ægisson	Ísbrjótur, vefur frumkvæðis og nýsköpunar	200.000
Eftirmenntun vélstjóra	Rafteikningar og lestur þeirra, mælibúnaður og nemar, iðntölvur 3	950.000
Elmar Þórðarson, Friðrik R. Guðmundsson, Ingibjörg Símonardóttir	Efi, þroskapróf	200.000
Eyraeldi ehf.	Sérhæfing starfsfólks til starfa í þróuðu sjávarfiskeldi	200.000
Fagráð textíliðnaðarins	Efnisfræði og vöruþekking ullarinnar	750.000
Ferðamálasamtök Austurlands	Svæðisleiðsögn á Austurlandi	200.000
Félag garðyrkjumanna	Kynning á staðli fyrir skrúðgarðyrkju og ritröð um skrúðgarðabyggingu	250.000
Félag heyrnalausra	Fullorðinsfræðsla	200.000
Félag íslenskra fótaaðgerðarfræðinga	Fætur sykursjúkra 3	150.000
Félag íslenskra gullsmiða	Endurmenntunarnámskeið fyrir gullsmiði	300.000
Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri	Kaup á rafsuðutækjum	400.000
Félag náms- og strarfsráðgjafa	Þýðing á stöðlun á áhugasviðskönnun	250.000
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	Námskeið fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum	1.700.000
Fræðslunefnd starfsmannafél. ríksst., Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Styktarfélag vangefinna	Starfsnám fyrir stuðningsfulltrúa á Akureyri og Austurlandi	2.000.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	Þjónustunámskeið fyrir starfsfólk í geiranum	4.500.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Fræsing, rennismíði, stjórnun og innstilling loftkerfa, hnútum og splæsing	1.800.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins, Midas-net og Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Veisímar, veiðarfæragerð – símenntun – margmiðlun	1.000.000
Fræðslusamband Símennt	Starfsmenntun leiðtoga í skóla, íþrótta- og félagsstarfi	1.000.000
GRR	Námskeið um almennar þroskarannsóknir	500.000
Hallgrímur Guðmundsson	Verkmenntavefur	100.000
Iðntæknistofunun	Starfsnám fyrir rannsóknarmenn og þjóðmenning í ferðaþjónustu	500.000
ÍSAL, ÍJ og Trúnaðarráð vlf. hjá ÍSAL og ÍJ	Þróun starfsnáms/fagnáms til stóriðju	1.500.000
Leiðsöguskólinn	Endurmenntun leiðsögumanna	200.000
Meinatæknafélag Íslands	Sérsniðið námskeið í tölvufræði fyrir meinatækna	100.000
Efling stéttarfélag	Sérhæfninámskeið	3.400.000
Farskóli Norðurlands vestra og samstaða	Kjarnanámskeið fyrir fólk í heimilishjálp	500.000
Verkalýðsfélag Borgarness	Valgreinanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraða	500.000
Verkalýðsfélagið Fram, Seyðisfirði	Valgreinanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraða	500.000

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Verkalýðsfélag Fljótdalshéraðs	Kjarnanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra og sérhæfni vegna aldraðra	1.000.000
Verkalýðsfélagið Víkingur, Vík	Sérhæfninámskeið, starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Verkalýðsfélag Húsavíkur	Kjarnanámskeið, starfsfólk í umönnun aldraðra og sérhæfninámskeið	1.300.000
Verkalýðsfélagið Jökull, Höfn	Sérhæfninámskeið, starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	Valgreinanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Verkalýðsfélagið Stjarnan, Grundarfirði	Sérhæfninámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Verkalýðsfélag Stykkishólms	Kjarnanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði	Kjarnanámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum á grunnskólaaldri	500.000
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Kjarnanámskeið fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Mennt	Upplýsingaveita um starfstengt nám	2.000.000
Menntafélag byggingariðnaðarins	Gas- og lofthitalagnir, málmklæðningar, stafa- og skiltagerð, bæsiefni o.fl.	2.600.000
Norðvesturbandalagið	Verkþjálfun starfsfólks í slátrun	500.000
Prenttæknistofnun	Ýmis námskeið í margmiðlun, myndvinnslu, stafrænni ljósmyndun o.fl.	2.500.000
Rafiðnaðarskólinn	Rafvélafræði og stafrænn klippi- og hljóðbúnaður DF	2.500.000
Samstarfsnefnd um menntun verkafólks	Öryggi í verslun, bækur og ritföng og byggingarvörur	1.800.000
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði	Mat og endurskoðun á námsefni fyrir mjólkurbílstjóra	100.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Svæðisbundið leiðsögumannanám á Vesturlandi	200.000
Skref fyrir skref ehf.	Breytt viðhorf, betri staða starfsmanna 21. aldar, Viltu vinna?, leiðbeiningarhandbók	1.000.000
Slökkvilið Reykjavíkur	Vinnuferli fyrir slökkviliðsmenn og vinnuferli fyrir sjúkraflutningamenn	1.000.000
Starfsfræðslunefnd iðnverkafólks	Starfsnám fyrir iðnverkafólk íþróttamannvirkja, dagvistarstofnana o.fl.	2.400.000
Starfsmannafélag Akraness	Valgreinanámskeið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja, dagvistarstofnana og dvalarheimila	200.000
Starfsþjálfun fatlaðra (Hringsjá)	Tölvu- og bókhaldsnámskeið fyrir fatlaðra	500.000
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Fjarnám fyrir sjómenn	500.000
Sveitarfélagið Hornafjörður	Átaks- og þrónunarverkefni um eflingu starfstengdrar menntunar á Hornafirði	200.000
Textílfélagið	Námskeið í vef- og þrykktækni	300.000
Tölvuþjónustan Snerpa Ísafirði	Almenn tölvufræðsla fyrir byrjendur	500.000
Verkakvennafélagið Framtíðin, Hafnarfirði	Starfsnám fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra	500.000
Verslunarmannafélag Austurlands	Námskeið fyrir fólk sem annast grænmeti og ávexti í verslunum	50.000
Verslunarmannafélag Reykjavíkur	Markaðssetning ferðaþjónustu	1.000.000
Viðskipta- og tölvuskólinn og Landssamband eldri borgara	Tölvunámskeið fyrir eldri borgara í tilefni af ári aldraðra	2.000.000
Endurmenntun HÍ (endurúthlutun)	Undirbúningur fyrir fjarnám í rekstrar- og viðskiptagreinum	
		55.750.000

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 1998.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Akureyrarbær	Sérhæfninámskeið, ófaglært starfsfólk í umönnun	1.147.000
Akureyrarbær	Sérhæfninámskeið, ófaglært starfsfólk í skólum	500.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Stofnun og rekstur smáfyrirtækja	200.000
Biskupstungnahreppur	Stofnun og rekstur smáfyrirtækja	200.000
Félag íslenskra fótaaðgerðarfræðinga	Fótamein sykursjúkra II, verklegt endurmenntunarnámskeið fyrir fótaaðgerðarfræðinga	160.000
Félag íslenskra gullsmiða	Gullsmiðadagar – horft til framtíðar	400.000
Félag hárgreiðslu- og hárskerameistara á Austur- og Norðurlandi	Nýjungar í meðferð háralitar og klippingar	215.000
Félag náms- og starfsráðgjafa	Hópráðgjöf	170.000
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Starfsmannafél. Selfoss	Grunnnámskeið fyrir ófaglært starfsfólk í skólum og íþróttamiðstöðvum Suðurlands	347.000
Fjölmennt	Bókavarðanám og siglingarfræði fyrir 30 tonna skip	1.800.000
Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytis	Starfsnám fyrir stuðnings- og meðferðarfulltrúa og starfsfólk í líkum störfum	2.000.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	Námskeið í matargerð og öðru	3.500.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Uppbygging kennsluaðstöðu á Akureyri, lóðninganámskeið, námskeið á fagsviði netgerðar	2.362.500
Greiningar- og ráðgjafastöð ríksins	Einhverfa og skyldar þroskaraskanir	1.060.000
Hárgreiðslumeistarafélag Íslands	Nýungartækni, rekstur lítilla fyrirtækja og sölusálfræði – mannleg samskipti	1.000.000
Iðntæknistofnun	Starfsnám fyrir rannsóknarmenn	165.728
Iðntæknistofnun	Starfsnám fyrir húsverði	346.124
Iðntæknistofnun	Íslensk matarmenning	455.000
Iðntæknistofnun	Eldi laxfiska á Íslandi	1.500.000
ÍSAL, ÍJ og trúnaðarráð verkalýðsfélaganna hjá ÍSAL og ÍJ	Þróun starfsnáms/fagnáms fyrir stóriðju	5.000.000
ÍTR	Námskeiðahald fyrir starfsfólk ÍTR	1.000.000
Leiðsöguskólinn	Svæðisleiðsögn Reykjavík	270.000
Meinatæknifélag Íslands, endurmenntunarnefnd	Erfðatækninámskeið	100.000
Menningar- og fræðslusamband alþýðu / stéttarfélög	Styrkur veittur í 31 verkefni vegna starfsmenntunar	10.000.000
Menningarfélag byggingariðnaðarins	Styrkur veittur í 17 verkefni vegna starfsmenntunar	3.330.000
Múrarasamband Íslands, Múrarafél. Rvíkur og Múrarameistarafélag Rvíkur	Notkun á sementsbundnum litarefnum utanhúss og slitefni á iðnaðargólf	1.125.000
Námskeiðsnefnd Samflots og launanefnd sveitarfélaga	Námskeið fyrir starfsmenn sveitarfélaga	2.000.000
Prenttæknistofnun	Endurmenntun í 6 verkefni	3.000.000
Rafiðnaðarskólinn	Endurmenntun í 5 verkefni	5.000.000
Símennt	Átak til athafna / virkir bændur af báðum kynjum	500.000
Sjúkraflutningaskólinn	Almennt sjúkraflutninganámskeið, á vettvangi og neyðarflutninganámskeið	2.000.000
Slökkvilið Reykjavíkur	Meðhöndlum eiturefna	750.000
Starfsfræðslunefnd iðnverkafólks	Starfsnám fyrir iðnverkafólk	1.300.000
Starfsmannafélag Akraness	Hjúkrun aldraðra og umönnun aldraðra	425.000
Starfsmenntafélagið	Þýðing á handbók sem notuð verður til að meta þekkingarþörf starfsmanna	450.000
Starfsþjálfun fatlaðra	Atvinnulífsnámskeið	500.000
Verkalýðsfélag Akraness og Verkalýðsfélagið Hörður	Valgreinanámskeið fyrir ófaglærða, umönnun	330.600

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Verslunarmannafélag Austurlands	Textílnámskeið á félagssvæði Verslunarmannafélags Austurlands	105.000
Vélstjórafélag Íslands	Iðntölvur II og III, stýrt viðhald og málmsuðunámsk.	1.218.935
Þróunarfélag Vestmannaeyja	Stofnun og rekstur smáfyrirtækja	200.000
Ökukennarafélag Íslands	Útgáfa námsefnis til aukinna ökuréttinda	250.000
	Þróun starfsmenntunar í iðnaði	4.000.000
		60.382.887

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 1997.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Akureyrarbær, Menntasmiðjan	Sérhæfninámskeið fyrir ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum og dagmæður	1.190.000
Alþýðusamband Vestfjarða	Valgreina- og kjarnanámskeið fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum	674.800
Endumenntun HÍ	Fjarnám í rekstrar- og viðskiptagreinum	900.000
Félag heyrnarlausra	Atvinnu- og ferðamálanámskeið	200.000
Félag íslenskra fótaaðgerðarfræðinga	Fótamein sykursjúkra I og II	400.000
Flugvirkjafélag Íslands	Rafeindanámskeið	576.000
Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytis	Stuðningsfulltrúar og fólk í líkum störfum	3.000.000
Fræðsluráð hótel- og veitingagreina	Vínþjónanám	400.000
Fræðsluráð málmiðnaðarmanna	Símenntun, ýmis verkefni	3.000.000
Fræðslusambandið Símennt	Átak til athafna	1.500.000
Hárgreiðslumeistarafélag Íslands	Kennsla um hártoppa og í keppnisgreiðslum	461.000
Hitt húsið	Námsefnismeðferð fyrir starfsnám Hins hússins	1.000.000
Iðntæknistofnun	Ýmis verkefni	3.400.000
Íslandsdeild norrænna forvarða	Fyrirbyggjandi forvarsla	135.000
Landssamband bakarameistara	Sykursuða/sykurvinna	535.000
Leiðsöguskóli Íslands	Gönguleiðsögn	550.800
Meinatæknafélag Íslands	Hormónanámskeið	60.000
Menningar- og fræðslusamband alþýðu / stéttarfélög	Veittur styrkur vegna 46 verkefna	9.140.848
Menntafélag byggingariðnaðarins	Ýmis verkefni	3.000.000
Midas Net	Þróunarforritið Authorwere	816.900
Rafiðnaðarskólinn	Ýmis verkefni	3.000.000
Sammennt, samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla	Færnikröfur starfa	1.000.000
Samstarfsnefnd um starfsmenntun verslunarfólks	Smávöruverslun II og bækur og ritföng	4.150.000
Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk	Starfsnám fyrir iðnverkafólk	2.017.108
Starfsmenntafélag Akraness	Valgreina- og kjarnanámskeið fyrir ófaglærða	585.000
Starfsmannafélagið Sókn	Umönnunarnámskeið	312.865
Starfsþjálfun fatlaðra	Tölvunámskeið fyrir fatlaða	790.000
Upplýsingamiðstöðin á Akureyri	Svæðisleiðsögn fyrir Norðurland eystra	527.500
Verkakvennafélagið Framsókn	Starfsnám fyrir ræstingafólk	500.000
Verslunarmannafélag Húsavíkur	Fagnámskeið fyrir verslunarmenn	530.000
Vélstjórafélag Íslands	Ýmis verkefni	1.300.000
		45.652.821

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði árið 1996.

Styrkþegi	Verkefni	Styrkur
Akureyrarbær og Eining	Veittur styrkur	752.250
Alþýðusamband Vestfjarða	Veittur styrkur	1.000.000
Arkitektafélag Íslands	Veittur styrkur	150.000
Átak til athafna	Veittur styrkur	1.000.000
Bændaskólinn á Hvanneyri	Veittur styrkur	600.000
Farskóli Norðurlands vestra	Veittur styrkur	750.000
Flugvirkjafélag Íslands	Veittur styrkur	750.000
Fræðslunefnd félagsmálaráðuneytis	Veittur styrkur	3.500.000
Fræðsluráð byggingariðnaðarins	Veittur styrkur	3.000.000
Fræðsluráð hótel- og veitingagreina	Veittur styrkur	438.000
Fræðsluráð málmiðnaðarins	Veittur styrkur	3.000.000
Gæðastjórnunarfélag Íslands	Veittur styrkur	425.000
Hárgreiðslumeistarafélag Íslands	Veittur styrkur	750.000
Iðntæknistofnun	Veittur styrkur	1.000.000
Ísafjarðarkaupstaður	Veittur styrkur	150.000
Landssamband Bakarameistara	Veittur styrkur	1.100.000
Landssamband veiðifæragerða	Veittur styrkur	163.364
Menningar og fræðslusamband alþýðu og Ísl. Upplýsingafélagið ehf.	Veittur styrkur	1.500.000
Menningar og fræðslusamband alþýðu / stéttarfélög	Veittur styrkur	9.200.000
Prenttæknistofnun	Veittur styrkur	265.000
Prenttæknistofnun og verkefnahópur starfsmenntafélagsins	Veittur styrkur	2.000.000
Rafiðnaðarskólinn	Veittur styrkur	3.000.000
Samstarfsnefnd um verslunarmenntun	Veittur styrkur	3.000.000
Samtök iðnaðarins	Veittur styrkur	2.500.000
Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk	Veittur styrkur	4.000.000
Starfsþjálfun fatlaðra	Veittur styrkur	702.000
Verkakvennafélagið Framtíðin	Veittur styrkur	500.000
Verkefnishópur um þörf þjónustugeira í iðnaði	Veittur styrkur	1.000.000
Vélstjórafélag Íslands	Veittur styrkur	1.300.000
		47.495.614

431. Fyrirspurn [367. mál]

til umhverfisráðherra um innanlandsmarkað með losunarheimildir.

Frá Merði Árnasyni.

Hvaða áætlanir liggja fyrir eða eru í vinnslu í umhverfisráðuneytinu eða undirstofnunum þess um innanlandsmarkað með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda?

432. Fyrirspurn [368. mál]

til dómsmálaráðherra um smíði nýs varðskips.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað líður undirbúningi stjórnvalda að smíði nýs varðskips fyrir Landhelgisgæsluna?

433. Fyrirspurn [369. mál]

til samgönguráðherra um vegagerð á Uxahryggjaleið.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til vegagerðar á Uxahryggjaleið, frá Meyjarsæti að Víðikerum, árin 2002 og 2003 og á þessu ári?
2. Hvaða opinberra leyfa hefur verið aflað vegna umræddrar vegagerðar?

Skriflegt svar óskast.

434. Fyrirspurn [370. mál]

til menntamálaráðherra um tæknigreinar og verkfræði.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvað hyggst ráðherra gera til að auðvelda framhaldsskólunum að laga sig að aukinni áherslu á tæknigreinar og verkfræði á háskólastigi?

435. Fyrirspurn [371. mál]

til menntamálaráðherra um stúlkur og raungreinar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Telur ráðherra ástæðu til að hvetja stúlkur markvisst til náms í raungreinum á framhaldsskólastigi?

436. Fyrirspurn [372. mál]

til dómsmálaráðherra um afdrif hælisleitenda.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hve margir hafa sótt um pólitískt hæli hér á landi á árinu 2003 og það sem af er árinu 2004?
2. Hve mörgum hefur verið veitt hæli hérlendis á þessu tímabili?
3. Hversu mörg börn yngri en 16 ára hafa verið meðal hælisleitenda?

437. Fyrirspurn [373. mál]

til félagsmálaráðherra um samstarf við Rauða kross Íslands um móttöku flóttamannahópa.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hverju sætir það að samningur ráðuneytisins við Rauða kross Íslands um móttöku hópa flóttamanna hefur ekki verið endurnýjaður?
2. Hefur ráðherra markað stefnu í móttöku flóttamannahópa og ef svo er, hver er hún?
3. Hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna leitað eftir því að Ísland bætist í hóp ríkja sem setja sér markmið um tiltekinn lágmarksfjölda flóttamanna sem tekið er við?

438. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að útgjöld verði 294,6 milljarðar kr. og tekjur verði 305,8 milljarðar kr. Þannig var við gerð frumvarpsins gert ráð fyrir að tekjuafgangur næmi um 11,2 milljörðum kr. Nú við 2. umræðu leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld hækki um 1,7 milljarða kr. og að tekjur hækki um 0,6 milljarða kr. Áætlaður tekjuafgangur lækkar því um 1,1 milljarð kr. Samkvæmt þessu aukast útgjöld næsta árs um 7,6% frá fjárlögum ársins 2004 og tekjur ríkissjóðs aukast um 8,6%. Hækkun tekna endurspeglar þá miklu þenslu sem búist er við á næsta ári en hækkun útgjalda endurspeglar aftur á móti ekki það aðhald í ríkisfjármálum sem nauðsynlegt er á þenslutímum og ríkisstjórnin boðar á tyllidögum. Vissulega er dregið úr framkvæmdum – um 2 milljarða kr. – en á móti kemur veruleg aukning í almennum rekstrarútgjöldum til ýmissa verkefna.

Ríkisreikningur og fjárlög.

Frá því að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 var lagt fram hafa spunnist umræður um hvort fjárlög væru samanburðarhæf við ríkisreikning. Þessi samanburður hefur sýnt fram á að öll áætlanagerð fjárlaganna hefur ekki staðist raunveruleikann og að fjárlögin ásamt fjárlagafrumvarpi hafa verið glansmynd sem ríkisstjórnin hefur reynt að nota til að telja öllum trú um góða stjórn á ríkisfjármálunum. Hefur fjármálaráðherra gengið fremstur í liði annarra stjórnarliða sem hafa talið það fráleitt að bera saman niðurstöðu ríkisreiknings og fjárlaga. Hafa þeir einkum tínt til hina svokölluðu óreglulegu liði sem þeir telja að taka þurfi út fyrir sviga í þessum samanburði.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2003 er sérstaklega fjallað um þetta atriði. Þar kemur fram að lög um fjárreiður ríkisins kveða skýrt á um að þessi tvö reikningsskil séu að fullu sambærileg bæði hvað varðar rekstrar- og greiðslugrunn. Bent er á að ein af meginforsendum þess að ráðist var í breytingu á reikningsskilum ríkisins og fjárlögum var að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings yrðu að fullu samanburðarhæfar.

Í umfjöllun sinni um óreglulega liði bendir Ríkisendurskoðun á fjölmarga reikningsskilastaðla, bæði innlenda og erlenda, þar sem skýrt kemur fram að óreglulegir liðir í reikningsskilum í dag heyra til undantekninga. Orðrétt segir í skýrslunni um þetta atriði:

> „Í reikningsskilastaðli Alþjóðareikningsskilaráðsins, sem fjallar um uppgjör opinberra aðila kemur fram að næstum allir tekju- og gjaldaliðir í uppgjöri hins opinbera verða til við reglulega starfsemi. Þess vegna er gerð krafa um að liðir þurfi að vera óvenjulegir, sjaldgæfir og mikilvægir til þess að hægt sé að flokka þá sem óreglulega liði í ríkisreikningi. Staðallinn setur fram eftirfarandi viðmið um óreglulega liði:
> - Óreglulegir liðir verða að vera vel aðgreinanlegir frá venjulegri starfsemi.
> - Færsla óreglulegs liðar má ekki vera fyrirsjáanleg.
> - Óreglulegur liður þarf að vera fyrir utan valdsvið og ákvörðunartöku stjórnvalda."

Breytingar á lífeyrisskuldbindingum, afskriftum og söluhagnaði frá fjárlögum til ríkisreiknings falla ekki undir þær skilgreiningar sem að framan greinir. Til þess að málefnaleg umræða geti farið fram um fjárlög og ríkisreikning verður fjármálaráðherra, sem og og aðrir stjórnarliðar, að hverfa frá villu síns vegar í þessu máli. Án slíkra viðhorfsbreytinga er ekki hægt að búast við að framkvæmdarvaldið bæti áætlanagerð sína og fjárlögum verði sýnd sú virðing sem nauðsynleg er og að þau virki eins og önnur lög.

Í skýrslu sinni gerir Ríkisendurskoðun einnig athugasemd við þá breytingu sem gerð var í fjárlögum fyrir árið 2004 sem fólst í því að fella niður alla fjárlagaliði sendiráða og setja allar fjárveitingar á einn fjárlagalið „Sendiráð Íslands". Ríkisendurskoðun telur að þessi breyting dragi úr gegnsæi upplýsinga og að líklegt sé að ábyrgð forstöðumanna minnki. Sambærileg breyting var gerð á héraðsdómstólum fyrir nokkrum árum. 1. minni hluti tekur undir þessa gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Sú spurning vaknar hver sé forstöðumaður „Sendiráðs Íslands" og beri samkvæmt því ábyrgð á rekstri allra sendiráða. Hvernig virka reglur um framkvæmd fjárlaga við þessar aðstæður? Verður t.d. hægt að láta sendiherrann í París bera ábyrgð á því ef starfsemi sendiráðsins fer 4% fram úr fjárlögum eða er það ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sem ber ábyrgð? Það er mat 1. minni hluta að utanríkisráðuneytið þurfi að upplýsa um ábyrgð einstakra sendiherra við þessar aðstæður. Breytingar sem þessar eru ekki í anda aðhalds og aga við framkvæmd fjárlaga.

Markmið og efnahagsforsendur.

Í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins um stefnu og horfur í efnahagsmálum kemur m.a. fram að við þær aðstæður sem nú ríkja sé mikilvægt að beita ríkisfjármálum til að hamla gegn innlendri eftirspurn á næstu árum þegar framkvæmdir eru sem mestar. Þessu til stuðnings er bent á verulegan tekjuafgang sem endurspegli mjög aukið aðhald í ríkisfjármálum. Það eru hins vegar sívaxandi útgjöld ríkissjóðs umfram forsendur fjárlaga á liðnum árum sem eru hættumerkin sem ríkisstjórnin verður að bregðast við með auknu aðhaldi. Enda hafa niðurstöður ríkisreiknings síðustu ára sýnt að líkur eru á að slíkur áætlaður tekjuafgangur í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum breytist í halla.

Efnahagsforsendur frumvarpsins byggjast á spá fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði um 5% á árinu 2005 og verðbólgan verði um 3,5%. Þá er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 3,25%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 5% og að atvinnuleysi minnki og verði um 2,75%. Viðskiptahallinn mun hins vegar aukast og verða nálægt 11% af landsframleiðslu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið nauðsynlegt að endurskoða þessa spá fyrir 2. umræðu um frumvarpið.

Eins og eftirfarandi tafla sýnir hefur efnahagsþróunin á yfirstandandi ári breyst verulega frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög ársins 2004 voru samþykkt.

Magnbreytingar, %	Fjárlög 2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Einkaneysla	3,50	7,00	5,00
Samneysla	1,00	1,50	2,00
Fjárfesting	8,50	17,25	18,00
Verg landsframleiðsla	3,50	5,50	5,00
Þjóðarútgjöld alls	4,00	8,00	7,50
Viðskiptajöfnuður	-3,25	-7,25	-11,00
Ráðstöfunartekjur á mann	5,00	4,50	6,75
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	2,50	1,50	3,25
Atvinnuleysi	2,50	3,00	2,75

Taflan gefur tilefni til að íhuga hvort boginn sé ekki of hátt spenntur og verðbólgan fari úr böndum og óstöðuleiki taki við í efnahagslífinu. Í hagspá hagdeildar Landsbankans fyrir tímabilið frá árinu 2004 til ársins 2010 kemur m.a. fram að sá aðili sem er í bestri aðstöðu til að hamla gegn þessari þróun er ríkisvaldið sem getur stjórnað umfangi opinberra framkvæmda, dregið úr rekstrargjöldum og breytt skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja. Hins vegar kemur einnig fram í þessari hagspá að reynslan sýni að ekki hafi tekist vel til hvað varðar samhæfingu opinberra framkvæmda við stöðuna í hagkerfinu á hverjum tíma. Með öðrum orðum, lausatökin á ríkisfjármálunum endurspeglast m.a. í því að vöxtur samneyslunnar hefur verið töluvert umfram það sem stefnt hefur verið að. Í hagspá hagdeildar Landsbankans segir orðrétt: „Það hagstjórnaraðhald sem ríkið stefnir að á næstu árum og kynnt var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 virðist ekki vera nægjanlegt til þess að koma í veg fyrir að þensla myndist á næstu árum."

Afleiðing þessa, að mati hagdeildar Landsbankans, er að of mikið verður lagt á peningastjórnina á næstu árum, sem er einmitt það sem gerðist í síðustu hagsveiflu en möguleikar peningastefnunnar til að skila raunverulegum árangri við að halda aftur af neyslunni eru mjög takmarkaðir.

Í ályktun ASÍ um efnahagsmál, sem samþykkt var á ársþingi þess í lok október, er mjög tekið í sama streng. Þar er bent á að með síðustu samningum hafi verkalýðshreyfingin lagt

sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika og leggja grunn að vaxandi kaupmætti, en það er ekki nóg. Aðrir verða líka að axla ábyrgð. ASÍ bendir á að þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að beita ríkisfjármálum með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn séu fá merki um það í frumvarpinu. Tekjuafgangur er áætlaður 1,6% af landsframleiðslu sem er mun minna en var á árunum 1999 og 2000 þegar verðbólgan fór úr böndunum. Telur ASÍ að allt bendi til þess að ríkisstjórnin ætli að endurtaka fyrri hagstjórnarmistök, enda spáir fjármálaráðuneytið 3,5% verðbólgu á næsta ári.

Eftir stendur að Seðlabankinn á einn að takast á við verðbólguvandann þótt slíkt sé mun sársaukafyllra fyrir heimilin og fyrirtækin þegar til lengri tíma er litið. Þá er bent á að óvíst sé hve virk tæki Seðlabankans eru nú þegar stærri fyrirtæki leita eftir lánafyrirgreiðslu erlendis og bankakerfið fjármagnar sig að miklu leyti með erlendu lánsfé. Ályktun ASÍ endar á eftirfarandi varnaðarorðum:

„Óheftur innflutningur erlendra starfsmanna sem starfa á lágmarkslaunum og búa við óviðunandi aðstæður virðist vera það sem stjórnvöld og atvinnurekendur sjá helst til lausnar á vandanum. Verkalýðshreyfingin getur aldrei setið undir því að atvinnuleysi sé notað sem hagstjórnartæki. Það verður aldrei sátt um stöðugleika sem byggir á atvinnuleysi. Það er ljóst að stjórnvöld verða að gera sitt til að halda aftur af verðbólgu og tryggja jafnframt fulla atvinnu. Annars eru þau að rjúfa sátt á vinnumarkaði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum."

Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs tekur nú sem endranær mið af horfum í efnahagsmálum. Spá um 5% hagvöxt, 3,5% verðbólgu, 5% aukningu einkaneyslu og 3,25% kaupmáttaraukningu er talin auka skatttekjur ríkissjóðs um 6% frá fyrra ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almenn laun hækki um 5,25% og að skattgreiðendum fjölgi um 1,5%. Almennur tekjuskattur lækkar úr 25,75% í 24,75% og skatthlutfall sérstaks eignarskatts lækkar úr 4% í 2%.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umsýslugjald til fasteignamats ríkisins verði lagt niður en nú við 2. umræðu er gert ráð fyrir að það verði tekið upp aftur. Þá er þróunarsjóðsgjald lagt niður en tekið upp veiðigjald á aflaheimildir.

Á árinu verður tekið upp olíugjald og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Olíugjaldið verður 45 kr. á hvern lítra og tekur gildi 1. júlí 2005. Tilfærsla verður á milli almenns vörugjalds af bensíni og sérstaks vörugjalds. Talið er að þessar breytingar skili um 350 millj. kr. tekjuauka í ríkissjóð þótt ekki hafi verið ætlunin að nota kerfisbreytinguna í þeim tilgangi.

Í umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru átalin þau vinnubrögð sem höfð voru uppi í nefndinni við afgreiðslu á tekjugrein fjárlagafrumvarpsins. Minni hluti nefndarinnar telur að miklu ítarlegri skoðun verði að fara fram á tekjugreininni en meiri hluti nefndarinnar afgreiddi sína umsögn í raun án nokkurrar skoðunar á tekjugrein frumvarpsins. Slík vinnubrögð eru því miður lýsandi fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann á Alþingi, framkvæmdarvaldið leikur lausum hala án alls eftirlits af hálfu löggjafarvaldsins. Telur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar nauðsynlegt að tekjugreinin verði send Seðlabanka Íslands, Hagdeild ASÍ og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til umsagnar. Þá telur minni hlutinn nauðsynlegt að hafa í huga að endurskoðuð þjóðhagsspá Seðlabankans sem væntanleg er í byrjun desember, geti haft áhrif á tekjugreinina sem og nýtt skattalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir á næsta ári koma nánast einungis hinum allra tekjuhæstu til góða, þ.e. 1% flöt lækkun á tekjuskatti og 2% eða helmingslækkun á hátekjuskatti. Dæmi um þetta eru t.d. að 25% þeirra tekjuhæstu munu fá um 2,5 milljarða kr. skattalækkun eða helming allrar upphæðarinnar sem er varið í skattalækkun á næsta ári en 25% þeirra tekjuminnstu munu hins vegar einungis fá um 300 millj. kr. í skattalækkun á

sama tíma. Fyrirhugaðar tekjuskattslækkanir ríkisstjórnarinnar færa grunnskólakennara með meðallaun u.þ.b. 1.900 kr. í skattalækkun, láglaunafólk með 150.000 kr. á mánuði fær minna en tvo bíómiða á mánuði en framkvæmdastjóri með hálfa milljón kr. á mánuði fær tæplega 8.000 kr. í skattalækkun á mánuði eða tæplega 100.000 kr. á næsta ári. Milljónkrónamennirnir fá hins vegar um 23.000 kr. í skattalækkun mánaðarlega, þessir fáu einstaklingar fá því um 275.000 kr. í skattalækkun á næsta ári samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar.

Sú skattalækkunarleið sem ríkisstjórnin hefur valið mun þannig auka bilið á milli þeirra sem meira hafa á milli handanna og hinna sem minna hafa. Það er með ólíkindum að þessi leið skuli valin þegar ljóst er að mikill meiri hluti er fyrir því á Alþingi að lækka matarskattinn um helming eins og Samfylkingin hefur lagt til. Ef sú leið yrði valin mundi matarreikningur íslenskra heimila lækka um 5 milljarða kr. á næsta ári. Lækkun matarskattsins mun koma öllum til góða, ekki síst barnafjölskyldum. Hún gagnast þeim hlutfallslega mest sem hafa úr minnstu að spila. Lækkun matarskattsins hefur það fram yfir flestar aðrar skattabreytingar sem nú eru í umræðunni að hún kemur þeim ákaflega vel sem eru svo tekju- og eignalitlir að þeir greiða litla sem enga tekjuskatta og eignarskatta. Það er það besta við þessa áhrifaríku skattalækkun. Það er fleira sem mælir eindregið með lækkun matarskatts umfram aðrar skattalækkanir. Verðbólga er um þessar mundir komin á skrið umfram það sem hollt er þjóðarbúinu. Lækkun matarskattsins úr 14% í 7% mun lækka neysluvísitöluna um allt að 0,8% og um leið lækkar skuldabyrði landsmanna.

Þrátt fyrir mikinn meiri hluta á Alþingi er það Framsóknarflokkurinn sem af óskiljanlegum ástæðum kemur í veg fyrir að svigrúmið sem nú er til skattalækkana sé nýtt til að lækka matarskattinn. Þjóðin getur því þakkað Framsókn það að hún þarf að greiða samtals um 5 milljörðum kr. meira fyrir matinn á næsta ári en ef meiri hluti þingmanna fengi að ráða.

Áhyggjur miðstjórnar Alþýðusambands Íslands af skattalækkunarleið ríkisstjórnarinnar koma vel fram í ályktun sem miðstjórnin samþykkti í gær. Þar segir:

„Skattalækkanatillögur ríkisstjórnarinnar gefa til kynna að hún telji svigrúm til umfangsmikilla skattalækkana þrátt fyrir stöðuna í efnahagslífinu. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur skattalækkanir jákvæðar, ef tryggt er að þær leiði ekki til aukinnar verðbólgu eða veikingar á stoðum velferðarkerfisins.

Verðbólga er í dag langt umfram forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þær umfangsmiklu skattalækkanir sem nú eru boðaðar munu enn auka á hagstjórnarvandann og geta leitt til vaxandi verðbólgu á næstu misserum. Gangi það eftir eru forsendur kjarasamninga um stöðugleika í efnahagsmálum og kaupmátt launa brostnar.

Alþýðusambandið telur að sé svigrúm fyrir hendi hefði átt að nýta tækifærið og auka tekjujöfnun í skattkerfinu. Tillögur Alþýðusambandsins um meiri hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli væru tekjujafnandi, andstætt tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts, flata lækkun skattprósentunnar og afnám eignarskatta.

Veruleg hækkun barnabóta er aftur á móti tekjujafnandi aðgerð og fagnar miðstjórn henni. Alþýðusambandið lagði þó til við stjórnvöld að barnabætur yrðu greiddar til 18 ára aldurs í samræmi við hækkun sjálfsræðisaldurs.

Alþýðusambandið hefur ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. ASÍ mun því þurfa í samráði við aðildarfélög sín að endurskoða samskiptin.“

Gjaldahlið.

Verðlagsforsendur gjaldahliðar eru þær að almennt verðlag hækki um 3,5%, gengisvísitalan verði að meðaltali 125 stig, laun hækki um 3% í upphafi árs og bætur almannatrygginga hækki um 3,5%. Gerð er 1% hagræðingarkrafa til reksturs stofnana að frátöldum stóru sjúkrahúsunum tveimur og hjúkrunarheimilum. Áætlað er að þessi aðgerð skili 800 millj. kr. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 300 millj. kr. lækkun vaxtabóta, m.a. vegna áforma um að greiddar bætur nemi 95% af reiknuðum vaxtabótum. Loks er gert ráð fyrir að frestun framkvæmda spari 2.000 millj. kr., þar af er 1.900 millj. kr. frestun frá vegáætlun og 100 millj. kr. endurbætur menningarbygginga. Þá er gert ráð fyrir að „sértekjur" ríkisháskólanna í formi skráningargjalda hækki um 250 millj. kr. og loks er áformað að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar um 50 millj. kr.

Fyrsti minni hluti bendir á að framangreindar hækkanir svokallaðra skráningargjalda háskólanna eru ekki sértekjur í skilningi fjárreiðulaganna heldur rekstrartekjur. Sértekjur samkvæmt fjárreiðulögunum eru skilgreindar þannig að um sé að ræða tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum og skulu þær færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum stofnananna. Framsetning þessara tekna í fjárlögum er því röng og beinlínis villandi enda er í raun um skólagjöld að ræða og eðlilegt að kalla þau réttu nafni.

Krafan um 1% hagræðingu í rekstri ríkisstofnana er í besta falli lélegur brandari því að á móti kröfu um hagræðingu í mörgum ráðuneytum koma ákvarðanir um nýja útjaldaliði sem gera meira en að vega upp hagræðingarkröfuna. Sem dæmi má nefna að hjá æðstu stjórn ríkisins er gert ráð fyrir lækkun útgjalda með hagræðingu í rekstri upp á 12 millj. kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna sem alls nema um 182 millj. kr. Hjá forsætisráðuneyti er gert ráð fyrir 6,5 millj. kr. sparnaði en á sama tíma eru veittar 105 millj. kr. til nýrra verkefna. Hjá landbúnaðarráðuneyti er áformað að spara 22,8 millj. kr. en á sama tíma eru veittar 334 millj. kr. til nýrra verkefni. Þegar við þetta bætist óleystur rekstrarvandi margra stofnana er lítið að marka gjaldahliðina. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning ársins 2003 kemur fram að í árslok 2003 hafði fjárhagsvandi 140 fjárlagaliða aukist á árinu um 700 millj. kr. og var í árslok 5 milljarðar kr. Þessi staða hefur líklega ekki batnað á árinu 2004. Á sama tíma „eiga" 250 fjárlagaliðir ónotaðar fjárheimildir að fjárhæð um 16 milljarðar kr. Almenna reglan í rekstri ríkisstofnana hlýtur að vera sú að þær séu reiknaðar því sem næst á núlli. Því hlýtur það að vekja ýmsar spurningar þegar einstakir fjárlagaliðir geta „safnað" fjárheimildum svo árum skiptir. Að mati 1. minni hluta er nauðsynlegt að skoða rekstargrundvöll fjölmargra stofnana og endurmeta þá miðað við raunverulega fjárþörf.

Til þess að geta lagt mat á gjaldahlið frumvarpsins þurfa að liggja fyrir upplýsingar um áætlaða fjárhagsstöðu stofnana í lok árs 2004. 1. minni hluti óskaði eftir því í byrjun október að þessara upplýsinga yrði aflað. Þær hafa ekki enn borist en það hlýtur að vekja upp þá spurningu hvort þessar upplýsingar séu ekki tiltækar í ráðuneytunum og ef svo er ekki, hvernig er þá fjármálastjórninni háttað hjá viðkomandi ráðuneytum?

Þessi tregða ráðuneyta til að veita umbeðnar upplýsingar er ekki eingöngu bundin við fjárlaganefnd. Fulltrúar Samfylkingarinnar í öðrum fagnefndum hafa einnig kvartað yfir skorti á upplýsingum eins og síðar verður vikið að í þessu nefndaráliti.

Gjaldahlið málaflokka.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er sótt um 111,6 millj. kr. til byggingar nýs sendiherrabústaðar í Berlín. Áætlaður kostnaður við bygginguna nemur 230 millj. kr. og við þá upphæð bætast kaup á lóð upp á 83,2 millj. kr. Samtals kostar það því íslenska skattborgara

yfir 300 millj. kr. að koma þaki yfir sendiherra okkar í Berlín. Að mati 1. minni hluta er hér um óráðsíu að ræða eða einhver viðmið sem ekki eiga við í fjárlögum íslensku þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að fresta þessari byggingu og kanna hvort ekki sé hægt að kaupa eða leigja hentugt húsnæði á viðunandi verði.

Í fjárlagabeiðni Háskóla Íslands fyrir árið 2005 var óskað eftir því að Háskólinn fengi 250 millj. kr. viðbótarframlag til rannsókna á árinu 2005. Ástæður þessa eru þær að hlutfall fjárveitinga til rannsókna kemur til með að lækka úr 67% af kennsluframlagi árið 1999 í 46% árið 2005. Þetta þýðir að stöðugt hærra hlutfall kennslu er í höndum stundakennara án rannsóknarskyldu. Afleiðing þessa er að á árunum 1999–2004 hefur nemendum fjölgað um 50% en kennurum með rannsóknarskyldu hefur fjölgað um 1%. Þá má einnig benda á að af áliti vinnuhóps menntamálaráðuneytisins, þar sem meta átti hvort þróun einingarverðs væri í samræmi við ákvæði samnings um kennslu og sem birt var í mars á þessu ári, má ráða að það vanti 375 millj. kr. á árinu 2005 ef fullt tillit er tekið til launahækkana. Það er því ljóst að verulega vantar upp á að Háskóli Íslands geti haldið þeirri stöðu innan menntastofnana þessa lands sem gera verður kröfur til.

Í umræðum á Alþingi hefur menntamálaráðherra haldið því fram að það hafi verið að frumkvæði ríkisháskólanna að skráningargjöld (skólagjöld væri rétta orðið) eru hækkuð í 45.000 kr. í frumvarpinu. 1. minni hluti kannast ekki við að forsvarsmenn þessara skóla hafi, hvorki í riti né ræðu, sett fram slíkar kröfur. Þá má benda á að í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 segir m.a. á bls. 295: „Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að ríkisháskólarnir nýti sér heimild sem menntamálaráðuneytið áformar að beita sér fyrir til að hækka skrásetningargjöld í 45.000 kr.“ Hér stendur það svart á hvítu að frumkvæðið er hjá ráðuneytinu og það ætlast til að ríkisháskólarnir nýti sér þessa heimild.

Þrátt fyrir verulega aukningu á fjárframlögum til framhaldsskóla, bæði í fjárlögum ársins 2004 og einnig í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir sama ár, vantar enn verulega á að halli þeirra frá fyrri árum hafi verið bættur. Talið er að halli framhaldsskóla í árslok 2003 nemi um 570 millj. kr. Skipting fjárveitinga til skólanna hefur verið byggð á reiknilíkani sem menntamálaráðuneytið hefur hannað. Erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um hvernig þetta kerfi virkar þrátt fyrir að í reglugerð komi fram að líkanið skuli vera í tölvuformi, aðgengilegt skólum og þeim sem vilja kynna sér hvernig það vinnur. Þá vanreiknar líkanið önnur störf en kennslu, t.d. fjármálastjórn og annan rekstur, svo sem eignakaup og rekstur tölvukerfa. Á undanförnum árum hefur nemendafjöldi verið verulega vanáætlaður sem sést best á þeim aukafjárveitingum sem samþykktar hafa verið ár eftir ár. Þrátt fyrir að í frumvarpi til fjárlaga ársins 2005 hafi nemendatalan verið leiðrétt verulega er talið að enn vanti um 400 ársnemendur þar inn. Brýnt er að halli fyrra ára verði bættur og fjármálastjórn ráðuneytisins innan ársins verði með þeim hætti að strax séu leiðrétt með tilliti til nemendafjölda en ekki beðið þar til í lok ársins með tilheyrandi erfiðleikum fyrir skólana með rekstrarfé.

Fjárhagsvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss er mikill. Þrátt fyrir umfangsmiklar sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir á árinu 2004 standa stjórnendur spítalans frammi fyrir því að þurfa að skera niður um 600 millj. kr. til viðbótar á árinu 2005. Samkvæmt frumvarpinu er 500 millj. kr. bætt inn í rekstargrunn spítalans upp í 700 millj. kr. sparnaðarkröfu sem ákveðin hafði verið. Á móti vegur að verðuppfærsla á sérhæfðum sjúkrahúsvörum og lyfjum er ekki aukin. Þar með er sparnaðarkrafan aukin um 150 millj. kr. og er því sparnaðarkrafan í frumvarpinu í raun 350 millj. kr. Til viðbótar þessu þarf að lækka kostnað við rekstur spítalans frá yfirstandandi ári um 1%, sem er hluti hagræðingarkröfu yfirstandandi árs, eða um 250–300 millj. kr. Samtals þarf því að lækka kostnað við rekstur spítalans um 600 millj. kr. á næsta ári.

Minni hluti félagsmálanefndar gerir í áliti sínu alvarlegar athugasemdir við stefnu stjórnvalda í félagsmálum. Þar er m.a. rætt um fjárhagsvanda sveitarfélaga. Samkvæmt lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skal árlegt framlag úr ríkissjóði nema 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Þessu til viðbótar skal ríkissjóður leggja fram 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Auk þessa fær Jöfnunarsjóðurinn hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar hafa því veruleg áhrif á tekjur sjóðsins og er metið að 4% lækkun tekjuskatts kosti sjóðinn um 300 millj. kr. Engin áform virðast vera um að bæta þetta tekjutap. Þá má gagnrýna það að ríkissjóður hefur tekið til sín stærsta hlutann af auknum tekjum af tekjuskatti og útsvari á undanförnum árum með því að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun. Þannig hefur ekki ríkt það jafnræði á milli ríkis og sveitarfélaga í tekjuöflun sem ætla má að upptaka staðgreiðslu skatta á sínum tíma hafi gert ráð fyrir. Þá má benda á að reiknað endurgjald vegna einstaklinga í atvinnurekstri hefur lækkað stöðugt undanfarin ár og endurspeglar aukningu einkahlutafélaga. Á milli áranna 2002 og 2003 lækkaði það um 1,1 milljarð kr. Þessi þróun í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur m.a. leitt til þess að nú virðist mikilvægt átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins vera í uppnámi nema samkomulag náist milli aðila um að bæta stöðu sveitarfélaga verulega. Því miður er vantraust sveitarstjórnarmanna í garð ríkisvaldsins með þeim hætti að litlar líkur eru á að samkomulag takist um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga á þessu kjörtímabili.

Breytingartillögur.

Við 2. umræðu um fjárlög ársins 2005 leggur Samfylkingin fram breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að jafna áhrif skattalækkana þannig að þær nýtist efnaminna fólki betur en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Auk þess eru lagðar fram tillögur sem miða að sparnaði í ríkisrekstrinum og breyttum áherslum í skiptingu ríkisútgjalda. T.d. eru tilögur um að bæta stöðu mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Þá er gerð tillaga um að staðið verði við samning við Öryrkjabandalagið og stjórnarliðum þannig gefið tækifæri til að standa við loforð sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar. Heildaráhrif tillagnanna bæta stöðu ríkissjóðs um 1 milljarð kr. auk þess er gerð tillaga um að fresta yfirfærslu 5 milljarða kr. af uppsöfnuðum fjárlagaheimildum stofnana sem voru um 16 milljarðar kr. í árslok 2003. Nánar verður gerð grein fyrir tillögunum í umræðunum.

Upplýsingagjöf.

Eins og áður hefur verið minnst á í nefndarálitinu hefur reynst mjög erfitt að fá upplýsingar frá fagráðuneytum um fjárhagsstöðu stofnana. Að mati 1. minni hluta er útilokað að umfjöllun um fjárlagafrumvarpið verði fullnægjandi án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir. Ekki er ljóst hvort þessar upplýsingar eru til í ráðuneytunum eða hvort þau séu að þverskallast við að afhenda þær. Hvort tveggja er alvarlegt mál. Fulltrúar Samfylkingarinnar í sjávarútvegsnefnd gera einnig alvarlegar athugasemdir við samskipti nefndarinnar og sjávarútvegsráðuneytisins. Í ljós kom að ráðuneytið hafði ekki óskað eftir fjárlagatillögum frá stofnunum heldur látið sér nægja að boða fulltrúa þeirra á fund þar sem þeim gafst kostur á að gera munnlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum í tilefni fjárlagagerðar. Af þessum sökum lágu ekki fyrir nein skrifleg gögn eða upplýsingar um fjárlagatillögur stofnana ráðuneytisins. Þetta er í beinni andstöðu við 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en þar segir: „Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis.“

Bent er á í nefndarálitinu að þegar litið er yfir þróun síðustu ára má greina sífellt aukna tregðu af hálfu framkvæmdarvaldsins til að láta Alþingi, þ.e. nefndum þess og einstökum þingmönnum, í té upplýsingar í tengslum við meðferð fjárlaga. Án upplýsinga er ljóst að löggjafinn hefur ekki forsendur til að endurskoða eða leggja sjálfstætt mat á þær tillögur sem fjármálaráðherra setur fram í fjárlagafrumvarpinu. Afleiðing þessara vinnubragða er m.a. sú að meiri hluti Alþingis telur sig ekki hafa annan kost en að fallast á tillögur ráðherra í öllum meginatriðum.

Þetta háttalag framkvæmdarvaldsins grefur undan sjálfstæði Alþingis sem fjárveitingavalds og að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar er ástæða til að forsætisnefnd þingsins taki þetta mál upp við fjármálaráðherra til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um fjármál ríkisins liggi ávallt fyrir hjá fjárlaganefnd.

Lokaorð.

Það er ábyrgðarhluti að leggja fram frumvarp til fjárlaga sem einkennist af óvönduðum vinnubrögðum; það er ekki síður ábyrgðarhluti löggjafans að gera ekki þær breytingar á frumvarpinu sem nauðsynlegar eru til að tryggja trúverðug fjárlög fyrir næsta ár. Því verður ekki trúað að fjárlaganefnd berist ekki upplýsingar um áætlaða stöðu stofnana í árslok en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að gera raunhæfar áætlanir um rekstur næsta árs.

Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í stórum málaflokkum einkennir það fjárlagafrumvarp sem hér er til umræðu og þess vegna skortir alla heildarsýn og forgangsröðun. Þegar vel árar í tekjuöflun ríkissjóðs reynir verulega á þá sem halda um stjórnartaumana. Þeir sem nú ráða för hafa ekki staðist það álag. Þess vegna stefnir í það að fjárlög næsta árs nýtist ekki sem verkfæri í baráttunni við þenslu og vaxandi verðbólgu. Það er kominn tími til að blekkingarleik fjárlaganna linni og raunveruleikinn taki við, þannig og aðeins þannig geta ríkisfjármálin leikið sitt mikilvæga hlutverk í baráttunni fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Taki raunveruleikinn völdin munu fjárlög öðlast þann sess hér á landi sem þau hafa hjá flestum þjóðum. Þá munu fjárlög og ríkisreikningur verða í takt.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 25. nóv. 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

439. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2005 og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárlaganefndar kemur fram hver stefna ríkisstjórnarinnar er. Það frumvarp til fjárlaga sem hér liggur fyrir er í samræmi við fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar þó þannig að nú er enn meiri áhersla lögð á að færa þeim mest sem hafa mest fyrir.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram hvernig tekna skuli aflað og hvernig þeim verði síðan ráðstafað á einstaka málaflokka. Nánari skoðun á því sýnir vel áherslur ríkisstjórnarinnar þar sem markvisst er þrengt að velferðarsamfélaginu. Áherslur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til aukinnar misskiptingar í samfélaginu. Bilið á milli ríkra og fátækra er sífellt að aukast og mun aukast enn frekar með tillögum ríkisstjórnarinnar um breytingar í skattkerfinu. Þannig eiga þeir sem hafa mest að fá mest og þeir sem hafa minnst að fá minnst. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks stefnir þjóðinni í auðhyggjusamfélag sem leggur höfuðáherslu á skammtímagróða og peningalegur mælikvarði er lagður á allt og alla. Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki samþykkt slíkar áherslur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Samfélagið á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðum sé dreift með sanngjörnum hætti. Velferð á að vera allra en ekki hinna fáu. Jafnt tillit verður að taka til félagslegra, efnahagslegra, lífrænna og menningarlegra þátta, hvort sem horft er til skemmri eða lengri tíma. Í slíku samfélagi blómgast bæði sveit og borg á eigin forsendum.

Efnahagsforsendur.

Efnahagsforsendur fjárlaga ársins 2004 hafa gjörbreyst. Þannig er nú spáð að einkaneysla aukist um 7% en ekki 3,5% eins og áætlun hafði gert ráð fyrir. Fleiri dæmi mætti nefna, svo sem fjárfestingu en hún jókst nærri tvöfalt meira en gert hafði verið ráð fyrir. Forsendur fjárlaga ársins 2004 hafa því engan veginn staðist. Í framhaldi af því hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki þurfi að bæta vinnubrögð þegar forsendur fjárlaga eru áætlaðar.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er talið að viðskiptahallinn á þessu ári verði 7–8% af landsframleiðslu og „vaxi síðan hratt og nái hámarki 2006 og verði þá 13–14 % af landsframleiðslu. Aukinn viðskiptahalla má að verulegu leyti rekja til beinna og óbeinna áhrifa vegna stóriðjuframkvæmdanna. Áætluð bein áhrif skýra upp undir 40% af viðskiptahallanum þegar framkvæmdir standa sem hæst árin 2005–2006“. Athygli er vakin á að yfir 60% viðskiptahallans eru vegna aukinnar einkaneyslu og þenslu í samfélaginu. Við þessar aðstæður velur ríkisstjórnin að lækka skatta, sérstakan hátekjuskatt og tekjuskatt einstaklinga, um nærri 5 milljarða kr. Þessu er mætt með niðurskurði á samgönguáætlun um 1,7 milljarða kr. á yfirstandi ári og um 4 milljarða kr. á næsta og þarnæsta ári. Framlög til velferðarkerfisins eru skert og sjúklingaskattar og skólagjöld hækkuð.

Efnahags- og viðskiptanefnd ber lögum samkvæmt að fara yfir tekjuforsendur frumvarpsins. Það hefur hún enn ekki gert með viðhlítandi hætti og verður því sá hluti frumvarpsins tekinn sérstaklega til umfjöllunar við 3. umræðu.

Fjárlagagerðin.

Í frumvarpinu er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði á næsta ári rúmir 294,6 milljarðar kr. Enn fremur er í breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar lagt til að útgjöld verði aukin um 1,7 milljarða kr. Samtals er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði um 296,3 milljarðar kr. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því í endurskoðaðri tekjuáætlun að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 306,4 milljarðar kr.

Meiri hagsæld fyrir þá sem meira hafa.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er eins og oft áður kveðið á um hækkun þjónustugjalda. Þessar hækkanir koma eins og alltaf harðast niður á þeim er síst skyldi. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að skráningargjöld stúdenta í ríkisháskólunum verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Ráðgert er að hækka komugjöld til heilbrigðis- og heilsugæslustöðva um 50 millj. kr. Þá má ekki gleyma skattalækkunarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem nú er til meðferðar á Alþingi, þar sem megininntakið er að þeir fái mest sem hafa mest.

Menntamál.

Framhaldsskólar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2003“ kemur fram að fjárhagsstaða margra framhaldsskóla var slæm í árslok 2003. Í skýrslunni eru nefndir 11 skólar þar sem neikvætt eigið fé er samtals 662 millj. kr. Margir framhaldsskólar eru í slíkri stöðu ár eftir ár. Ljóst er að taka verður á þessum vanda. Reiknilíkanið sem skammtar fé til framhaldsskólanna er enn gallað og mikilvægt að ljúka endurskoðun á því sem fyrst. Í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 er jafnframt bent á að undanfarin ár hafi stjórnvöld neitað að samþykkja áætlanir framhaldsskólanna um fjölda ársnemenda. Vegna þessa hefur nemendafjöldinn verið vanáætlaður í fjárlögum. Skólarnir hafa ekki fengið bættan útgjaldaauka vegna fjölgunar nemenda fyrr en eftir á. Þetta hefur m.a. leitt til vandræðaástands eins og skapaðist í þjóðfélaginu síðastliðið sumar þegar mörg ungmenni gátu ekki fengið skólavist vegna fjársveltis framhaldsskólanna. Stjórnvöld samþykktu um síðir að setja meiri fjármuni til framhaldsskólanna svo að þeir gætu tekið á móti fleiri nemendum. Vegna fjárhagsstöðu margra framhaldsskóla leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð því áherslu á að reiknilíkanið sem greitt er eftir verði endurskoðað og raunveruleg fjárþörf skólanna verði metin. Í reiknilíkaninu er vanáætlað til margra þátta, m.a. fjármálastjórnar, tölvukaupa og reksturs tölvukerfa, svo nokkuð sé nefnt. Þá eiga verknámsskólar og heimavistir erfitt með að fá sinn sérkostnað metinn. Fáránlegt er að setja þak á nemendafjölda minni framhaldsskóla þar sem aukinn fjöldi nemenda styrkir þessa skóla og eykur möguleika á fjölbreyttara námsframboði. Þá er ótæk sú stjórnsýsla að láta framhaldsskólana bera stöðugt uppsafnaðan halla milli ára. Hefur Ríkisendurskoðun ítrekað bent á að slíkt sé ekki heimilt samkvæmt fjárreiðulögum. Þá hafa forsvarsmenn framhaldsskólanna og ríkisháskólanna harðlega gagnrýnt að sjálft reiknilíkanið skuli ekki vera skólunum aðgengilegt þó að þeim sé gert að haga rekstri sínum eftir duttlungum þess.

Opinberir háskólar.

Nauðsynlegt er að laga launastiku reiknilíkans menntamálaráðuneytisins sem notast er við þegar greitt er til háskóla. Í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur m.a. fram að ein af niðurstöðum skýrslu um „forsendur útreikninga nemendaframlaga í reiknilíkani um kennslu við háskóla“ sem starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins skilaði af sér í mars á þessu ári hafi verið að 10,5% vanti upp á að launa-

stikan endurspegli meðallaunahækkanir í háskólum. Þannig hefur verið áætlað að á árunum 2001–2003 hefði fjárveiting til kennslu í ríkisháskólunum átt að vera um milljarði kr. hærri en raun var á.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að þetta verði leiðrétt og leggur jafnframt áherslu á að fjárveitingar til Háskóla Íslands verði auknar svo koma megi til móts við þann fjárhagsvanda sem einkum fámennar greinar standa frammi fyrir. Háskóli Íslands, sem er langstærsta kennslu- og rannsóknastofnun landsins, hefur búið við fjársvelti undanfarin ár. Stjórnvöld hafa ekki brugðist nægilega markvisst við aukinni eftirspurn eftir námi í skólanum. Þannig kemur fram í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar um fjárlagafrumvarpið að á þessu ári er áætlað að virkir nemendur verði um 5.800 en í fjárlögum ársins er aðeins gert ráð fyrir 5.200 nemendum. Skólinn er því í raun að mennta um 600 nemendur sem hann fær ekki greitt fyrir. Slíkt mun á endanum bitna á gæðum kennslunnar. Þá má nefna að hlutfall fjárveitinga til rannsókna í Háskóla Íslands var 67% af kennsluframlagi á árinu 1999 en verður komið niður í 46% árið 2005 verði rannsóknarframlag til skólans ekki aukið. Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun landsins og hefur fært þjóðinni mikla hagsæld með menntuðum einstaklingum og framúrskarandi rannsóknum. Sú kraftmikla stofnun sem Háskólinn er og hefur verið er ein af forsendum þess að við höfum getað byggt upp sjálfstæða þjóð þar sem lífskjör eru með því besta sem gerist. Ekki má þrengja svo að Háskóla Íslands að það dragi úr gæðum kennslu eða aðgangi nemenda að skólanum. Lausnin er ekki að koma á skólagjöldum þar sem aðstaða þeirra efnameiri verður betri til að fá menntun. Því mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð aðgangstakmörkunum og skólagjöldum í opinberum háskólum. Brýnt er að búa svo um að opinberir háskólar beri ekki skarðan hlut frá borði í þeirri samkeppni sem efnt hefur verið til á milli einstakra háskóla. Sem stendur geta sjálfseignarstofnanirnar aukið tekjur sínar með því að innheimta skólagjöld af nemendum án þess að það komi niður á hinu opinbera framlagi. Réttmætt er að halda því fram að verið sé að pína opinbera háskóla til að fara út á sömu braut. Slíkt samrýmist engan veginn sjónarmiðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um jafnrétti til náms. Mikilvægt er að stjórnvöld móti opinbera heildarstefnu um háskólastigið eins og Ríkisendurskoðun leggur til í skýrslu sinni „Háskólamenntun, námsframboð og nemendafjöldi“, stefnu þar sem verkefnum er forgangsraðað og þau tímasett og mælanleg markmið skilgreind.

Utanríkismál.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að útgjöld til utanríkismála verði um 6,7 milljarðar kr. Útgjöld til þessa málaflokks hafa hækkað mikið á undanförnum árum. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 14. október sl. kom m.a. fram að á ellefu ára tímabili, þ.e. frá árinu 1995, hafi útgjöld til málaflokksins hækkað um 245% en á sama tíma hafi vísitala neysluverðs hækkað um 36%. Þá kemur einnig fram í áðurnefndri grein að á þessu sama tímabili hafi kostnaður vegna sendiráða Íslands hækkað um 260%. Að auki hafi um 2,7 milljörðum kr. verið varið til kaupa á húsnæði fyrir sendiráð og sendiskrifstofur, viðhalds, innréttinga og breytinga. Þá kemur fram í skýrslu sem utanríkisráherra lagði fyrir Alþingi í apríl sl. að á átta ára tímabili, 1995–2002, hafi verið stofnuð átta sendiráð og sendiskrifstofur.

Með því nýmæli í fjárlögum að setja öll sendiráð undir eitt fjárlaganúmer dregur mjög úr gagnsæi. Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til þessa málaflokks aukist mjög og því er nauðsynlegt að ljóst sé hvar útgjöld hafa aukist. Ríkisendurskoðun hefur í skýrslu sinni „Endurskoðun ríkisreiknings 2003“ gagnrýnt þetta fyrirkomulag og telur að með þessu dragi úr gagnsæi upplýsinga og að líklegt sé að ábyrgð forstöðumanna minnki.

Áfram er bætt í svokallaða íslenska friðargæslu á erlendri grund. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að hervæða íslenska ríkisborgara og stilla þeim upp við hlið hersveita NATO og Bandríkjanna. Jafnframt er mótmælt þátttöku Íslands í hópi hinna vígfúsu ríkja við innrásina í Írak og að íslenska ríkið leggi fram fé til hergagnaflutninga.

Heilbrigðismál.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Fjárhagsvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss er mikill. Handahófskenndur niðurskurður hefur gengið mjög nærri starfsemi hans á árinu. Enn er honum gert að spara um 600 millj. kr. í rekstri á næsta ári. Ljóst er að með auknum niðurskurði er höggvið í grunnstoðir heilbrigðisþjónustunnar. Vísað er til álits minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar um fjárhagsstöðu spítalans.

Heilbrigðis- og heilsugæslustofnanir.

Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2003“ að fjárhagsstaða margra heilbrigðisstofnana var slæm í árslok 2003. Í því sambandi eru sérstaklega nefndar fimm heilbrigðisstofnanir þar sem samanlagður höfuðstóll er neikvæður um 297 millj. kr. Annar minni hluti mótmælir fyrirhuguðum niðurskurði hjá heilbrigðisstofnunum á Blönduósi, Hvammstanga, Patreksfirði og Bolungarvík, þar sem gert er ráð fyrir að fella niður bráðaþjónustu. Vakin er athygli á að þúsundir íbúa höfuðborgarsvæðisins eru án skráðs heimilislæknis.

Heilsugæslan.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri einkavæðingu sem á sér stað í heilsugæslunni. Reynslan af því að gera samning við einkaaðila um að taka að sér heilsugæsluna virðist ekki vera góð. Þannig kemur eftirfarandi fram í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Heilsugæslustöðina í Lágmúla: „Heilsugæslustöðin Lágmúla starfar samkvæmt verktakasamningi milli Heilsugæslunnar í Reykjavík og Heimilislæknastöðvarinnar ehf. Samningurinn rann út í árslok 2000 en aðilar líta svo á hann sé enn þá í gildi þar sem þeir hafa ekki sagt honum upp. Við endurskoðun Ríkisendurskoðunar voru gerðar athugasemdir við að eignaskrá liggur ekki fyrir og lánveitingar til lækna sem jafnframt eru hluthafar Heimilislæknastöðvarinnar ehf. Í þjónustusamningi er engin heimild fyrir slíkum lánveitingum. Þá er þar kveðið á um hvernig fara eigi með rekstrarafgang og skal helmingur skattalegs hagnaðar renna til verksala en hinn helminginn skal leggja í varasjóð sem verksali ávaxtar. Á síðustu fimm árum nam tekjuafgangur 52 millj. kr. sem verksala hafa verið greiddar. Sá hluti rekstrarafgangs sem leggja átti í varasjóð var ekki lagður þangað. Þá hafði landlæknisembættið ekki sinnt sérstaklega eftirliti með störfum verksala og gæðum þjónustunnar eins og kveðið er á um í samningi.“ Þetta er ekki glæsileg einkunn sem Ríkisendurskoðun gefur einkavæðingarbrölti ríkisstjórnarinnar. Hvernig má það t.d. vera að hagnaður sé af rekstri heilsugæslustöðvar þegar fjöldi fólks í því hverfi sem hún á að sinna fær ekki fastan heimilislækni og, það sem meira er, fær ekki að panta tíma hjá læknum heldur má einungis koma á ákveðnum tímum og bíða stundum langtímum saman eftir að fá að hitta lækni. Og hvernig má það vera að þessi sama stöð er samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar að stunda lánarekstur til eigenda sinna? Og hvers konar vinnubrögð eru það að hafa ekki endurskoðað samning sem rann út í árslok 2000?

Réttarbætur til ungra öryrkja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því harðlega að ríkisstjórnin ætli ekki að uppfylla samkomulagið við Öryrkjabandalagið frá því í mars 2003 um aldurstengdar örorkubætur. Eins og fram kemur í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 er ljóst að um 500 millj. kr. vantar til að hægt verði að standa við það fyrirkomulag sem kynnt var að taka ætti upp, þ.e. að tvöfalda hækkun grunnlífeyris hjá yngstu öryrkjunum. Heilbrigðisráðherra hefur staðfest í fjölmiðlum að loforðið við öryrkja hafi ekki verið efnt að fullu. Haustið 2003 talaði ráðherrann um að „greiða þyrfti hækkanirnar sem um var samið í áföngum, 66% koma til greiðslu um næstu áramót (2003–2004) og afgangurinn ári síðar.“ Sömuleiðis sagði heilbrigðisráðherra „miðað við þær heimildir sem ég hef þarf hins vegar að áfangaskipta þessu samkomulagi. En það stendur ekki til annað en að standa við það eins og það stendur.“ Nú kveður hins vegar við annan tón í máli heilbrigðisráðherra og enn á að svíkja öryrkja. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinu fé til að standa við samninginn að fullu eða seinni áfangann eins og heilbrigðisráðherra talaði um fyrir um ári síðan.

Sveitarfélög.

Fjárhagur margra sveitarfélaga hefur verið erfiður undanfarin ár. Stöðugt fleiri verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að þeim hafi fylgt nægir tekjustofnar. Með samþjöppun í sjávarútvegi og sölu fiskveiðiheimilda frá byggðunum hverfa jafnframt fyrirtæki þeirra einstaklinga sem greiddu hæstu gjöldin til sveitarfélaganna. Þessi þróun hefur leitt til þess að mörg bæjar- og sveitarfélög eiga í miklum fjárhagsörðugleikum. Þannig hafa sveitarfélögin verið rekin með halla frá 1990 en samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er líklegt að um 2,8 milljarða kr. halli verði á rekstri sveitarfélaganna árið 2003. Samhliða þessu hafa hreinar skuldir sveitarfélaganna aukist gríðarlega. Einu skilaboðin sem sveitarfélögin fá frá ríkisvaldinu eru að þau eigi að selja eignir. Þetta hefur leitt til þess að mörg sveitarfélög hafa þurft að selja frá sér sínar arðbærustu eignir, svo sem orkubú. Þetta ráð getur aðeins dugað í ákveðinn tíma. Hvað eiga sveitarfélögin að gera þegar þau hafa selt allar eignir sínar og notað söluandvirðið til að standa undir lögbundinni þjónustu við íbúana?

Umhverfismál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og um vernd þeirra og nýtingu verður að ríkja bærileg sátt. Slíkt gerist ekki fyrr en stjórnvöld opna augu sín fyrir gildi náttúruverndar og læra mikilvægi þess að við nýtingu náttúrulegra auðlinda sé farið að meginsjónarmiðum sjálfbærrar þróunar. Með hliðsjón af því leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð áherslu á að efla stofnanir sem starfa á sviði náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda og gera þeim kleift að sinna sínu þýðingarmikla hlutverki. Þá er ljóst af áliti minni hluta umhverfisnefndar um frumvarp til fjárlaga að margar stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið eiga við rekstrarvanda að etja.

Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nauðsynlegt er að bæta Náttúrufræðistofnun Íslands uppsafnaðan halla auk þess sem þörf er á að hækka árlegan rekstrargrunn stofnunarinnar. Ef það verður ekki gert eru frekari uppsagnir yfirvofandi hjá stofnuninni og fari svo að fleirum verði sagt upp störfum aukast erfiðleikar stofnunarinnar við að sinna lögbundnum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Þá er nauðsynlegt að lækka sértekjukröfu þá sem hvílir á stofnuninni enda er hún með öllu óraunhæf.

Skipulagsstofnun.

Nauðsynlegt er að lækka sértekjukröfu stofnunarinnar til samræmis við það sem raunhæft getur talist. Hafa verður í huga að Skipulagsstofnun getur ekki haft áhrif á sértekjur sínar heldur ráðast þær alfarið af fjölda framkvæmda sem stofnuninni er ætlað að úrskurða um. Þá er nauðsynlegt að líta til þess að stofnunin hefur þurft að sinna auknum skyldum vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um mat á umhverfisáhrifum árið 2000 og leiðrétta þarf fjárveitingu vegna þessa.

Umhverfisstofnun.

Láðst hefur að reikna með fjárveitingu vegna verndaráætlunar fyrir Mývatnssveit sem þó var gert ráð fyrir í lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nauðsynlegt er að leiðrétta fjárveitingu til stofnunarinnar vegna þessa.

Lokaorð.

Fjárlagfrumvarpið eins og það liggur nú fyrir markar ákveðin vatnaskil í ríkisfjármálum. Fyrsti áfangi stórfelldra skattalækkana kemur til framkvæmda. Þeim er mætt með skertum framlögum til velferðarkerfisins, skólagjöldum og sjúklingasköttum. Sérstök framlög ríkisstjórnarinnar til vegamála á kosningaári hafa nú gufað upp og niðurskurður á samþykktri samgönguáætlun á þremur árum nemur tæpum 6 milljörðum kr. Tillögur um hvar sá niðurskurður eigi að koma niður verða að liggja fyrir við 3. umræðu. Víst er að íbúar inn til dala og út til nesja um allt land, einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi, munu telja sig svikna ef brýnum vegaframkvæmdum á þessum svæðum verður enn á ný slegið á frest. Ljóst er að verði gjaldahlið frumvarpsins lokað eins og það liggur nú fyrir mun verða þrengt óhóflega að mörgum stofnunum og brýnum samfélagsverkefnum í grunnþjónustunni. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs munu mæla fyrir breytingartillögum sem leiðrétta að nokkru þessa röngu forgangsröðun meiri hlutans nái þær fram að ganga.

Þar sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur enn ekki skilað fullnægjandi nefndaráliti um tekjuáætlunina og efnahagshorfur næsta árs verður beðið með umfjöllun um þann hluta frumvarpsins til 3. umræðu.

Varðandi ítarlegri umfjöllun um einstaka málaflokka er vísað til álita sem fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs eiga aðild að og birt eru í nefndaráliti meiri hlutans.

Alþingi, 25. nóv. 2004.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 29. september 2004.)
II. Fjárhagsstaða framhaldsskólanna. Minnisblað með athugasemdum og ábendingum frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélagi Íslands. (10. nóvember 2004.)
III. Minnisblað frá Háskólanum á Akureyri. (11. nóvember 2004.)
IV. Minnisblað frá Háskóla Íslands. (4. nóvember 2004.)
V. Bréf frá Ferðamálasamtökum Íslands til fjárlaganefndar. (5. nóvember 2004.)

VI. Fréttatilkynning nr. 17/2003 frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu (25. mars 2003). Samkomulag um að bæta hag ungra öryrkja sérstaklega. Allt að tvöföldun grunnlífeyris.
VII. Ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands árið 2003.
VIII. Orð skulu standa. Ritstjórnargrein. (Morgunblaðið 27. nóvember 2003.)
IX. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (14 Umhverfisráðuneyti). Frá minni hluta umhverfisnefndar. (Sjá samhljóða álit í XX. fylgiskjali með nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, þskj. 420.)

440. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	4.609,0	560,0	5.169,0
Greitt úr ríkissjóði	*10.248,8*	*560,0*	*10.808,8*
2. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	5.430,0	2.400,0	7.830,0
3. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	4.900,0	300,0	5.200,0

441. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
a. 1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	15,3	25,0	40,3
b. 1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	11,7	25,0	36,7
c. 1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	62,1	90,0	152,1
2. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.87 Íslensk friðargæsla	463,0	-140,0	323,0

442. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 1:			
Við **II Aðrar rekstrartekjur**			
8.2.2 Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum ..	3.227,0	-1.000,0	2.227,0

Greinargerð.

Breytingartillaga þessi er lögð fram til að tryggja fjármagn til átaks í fjarskiptamálum á landsbyggðinni. Lagt er til að lækka arðgreiðslu Landssímans um 1 milljarð kr. og nota þá fjármuni ríkissjóðs í átakið. Bætt fjarskipti á landsbyggðinni eru mikilvæg byggðaaðgerð og hefur þeim málum engan veginn verið nægilega sinnt af núverandi ríkisstjórn. Því er mikilvægt að eyrnamerkja verkefninu fjármagn nú við fjárlagagerðina. Mikilvægast er að klára uppbyggingu GSM-dreifikerfisins um allt land, sem og uppbyggingu hraðvirks gagnaflutningskerfis er nær til allra landsmanna. Má í þessu sambandi benda á tillögur Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs um breiðbandsvæðingu landsins frá 128. löggjafarþingi og fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

443. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	1.200,0	600,0	1.800,0
b. 1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	7.800,0	3.200,0	11.000,0

Greinargerð.

Hér er miðað við að sérstakur tekjuskattur, öðru nafni hátekjuskattur, verði hækkaður í 6% og hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur einstaklinga á ári. Gera má ráð fyrir að við það verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt sem verði undanþegin skattinum. Þótt hlutfallið sé hátt er fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur tekjur sínar yfirleitt af launavinnu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu.

Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir. Að öðru leyti vísast til fyrirliggjandi frumvarps þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, 7. máls á þskj. 7, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

444. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.92 Jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands ...	0,0	150,0	150,0

445. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Kennsla	3.195,0	220,0	3.415,0
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.634,2	250,0	2.884,2
Greitt úr ríkissjóði	*4.264,2*	*470,0*	*4.734,2*
2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	644,1	100,0	744,1
Greitt úr ríkissjóði	*764,1*	*100,0*	*864,1*
3. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	433,3	100,0	533,3
Greitt úr ríkissjóði	*1.212,1*	*100,0*	*1.312,1*

446. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Jóni Bjarnasyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	136,8	330,0	466,8

447. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni, Einari Má Sigurðarsyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.100,0	700,0	7.800,0

448. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar, Jóni Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	66.700,0	4.750,0	71.450,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	13.500,0	100,0	13.600,0
c. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	101.400,0	-1.500,0	99.900,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **00-201 Alþingi**			
1.05 Hagdeild	0,0	10,0	10,0

3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9	-10,0	39,9
4. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	0,5	4,5
b. 1.26 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	0,0	0,6	0,6
5. Við **03-300 Sendiráð Íslands**			
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín	111,6	-111,6	0,0
6. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.45 Mannréttindamál. Liðurinn orðist svo:			
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	0,5	4,5
b. 1.48 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	0,0	0,6	0,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*141,0*	*1,1*	*142,1*
7. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.142,9	80,0	1.222,9
8. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	431,3	30,0	461,3
9. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.01 Almennur rekstur	1.591,7	30,0	1.621,7
10. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	3.498,0	150,0	3.648,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*150,0*	*150,0*
11. Við **08-305 Lýðheilsustöð**			
1.90 Forvarnasjóður	85,8	30,0	115,8
Greitt úr ríkissjóði	*176,8*	*30,0*	*206,8*
12. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.80 Fjölgun hjúkrunarrýma	0,0	200,0	200,0
Greitt úr ríkissjóði	*825,1*	*200,0*	*1.025,1*
13. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	200,0	200,0
14. Við **09-999 Ýmislegt**			
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	10,0	-10,0	0,0
15. Við **11-411 Byggðastofnun**			
1.13 Atvinnuþróunarátak	0,0	150,0	150,0
16. Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
1.01 Samkeppnisstofnun	176,0	100,0	276,6

17. Við 6. gr. Nýir liðir:
    2.28 Að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 1 milljarð kr. og láta andvirðið renna í ríkissjóð.
    7.11 Að lækka önnur útgjöld ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.12 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 5 milljarða kr.
    7.13 Að skera niður ferða- og risnukostnað ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.14 Að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 1.300 m.kr.

449. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
a. 1.11 Til eflingar innlendri dagskrárgerð	0,0	140,0	140,0
b. 1.12 Styrking dreifikerfis	0,0	70,0	70,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*210,0*	*210,0*

450. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	2,0	6,0
2. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.95 Mannréttindaskrifstofa Íslands	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*141,0*	*6,0*	*147,0*

451. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	55,0	23,0	78,0
2. Við **02-918 Safnasjóður**			
1.10 Safnasjóður	66,0	54,0	120,0

452. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 421 [Fjárlög 2005].

Frá Magnúsi Stefánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við 48. lið. A-liður orðist svo:			
Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	250,5	-16,0	234,5
2. Við 68. lið. B-liður orðist svo:			
1.90 Ýmis verkefni	10,5	7,0	17,5
Sérstakt yfirlit 24 breytist þannig að í stað „8.000“ (óskipt) komi: 10.500.			

Greinargerð.

Í 1. tölul. er lagt til 40 m.kr. framlag til eflingar þjónustu við geðsjúka og geðfatlaða.

453. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.12 Upplýsingamiðstöðvar á landsbyggðinni	0,0	30,0	30,0

Greinargerð.

Alls eru til staðar 11 upplýsingamiðstöðvar sem eru að hluta fjármagnaðar með fé af fjárlögum. Sökum stöðugrar fjölgunar ferðamanna þurfa þær sífellt meira fé til að veita sömu þjónustu ár frá ári. Hér er um að ræða mikilvægt grunnverkefni til að gera íslenskri ferðaþjónustu kleift að taka á móti vaxandi fjölda ferðamanna.

454. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	512,2	26,2	538,4
Greitt úr ríkissjóði	*645,3*	*26,2*	*671,5*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-700 Heilbrigðisstofnanir			
1.01 Almennur rekstur	0,0	20,6	20,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,6*	*20,6*

Greinargerð.

Lagt er til að fallið verði frá því að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir en ekki er gert ráð fyrir að fjárheimildir stofnana lækki. Því er gert ráð fyrir að sértekjur stofnana lækki en á móti komi hækkun á framlagi úr ríkissjóði sem færist á einstakar stofnanir.

455. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	27.194,0	600,0	27.794,0
Greitt úr ríkissjóði	*26.020,0*	*600,0*	*26.620,0*
2. Við **08-401 Hjúkrunarheimili, almennt**			
1.01 Hjúkrunarheimili almennt	164,5	150,0	314,5
3. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	512,2	40,0	552,2
4. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	530,9	75,0	605,9
b. 1.11 Sjúkrasvið	576,9	50,0	626,9
c. 1.21 Hjúkrunarrými	281,0	25,0	306,0

Greinargerð.

Samkvæmt bréfi stjórnarnefndar og framkvæmdastjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss til heilbrigðis- og tryggingaefndar og fjárlaganefndar þarf að draga rekstur LSH saman um 600 millj. kr. á næsta ári miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005. Hér er gerð tillaga

um að LSH fái þessa fjármuni til að halda óskertri sinni mikilvægu starfsemi í þágu almennings.

Jafnframt er lögð til 150 millj. kr. hækkun á almennu framlagi til hjúkrunarheimila sem ætluð er sérstaklega til að fjölga hjúkrunarrýmum.

Þá er gerð tillaga um 40 millj. kr. hækkun á framlagi til að efla sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf og geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 42 millj. kr. framlagi til að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar.

Loks er lögð til sérstök hækkun á framlögum til Heilbrigðisstofnunar Austurlands vegna nýtilkominnar fólksfjölgunar og tímabundins álags vegna fjölmennra vinnubúða í umdæmi stofnunarinnar, þannig er fjölgun vegna byggingarframkvæmda á Reyðarfirði áætluð um 1.800 manns næstkomandi vor.

456. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.01 Skógrækt ríkisins	238,9	6,7	245,6
2. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalsheiði	98,1	15,9	114,0
3. Við **04-343 Landshlutabundin skógrækt**			
a. 1.10 Suðurlandsskógar	115,2	12,8	128,0
b. 1.13 Vesturlandsskógar	62,0	7,0	69,0
c. 1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	46,7	5,3	52,0
d. 1.16 Norðurlandsskógar	104,8	11,2	116,0
e. 1.17 Austurlandsskógar	37,5	9,0	46,5

457. Svar [201. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um grunnlínukerfi símans.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er hægt að aðskilja grunnlínukerfi símans frá fyrirtækinu Landssími Íslands hf.? Væri það tæknilega flókið og ef svo er, á hvaða hátt?

Í raun er mjög erfitt að svara þessari fyrirspurn með einföldu svari. Erfitt er að henda reiður á hvað átt er við þegar talað er um „grunnlínukerfi“. Aðstæður í fjarskiptaheiminum breytast mjög hratt þannig að svarið í dag gæti verið úrelt á morgun. Nægir þar að nefna

nýlegar fjárfestingar og samruna fjarskipta- og fjölmiðlunarfyrirtækja sem er afleiðing af stefnumörkun fyrirtækjanna og eru nú skilin þarna á milli óskýrari. Þegar Landssíminn var eina fyrirtækið á markaðinum var grunnlínukerfi Landssímans grunnlínukerfi Íslands. Nú hafa önnur fyrirtæki komið inn á markaðinn og hafa þau byggt upp eigin grunnlínukerfi. Munurinn er að þau eru ekki eins víðfeðm og grunnlínukerfi Landssímans en hins vegar nota þau nýjustu tækni þannig að þau geta verið mun öflugri en a.m.k. eldri kerfi Landssímans.

Ítarlega lýsingu á grunnlínukerfi Símans er að finna í 5. kafla skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu („Einkavæðing og sala hlutabréfa ríkisins í Landssíma Íslands hf.," janúar 2001). Sú skýrsla byggist m.a. á áliti Þórðar Runólfssonar sem unnið var fyrir nefndina (sjá fylgiskjal).

Hvað er „grunnlínukerfi"? Stöðluð skilgreining á því er ekki til og háð túlkun. Vandamálið er hvar á að byrja og hvar enda? Hvar á að setja mörkin við aðskilnað kerfa sem hafa verið byggð upp sem órofa samtengd heild sem styðja hvert við annað og því er það flókið að skilja grunnnet fyrirtækisins frá annarri starfsemi þess. Ef grunnnetið yrði skilið frá mundi það hugsanlega leiða til verulega aukinnar uppbyggingar Símans á öðru eigin kerfi, t.d. til samtenginga á símstöðvum með svipuðum hætti og Og fjarskipti og fleiri hafa byggt upp sín kerfi samhliða kerfum Símans.

Hugmyndir um aðskilnað nets og þjónustu skutu upp kollinum á meginlandi Evrópu þegar verið var að einkavæða „gömlu" símamálastofnanirnar á síðustu tveim áratugum en hvergi var netið aðskilið frá þjónustunni. Í Evrópu, sem víðast annars staðar, hefur verið byggt á að traust lagaumhverfi og öflug samkeppni á þessum markaði ásamt virku eftirliti muni tryggja eðlilegt markaðsumhverfi. Hver ætti að reka þetta grunnkerfi, ríkið eða einkafyrirtæki? Lagaumhverfið hér, sem annars staðar í Evrópu, gengur út frá samkeppni í netum og þjónustu. Nú þegar eru nokkur fyrirtæki búin að byggja upp net þó að mismikið sé. Ef ríkið ætti að koma að þessu aftur yrði mjög þröngt svigrúm til athafna vegna samkeppnisreglna. Einkafyrirtæki á þessum markaði (sem ekki mætti koma að smásöluþjónustu við almenning) væri ekki tryggður langur líftími ef önnur félög sæju viðskiptatækifæri í eigin uppbyggingu neta, eins og þegar gert.

Fyrirtæki (ríkisins) sem hefði það hlutverk eitt að reka dreifikerfi fjarskipta væri ekki í milliliðalausu sambandi við viðskiptavini sína eins og Síminn og önnur fyrirtæki á þessum markaði eru. Fyrirtæki miða uppbyggingu sína á grunnneti m.a. á þróun og framboði þjónustu. Ef grunnnetið er í höndum sérstaks fyrirtækis verða þau tengsl rofin sem mun m.a. geta leitt til þess að fyrirtæki munu hyggja að eigin lausnum og uppbyggingu, en hvort tveggja mun leiða til hærri gjalda til almennings. Sambandsleysi milli rekstraraðila dreifikerfisins og viðskiptavinarins er líklegt til að koma niður á þjónustunni við hann. Þá er rétt að benda á að hægt er að flytja símtöl eftir mismunandi kerfum, þ.e. á ATM, milli svæðisstöðva í gegnum ljósleiðara eða innan sama svæðis. Ef grunnnetið yrði aðskilið frá öðrum þáttum rekstrarins yrði að skilgreina sérstaklega hvernig þessum flutningi yrði háttað og það hefði í för með sér aukinn kostnað innan kerfisins, m.a. í fjárfestingu í búnaði, auk þess kostnaðar sem leiðir af yfirbyggingu sérstaks fyrirtækis. Aukinn kostnaður af þessu mundi á endanum falla á neytendur.

Fjarskiptalögin hafa þegar að geyma ákvæði sem tryggja aðgang að „grunnneti" Símans hf. þar sem aðrir möguleikar eru ekki fyrir hendi. Þetta eru sérstakar reglur um samtengingu fjarskiptaneta, ákvæði um aðgang að heimtaug og svokallaðar ONP-reglur um aðgang að fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu (sjá VII. kafla fjarskiptalaga, nr. 81/2003). Fyrir aðganginn þarf nú aðeins að greiða kostnað sem af honum leiðir auk eðlilegs hagnaðar.

Grunnnet Símans hf. mun eiga og á í samkeppni við fjarskiptanet annarra fjarskiptafyrirtækja. Ef „grunnlínunetið“ ætti að reka á einhverjum öðrum forsendum en arðsemissjónarmiðum og fé væri veitt til þess verkefnis úr ríkissjóði væri það aðgerð sem sennilega fæli í sér brot gegn samkeppnislögum í ljósi þess að þegar reka önnur fjarskiptafyrirtæki fjarskiptanet á þessu sviði, t.d. Fjarski hf., Orkuveitan og Og fjarskipti.

Ríkið er að draga sig út úr fjarskiptastarfsemi (og annarri atvinnustarfsemi) bæði á grundvelli hugmyndafræði og vegna samræmdra reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef grunnlínunetið væri skilið frá Símanum og sett í sérstakt fyrirtæki væri það aðgerð sem í sjálfu sér mundi draga úr samkeppni í uppbyggingu og rekstri grunnneta sem nú þegar eru í gangi. Samruni/samstarf fyrirtækja sem myndað hafa öflugan keppinaut við Símann hefur þegar burði og getu til eigin uppbyggingar sem þegar hefur átt sér stað að nokkru. Þá hafa önnur fyrirtæki lagt ljósleiðara í samkeppni við Símann, þetta á bæði við á höfuðborgarsvæðinu (Orkuveitan, Og fjarskipti), á Suðurlandi (Fjarski) til Vestmannaeyja og yfir hálendið til Akureyrar (Fjarski). Leggja verður áherslu á að þrátt fyrir aukinn kostnað sem leiðir af uppbyggingu fleiri neta er mikilvægt til lengri tíma að til staðar sé samkeppni bæði í netum og þjónustu.

Ef grunnnet Símans yrði nú skilið frá fyrirtækinu stæði það sem þjónustufyrirtæki höllum fæti gagnvart aðalkeppinaut sínum á fjarskiptamarkaði auk þess sem verðmæti fyrirtækisins gæti fallið verulega ef kerfið yrði skilið frá því við þær aðstæður sem uppi eru í dag.

Mikil þróun er í fjölmiðlun og fjarskipta- og upplýsingatækni þar sem þessi tækni er að renna saman í upplýsinganetum. Þá mun ný tækni sem þegar er til staðar auðvelda samkeppni á síðustu mílunni, þetta á sérstaklega við um þráðlausa tækni, t.d. Wimax, auk þess sem önnur tækni eins og gagnaflutningur um orkustrengi stendur nú þegar til boða á höfuðborgarsvæðinu. Þá er talsími sífellt að færast meira frá landlínu yfir í farsímakerfi.

Fylgiskjal.

Álit til framkvæmdanefndar um einkavæðingu um tæknilega möguleika á skiptingu fjarskiptakerfis Landssíma Íslands hf.

Í þessari samantekt er sett fram stutt yfirlit yfir uppbyggingu fjarskiptakerfis Landssíma Íslands og álit um hugsanlega skiptingu kerfisins út frá tæknilegum sjónarhóli. Ekki er reynt að greina hagfræðilegar eða viðskiptalegar afleiðingar slíkrar skiptingar að neinu marki.

Fjarskiptanet Landssímans á landsbyggðinni er byggt á stofnlínuneti sem samanstendur af ljósleiðara hringinn í kringum landið og stofnæðar frá honum sem ná út í flesta þéttbýliskjarna. Á þeim stöðum sem ekki eru tengdir ljósleiðara eru notaðar örbylgjutengingar. Kerfið er þannig upp byggt að á hringnum er varaleið, ef ljósleiðarinn rofnar þá kemst umferð á áfangastað með því að fara hinn hringinn. Tengingar við flesta þéttbýliskjarna hafa líka varaleið, annaðhvort um ljósleiðara eða örbylgju. Á ljósleiðaranum í kringum landið er stafrænt grunnflutningskerfi kallað SDH (á sumum ljósleiðaratengingum (greinum) við þéttbýliskjarna er náskylt (eldra) grunnflutningskerfi kallað PDH). Grunnflutningskerfin sjá um flutning allra gagna, óháð uppruna þeirra (tal, internet-notkun, o.s.frv.), á milli áfangastaða á stofnlínunetinu. Flutningsgeta SDH-kerfisins er langt frá því að vera fullnýtt og ef þörf krefur er hægt að auka flutningsgetu ljósleiðarans til muna með endurbættri tækni. Til viðbótar við ljósleiðaranetið á landsbyggðinni er margfalt ljósleiðaranet á höfuðborgarsvæðinu sem sér um grunnflutning gagna á milli tengipunkta í grunnkerfinu.

Flestir notendur fá aðgang að grunnflutningskerfinu í gegnum kerfi stafrænna símstöðva. Símstöðvakerfið er byggt á tvöföldu kerfi skiptistöðva (Miðbæjarstöð og Múlastöð) sem sjá um yfirstjórnun símakerfisins, samskipti við svæðisstöðvar og samskipti við útlandasímstöðvar. Landinu er skipt niður í níu svæði (fjögur á höfuðborgarsvæðinu og fimm á landsbyggðinni) sem er stjórnað af svæðisstöðvunum. Innan hvers svæðis eru síðan útstöðvar, mismargar eftir stærð svæðanna. Auk svæðisstöðvanna níu tengjast beint við skiptistöðvarnar NMT- og GSM-farsímakerfi Landssímans, farsímakerfi TALs og fjarskiptakerfi Íslandssíma. Talsímanotendur tengjast símstöðvakerfi Landssímans í gegnum heimtaugar sem tengja þá við útstöðvar. Þeir notendur sem kaupa leigulínur, þ.e.a.s. fráteknar fastar tengingar af tiltekinni bandbreidd (flutningsgetu), eru tengdir við grunnkerfið í gegnum símstöðvakerfið.

Aðskilið frá stafræna símstöðvakerfinu er ATM-net Landssímans sem einnig byggir beint á SDH-grunnflutningskerfinu. ATM-netið er pakkatengt gagnaflutningskerfi sem býður upp mun betri nýtingu á bandbreidd grunnflutningskerfisins fyrir gagnaflutninga en rásatengd kerfi eins og símstöðvakerfið. ATM er nýleg tækni sem þróuð var með þarfir ólíkra notenda (tal, kvikmynd, internet-aðgangur) grunnkerfisins í huga og er að margra mati gagnaflutningskerfi framtíðarinnar. Í ATM-neti Landssímans eru í dag 20 tengipunktar sem eru staðsettir víðsvegar um landið á hringtengda ljósleiðaranetinu, auk ljósleiðaratengingarinnar um Vestfirði. Til viðbótar við þá staði sem þá þegar eru tengdir ATM-netinu hefur Landssíminn gert áætlanir um að fjölga ATM-tengipunktum á ljósleiðarahringnum um 20 auk þess að tengja 27 aðra staði, sem eru utan ljósleiðarahringsins, ATM-tengingu og munu leigulínur úr stafræna símkerfinu verða notaðar í sumum þeirra tilfella.

Mynd 1. Tenging grunnflutningskerfis við aðra hluta fjarskiptakerfisins.



Stafræna símstöðvakerfið og ATM-netið eru oft kölluð umferðarstjórnunarkerfi grunnflutningskerfisins þar sem þessi kerfi sjá um að tengja notendur kerfisins og stjórna sendingum gagna í kerfinu. Á mynd 1 er sýnd yfirlitsmynd af tengingu grunnflutningskerfis Landssímans við umferðarstjórnunarkerfin og aðra hluta fjarskiptakerfisins. Vert er að nefna

að til viðbótar við fjarskiptakerfi Landssímans þá eru fluttar eftir ljósleiðaranum á landsbyggðinni sjónvarpsútsendingar frá Íslenska Útvarpsfélaginu eftir sérstakri sjónvarpsrás. Einnig er verið að flytja dreifikerfi RÚV á landsbyggðinni frá hliðrænu örbylgjudreifikerfi yfir á ljósleiðarann.

Flestöll heimili og fyrirtæki landsins tengjast símakerfi Landssímans með heimtaugum sem tengja þau við útstöðvar stafræna símstöðvakerfisins. Heimtaugarnar eru yfirleitt koparþræðir en í einhverjum tilfellum, þar sem skortur er á koparþráðaheimtaugum eða flutningsþörfin er mjög mikil, eru ljósleiðaraheimtaugar notaðar. Þó svo að dreifikerfi Landssímans sé alfarið stafrænt þá hafa heimtaugar allt fram á þennan dag verið svo að segja eingöngu byggðar á hliðrænni tækni. Fyrir almennt tal þarf um það bil 4 kHz bandbreidd og eru hliðrænar rásir heimtaugakerfisins yfirleitt hannaðar með þá bandbreidd í huga. Hefðbundin mótöld sem notuð eru til að tengja tölvur og önnur stafræn tæki við símakerfið yfir hliðrænar rásir eru bundin af þessari litlu bandbreidd og óhætt er að fullyrða að hliðrænu mótöldin sem til eru í dag og bjóða upp á hámarksgagnahraða á bilinu 33–56 kb/sek séu farin að nálgast fræðileg mörk slíkra tækja og muni ekki geta orðið öllu betri. Í ljósi þess að hægt er að flytja mun meira magn gagna yfir stafræna en hefðbundna hliðræna símarás hefur verið þróuð stafræn tækni fyrir slík fjarskipti. Langútbreiddasta stafræna tæknin er ISDN (Integrated Services Digital Network) sem er í senn bæði síma- og gagnaflutningskerfi og það kerfi sem Samnet Landssímans byggir á. Með ISDN-grunntengingu næst gagnaflutningshraði sem er allt 128 kb/sek sem er um það bil fjórfalt meira en næst í flestum tengingum í gegnum hliðræn mótöld. Til að nýta bandbreidd heimtaugarinnar enn betur hefur á undanförnum árum verið þróuð ný fjarskiptatækni fyrir stafrænar tengingar yfir koparþráðaheimtaugar. Helst ber þar að nefna svokallaða ADSL-tækni. Í ADSL er takmarkið að nýta bandbreidd heimtaugarinnar eins vel eins og stafræn tækni nútímans leyfir án þess að trufla hefðbundna símaþjónustu. Þetta er gert með því að skipta bandbreidd heimtaugarinnar í tvo hluta, lægra tíðnisvið sem er notað fyrir venjulegt talsímasamband og hærra tíðnisvið sem er notað fyrir gagnaflutninga. Í ADSL er kerfið hannað þannig að gagnaflutningshraði til notenda er miklu meiri en frá þeim, t.d. býður Landssíminn upp á þjónustuflokk þar sem gagnaflutningshraðinn er 1,5 Mb/sek til notenda og 384 kb/sek frá þeim. Ef æskilegt er að ná meiri flutningsgetu í ADSL en 1,5 Mb/sek verður að nota styttri heimtaugar og eru skilgreindir flokkar í ADSL-staðlinum fyrir flutningsgetu (til notenda) allt upp í 8,5 Mb/sek. Ef óskað er enn meiri flutningsgetu er hægt að nota enn styttri heimtaugar úr koparþráðum eða skipta yfir í nýjar heimtaugar sem nota afkastameiri flutningsleiðir eins og ljósleiðara. Breiðband er skilgreint sem gagnaflutningsleið sem hefur flutningsgetu sem er meiri en 2 Mb/sek. Breiðbandið sem Landssíminn hefur verið að byggja upp á undanförnum árum og byggist á ljósleiðaradreifikerfi og kóax-heimtaugum gæti orðið slíkt kerfi en er í dag notað sem kapalkerfi til dreifingar á hliðrænu sjónvarpi og hljóðvarpi, svokallað Breiðvarp. Breiðbandskerfi Landssímans er tengt á svipaðan máta og símakerfi og er því ólíkt hefðbundnum sjónvarpskapalkerfum sem eru svokölluð brautarnet. Í framtíðinni þegar þörf notenda á bandbreidd verður meiri en núverandi koparþráðadreifikerfi Landssímans getur boðið upp á verður mögulegt að byggja upp nýtt dreifikerfi sem mun nýta dreifikerfi breiðbandsins.

Þegar skipting á kerfi Landssímans er íhuguð ber að hafa í huga að fjarskiptakerfi nútímans eru gífurlega flókin kerfi þar sem hlutar kerfisins vinna saman á mörgum mismunandi stigum. Öll skipting á kerfinu í minni sjálfstæðar einingar sem gæti leitt til óhagræðingar eða takmarkana í virkni kerfisins eða gert innleiðingu nýrrar tækni eða virkni erfiða, annaðhvort frá tæknilegu eða viðskiptalegu sjónarmiði, er óæskileg frá sjónarhóli notenda kerfisins. Grunneining kerfisins er stofnlínunetið ásamt grunnflutningskerfinu SDH (og PDH). Allir

aðrir hlutar fjarskiptakerfisins á landsbyggðinni eru háðir þessari einingu og gæti hún hugsanlega verið aðgreind frá notendatengieiningunum (umferðarstjórnunarkerfunum) sem á henni byggjast, þ.e.a.s. stafræna símstöðvakerfinu og ATM-netinu. Betri nýting á bandbreidd grunnnetsins er eitt af meginmarkmiðum rekstraraðila grunnflutningskerfisins, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið. Því er nýtni umferðarstjórnunarkerfanna (stafræna símstöðvakerfisins og ATM-netsins) á flutningsgetu kerfisins mjög mikilvæg og er tilhögun tengingar grunnflutningskerfisins og umferðarstjórnunarkerfisins mikilvægt atriði í þessu sambandi. Það er álit margra aðila sem stunda rannsóknir og þróun á þessu sviði að í grunnneti framtíðarinnar munu grunnflutningskerfið og ATM-umferðarstjórnunarkerfi sameinast í einu kerfi sem allir aðrir hlutar fjarskiptakerfisins munu tengjast við, sjá mynd 2. Frá þeim sjónarhóli að gera slíka endurskipulagningu og innleiðingu nýrrar tækni sem henni fylgir sem auðveldasta er aðskilnaður grunnflutningskerfisins frá umferðarstjórnunarkerfunum óæskilegur.

Mynd 2. Hugsanleg uppbygging fjarskiptakerfis framtíðarinnar.



Talsímakerfið er flókið kerfi sem notar grunnflutningskerfið á mörgum mismunandi stigum, t.d. þá eru stofnlínutengingar notaðar til að flytja símtöl innan þjónustusvæða svæðisstöðva á landsbyggðinni auk tenginga svæðisstöðvanna við skiptistöðvarnar í Reykjavík og aðra hluta kerfisins. Símtal frá Húsavík til Sauðárkróks er innan þjónustusvæðis svæðisstöðvarinnar á Akureyri en notar engu að síður hringtengda ljósleiðarann fyrir sambandið. Þessi tenging er í eðli sínu ólík langlínutengingu á milli svæða, t.d. frá Húsavík til Ísafjarðar, sem engu að síður notar að hluta til sama ljósleiðara. Ef grunnflutningskerfið væri aðgreint frá stafræna símstöðvakerfinu yrði að gæta þess að hagsmunir símnotenda um allt land yrðu tryggðir auk hagsmuna rekstraraðila grunnflutningskerfisins og rekstraraðila símstöðvakerfisins. Auk þess yrði hið nýja fyrirkomulag að vera nægjanlega sveigjanlegt til að leyfa innleiðingu tækninýjunga og mæta breyttum þörfum notenda.

Símstöðvakerfið og ATM-netið gætu verið rekin sem aðskildar einingar þar sem þau eru kerfisfræðilega aðskilin í virkni, en hafa ber í huga að eins og kerfið er byggt upp í dag (og líklegast mun vera í náinni framtíð) þá eru kerfin engu að síður háð hvort öðru. Þannig munu sumir notenda ATM-netsins tengjast við netið í gegnum tengingar (leigulínur) í símstöðvakerfinu og rekstraraðili ATM-netsins mundi þurfa að kaupa þá þjónustu af rekstraraðila símakerfisins. Burðarnet ADSL-þjónustu Landssímans er í dag ATM-netið. ADSL er bandbreið tenging notenda yfir heimtaugakerfi dreifikerfis símans og fellur þar leiðandi undir símstöðvakerfið. Ef uppbygging burðarnets ADSL-þjónustunnar héldist óbreytt mundu rekstraraðilar símkerfisins kaupa þjónustu af ATM-netinu. Eins og áður hefur komið fram þá tengjast GSM- og NMT-farsímakerfi Landssímans við grunnkerfið í gegnum stafræna símakerfið og líklegt er að farsímakerfi framtíðarinnar muni tengjast á svipaðan hátt. Hafa ber þó í huga að í náinni framtíð þegar gagnaflutningsgeta farsíma hefur stóraukist (eins og þriðja kynslóð farsíma gerir ráð fyrir) þá gæti tenging farsíma við ATM-net þótt í sumum tilfellum fýsileg, og þar af leiðandi þyrftu farsímakerfin að hafa sem auðveldastan aðgang að bæði símstöðvakerfinu og ATM-netinu. Þar sem farsímakerfin eru að flestu leyti mjög sjálfstæðar einingar og tengingar þeirra við símstöðvakerfið til komnar vegna tenginga farsímanotenda við almenna símakerfið og stofntenginga (leigulína) í símstöðvakerfinu þá er aðskilnaður þeirra frá öðrum rekstri Landssímans eðlilegur frá tæknilegu sjónarmiði.

458. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.92 Háskóli Vestfjarða, undirbúningur	0,0	25,0	25,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Heimamenn hafa unnið ítarlegar tillögur og áætlanir um verkefni og áherslur í starfi hins nýja skóla og hver skulu vera fyrstu skrefin. Hér er lagt til að Háskóli Vestfjarða á Ísafirði fái sérstakan fjárlagalið og fjármagn þannig að vinna að

stofnun skólans geti haldið áfram af fullum krafti með það að markmiði að fyrstu nemendur skráist í skólann haustið 2005.

459. Frumvarp til laga [374. mál]

um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði, að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareigenda.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til allra jarðrænna auðlinda á landi og í jörðu og innan netlaga sjávar, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um. Lögin taka ekki til gróðurs og annarra lífvera.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking helstu hugtaka eftirfarandi:

1. *Búsþarfir:* Búsþarfir til kvikfjárræktar.
2. *Eignarland:* Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
3. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
4. *Grunnvatn:* Vatn í samfelldu og viðvarandi vatnslagi í vatnsmettuðum jarðlögum.
5. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
6. *Hveraörvera:* Örverufræðileg eining á jarðhitasvæði, mynduð af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.
7. *Jarðefni:* Öll gosefni og önnur steinefni, málmar, málmblendingar og málmsteindir, kol, jarðolía, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna á landi og í jörðu.
8. *Jarðhiti:* Jarðvarmaforði í jarðlögum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn, sem flytur jarðvarmaorku.
9. *Jarðræn auðlind:* Hvers konar jarðefni, frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd, vatn og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu, hvort heldur er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við.
10. *Leit að auðlind:* Yfirlitskönnun á svæði með aðferðum jarðvísinda og skyldra fræða, gerð yfirlitskorta og skýrslna sem lýsa umfangi auðlindar og legu, magni og helstu aðstæðum.

11. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
12. *Nytjavatn:* Grunnvatn og yfirborðsvatn sem numið er til neyslu eða til annarra nota.
13. *Nýting á auðlind:* Vinnsla efna eða orku úr auðlindinni.
14. *Orkulind:* Orkugjafi á ákveðnu formi, sem vinna má m.a. úr vatnsfalli, jarðhita, sjávarföllum, vindi, sólargeislun og kolvetni.
15. *Rannsókn á auðlind:* Mælingar og rannsóknir til að meta stærð og afköst auðlindar og gerð frumlíkans að vinnslu hennar, sannprófa hana með borun, greftri, eða langtímamælingum auk staðsetningar mannvirkja til nýtingar á auðlindinni.
16. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
17. *Vatnsorka:* Hreyfiorka fallandi vatns.
18. *Yfirborðsvatn:* Annað vatn en grunnvatn.
19. *Þjóðlendur:* Landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI
Eignarréttur að auðlindum.

4. gr.

Eignarlandi fylgir eignarréttur að jarðrænum auðlindum, en í þjóðlendum eru jarðrænar auðlindir eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

III. KAFLI
Leit að jarðrænum auðlindum.

5. gr.
Leyfi til leitar.

Leit að jarðrænum auðlindum í eignarlöndum er háð samþykki fasteignareiganda, en um leit jarðrænna auðlinda í þjóðlendum fer samkvæmt lögum um þjóðlendur o.fl.

Orkustofnun getur þó heimilað leit að jarðrænum auðlindum í eignarlöndum fáist ekki samþykki fasteignareiganda og skiptir þá ekki máli þó að eigandi auðlindar hafi sjálfur hafið leit eða heimilað það öðrum. Skal leyfi þá gefið út á skilgreindu svæði með frekari rannsóknir og nýtingu að markmiði.

Orkustofnun getur haft frumkvæði að leit hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að eigandi auðlindar hafi sjálfur hafið leit eða heimilað það öðrum.

Orkustofnun er heimilt að veita fleiri en einum leyfi til leitar á sama svæði ef fleiri en einn aðili óskar þess.

Leyfi til leitar veitir leyfishafa ekki forgangsrétt til rannsóknar- eða nýtingarleyfis.

6. gr.
Málsmeðferð.

Í umsókn um leyfi til leitar að jarðrænum auðlindum skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með leit umsækjanda ásamt lýsingu og upplýsingum um umfang og tímasetningu.

Ávallt skal leita umsagnar viðkomandi fasteignareiganda áður en leyfi er veitt.

Leyfi til leitar má veita til allt að fimm ára í senn. Orkustofnun er heimilt að setja slíku leyfi nauðsynleg skilyrði.

Orkustofnun getur hvenær sem er afturkallað leyfi til leitar ef skilyrðum þess er ekki fullnægt.

Um mögulegan bótarétt fasteignareiganda vegna leitar á grundvelli leitarleyfis Orkustofnunar fer skv. VIII. kafla.

IV. KAFLI
Rannsóknir og nýting.
A. Rannsóknir.

7. gr.

Rannsóknarleyfi.

Orkustofnun veitir leyfi til rannsókna á jarðrænum auðlindum. Rannsóknarleyfi felur í sér heimild til þess að rannsaka auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum með þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum. Öðrum verður ekki veitt rannsóknarleyfi á því svæði á leyfistímanum.

Rannsóknarleyfi veitir leyfishafa forgangsrétt til nýtingarleyfis í allt að tvö ár að loknum gildistíma þess og tryggir að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma. Hafi leyfishafi ekki sótt um nýtingarleyfi á gildistíma rannsóknarleyfis eða innan tveggja ára frá lokum gildistíma þess fellur forgangsréttur til nýtingar niður.

8. gr.

Réttur eiganda auðlindar til rannsóknar.

Eigandi auðlindar þarf ekki leyfi Orkustofnunar til rannsóknar hvort sem hann rannsakar auðlindina sjálfur eða aðrir á hans vegum. Þó ber honum að senda Orkustofnun tímasetta rannsóknaráætlun áður en rannsóknir hefjast og niðurstöður rannsókna að þeim loknum.

Eigandi auðlindar á forgangsrétt að rannsóknarleyfi á auðlind sinni. Ef eigandi auðlindar nýtir ekki forgangsrétt sinn til rannsóknarleyfis getur Orkustofnun átt frumkvæði að rannsókn á auðlindinni eða auglýst eftir umsóknum um rannsóknarleyfi. Áður en Orkustofnun hefur frumkvæði að rannsókn á auðlind eða auglýsir eftir umsóknum um rannsóknarleyfi skal veita eiganda auðlindar hæfilegan frest, þó ekki lengri en þrjá mánuði, til þess að taka afstöðu til þess hvort hann hyggist nýta sér forgangsrétt sinn til rannsókna.

9. gr.

Réttur Orkustofnunar til rannsóknar.

Orkustofnun er heimilt að hafa frumkvæði að rannsókn á jarðrænum auðlindum hvar sem er á landinu, nema annar aðili hafi þar gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Tímalengd rannsóknarleyfis.

Rannsóknarleyfi skal veitt til allt að fimm ára. Miða skal tímalengd leyfis við umfang rannsókna og eðli auðlindar.

11. gr.

Málsmeðferð.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem metin skal á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Við veitingu rannsóknarleyfis skal einkum taka mið af því hvernig framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði um að ná sem mestum og bestum upplýsingum um stærð og eðli auðlindarinnar á sem hagkvæmastan hátt.

Telji Orkustofnun að umsókn um rannsóknarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur hún synjað um rannsóknarleyfi eða sett sérstök skilyrði í rannsóknarleyfi af þessu tilefni.

Ef tvær eða fleiri umsóknir berast, sem Orkustofnun telur jafngóðar, skal elsta umsóknin ganga fyrir.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Í þeim tilfellum sem umsókn varðar rannsóknir auðlinda í netlögum sjávar skal leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytisins.

Heimilt er að kveða nánar á um skilmála og skilyrði til veitingar rannsóknarleyfis í reglugerð.

B. Nýting.

12. gr.

Nýtingarleyfi.

Nýting jarðrænna auðlinda er háð leyfi Orkustofnunar, hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum, með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Eigandi auðlindar hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar sinnar, nema hann hafi öðlast forgangsrétt með rannsóknarleyfi.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum, í leyfinu sjálfu og Orkustofnun telur nauðsynlega.

13. gr.

Tímalengd nýtingarleyfis.

Tímalengd nýtingarleyfis vatnsorku er allt að 60 ár, en annarra auðlinda allt að 30 ár. Framlengja skal leyfi hafi forsendur leyfisveitingar ekki breyst en þó ekki lengur en til 30 ára. Hafi nýtingarleyfishafi ekki hafið nýtingu á grundvelli leyfisins innan tveggja ára frá útgáfu þess eða sótt um virkjanaleyfi innan þeirra tímamarka þá fellur leyfið úr gildi.

Stöðvi leyfishafi vinnslu samfellt í þrjú ár fellur leyfið niður að þeim tíma liðnum. Hljóti annar aðili nýtingarleyfið ber honum að halda samkomulag og samninga sem fyrri leyfishafi gerði skv. 18. og 19. gr. og kaupa þau mannvirki sem notuð eru við vinnslu úr auðlindinni. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

14. gr.

Málsmeðferð.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Við veitingu nýtingarleyfis skal einkum horft til þess að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær og varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda. Jafnframt sé tekið tillit til nýtingar sem þegar er hafin eða sótt hefur verið um í næsta nágrenni.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Í þeim tilfellum sem umsókn varðar rannsóknir auðlinda í netlögum sjávar skal leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytisins.

Telji Orkustofnun að umsókn um nýtingarleyfi uppfylli ekki kröfur samkvæmt þessari grein getur hún synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni.

Til raforkuframleiðslu þarf virkjunarleyfi í samræmi við ákvæði raforkulaga. Hafi nýtingarleyfishafi ekki sótt um virkjunarleyfi innan tveggja ára frá leyfisveitingu fellur nýtingarleyfi hans niður.

Ef ekki liggur fyrir gildur forgangsréttur að nýtingarleyfi og tvær eða fleiri umsóknir berast, sem Orkustofnun telur jafngóðar, skal elsta umsóknin ganga fyrir.

C. Sameiginleg ákvæði.

15. gr.

Umsókn um rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um staðsetningu, umfang, eðli og tímasetningu fyrirhugaðra framkvæmda umsækjanda eftir ákvörðun Orkustofnunar.

16. gr.

Efni rannsóknar- og nýtingarleyfis.

Í rannsóknar- og nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Hvort um rannsóknar- eða nýtingarleyfi er að ræða.
2. Til hvaða auðlinda leyfið tekur, rannsóknaráfanga þegar um rannsóknarleyfi er að ræða og ákvæði um magn og nýtingarhraða, þegar um nýtingarleyfi er að ræða.
3. Tímalengd leyfis.
4. Afmörkun rannsóknar- eða nýtingarsvæðis.
5. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
6. Ákvæði um afhendingu gagna og upplýsinga til Orkustofnunar við borun og rannsóknir.
7. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir eins og við á.
8. Kaup ábyrgðartrygginga hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, bankatryggingar eða aðrar tryggingar sem Orkustofnun metur jafngildar og bæta tjón sem leyfishafi kann að valda með störfum sínum.
9. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti, frágangi og varðveislu gagna.
10. Greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.
11. Ráðstöfun vinnslumannvirkja og vinnslutækja að leyfistíma loknum.
12. Frágang á starfsstöðvum og landi sem nýtt hafa verið við rannsóknir eða nýtingu.
13. Endurgreiðslu á rannsóknarkostnaði, sbr. 18. og 19. gr.
14. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi skipulagsskilmála og uppdrætti.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni rannsóknar- og nýtingarleyfis.

17. gr.

Auglýsing.

Auglýsa skal eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum á eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum, sbr. þó 3. mgr. Heimilt er að auglýsa eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á auðlindum á landi og í jörðu í eignarlöndum annarra en ríkisins lýsi eigandi auðlindar því yfir að hann muni ekki nýta forgangsrétt sinn til rannsóknarleyfis.

Orkustofnun getur haft frumkvæði að rannsókn og nýtingu á auðlindasvæði. Skal þá auglýst eftir umsókn um rannsóknarleyfi í Lögbirtingablaðinu. Tekið skal fram hvert svæðið er og hvaða skilyrði eru sett fyrir veitingu rannsóknarleyfis. Umsóknarfrestur skal ekki vera skemmri en 60 dagar. Beri þessi auglýsing ekki árangur má auglýsa að svæði sé frjálst til rannsókna og rannsóknarleyfi verði veitt þeim sem fyrstur sækir um að loknum tilgreindum tímafresti og telst til þess hæfur.

Heimilt er að sækja um leyfi til rannsókna og nýtingar á svæði sem hefur ekki verið auglýst skv. 1. og 2. mgr. Áður en slíkt leyfi er veitt skal birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaðinu og gefa öðrum kost á að sækja um þetta leyfi.

Heimilt er að hafna öllum umsóknum um leyfi.

18. gr.

Endurgjald til eiganda rannsókna.

Hafi eigandi auðlindar sjálfur látið rannsaka auðlind sína eða heimilað það öðrum en ekki verið veitt leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind getur eigandi auðlindar eða sá sem kostaði rannsóknirnar krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

Nú fær annar en rannsóknarleyfishafi leyfi til að nýta viðkomandi auðlind og getur þá sá sem kostaði rannsóknir krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

Einnig ber nýtingarleyfishafa að endurgreiða Orkustofnun sannanlegan kostnað ríkisins vegna rannsókna á auðlindinni gegn aðgangi að niðurstöðum þeirra. Rísi ágreiningur um greiðslu nýtingarleyfishafa fyrir rannsóknir ofangreindra aðila skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

19. gr.

Endurgjald til eiganda auðlindar.

Áður en nýtingarleyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við eiganda auðlindar um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati skv. VIII. kafla. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan þriggja mánaða frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan tveggja ára frá útgáfu leyfisins. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

20. gr.

Afturköllun rannsóknar- og nýtingarleyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum rannsóknar- og nýtingarleyfis og samningum sem tengjast leyfi eða öðrum heimildum skal Orkustofnun veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun Orkustofnunar innan tilgreindra tímamarka getur Orkustofnun afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

V. KAFLI
Undantekningar frá rannsóknar- og nýtingarleyfi.

21. gr.

Jarðefni.

Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla er heimilt án leyfis Orkustofnunar að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand til heimilis- og búsþarfa.

22. gr.

Jarðhiti.

Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla er fasteignareiganda heimilt án leyfis að hagnýta til eigin nota jarðhita í eignarlandi sínu, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem alls er tekið úr jarðhitaauðlindum í eignarlandinu. Fasteignareiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um tilhögun nýtingarinnar og senda stofnuninni árlega skýrslu um raunverulega notkun.

23. gr.

Grunnvatn.

Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla er fasteignareiganda heimilt án leyfis að hagnýta nytjavatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þ.m.t. til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 10 l/s. Fasteignareiganda ber að tilkynna Orkustofnun um tilhögun nýtingarinnar og senda stofnuninni skýrslu um notkun grunnvatns.

Fasteignareiganda ber að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að setja fasteignareiganda skilyrði sem nauðsynleg eru talin af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.

24. gr.

Vatnsorka.

Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla er fasteignareiganda heimilt án leyfis að hagnýta vatnsorku í eignarlandi sínu, allt að 350 kW rafafls. Fasteignareiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um tilhögun nýtingarinnar ef uppsett afl rafals er 100 kW eða meira og senda stofnuninni árlega skýrslu um raforkuvinnslu virkjunar. Fyrir virkjanir með uppsett afl 30–1.000 kW skal skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Ef virkjun tengist dreifiveitu eða flutningskerfi raforku þarf leyfi fyrir virkjun samkvæmt raforkulögum.

VI. KAFLI
Forgangsréttur sveitarfélags.

25. gr.

Forgangsréttur sveitarfélags til nýtingarleyfis vegna jarðhita og nytjavatns.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem sveitarfélagið rekur í viðkomandi sveitarfélagi.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna nytjavatns til vatnsveitu sem sveitarfélagið rekur í viðkomandi sveitarfélagi.

VII. KAFLI
Stjórnsýsla.
A. Yfirstjórn og málskot.
26. gr.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

B. Eftirlit og úrræði.
27. gr.
Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd laganna.

28. gr.
Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun getur krafið leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins og kveðið er á um í lögum þessum. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

29. gr.
Úrræði Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að starfsemi leyfishafa samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

30. gr.
Gagnagrunnur.

Orkustofnun varðveitir gögn um jarðrænar auðlindir í gagnagrunni. Þar verða gögn sem hún hefur aflað eða látið afla með leitum, rannsóknum og eftirliti, auk skilaskyldra gagna frá leyfishöfum.

31. gr.
Þagnarskylda.

Upplýsingar, sem veittar eru Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt lögum þessum, svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, skulu vera trúnaðargögn á gildistíma rannsóknarleyfis og forgangsréttartíma skv. 2. mgr. 7. gr.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

C. Skyldur leyfishafa og landeigenda.

32. gr.

Skýrsla leyfishafa.

Handhafi leitar-, rannsóknar- eða nýtingarleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður rannsókna eða vinnslu, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi senda sýni af jarðefnum og vatni óski Orkustofnun þess.

33. gr.

Umferðarréttur.

Fasteignareiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leitar- og rannsóknarleyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er fasteignareiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við fasteignareiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Ber fasteignareiganda eða umráðamanni skv. 1. mgr. að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á jarðrænum auðlindum skulu fasteignareigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu fasteignareigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

34. gr.

Sameiginlegur réttur til nýtingar.

Þegar ein og sama auðlind nær til tveggja eða fleiri landareigna er auðlindin sameign fasteignareigenda. Áður en nýting hefst úr slíkri auðlind skulu eigendur gera með sér samning um hlutfallslegan rétt hvers og eins til nýtingar á auðlindinni.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar skal afla mats dómkvaddra matsmanna.

VIII. KAFLI

Eignarnáms- og bótaákvæði.

35. gr.

Skaðabætur.

Nú veitir Orkustofnun öðrum en fasteignareiganda leyfi til leitar og rannsókna á auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með mati samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

36. gr.

Eignarnám.

Nú hefur Orkustofnun veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við fasteignareiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til,

þ.m.t. um endurgjald fyrir auðlind, og getur iðnaðarráðherra þá heimilað að þær auðlindir verði teknar eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum fasteignareiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir á landi og í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ef eignarnám skv. 1.–2. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leitum, rannsóknum og nýtingu. Einnig skal við ákvörðun eignarnámsbóta koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum.

37. gr.

Dómkvaddir matsmenn.

Nú segir í lögum þessum að skorið skuli úr ágreiningi með mati dómkvaddra matsmanna og fer þá um dómkvaðningu, þ.m.t. kostnað af mati, samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Framsal leyfa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar.

39. gr.

Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

40. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

41. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Leyfi sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 57/1998 og lögum nr. 24/1973 og eru í gildi við gildistöku laga þessara halda gildi sínu. Samningar um gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

42. gr.

Breyting á raforkulögum.

Eftirfarandi breytingar verða á raforkulögum, nr. 65/2003:

a. Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Umsækjandi virkjunarleyfis hafi gilt nýtingarleyfi vegna viðkomandi auðlindar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

b. 40. gr. laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Aðilar sem nýta jarðrænar auðlindir við gildistöku laganna eiga rétt á að fá útgefið nýtingarleyfi vegna þeirrar vinnslu sem fyrir hendi er við gildistöku laganna. Þessir aðilar skulu sækja um nýtingarleyfi fyrir 1. júní 2007 og leggja fram gögn skv. 15. gr. Lokið skal útgáfu nýtingarleyfa af þessu tagi fyrir 1. júní 2008.

II.

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006.

Jafnframt skal iðnaðarráðherra skipa starfshóp sérfróðra manna er skal vera nefnd skv. 1. mgr. til aðstoðar við greiningu á atriðum sem máli skipta við val á umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara. Við úrlausn verkefnis síns skal starfshópurinn m.a. líta til þess hvaða leiðir hafa verið farnar í þessu sambandi í öðrum löndum.

III.

Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra skal skipa nefnd sem hafi það hlutverk að afmarka skilin milli annars vegar hagnýtingar hveraörvera skv. 1. mgr. og hins vegar reglna sem stuðla að varðveislu og sjálfbærri nýtingu efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni íslenskrar náttúru. Skal iðnaðarráðherra tilnefna einn fulltrúa og umhverfisráðherra annan en ráðherrarnir skulu koma sér saman um tilnefningu þriðja fulltrúans og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila niðurstöðu sinni í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í júní 2002 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til þess að endurskoða lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að fram hafi komið ýmsar tillögur um breytingar á lögunum og að höfðu samráði við orkumálastjóra hafi iðnaðarráðherra ákveðið að skipa starfshópinn. Með bréfi iðnaðarráðherra 27. júní 2002 voru

eftirtaldir skipaðir í starfshópinn: Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, formaður, Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, Sveinbjörn Björnsson, deildarstjóri í Orkustofnun, Valgarður Stefánsson, yfirverkefnisstjóri í Orkustofnun, og Eyvindur G. Gunnarsson hdl. Nefndin skilaði af sér frumvarpsdrögum hinn 23. desember 2002. Síðan þá hefur frumvarpið verið til skoðunar í iðnaðarráðuneytinu og hjá Orkustofnun. Í september 2004 voru Karl Axelsson hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson hdl., fengnir til þess að endurskoða frumvarpsdrögin ásamt starfsmönnum iðnaðarráðuneytis, þeim Pétri Erni Sverrissyni lögfræðingi, Helga Bjarnasyni skrifstofustjóra og Sveini Þorgrímssyni skrifstofustjóra. Frumvarp það sem hér er lagt fram er afrakstur þessarar vinnu.

II. Þörfin á endurskoðun núgildandi laga.

Þó að núgildandi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, séu einungis rúmlega sex ára gömul hefur um nokkurt skeið verið talið nauðsynlegt að endurskoða þau. Við setningu þeirra laga var fyrst og fremst höfð í huga nauðsyn þess að skera ótvírætt úr um það með lögum hvernig háttað væri eignarhaldi á auðlindum í jörðu auk þess sem komið var á nýskipan auðlindastýringar. Við samningu frumvarps til þeirra laga voru hafðar í huga þær tillögur sem fram höfðu komið á Alþingi um þessi mál síðustu áratugi og einnig frumvörp sem samin höfðu verið í iðnaðarráðuneytinu. Auk þess að deilt hafði verið um það hvaða leiðir bæri að fara um skipan eignarréttar að auðlindunum hefur verið uppi ágreiningur um hvort þær tillögur sem fram hafa komið hafi farið í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar. Má segja að meginmarkmið laganna hafi því verið að mæla fyrir um eignarréttarlega stöðu auðlinda í jörðu. Mörg önnur ákvæði laganna voru að miklu látin halda sér óbreytt frá því sem verið hafði í námulögum, nr. 24/1973, sem felld voru úr gildi, og III. og IV. kafla orkulaga, nr. 58/1967, sem felldir voru úr gildi.

Í núgildandi lög þykir einkum skorta ítarleg lagafyrirmæli um stjórnun auðlinda landsins. Þá taka gildandi lög ekki til allra jarðrænna auðlinda, sbr. einkum orkunýtingarrétt vatnsfalla. Lagðar eru til breytingar á gildandi lögum sem einfalda leit að jarðrænum auðlindum án þess að til komi útgáfa rannsóknar- og/eða nýtingarleyfis. Þá gegnir iðnaðarráðherra veigamiklu hlutverk í núgildandi lögum sem réttara þykir að Orkustofnun hafi á hendi. Frumvarp það sem hér er lagt fram miðar að því að Orkustofnun fá skilgreint hlutverk við stjórnun auðlinda landsins. Í þessu skyni er lagt til að lögfestar verði reglur um málsmeðferð við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa og eftirlit og úrræði Orkustofnunar við framkvæmd laganna.

Loks er þess að geta að á meðan samningu frumvarps þessa hefur staðið, og í kjölfar grundvallarbreytinga á raforkulöggjöf, hafa vaknað þýðingarmiklar spurningar varðandi auðlindanýtingu, forgang á því sviði og hvernig leysa skuli úr álitaefnum sem vakna þegar fleiri aðilar sækja um leyfi til rannsóknar, nýtingar og/eða virkjunar sömu auðlindar. Við þessu er brugðist með tvennum hætti. Annars vegar er komið á nauðsynlegri tengingu nýtingarleyfis samkvæmt frumvarpi þessu og virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, m.a. með þeim hætti að nýtingarleyfi er lögbundin forsenda þess að viðkomandi aðila verði veitt virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum. Hins vegar er í bráðabirgðaákvæði við lögin gert ráð fyrir stofnun sérstakrar og þverpólitískrar nefndar sem á næstu tveimur árum á að móta lagaákvæði sem taka á framangreindum grundvallarspurningum. Ákvæði frumvarps þessa eru því að hluta til og eðli málsins samkvæmt til bráðabirgða og skulu þar sérstaklega nefndir til sögunnar ýmsir tímafrestir tengdir rannsóknar- og nýtingarleyfum.

III. Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum munu helstu breytingarnar á gildandi rétti verða þessar:

1. Nýtt markmiðsákvæði er í frumvarpinu þar sem fram kemur að markmið laganna sé að tryggja að stjórnun náttúruauðlinda sé hagkvæm frá samfélagslegu sjónarmiði og að við nýtingu þeirra sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og réttmætra hagsmuna fasteignareiganda. Í núgildandi lögum er ekki að finna sérstakt markmiðsákvæði. Rétt þykir hins vegar að slíkt ákvæði sé fyrir hendi enda gefur það vísbendingu um hver sé tilgangurinn með lögunum og hvaða sjónarmið Orkustofnun ber að hafa að leiðarljósi við auðlindastjórnun.
2. Lögin taka til allra jarðrænna auðlinda, grunnvatns og yfirborðsvatns, þar á meðal auðlinda í vatnsföllum og stöðuvötnum, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Þau taka hins vegar ekki til gróðurs og lífvera, annarra en hveraörvera. Af þessu leiðir að hagnýting vatnsorku fellur undir frumvarpið. Sjá nánar skýringar við 2. og 4. gr. frumvarpsins. Þá er nýtt hugtak, jarðrænar auðlindir, notað um þessar auðlindir, en það merkir hvers konar frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við.
3. Gert er ráð fyrir þeirri nýskipan að Orkustofnun geti heimilað aðilum leit jarðrænna auðlinda í eignarlöndum þrátt fyrir að ekki hafi tekist að afla samþykkis fasteignareiganda. Sú tilhögun sem ráðgerð er í III. kafla frumvarpsins auðveldar mönnum þannig að standa að nauðsynlegri forathugun áður en til eiginlegrar rannsóknar kemur með útgáfu tilheyrandi leyfis. Leit felur í sér yfirlitskönnun til að staðfesta tilvist auðlindar og lýsa væntanlegri legu hennar, magni og aðstæðum. Leit getur farið fram á mjög stóru landsvæði og tekið áratugi. Þar er hins vegar beitt tiltölulega ódýrum aðferðum.
4. Rannsókn samkvæmt lögum þessum felur í sér mat á stærð og legu auðlindar og sannprófun hennar. Rannsókn getur verið margfalt dýrari en leit. Vegna kostnaðar rannsóknarinnar þarf sá sem hana kostar að njóta fyrirheits um forgangsrétt til nýtingar ef til hennar kemur að rannsókn lokinni. Eigandi auðlindar þarf ekki leyfi Orkustofnunar til rannsóknar hvort sem hann rannsakar auðlindina sjálfur eða aðrir á hans vegum en vilji hann njóta forgangsréttar til nýtingar verður að afla sér rannsóknarleyfis. Hann á forgangsrétt að rannsóknarleyfi á auðlind sinni en óski hann ekki eftir að nýta þennan forgangsrétt getur Orkustofnun átt frumkvæði að rannsókn á auðlindinni eða auglýst eftir umsóknum um rannsóknarleyfi á auðlindinni og skiptir þá ekki máli þó að eigandi auðlindarinnar hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

   Rannsóknarleyfi veitir leyfishafa forgangsrétt til nýtingarleyfis í allt að tvö ár að loknum gildistíma þess og tryggir að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á sama svæði á gildistíma rannsóknarleyfis og forgangsréttar til nýtingar.

   Sameiginleg er sú regla með leit og rannsóknum að Orkustofnun er heimilt að hafa frumkvæði að leit eða rannsókn á jarðrænum auðlindum hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að eigandi auðlindar hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum. Þó er sá munur að hafi eigandi auðlindar gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum verður öðrum aðila ekki veitt rannsóknarleyfi á viðkomandi svæði. Þá er eðlilegt að leggja tilkynningarskyldu á landeigendur sem framkvæma rannsóknir á eignarlöndum sínum, en fram hefur komið að heimildinni til setningar skilyrða í 2. mgr. 4. gr.

laga nr. 57/1998 hefur ekki verið fylgt eftir í framkvæmd. Því verða að vera einhver úrræði til handa Orkustofnun að fá upplýsingar frá landeigendum um rannsóknir.

Nýting jarðrænna auðlinda er háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögunum. Eigandi auðlindar hefur ekki forgang að nýtingarleyfi auðlindar sinnar, nema hann hafi öðlast forgangsrétt með rannsóknarleyfi. Ætti sú regla að vera eigendum auðlinda hvatning til þess að sækja um rannsóknarleyfi.

5. Í frumvarpinu er byggt á þeirri meginreglu að auglýsa skuli eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum í eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum. Þá er heimildarákvæði þess efnis að auglýsa megi eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á auðlindum á landi og í jörðu í eignarlöndum annarra en ríkisins óski eigendur ekki eftir að nýta sér forgangsrétt sinn til rannsóknarleyfis. Eru nákvæm fyrirmæli í 17. gr. frumvarpsins um það hvernig standa skuli að auglýsingu.
6. Í 11. og 14. gr. frumvarpsins er að finna reglur um málsmeðferð við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa. Eftir að auglýst hefur verið eftir umsækjendum, eða að öðru leyti gætt ákvæða 17. gr. frumvarpsins, er meginreglan sú að veita skuli rannsóknar- eða nýtingarleyfi á grundvelli umsóknar sem metin skal á hlutlægan og gagnsæjan hátt. Í 2. mgr. 11. gr. eru rakin þau sjónarmið sem hafa ber í huga við veitingu rannsóknarleyfis og í 2. mgr. 14. gr. eru rakin þau sjónarmið sem líta verður til við veitingu nýtingarleyfis.

   Við úrlausn þess hvernig standa eigi að veitingu rannsókna- og nýtingarleyfa þarf að skoða hvaða viðmið ber að leggja til grundvallar við veitingu þeirra. Telja verður að unnt sé að hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í álitsgerð auðlindanefndar frá september 2000 (kafli 2.2). Í álitsgerðinni segir að þau markmið auðlindastjórnunar sem mótast hafi á síðustu árum séu í meginatriðum sem hér segir:
   - Stuðlað sé að sem hagkvæmastri nýtingu auðlinda til að hámarka hagsæld og koma í veg fyrir sóun.
   - Tryggð sé sjálfbær nýting endurnýjanlegra auðlinda og hins sameiginlega umhverfis jarðarbúa.
   - Varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.
   - Stjórn auðlinda byggist á vísindalegri þekkingu um náttúruauðlindir og þau áhrif sem nýting þeirra hefur í för með sér.
7. Þá er í frumvarpinu nýr kafli um stjórnsýslu (VII. kafli). Er á því byggt að Orkustofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Hlutverk iðnaðarráðherra breytist. Eðlilegt þykir að Orkustofnun hafi sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála leyfisveitinga- og eftirlitshlutverk. Það er ljóst að heimildir og úrræði Orkustofnunar verða auknar mjög frá núgildandi lögum. Reynslan hefur sýnt að núgildandi lög veita Orkustofnun ekki nægilega möguleika á að sinna eftirliti sínu með viðunandi hætti. Til þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt við stjórnun jarðrænna auðlinda er nauðsynlegt að hún hafi úrræði til að framfylgja ákvæðum laganna. Skal sérstaklega á það bent að Orkustofnun hefur heimildir til þess að leggja dagsektir á aðila skv. 28. gr. frumvarpsins.
8. Það nýmæli er í frumvarpinu að gert er ráð fyrir sérstökum gagnagrunni um auðlindir, þar sem varðveitt verða gögn sem Orkustofnun hefur aflað eða látið afla með leit, rannsóknum og eftirliti, auk þeirra gagna sem henni berast með skyldukilum frá öðrum sem vinna að leit, rannsókn eða nýtingu auðlinda. Gert er ráð fyrir að gögn í þessum grunni

verði gerð öllum opin og aðgengileg, en sum gögn geta þó verið bundin trúnaði um takmarkaðan tíma.

9. Loks er rétt að taka fram að í frumvarpinu eru engar takmarkanir þess efnis að bann sé lagt við því að landeigandi undanskilji eignarlandi sínu rétt til jarðrænna auðlinda, sbr. t.d. jarðefna og jarðhita. Mælt er fyrir um eignarráð fasteignareiganda yfir jarðhita í frumvarpi til vatnalaga sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi, þannig að ekki eru efni til að kveða á um hann í þessu frumvarpi. Bann við því að undanskilja eignarlandi rétt til jarðefna er að finna í 9. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ekki þykja lengur rök til þess að halda slíku banni í lögum og eru því engar takmarkanir gerðar á ráðstöfunarrétti fasteignareiganda að þessu leyti.

Nánari grein er gerð fyrir framangreindum atriðum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins og vísast til þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þennan kafla er skipað ákvæðum um markmið, gildissvið og skilgreiningar á einstökum hugtökum laganna.

Um 1. gr.

Í þessari grein er markmið frumvarpsins sett fram. Meginmarkmiðið er skynsamleg stjórnun og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði, að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareiganda. Með tilvitnuðu orðalagi er vísað til þeirra sjónarmiða sem talin eru mikilvæg í samfélaginu á hverjum tíma, þar á meðal umhverfissjónarmiða. Samkvæmt greininni ber við stjórnun náttúruauðlinda að hafa að leiðarljósi samfélagslega hagkvæma nýtingu. Hefur greinin að geyma yfirlýsingu sem reynt getur á við túlkun og beitingu annarra ákvæða laganna. Við stjórnun á nýtingu náttúruauðlinda ber Orkustofnun því að hafa markmið laganna að leiðarljósi. Jafnframt því er í markmiðsyfirlýsingu laganna lögð áhersla á nauðsynlegt tillit til eignarréttar fasteignareiganda sem nýtur ríkrar verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í gildandi lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er ekki að finna markmiðsákvæði. Hins vegar er reglu af svipuðum toga að finna í 17. gr. laganna, en sú regla tekur mið af þeim sjónarmiðum sem litið er til við veitingu nýtingarleyfa. Þar segir orðrétt svo: „Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur hann synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni“. Um það við hvað sé átt með því að nýting sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að við veitingu nýtingarleyfa verði tekið tillit til umhverfissjónarmiða, má vísa til athugasemda greinargerðar við 17. gr. frumvarps til laga nr. 57/1998 (122. löggjafarþing 1997–98. Þskj. 574 – 359. mál): „Ákvæði þetta á einvörðungu við um útgáfu nýtingarleyfa. Lagt er til að ráðherra verði gert að meta umsóknir um veitingu nýtingarleyfa út frá tilteknum forsendum. Þannig skuli taka tillit til þjóðhagslegra hagsmuna, umhverfissjónarmiða og nýtingar sem hafin er í næsta nágrenni. Veiting nýtingarleyfa vegna auðlinda í eignarlandi mun því taka mið af þessum sjónarmiðum sem ganga þá framar hagsmunum fasteignareiganda“. Ákvæði frumvarpsgreinar þessarar er orðað með nokkuð öðrum hætti en 17. gr. laga nr. 57/1998. Rétt þykir að nota fremur orðið „frá samfélagslegu sjónarmiði“ en „frá þjóðhagslegu sjónarmiði“ en fyrrnefnda

orðalagið þykir hafa víðtækari merkingu en hið síðarnefnda. Með tilvitnuðu orðalagi er við það miðað að við leyfisveitingar skuli taka mið af heildarhagsmunum samfélagsins.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna nýtt hugtak, jarðrænar auðlindir og tekur gildissvið frumvarpsins mið af því. Eins og greinir í orðskýringum 3. gr. merkir hugtakið í lögunum hvers konar jarðefni, frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við. Frumvarpið tekur til kolvetna í jörðu á landi, en lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis taka til kolvetni á hafsbotni utan netlaga. Þó er ástæða til að geta þess að undir hugtakið jarðrænar auðlindir og gildissvið laganna eru felldar hveraörverur sem strangt til tekið mætti halda fram að telja ætti sem lífrænar auðlindir. Þær verða þó vart taldar eiga sér samastað annars staðar í lögum og því er hagfellt að fjalla um þær í þessu samhengi.

Þá er í frumvarpinu við það miðað að vatnsföll teljist til jarðrænna auðlinda, eins og nánar er skilgreint í 3. gr. Af þessu leiðir að stjórnun þeirrar auðlindar sem felst í vatnsföllum fellur innan laganna. Meginreglan er því sú að leyfi Orkustofnunar þarf til þess að rannsaka og nýta vatnsföll. Stjórnsýsla vatnamála fellur því að hluta til undir frumvarpið, en allar reglur einkaréttarlegs eðlis er að finna í vatnalögum.

Um leit, rannsóknir og nýtingu auðlinda samkvæmt lögum þessum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram í frumvarpinu, enda leiðir það af eðli máls. Það ræðst því af ákvæðum þessara laga hverju sinni hvort einnig er skylt að afla leyfis, t.d. byggingar- eða framkvæmdaleyfis, leyfis Umhverfisstofnunar á friðlýstum svæðum, eða gera breytingu á aðalskipulagi, deiliskipulagi eða friðlýsingu áður en heimilt er að ráðast í framkvæmdir á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu jarðrænna auðlinda.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skilgreiningar. Sumar þeirra eru efnislega samhljóða þeim skilgreiningum sem fram koma í 2. gr. gildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þ.e. hugtökin eignarland, þjóðlendur, netlög, jarðefni, en aðrar sem skilgreiningar sem er að finna í gildandi lögum er skilgreindar með nokkuð öðrum hætti í frumvarpinu, þ.e. grunnvatn og jarðhiti. Þá hefur verið bætt við öðrum skilgreiningum sem ekki er að finna í gildandi lögum, þar á meðal skilgreiningum á orðum sem notuð eru í gildandi lögum en ekki skilgreind þar.

Um II. kafla.

Þessi kafli hefur einungis að geyma eina grein, sem tekur til eignarréttar að auðlindum. Hún kemur í stað 3. gr. gildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þar var staðfest sú regla, sem í raun hefur verið fylgt við túlkun eignarréttar, að eignarlandi fylgi réttur til auðlinda sem þar finnast. Með frumvarpi þessu er ekki stefnt að neinni efnisbreytingu frá reglu gildandi réttar.

Um III. kafla.

Kaflinn hefur að geyma reglur um leit að jarðrænum auðlindum. Markmiðið með ákvæðum um leit er fyrst og fremst það að tryggja nauðsynlegan aðgang væntanlegra handhafa rannsóknar- og nýtingarleyfa að því landi þar sem auðlindir finnast. Að meginreglu er út frá

því gengið að samið verði við viðkomandi fasteignareigendur um aðgang að landi til leitar að auðlindum. Ekki er þó tryggt að slíkir samningar náist og þykir því nauðsynlegt að heimila Orkustofnun að veita slíkt leyfi. Leit í skilningi þessa kafla felur í öllum tilvikum í sér forathugun, í einhverjum tilvikum nauðsynlegan undanfara rannsóknar samkvæmt IV. kafla. Það skal þó áréttað að leyfi til leitar er ekki nauðsynlegur undanfari rannsóknar- og nýtingar, sbr. IV. og V. kafla, og í eðli sínu ólíkt þeim leyfum. Þá skal jafnframt tekið fram að slíkt leyfi veitir engan forgang til rannsókna- og nýtingarleyfa. Leit í þessum skilningi hefur því aðra merkingu en leit í skilningi laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um skilyrði leitar að jarðrænum auðlindum. Í 1. mgr. er hnykkt á því að forræði á leit að jarðrænum auðlindum í eignarlöndum er á hendi viðkomandi fasteignareiganda, en um þjóðlendur fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl.

Í 2. mgr. kemur síðan fram að Orkustofnun geti heimilað leit að jarðrænum auðlindum í eignarlöndum fáist ekki samþykki fasteignareiganda. Slíkt leyfi yrði þó ekki veitt nema þess hefði fyrst verið freistað að afla slíks leyfis hjá viðkomandi fasteignareiganda. Ekki skiptir máli þó að eigandi auðlindar hafi sjálfur hafið leit eða heimilað það öðrum. Þá er tekið fram að leyfið þurfi að taka til skilgreinds svæðis og á grundvelli fyrir fram ákveðinna markmiða um rannsóknir og nýtingu. Þá skal áréttað að ævinlega þurfa málefnalegar ástæður og raunveruleg þörf að liggja til grundvallar leyfisveitingar samkvæmt þessari grein frumvarpsins.

Í 3. mgr. kemur fram að Orkustofnun sjálf hafi ákveðnar skyldur og réttindi til frumkvæðis í leit að jarðrænum auðlindum. Þannig getur Orkustofnun samkvæmt greininni haft frumkvæði að leit hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að eigandi auðlindar hafi sjálfur hafið leit eða heimilað það öðrum.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um heimild til að veita fleirum en einum aðila leyfi til leitar á sama landsvæði og í 5. mgr. er hnykkt á því að leyfi til leitar veiti ekki forgang til rannsóknar- eða nýtingarleyfis.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um málsmeðferð vegna veitingar leyfis til leitar og skýrir greinir sig sjálf.

Um IV. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins skiptist í þrjá hluta, þ.e. rannsóknir, nýtingu og ákvæði sem eru sameiginleg rannsóknum- og nýtingu. Þó skal tekið fram að sérstakt ákvæði um málsmeðferð verður að vera fyrir bæði rannsóknir og nýtingu, enda eru ólík sjónarmið að baki hvoru leyfi um sig. Við skoðun þessa kafla ber að hafa í huga, það sem fyrr greinir, sbr. og bráðabirgðaákvæði við frumvarpið, að tilhögun þessi er ekki í alla staði hugsuð til framtíðar. Því er gert ráð fyrir knöppum tímafrestum enda ótækt að binda hendur þeirrar þverpólitísku nefndar sem ætlað er að móta framtíðarstefnu á þessu sviði.

Um 7.–9. gr.

Þessar greinar koma að mestu í stað 4. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Rannsókn samkvæmt frumvarpinu felur í sér mat á stærð og legu auðlindar og sannprófun hennar. Rannsókn getur verið um tíu sinnum dýrari en leit og fer jafnan fram á litlum hluta leitarsvæðisins, þar sem mestar líkur eru taldar á vinnsluhæfri auðlind. Vegna kostnaðar rannsóknarinnar þarf sá sem hana kostar að njóta fyrirheits um forgangsrétt

til nýtingar ef til hennar kemur að rannsókn lokinni. Eigandi auðlindar þarf ekki leyfi Orkustofnunar til rannsóknar hvort sem hann rannsakar auðlindina sjálfur eða aðrir á hans vegum en vilji hann njóta forgangsréttar til nýtingar verður að afla sér rannsóknarleyfis. Hann á forgangsrétt að rannsóknarleyfi á auðlind sinni en óski hann ekki eftir að nýta þennan forgangsrétt getur Orkustofnun átt frumkvæði að rannsókn á auðlindinni eða auglýst eftir umsóknum um rannsóknarleyfi á auðlindinni og skiptir þá ekki máli þó að eigandi auðlindarinnar hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum. Rannsóknarleyfi veitir leyfishafa forgangsrétt til nýtingarleyfis í allt að tvö ár að loknum gildistíma þess og tryggir að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á sama svæði á gildistíma rannsóknarleyfis og forgangsréttar til nýtingar.

Um 10. gr.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins fær leyfishafi einkarétt til að rannsaka auðlindir á tilteknu svæði. Skal leyfi til rannsókna veitt til allt að 5 ára, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Það matsatriði hverju sinni til hversu langs tíma Orkustofnun skuli veita leyfi, en það viðmið er sett í greininni að miða skuli tímalengd leyfis við umfang rannsókna og eðli auðlindar.

Um 11. gr.

Hér er að finna fyrirmæli um málsmeðferð við veitingu rannsóknarleyfis. Í 1. mgr. er sérstaklega tekið fram að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum skuli veitt á grundvelli umsóknar sem metin skuli á hlutlægan og gagnsæjan hátt. Þá skal tekið tilliti til 17. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um auglýsa skuli eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum. Með orðunum „hlutlægan“ og „gagnsæjan“ hátt er við það miðað að sjónarmiðin sem liggja að baki veitingu leyfisins séu kynnt umsækjendum fyrir fram. Er gert ráð fyrir því að þessum sjónarmiðum verði gerð skil í auglýsingu skv. 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram að við veitingu rannsóknarleyfis skuli einkum taka mið af því hvernig framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði um að ná sem mestum og bestum upplýsingum um stærð og eðli auðlindarinnar á sem hagkvæmastan hátt. Skoða verður þessa málsgrein í samhengi við 1. mgr.

Í 3. mgr. er heimild til handa Orkustofnun að synja um rannsóknarleyfi eða setja sérstök skilyrði í leyfi af þessum sökum. Slík synjun getur einungis byggt á því að umsækjandi um leyfi uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. ákvæðisins.

Í 4. mgr. kemur fram að ef tvær eða fleiri umsóknir berist, sem Orkustofnun telur jafngóðar, skuli elsta umsóknin ganga fyrir.

Í 5. mgr. er svo fyrir mælt að áður en leyfi er veitt skuli leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar en þegar umsókn varðar rannsóknir auðlinda í netlögum sjávar skuli leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytisins.

Loks er í 6. mgr. reglugerðarheimild.

Um 12. gr.

Þessi grein að mestu sama efnis og 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þó er með skýrari hætti tekið fram að til þess að eigandi auðlindar (oftast fasteignareigandi) öðlist forgang til nýtingarleyfis vegna auðlindar í eignarlandi sínu verði hann að hafa öðlast forgangsrétt með rannsóknarleyfi.

Um 13. gr.

Í greininni ræðir um tímalengd nýtingarleyfis. Gerður er greinarmunur annars vegar á nýtingarleyfi vatnsfalla og hins vegar á nýtingarleyfi annarra jarðrænna auðlinda en vatnsfalla. Ástæða þess er sú að vatnsaflsvirkjunum er almennt ætlaður nokkuð langur endingartími, sem gera verður ráð fyrir að tekið hafi verið mið af í raforkuvinnslu. Skv. 1. mgr. verður tímalengd nýtingarleyfis vatnsfalla allt að 60 ár, en tímalengd nýtingarleyfis annarra jarðrænna auðlinda allt að 30. Í báðum tilvikum er heimilt að framlengja nýtingarleyfið, hafi forsendur leyfisveitingar ekki breyst, en þó ekki lengur en til 30 ára. Þannig getur nýtingarleyfi fyrir vatnsfall orðið lengst 90 ár, en nýtingarleyfi annarra jarðrænna auðlinda 60 ár. Þá er gengið út frá því í greininni að framlengja skuli leyfi, hafi forsendur leyfisveitingar ekki breyst.

Við 1. mgr. hefur verið bætt því þýðingarmikla nýmæli að hafi nýtingarleyfishafi ekki hafið nýtingu á grundvelli leyfisins innan tveggja ára frá útgáfu þess eða sótt um virkjanaleyfi innan þeirra tímamarka þá falli leyfið úr gildi. Vakin er athygli á því að hér er beinlínis vísað til virkjanaleyfis samkvæmt raforkulögum og þess þannig freistað að skapa samræmi og samfellu auðlindalaga og raforkulaga í tilviki nýtingar vatnsorku og jarðhita við raforkuframleiðslu.

Í 2. mgr. kemur fram að stöðvi leyfishafi vinnslu samfellt í 3 ár falli leyfið niður að þeim tíma liðnum. Hljóti annar aðili nýtingarleyfið ber honum að halda samkomulag og samninga sem fyrri leyfishafi gerði skv. 18. og 19. gr. og kaupa þau mannvirki sem notuð eru við vinnslu úr auðlindinni. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um málsmeðferð við veitingu nýtingarleyfis. Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að auglýsa skuli eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á auðlindum í eigu ríkisins eða þjóðarinnar. Einnig má auglýsa eftir umsóknum til rannsókna og nýtingu auðlinda í einkaeign ef eigandi auðlindar hefur ekki áhuga á að nýta forgangsrétt sinn til nýtingar. Meta skal umsóknir um nýtingarleyfi á hlutlægan og gagnsæjan hátt. Í auglýsingu eftir umsóknum um nýtingarleyfi skal geta þeirra viðmiða sem notuð verða við mat á umsóknum. Auk þessa gerir greinin ráð fyrir því að sjónarmið sjálfbærrar þróunar verði notuð við veitingu nýtingarleyfa. Í því sambandi er vert að minna á að auðlindum er skipt í tvo flokka eftir eðli þeirra. Annars vegar eru endurnýjanlegar auðlindir sem hafa þann eiginleika að þær endurnýja sig í sífellu. Dæmi um slíkar auðlindir eru t.d. fiskistofnarnir í hafinu og orkulindirnar jarðhiti og vatnsorka. Hin tegund auðlinda eru endanlegar auðlindir, en slíkar auðlindir endurnýja sig ekki. Dæmi um endanlegar auðlindir eru t.d. gull, olía og möl. Vinnsla úr endanlegum auðlindum hefur óhjákvæmilega í för með sér að auðlindin minnkar með vinnslu. Þó að endurnýjanlegar auðlindir séu í stöðugri endurnýjun þarf að taka mið af endurnýjunarhraðanum við ákvörðun á nýtingarhraða auðlindarinnar. Ef hægt er að viðhalda ákveðinni nýtingu auðlindar í mjög langan tíma (hundruð ára) er talað um að nýting auðlindarinnar sé sjálfbær. Ef nýtingarhraðinn er á hinn bóginn mun meiri en endurnýjunarhraði auðlindarinnar gengur dæmið ekki upp og fyrr eða síðar kemur að því að áhrif vinnslunnar á auðlindina eru orðin það slæm að breyta verður vinnslunni eða jafn vel að hætta vinnslu í einhvern tíma. Sem dæmi má nefna að sé veiði úr fiskistofni í langan tíma meiri en nýliðun hans getur það leitt til hruns fiskistofnsins.

Þegar sagt er í greininni að við veitingu nýtingarleyfis skuli einkum horft til þess að nýting endurnýjanlegra orkulinda sé sjálfbær og varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda, verður að hafa tvennt í huga. Annars vegar að endurnýjanlegar auðlindir verði nýttar

þannig að nýtingin hafi ekki skaðleg áhrif á auðlindina og að hægt sé að viðhalda sömu nýtingu í hundruð ára. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að tillit verði tekið til komandi kynslóða með því að takmarka vinnslu úr óendurnýjanlegum auðlindum. Þá eru einnig ákvæði í greininni um að tillit verði tekið til þeirrar auðlindanýtingu sem fyrir er á vissu landsvæði þegar vinnsla á nýrri auðlind er hafin á sama landsvæði. Heimilt er að hafna öllum umsóknum ef Orkustofnun telur að umsóknir uppfylli ekki þær kröfur sem greinin setur eða ef nýtingin er ekki talin samrýmast markmiðum laganna. Orkustofnun getur einnig sett sérstök skilyrði fyrir veitingu nýtingarleyfis og skulu skilyrðin þá tilgreind sérstaklega í nýtingarleyfinu.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skuli koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um umfang, eðli og tímasetningu fyrirhugaðra framkvæmda umsækjanda eftir ákvörðun Orkustofnunar. Einnig skuli því lýst í umsókn með hvaða hætti skilyrði 11. og 14. gr. eru uppfyllt. Það fer eftir atvikum hvað upplýsingar er nauðsynlegt að komi fram í umsókn um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Ákvörðun Orkustofnunar að þessu leyti tekur mið af þeirri auðlind sem um er að ræða. Í 16. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er að finna sambærilega reglu nema hvað Orkustofnun kemur í stað ráðherra, auk þess sem reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra hefur verið bætt við frumvarpsgreinina.

Um 16. gr.

Hér eru tilgreind þau efnisatriði sem ávallt þarf að tiltaka í rannsóknar- og vinnsluleyfum. Upptalningin er ekki tæmandi heldur tekur hún mið af helstu almennum atriðum sem ávallt þurfa að vera til staðar í leyfi. Að öðru leyti verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvað eigi að koma fram í leyfinu.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru reglur um það að auglýsa skuli eftir umsóknum um leyfi til rannsókna og nýtingar á auðlindum á tilteknum svæðum. Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram sú meginregla að auglýsa skuli eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum á eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum, en undantekning er gerð frá reglunni í 3. mgr. Rétt þykir að miða við þessa meginreglu þegar um er að ræða jarðrænar auðlindir á eignarlöndum ríkisins og þjóðlendur, sem eru landsvæði á forræði íslenska ríkisins. Ákvæðinu er því bæði ætlað að tryggja að rannsóknir og nýting auðlinda sé með sem hagkvæmustum hætti, auk þess að tryggja jafnræði borgaranna. Samkvæmt 2. málsl. hefur Orkustofnun heimild til að auglýsa eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á auðlindum á landi og í jörðu í eignarlöndum annarra en ríkisins lýsi eigandi auðlindar því yfir að hann muni ekki nýta forgangsrétt sinn til rannsóknarleyfis. Hér er ekki um að ræða neina skyldu, en engu að síður þykir skynsamlegt að Orkustofnun hafi þessa heimild. Þessa heimild verður að skoða í samræmi við aðrar heimildir stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu skv. III. og IV. kafla, en gengið er út frá því að Orkustofnun geti veitt leyfi til leitar, rannsókna og nýtingar á eignarlöndum annarra en ríkisins. Hins vegar er fasteignareiganda bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna slíkrar leyfisveitingar stofnunarinnar, sbr. 35. gr. frumvarpsins, auk þess sem í 36. gr. er að finna eignarnámsheimild til handa iðnaðarráðherra vegna nýtingarleyfis í eignarlandi aðila sem nýtir ekki auðlindina sjálfur.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að í auglýsingu skuli tilgreina til hvaða svæða rannsóknarleyfi tekur. Við það er miðað að í auglýsingu verði gerð grein fyrir helstu skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu leyfis. Einungis er unnt að geta skilmála almenns eðlis í auglýsingu. Ekki verður gengið frá endanlegum skilmálum leyfis fyrr en að loknum viðræðum við þann sem fær rannsóknarleyfi á viðkomandi svæði. Þá segir að umsóknarfrestur skuli ekki vera skemmri en 60 dagar. Loks kemur fram sú regla í 4. málsl. að beri þessi auglýsing ekki árangur megi auglýsa að svæði sé opið til rannsókna og rannsóknarleyfi verði veitt þeim sem fyrstur sækir um að loknum tilgreindum tímafresti og telst til þess hæfur.

Í 3. mgr. kemur fram sú undantekning að heimilt sé að veita leyfi til rannsókna og nýtingar á svæði sem hefur ekki verið auglýst skv. 1. og 2. mgr. greinarinnar. Áður en slíkt leyfi er veitt skal birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaðinu og gefa öðrum kost á að sækja um þetta leyfi. Hér er um að ræða sams konar reglu og 4. málsl. 3. mgr. felur í sér. Hún er undantekning frá þeirri meginreglu að auglýsa skuli svæði opin til rannsókna og nýtingar. Með þessum hætti er Orkustofnun heimilt að birta tilkynningu um að leyfi verði veitt fyrsta umsækjanda sem uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu leyfis án undangenginnar auglýsingar.

Samkvæmt 4. mgr. er Orkustofnun heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi. Nauðsynlegt er að hafa þessa heimild, enda kynni engin þeirra umsókna sem berast um leyfi til rannsókna þyki fullnægjandi að mati Orkustofnunar.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar kemur í stað 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en er ekki að öllu leyti hin sama. Þar kemur fram að hafi eigandi auðlindar sjálfur látið rannsaka auðlind sínar eða heimilað það öðrum en ekki verið veitt leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind getur eigandi auðlindar eða sá sem kostaði rannsóknirnar krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna. Efnislega sama ákvæði er að finna í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar að því er varðar aðra rannsóknarleyfishafa en um ræðir í 1. mgr.

Um ákvæði 1. og 2. mgr. er það að segja að ekki er sjálfgefið í öllum tilvikum að handhafi rannsóknarleyfis eða eigandi auðlindar, eða sá sem eigandi hefur heimilað rannsóknir, fái nýtingarleyfi á því svæði sem hann hefur rannsakað. Af þeim sökum þykir regla þessi nauðsynleg. Við mat á endurgjaldi til handa eiganda rannsóknanna er um tvennt að velja. Annars vegar endurgreiðslu á sannanlegum kostnaði og hins vegar markaðsvirði rannsóknanna. Vera kann að rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðkomandi svæði hafi markaðsvirði. Sanngjarnt og eðlilegt þykir, m.a. með hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrárinnar, að í þeim tilvikum beri að greiða eiganda rannsóknanna það verð sem fæst á markaði. En þó svo að ekki sé neinn markaður fyrir rannsóknir af þessu tagi eru hagsmunir eiganda þeirra ávallt varðir með því að ávallt ber að greiða honum sannanlegan kostnað sem hann hefur haft af rannsóknunum. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna, eins og fram kemur í 2. málsl. 2. mgr.

Fram kemur í 3. mgr. að einnig beri nýtingarleyfishafa að endurgreiða Orkustofnun sannanlegan kostnað ríkisins vegna rannsókna á auðlindinni gegn aðgangi að niðurstöðum þeirra. Sá munur er á þessari efni 3. mgr. og 1.–2. mgr. að ekki er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti krafist markaðsvirðis rannsókna, heldur einungis raunverulegs kostnaðar sem stofn-

unin hefur haft af rannsóknunum. Rísi ágreiningur um greiðslu nýtingarleyfishafa fyrir rannsóknir ofangreindra aðila skal skorið úr því með mati.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, að öðru leyti en því að tímafrestir hafa verið lengdir.

Um 20. gr.

Í greininni ræðir um afturköllun rannsóknar- og nýtingarleyfis. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Um V. kafla.

Þessi kafli fjallar um undantekningar frá þeim reglum sem að framan greinir í tilviki einstakra auðlinda frá núgildandi lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 21. gr.

Greinin kemur í stað 8. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en efnistaka, nema minni háttar efnistaka eiganda eða umráðamanns til eigin nota, er háð framkvæmdaleyfi samkvæmt náttúruverndarlögum og skipulags- og byggingarlögum.

Um 22. gr.

Greinin kemur í stað 10. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sú breyting er gerð frá tilvitnuðu lagaákvæði að ekki er lengur sett það skilyrði að hagnýting jarðhitans sé til heimilis- og búsþarfa, þ.m.t. ylræktar, iðnaðar og iðju, svo fremi hagnýtingin sé ekki meiri en 3,5 MW miðað við vermi sem alls er tekið úr jarðhitaauðlindum í eignarlandinu. Þá er sett skilyrði um tilkynningarskyldu hagnýtingarinnar til Orkustofnunar og skyldu til að senda stofnuninni árlega skýrslu um raunverulega notkun. Þessi heimild eiganda auðlindar er mjög rúm. Hún svarar til um 8 l/s af 100°C vatni sem duga mundu til upphitunar um 50 einbýlishúsa. Markið er sett svo hátt til þess að hlífa málsaðilum við óþarfa skrifræði vegna minni háttar nýtingar en þó er æskilegt að skýrsla sé gefin um raunverulega notkun svo að yfirlit fáist um nýtingu auðlindarinnar.

Um 23. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 22. gr. frumvarpsins og áður er lýst. Er fasteignareiganda heimilt að hagnýta grunnvatn án leyfis til heimilis- og búsþarfa, þ.m.t. til fiskeldis, iðnaðar og iðju innan eignarlands, allt að tilteknum mörkum sem lagt er til að verði 10 sekúndulítrar. Í 14. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er miðað við 70 sekúndulítra. Sú viðmiðun er óþarflega há og mundi duga sem nytjavatn fyrir 600 manna byggð.

Um 24. gr.

Þessi grein fjallar um vatnsorku. Í núgildandi lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er að ekki að finna nein fyrirmæli um vatnsorku, en ákvæði þess efnis hafa verið í vatnalögum, nr. 15/1923. Í frumvarpi þessu er byggt á þeirri meginreglu að leyfi Orkustofnunar þurfi til þess að nýta allar jarðrænar auðlindir, þ.m.t. vatnsorku. Er það í samræmi við þann tilgang laganna að Orkustofnun hafi með höndum stjórnun allra jarð-

rænna auðlinda, hverju nafni sem þær nefnast. Í frumvarpi til vatnalaga sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er tekið tillit til þessa.

Greinin felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu frumvarpsins að leyfi Orkustofnunar þurfi til þess að hagnýta jarðrænar auðlindir. Er við það miðað að fasteignareiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta vatnsorku í eignarlandi sínu, allt að 350 kW rafafls. Heimildin er rúm. Venjulegu heimili duga 15 kW. Æskilegt þykir hins vegar að hlífa málsaðilum við óþarfa skrifræði vegna minni háttar nýtingar. Samt er æskilegt að skýrsla sé gefin um raunverulega notkun svo að yfirlit fáist um nýtingu auðlindarinnar.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla, sem er aðeins ein grein, 25. gr. frumvarpsins, ræðir um forgangsrétt sveitarfélags til nýtingarleyfis vegna jarðhita og nytjavatns. Þessi ákvæði voru áður í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla ræðir um stjórnsýslu. Kaflanum er skipt í tvennt, annars vegar eftirlit og úrræði og hins vegar skyldur leyfishafa og landeigenda.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um stjórnsýslu og málskotsrétt aðila. Í 1. mgr. kemur fram að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum, en í 2. mgr. segir að stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 27. gr.

Í greininni kemur fram að Orkustofnun annist eftirlit með framkvæmd laganna og að stofnunin gefi iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd þeirra. Greinin kemur í stað 21. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Henni hefur þó verið breytt þannig að Orkustofnun annist afdráttarlaust eftirlit með allri starfsemi sem falla undir lögin. Með sama hætti og verið hefur gefur stofnunin iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd laganna. Þó er ekki gengið út frá því að ráðherra setji reglugerð um innihald slíkrar skýrslu, enda hlýtur efni hennar að ráðast af atvikum hverju sinni.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um eftirlitsheimildir Orkustofnunar. Telja verður nauðsynlegt að stofnunin hafi rúmar heimildir til þess að sinna eftirliti sínu með framkvæmd laganna. Í gildandi lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er ekki að finna nægilega rúmar heimildir stofnuninni til handa til þess að sinna hlutverki sínu. Orkustofnun getur gert sérstakar kannanir að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga annarra. Orkustofnun fær ríkar rannsóknarheimildir verði frumvarpið að lögum. Við það ber að miða að Orkustofnun beiti eins hóflegum aðferðum og kostur er við eftirlit sitt. Hins vegar verður stofnunin að geta gripið til vettvangskannana ef sérstakar ástæður krefjast þess, svo sem ef ætla má að upplýsingum sé haldið frá stofnuninni.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti krafið leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur.

Í 2. mgr. segir að Orkustofnun geti í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um úrræði Orkustofnunar í eftirlitsstarfsemi sinni. Greinin skýrir sig sjálf.

Um 30. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um gagnagrunn Orkustofnunar um auðlindir þar sem varðveitt verða gögn sem Orkustofnun hefur aflað eða látið afla með leit, rannsóknum og eftirliti, auk þeirra gagna sem henni berast með skylduskilum frá öðrum sem vinna að leit, rannsókn eða nýtingu auðlinda. Gert er ráð fyrir að gögn í þessum grunni verði gerð öllum opin og aðgengileg, en sum gögn geta þó verið bundin trúnaði um takmarkaðan tíma.

Um 31. gr.

Greinin er að mestu sama efnis og 23. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 1. mgr. er þó lagt til að þagnarskyldan gildi ekki á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, svo sem meginregla gildandi laga gerir ráð fyrir. Ekki þykir ástæða til að þagnarskylda af þessu tagi gildi eftir að nýtingarleyfi hefur verið veitt, enda hefur handhafi leyfisins þá ekki lengur sérstaka hagsmuni af því að upplýsingarnar fari leynt. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 23. gr. núgildandi laga.

Um 32. gr.

Greinin er sama efnis og 1. mgr. 35. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Hún kveður á um upplýsingaskyldu rannsóknar- og nýtingarleyfishafa. Mælt er fyrir um almenna upplýsingaskyldu þessara aðila gagnvart Orkustofnun. Gert er ráð fyrir að eigi sjaldnar en árlega á meðan á leyfistíma stendur og auk þess í lok hans verði Orkustofnun send skýrsla um framvindu mála. Til leiðbeiningar eru í ákvæðinu talin upp helstu atriði sem greina skal frá í skýrslunni, en heimilt er að kveða á um fleiri atriði í viðkomandi leyfi. Auk þess er Orkustofnun heimilt að óska eftir sýnum. Með sýnum af jarðefnum er bæði átt við jarðefnasýni og vatnssýni. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstakt ákvæði um jarðboranir í almennum lögum um auðlindir, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 22. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en sú grein er að hluta byggð á ákvæðum 52. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 33. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 26. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 34. gr.

Þessi grein kemur í stað 27. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 1. mgr. kemur fram sú regla að þegar ein og sama auðlind nær til tveggja eða fleiri landareigna er auðlindin sameign landeigenda. Áður en nýting hefst úr slíkri auðlind skulu eigendur gera með sér samning um hlutfallslegan rétt hvers og eins til nýtingar á auðlindinni.

Í 2. mgr. segir að komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar skuli afla mats dómkvaddra matsmanna.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru hefðbundin eignarnáms- og bótaákvæði.

Um 35. gr.

Greinin er sama efnis og 28. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nema að því leyti að Orkustofnun er leyfisveitandi en ekki iðnaðarráðherra.

Um 36. gr.

Greinin kemur í stað 29. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Rétt er að taka fram að felld hefur verið á brott sérstök eignarnámsheimild 3. mgr. 29. gr. tilvitnaðra laga til handa sveitarfélögum. Sú heimild þykir alltof of víðtæk og ekki styðjast við gild efnisleg rök.

Hvað varðar 1. mgr. greinarinnar er vakin sérstök athygli á því að gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra heimili eignarnám en framkvæmi það ekki sjálfur. Þykir það í betra samræmi við gildandi rétt. Þá er sérstaklega tekið fram að ávallt skuli þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur, en hér er m.a. höfð hliðsjón af Hrd. 1998, 985.

Ákvæði 2. og 3. mgr. greinarinnar er hin sömu og 2. og 4. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1998, en hið síðastnefnda á sér m.a. fyrirmynd í 12. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Loks er 4. mgr. greinarinnar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þá hefur verið aukið við efni hennar með því að árétta að við ákvörðun eignarnámsbóta skuli koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum, en sú regla er í samræmi við réttarframkvæmd.

Um 37. gr.

Í þessari grein þykir til áréttingar ástæða til að taka fram að þar sem skera verður úr ágreiningi með mati dómkvaddra matsmanna fari um dómkvaðningu, þ.m.t. kostnað af mati, samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Um IX. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman ýmsum ákvæðum, þ.e. um yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu, framsal leyfa, reglugerðarheimild, viðurlögum og gildistöku frumvarpsins.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 32. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nema að því leyti að Orkustofnun kemur í stað ráðherra.

Um 39. gr.

Greinin er sama efnis og 33. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 40. gr.

Greinin er sama efnis og 35. gr. núgildandi laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt þeim má ákvarða lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans. Ekki standa rök til þess að breyta því, enda getur reynst erfitt að sanna að skilyrði refsiábyrgðar séu fyrir hendi ef um refsiábyrgð lögaðila væri vísað til II. kafla A almennra hegningarlaga. Með vísan til þessa er lagt til að viðurlagaákvæði gildandi laga verði óbreytt í þessu frumvarpi. Rétt er að taka fram að viðurlagaákvæði þetta ber að túlka til samræmis við ákvæði II. kafla A almennra hegningarlaga.

Í fyrsta lagi verður fésekt ákveðin með hliðsjón af almennum hegningarlögum, m.a. 51. gr. sem mælir svo fyrir að þegar fjárhæð sektar er ákveðin skuli eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

Í öðru lagi verður hugtakið lögaðili í viðurlagaákvæði frumvarpsins túlkað með hliðsjón af 19. gr. b almennra hegningarlaga, enda engin sérregla lögð til í frumvarpinu, en í greinargerð með 19. gr. b segir að gildandi sérrefsilagaheimildir um refsiábyrgð lögaðila verði skýrðar til samræmis við ákvæðið þannig að refsiábyrgðin taki til þeirra lögaðila sem ákvæðið afmarkar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í sérrefsilögunum.

Í þriðja lagi skal tekið fram að öfugt við 19. gr. a og 19. gr. b verður 19. gr. c ekki beitt um tilvik sem falla undir viðurlagaákvæði frumvarps þessa. Um það vísast til þess sem áður segir, að viðurlagaákvæði frumvarpsins miðar við hlutræna refsiábyrgð lögaðila. Heimilt er að víkja frá að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því skilyrði að staðreynt hafi verið að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður lögaðilans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Um þetta segir í athugasemdum við 19. gr. c í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 140/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, að ákvæði um slík frávik verði þó að vera skýr. Þannig sé t.d. ekki gert ráð fyrir því að ákvæðið felli úr gildi sérrefsilagaákvæði um að gera megi lögaðila fésekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Af þessum ummælum er ljóst að viðurlagaákvæði frumvarpsins stenst fyllilega kröfur almennra hegningarlaga.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Ástæðan er sú að verði þetta frumvarp að lögum er ráðgert að nýtingarleyfi sé forsenda nýtingar allra jarðrænna auðlinda. Því verður að teljast nauðsynlegt að umsækjandi virkjunarleyfis hafi gilt nýtingarleyfi vegna viðkomandi auðlindar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

Um ákvæði til bráðabirgða I, II og III.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa, en um forsendur bráðabirgðaákvæðis II vísast sérstaklega til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að mæla fyrir um eignarréttarlega stöðu auðlinda í jörðu. Lagðar eru til breytingar á gildandi lögum sem einfalda leit að jarðrænum auðlindum án þess að til komi útgáfa rannsóknar- og/eða nýtingarleyfis. Frumvarpið kemur í stað laga nr. 57/1998. Í frumvarpinu er ákvæði til bráðabirgða um að við gildistöku laganna skipi iðnaðarráðherra nefnd. Nefndinni er ætlað að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna. Nefndinni er einnig ætlað að marka framtíðarstefnu í nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Kostnaður við nefndina er áætlaður samtals 12,5 m.kr., en hann skiptist á tvö ár. Þar af eru 7 m.kr. vegna sérfræðings í eitt og hálft ár, aðkeypt sérfræðiþjónusta er 5 m.kr. og um 0,5 m.kr. fara til nefndarlauna og til að greiða annan fundarkostnað. Ráðgert er að 7,5 m.kr. komi til greiðslu 2005 og 5 m.kr. 2006.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að framangreindur kostnaður rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

460. Frumvarp til laga [375. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.350 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 150 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 12.700 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.900 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 3. mgr. kemur: 6.300 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.900 kr.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.900 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.700 kr.

c. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 3. mgr. kemur: 6.300 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „10.300 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.350 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „35.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 38.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.700 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 2. mgr. kemur: 18.900 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 2. mgr. kemur: 6.300 kr.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 6.300 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 1.350 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.350 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.550 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.900 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.500 kr.
b. 22. tölul. 1. mgr. orðast svo: Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), skipulagsfræðinga, raffræðinga og tölvunarfræðinga.
c. Á eftir 25. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Leyfi til niðurjöfnunar sjótjóns.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.100 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 2., 3., 4. og 6. tölul. kemur: 110.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 7. tölul. kemur: 55.000 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 8. tölul. a kemur: 110.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 8. tölul. b kemur: 55.000 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 55.000 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 10.–13. tölul. kemur: 110.000 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 14., 17. og 20. tölul. kemur: 55.000 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 15. tölul. kemur: 11.000 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 18. tölul. kemur: 5.500 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „20.000 kr.“ í 21. tölul. kemur: 22.000 kr.

l. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 22. tölul. kemur: 16.500 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 23. og 24. tölul. kemur: 3.300 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 27., 35. og 36. tölul. kemur: 110.000 kr.
o. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 28. tölul. kemur: 16.500 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 33.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 30. tölul. kemur: 5.500 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 55.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 32. tölul. a kemur: 110.000 kr.
t. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 32. tölul. b kemur: 330.000 kr.
u. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 33. og 34. tölul. kemur: 27.500 kr.
v. 37. og 38. tölul. falla brott.
w. Í stað fjárhæðarinnar „80.000 kr.“ í 39. tölul. kemur: 88.000 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „96.000 kr.“ í 40. tölul. a kemur: 106.000 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „160.000 kr.“ í 40. tölul. b kemur: 176.000 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „224.000 kr.“ í 40. tölul. c kemur: 246.000 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 41. tölul. a kemur: 3.300 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „22.000 kr.“ í 41. tölul. b kemur: 24.200 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „44.000 kr.“ í 41. tölul. c kemur: 48.400 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „66.000 kr.“ í 41. tölul. d kemur: 72.600 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 41. tölul. e kemur: 121.000 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 43. tölul. a kemur: 55.000 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 43. tölul. b kemur: 33.000 kr.
hh. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 43. tölul. c kemur: 11.000 kr.
ii. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 45.–49. tölul. kemur: 5.500 kr.
jj. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 50. tölul. kemur: 1.350 kr.
kk. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 51. tölul. a kemur: 27.500 kr.
ll. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr.“ í 51. tölul. b kemur: 2.750 kr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 3.300 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 5.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 27.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 16.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 6. og 7. tölul og 10.–16. tölul. kemur: 3.300 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „6.000 kr.“ í 8. og 9. tölul. kemur: 6.600 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 17. og 18. tölul. kemur: 5.500 kr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „150.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 165.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „75.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 82.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 165.000 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „40.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 44.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 55.000 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. tölul. kemur: 5.500 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „75.000 kr.“ í 7. tölul. kemur: 82.500 kr.

h. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. tölul. kemur: 1.100 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „60.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 66.000 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 10. tölul. kemur: 33.000 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 11. tölul. kemur: 5.500 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 12. tölul. kemur: 4.400 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 13. tölul. kemur: 550 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 14. og 15. tölul. kemur: 11.000 kr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 1. tölul. a kemur: 5.100 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „9.200 kr.“ í 1. tölul. b kemur: 10.100 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 1. tölul. c kemur: 2.550 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.700 kr.“ í 2. tölul. a kemur: 1.900 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.400 kr.“ í 2. tölul. b kemur: 3.750 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „850 kr.“ í 2. tölul. c kemur: 950 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 3. tölul. a kemur: 5.100 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „9.200 kr.“ í 3. tölul. b kemur: 10.100 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „1.700 kr.“ í 3. tölul. c kemur: 1.900 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „3.400 kr.“ í 3. tölul. d kemur: 3.750 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „2.800 kr.“ í 4. tölul. a kemur: 3.100 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 4. tölul. b kemur: 2.200 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 3.000 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „1.800 kr.“ í 7. tölul. kemur: 3.000 kr.
o. 8. tölul. orðast svo: Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga) 3.000 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 9. og 10. tölul. kemur: 3.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „2.400 kr.“ í 10.–12. tölul. kemur: 3.000 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 13. tölul. kemur: 3.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „80 kr.“ í 13. tölul. kemur: 90 kr.
t. 14. og 15. tölul. falla brott.
u. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 16. tölul. kemur: 5.100 kr.
v. Í stað fjárhæðarinnar „2.800 kr.“ í 17. tölul. kemur: 3.100 kr.
w. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 18. og 19. tölul. kemur: 2.550 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 20.–22. tölul. kemur: 1.350 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „900 kr.“ í 23. tölul. kemur: 1.000 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 24. tölul. kemur: 1.350 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 25. tölul. kemur: 550 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 26. tölul. kemur: 4.400 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 27. tölul. kemur: 1.350 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 28. tölul. kemur: 3.900 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 2.200 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 30. tölul. kemur: 1.100 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 5.500 kr.

14. gr.

Við VIII. kafla laganna, **Ýmis vottorð og leyfi,** bætist ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:
Greiða skal 1.500 kr. fyrir númeraplötur á bifreiðar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 3.300 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3.900 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 5.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 11.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5. tölul. a kemur: 3.300 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „7.500 kr.“ í 5. tölul. b kemur: 8.300 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „37.500 kr.“ í 5. tölul. c kemur: 41.500 kr.

16. gr.

1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna verður svohljóðandi: Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða, fraktskip og íslensk fiskiskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipin eiga að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 1. mgr. kemur: 150 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.100 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „400 kr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 450 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „350 kr.“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: 400 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: 1.100 kr.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögu að hækkun margvíslegra gjalda sem flest hver hafa haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 1997 eða lengur. Lagt er til að gjöldin hækki um 10% að jafnaði, þó þannig að fjárhæð þeirra standi, eftir atvikum, á hálfu eða heilu hundraði. Til samanburðar má nefna að vísitala neysluverðs hefur hækkað um tæplega 34% frá árinu 1997 til áætlaðs meðalverðlags á mælikvarða neysluvísitölu fyrir árið 2005. Þessi hækkun er í takt við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 og er talin skila um 200 millj. kr. á ársgrundvelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–8. gr.

Um er að ræða hækkun á umræddum gjöldum í takt við forsendur fjárlagafrumvarps, sbr. almennar athugasemdir.

Um 9. gr.

Um breytingar á fjárhæðum er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Jafnframt er lögð til breyting á 22. tölul. þessarar greinar þannig að unnt sé að taka gjald fyrir löggildingu á starfsheiti tölvunarfræðinga eða breyttu nafni arkitekta á framangreindum sérsviðum vegna breytinga á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með lögum nr. 4/2000 og 147/2002.

Þá er lagt til að bætt verði við nýjum tölulið í 1. mgr. greinarinnar sem kveður á um að fyrir leyfi til niðurjöfnunar sjótjóns beri að greiða 5.000 kr., eins og fyrir önnur atvinnuréttindi og tengd réttindi. Þessi stétt manna sem annast niðurjöfnun sjótjóna hér á landi er fámenn og í hópinn bætist u.þ.b. einn nýr á 10–15 ára fresti. Störfin eru hins vegar mikilvæg og krefjast sérnáms og sérþekkingar. Eðlilegt þykir því að slíkir menn hljóti löggildingu til starfans, enda er kveðið á um löggildingu þeirra í lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Um 10. gr.

Um breytingar á fjárhæðum er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Þá er lagt til að 37. og 38. tölul. falli brott. Skýring þess er sú að með fjarskiptalögum, nr. 81/2003, er sú breyting gerð að fjarskiptafyrirtæki þurfa ekki að sækja um sérstakt rekstrarleyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets heldur er þeim eingöngu gert að tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar og hafa þá almenna heimild til reksturs fjarskiptanets og fjarskiptaþjónustu án sérstakrar leyfisveitingar. Gjaldtökuheimildir í 37. og 38. tölul. 11. gr. laganna eru því óþarfar.

Um 11.–13. gr.

Um breytingar á fjárhæðum er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Jafnframt er lagt er til að gjald fyrir skráningu erlendra félaga, í 3. tölul. 13. gr. laganna, verði hækkað til samræmis við gjald fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga. Gjaldið fyrir skráningu erlendra félaga er í dag 50.000 kr. en verður 165.000 kr. eftir breytingu. Rökin fyrir þessari samræmingu eru þau að sér vinna er af skráningu erlendra félaga, eins og t.d. Evrópufélaga (evrópskra hlutafélaga), og ekki minni en við skráningu innlendra hlutafélaga.

Á grundvelli Schengen-samstarfsins hefur Ísland gengist undir skuldbindingar að því er varðar útgáfu vegabréfsáritana, en eins og kunnugt er gildir vegabréfsáritun til Íslands sem vegabréfsáritun á öllu Schengen-svæðinu. Reglur um útgáfu og gjaldtöku fyrir vegabréfsáritanir eru því samræmdar í öllum aðildarríkjum Schengen-samstarfsins. Nýverið var ákveðið að gera breytingar á gjaldtöku við umsókn um vegabréfsáritun sem felur í sér að fyrir allar útgáfur vegabréfsáritana skuli tekið sama gjald sem er samkvæmt þeirri ákvörðun 35 evrur sem nú eru um 3.000 íslenskar krónur. Með hliðsjón af framangreindum skuldbindingum er nauðsynlegt að gera breytingar á 5.–13. tölul. 14. gr. laganna og fella brott 14. og 15. tölul.

Um 14. gr.

Á undanförnum árum hafa tekjur af framleiðslu og sölu númeraplatna á bifreiðar fjármagnað hluta af rekstrarkostnaði Fangelsismálastofnunar. Tekjurnar ráðast fyrst og fremst af fjölda nýskráninga á ári hverju og hafa því sveiflast töluvert milli ára í takt við bifreiðainnflutning. Fyrirkomulag þessarar tekjuöflunar hefur þannig valdið töluverðum sveiflum í afkomu Fangelsismálastofnunar á undanförnum árum og verið fremur óheppilegt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessu fyrirkomulagi verði breytt á þá leið að söluverð númeraplatna frá Fangelsismálastofnun til Umferðarstofu verði lækkað verulega þannig að tekjurnar verði ekki umfram tilkostnað við framleiðsluna. Með þessu móti má gera ráð fyrir að hlutdeild sértekna í fjármögnun Fangelsismálastofnunar lækki um 60 millj. kr. í fjárlögum. Beint framlag úr ríkissjóði verður þá hækkað í sama mæli til þess að afkoma stofnunarinnar haldist óbreytt. Til að mæta áhrifum af þessum auknu greiðslum úr ríkissjóði er lagt til að gerð verði breyting á lögunum og lagt á nýtt númeraplötugjald hjá Umferðarstofu sem

renni í ríkissjóð. Kostnaðarverð númeraplatna verði þannig óbreytt hjá Umferðarstofu og þar með einnig söluverðið til bifreiðaeigenda við skráningu.

Um 15. gr.

Um breytingar á fjárhæðum er vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 16. gr.

Einungis er um að ræða breytingu á orðalagi 16. gr. laganna. Ástæðan er sú að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði athugasemdir við gildandi orðalag þar sem hún taldi orðalagið benda til þess að gjaldið væri einungis innheimt af erlendum fiskiskipum sem hingað kæmu til lands og því fela í sér mismunun. Gjaldið hefur þó verið innheimt jafnt af erlendum fiskiskipum sem og af innlendum fiskiskipum sem komið hafa að utan. Er því talið rétt að breyta orðalagi þess þannig að heimildin verði skýr.

Um 17. gr.

Um greinina vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Dómsmálagjöld.

1. gr.

Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1.	Fyrir útgáfu stefnu	1.200 kr.
2.	Fyrir þingfestingu	3.500 kr.
3.	Fyrir dómkvaðningu matsmanns	3.500 kr.
4.	Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu	100 kr.

Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1.	Fyrir kæru	11.500 kr.
2.	Fyrir áfrýjunarleyfi	11.500 kr.
3.	Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu	11.500 kr.
4.	Fyrir þingfestingu	3.500 kr.
5.	Útivistargjald	11.500 kr.

Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða 5.700 kr. í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakaukasök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

1. Málum til heimtu vinnulauna.

2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Lögræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.
8. Forsjármálum.
9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.

2. gr.

Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða 3.500 kr. í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

3. gr.

Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við. Þá skal greiða 3.500 kr. í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.
7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.
9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.

Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

II. KAFLI
Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

4. gr.

Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en 3.500 kr. eða meira en 11.500 kr. Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig

að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

Við lögbannsgerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða 5.700 kr. í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við endurupptöku gerðar.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

5. gr.

Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en 10.300 kr. eða meira en 35.000 kr. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en 3.500 kr. eða meira en 11.500 kr. Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið 17.200 kr., en ef beiðnin varðar annars konar eign 5.700 kr.

Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

6. gr.

Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða 5.700 kr. sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

7. gr.

Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.
2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.
3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.
4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. KAFLI
Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

8. gr.

Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða 1.200 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

9. gr.

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.200 kr. Sama gjald skal greiða fyrir staðfestingar er starfsmenn utanríkisþjónustunnar framkvæma.

Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða 2.300 kr.

Fyrir drátt í happdrætti skal greiða 3.500 kr.

IV. KAFLI
Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

10. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.:

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.
2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðarlyfjafræðinga.
3. Leyfi til sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.
4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.
5. Leyfi til sjúkraliða.
6. Leyfi til matartækna.
7. Leyfi til lyfjatækna.
8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.
9. Leyfi til hnykkja.
10. Leyfi til sjúkraflutningamanna.
11. Leyfi til næringarfræðinga og næringarráðgjafa.
12. Leyfi til læknaritara.
13. Leyfi til sjúkranuddara.
14. Leyfi til talmeinafræðinga.
15. Leyfi til tannfræðinga.
16. Leyfi til tannsmiða.
17. Leyfi til matarfræðinga.
18. Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.
19. Leyfi til tanntækna.
20. Leyfi til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

21. Leyfi til bókasafnsfræðinga.
22. Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta, iðnfræðinga, landslagsarkitekta, skipulagsfræðinga og raffræðinga.
23. Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
24. Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
25. Leyfi til dómtúlka og/eða skjalaþýðenda.
26. Leyfi til leigubifreiðaaksturs.
27. Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.
28. Löggilding endurskoðenda.
29. Löggilding manna um ævitíð.
30. Meistarabréf.
31. Sveinsbréf.
32. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.
33. Vélstjórnarskírteini.
34. Flugnema- og svifflugmannsskírteini.
35. Einkaflugmannsskírteini.
36. Atvinnuflugmannsskírteini, I., II. og III. fl.
37. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini.
38. Skírteini til kvikmyndasýninga:
    a. Staðbundin skírteini.
    b. Sveinsskírteini.
    c. Meistaraskírteini.
39. Naglabyssuskírteini.
40. Skírteini fyrir suðumenn.

Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða 1.000 kr.

V. KAFLI
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

11. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

1.	Starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags	100.000 kr.
2.	Árlegt eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags	100.000 kr.
3.	Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996	100.000 kr.
4.	Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 123/1993	100.000 kr.
5.		
6.	Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996	100.000 kr.
7.	Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996	50.000 kr.
8.	Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,	
	a. sem starfar skv. 8. gr. laganna	100.000 kr.
	b. sem starfar skv. 9. gr. laganna	50.000 kr.
9.	Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1993	50.000 kr.
10.	Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1998	100.000 kr.

11. Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 3. gr. og IX. kafla laga nr. 34/1998 ..... 100.000 kr.
12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðstöðvar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997 ..... 100.000 kr.
13. Leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. 26. gr. laga nr. 60/1994 ..... 100.000 kr.
14. Leyfi til vátryggingarmiðlunar ..... 50.000 kr.
15. Bráðabirgðaleyfi til vátryggingarmiðlunar ..... 10.000 kr.
16.
17. Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla ..... 50.000 kr.
18. Endurnýjun leyfis skv. 17. tölul. ..... 5.000 kr.
19.
20. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús, dansstað og krá ..... 50.000 kr.
21. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi ..... 20.000 kr.
22. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi ..... 15.000 kr.
23. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 20.–22. tölul. ..... 3.000 kr.
24. Leyfi til tækifærisveitinga ..... 3.000 kr.
25.
26.
27. Leyfi til að framleiða áfenga drykki ..... 100.000 kr.
28. Áfengisinnflutningsleyfi ..... 15.000 kr.
29. Áfengisheildsöluleyfi ..... 30.000 kr.
30. Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum ..... 5.000 kr.
31. Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis ..... 50.000 kr.
32. Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað
    a. til eins árs eða skemur ..... 100.000 kr.
    b. til lengri tíma en eins árs ..... 300.000 kr.
33. Iðnaðarleyfi ..... 25.000 kr.
34. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998 ..... 25.000 kr.
35. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998 ..... 100.000 kr.
36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990 ..... 100.000 kr.
37. Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu ..... 80.000 kr.
38. Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets ..... 20.000 kr.
39. Leyfi til reksturs póstþjónustu ..... 80.000 kr.
40. Leyfi til sjónvarps
    a. til þriggja ára ..... 96.000 kr.
    b. til fimm ára ..... 160.000 kr.
    c. til sjö ára ..... 224.000 kr.
41. Leyfi til hljóðvarps
    a. til allt að tveggja mánaða ..... 3.000 kr.
    b. til eins árs ..... 22.000 kr.
    c. til tveggja ára ..... 44.000 kr.

	d. til þriggja ára	66.000 kr.
	e. til fimm ára	110.000 kr.
42.	Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 40. tölul. og b–e-liðum 41. tölul.	
43.	Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð	
	a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997	50.000 kr.
	b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997	30.000 kr.
	c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997	10.000 kr.
44.		
45.	Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994	5.000 kr.
46.	Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997	5.000 kr.
47.	Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika	5.000 kr.
48.	Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973	5.000 kr.
49.	Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994,	
	a. til tveggja ára	5.000 kr.
	b. til fimm ára	5.000 kr.
50.	Útflutningsleyfi	1.200 kr.
51.	Leyfi til sölu notaðra ökutækja	
	a. til fimm ára	25.000 kr.
	b. endurnýjun leyfis skv. a-lið	2.500 kr.

VI. KAFLI

Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

1.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	3.000 kr.
2.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	5.000 kr.
3.	Endurnýjun leyfisskírteina skv. 2. tölul.	3.000 kr.
4.	Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni	25.000 kr.
5.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	15.000 kr.
6.	Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul.	3.000 kr.
7.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu	3.000 kr.
8.	Leyfi til kaupa á sprengiefni	6.000 kr.
9.	Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar	6.000 kr.
10.	Skotvopnaleyfi	3.000 kr.
11.	Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul.	3.000 kr.
12.	Leyfi til reksturs skotvopnaleigu	3.000 kr.
13.	Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda	3.000 kr.
14.	Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar	3.000 kr.
15.	Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði	3.000 kr.

16. Leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota ..... 3.000 kr.
17. Leyfi til skoteldasýningar ..... 5.000 kr.
18. Brennuleyfi ..... 5.000 kr.

VII. KAFLI
Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

13. gr.

Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags ..... 150.000 kr.
2. Skráning einkahlutafélags og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur ..... 75.000 kr.
3. Skráning erlendra félaga ..... 50.000 kr.
4. Skráning firma eins manns ..... 40.000 kr.
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri ..... 50.000 kr.
6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög ..... 5.000 kr.
7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög ..... 75.000 kr.
8. Aukatilkynningar og skráning breytinga ..... 1.000 kr.
9. Skráning loftfars til atvinnuflugs ..... 60.000 kr.
10. Skráning loftfars til einkaflugs ..... 30.000 kr.
11. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) ..... 5.000 kr.
12. Skráning kaupmála ..... 4.000 kr.
13. Lögskráning sjómanna ..... 500 kr.
14. Skráning póstrekenda ..... 10.000 kr.
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu ..... 10.000 kr.
16.

VIII. KAFLI
Ýmis vottorð og leyfi.

14. gr.

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
   a. Almennt gjald ..... 4.600 kr.
   b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 9.200 kr.
   c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 2.300 kr.
   d. Útgáfa vegabréfa til öryrkja fer skv. 2. tölul.
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
   a. Almennt gjald ..... 1.700 kr.
   b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 3.400 kr.
   c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 850 kr.
3. Fyrir útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:
   a. Fyrir 18–66 ára ..... 4.600 kr.
   b. Skyndiútgáfa fyrir 18–66 ára ..... 9.200 kr.
   c. Fyrir aðra ..... 1.700 kr.
   d. Skyndiútgáfa fyrir aðra ..... 3.400 kr.

4. Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:
   a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 ..... 2.800 kr.
   b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 ..... 2.000 kr.
5. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn ..... 800 kr.
6. Vegabréfsáritun til gegnumferðar um ríki (ein, tvær eða fleiri komur) .. 800 kr.
7. Vegabréfsáritun til skamms tíma (hámark til 30 daga) ..... 1.800 kr.
8. Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga) ..... 2.400 kr.
   og að auki fyrir hverja komu frá og með annarri komu ..... 400 kr.
9. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir í eitt ár ..... 4.000 kr.
10. Vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu sem gildir að hámarki í fimm ár 4.000 kr.
    og að auki fyrir hvert viðbótarár ..... 2.400 kr.
11. Vegabréfsáritun til langs tíma ..... 2.400 kr.
12. Vegabréfsáritun með takmarkað gildissvið ..... 2.400 kr.
13. Vegabréfsáritanir skv. 5. og 6. tölul. fyrir hópa (5–50 einstaklingar) ... 800 kr.
    og að auki fyrir hvern einstakling ..... 80 kr.
14. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), ein eða tvær komur (5–50 einstaklingar) ..... 2.400 kr.
    og að auki fyrir hvern einstakling ..... 80 kr.
15. Vegabréfsáritanir skv. 7. tölul. fyrir hópa (30 dagar), meira en tvær komur (5–50 einstaklingar) ..... 2.400 kr.
    og að auki fyrir hvern einstakling ..... 240 kr.
16. Fyrir borgaralega hjónavígslu ..... 4.600 kr.
17. Lögskilnaðarleyfi ..... 2.800 kr.
18. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng ..... 2.300 kr.
19. Ættleiðingarleyfi ..... 2.300 kr.
20. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu ..... 1.200 kr.
21. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar ..... 1.200 kr.
22. Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna ..... 1.200 kr.
23. Fyrir veðbókarvottorð ..... 900 kr.
24. Fyrir önnur embættisvottorð ..... 1.200 kr.
25. Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum ..... 500 kr.
26. Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn ..... 4.000 kr.
27. Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt ..... 1.200 kr.
28. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni ..... 3.500 kr.
29. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini og ökuskírteini fyrir flokkana M og T ... 2.000 kr.
30. Fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri ..... 1.000 kr.
31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa ..... 5.000 kr.

Verði vegabréfsáritun gefin út við landamæri skal innheimta tvöfalda fjárhæð þess flokks vegabréfsáritunar sem um er að ræða.

IX. KAFLI
Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

15. gr.

Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

1. Fyrir aðstoð við útvegun vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórnvöldum eða öðrum á Íslandi eða erlendis ..... 3.000 kr.
2. Fyrir þýðingar sendiskrifstofa, hver síða ..... 3.500 kr.
3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskoranir fyrir aðila erlendis ..... 5.000 kr.
4. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana ..... 10.000 kr.
5. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum:
   a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr. ..... 3.000 kr.
   b. Fyrir millifærslu á bilinu 50.000 kr. til 200.000 kr. ..... 7.500 kr.
   c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð en þó ekki hærra en 37.500 kr.

X. KAFLI
Afgreiðslugjald skipa.

16. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins. Hálft nettótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.

Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

XI. KAFLI
Ljósrit, endurrit og eftirgerð.

17. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal greiða 1.000 kr.

Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum.

Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., 350 kr.
3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku 1.000 kr.

XII. KAFLI
Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.

18. gr.

Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á

staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.

XIII. KAFLI

Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.

19. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

20. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

Gjöld samkvæmt lögum þessum sem innt eru af hendi erlendis ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi hverju sinni. Gjöld sem mælt er fyrir um í 5.–10. tölul. og 12.–15. tölul. 14. gr. skulu taka mið af gengi evrunnar. Við útreikning gjalda þessara er heimilt að námunda upphæðina.

21. gr.

22. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Í frumvarpinu er lagt til að ýmis gjöld sem lögð eru á samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs verði hækkuð um 10%. Flest þessara gjalda hafa verið óbreytt að krónutölu frá því á árinu 1997. Áætlað er að með þessari hækkun gjaldanna aukist tekjur ríkissjóðs um 200 m.kr. og hefur verið gert ráð fyrir því í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005. Þessar breytingar beinast að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki ástæða til að ætla að þær hafi áhrif á útgjaldahliðina. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lagt verði á gjald við afhendingu á númeraplötum fyrir bifreiðar en áætlað er að það skili um 60 m.kr. tekjum á ári. Um er að ræða formbreytingu á gjaldtökunni þar sem söluverð á númeraplötum verður lækkað í sama mæli

þannig að kostnaður bifreiðaeigenda verður sá sami og áður. Fangelsismálastofnun hefur haft tekjur af framleiðslu og sölu bílnúmeraplatna. Þær tekjur hafa sveiflast mikið milli ára eftir bifreiðainnflutningi og hefur þessi tekjuöflun því þótt vera fremur óheppileg til fjármögnunar fyrir stofnunina. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 hefur verið gert ráð fyrir þessu breytta fyrirkomulagi á þann hátt að beint framlag úr ríkissjóði til Fangelsismálastofnunar hækkar í sama mæli og sértekjur stofnunarinnar lækka, eða um u.þ.b. 60 m.kr., en á móti kemur gjald á númeraplötur sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs.

461. Frumvarp til laga [376. mál]

um afnám laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2005 falla lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum, úr gildi.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 2005 skal Lífeyrissjóður sjómanna starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykkta er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga nr. 129/1997 og leggja þær þannig breyttar fyrir fjármálaráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laganna, svo fljótt sem auðið er.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin missiri hefur verið til skoðunar hvort þörf væri á að sérstök lög giltu um Lífeyrissjóð sjómanna. Fram hefur komið að það geti staðið sjóðnum fyrir þrifum að reglur um hann séu bundnar í lög. Í ljósi þess að sjóðurinn er um flest eðlislíkur öðrum lífeyrissjóðum verður að telja eðlilegra að hann starfi á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og samþykkta eins og flestir lífeyrissjóðir gera. Þá hefur fjármálaráðuneytinu borist erindi frá Lífeyrissjóði sjómanna þess efnis að ráðuneytið beiti sér fyrir afnámi laga um sjóðinn. Í samræmi við framangreint er með frumvarpi þessu lagt til að lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, verði afnumin.

Í 7. gr. núgildandi laga um Lífeyrissjóð sjómanna kemur fram að iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Ákvæðið kom upphaflega inn í lög um Lífeyrissjóð togarasjómanna, nr. 49/1958, með breytingu sem gerð var með lögum nr. 34/1960. Í greinargerð frumvarpsins sem síðar varð að lögum segir m.a.: „Komið hafa í ljós annmarkar á ákvæðum laga um innheimtu iðgjalda til lífeyrissjóðs togarasjómanna. Nokkur togarafélög hafa eigi staðið skil á iðgjöldum, og hefur orðið að innheimta iðgjöldin með lögsókn. Hafa tveir togarar verið auglýstir til uppboðs vegna vanskila við ýmsa kröfuhafa, þ. á m. lífeyrissjóð togarasjómanna. Mun mjög tví-

sýnt, hvort sjóðurinn nær kröfum sínum, því að skuldir munu allmiklu meiri en eignin. Lífeyrissjóðurinn hefur ekki tök á því að fyrirbyggja skuldasöfnun, þar sem tryggingin er lögboðin, og þykir því eðlilegt, að hann fái lögveð í hlutaðeigandi skipi.“ Í framsöguræðu með frumvarpinu kom fram að rök fyrir frumvarpinu væru þau að í ýmsum tilfellum hefðu átt sér stað erfiðleikar við innheimtu þessara iðgjalda, en fram til þessa hefði engin veðtrygging verið fyrir greiðslu þeirra. Hætta væri á að iðgjaldagreiðslur innheimtust ekki og töpuðust með öllu í ýmsum tilfellum. Frumvarpinu væri ætlað að koma í veg fyrir að slíkt ætti sér stað. Trygging togarasjómanna væri lögboðin og af því leiddi að tryggja yrði að *tekjur lífeyrissjóðsins heimtust.* Frumvarpið var samþykkt óbreytt sem lög nr. 34/1960. Samkvæmt framangreindum gögnum og umræðum hefur sú sérstaða lífeyristryggingar togarasjómanna, að vera lögboðin, skipt sköpum við afgreiðslu ákvæðisins um lögveð á sínum tíma.

Frá gildistöku framangreinds lagaákvæðis um lögveð hefur mikið vatn runnið til sjávar í lífeyrismálum hér á landi. Þannig hefur á grundvelli allsherjarsamkomulags aðila vinnumarkaðarins náðst sátt um skipan lífeyriskerfis fyrir alla launamenn í landinu. Um það gilda nú lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er nú svo komið að öllum launamönnum er skylt að greiða í lífeyrissjóð af launum sínum og framangreind sérstaða lífeyristryggingar togarasjómanna því ekki lengur fyrir hendi. Á undanförnum árum hafa verið settar almennar reglur um innheimtu lífeyrisiðgjalda og ábyrgð á vangoldnum iðgjöldum við gjaldþrot vinnuveitanda. Reglurnar eru almennar og ná til allra launþega og launagreiðenda. Í lögum nr. 129/1997 er sérstaklega fjallað um eftirlit með greiðslu iðgjalda en skv. 6. gr. laganna skal ríkisskattstjóri hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Skv. 5. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, njóta kröfur lífeyrissjóðs um lífeyrisiðgjöld, sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili, ábyrgðar sjóðsins. Í samræmi við framangreint þykja ekki vera rök til þess að viðhalda umræddu ákvæði um lögveð. Það mun því falla brott með afnámi laganna um Lífeyrissjóð sjómanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérlög um Lífeyrissjóð sjómanna verði afnumin og að sjóðurinn starfi framvegis samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eins og flestir aðrir lífeyrissjóðir í landinu. Ekki er ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

462. Frumvarp til laga [377. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,83 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 9,21 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.277 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.416 kr. og ekki hærra en 41.193 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að bifreiðagjald hækki um 3,5%. Síðast var bifreiðagjald hækkað 1. janúar 2002. Bifreiðagjald hefur því ekki hækkað í samræmi við almenna verðlagsþróun á síðustu árum. Þannig hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 7% frá þeim tíma. Hér er því lögð til ákveðin leiðrétting á því. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði 120 millj. kr. í auknar tekjur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að bifreiðagjald hækki um 3,5%. Gjaldið hefur ekki verið hækkað síðan 1. janúar 2002. Áætlað er að hækkun gjaldsins auki tekjur ríkissjóðs um 120 m.kr. á ársgrundvelli. Frumvarpið beinist þannig einkum að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það óbreytt að lögum.

463. Fyrirspurn [378. mál]

til heilbrigðisráðherra um póstverslun með lyf.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til póstverslunar með lyf hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

464. Fyrirspurn [379. mál]

til heilbrigðisráðherra um utanlandsferðir lækna á kostnað lyfjafyrirtækja.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir læknar fara árlega í utanlandsferðir á kostnað lyfjafyrirtækja?
2. Hversu margir fara í slíkar ferðir á ári hverju:
   a. læknar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi,
   b. læknar á öðrum sjúkrahúsum,
   c. læknar á heilsugæslustöðvum,
   d. sérfræðilæknar sem starfa annars staðar?
3. Hversu oft að meðaltali fer hver læknir í slíka ferð á ári?

Skriflegt svar óskast.

465. Fyrirspurn [380. mál]

til menntamálaráðherra um forgang í framhaldsskóla.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og Merði Árnasyni.

1. Hverjar voru niðurstöður nefndar um fjarnám og forgang í framhaldsskóla sem lauk störfum síðla vetrar 2003?
2. Hvaða reglur gilda af hálfu ráðherra um forgangsröð nemenda sem sækja um skólavist í framhaldsskóla? Taka þær mið af niðurstöðum nefndarinnar?

466. Fyrirspurn [381. mál]

til iðnaðarráðherra um notkun söluandvirðis Steinullarverksmiðjunnar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Í hvaða verkefni fór helmingur söluandvirðis Steinullarverksmiðjunnar sem verja skyldi til samgöngubóta eða annarra verkefna í sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar? Hve háar fjárhæðir fóru í einstök verkefni?
2. Hvaða tilraunir voru gerðar í tengslum við barraeldi, hve háar fjárhæðir fóru í einstök tilraunaverkefni og hvenær var styrkur til þess greiddur til Sægulls ehf.? Hvaða fjárhæðir höfðu áður verið veittar til fyrirtækisins frá Byggðastofnun í formi hlutafjár, styrkja eða lána?

3. Hvaða fiskeldisrannsóknir voru gerðar í Hólaskóla fyrir fé það sem veitt var þangað af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar? Hve háar fjárhæðir fóru í einstök tilraunaverkefni skólans?

Skriflegt svar óskast.

467. Fyrirspurn [382. mál]

til umhverfisráðherra um eldvarnaeftirlit.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hversu oft hafa stofnanir sem sinna eldvarnaeftirliti lagt á dagsektir til að þvinga fram úrbætur í brunavörnum? Hversu oft hafa þær fengið álagðar dagsektir greiddar og hversu háar dagsektir innheimtust árið 2003 og það sem af er þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

468. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 og við brtt. á þskj. 421.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	18,6	7,4	26,0
Sérstakt yfirlit 15 á þskj. 421 breytist þannig að í stað „11.200“ (óskipt) komi: 18.600.			

469. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Gunnari Birgissyni og Dagnýju Jónsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-982 Listir, framlög**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	40,0	3,2	43,2

470. Svar [256. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útlán banka og sparisjóða.

1. *Hversu mikið hafa bankar og sparisjóðir lánað til fasteignakaupa einstaklinga annars vegar og endurfjármögnunar hins vegar frá 23. ágúst til 1. nóvember og hversu margir voru lántakendur í hvorum flokknum fyrir sig?*

Frá 23. ágúst sl. til loka október höfðu bankar og sparisjóðir veitt ný fasteignaveðtryggð lán til 4.930 einstaklinga að heildarfjárhæð 55,3 milljarðar kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu þessara lána annars vegar til fasteignakaupa og hins vegar til endurfjármögnunar.

2. *Hve mikið af heildarlánveitingum til einstaklinga á þessu tímabili var yfir eftirgreindum fjárhæðum og hversu margir lántakendur fengu þau lán:*
   a. *12 millj. kr.,*
   b. *15 millj. kr.,*
   c. *18 millj. kr.?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu lána á fjárhæðir eins og tilgreindar eru í fyrirspurninni.

3. *Hver var staðan á yfirdráttarlánum einstaklinga í upphafi þessa árs, 1. september sl. og 1. nóvember sl.?*

Yfirdráttarlán heimila í bönkum og sparisjóðum námu 56 milljörðum kr. 31. desember 2003 en nær 61 milljarði kr. 30. september sl. Ekki liggur enn fyrir hver fjárhæðin var 31. október sl.

4. *Telur ráðherra að mikil útlán banka og sparisjóða ógni stöðugleika í efnahagslífinu og að bregðast þurfi við til að sporna við þenslu?*

Ný lán banka og sparisjóða til fasteignakaupa eru mikil framför á íslenskum lánamarkaði. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvort almennt sé um ný lán eða endurfjármögnun að ræða en búast má við að lánin örvi bæði eftirspurn eftir húsnæði og einkaneyslu í einhverjum mæli. Það er því ekki hægt að segja til um það nú hvort þessi útlán ógni stöðugleika og hvort

ástæða sé til að bregðast við. Hins vegar hefur útlánavöxtur innlánsstofnana almennt verið umtalsverður allt frá árslokum 2002 og var t.d. 12 mánaða aukning útlána á fyrri hluta þessa árs yfir 30%. Þessi þróun útlánaaukningar, sem og þensla á fasteignamarkaði, staða kjaraviðræðna og stóriðjuframkvæmdir, gerir það að verkum að mikilvægt er að ríkisstjórn og Seðlabanki sýni aðhald í ríkisfjármálum og peningamálastefnu á næstu árum.

471. Fyrirspurn [383. mál]

til umhverfisráðherra um Grunnafjörð.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Telur ráðherra að uppbygging rafskautaverksmiðju á Katanesi samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt Ramsar-samþykktinni, í ljósi þess að Eiðisvatn, sem er innan þynningarsvæðisins, hefur afrennsli í Grunnafjörð?

472. Fyrirspurn [384. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hver er staða heimilda fyrir losun annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísýrings samkvæmt Kyoto-samningnum?
2. Hver verður heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi að meðtöldu stóriðjuákvæðinu í lok skuldbindingartímabils Kyoto-samningsins 2008–2012?
3. Hver verður losun á hvern Íslending í lok sama tímabils?

Skriflegt svar óskast.

473. Fyrirspurn [385. mál]

til iðnaðarráðherra um verðmæti og ráðstöfun losunarheimilda.

Frá Helga Hjörvar.

1. Sé miðað við verð losunarheimilda á hvert tonn af gróðurhúsalofttegundum (koltvísýringsígildi) í viðskiptum með þær heimildir í Evrópu undanfarið, hvert er þá áætlað markaðsverðmæti þeirra 417.000 tonna af koltvísýringi sem eftir eru af kvóta Íslands

fyrir einstök verkefni samkvæmt yfirliti því sem ráðherra kynnti ríkisstjórn 16. nóvember sl.?
2. Hvert er áætlað markaðsvirði þeirra losunarheimilda sem ætlaðar eru stóriðju hér á landi og tilgreindar eru í sama minnisblaði, sundurliðað eftir fyrirtækjum?
3. Er gert ráð fyrir stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík í yfirliti ráðherra?
4. Hvernig verður staðið að ráðstöfun þeirra losunarheimilda sem eftir eru?

474. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2005.

(Eftir 2. umr., 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2005 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**281.156,8**	**273.056,5**
Skattar á tekjur einstaklinga	75.700,0	72.969,3
Skattar á tekjur lögaðila	13.500,0	11.340,0
Tryggingagjöld	31.723,8	30.814,7
Eignarskattar	9.250,0	9.250,0
Virðisaukaskattur	101.400,0	99.672,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	47.287,0	46.810,2
Skattar ótaldir annars staðar	2.296,0	2.200,3
Aðrar rekstrartekjur	**23.679,2**	**19.383,5**
Arðgreiðslur	3.457,0	3.457,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	12.452,0	8.258,6
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	7.770,2	7.667,9
Sala eigna	540,0	540,0
Fjárframlög	1.006,0	1.006,0
Tekjur samtals	**306.382,0**	**293.986,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.700,7	2.700,7
Forsætisráðuneyti	1.133,6	1.133,6
Menntamálaráðuneyti	36.684,6	36.684,6
Utanríkisráðuneyti	6.909,7	6.909,7

Landbúnaðarráðuneyti	12.298,4	12.298,4
Sjávarútvegsráðuneyti	2.522,6	2.522,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	15.888,0	15.899,1
Félagsmálaráðuneyti	26.686,0	26.686,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	119.127,5	119.127,5
Fjármálaráðuneyti	28.742,0	24.019,0
Samgönguráðuneyti	17.952,3	17.941,6
Iðnaðarráðuneyti	3.786,0	3.786,0
Viðskiptaráðuneyti	1.346,8	1.346,8
Hagstofa Íslands	600,9	600,9
Umhverfisráðuneyti	4.551,4	4.551,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.450,0	18.120,0
Gjöld samtals	**296.380,5**	**294.327,9**
Tekjujöfnuður	**10.001,5**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:

Árið 2005 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	10.001,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.870,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-4.013,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-0,4
Handbært fé frá rekstri	**-881,9**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-4.890,0
Afborganir veittra lána	16.150,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540,0
Fjármunahreyfingar samtals	**11.000,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**10.118,0**

Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	40.000,0
Afborganir lána	-43.700,0
Fjármögnun samtals	**-3.700,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	**-4.000,0**
Breyting á handbæru fé	**2.418,1**

C-hluti.
Fjárreiður ríkisstofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2005 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.629,0	7.040,0	60,0	4.700,0
Lánasjóður landbúnaðarins	71,2	1.548,0	0,0	800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-55,0	0,0	0,0	0,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.699,0	0,0	13,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-310,0	16.500,0	1,0	18.271,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-120,0	7.000,0	1,0	8.687,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam.	174,0	0,0	4,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	773,0	55.290,0	1,0	60.745,0
Orkusjóður	0,3	28,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	6,7	2.700,0	0,0	2.700,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-103,0	0,0	1,0	0,0
Samtals	**4.765,2**	**90.106,0**	**81,0**	**95.903,0**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 40.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.
2. Að endurlána allt að 4.890 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 4.700 m.kr.
   2.2 Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli allt að 40 m.kr.
   2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 150 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2005 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.7, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 26.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 60.800 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 18.300 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 8.700 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.5 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   3.6 Byggðastofnun, allt að 2.700 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.
   3.7 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 1.000 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967.
4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
      a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
      b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
      c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
   4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði.
Heimildir.

6. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.2 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.3 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.5 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.6 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.7 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.8 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík.
2.9 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
2.10 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.11 Að selja húsnæði Ríkisútvarpsins að Fjölnisgötu 3 á Akureyri.
2.12 Að selja fasteignir Vesturhlíðarskóla og verja andvirðinu til endurbóta á húsnæði framhalds- og sérskóla.
2.13 Að selja íbúðarhúsið Nátthaga 10, Hólum í Hjaltadal, og nýta andvirðið til uppbyggingar á rannsóknarstarfsemi Veiðimálastofnunar.
2.14 Að selja Tjaldanes í Mosfellsbæ og láta andvirði sölunnar renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.15 Að selja fasteign Blóðbankans við Eiríksgötu í Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra.
2.16 Að selja fasteignir ríkisins við Flókagötu 29 og 31 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
2.17 Að selja geymsluhús Rafmagnsveitna ríkisins að Borgarnaust 8, Neskaupstað.
2.18 Að selja prestssetrið að Sunnubraut 12, Búðardal, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.
2.19 Að selja húsnæði og lóð Landhelgisgæslunnar við Seljaveg og verja hluta af andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
2.20 Að selja fasteignina Kleifarveg 15 og verja andvirðinu til stofnframkvæmda á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.
2.21 Að selja íbúð við Leifsgötu 5 og verja andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði fyrir barnaspítala Hringsins.
2.22 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.23 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.24 Að selja flugafgreiðslu á Bakkaflugvelli.
2.25 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarbraut 6, Dalvík.
2.26 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Sandholti 34, Ólafsvík.

2.27 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Borgarnaust 8, Neskaupsstað.
2.28 Að selja húsnæði sýslumannsembættisins á Hvolsvelli og ráðstafa andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
3.10 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Klettsbúð 3, Hellissandi.
3.11 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sjávarflöt 7, Stykkishólmi, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.14 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
3.15 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í Glerárgötu 36 á Akureyri.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í Hvammstangabraut 31, Hvammstanga, og verja andvirðinu til endurbóta á heilsugæslustöðinni á staðnum.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í Bleiksárhlíð 56, Eskifirði, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð.
3.19 Að selja eignarhlut ÁTVR í Hólmgarði 2, Keflavík.
3.20 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e.
3.21 Að selja eignarhlut ríkisins í Eskihlíð 5, Sauðárkróki.
3.22 Að selja eignarhlut ríkisins í Vogsholti 5, Raufarhöfn, og verja andvirðinu til endurbóta á heilsugæslustöðinni á staðnum.
3.23 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað við Reykjalund.
3.24 Að selja eignarhlut ÁTVR á Eiðistorgi 11, Seltjarnarnesi.
3.25 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Mánabraut 20, Akranesi.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja hluta af jörðinni Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.4 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.5 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.6 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.7 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.8 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.9 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.10 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.11 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.12 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.13 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.14 Að selja jörðina Brúar í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
4.16 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.17 Að selja jörðina Stóra-Bakka, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.18 Að selja jörðina Þjóðólfshaga 2, Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu.
4.19 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.20 Að selja prestssetursjörðina Desjarmýri – Setberg í Borgarfirði eystra, Múlaprófastsdæmi.
4.21 Að selja hluta af prestssetursjörðinni Mosfelli í Mosfellsdal.
4.22 Að selja hluta jarðarinnar Hvammbóls (Ketilsstaða III), Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.23 Að selja jörðina Kvíarhól, Ölfusi, Árnessýslu.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Árnes, Árneshreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.25 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs í Garðabæ.
4.26 Að selja um 235 ha landspildur í eigu ríkisins í nágrenni Grindavíkur sem ekki eru nýttar í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.27 Að selja hluta af jörðinni Álftagróf, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.28 Að selja jörðina Skóga II, Húsavíkurbæ, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.29 Að selja jörðina Hólagerði I, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.30 Að selja jörðina Hólagerði II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.31 Að selja prestssetursjörðina Hraungerði í Árnesprófastsdæmi.
4.32 Að selja prestssetursjörðina Prestbakka við Hrútafjörð, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.33 Að selja jörðina Laxárhlíð í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
4.34 Að selja jörðina Skriðu í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.35 Að selja jörðina Langholt í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.36 Að selja jörðina Glaumbæ, Staðarsveit, Snæfellsbæ.
4.37 Að selja jörðina Hærukollsnes í Álftafirði, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.38 Að selja hluta jarðarinnar Norðurgarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
4.39 Að selja hluta jarðarinnar Þinganes í Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.

4.40 Að selja hluta jarðarinnar Sveinagarða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.41 Að selja hluta jarðarinnar Sveinsstaða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.42 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar Holts undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.43 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.44 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.45 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.46 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.47 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.48 Að selja hluta jarðarinnar Hólma, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.49 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.50 Að selja hluta jarðarinnar Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi.
4.51 Að selja jörðina Bakka, Ólafsfjarðarbæ.
4.52 Að selja jörðina Fornhaga II, Hörgárbyggð.
4.53 Að selja jörðina Syðri-Bakka, Arnarneshreppi, Eyjafirði.
4.54 Að selja jörðina Stað, Grindarvíkurbæ.
4.55 Að selja jörðina Miðdalskot, Bláskógabyggð.
4.56 Að selja jörðina Kleppjárnsreyki, Borgarfirði.
4.57 Að hafa landskipti á hluta prestssetursjarðarinnar að Holti undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.58 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar að Hálsi II, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
4.59 Að selja hluta prestsseturjarðarinnar að Hofi, Múlaprófastsdæmi.
4.60 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.61 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.62 Að selja hluta af jörðinni Hólsseli, Öxarfjarðarhreppi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.2 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.
5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.3 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.4 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans.
6.5 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu.
6.8 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu.
6.9 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti yfirdýralæknis.
6.11 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti veiðimálastjóra.
6.12 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.13 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

6.14 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir útsendan ritara í Moskvu.
6.15 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og selja núverandi húsnæði.
6.16 Að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði.
6.17 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.18 Að kaupa jarðir innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.
6.19 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Umferðarstofu.
6.20 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti ríkissaksóknara.
6.21 Að kaupa húsnæði Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi.
6.22 Að kaupa eða leigja geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands.
6.23 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn í Reykjavík.
6.24 Að kaupa viðbótarhúsnæði að Grensásvegi 12, Reykjavík.
6.25 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
6.26 Að nýta kauprétt á reiðkennsluhúsnæði að Hólum í Hjaltadal þegar fé hefur verið veitt til þess á Alþingi.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2005 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2005, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.5 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.
7.6 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.7 Að selja varðskipið Óðin og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða smíða á nýju varðskipi.
7.8 Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.
7.9 Að selja rannsóknarskipið Dröfn RE 35 og verja andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip Hafrannsóknastofnunarinnar.
7.10 Að færa flutningsmannvirki Rafmagnsveitna ríkisins yfir í sérstakt félag.
7.11 Að heimila Þjóðminjasafni Íslands að taka við Loftskeytastöðinni við Suðurgötu að gjöf frá Landssíma Íslands.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, er samhljóða brtt. á þskj. 425.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	670,8
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0
1.03 Fastanefndir	16,1
1.04 Alþjóðasamstarf	121,1
1.06 Almennur rekstur	638,6
1.07 Sérverkefni	25,6
1.10 Rekstur fasteigna	146,8
Almennur rekstur samtals	1.674,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	84,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	59,1
Gjöld samtals	**1.817,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**1.809,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.809,0
00-620 Ríkisendurskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	353,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**357,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,1

Gjöld umfram tekjur **348,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 348,0

02-201 Háskóli Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 3.195,0
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 2.639,2
1.13 Háskólasjóður 94,0
Almennur rekstur samtals 5.928,2

Viðhaldsverkefni:
5.50 Fasteignir 40,0

Stofnkostnaður:
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup 175,0

Gjöld samtals **6.143,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.318,2

Gjöld umfram tekjur **4.825,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.269,2
Innheimt af ríkistekjum 555,8

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst
Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 148,9
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 34,7
Almennur rekstur samtals 183,6

Gjöld samtals **183,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,6

02-319 Framhaldsskólar, almennt
Almennur rekstur:
1.11 Sameiginleg þjónusta 59,2
1.12 Orlof kennara 116,5

1.13 Forfallakennsla	60,2
1.14 Sérkennsla	117,3
1.15 Prófkostnaður	56,3
1.16 Nýjungar í skólastarfi	19,9
1.17 Námsskrárgerð	36,0
1.18 Námsefnisgerð	19,3
1.19 Kennslueftirlit	6,1
1.21 Nám tannsmiða	10,0
1.23 Ólympíuleikar í raungreinum	2,6
1.24 Iðnnemasamband Íslands	5,3
1.26 Þróunarsjóður	15,8
1.27 Íslenskukennsla	17,3
1.28 Mat á skólastarfi	34,8
1.30 Endurmenntun	26,9
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	11,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,8
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	4,0
1.37 Tónlistarnám	37,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	136,8
Almennur rekstur samtals	810,6
Gjöld samtals	**810,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	810,6

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	63,7
1.11 Símenntun og fjarkennsla	23,2
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	11,2
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	9,5
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,5
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	9,5
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9,5
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,5
1.26 Fræðslunet Austurlands	9,5
1.27 Fræðslunet Suðurlands	9,5
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	9,5
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	9,5
Almennur rekstur samtals	183,6
Gjöld samtals	**183,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,6

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	4.050,0

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Fornleifavernd ríkisins	42,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	42,4

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Þjóðminjasafn Íslands	298,0
1.10 Byggða- og minjasöfn	26,8
1.11 Hönnunarsafn Íslands	9,3
Almennur rekstur samtals	334,1

Viðhaldsverkefni:

5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	55,0

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður	1,8
Gjöld samtals	**390,9**

Sértekjur:

Sértekjur	-31,9
Gjöld umfram tekjur	**359,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	359,0

02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Almennur rekstur:

1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	503,8

Stofnkostnaður:

6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**573,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -103,2

Gjöld umfram tekjur **470,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 470,6

02-909 Blindrabókasafn Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 70,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **65,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,0

02-919 Söfn, ýmis framlög
Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 5,0
1.11 Nýlistasafn 8,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 7,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum 5,0
1.90 Söfn, ýmis framlög 10,0
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 10,5
Almennur rekstur samtals 45,5

Stofnkostnaður:
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði 9,3
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður 61,0
Stofnkostnaður samtals 70,3

Gjöld samtals **115,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,8

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður
Stofnkostnaður:
6.21 Endurbætur menningarstofnana 109,7
6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík 10,0
Stofnkostnaður samtals 119,7

Gjöld samtals	**119,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,7

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	15,7
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	162,4
Gjöld samtals	**178,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-45,0
Gjöld umfram tekjur	**133,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,1

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	12,5
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	10,0
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	18,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	47,0
1.25 Tónlistarsjóður	50,0
1.27 Tónlist fyrir alla	6,0
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	11,6
1.30 Íslenska óperan	166,9
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	80,0
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	34,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	43,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	32,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.90 Listir	18,6
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	19,5
Almennur rekstur samtals	604,0

Stofnkostnaður:
6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi 17,0

Gjöld samtals **621,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 621,0

02-983 Ýmis fræðistörf
Almennur rekstur:
1.10 Fræðistörf 10,7
1.11 Styrkir til útgáfumála 12,5
1.15 Sögufélagið 0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag 0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita 10,4
1.20 Iðnsaga Íslands 3,5
1.21 Tónlistarsaga Íslands 3,8
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag 11,0
1.51 Fræða- og þekkingasetur 10,5
Almennur rekstur samtals 63,4

Gjöld samtals **63,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,4

02-988 Æskulýðsmál
Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 3,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 64,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 17,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 25,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir 3,0
1.19 Æskulýðssjóður 10,0
1.90 Æskulýðsmál 4,0
Almennur rekstur samtals 129,5

Gjöld samtals **129,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,5

02-989 Ýmis íþróttamál
Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 74,7

1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	18,5
1.15 Skólaíþróttir	2,0
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,2
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	4,0
1.21 Skáksamband Íslands	13,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,7
1.25 Skákskóli Íslands	6,4
1.29 Afreksmannasjóður	25,0
1.30 Bridgesamband Íslands	10,5
1.90 Ýmis íþróttamál	9,0
Almennur rekstur samtals	194,8
Stofnkostnaður:	
6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	5,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	30,0
6.54 Gaddstaðir	5,0
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	5,0
6.57 Sparkvellir	25,0
6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	50,0
Stofnkostnaður samtals	120,0
Gjöld samtals	**314,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	314,8

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,7
1.43 Skriðuklaustur	12,3
1.44 Snorrastofa	6,1
1.51 Fornleifasjóður	5,0
1.90 Ýmis framlög	47,1
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	41,5
Almennur rekstur samtals	119,7
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	101,4
Gjöld samtals	**221,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	221,1

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	718,6
1.02 Varnarmálaskrifstofa	81,4
1.53 Þýðingamiðstöð	48,2
Almennur rekstur samtals	848,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,3
Gjöld samtals	**856,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**850,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	850,9

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	4,9
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.15 Heimssýning í Aichi í Japan	57,0
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,8
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,5
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,9
1.90 Ýmis verkefni	1,4
Almennur rekstur samtals	93,9
Gjöld samtals	**93,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,9

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	65,5
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	363,8
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	288,4
1.30 Öryggisverkefni	162,5
Almennur rekstur samtals	880,2

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,7

Gjöld samtals **883,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -340,2

Gjöld umfram tekjur **543,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 487,7
Innheimt af ríkistekjum 56,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 65,8
1.11 Þróunaraðstoð 652,0
Almennur rekstur samtals 717,8

Gjöld samtals **717,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 717,8

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi
Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 87,8
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 7,6
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 19,8
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 15,3
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 67,2
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 11,7
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 62,1
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt 147,3
Almennur rekstur samtals 418,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,8

Gjöld samtals **420,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 420,6

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,7
1.12 Mat á búvörum	11,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,6
1.21 Landþurrkun	0,5
1.31 Skógræktarfélag Íslands	27,0
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,1
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,3
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,9
1.90 Ýmis verkefni	39,1
Almennur rekstur samtals	99,9
Gjöld samtals	**99,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,2
Innheimt af ríkistekjum	11,7

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:

1.01 Yfirdýralæknir	253,9
1.25 Sauðfjárveikivarnir	43,4
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir	18,8
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	80,0
Almennur rekstur samtals	396,1
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**400,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,1
Gjöld umfram tekjur	**379,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,0
Innheimt af ríkistekjum	105,0

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	258,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,8
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0
Stofnkostnaður samtals 19,8

Gjöld samtals **282,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -112,6

Gjöld umfram tekjur **170,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,3

04-311 Landgræðsla ríkisins
Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 450,9
1.90 Fyrirhleðslur 56,1
Almennur rekstur samtals 507,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 8,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 41,4

Gjöld samtals **556,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -67,8

Gjöld umfram tekjur **488,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 488,6

04-331 Héraðsskógar
Almennur rekstur:
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 98,1

Stofnkostnaður:
6.41 Gagnagrunnur um skógrækt 10,0

Gjöld samtals **108,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **105,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,9

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði
Almennur rekstur:
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
1.91 Loðdýrafóður 30,0
Almennur rekstur samtals 55,0

Gjöld samtals **55,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,0

04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið
Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

05-190 Ýmis verkefni
Almennur rekstur:
1.20 Eldi sjávardýra 19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 11,0
1.23 Matvælasetur 6,1
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 42,6
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins 22,9
1.49 Úrskurðarnefndir 2,1
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO 8,3
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT) 23,1
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC 4,5
1.90 Ýmislegt 26,0
Almennur rekstur samtals 165,7

Gjöld samtals **165,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,7

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:

1.01 Stjórnartíðindi	13,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**-11,1**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-11,1

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir	34,8
1.11 Námsleyfi lögfræðinga	3,1
1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	19,0
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	36,5
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	12,6
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	66,9
1.40 Alþjóðasamstarf	5,9
1.45 Mannréttindamál	4,0
1.46 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	5,0
1.47 Íslensk ættleiðing	6,5
1.51 Innheimta meðlaga	3,7
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð	0,3
1.82 Biblíuþýðingar	2,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	1,9
Almennur rekstur samtals	202,8
Gjöld samtals	**202,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,6
Gjöld umfram tekjur	**185,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,0
Innheimt af ríkistekjum	22,2

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:

1.01 Ríkislögreglustjóri	859,2
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	202,3
Almennur rekstur samtals	1.061,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,5
6.11 Bifreiðar 79,0
Stofnkostnaður samtals 89,5

Gjöld samtals **1.151,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -281,3

Gjöld umfram tekjur **869,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 863,9
Innheimt af ríkistekjum 5,8

06-325 Neyðarsímsvörun
Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 90,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,9

06-395 Landhelgisgæsla Íslands
Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 1.149,9

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 103,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5

Gjöld samtals **1.257,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,9

Gjöld umfram tekjur **1.226,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.226,0

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 54,8
1.20 Löggæsla 77,2

1.40 Tollgæsla	14,1
Almennur rekstur samtals	146,1
Gjöld samtals	**146,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,7
Gjöld umfram tekjur	**139,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,4

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.224,1
1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans	6,3
1.15 Kirkjumiðstöðvar	2,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,7
1.91 Skálholtsskóli	8,4
Almennur rekstur samtals	1.242,7
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	5,4
6.22 Hallgrímskirkja	11,4
6.23 Hóladómkirkja	5,0
6.24 Langholtskirkja	6,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	5,4
6.28 Þingeyraklausturskirkja	3,0
Stofnkostnaður samtals	36,2
Gjöld samtals	**1.278,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-62,1
Gjöld umfram tekjur	**1.216,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.216,8

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	365,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,5

Gjöld samtals	**369,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,0
Gjöld umfram tekjur	**330,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,5
Innheimt af ríkistekjum	94,1

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	158,0
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	43,3
Almennur rekstur samtals	202,4
Gjöld samtals	**202,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,8
Gjöld umfram tekjur	**189,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,6

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.145,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.145,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	50,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður	5.998,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	420,0
Almennur rekstur samtals	6.468,0
Gjöld samtals	**6.468,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	420,0
Innheimt af ríkistekjum	6.048,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	28,6
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	175,1
1.30 Sjómannastofur	4,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	59,1
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	17,4
1.35 Félag heyrnarlausra	5,2
1.36 Félagið Geðhjálp	16,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	29,1
1.41 Stígamót	20,0
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	20,9
1.44 Byrgið, líknarfélag	26,5
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	2,9
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	10,7
1.49 Móttaka flóttamannahópa	32,4
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	16,9
1.90 Ýmis framlög	8,0
1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis	19,0
Almennur rekstur samtals	492,3
Gjöld samtals	**492,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	492,3

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	58,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,1

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	174,2
1.90 Forvarnasjóður	85,8
Almennur rekstur samtals	260,0
Gjöld samtals	**260,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**259,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 186,8
Innheimt af ríkistekjum 73,1

08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús
Almennur rekstur:
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús 27.270,0

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 178,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 201,0
6.70 Nýframkvæmdir 100,0
Stofnkostnaður samtals 301,0

Gjöld samtals **27.749,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.553,0

Gjöld umfram tekjur **26.196,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26.096,0
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt
Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 234,5

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar 33,1

Gjöld samtals **267,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 267,6

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir
Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 83,5

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 18,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 366,5
Stofnkostnaður samtals 384,9

Gjöld samtals	**468,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	468,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	26,8
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	26,5
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	25,9
1.17 Vísindasiðanefnd	20,2
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	16,3
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	251,4
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	52,4
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	5,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	6,4
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,6
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	139,8
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	111,6
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	41,2
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	20,0
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	10,8
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	9,4
1.90 Ýmis framlög	32,7
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	26,4
Almennur rekstur samtals	846,1
Gjöld samtals	**846,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,0
Gjöld umfram tekjur	**815,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	815,1

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	224,5
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	153,3
Almennur rekstur samtals	377,8

Stofnkostnaður:
6.25 Bygging hjúkrunarheimila 437,5

Gjöld samtals **815,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -193,7

Gjöld umfram tekjur **621,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 621,6

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ
Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 971,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 971,4

09-402 Fasteignamat ríkisins
Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 356,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 13,9
6.02 Landskrá fasteigna 100,0
Stofnkostnaður samtals 113,9

Gjöld samtals **469,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **468,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,1
Innheimt af ríkistekjum 399,0

09-811 Barnabætur
Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 5.600,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.600,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:

1.90 Launa- og verðlagsmál	2.140,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2.140,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Fastanefndir	17,8
1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar	9,3
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	51,5
1.25 Staðsetningarkerfi	6,5
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.34 Flugskóli Íslands	22,0
1.35 Átak í umferðaröryggismálum	150,0
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	28,5
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	150,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	54,9
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	12,5
1.90 Ýmislegt	19,2
Almennur rekstur samtals	528,8

Stofnkostnaður:

6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir	6,0
Stofnkostnaður samtals	16,0
Gjöld samtals	**544,8**

Sértekjur:

Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**542,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	542,9

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn	503,5
1.11 Vaktstöð siglinga	185,8
Almennur rekstur samtals	689,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,5
6.60 Vitabyggingar 20,4
6.80 Sjóvarnargarðar 106,6
Stofnkostnaður samtals 137,5

Gjöld samtals **826,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -132,1

Gjöld umfram tekjur **694,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 588,6
Innheimt af ríkistekjum 106,1

10-336 Hafnabótasjóður
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 10,7

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki 1.024,6
6.74 Lendingabætur 6,3
6.76 Ferjubryggjur 8,5
Stofnkostnaður samtals 1.039,4

Gjöld samtals **1.050,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.039,4
Viðskiptahreyfingar 10,7

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar
Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 1.595,6
1.70 Alþjóðaflugþjónusta 1.364,7
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO 96,5
Almennur rekstur samtals 3.056,8

Gjöld samtals **3.056,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.850,0

Gjöld umfram tekjur **1.206,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 887,4
Innheimt af ríkistekjum 319,4

11-201 Iðntæknistofnun Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Iðntæknistofnun Íslands 491,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,8

Gjöld samtals **499,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -311,0

Gjöld umfram tekjur **188,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 188,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi
Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 125,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög
Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 7,5
1.19 Staðlaráð 37,9
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 7,0
1.30 Alþjóðlegt samstarf 22,8
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar 53,4
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 29,6
Almennur rekstur samtals 163,2

Gjöld samtals **163,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,3
Innheimt af ríkistekjum 37,9

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	62,2
1.03 Orkurannsóknir	306,8
1.04 Vatnamælingar	238,1
Almennur rekstur samtals	607,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,1
Gjöld samtals	**617,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-258,5
Gjöld umfram tekjur	**358,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	358,7

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda	16,5
1.13 Jarðhitaleit	11,8
1.23 Notendur utan samveitna	7,0
Almennur rekstur samtals	37,8
Gjöld samtals	**37,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,8

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	49,9
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	142,0
1.21 Nýskipan orkumála	12,3
1.22 Vistvænir orkugjafar	15,8
1.23 Þróunarverkefni o.fl.	11,0
Almennur rekstur samtals	231,0
Gjöld samtals	**231,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	231,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:

1.10 Byggðastofnun	193,7
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	126,2
Almennur rekstur samtals	319,9
Gjöld samtals	**319,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	319,9

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	7,1
1.20 Icepro-nefnd	5,4
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	20,6
Almennur rekstur samtals	41,6
Gjöld samtals	**41,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,2
Innheimt af ríkistekjum	5,4

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir	8,0
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	8,6
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	19,6
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,2
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	18,5
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	10,3
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	8,2
1.43 Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi	1,4
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,1
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	21,8
1.90 Ýmis verkefni	17,5
Almennur rekstur samtals	166,3
Gjöld samtals	**166,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,3

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn
Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 11,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **10,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

14-211 Umhverfisstofnun
Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 564,7
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 20,9
Almennur rekstur samtals 585,6

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 35,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,3

Gjöld samtals **635,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -55,4

Gjöld umfram tekjur **580,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 543,7
Innheimt af ríkistekjum 36,8

14-310 Landmælingar Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 235,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5

Gjöld samtals **240,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -55,9

Gjöld umfram tekjur **184,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 181,1
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,3
1.02 Setur í Reykjavík 220,5
1.03 Setur á Akureyri 74,1
Almennur rekstur samtals 314,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,3

Gjöld samtals **321,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -127,4

Gjöld umfram tekjur **194,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 194,3

14-403 Náttúrustofur
Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 12,9
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 12,9
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík 12,9
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi 12,9
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki 12,9
1.15 Náttúrustofa Sandgerði 12,9
1.16 Náttúrustofa Húsavík 12,9
Almennur rekstur samtals 90,3

Gjöld samtals **90,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,3

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	508,0
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	169,6
Almennur rekstur samtals	677,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	40,6
Gjöld samtals	**718,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-221,7
Gjöld umfram tekjur	**496,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	496,5

Sundurliðun 2
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

Sundurliðun 2, **Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta**, orðast svo:

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).	
1. Háskólinn á Akureyri, nýbygging	90.000
2. Kennaraháskóli Íslands, lóð o.fl.	45.000
3. Íþróttamiðstöð á Laugarvatni o.fl.	15.000
4. Viðhald, óskipt	20.000
Samtals	**170.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).	
1. Framhaldsskólar í Reykjavík	150.000
2. Menntaskólinn í Reykjavík	50.000
3. Flensborgarskóli	90.000
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10.000
5. Menntaskólinn í Kópavogi	49.000
6. Fjölbrautaskóli Vesturlands	54.000
7. Snæfellsskóli, tæki og búnaður	25.000
8. Verkmenntaskólinn á Akureyri	70.000
9. Framhaldsskólinn á Laugum	30.000
10. Menntaskólinn á Egilsstöðum	23.000

11.	Fjölbrautaskóli Suðurlands	81.000
12.	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	8.000
13.	Menntaskólinn á Laugarvatni	18.000
14.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	74.000
15.	Tæki og búnaður, óskipt	10.000
	Samtals	**742.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).

1.	Búvélasafnið í Gröf	1.000
2.	Búvélasafn Hvanneyri	1.500
3.	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	3.500
4.	Kvennasögusafn Íslands	500
5.	Langabúð á Djúpavogi, rekstur safna	1.000
6.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
	Samtals	**10.000**

4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

1.	Eyrbyggja	5.000
2.	Húni II	1.000
3.	Hvalamiðstöðin á Húsavík, lokaáfangi uppbyggingar	5.000
4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, lokafrágangur og rekstur	3.000
5.	Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	2.000
6.	Íþróttasafn, Akranesi	1.000
7.	Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps, flutningur húsnæðis	1.000
8.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, umhverfi safnsins	2.000
9.	Ósvör, Bolungarvík	5.000
10.	Safn bátaflota Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ	2.000
11.	Safnahús Búðardal	5.000
12.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	5.000
13.	Samgöngusafnið í Skógum, áframhaldandi uppbygging	5.000
14.	Sauðfjársetur á Ströndum, kaup á húsnæði	3.000
15.	Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað	2.000
16.	Sjóminjasafnið á Hellissandi	2.000
17.	Sjóminjasafnið í Reykjavík, framkvæmdir við húsnæði o.fl.	5.000
18.	Sögusafnið í Perlunni	5.000
19.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	2.000
	Samtals	**61.000**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Menningarhús á Ísafirði	40.000
2.	Byggðasöfn	24.700
3.	Þjóðskjalasafn Íslands	20.000
4.	Þjóðleikhúsið	10.000
5.	Skriðuklaustur	5.000

6.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**109.700**

6. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
2.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	500
3.	Harmonikkufélag Vestfjarða	300
4.	Íslensk grafík	200
5.	Leifshátíð	500
6.	Leikbrúðuland	1.200
7.	Leikminjasafn Íslands, íslensk leikminjaskrá	1.000
8.	Listasafn Kópavogs	1.000
9.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
10.	Málverkasafn Tryggva Ólafssonar	1.000
11.	Rannsóknarstofa um helgisiðafræði í Skálholti	4.000
12.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	500
13.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.500
14.	Stórsveit Reykjavíkur	500
15.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.000
16.	Tónahátíð í Þjórsárveri	500
17.	Tónleikar í Skaftárhreppi	500
18.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	900
19.	Þjóðlagahátíð á Siglufirði	500
	Samtals	**18.600**

7. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Byggða- og atvinnusaga Súðavíkurhrepps	1.000
2.	Byggðasaga Skagafjarðar	2.000
3.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi	500
4.	Eyrbyggjar – útgáfustarf á menningar- og sögutengdu efni	400
5.	Færeysk orðabók	1.800
6.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	500
7.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	800
8.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa fornbókmennta á erlendum tungumálum	3.000
9.	Önfirðingafélagið í Reykjavík	1.000
10.	Örlygur Hálfdanarson, Úr torfbæjum inn í tækniöld	1.500
	Samtals	**12.500**

8. Norræn samvinna (02-984-1.90).

	Norræna félagið á Íslandi, rekstur og sérverkefni	7.000
	Óskipt	6.000
	Samtals	**13.000**

9. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	2.000
3.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	1.000
	Samtals	**4.000**

10. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Sumarbúðirnar Ástjörn	1.000
2.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	8.000
	Samtals	**9.000**

11. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Fornleifastofnun Íslands	3.000
2.	Frumkvöðlafræðslan ses.	2.000
3.	Holt í Önundarfirði, viðgerðir á húsnæði	1.000
4.	Kirkjubæjarstofa, rannsóknir, gagnaöflun o.fl.	5.000
5.	Kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn	1.000
6.	Klúbbur matreiðslumeistara	1.000
7.	Kópavogsbær, spænsk menningarvika	2.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstrarstyrkur	2.000
9.	Kvenréttindafélag Íslands	600
10.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
11.	Lionsklúbbur Búðardals, minnismerki um Jón Thoroddsen	500
12.	Lýsir, gagnagrunnur um myndlist í íslenskum handritum	1.000
13.	Mats Wibe Lund sf.	2.000
14.	Músík og saga, verkefnið munnleg geymd	1.000
15.	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	2.000
16.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið Hugsað um barn	5.000
17.	Rannsóknir og greining	4.000
18.	SMS – Samskipti með síma	2.000
19.	Snjáfjallasetur	1.000
20.	Sturlustofa í Dölum	600
21.	Surtseyjarfélagið, rannsóknir og starfsemi	700
22.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, tölvusetning á handriti	1.500
23.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
24.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.500
25.	Þjóðbúningaráð	500
	Samtals	**47.100**

12. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaður (02-999-6.90).

1.	Álfhóll, fræðslusýning um þjóðsögur og vættir	2.000
2.	Blátindur VE 21 frá Vestmannaeyjum, endursmíði	3.500
3.	Byggðasafn Garðskaga	4.000

4.	Draugasetrið, Stokkseyri	2.000
5.	Eikarbáturinn Sædís, endursmíði	3.500
6.	Fræðimannaíbúð í Reykjaskóla, Hrútafirði, vinna við endurgerð	2.000
7.	Fuglasafn Sigurgeirs	4.000
8.	Grettisból á Laugarbakka, uppbygging	5.000
9.	Grettislaug	1.000
10.	Heimskautagerði á Raufarhöfn	4.000
11.	Jöklasýning Höfn í Hornafirði, endurnýjun og rekstur	5.000
12.	Kvikmynd um norðurljós	5.000
13.	Landnámssetur Íslands í Borgarnesi	5.000
14.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri	2.000
15.	Listaverk Samúels Jónssonar í Selárdal, viðgerðir	1.000
16.	Manngerðir hellar	2.000
17.	María Júlía BA 36, endursmíði	3.500
18.	Mótorbáturinn Sæljón	500
19.	Nýhöfn á Melrakkasléttu, uppbygging smiðju og veiðihjalls	400
20.	Nýtt handverk á gömlum rótum, sýning í Bryggen, Kaupmannahöfn	5.000
21.	Steinaríki Íslands á Akranesi	3.000
22.	Stúkuhús, Akranesi	3.000
23.	Textílsetur Íslands á Blönduósi	3.000
24.	Tónminjasetur Íslands	2.000
25.	Unglingalandsmót í Mýrdalshreppi	10.000
26.	Útisýningarsvæði að Görðum, Akranesi	1.000
27.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	2.000
28.	Vélbáturinn Ölver, endurbygging	3.000
29.	Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	5.000
30.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	5.000
31.	Ævintýra- og dýragarður á Blönduósi	4.000
	Samtals	**101.400**

13. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Framkvæmdasjóður Skrúðs	2.500
2.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, uppgræðsluverkefni	4.000
3.	Hólaskóli, gæðamat í ferðaþjónustu	3.000
4.	Hólaskóli, Líf í fersku vatni	1.500
5.	Landvernd	4.000
6.	Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna	500
7.	Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar	1.500
8.	Nytjaland	4.000
9.	Rannsóknir á glerál	1.000
10.	Rannsóknir á landslagi undir jökli	3.000
11.	Skógræktarfélagið Skógfell, göngustígur	300
12.	Sláturfélag Austurlands, Austurlamb	500
13.	Töfragarðurinn Stokkseyri	1.000
14.	Vottunarstofan Tún	4.000
15.	Æðarræktarfélag Íslands	300

Óskipt	8.000
Samtals	**39.100**

14. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1. Vesturland og Vestfirðir	3.500
2. Norðurland	16.600
3. Austurland	9.000
4. Suðurland	27.000
Samtals	**56.100**

15. Ýmis verkefni (05-190-1.90).

1. Kalkþörungavinnsla í Hrútafirði	5.000
2. Rannsóknarsetur í Sandgerði	1.000
3. Sjávarsetur í Sandgerði	1.400
Óskipt	18.600
Samtals	**26.000**

16. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1. ADHD-samtökin	1.000
2. Barnaheill	1.000
3. Blindrafélagið	8.500
4. Daufblindrafélag Íslands	700
5. Félag ábyrgra feðra	400
6. Félag einstæðra foreldra	1.200
7. Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	6.000
8. Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
9. Kvennaráðgjöfin	700
10. Landsbyggðin lifi	500
11. Landssamband eldri borgara	1.000
12. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	3.500
13. Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
14. Sjálfsbjörg	4.000
15. Systkinasmiðjan, námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir	500
16. Umsjónarfélag einhverfra	600
17. Vernd	1.000
18. Vímulaus æska	5.000
19. Þroskahjálp	5.000
Óskipt	17.300
Samtals	**59.100**

17. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1. Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	4.000
2. Regnbogabörn	3.000

3.	Samtökin '78	1.000
	Samtals	**8.000**

18. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	36.400
2.	Heilsugæslustöð á Skagaströnd	25.000
3.	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, endurinnrétting sjúkrahúss	10.000
4.	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, viðbygging	40.000
5.	Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust á Þórshöfn	18.500
6.	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	48.100
7.	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað, endurbygging eldri hluta	79.500
8.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	17.000
9.	Sjúkrahús Suðurlands	92.000
	Samtals	**366.500**

19. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga	2.000
2.	Alnæmissamtökin	1.000
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.500
4.	Beinvernd	500
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	500
6.	Blóðgjafafélag Íslands	500
7.	Elín Ebba Ásmundsdóttir, hlutverkasetur	4.000
8.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
9.	Félag um offitu á Íslandi	500
10.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	500
11.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.000
12.	Gigtarfélag Íslands	2.500
13.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
14.	Heimili og skóli, foreldrasamningur	1.700
15.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
16.	Landssamtök hjartasjúklinga	4.000
17.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.000
18.	Líknarfélagið Skjöldur, 12 spora húsið	1.000
19.	MS-félag Íslands	500
20.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	200
21.	PKU-félagið á Íslandi	200
22.	Samtök lungnasjúklinga	600
23.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.000
24.	Samtök sykursjúkra	1.000
25.	Samtök um sárameðferð	200
26.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	1.000
27.	Tourette-samtökin	400
28.	Umhyggja	1.500
	Samtals	**32.700**

20. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	1.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík	800
3.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	1.000
4.	Samgönguminjasafnið Ystafelli	2.000
5.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stórageröi	4.000
6.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	3.000
	Óskipt	16.700
	Samtals	**28.500**

21. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Drangeyjarfélagið	1.000
2.	Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhólasveitar	1.000
3.	Hverafjallafélagið	1.000
4.	Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, átaksverkefni í ferðaþjónustu og atvinnumálum	1.000
5.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	2.500
	Óskipt	12.700
	Samtals	**19.200**

22. Lendingarbætur (10-336-6.74).

1.	Hnúksnes, Dalabyggð	900
2.	Við Galtarvita	100
3.	Höfðaströnd, Grunnavík	400
4.	Aðalvík	400
5.	Reykjarfjörður, Hornströndum	500
6.	Karlshöfn, Gjögri	800
7.	Reykir, Reykjaströnd	1.100
8.	Lagarfljót	1.100
	Óskipt	1.000
	Samtals	**6.300**

23. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

	Fagráð textíliðnaðarins	4.000
	Óskipt	25.600
	Samtals	**29.600**

24. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Blái herinn	1.000
2.	Fuglaathugunarstöð á Höfn	1.000
3.	Sesseljuhús, umhverfissetur	5.000
	Óskipt	10.500
	Samtals	**17.500**

Sundurliðun 4.
Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Sundurliðun 4, **Fjármál lánastofnana í C-hluta**, er samhljóða brtt. á þskj. 422.

475. Svar [136. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattalækkanir.

1. *Hversu mikið er og verður tekjutap ríkissjóðs vegna breyttra skatta einstaklinga frá 2003 og fyrirhugaðrar lækkunar og hvernig skiptist lækkunin eftir tekjuhópum? Óskað er eftir að miðað verði við tekju- og eignarskattsstofna samkvæmt framtölum vegna álagningar 2004 og lækkun skatttekna ríkissjóðs verði reiknuð út miðað við:*
   a. *4% lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins*
      i. *ef persónuafsláttur helst óbreyttur frá álagningu tekjuskatts 2004,*
      ii. *ef skattleysismörkin haldast óbreytt frá álagningu tekjuskatts 2004,*
   b. *lækkun, eða afnám, hátekjuskattsins úr 7% í 0%, annars vegar miðað við skattleysismörk hátekjuskatts við síðustu álagningu þegar hann var 7% og hins vegar ef skattleysismörkin breytast í sama hlutfalli og persónuafslátturinn fram að álagningu 2004,*
   c. *lækkun og afnám almenna eignarskattsins miðað við fríeignamörk við álagningu 2004.*

Í svari þessu er miðað við álagningarskrá ársins 2004 en það er tekjuárið 2003. Tekið er tillit til veltuáhrifa.

a. i. Tekjutap ríkissjóðs vegna 4% lækkunar almenna tekjuskattshlutfallsins miðað við óbreyttan persónuafslátt frá álagningu 2004 yrði um 14 milljarðar kr.
   ii. Tekjutap ríkissjóðs vegna 4% lækkunar almenna tekjuskattshlutfallins miðað við að skattleysismörk haldist óbreytt frá álagningu 2004 yrði um 8 milljarðar kr.
b. i. Lækkun skatttekna ríkissjóðs vegna afnáms sérstaks tekjuskatts miðað við skattleysismörk við síðustu álagningu, þegar hann var 7%, er tæplega 1,4 milljarðar kr.
   ii. Lækkun skatttekna ríkissjóðs vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 7% í 0%, miðað við að skattleysismörkin breytist í sama hlutfalli og persónuafslátturinn, er rúmlega 1,3 milljarðar kr.
c. Tekjutap ríkissjóðs vegna afnáms almenna eignarskattsins er um 1,8 milljarðar kr.

2. *Hvernig skiptist framangreind lækkun eftir tekjuhópum, bæði miðað við hvern lið um sig og liðina samtals, ef gjaldendum er skipt eftir heildartekjum (þ.e. almennum tekjum og fjármagnstekjum samanlögðum) og 5% þeirra eru í hverju bili? Bæði er spurt um fjárhæð og hlutfall og óskað er eftir að gerð verði grein fyrir dreifingunni fyrir einhleypa annars vegar og hjón og sambúðarfólk hins vegar.*

Skipting lækkunar skv. 1. lið, eftir heildartekjum, 5% skattgreiðenda í hverju tekjubili. Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
1	0	0	0	0	21
2	0	0	0	0	2
3	3	0	0	0	7
4	55	0	0	0	48
5	291	0	0	0	59
6	357	22	0	0	58
7	406	64	0	0	70
8	450	106	0	0	81
9	494	148	0	0	84
10	547	195	0	0	87
11	613	256	0	0	82
12	684	325	0	0	83
13	762	400	0	0	85
14	845	481	0	0	89
15	942	575	0	0	90
16	1.050	681	0	0	99
17	1.181	807	0	0	108
18	1.360	983	36	34	120
19	1.640	1.256	216	211	152
20	2.372	1.971	1.131	1.121	431

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir einhleypa.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
1	0	0	0	0	0
2	0	0	0	0	0
3	0	0	0	0	0
4	0	0	0	0	0
5	1	0	0	0	1
6	66	0	0	0	6
7	147	0	0	0	9
8	170	17	0	0	16
9	188	33	0	0	25
10	205	49	0	0	32
11	220	64	0	0	38
12	237	81	0	0	36
13	261	105	0	0	33
14	292	136	0	0	30
15	327	171	0	0	28
16	368	212	0	0	32
17	419	262	0	0	36
18	484	327	0	0	44
19	576	419	15	14	56
20	841	685	438	434	138

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir hjón og sambýlisfólk.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
1	0	0	0	0	22
2	5	0	0	0	11
3	82	0	0	0	58
4	176	0	0	0	50
5	208	22	0	0	50
6	239	48	0	0	50
7	268	76	0	0	49
8	304	106	0	0	51
9	342	141	0	0	51
10	379	176	0	0	54
11	420	215	0	0	55
12	460	255	0	0	52
13	504	299	0	0	52
14	552	344	0	0	54
15	606	397	0	0	57
16	670	458	0	0	59
17	746	534	10	9	64
18	851	637	43	41	73
19	1.008	788	128	125	96
20	1.433	1.207	749	743	285

3. *Hvernig skiptist lækkunin, sbr. 2. lið, ef í stað 5% tekjubila er miðað við eftirfarandi heildartekjur á ári:*
   a. *undir 1 millj. kr.*
   b. *1–1,5 millj. kr.*
   c. *1,5–2 millj. kr.*
   d. *2–3 millj. kr.*
   e. *3–4 millj. kr.*
   f. *4–6 millj. kr.*
   g. *6–8 millj. kr.*
   h. *8–10 millj. kr.*
   i. *10–15 millj. kr.*
   j. *yfir 15 millj. kr.?*

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti, fjárhæðir í millj. kr.

	a.i	a. ii	b.i	b.ii	c.
0–1 millj. kr.	259	0	0	0	122
1–1,5 millj. kr.	1.443	230	0	0	249
1,5–2 millj. kr.	1.538	571	0	0	231
2–3 millj. kr.	3.032	1.659	0	0	328
3–4 millj. kr.	2.576	1.716	0	0	238
4–6 millj. kr.	2.924	2.194	269	262	270
6–8 millj. kr.	1.080	872	312	308	119
8–10 millj. kr.	463	388	233	231	69
10–15 millj. kr.	448	386	313	311	83
15– millj. kr.	288	252	256	255	149

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir einhleypa.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
0–1 millj. kr.	109	0	0	0	11
1–1,5 millj. kr.	776	131	0	0	97
1,5–2 millj. kr.	757	287	0	0	104
2–3 millj. kr.	1.201	677	0	0	107
3–4 millj. kr.	844	580	0	0	79
4–6 millj. kr.	734	567	163	160	75
6–8 millj. kr.	208	173	131	130	28
8–10 millj. kr.	84	72	71	71	16
10–15 millj. kr.	59	52	58	58	16
15– millj. kr.	29	25	30	30	29

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir hjón og sambýlisfólk.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
0–1 millj. kr.	150	0	0	0	111
1–1,5 millj. kr.	668	99	0	0	152
1,5–2 millj. kr.	780	284	0	0	127
2–3 millj. kr.	1.831	982	0	0	222
3–4 millj. kr.	1.732	1.136	0	0	160
4–6 millj. kr.	2.190	1.627	106	102	195
6–8 millj. kr.	873	700	182	178	90
8–10 millj. kr.	380	316	162	160	53
10–15 millj. kr.	390	335	255	253	67
15– millj. kr.	259	227	226	225	121

Tekjur, hlutfall af heildartekjum.

0–1 millj. kr.	5%
1–1,5 millj. kr.	9%
1,5–2 millj. kr.	10%
2–3 millj. kr.	19%
3–4 millj. kr.	16%
4–6 millj. kr.	19%
6–8 millj. kr.	7%
8–10 millj. kr.	3%
10–15 millj. kr.	4%
15– millj. kr.	9%

476. Svar [311. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær tók Verkefnasjóður sjávarútvegsins til starfa og hverjir sitja í stjórn hans?*
2. *Hve miklar hafa tekjur sjóðsins verið frá því að hann var stofnaður? Í hvaða verkefni hefur þeim verið varið, og hve háum fjárhæðum í einstök verkefni?*

1. Verkefnasjóður sjávarútvegsins var stofnaður með lögum nr. 146 20. desember 2003, um breytingu á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum. Lögin tóku gildi 30. desember 2003. Í samræmi við 1. gr. þeirra skipaði sjávarútvegsráðherra þriggja manna stjórn sjóðsins og í henni sitja Arndís Ármann Steinþórsdóttir, Jón B. Jónasson og Snorri Rúnar Pálmason.

2. Í Verkefnasjóð sjávarútvegsins rennur gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Í ársbyrjun 2004 var lagt gjald á ólögmætan sjávarafla vegna fiskveiðiársins 2002/2003 að upphæð 26,8 millj. kr. Af þeirri fjárhæð höfðu 8,6 millj. kr. innheimst 17. nóvember 2004. Andvirði afla sem ekki reiknast til aflamarks fiskiskips, samkvæmt b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, (ákvæði til bráðabirgða XXIX) rennur einnig til Verkefnasjóðs og 17. nóvember sl. höfðu innheimst 116,5 millj. kr. Alls hafa því innheimst 125,1 millj. kr. í Verkefnasjóð sjávarútvegsins á árinu.

Verkefni sem styrkt hafa verið úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Umsækjendur	Heiti verkefnis	Styrkupphæð
Fiskistofa	Mælingar á meðafla við flotvörpuveiðar uppsjávarfisks	13.500.000
Fiskistofa	Þörungavöktun í sjó	2.500.000
Fiskistofa	Tilkynningaviðmót vegna fjareftirlits	500.000
Hafrannsóknastofnunin	Eftirlit með fiskeldiskvótum	9.700.000
Hafrannsóknastofnunin	Rannsóknahvalveiðar	18.900.000
Hafrannsóknastofnunin	Kortlagning búsvæða á hafsbotni í hafinu við Ísland	5.000.000
Hafrannsóknastofnunin	Merkingar á karfa með neðansjávarmerkingarbúnaði	11.700.000
Hafrannsóknastofnunin	Atferli þorsks með sérstöku tilliti til veiðanleika	5.000.000
Hafrannsóknastofnunin	Stofngerð þorsks við Ísland	17.000.000
Hafrannsóknastofnunin	Göngur og útbreiðsla þorsks metnar með GPS-merkjum	8.500.000
Hafrannsóknastofnunin	Fæðuvistfræðileg tengsl dýrasvifs og fiska á Reykjaneshrygg	9.800.000
Hafrannsóknastofnunin	Áhrif svæðafriðana á samfélög botnlægra fiska	7.400.000
Hafrannsóknastofnunin	Áhrif svæðafriðana á samfélög botndýra	6.700.000
Hafrannsóknastofnunin	Merkingar á þorski til að meta áhrif svæðafriðana	6.100.000
Samtals		**122.300.000**

477. Svar [273. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um barnabætur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hyggur ráðherra á hækkun barnabóta?*
2. *Er fyrirhugað að afnema tekju- og eignatengingu barnabóta að hluta eða í heild?*

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks segir að markmið á kjörtímabilinu sé m.a. að auka beinan stuðning við barnafjölskyldur með hækkun barnabóta og frítekjumarks þeirra, auk þess sem markmiðið sé að draga áfram úr tekjutengingu barnabóta. Í samræmi við það lagði ríkisstjórnin nýverið fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og er í því gert ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á barnabótakerfinu sem komi til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2006 og 2007. Í frumvarpinu er auk þess gerð tillaga um almenna 3% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna, m.a. viðmiðunarfjárhæðum barnabóta, sem komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2005.

Samkvæmt tillögu frumvarpsins má skipta breytingum barnabótakerfisins í fernt og eiga þær að koma til framkvæmda í tveimur áföngum á árunum 2006 og 2007. Í fyrsta lagi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur hækki um samtals 50% til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir að fjárhæðir þeirra hækki á árinu 2005. Þar af hækki bæturnar um 25% frá ársbyrjun 2006. Í öðru lagi er gerð tillaga um 10% hækkun tekjutengdra barnabóta til viðbótar þeim 3% sem áður voru nefnd, og að sú hækkun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2006. Í þriðja lagi er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki samtals um 50%, auk áðurnefndra 3% árið 2005. Þar af hækki viðmiðunarfjárhæðirnar um 25% frá ársbyrjun 2006. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að skerðingarhlutföll tekna við ákvörðun barnabóta lækki úr 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri, í 2%, 6% og 8% í sömu röð og að sú lækkun komi til framkvæmda á árinu 2007. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum er talinn verða um 2,4 milljarðar kr. þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Þar af eru áætluð áhrif á útgjöld ársins 2006 um 1,2 milljarðar kr.

Ahygli fyrirspyrjanda skal vakin á því að með lögum nr. 166/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, var eignatenging barnabóta afnumin.

478. Frumvarp til laga [386. mál]

um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

a. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Frá 1. september til 31. desember: stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd.
b. Orðin „stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd“ í 3. tölul., er verður 4. tölul., falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 6. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru öll villt dýr friðuð nema annað sé tekið fram í lögunum. Með 3. tölul. 1. mgr. 17. gr. laganna er umhverfisráðherra m.a. veitt heimild til að leyfa veiðar á stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávellu og toppönd á tímabilinu 1. september til 31. mars ár hvert.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til að leyfa veiðar á framangreindum tegundum verði þrengd og að einungis verði heimilt að leyfa veiðar á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

479. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Ólafsson, Benedikt Davíðsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Landssambandi eldri borgara.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,9%, um 162 kr. á hvern gjaldanda, úr 5.576 kr. í 5.738 kr. Hækkunin er í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,9% frá meðalverði ársins 2004 til meðalverðs ársins 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara og leggja fram breytingartillögu í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. nóv. 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Siv Friðleifsdóttir.		Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

480. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Þuríði Backman og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur fjárhæðum grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka almannatrygginga árið 2004 eða lægri tekjum. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

481. Frumvarp til laga [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað 3.–5. málsl. 7. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lögin gilda til 1. júlí 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur starfað frá árinu 1994. Hlutverk hans var að veita styrki til úreldingar fiskiskipa sem og að kaupa fasteignir sem nýttar voru til fiskvinnslu og framleiðslutæki sem þeim fylgdu. Einnig var sjóðnum heimilt að taka þátt í samræmdum aðgerðum lánastofnana við fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja eða aðgerðum sem beindust að því að draga úr afkastagetu og greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Síðar var sjóðnum falið að fjármagna að stórum hluta kaup á nýju rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Þróunarsjóður sjávarútvegsins yfirtók við stofnun sjóðsins eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem og neikvætt eigið fé Hlutafjárdeildar Byggðastofnunar og Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja. Í stofnefnahagsreikningi sjóðsins voru skuldir hans metnar tæplega 800 millj. kr. umfram eignir. Til að standa undir

þessum viðamiklu verkefnum og fjárskuldbindingum voru lögð gjöld á eigendur fiskiskipa og um tíma á eigendur fiskvinnsluhúsa. Þessir aðilar hafa alfarið fjármagnað starfsemi sjóðsins.

Á árunum 1994–1997 voru 459 skip og bátar afskráð fyrir atbeina Þróunarsjóðs. Samtals voru þessi skip um 7.800 brt eða um 7% af þáverandi fiskiskipaflota landsins. Sjóðurinn keypti um 20 fiskvinnslustöðvar og tók þátt í allmörgum þróunarverkefnum. Með lögum nr. 152/1996 sem tóku gildi 1. janúar 1997 var hlutverk sjóðsins takmarkað við fjárhagslega umsýslu sjóðsins auk fjármögnunar nýs hafrannsóknaskips. Þá var gildistími laganna jafnframt takmarkaður við 31. desember 2009 og kveðið á um að eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma skyldu renna til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Með lögum nr. 51/2004 var frá 1. september sl. felld niður skylda eigenda fiskiskipa til að greiða í Þróunarsjóð sjávarútvegsins en þess í stað tekið upp frá sama tíma veiðigjald sem sömu aðilar greiða í ríkissjóð.

Þar til um síðustu áramót hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins verið rekinn með neikvæðu eigin fé. Samkvæmt endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningi Þróunarsjóðs var staðan eftirfarandi um síðustu áramót:

	2003	2002
Eignir samtals	3.520.727.307	3.679.351.639
Skuldir	3.041.632.189	4.020.697.803
Eigið fé	402.990.844	<394.562.389>

Við þessi tímamót er því lagt til að gildistími laganna verði styttur þannig að þau falli úr gildi 1. júlí 2005 í stað 31. desember 2009. Jafnframt er lagt til að sjóðurinn verði gerður upp og eftirstöðvar renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Fjármagninu verði eftir sem áður varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 152/1996, um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að breyta gildistíma laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þannig að þau falli úr gildi 1. júlí 2005 í stað 31. desember 2009. Jafnframt er lagt til að sjóðurinn verði gerður upp og eftirstöðvar renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Áætlað er að markaðsvirði eigna Þróunarsjóðs sé um 300–400 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

482. Svar [339. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur, Guðrúnar Ögmundsdóttur, Ágústs Ólafs Ágústssonar og Margrétar Frímannsdóttur um afplánun eldri fanga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa fangar á eftirlaunaaldri rétt á að ljúka afplánun hjá Vernd eins og aðrir fangar? Ef svo er ekki, hver er ástæðan?

Aflað var upplýsinga frá fangelsismálastofnun vegna fyrirspurnarinnar. Fram kemur í svörum stofnunarinnar að allir fangar geti að uppfylltum þeim skilyrðum sem gildi um afplánun á áfangaheimili Verndar afplánað hluta refsingar þar. Reglurnar séu almennar og gildi um alla fanga. Fangar á eftirlaunaaldri geti því líkt og aðrir afplánað hluta refsingar á áfangaheimilinu. Geti fangi ekki útvegað sér vinnu sjálfur hafa bæði fangelsismálastofnun og Vernd aðstoðað viðkomandi í þeim efnum.

483. Svar [338. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur, Margrétar Frímannsdóttur, Guðrúnar Ögmundsdóttur og Ágústs Ólafs Ágústssonar um afplánunaráætlun fanga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er gerð einstaklingsmiðuð afplánunaráætlun fyrir hvern fanga við upphaf refsivistar, um

a. þörf á meðferð,
b. áhættumat,
c. getu til náms og vinnu,
d. félagslegan eða sálfræðilegan stuðning?

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá fangelsismálastofnun vegna fyrirspurnarinnar og eru eftirfarandi upplýsingar byggðar á svörum hennar.

a. Eins og málum er nú háttað er ekki gerð einstaklingsmiðuð afplánunaráætlun fyrir fanga við upphaf refsivistar. Fangelsismálastofnun hefur hins vegar frá 1998 tekið persónuskýrslu af öllum föngum við upphaf refsivistar þar sem þeir eru m.a. spurðir út í vímuefnavanda, þörf fyrir sálfræðiaðstoð eða annars konar aðstoð. Þá ber fangi oft fram sjálfur ósk um að fá að ljúka refsivist í vímuefnameðferð. Orðið er við þeirri beiðni að fengnu samþykki meðferðarheimilis og samkvæmt mati sálfræðings Fangelsismálastofnunar. Meðferðarúrræði skortir hins vegar fyrir þá fanga sem ekki eru hæfir vegna veikinda sinna til að vistast á almennum meðferðarheimilum eða fyrir þá sem neita innlögn en þyrftu á henni að halda að mati sérfræðinga. Eins og fram hefur komið í svari dómsmálaráðherra við annarri fyrirspurn á Alþingi um smíði nýs fangelsis er brýnt að við hönnun og skipulag þess verði hugað að sérhæfðri meðferðardeild fyrir fanga, þ.e. afeitrunardeild. Þannig mætti á markvissan hátt virkja fanga til að vinna bug á fíkn sinni á meðan á afplánuninni stendur.

b. Ekki fer fram áhættumat við upphaf refsivistar. Áhættumat er tiltölulega ný aðferð sem hefur verið í þróun víða í erlendum fangelsum og reynst vel við meðferð á föngum. Sálfræðingar fangelsismálastofnunar hafa sérhæft sig við gerð áhættumats og eru því hæfir til að

sinna því. Matið þjónar þó ekki tilgangi sínum sem skyldi við upphaf afplánunar, nema unnt sé að bregðast við niðurstöðum þess með hæfilegri meðferð. Sálfræðingar á vegum fangelsismálastofnunar hafa á hinn bóginn gert áhættumat á langtímaföngum sem eiga stutt eftir af afplánunartíma sínum og sækja um að laga sig að samfélaginu með því að komast í opnari vistun, svo sem á áfangaheimili Verndar eða Sólheimum í Grímsnesi.

c. Eins og fram kemur í a-lið tekur starfsmaður fangelsismálastofnunar persónuskýrslu af fanga m.a. með tilliti til vinnugetu og námsvilja. Á grunni hennar er tekin ákvörðun um það í hvaða fangelsi fangi skuli vistast. Enn fremur er stuðst við hegðunarvottorð/starfsgetu frá varðstjóra fangelsis þar sem fangi mætir til afplánunar, í flestum tilvikum Hegningarhúsinu. Stofnunin vill að betur verði staðið að þessum málum. Að unnið verði markvissara með fanga í upphafi refsivistar, fyrst gegn vímuefnavanda ef hann er vandamál og síðan til að virkja fanga til að stunda vinnu eða nám á ábyrgan hátt í fangelsi. Á þann hátt væri stuðlað að því að fangi gæti frekar en ella síðar fengið tækifæri til að afplána refsingu sína í opnu fangelsi og verða þar með betur undir það búinn að fara út í lífið að nýju.

d. Fangar fá almenna félags- og sálfræðiaðstoð í dag. Tveir sálfræðingar starfa í fangelsum landsins og fulltrúar fangelsismálastofnunar sinna eins og unnt er félagsaðstoð við fanga. Stofnunin hefur gert það að tillögu sinni að þessi þjónusta verði efld og henni breytt. Í því skyni er nauðsynlegt að bæta einu stöðugildi félagsráðgjafa við hjá fangelsismálastofnun en hann mundi sinna betur en nú er gert félagslegum þáttum fanga svo og taka að sér hluta af starfi sem sálfræðingar sinna í dag. Sálfræðingar hefðu þá svigrúm til að vinna meira að sérhæfðu meðferðarstarfi, m.a. að hópmeðferðarúrræðum fyrir ofbeldis- og kynferðisbrotamenn eða við annars konar sálfræðistuðning.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar með 17. gr. frumvarps um fullnustu refsinga.

484. Svar [301. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur, Ágústs Ólafs Ágústssonar, Bryndísar Hlöðversdóttur og Margrétar Frímannsdóttur um konur í fangelsi.

1. *Hafa konur, sem dæmdar hafa verið til fangavistar, möguleika á afplánun annars staðar en í fangelsinu í Kópavogi, t.d. á Kvíabryggju? Ef ekki, hver er ástæðan?*

Konur í fangelsum njóta eins og málum er nú háttað ekki sömu fjölbreytni í vistun og karlar þar sem konur eru einvörðungu vistaðar í fangelsinu í Kópavogi. Konur eru miklu færri í hópi fanga en karlar, en á síðasta ári voru konur 4,5% af heildarfangafjölda landsins. Í fangelsinu í Kópavogi eru 11–12 fangarými og á síðasta ári var rúmlega helmingur fanga þar karlar. Rétt er að taka það fram að konur eiga sömu kosti við vistun utan fangelsa og karlmenn, þ.e. hjá Vernd, í Byrginu, Hlaðgerðarkoti, SÁÁ og á Sólheimum.

Að undanförnu hefur verið unnið að markmiðssetningu á sviði fangelsismála og hugmyndum að framtíðaruppbyggingu fangelsanna í tengslum við fyrirhugaða byggingu nýs fangelsis, svo og í tengslum við endurskoðun á frumvarpi til laga um fullnustu refsinga sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Í því sambandi er m.a. verið að skoða hvort unnt verði að bjóða vistun á Kvíabryggju fyrir konur með stækkun þar.

2. Er eitthvað um að konur séu með börn sín með sér í fangelsi?

Þess eru dæmi að konur séu með börn sín í fangelsum, sbr. heimild í lögum um fangelsi og fangavist. Í öllum tilvikum er um ungbörn að ræða.

3. Hvaða sértæka þjónusta er til staðar fyrir börn sem dvelja í fangelsi með móður sinni?

Sé ungbarn vistað í fangelsi er það ávallt gert að höfðu samráði við barnaverndaryfirvöld. Heimild til að hafa börn hjá móður í fangelsi er bundin við ungbörn. Börnin njóta hefðbundinnar ungbarnaþjónustu heilbrigðisyfirvalda undir umsjón hjúkrunarfræðings fangelsisins. Allur nauðsynlegur búnaður, þ.e. rúm, leikföng o.fl., hefur verið keyptur sérstaklega í samræmi við þarfir og óskir.

485. Tillaga til þingsályktunar [388. mál]

um sívinnslu við skil skattframtala.

Flm.: Valdimar L. Friðriksson, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að sívinnslu við skil á skattframtölum fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur. Núverandi fyrirkomulag verði með öllu aflagt og í stað þess komi jöfn skil skattframtala febrúar til nóvember ár hvert.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur skattkerfi landsins tölvuvæðst á sviði framtalsgerðar og skattskila. Hefur tekist vel til með öryggi kerfisins og má segja að nú sé vinnuumhverfið gerbreytt nema hvað varðar fyrirkomulag á framtalsskilum. Þar eru enn í gildi vinnureglur löngu liðins tíma handvinnslu og árstíðabundinna starfshátta. Sjálfstæðir atvinnurekendur í landinu eru um 17–18 þúsund talsins, án þess að taldir séu með svokallaðir lögaðilar, þ.e. hlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög. Endurskoðendum og bókurum er ætlað að ljúka uppgjörs- og framtalsvinnu fyrir þessa 17–18 þúsund aðila á 60 vinnudögum frá mars til maíloka. Á sama tíma þarf að vinna uppgjör og framtöl lögaðila en þeirri vinnu þarf að vera lokið í september ár hvert.

Afleiðing þessa úrelta fyrirkomulags er sú að ekki tekst að ljúka framtalsgerð fyrir einstaklinga með rekstur á tilskildum tíma og er því skattur áætlaður á allt að 25% þessara aðila með afleiðingum sem eru mikil og alvarleg óþægindi, ásamt verulegum kostnaði. Því er bæði tímabært og nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi skattskila og taka upp jöfn skil atvinnurekstrarframtala frá febrúar til nóvember ár hvert og hverfa alfarið frá núverandi skipulagi.

Núverandi fyrirkomulagi fylgir gífurlegt álag á endurskoðendur og bókara, sérstaklega á tímabilinu mars–maí. Síðan fá skattstofurnar bylgjuna yfir sig og eru fram á haust að komast fram úr þeirri vinnu sem þær eiga að inna af hendi lögum samkvæmt.

Það sem vinnst við það að taka upp sívinnslu er fyrst og fremst eftirfarandi:

Jöfn vinnsla uppgjörs og framtala ætti að tryggja vandaðri framtalsgerð og skapa eðlilegt vinnuumhverfi, en nú er það með öllu óviðunandi og engum bjóðandi. Síðast en ekki síst leiða jöfn skil framtala til þess að hægt verður að taka upp reglubundið og skipulegt skatteftirlit sem síðan tryggir öruggari og betri skattskil.

Sá sem hefur mestan ávinning af því að taka upp nútímavinnubrögð við framtalsskil er ríkissjóður, þannig að sú breyting eða þróun sem hér er lögð til felur í sér marga mjög jákvæða þætti til hverrar áttar sem litið er. Komið hefur fram bæði í ræðu og riti hjá fjármálaráðherra, ríkisskattstjóra, skattstjórum landsins, endurskoðendum og bókurum að þessir aðilar vilja taka upp sívinnslu í skattskilum og falla frá núverandi fyrirkomulagi sem er í raun löngu orðið úrelt og því sem næst ónothæft.

486. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „66,15 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 70,78 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „213,51 kr.“ í 1. tölul. kemur: 228,46 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2,52 kr.“ í 2. tölul. kemur: 2,70 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „7,64 kr.“ í 3. tölul. kemur: 8,17 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „268,20 kr.“ í 1. tölul. kemur: 286,97 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „13,40 kr.“ í 2. tölul. kemur 14,34 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2005. Annars vegar er lagt til að áfengisgjald á sterku víni hækki um 7%. Hins vegar er lagt til að tóbaksgjald hækki um 7%. Reikna má með að smásöluverð á sterku víni hækki um u.þ.b. 5,6% og verð á tóbaki um 3,7% að jafnaði. Gert er ráð fyrir því að tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara hækkana nemi allt að 340 millj. kr. á ársgrundvelli og áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs eru talin verða um 0,08%.

Þar sem áfengisgjald og tóbaksgjald hafa ekki hækkað síðan í lok nóvember 2002 er ljóst að þróun þeirra gjalda hefur ekki verið í samræmi við almennt verðlag og í raun hafa þau lækkað að raungildi. Tillaga um hækkun nú er í samræmi við þróun almenns verðlags á síðustu árum en almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um u.þ.b. 7% frá því að þessi gjöld hækkuðu síðast. Í frumvarpinu er þó lagt til að áfengisgjald léttra vína og bjórs verði óbreytt, en það hefur ekki breyst síðan 1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að áfengisgjald á sterkum vínum verði hækkað um 4,63 kr. á hvern sentilítra af vínanda, eða um 7%.

Um 2. gr.

Hér er lögð til 7% hækkun á tóbaksgjaldi fyrir allar tegundir tóbaks, þ.e. vindlinga, neftóbak og aðrar tegundir tóbaks.

Um 3. gr.

Til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gjald af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota hækki samsvarandi, eða um 7%.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að áfengisgjald á sterku víni og tóbaksgjald hækki um 7% til samræmis við almennar verðlagsbreytingar frá því gjöldin voru síðast hækkuð í nóvember 2002. Áfengisgjald léttra vína og bjórs verði hins vegar óbreytt. Áætlað er að hækkun gjaldanna auki tekjur ríkissjóðs um allt að 340 m.kr. á ársgrundvelli. Frumvarpið beinist þannig einkum að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það óbreytt að lögum.

487. Svar [138. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um Fæðingarorlofssjóð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða upphæð í krónum sparast hjá Fæðingarorlofssjóði árin 2001, 2002 og 2003 við það að ekki er greitt orlof úr sjóðnum:

a. til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga,
b. til annarra?

Á árinu 2001 námu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs foreldra á innlendum vinnumarkaði samtals 2.501.092.214 kr. Þegar miðað er við lágmarkshlutfall orlofslauna sem er 10,17% má gera ráð fyrir að orlofsgreiðslur sjóðsins hefðu numið 254.361.078 kr. Þegar miðað er við útgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði á árinu 2002 sem námu samtals 4.204.885.127 kr. hefðu orlofslaun orðið 427.636.817 kr. og fyrir árið 2003 þegar útgreiðslur námu 5.214.298.849 kr. hefðu þau orðið 530.294.193 kr. Því miður er ekki unnt að greina sérstaklega milli foreldra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum og þeirra sem starfa á almenna vinnumarkaðnum í gögnum Fæðingarorlofssjóðs.

488. Fyrirspurn [390. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggislögreglu.

Frá Helga Hjörvar.

1. Telur ráðherra að lagaheimildir skorti fyrir þeirri öryggislögreglu- og leyniþjónustustarfsemi sem starfrækt er hjá ríkislögreglustjóra? Hyggst ráðherra bæta úr með lagafrumvarpi um starfsemina?
2. Telur ráðherra koma til greina að starfrækja sérstaka öryggislögreglu?
3. Hvert er umfang þessarar starfsemi? Fer hún vaxandi eða stefnir ráðherra að því að auka umsvif hennar?
4. Hvernig er eftirliti með öryggislögreglu- og leyniþjónustustarfsemi háttað?

489. Fyrirspurn [391. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafjáreign einstaklinga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu margir einstaklingar voru hluthafar í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands á árunum 1999–2004?
2. Hver var hlutur þeirra í heildarhlutafé þessara fyrirtækja á fyrrgreindu árabili?

Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.

Skriflegt svar óskast.

490. Fyrirspurn [392. mál]

til umhverfisráðherra um flutning hættulegra efna.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Þuríði Backman.

1. Hvaða reglur gilda hér á landi um flutning hættulegra efna, sem eld-, sprengi- og mengunarhætta stafar af, og eftirlit með honum?
2. Eru þær reglur sambærilegar því sem gildir annars staðar á Norðurlöndum?
3. Hefur verið gerð úttekt á flutningi hættulegra efna um þéttbýli, göng og vegskála hér á landi?
4. Hefur ráðherra áætlanir um að herða eftirlit og láta gera hættumat vegna þessa?
5. Hafa flutningar umræddra efna aukist á þjóðvegum landsins vegna minnkandi strandsiglinga og er fylgst með umfangi þeirra?

Skriflegt svar óskast.

491. Tillaga til þingsályktunar [393. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Gunnar Örlygsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Jónína Bjartmarz, Magnús Stefánsson, Sæunn Stefánsdóttir.

Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Greinargerð.

Mikilvægt er að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga verði beitt markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ein leið að því marki væri að fela Jafnréttisstofu, sem býr yfir mikilli þekkingu á stöðu kvenna í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari. Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að sjálfsögðu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.

Sveitarstjórnarkosningar verða næst haldnar vorið 2006. Umræða um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur eflst á undanförnum árum og missirum. Þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni er ljóst að enn vantar töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnum geti talist eðlilegur.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2002 var 31,1% og var það 3% fjölgun frá kosningunum 1998.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist mjög hægt eins og sjá má af tölulegum upplýsingum hér að aftan. Með svipuðu áframhaldi tekur það um þrjá áratugi að ná því takmarki að konur verið helmingur sveitarstjórnarmanna.

Í síðustu alþingiskosningum árið 2003 varð alvarlegt bakslag í hlut kvenna á Alþingi, en þá fækkaði konum verulega, eða úr 36,5% við lok kjörtímabilsins á undan í 30,2%.

Brýnt er að tryggja að ekki eigi sér stað hliðstætt bakslag varðandi hlut kvenna í komandi sveitarstjórnarkosningum, heldur náist sá árangur að hlutur kvenna aukist verulega.

Konur eru í meiri hluta í tíu sveitarfélögum, þ.e. í Seltjarnarneskaupstað, Borgarfjarðarsveit, Broddaneshreppi, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurbyggð, Aðaldælahreppi, Keldunesshreppi, Raufarhafnarhreppi, Mjóafjarðarhreppi og Mýrdalshreppi.

Þess má geta að engar konur eru aðalmenn í sveitarstjórn í níu sveitarfélögum: í Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi, sameinuðu sveitarfélagi Skagahrepps og Vindhælishrepps, Grímseyjarhreppi, Hríseyjarhreppi, Tjörneshreppi, Norður-Héraði, Fáskrúðsfjarðarhreppi og Hrunamannahreppi.

Áður hefur verið farið í verkefni með svipað markmið og í þingsályktunartillögu þessari, en Alþingi samþykkti þingsályktun á 122. löggjafarþingi 1997–1998 (592. mál) um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Flutningsmenn tillögunnar voru Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar var komið á fót þverpólitískri opinberri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem stóð fyrir slíkum aðgerðum í um fimm ár.

Árangurinn var góður en hlutur kvenna á þingi jókst um 10% í alþingiskosningum árið 1999 m.a. vegna aðgerða nefndarinnar og þeirrar umræðu sem þær sköpuðu innan flokkanna og í samfélaginu á þeim tíma.

Finna má skýrslu nefndarinnar á slóð félagsmálaráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is, en í henni koma fram aðgerðir og verkefni nefndarinnar og árangur af starfi hennar.

Í lokaorðum skýrslunnar kemur m.a. fram eftirfarandi: „Konur eru helmingur þjóðarinnar og það hlýtur því að vera mikið réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmálastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmálum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. En hvað þarf þá að koma til svo hlutur kvenna í stjórnmálum verði aukinn?

Svörin eru í grófum dráttum þessi:

1. Fleiri konur þurfa að gefa kost á sér til stjórnmálastarfa. Til þess að svo megi verða þarf að auka fræðslu meðal almennings, í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi aukins jafnréttis í stjórnmálum sem annars staðar.
2. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar, ef til vill vegna þess að þær hafa færri kvenfyrirmyndir í stjórnmálum en karlar.
3. Það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmálaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli.“

Þar sem reynslan af markvissum opinberum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum er góð eins og rakið er hér að framan er rétt að félagsmálaráðuneytið feli Jafnréttisstofu að beita slíkum aðgerðum nú í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga og útvegi stofunni fjármagn til aðgerðanna.

Tölulegar upplýsingar:

Sveitarstjórnarkosningar, hlutur kvenna:		Alþingiskosningar, hlutur kvenna:		
1950	0,6%	1979	5,0%	
1962	1,0%	1983	15,0%	
1982	12,4%	1987	20,6%	
1990	22,0%	1991	23,8%	
1994	25,0%	1995	25,4%	
1998	29,0%	1999	34,9%	(36,5% í lok tímabils)
2002	31,1%	2003	30,2%	

492. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgrímsson og Sigrúnu Ólafsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Hallgrím Snorrason frá Hagstofu Íslands, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Höskuld Jónsson frá ÁTVR.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald á sterkt áfengi og tóbaksgjald hækki um 7%. Þessi gjöld hafa ekki hækkað frá nóvember 2002 og er hækkunin í takt við hækkun verðlags á þessum tíma. Með hækkuninni halda gjöld þessi raungildi sínu.

Gjald á létt vín og bjór hækkar hins vegar ekki og er það í samræmi við þá stefnu að færa neyslu frá sterku áfengi yfir í létt vín og bjór. Sú stefna hefur náð marki sínu eins og kemur skýrt fram í sölutölum ÁTVR fyrir síðustu ár. Gjald á létt vín og bjór hefur ekki hækkað í krónutölu frá 1998 og hefur því lækkað að raungildi um a.m.k. 22%.

Þær breytingar sem lagðar eru til eru í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 29. nóv. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Álfheiður Ingadóttir.

493. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt fjárlagafrumvörpum þessa og síðasta árs er tekjuaukning ríkissjóðs milli ára 7–8% en spár um hagvöxt gera ráð fyrir 5% aukningu. Ríkissjóður er því að taka til sín stærri hlut af landsframleiðslunni á árinu 2005 en hann gerir á yfirstandandi ári. Þetta frumvarp er partur af þessari þenslu ríkisins sem hefur einkennt framgöngu þessarar ríkisstjórnar.

Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar fjármálaráðherra um skattabyltingu er hér á ferðinni frumvarp sem felur í sér að bein útgjöld landsmanna, í formi skatta, aukast um 340 millj. kr. Að auki mun hækkunin sem frumvarpið felur í sér leiða til þess að neysluvísitalan hækkar um 0,08%. Það þýðir að skuldaklyfjar landsmanna munu aukast um fast að einum milljarði kr. Þetta er þó ekki eini afrakstur dagsins fyrir ríkissjóð.

Fyrr á þessum degi voru á dagskrá tvö frumvörp um aukatekjur ríkissjóðs og um bifreiðagjald. Þau gera samanlagt ráð fyrir 320 millj. kr. aukinni skattheimtu ríkissjóðs. Samtals hefur því ríkisstjórnin lagt fram á þessum degi þrjú frumvörp sem öll fela í sér aukna skattheimtu og að bein útgjöld landsmanna aukast um 640 millj. kr. Jafnframt munu skuldir einstaklinga, heimila og fyrirtækja aukast um fast að milljarði kr.

Þessar hækkanir koma í kjölfar annarra hækkana sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á síðasta ári. Þar má nefna hækkun á þungaskatti, hækkun á sérstöku bensíngjaldi, lækkun vaxtabóta, afnám sérstakrar ívilnunar vegna séreignarlífeyrissparnaðar, hækkun komugjalda á heilsugæslu, auk margra annarra smærri gjalda sem lögfest voru í fyrra. Þá eru ótaldar ýmsar hækkanir sem komið hafa fram á yfirstandandi vetri, eins og á skólagjöldum og enn frekari hækkanir á komugjöldum.

Samtals má meta hækkanir síðasta árs og þessa á allt að 5 milljarða kr. Það er hærri tala en sú skattalækkun sem ríkisstjórnin hefur samþykkt fyrir næsta ár með 2% lækkun á hátekjuskatti og 1% flatri lækkun á tekjuskattshlutfalli. Ríkisstjórnin er því þegar búin að fjármagna skattalækkanir næsta árs með hækkunum á gjöldum og sköttum á þessu og síðasta ári.

Rétt er jafnframt að fram komi að fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar lýsti yfir á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að Íslendingar ættu heimsmet í áfengisgjöldum, og sú gjaldastefna hefði mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Að dómi fulltrúans hvetur þetta til undanskota og svartrar atvinnustarfsemi. Í stjórnarsáttmála er hins vegar lögð áhersla á að efla ferðaþjónustu þannig að hún verði samkeppnishæfari atvinnugrein, og Ísland þar með samkeppnishæfara á hinum alþjóðlega ferðamarkaði.

Með vísan til framangreinds er allri ábyrgð á þessari skattahækkun því vísað á ríkisstjórnina.

Alþingi, 29. nóv. 2004.

Össur Skarphéðinsson, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Jón Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Samtök ferðaþjónustunnar:

Samanburður á áfengisgjaldi eftir löndum.







494. Lög [389. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 486.

495. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Við 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 eru ekki lagðar til frekari útgjaldaheimildir af hálfu meiri hluta fjárlaganefndar. Það virðast því ekki hafa fallið á ríkissjóð neinar nýjar kvaðir frá því að 2. umræða fór fram. Þótt ýmislegt megi finna að tillögum í frumvarpinu með tilliti til fjárreiðulaga telur 1. minni hluti að umgengni meiri hluta fjárlaganefndar um fjáraukalagafrumvarpið hafi batnað á undanförnum árum. Hins vegar skortir mikið á að fjárlög og fjáraukalög séu unnin af þeirri fagmennsku sem gera verður kröfu til.

Heildarútgjaldaheimild ársins 2004 nemur 284,6 milljörðum kr. Útgjöld samkvæmt ríkisreikningi ársins 2003 námu 280,7 milljörðum kr. þannig að útgjaldaukningin milli ára er áætluð 1,4%. Þetta verður óvenjugóður árangur ef hann næst. En því miður er líklegra að þetta endurspegli veika fjármálastjórn, þ.e. afleiðing þess að viðurkenna ekki fjárhagsvanda fjölda stofnana við gerð fjárlaga hverju sinni. Þrátt fyrir að settar hafa verið reglur um framkvæmd fjárlaga virðist verulega skorta á að þeim sé framfylgt eins og síðar verður vikið að í þessu nefndaráliti.

Fjármálastjórn hins opinbera.

Óverulegar breytingar verða á afkomu ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu. Bæði tekjur og gjöld eru talin aukast um 9,3 milljarða kr. Tekjuaukinn fylgir þeirri uppsveiflu sem verið hefur í efnahagslífinu á yfirstandandi ári og gæti jafnvel orðið meiri en hér er áætlað. Það er hins vegar útgjaldastýring eða skortur á henni sem er áhyggjuefnið á tímum vaxandi þenslu. Einstök ráðuneyti virðast ekki ráða við að stjórna fjármálum stofnana sinna og fjármálaráðuneytið virðist ekki hafa getu eða þor til að taka á þessu vandamáli ráðuneytanna.

Það tók fjármálaráðuneytið tvo mánuði að skila upplýsingum til nefndarinnar um stöðu A-hluta stofnana miðað við lok september en ráðuneytið treystir sér hins vegar ekki til að áætla stöðu sömu stofnana um næstu áramót. Samt sem áður liggur fyrir þinginu frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 þar sem teknar eru ákvarðanir um rekstrargrundvöll sömu stofnana fyrir næsta ár. Að gera slíkt án þess að hafa hugmynd um hvernig útgjöld koma til með að þróast til loka ársins er sérstakt áhyggjuefni.

Í þessu samhengi er eðlilegt að spyrja hvort stofnunum sé gert skylt að skila inn rekstraráætlunum fyrir árið í heild og hvort slíkar rekstraráætlanir séu ekki notaðar sem stjórntæki innan ársins og endurmetnar eftir því sem þörf er á. Því miður virðist svarið við báðum þessum spurningum vera nei. Stærri fyrirtæki og sveitarfélög hér á landi viðhafa ekki slík vinnubrögð.

Tillögur og fjárreiðulög.

Við skoðun á þeim viðbótarfjárveitingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er erfitt að átta sig á hvaða reglur gilda um tilurð þeirra. Í frumvarpinu kemur fram að tillögurnar séu í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu og að tekið sé tillit til nýrra lagasetninga, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnar um ný útgjöld.

Þá er vakin athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar eru í frumvarpinu veittar fjárheimildir til umframgjalda frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærðar í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframútgjöld bætt á árinu og

reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu. Þannig flytjast ónýttar fjárheimildir og umframútgjöld á milli ára og bætast við eða dragast frá útgjaldaheimild næsta árs.

Hér er með öðrum orðum verið að fara á bak við fjárlögin. Vissulega eiga stofnanir að hafa ákveðið svigrúm til að færa verkefni á milli ára. En þegar ljóst er að yfirfærð skuld er orðin svo mikil að stofnun getur ekki gert hana upp á næsta ári nema með því að skerða reksturinn verulega ber framkvæmdarvaldinu að vísa málinu til Alþingis. Það er Alþingi sem taka á ákvörðun um að bæta halla eða taka meðvitaða ákvörðun um að skerða tiltekna þjónustu. Til þess að það sé hægt verða allar upplýsingar að liggja fyrir. Sama gildir um stofnanir sem sífellt safna upp fjárheimildum.

Óvönduð vinnubrögð.

Enn eitt árið samþykkti ríkisstjórnin að banna stofnunum að óska eftir viðtölum við fjárlaganefnd og hafa þannig frumkvæði að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina. Slík afskipti ríkisstjórnarinnar, þ.e. framkvæmdarvaldsins, að eðlilegu upplýsingastreymi frá stofnunum til fjárlaganefndar eru afar óeðlileg en því miður lýsandi fyrir viðhorf framkvæmdarvaldsins til upplýsinga.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að uppsafnaður hallarekstur stofnana og verkefna er bættur í þeim tilfellum þar sem verkefnum er lokið eða sýnt þykir að komið sé jafnvægi á reksturinn og ekki verði um áframhaldandi hallarekstur að ræða. Því miður á þetta ekki við nema í fáum tilfellum. Oft er verið er að bæta útgjöld vegna vanáætlunar og rekstrarhalla án þess að sýnt sé fram á að reksturinn sé kominn í jafnvægi.

Í þessu samhengi má minna á yfirlit fjármálaráðuneytisins frá því í fyrra þar sem tilteknar voru þær stofnanir sem oftast hafa verið í fjáraukalögum undanfarin fimm ár. Þar kom fram að 100 fjárlagaliðir hafa fengið aukafjárveitingu þrisvar eða oftar á síðustu fimm árum. Þar af hafa 26 fjárlagaliðir fengið fjárveitingar öll fimm árin og 33 fjárlagaliðir hafa fengið fjárveitingar á fjáraukalögum fjórum sinnum af þessum fimm. Þannig er vanda stofnana velt áfram í stað þess að komast að vandanum og leysa hann.

Þá er ríkjandi sá ósiður að stofna til útgjalda sem ekki eru heimildir fyrir og fjárlaganefnd ekki gerð grein fyrir eins og fjárreiðulög segja til um. Þetta er gert, eins og fjármálaráðherra hefur oft lýst yfir, í trausti þess að meiri hluti ríkisstjórnarinnar á Alþingi staðfesti gjörninginn eftir á.

Staða stofnana.

Rétt er að ítreka þá skoðun 1. minni hluta að til þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að í upphafi þings liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok yfirstandandi árs. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingar til rekstrar stofnana á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu þeirra um áramót.

Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því að tilgangslaust er að flytja skuldir yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Af þessum sökum óskaði 1. minni hluti eftir því við upphaf fjárlagavinnunnar í byrjun október að fá upplýsingar um stöðu allra A-hluta stofnana miðað við lok september og áætlaða stöðu þeirra í lok ársins. Það var ekki fyrr en 29. nóvember sl. sem hluti upplýsinganna barst.

Upplýsingarnar sýna aðeins stöðu A-hluta stofnana í lok september. Engar upplýsingar eru veittar um áætlaða stöðu í lok ársins. Ekki er tekið tillit til þeirra aukafjárveitinga sem þegar hafa verið samþykktar við 2. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2004. Svona vinnubrögð eru ekki líðandi. Samt er ljóst að fjölmargar stofnanir eiga nú þegar við slíkan fjárhagsvanda að etja að ef vinnubrögð við fjárlagagerðina væru með eðlilegum hætti yrði tekið á þeim vanda við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2005 en því miður eru litlar líkur á því.

Á lista ráðuneytisins eru 323 stofnanir og var rekstrarhalli 91 þeirra kominn fram yfir 4% í lok september. En það er það viðmið sem sett er í reglum um framkvæmd fjárlaga og á að kalla á viðbrögð af hálfu fjármálaráðuneytisins og viðkomandi fagráðuneytis. Af 55 stofnunum menntamálaráðuneytisins voru 28 komnar yfir 4% rekstrarhalla. Af 12 fjárlagaliðum landbúnaðarráðuneytisins voru sex komnir yfir 4% halla og í félagsmálaráðuneytinu voru sjö af 15 stofnunum komnar yfir 4% rekstrarhalla.

Samkvæmt listanum vantar 2,5 milljarða kr. í lok september til að reksturinn sé innan fjárheimilda. Á sama tíma var rekstrarvandi ríkisháskólanna um 320 millj. kr. þar af nemur rekstrarvandi Háskólans á Akureyri um 190 millj. kr. Rekstrarvandi framhaldsskólanna nam 480 millj. kr. í lok september en á vanda þeirra er nú enn einu sinni tekið í þessu frumvarpi og ákveðið að bæta stöðu þeirra um 450 millj. kr.

Sumar stofnanir á lista ráðuneytisins hafa í lok september farið verulega fram úr fjárheimildum. Þannig hefur embætti forseta Íslands farið 86% fram úr fjárheimildum eða 61,6 millj. kr. Embætti yfirdýralæknis hefur farið 60% fram úr eða 91,6 millj. kr., Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri 59% eða 72,8 millj. kr., heilsugæslan í Reykjavík er komin 210,4 millj. kr. fram úr fjárheimildum eða 26% og Náttúrufræðistofnun Íslands er komin tæpum 100 millj. kr. fram yfir fjárheimild eða sem nemur 109%.

Eðlilegt er að spyrja hvernig getur slíkt gerst. Er áætlanagerð þessara stofnana í molum? Bera menn ekki virðingu fyrir fjárlögum? Fylgjast fagráðuneyti ekki með rekstri sinna stofnana og grípa til aðgerða þegar í óefni stefnir? Alþingi á kröfu á því að framkvæmdarvaldið svari þessum spurningum og upplýsi af hverju engin tengsl virðast vera milli bókhalds og áætlunargerðar.

Ljóst er að ef fjárlög ársins 2005 eiga að tryggja stofnunum eðlilegan rekstrargrundvöll þarf að koma til verulegra lagfæringa. Rekstur opinberra stofnana á ekki að líða fyrir átök ráðuneyta og forstöðumanna. Alþingi er með fjárlögum að ákveða að tiltekna þjónustu skuli veita. Telji ráðuneytin ekki unnt að framfylgja þeirra stefnu sem fjárlög marka hverju sinni þarf að leita skýringa á því.

Fjármálaráðuneytið verður að beita fagráðuneyti aga og sama gildir um fagráðuneytin gagnvart einstökum stofnunum. Ráðuneytin þurfa einnig að gæta þess að taka ekki ákvarðanir um útgjöld án þess að heimild liggi fyrir þrátt fyrir þá skoðun fjármálaráðherra að slíkt sé í lagi vegna meiri hluta ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Málið snýst um það í hnotskurn að ráðuneytin geta ekki ætlast til að stofnanir beri virðingu fyrir fjárlögum ef þau gera það ekki sjálf. En meðan áætlanagerðin tekur ekki mið af staðreyndum munu fjárlög ekki ná að virka sem aðhald í ríkisrekstri.

Lokaorð.

Þó að nokkuð hafi áunnist á undanförnum árum varðandi umgengni ríkisstjórnar og meiri hlutans Alþingi á lögum um fjárreiður ríkisins vantar enn verulega upp á að eftir þeim lögum sé farið í einu og öllu. Meðan svo er munu fjárlögin ekki vera sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisreksturinn. Meðan þessi vinnubrögð ráða för og meiri áhersla er lögð á glansmyndir

en raunverulega áætlunargerð munu fjárlög og fjáraukalög ekki fá þann sess sem þeim ber í fjármálastjórn ríkisins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnafulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 30. nóv. 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

496. Framhaldsnefndarálit [76. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umræðu. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs næmu um 275,3 milljörðum kr. og heildartekjur yrðu um 282 milljarðar kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður rúmir 6,7 milljarðar kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umræðu eru tillögur um aukin útgjöld sem nema um 9,3 milljörðum kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkisins á árinu 2004 verði um 284,6 milljarðar kr. Samkvæmt frumvarpinu og endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 9,3 milljarða kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Samtals er því gert ráð fyrir því að tekjur ársins verði um 291,3 milljarðar kr. Auknar skatttekjur má að mestu rekja til aukins bifreiðainnflutnings, áhrifa aukinnar einkaneyslu á innheimtu virðisaukaskatts og góðrar afkomu fyrirtækja á árinu 2003. Tekjujöfnuður er því áfram áætlaður um 6,7 milljarðar kr. Því miður hefur reynslan kennt okkur að að þessar niðurstöðutölur munu breytast. Í því sambandi er nærtækast að nefna reynslu síðustu ára. Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af auknum viðskiptahalla sem er talinn verða 7–8% af landsframleiðslu, eða nærri 70 milljarðar kr., og fara ört vaxandi á næstu árum þannig að hann verði 13–14% af landsframleiðslu 2006 eða um 140 milljarðar kr. Bein áhrif stóriðjuframkvæmda eru aðeins um 40% af þessum halla. Yfir 60% hallans er aukinn innflutningur almennrar neysluvöru og þjónustu. Gjöld á vöruinnflutning og viðskiptahalla verða því aðaltekjustofn ríkisins á næstu árum fari fram sem horfir. Skuldir þjóðarbúsins, skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru orðnar með því mesta sem gerist meðal þjóða heimsins og þær eru alvarleg ógnun við efnahagslegan stöðugleika.

Fjárlagavinnan.

Upp á síðkastið hefur fjármálaráðuneytið lagst gegn því að fulltrúar stofnana og annarra sem fá starfsfé sitt að hluta eða öllu leyti frá ríkinu komi á fund fjárlaganefndar og geri grein fyrir starfsemi sinni, fjárhagstöðu og rekstrarþörf. Sú þróun er alvarleg ógnun við stöðu Alþingis, störf og verkefni þingmanna og þingnefnda og þar með ógnun við lýðræðið.

Eitt brýnasta verkefnið sem bíður Alþingis og fjárlaganefndar er að endurskoða alla vinnu við fjárlagagerðina, marka framkvæmdarvaldinu sinn bás í þeirri vinnu og tryggja eðlileg og

lýðræðisleg vinnubrögð við fjárlagagerðina. Styrkja þarf stöðu Alþingis í fjárlagavinnunni þannig að þegar fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til fjárlaga á Alþingi og því hefur verið vísað til fjárlaganefndar sé öll frekari vinna og afgreiðsla þess á ábyrgð hennar og þingsins.

Til þess að fjárlaganefnd geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi þarf að bæta upplýsingastreymi til hennar. Nefndin verður að fá betri upplýsingar um stöðu stofnana og áætlaða stöðu þeirra við árslok. Aðeins með slíkum upplýsingum getur nefndin tekið ábyrga afstöðu og ákvarðanir um fjárveitingar til einstakra stofnana. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta möguleika fjárlaganefndar á að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhliðar frumvarpsins. Fjárlagafrumvarpið er lagt fram og unnið á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins og er beinn hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og mótast af væntingum hennar og brellum. Fjárlaganefnd hefur eins og áður sagði litla möguleika að leita annarra viðhorfa eða meta öryggi efnahagsforsendna fjármálaráðuneytis. Þess vegna er mikilvægt að styrkja stöðu Alþingis og nefnda þess. Það er hægt að gera með stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins.

Fjárhagsstaða stofnana í A-hluta.

Í minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu um fjárhagsstöðu stofnana í A-hluta í janúar – september 2004 kemur fram að 91 stofnun var yfir 4% viðmiðunarmarkinu, þ.e. útgjöld miðað við fjárheimild voru umfram fjögur prósent. Þannig var t.d. staða Háskólans á Akureyri neikvæð um rúmar 190 millj. kr. í lok september og staða 15 framhaldsskóla neikvæð um 624 millj. kr. Þá má nefna að neikvæð staða 20 heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana var samtals tæpar 994 millj. kr. í lok september. Eigi að taka þennan lista alvarlega er ljóst að margar stofnanir verða í miklum fjárhagsvanda við lok ársins. Margt bendir til þess að fjárveitingar séu ekki samræmi við umsvif og lögbundin verkefni margra þeirra en vegna skorts á upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu um væntanlega raunstöðu þessara stofnana um áramót er ekki hægt að taka á málum þeirra við fjáraukalagagerðina eins og skylt væri þó. Úr því að fjárlaganefnd getur ekki fengið upplýsingar um rekstrarstöðu stofnana, hvernig getur þá fjármálaráðuneytið eða hlutaðeigandi fagráðuneyti sinnt eftirlits- og ráðgjafarhlutverki sínu, kallað forstöðumenn þessara stofnana á fund til sín og rætt við þá um hvernig þeir ætli að bregðast við? Minnisblaðið sýnir að það er eitthvað að áætlanagerðinni. Það er gott að samþykkja hallalaus fjárlög en á uppsöfnuðum fjárhagsvanda stofnana verður að taka í fjárlögum næsta árs.

Bæta þarf fjárhag sveitarfélaganna.

Þó að því sé fagnað að gerð sé tillaga um 400 millj. kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda, t.d. vegna fækkunar íbúa og erfiðra ytri aðstæðna, þá er ljóst að leysa þarf vanda sveitarfélaganna til framtíðar. Þessi fjárhæð er reyndar alltof lág til að mæta brýnasta vanda þeirra. Samband sveitarfélaga hefur sagt að 700 millj. kr. til 1 milljarður kr. í ár sé þar algjört lágmark. Það verður að fara yfir og laga tekjustofna sveitarfélaganna þannig að þau geti staðið undir lögbundinni þjónustu. Sveitarfélögin eiga ekki að þurfa að vera undir náð og miskunn ríkisvaldsins komin á hverju ári eða nauðbeygð að selja arðbærustu eignir sínar eins og stjórnvöld hafa ráðlagt þeim að gera.

Lokaorð.

Eins og svo oft áður endurspeglar fjáraukalagafrumvarpið óvönduð vinnubrögð meiri hlutans við fjárlagagerðina fyrir ári. Margar þeirra nauðsynlegu leiðréttinga sem hér eru gerðar voru fyrirsjáanlegar, svo sem þær sem varða framhaldsskólana og héraðsdómstólana.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina á síðastliðnu ári og rangrar forgangsröðunar. Tekjuöflun ríkissjóðs færist í síauknum mæli í þjónustugjöld og hlutfallslega aukna skattheimtu almenns launafólks og lágtekjufólks. Á sama tíma er skattbyrðinni létt af fjármagnseigendum, fyrirtækjum og hátekjufólki. Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst fyrir öðrum áherslum. Hún leggur áherslu á jöfnun lífskjara og velferð allra. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti.

Alþingi, 30. nóv. 2004.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason (Morgunblaðið, 29. september 2004.)
II. Skuldir fyrirtækja hafa tvöfaldast á tíu árum. (Morgunblaðið, 27. nóvember 2004.)
III. Úr skýrslu BSRB um skuldir íslenska þjóðarbúsins. 1. kafli, Skuldir Íslendinga.

497. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	736,0	250,0	986,0

498. Svar [162. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um fjölgun öryrkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru ástæður þess að öryrkjum sem fá greiddar örorkubætur frá hinu opinbera hefur fjölgað um 50% á tímabilinu 1998–2004, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra 4. október sl.?*
2. *Hversu mikið hefur öryrkjum fjölgað á hverju ári á ofangreindu tímabili?*
3. *Hversu hátt hlutfall vinnuafls á Íslandi fær greiddar örorkubætur?*
4. *Hversu mikið hafa heildarbótagreiðslur ríkisins til öryrkja aukist á tímabilinu 1998–2004?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæður þess að öryrkjum sem fá greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins hefur fjölgað um 50% á tímabilinu 1998–2004. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins hafa haft samvinnu um að finna skýringar á fjölguninni, m.a. í tengslum við skoðun á áhrifum aldurstengdu örorkuuppbótarinnar sem tekin var upp á þessu ári. Við þá skoðun komu fram nokkrar hugsanlegar skýringar á mikilli fjölgun öryrkja hér á landi.

Ein skýringin sem nefnd hefur verið er að fyrir 1. september 1999 var örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra, fjárhagslegra, félagslegra og landfræðilegra forsendna. Með lögum nr. 62/1999 var 12. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, breytt þannig að örorka vegna lífeyristrygginga almannatrygginga skyldi metin á grundvelli færni umsækjanda samkvæmt örorkumatsstaðli sem grundvallaðist á afleiðingum læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Hugsanlega má rekja fjölgunina að einhverju leyti til þessa.

Önnur hugsanleg skýring getur verið að sl. ár hafa verið gerðar miklar breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, sem kunna að hafa leitt til aukinnar ásóknar í bætur. Lagabreytingarnar hafa rýmkað réttindi öryrkja verulega og sem dæmi um rýmkuð réttindi eru að dregið hefur verið úr tengingum við tekjur maka, frítekjumörk hækkuð töluvert, aðeins 60% af atvinnutekjum öryrkja leiða til skerðingar á tekjutryggingu í stað 100% áður, rýmkaður hefur verið réttur til tekjutryggingarauka og greidd er uppbót á örorkulífeyri sem er aldurstengd.

Þriðja hugsanlega skýringin getur verið að samfélagsaðstæður hafi breyst þannig að þær hafi leitt til fjölgunar öryrkja. Þegar kreppi að á vinnumarkaði, með aukinni samkeppni, auknum kröfum um vinnuafköst og auknu atvinnuleysi, megi búast við að þeir sem hafi skerta vinnufærni vegna afleiðinga sjúkdóma og fötlunar detti fyrr út af vinnumarkaðnum en aðrir og sæki þá um örorkubætur. Þá ýti atvinnuleysi undir heilsubrest, sérstaklega andlegan. Ýmsar aðrar skýringar eru jafnframt hugsanlegar eins og aukin streita og hraði í samfélaginu, svokölluð sjúkdómavæðing eða jafnvel aukið almennt heilsuleysi.

Framangreindar skýringar eru eingöngu tilgátur og eins og að framan greinir býr ráðuneytið ekki yfir fullnægjandi upplýsingum um ástæður þess að öryrkjum fjölgar svo hratt hér á landi. Því hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið í samvinnu við fjármálaráðherra að láta hlutlausan aðila kanna betur ástæður fjölgunarinnar hér á landi undanfarin ár og hefur þar af leiðandi óskað eftir því við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að stofnunin rannsaki ástæður þessa. Er reiknað með að skýrslu um rannsóknina verði skilað til ráðherra fyrir lok janúarmánaðar árið 2005.

Þess má geta að þrátt fyrir fjölgun þeirra sem eru á fullum örorkubótum frá Tryggingastofnun ríkisins er hlutfall öryrkja á Íslandi miðað við fólksfjölda enn mun lægra en gerist t.d. í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þessi ríki og önnur Evrópuríki, svo sem Holland og Bretland, hafa þegar brugðist við hinni miklu fjölgun öryrkja og er það gert með ýmsum hætti en þó er aðaláherslan lögð á að koma öryrkjum aftur út á vinnumarkaðinn ef hægt er.

Í eftirfarandi töflum kom fram koma upplýsingar þær sem beðið er um í 2.–4. lið fyrirspurnarinnar.

Tafla 1. Fjöldi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem rétt áttu á bótagreiðslum 1. desember 1998–2004.

	2004[1]	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Örorkulífeyrisþegar	11.850	11.199	10.443	9.780	9.329	8.673	7.982
Endurhæfingarlífeyrisþegar	659	625	446	497	358	279	259
Breyting á fjölda örorkulífeyrisþega frá fyrra ári	651	756	663	451	656	691	
Hlutfallsleg breyting	5,8%	7,2%	6,8%	4,8%	7,6%	8,7%	
Breyting á fjölda endurhæfingarlífeyrisþega frá fyrra ári	34	179	-51	139	79	20	
Hlutfallsleg breyting	5,4%	40,1%	-10,3%	38,8%	28,3%	7,7%	

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2003, sem birtar eru á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins.

[1] Fjöldi lífeyrisþega 2004 miðast við þá sem fengu greiddar bætur 1. nóvember sl.

Endurhæfingarlífeyrir er tímabundinn lífeyrir.

Tafla 2. Fjöldi örorkulífeyrisþega sem rétt áttu á bótagreiðslum 1. desember 1998–2004, skipt eftir kyni.

	2003		2002		2001	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Örorkulífeyrisþegar	6.817	4.382	6.375	4.068	5.932	3.848
Fjölgun frá fyrra ári	442	314	443	220	259	192
Hlutfall, %	6,9%	7,7%	7,5%	5,7%	4,6%	5,3%

	2000		1999		1998	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Örorkulífeyrisþegar	5.673	3.656	5.245	3.428	4.723	3.259
Fjölgun frá fyrra ári	428	228	522	169		
Hlutfall, %	8,2%	6,7%	11,1%	5,2%		

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2003, sem birtar eru á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tafla 3. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar í hlutfalli af vinnuafli 16–74 ára, árin 1998–2004.

	2004[1]	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Örorkulífeyrisþegar	11.850	11.199	10.443	9.780	9.329	8.673	7.982
Endurhæfingarlífeyrisþegar	659	625	446	497	358	279	259
Samtals	**12.509**	**11.824**	**10.889**	**10.277**	**9.687**	**8.952**	**8.241**
Vinnuafl[2] 16–74 ára	161.400	162.400	162.000	162.700	160.100	156.500	152.100
Hlutfall örorku- og endurhæfingar-lífeyrisþega af vinnuaflinu	7,8%	7,3%	6,7%	6,3%	6,1%	5,7%	5,4%

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2003, birtar á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins, og rit Hagstofu Íslands, Vinnumarkaður 2002.

[1] Fjöldi lífeyrisþega 2004 miðast við þá sem fengu greiddar bætur 1. nóvember sl.

[2] Vinnuafl 2003 og 2004 eru reiknuð meðaltöl úr ársfjórðungslegum könnunum Hagstofunnar.

Endurhæfingarlífeyrir er tímabundinn lífeyrir.

Vinnuafl er samanlagður fjöldi starfandi og atvinnulausra.

Tafla 4. Greiðslur Tryggingastofnunar til örorkulífeyrisþega árin 1998–2005.

Fjárhæðir í millj. kr.	Áætlun 2005	Áætlun 2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998		
Lífeyrir	4.609	4.200	2.780	2.533	2.170	1.981	1.694	1.475		
Tekjutrygging og tekjutryggingarauki[1]	6.476	5.890	5.747	3.999	3.286	3.648	2.311	2.008		
Heimilisuppbót	744	707	662	595	555	526	439	361		
Samtals	*11.829*	*10.797*	*9.189*	*7.127*	*6.012*	*6.155*	*4.444*	*3.844*		
Barnalífeyrir	1.547	1.366	*1.184*	*1.049*	*856*	*764*	*632*	*556*		
Uppbætur	321	309	283	300	284	258	269	265		
Vinnusamningur öryrkja	115	110	*101*	*83*	*66*	*51*	*46*	*27*		
Maka- og umönnunarbætur	51	45	40	29	22	21	21	20		
Styrkir til bifreiðakaupa	167	224	*250*	*122*	*132*	*100*	*117*	*74*		
Bensínstyrkur	249	241	226	214	187	143	117	112		
Vasapeningar	62	60	55	56	55	54	48	40	**Breyting**	**Breyting**
Samtals	*965*	*989*	*956*	*804*	*747*	*627*	*618*	*538*	**2004/1998**	**2005/1998**
Alls greiðslur til örorkulífeyrisþega	**14.341**	**13.152**	**11.329**	**8.980**	**7.615**	**7.546**	**5.694**	**4.938**	166,3%	190,4%
Samtals greiðslur til örorkulífeyrisþega, endurhæfingarlífeyrisþega og örorkustyrkþega	**15.814**	**14.423**	**12.307**	**9.753**	**8.313**	**8.134**	**6.252**	**5.463**	164,0%	189,5%
Heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis (A-hluti)	119.031	112.601	105.818	96.361	84.559	78.479	72.621	62.407		
Hlutur örorkulífeyrisþega í heildarútgjöldum HTR	**12,0%**	**11,7%**	**10,7%**	**9,3%**	**9,0%**	**9,6%**	**7,8%**	**7,9%**		
Hlutur örorkulífeyrisþega, endurhæfingarstyrkþega og örorkustyrkþega í heildarútgjöldum HTR	**13,3%**	**12,8%**	**11,6%**	**10,1%**	**9,8%**	**10,4%**	**8,6%**	**8,8%**		
Meðalfjöldi örorkulífeyrisþega með greiðslur á viðkomandi ári[2]	12.270	11.465	10.801	10.045	9.562	9.042	8.206	7.870	45,7%	55,9%
Íbúafjöldi	293.233	290.868	290.570	288.471	286.250	282.849	279.049	275.264	5,7%	6,5%
Íbúafjöldi 16–66 ára	192.614	190.142	189.654	188.168	186.785	184.267	181.366	178.717	6,4%	7,8%
Örorkulífþegar í hlutfall af 16–66 ára	**6,4%**	**6,0%**	**5,7%**	**5,3%**	**5,1%**	**4,9%**	**4,5%**	**4,4%**		
Meðalgreiðsla á örorkulífeyrisþega	1.168.786	1.147.133	1.048.879	893.997	796.359	834.550	693.883	627.446	82,8%	86,3%

1) Árið 2003 er meðtalin 812 millj. kr. greiðsla í kjölfar seinni öryrkjadóms og 1.065 millj. kr. árið 2000 í kjölfar fyrri öryrkjadómsins.

2) Árið 2004 meðalfjöldi örorkulífþega janúar til ágúst. Árið 2005 er gert ráð fyrir 7% aukningu frá meðalatali janúar til ágúst 2004.

Tafla 5. Greiðslur Tryggingastofnunar til endurhæfingarlífeyrisþega.

Fjárhæðir í millj. kr.	Áætlun 2005	Áætlun 2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998		
Lífeyrir	444	374	173	150	134	99	76	63		
Tekjutrygging og tekjutryggingarauki[1]	541	456	385	244	199	169	102	82		
Heimilisuppbót	51	49	45	33	27	18	16	8		
Samtals	*1.036*	*879*	*603*	*427*	*360*	*286*	*194*	*153*		
Barnalífeyrir	201	177	*166*	*138*	*116*	*80*	*56*	*52*		
Sérstök heimilisuppbót					*2*	*3*	*3*	*2*		
Uppbætur	9	8	8	7	6	6	5	4		
Maka- og umönnunarbætur	2	2	2	0	1	1	2	1		
Styrkir til bifreiðakaupa	1	1	1	1	*2*	*3*	*3*	*0*		
Bensínstyrkur	1	1	1	2	2	1	1	1	**Breyting**	**Breyting**
Samtals	*13*	*12*	*12*	*10*	*12*	*14*	*13*	*7*	**2004/1998**	**2005/1998**
Alls greiðslur til endurhæfingarlífeyrisþega	**1.250**	**1.068**	**781**	**575**	**488**	**381**	**264**	**212**	**403%**	**488,2%**
Heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytis (A-hluti)	119.031	112.601	105.818	96.361	84.559	78.479	72.621	62.407		90,7%
Hlutur endurhæfinarlífeyrisþega í heildar-útgjöldum	1,1%	0,9%	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,4%	0,3%		208,4%
Hlutur örorkulífeyrisþega, endurhæfingar- og örorkustyrkþega í heildarútgjöldum HTR	**13,3%**	**12,8%**	**11,6%**	**10,1%**	**9,8%**	**10,4%**	**8,6%**	**8,8%**		
Meðalfjöldi endurhæfingarlífeyrisþega[2]	765	665	512	462	422	308	270	247	169,2%	209,7%
Meðalgreiðslur á endurhæfingarlífeyrisþega	1.633.333	1.606.289	1.525.943	1.243.628	1.156.827	1.236.642	976.416	860.079	86,8%	89,9%

1. Árið 2003 er meðtalin 36 millj. kr. greiðsla í kjölfar seinni öryrkjadóms og 50 millj. kr. árið 2000 í kjölfar fyrri öryrkjadómsins.
2. Árið 2004 meðalfjöldi janúar til ágúst. 2005 er gert ráð fyrir 15% aukningu frá meðalatali janúar til ágúst 2004.

Tafla 6. Greiðslur Tryggingastofnunar til örorkustyrkþega.

Fjárhæðir í millj. kr.	Áætlun **2005**	Áætlun **2004**	**2003**	**2002**	**2001**	**2000**	**1999**	**1998**	
Örorkustyrkur	134	122	126	129	138	144	215	227	
Barnalífeyrir	85	*75*	*63*	*62*	67	58	67	73	**Breyting**
Bensínstyrkur	2	*2*	*2*	*4*	4	4	*7*	8	**2005/1998**
Styrkir til bifreiðakaupa	3	3	*5*	*3*	1	2	5	5	
Samtals	**224**	**203**	**196**	**198**	**210**	**207**	**295**	**313**	**-28,4%**
Neysluverðsvísitala, meðaltal ársins	242,0	233,8	227,3	222,6	212,4	199,1	189,6	183,3	32,0%
Launavísitala, meðaltal ársins	257,5	250,0	239,1	226,4	211,3	194,1	182,0	170,4	51,1%
Meðalfjöldi örorkustyrkþega á árinu	711	711	731	818	903	1031	1519	1617	-56,0%
Meðalgreiðslur til styrkþega[1)]	314.820	284.993	268.681	241.822	232.816	201.076	194.086	193.441	62,7%

[1)] 2004 meðalfjöldi janúar til ágúst.

499. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Guðmund Bjarnason og Jóhann Jóhannsson frá Íbúðalánasjóði, Árna Pál Árnason lögmann, Arnór Sighvatsson frá Seðlabanka Íslands, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirliti, Tryggva Þór Herbertsson og Axel Hall frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Hallgrím Guðmundsson og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Grétar Jónasson og Hauk Geir Garðarsson frá Félagi fasteignasala.

Meginefni frumvarps þessa er að hámarkslánshlutfall á lánum sem Íbúðalánasjóður veitir hækkar í allt að 90% af af matsverði eignar. Félagsmálaráðherra verður áfram heimilt að ákveða hámarkslán með reglugerð, en slíka heimild hefur hann haft frá setningu laga nr. 44/1998. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ráðherra muni áfram hafa svigrúm til innleiðingar breytinga á fjárhæðinni í reglugerð og að þegar breytingin verði komin til framkvæmda að fullu nemi hámarkslánsfjárhæð Íbúðalánasjóðs 90% af verði hóflegs íbúðarhúsnæðis. Þar sem almennar lánsheimildir hækka í 90% falla úr gildi lagaákvæði um veitingu svonefndra viðbótarlána fyrir efnaminni einstaklinga. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að leigumarkaðurinn verði efldur með því að Íbúðalánasjóður geti boðið tvenns konar lán til byggingar leiguhúsnæðis; annars vegar lán með breytanlegum vöxtum og hins vegar lán með föstum vöxtum. Í síðarnefnda tilvikinu verður ekki um uppgreiðsluheimild að ræða.

Miklar hræringar hafa orðið á húsnæðismarkaði upp á síðkastið, eða allt frá því að boðað var að hámarkslánshlutfall lána Íbúðalánasjóðs yrði hækkað í allt að 90% af matsverði eignar. Af þeim skriflegu umsögnum sem nefndinni hafa borist má ráða að skiptar skoðanir séu um það hvaða hlutverki Íbúðalánasjóður eigi að gegna, nú þegar viðskiptabankar og sparisjóðir hafa haslað sér völl á húsnæðismarkaði og eru farnir að bjóða allt að 100% lán til kaupa á íbúðarhúsnæði með litlum takmörkunum á hámarksfjárhæð. Telja sumir mikilvægt að styrkja Íbúðalánasjóð svo hann getið áfram verið raunverulegur valkostur fyrir fólk í fasteignakaupum. Aðrir telja hins vegar að hlutverk sjóðsins eigi fremur að einskorðast við það að gegna félagslegu hlutverki, svo sem að sinna lánveitingum til hinna efnaminni og lánveitingum á landsbyggðinni. Varðandi starfsemi Íbúðalánasjóðs hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) með ákvörðun frá 11. ágúst 2004 skorið úr um að starfsemi sjóðsins samræmist ákvæðum EES-samningsins. Í niðurstöðu sinni hafnaði ESA kvörtun Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) þess efnis að starfsskilyrði Íbúðalánasjóðs raski eðlilegri og virkri samkeppni banka á íslenskum lánamarkaði. Nú hefur SBV áfrýjað þeim úrskurði til EFTA-dómstólsins til að fá endanlega úr því skorið hvort núverandi fyrirkomulag gangi gegn ríkisstyrkjareglum EES-samningsins eða ekki, sbr. fréttatilkynningu SBV 23. nóvember sl.

Vert er að vekja athygli á 8. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni verður bætt við ákvæði til bráðabirgða. Í því er fjallað um þau tilvik þegar eigendaskipti verða á eign sem á hvílir viðbótarlán. Með ákvæðinu er sú regla lögfest að leita skuli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku nýs eiganda á þeim lánum sem ætlað er að hvíli áfram á eign. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpinu kemur hins vegar fram að Íbúðalánasjóði skuli tilkynnt um yfirtöku láns. Lagatextinn gengur framar ummælum í athugasemdunum en rétt þykir að hnykkja

á þeim skilningi að leitað verði eftir samþykki Íbúðalánasjóðs um yfirtöku nýs eiganda þegar um viðbótarlán er að ræða.

Nefndin vill benda á að sú fyrirgreiðsla sem Íbúðalánasjóður veitir er forsenda fyrir jöfnum aðgangi að lánsfé til fasteignakaupa óháð búsetu eða fjárhagslegri forsögu einstaklinga. Markmiðið með hækkun lánshlutfalls er að auðvelda kaupendum minni og meðalstórra fasteigna að fá heildstæða fjármögnun til slíkra kaupa. Nefndin telur að Íbúðalánasjóður hafi áfram mikilvægu hlutverki að gegna á húsnæðismarkaði, ekki síst þar sem lítil, sem engin, reynsla er komin á húsnæðislánaveitingar viðskiptabankanna. Þó ber að fagna þeirri samkeppni sem fram er komin þar sem hún hefur leitt til þess að vextir á lánum til húsnæðiskaupa hafa lækkað. Hins vegar er nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar í þessum efnum og hafa ýmis aðvörunarorð komið fram sem hafa verið rædd á fundum nefndarinnar.

Má þar fyrst nefna að með auknu lánsfjárframboði má telja líklegt að fasteignaverð hækki meira en það hefur gert undanfarna mánuði. Nú þegar viðskiptabankarnir eru farnir að bjóða lán til húsnæðiskaupa og veita allt að 100% lán til þeirra með litlum takmörkunum á hámarksfjárhæð má hins vegar halda því fram að hækkun lána hjá Íbúðalánasjóði í 90% af matsverði eignar hafi lítil, sem engin, áhrif á fasteignaverð. Fram hefur komið frá ýmsum umsagnaraðilum að hófleg hækkun hámarksfjárhæðar umfram það sem nú er gert ráð fyrir breyti litlu varðandi þensluáhrif vegna þeirra lánamöguleika sem nú bjóðast hjá bönkunum. Hins vegar var varað við því að Íbúðalánsjóður fari í of mikla samkeppni við viðskiptabankana.

Jafnframt verður að telja að með auknu framboði á lánsfé aukist líkur á mikilli skuldsetningu heimilanna. Þannig getur verið hætta á að einstaklingar eða fjölskyldur sem ekki hafa ráð til, festi kaup á húsnæði með mikilli skuldsetningu sem verður svo jafnvel ekki hægt að standa undir. Í framhaldi af þessu má benda á mikilvægi þess að lántakendur séu upplýstir um þá áhættu sem í því felst að fá lánað allt að 90% af matsverði eignar. Áhættan af slíkri fjárfestingu er talsverð, en enn meiri áhætta er hins vegar í því fólgin að taka lán fyrir 100% af matsverði fasteignar eins og viðskiptabankar og sparisjóðir hafa boðið. Einnig hafa heyrst aðvörunarorð um að sökum mikillar þenslu á fasteignamarkaði þessa stundina geti þeir sem nú taka lán til húsnæðiskaupa lent í því á næstu árum að eigið fé sem bundið er í fasteign þeirra verði neikvætt og eignir þeirra yfirveðsettar. Slík þróun gæti leitt til þess að skuldarar lendi í miklum fjárhagslegum vanda. Fjöldamörg dæmi má nefna frá nágrannalöndunum þar sem fasteignaverð hefur farið lækkandi. Má þar til dæmis nefna Noreg þar sem verð á fasteignum lækkaði um 48% á árunum 1986–93 og Finnland þar sem raunlækkun var yfir 50% á árunum 1989–93. Jafnframt má nefna að í Bretlandi lækkaði fasteignaverð um tæp 30% á árunum 1989–93. Talið er að meðaltal af niðursveiflum fasteignaverðs í 29 tilfellum sé um 15–17%.

Þá má benda á að lánveitingar viðskiptabankanna hafa sætt takmörkunum að því leyti að boðið er upp á lægra lánshlutfall á landsbyggðinni, þ.e. utan helstu þéttbýlissvæða. Telja verður æskilegt að landsmenn allir búi við jafnræði í þessum efnum og geti haft aðgang að lánsfjármagni til kaupa á íbúðarhúsnæði á sömu eða svipuðum kjörum, en frumvarp þetta styrkir sannarlega slík sjónarmið. Auk þess er æskilegt að Íbúðalánasjóður verði áfram á hinum almenna markaði þar til lengri reynsla er komin á lánveitingar viðskiptabanka og sparisjóða á þessu sviði og ljóst þykir að þeir geti boðið lán til fasteignakaupa á jafngóðum kjörum og og þeir hafa boðið undanfarna mánuði.

Í nefndinni var rætt um hvaða möguleika Íbúðalánasjóður hefði til að mæta þörfum fólks með eldri óhagstæðari lán frá sjóðnum og til að verja sjóðinn uppgreiðslu. Fram kom af hálfu fulltrúa félagsmálaráðuneytis að kannaðir yrði möguleikar þess að heimila sjóðnum að fallast á takmarkaðar veðsetningar framar eldri lánum sjóðsins.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að hámarkslánsfjárhæð íbúðalánasjóðs nemi 90% af verði „hóflegs íbúðarhúsnæðis“. Hefur félagsmálaráðherra heimild til að ákvarða hámarksfjárhæð lánveitingar með reglugerð. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hámarkslánsfjárhæð verði 13 millj. kr. við gildistöku laga þessara og haldi síðan áfram að hækka á kjörtímabilinu.

Í eftirfarandi töflu má sjá meðalupphæð þinglýstra kaupsamninga frá sl. októbermánuði og er upphæðum skipt niður eftir stærð eignar og því hvort fasteign er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

Stærð í fermetrum	Verð í þús. kr., höfuðborgarsvæði	Verð í þús kr., landsbyggð
70–90	12.411	8.579
90–110	14.582	9.975
110–130	16.620	9.187
130–150	19.493	11.258
Sérbýli	27.428	12.506

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 4. gr. en þar segir að íbúðabréf skuli gefin út sem framseljanleg rafrænt eignaskráð verðbréf.

Hér er aðeins um tæknilegt atriði að ræða sem þó skiptir máli til að eyða hugsanlegri óvissu við framkvæmd útboða íbúðabréfa. Þörf er á þessari breytingu til að taka skýrt fram að markmið ákvæðisins er að tryggja að íbúðabréf séu rafbréf, óháð því hvort þau eru skráð í Verðbréfaskráningu Íslands eða hjá öðrum verðbréfaskráningum, svo sem hjá Euroclear, eins og nú er.

2. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 5. gr. Samkvæmt henni getur ráðherra heimilað Íbúðalánasjóði með reglugerð að bjóða skuldurum ÍLS-veðbréfa að afsala sér rétti til að greiða upp lán eða greiða aukaafborganir gegn því að greiða lægri vexti.

Með þessari breytingu getur félagsmálaráðherra heimilað Íbúðalánasjóði sama svigrúm við lánveitingar og aðrar fjármálastofnanir njóta samkvæmt almennum lögum á hverjum tíma, nú lög um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum. Nokkur óvissa ríkir um heimildir fjármálastofnana í þessum efnum og hefur Samkeppnisstofnun málið til skoðunar. Þar til niðurstaða í því máli liggur fyrir telur nefndin rétt að beðið verði með setningu reglugerðar á grundvelli þessa ákvæðis. Jafnframt vill nefndin taka fram að augljóst er að efni slíkrar reglugerðar hlýtur að taka mið af niðurstöðu Samkeppnisstofnunar í málinu.

Úr 8903	**Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:**	
8903.1009	– – Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	19,00 kr./kg rafgeyma
8904 8904.0000	**Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum**	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8905	**Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**	
8905.1000	– Dýpkunarskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8905.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8906	**Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar:**	
8906.1000	– Herskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8906.9000	– Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
8908 8908.0000	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**	19,00 kr./kg rafgeyma

16. gr.

Viðauki XII við lögin orðast svo:

Vörur í ljósmyndaiðnaði.

Á vörur í ljósmyndaiðnaði sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 37. kafla tollskrárinnar.

Úr 3707	**Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar:**	
	– Annað:	
	– – Annars:	
	– – – Upplausnir:	
3707.9020	– – – – Notaðar án þynningar með vatni	51,00 kr./kg
	– – – – Þynntar með vatni fyrir notkun:	
3707.9031	– – – – – Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	85,00 kr./kg
3707.9032	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3 (einn hluti kemísks efnis, minna en þrír hlutar vatns)	170,00 kr./kg
3707.9033	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísks efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	204,00 kr./kg
3707.9034	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísks efnis, minna en fimm hlutar vatns)	272,00 kr./kg
3707.9035	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísks efnis, fimm hlutar vatns eða meira)	408,00 kr./kg
3707.9099	– – – – Annars	408,00 kr./kg

17. gr.

Viðauki XIII við lögin orðast svo:

Kvikasilfursvörur.

Á kvikasilfursvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

Úr 2805	**Alkalí- eða jarðmálmar; sjaldgæfir jarðmálmar, skandín og yttrín, einnig innbyrðis blöndur þeirra eða málmblendi; kvikasilfur:**	
2805.4000	– Kvikasilfur	900 kr./kg
Úr 3006	**Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
	– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
3006.4002	– – Silfuramalgam til tannfyllinga	900 kr./kg

18. gr.

Viðauki XIV við lögin orðast svo:

Varnarefni.

Á varnarefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
	– – Aðrar:	
2903.4990	– – – Annað	3,00 kr./kg
3808	**Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sótthreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):**	
3808.1000	– Skordýraeyðir	3,00 kr./kg
	– Sveppaeyðir:	
3808.2001	– – Fúavarnarefni	3,00 kr./kg
3808.2009	– – Annað	3,00 kr./kg
3808.3000	– Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti	3,00 kr./kg
3808.4000	– Sótthreinsandi efni	3,00 kr./kg
3808.9000	– Annað	3,00 kr./kg

19. gr.

Viðauki XV við lögin orðast svo:

Kælimiðlar.

Á kælimiðla sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3010	– – Tetraflúoretan	2,50 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4100	– – Þríklórflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4200	– – Díklórdíflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4400	– – Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	2,50 kr./kg
	– – Aðrar perhalógenafleiður einungis með flúor og klór:	
2903.4510	– – – Klórþríflúormetan	2,50 kr./kg

2903.4520	– – – Pentaklórflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4530	– – – Tetraklórdíflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4540	– – – Heptaklórflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4550	– – – Hexaklórdíflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4560	– – – Pentaklórþríflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4570	– – – Tetraklórtetraflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4580	– – – Þríklórpentaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4591	– – – Díklórhexaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4599	– – – Klórheptaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4700	– – Aðrar perhalógenafleiður	2,50 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4920	– – – Klórdíflúormetan	2,50 kr./kg
Úr 3824	**Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum) ót.a.:**	
	– Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
3824.7100	– – Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna, einungis með flúor eða klór	2,50 kr./kg
3824.7900	– – Aðrar	2,50 kr./kg
	– Annað:	
3824.9005	– – Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan eða klórdíflúormetan	2,50 kr./kg
3824.9006	– – Aðrir kælimiðlar	2,50 kr./kg

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XVI við lögin:

a. Í stað „36,02 kr./kg“ kemur hvarvetna: 30,00 kr./kg.
b. Í stað „16.208 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 13.500 kr./stk.
c. Í stað „7.204 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 6.000 kr./stk.
d. Í stað „8.320 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 6.900 kr./stk.
e. Í stað „18.909 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 15.750 kr./stk.
f. Í stað „900 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 750 kr./stk.
g. Í stað „1.261 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.050 kr./stk.
h. Í stað „1.621 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.350 kr./stk.
i. Í stað „1.081 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 900 kr./stk.
j. Í stað „2.161 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.800 kr./stk.
k. Í stað „1.441 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.200 kr./stk.
l. Í stað „2.701 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 2.250 kr./stk.
m. Í stað „864 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 750 kr./stk.
n. Í stað „1.801 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 1.500 kr./stk.
o. Í stað „32.416 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 27.000 kr./stk.
p. Í stað „3.782 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 3.000 kr./stk.
q. Í stað „21.611 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 18.000 kr./stk.
r. Í stað „31.696 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 27.000 kr./stk.
s. Í stað „5.043 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 4.200 kr./stk.
t. Í stað „36.018 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 30.000 kr./stk.
u. Í stað „3.530 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 3.000 kr./stk.
v. Í stað „25.213 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 21.000 kr./stk.
w. Í stað „288 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 240 kr./stk.

x. Í stað „432 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 360 kr./stk.
y. Í stað „576 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 480 kr./stk.
z. Í stað „72,00 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 60,00 kr./stk.
aa. Í stað „360 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 300 kr./stk.
bb. Í stað „3.602 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 3.000 kr./stk.
cc. Í stað „28.814 kr./stk.“ kemur hvarvetna: 24.000 kr./stk.
dd. Á eftir tollskrárnúmerinu 8429.5900 kemur:

8429.5901	– – – – Vélbúnaður og smávinnuvélar undir 1 tonni að heildarþyngd	750 kr./stk.
8429.5909	– – – – Aðrar	24.000 kr./stk.

21. gr.

Viðauki XVII við lögin orðast svo:

Veiðarfæri úr gerviefnum.

Á veiðarfæri úr gerviefnum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39., 55. og 56. kafla tollskrárinnar:

Úr 3926	**Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914:**	
	– Annars:	
3926.9021	– – Netahringir	24,10 kr./kg
3926.9022	– – Neta- og trollkúlur	24,10 kr./kg
3926.9023	– – Vörur til veiðarfæra, ót.a.	24,10 kr./kg
Úr 5509	**Garn (þó ekki saumþráður) úr syntetískum stutttrefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af stutttrefjum úr nyloni eða öðrum pólyamíðum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.1101	– – – Til veiðarfæragerðar	14,40 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.1201	– – – Til veiðarfæragerðar	14,40 kr./kg
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af pólyesterstutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.2101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.2201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað garn sem í er 85% eða meira að þyngd af syntetískum stutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.4101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.4201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
Úr 5510	**Garn (þó ekki saumþráður) úr gervistutttrefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af gervistutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5510.1101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5510.1201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað garn:	
5510.9001	– – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
Úr 5607	**Seglgarn, snæri, reipi og kaðlar, einnig brugðið eða fléttað og einnig gegndreypt, húðað, hjúpað eða klætt með gúmmíi eða plasti:**	
	– Úr pólyetyleni eða pólyprópyleni:	
	– – Annað:	
5607.4901	– – – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
5607.4902	– – – Kaðlar	24,10 kr./kg
5607.4903	– – – Einþáttungar til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg

	– Úr öðrum syntetískum trefjum:	
5607.5001	– – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
5607.5003	– – Einþáttungar til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað:	
5607.9001	– – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
Úr 5608	**Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi; uppsett fiskinet og önnur fullgerð net úr spunaefnum:**	
	– Úr tilbúnum spunaefnum:	
	– – Fullgerð fiskinet:	
5608.1101	– – – Nætur	14,10 kr./kg
5608.1102	– – – Flotvörpur	15,90 kr./kg
5608.1103	– – – Rækjutroll	11,40 kr./kg
5608.1104	– – – Aðrar botnvörpur	15,00 kr./kg
5608.1105	– – – Önnur net	14,00 kr./kg
5608.1109	– – – Annað	24,00 kr./kg
	– – Annað:	
5608.1901	– – – Fiskinetjaslöngur	14,40 kr./kg
5608.1909	– – – Annars	24,10 kr./kg
Úr 5609	**Vörur úr garni, ræmum eða þess háttar sem lýst er í nr. 5404 eða 5405, seglgarni, snæri, reipum eða köðlum, ót.a.:**	
5609.0002	– Öngultaumar	24,10 kr./kg
5609.0003	– Botnvörpuhlífar	24,10 kr./kg

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og hefur efni þeirra verið tilkynnt í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, öðluðust gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma tók Úrvinnslusjóður til starfa. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga um úrvinnslugjald. Ljóst var strax í upphafi þegar frumvarp til laga um úrvinnslugjald var lagt fram að gjaldtaka samkvæmt lögunum yrði endurskoðuð reglulega og hvaða vörur skuli bera úrvinnslugjald, enda er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 4. gr. laganna. Þar er kveðið á um að umhverfisráðherra leggi fram, að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs, tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur og að fjármálaráðherra flytji frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds. Frumvarp það sem hér er lagt fram er unnið í samráði við fjármálaráðuneytið með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Frumvarpið varðar ekki bara „fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds“ heldur varðar meginbreytingin álagningu nýrrar gjaldskyldar vöru, þ.e. pappa-, pappírs- og plastumbúða. Það er sameiginleg niðurstaða fjármálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis að umhverfisráðherra leggi frumvarpið fram á Alþingi.

Lögunum hefur frá gildistöku þeirra tvívegis verið breytt, með lögum nr. 8/2003 sem tóku gildi 12. mars 2003 og lögum nr. 144/2003 sem tóku gildi 1. janúar 2004.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar er varða úrvinnslugjald á umbúðir, lækkun úrvinnslugjalds á tiltekna veruflokka, hækkun skilagjalds á ökutæki, að fleiri ökutæki falli undir kerfið en jafnframt að fornbílar verði undanþegnir úrvinnslugjaldi og frjálsa samninga. Þá er í frumvarpinu lagt til að endurlögfesta hluta 8. gr. laganna þar sem láðst hafði að tilkynna setningu laga um úrvinnslugjald í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Af fenginni fyrstu reynslu af álagningu á þá vöruflokka sem álagning hófst á sl. ár þarf að breyta úrvinnslugjaldi til þess að koma á betra jafnvægi í rekstri. Af þeim ástæðum er í frumvarpi þessu lögð til lækkun á upphæð gjalds í fjórum vöruflokkum í samræmi við samþykkt stjórnar Úrvinnslusjóðs. Álagning á samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, hjólbarða og ökutæki hófst áður en kom til útgreiðslna og innsöfnun fór einnig hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim sökum hafa safnast upp fjármunir, einkum í tveimur vöruflokkum: ökutækjum og hjólbörðum. Enn er ekki komið jafnvægi í rekstri þessara vöruflokka. Varðandi rafhlöður var við ákvörðun úrvinnslugjalds miðað við mun meiri skil en náðst hafa en skil á rafhlöðum hafa ekki aukist eins og gert var ráð fyrir. Við áætlanagerðina er miðað við að jafnvægi náist í rekstrarafkomu vöruflokka á fjórum til fimm árum. Tillögur til breytinga lögbundinna tekna eru:

- Úrvinnslugjald á samsettar drykkjarvöruumbúðir lækki um tæp 55%, úr 22,23 kr./kg í 10,00 kr./kg og er áætluð lækkun innheimtu 19,5 millj. kr. á ári.
- Úrvinnslugjald á rafhlöður lækki um 50% og er áætluð lækkun innheimtu 8,5 millj. kr. á ári.
- Úrvinnslugjald á hjólbarða lækki um tæp 17%, grunnverð fari úr 36,02 kr./kg í 30,00 kr./kg og er áætluð lækkun innheimtu 33 millj. kr. á ári.
- Úrvinnslugjald á ökutæki lækki um tæp 33%, úr 1.040 kr. á ári í 700 kr. á ári og er áætluð lækkun innheimtu 63,2 millj. kr. á ári.

Þá er einnig gerð tillaga um að skilagjald á ökutæki hækki um 50% eða úr 10.000 kr. í 15.000 kr. í samræmi við samþykkt stjórnar Úrvinnslusjóðs. Fjölgun bifreiða á liðnum árum umfram þær sem eru afskráðar til úrvinnslu er töluverð. Við það hefur myndast sjóður í flokki ökutækja. Einnig hafa skil ekki verið fullnægjandi að mati Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóður telur að 15.000 kr. skilagjald nái að hvetja síðasta eiganda bifreiðar til að koma henni til meðhöndlunar og förgunar til safnstöðva sveitarfélaga. Við nána skoðun og aldursgreiningu á bifreiðaeign landsmanna kom í ljós að um 29.000 bifreiðir eru enn á skrá hjá Umferðarstofu sem ekki eiga rétt á skilagjaldi. Nokkuð stór hluti þessara bifreiða, eða allt að helmingur, er talinn vera á skrá Umferðarstofu með innlögð númer, þrátt fyrir að búið sé að farga þeim. Til að gefa eigandum bifreiða sem skráðrar voru fyrir 1. janúar 1988 kost á skilagjaldi þarf að koma til álagning á úrvinnslugjaldi á öll ökutæki yngri en 25 ára. Einnig verður sú breyting að af öllum bifreiðum skal greiða úrvinnslugjald í full 15 ár eða þar til að bifreiðin verður 25 ára, hvort sem verður á undan. Öll skráð ökutæki geta því farið til réttrar meðhöndlunar hjá sveitarfélögum sem fá þá greiddan kostnað sem til fellur við meðhöndlunina samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Til samræmingar á lögum um bifreiðagjald, sem innheimta úrvinnslugjalds á ökutæki fylgir, nær innheimta úrvinnslugjalds ekki til bifreiða sem náð hafa 25 ára aldri og teljast þar með fornbílar. Fornbílar eru undanþegnir bifreiðagjaldi.

Ekki er gert ráð fyrir að úrvinnslugjald breytist á olíuvörur, lífræn leysiefni, halógeneruð efnasambönd, ísósýanöt, olíumálningu, prentliti, rafgeyma, kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði, kvikasilfursvörur, varnarefni og kælimiðla.

Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, er í ákvæði til bráðabirgða III kveðið á um að leggja skuli úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005, án nánari útfærslu í lögunum. Í samræmi við lög um úrvinnslugjald hóf Úrvinnslusjóður vinnu við að gera tillögu um útfærslu slíks gjalds. Leitað var til umhverfisstofnunarinnar í Danmörku (Miljøstyrelsen) og til ráðgjafarfyrirtækisins Logisys a/s sem hafa þróað líkan sem notað er til að meta umbúðamagn út frá upplýsingum úr verslunarskýrslum um inn- og útflutning og innlenda framleiðslu. Í líkaninu eru forsendur um

magn og skiptingu umbúða eftir efnisflokkum fyrir hvert átta stafa tollskránúmer. Magnið er metið sem hlutfall af nettóþyngd vöru í hverju tollskrárnúmeri. Úrvinnslusjóður lagaði umrætt líkan að íslenskum aðstæðum og telur ráðlegt að nota það til að meta hlutfall umbúða í hinum ýmsu tollskrárnúmerum sem notuð eru við tollflokkun á innflutningi á vörum til landsins. Magn umbúða er síðan ákveðið út frá þessum hlutföllum til að áætla umfang bæði um magn og kostnað við meðhöndlun umbúða í upphafi. Ef niðurstöður Logisys a/s um umbúðanotkun í Danmörku eru yfirfærðar á Ísland má ætla að um 27.000 tonn af bylgjupappa, pappa og pappírsumbúðum (um 93 kg á mann) falli til hér á landi í formi flutnings- og söluumbúða. Heildarmagn allra plastumbúða, þ.e. PVC, PP, PS, EPS, Plastic laminate, PET, HDPE og LDPE, er áætlað um 8.400 tonn, þ.m.t. heyrúlluplast (1.600 tonn). Þessir útreikningar verða síðan notaðir sem grunnur til að reikna út það magn umbúða sem safnast saman til endurnýtingar. Samkvæmt tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang er stjórnvöldum skylt að ná sem svarar 50–65% af þessum umbúðum til endurnýtingar. Það svarar til þess að 13.500–17.550 tonn í pappa- og pappírsflokknum þurfi að fara til endurnýtingar á hverju ári. Í plastumbúðum eru samsvarandi tölur að frádregnu magni af heyrúlluplasti 3.400–4.420 tonn á ári. Úrvinnslugjald er þegar lagt á heyrúlluplast.

Umbúðaúrgangur er tilkominn annars vegar vegna umbúða sem framleiddar eru hér á landi eða fluttar inn tómar vegna innlendrar vöruframleiðslu og hins vegar vegna vöru sem flutt er til landsins í umbúðum. Forsenda fyrir álagningu úrvinnslugjalds á tiltekinn vöruflokk við tollafgreiðslu er að unnt sé að afmarka vörurnar í vöruflokknum með tollskrárnúmerum. Vörur eru tollflokkaðar eftir eðli þeirra en ekki eftir umbúðategund eða umbúðamagni. Af þessu leiðir að við álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir þarf að fara aðrar leiðir við ákvörðun gjaldsins en við aðra vöruflokka. Mikill hluti vara er fluttur inn í pappa- eða plastumbúðum af einhverju tagi og því hefði þurft að leggja úrvinnslugjald vegna pappírs-, pappa- og plastumbúða á mikinn fjölda tollskrárnúmera.

Sú leið sem lögð er til hér er að ákvarða úrvinnslugjald vegna pappírs-, pappa- og plastumbúða á grunni upplýsinga sem innflytjendur og framleiðendur gefa upp við tollafgreiðslu um þyngd umbúða, sbr. umfjöllun um 4. og 5. gr. frumvarpsins. Innflytjendur munu gefa þessar upplýsingar við venjubundna tollskýrslugerð en viðræður hafa átt sér stað milli Úrvinnslusjóðs og tollstjórans um breytt fyrirkomulag við innheimtu á úrvinnslugjaldi á pappa- og plastumbúðir og er niðurstaða þeirra lögð til grundvallar í frumvarpi þessu. Mikilvægt er einnig að þessi leið sé til þess fallin að minnka magn umbúða utan um vöru þar sem greitt er á grunni raunþyngdar umbúða. Gera má ráð fyrir að innflytjendur muni sjá sér hag í að flytja inn vörur með lágmarksumbúðum til að lækka kostnað. Þetta breytta innkaupamunstur mun síðan hafa áhrif á framleiðendur til að minnka umbúðir um vöru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á umbúðum í lögin þar sem verið er að taka á mun fleiri umbúðum en áður var, þ.e. öllum pappaumbúðum, pappírsumbúðum og plastumbúðum. Skilgreiningin er í samræmi við skilgreiningu á umbúðum í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang, sbr. og reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs.

Samkvæmt skilgreiningunni eru umbúðir vörur sem framleiddar eru, úr hvaða efni sem er og af hvaða gerð sem er, til að halda utan um vöru, vernda hana, meðhöndla, flytja, afhenda og kynna hana, hvort sem um er að ræða hráefni eða fullunna vöru, á öllum stigum frá framleiðanda til endanlegs notanda. Umbúðir greinast í þrennt. Í fyrsta lagi eru söluumbúðir

eða grunnumbúðir eða fyrsta stigs umbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir endanlegan notanda eða neytanda. Í öðru lagi eru safnumbúðir eða annars stigs umbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda sölueininga sem hægt er að fjarlægja vöruna úr án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar. Í þriðja lagi er talað um flutningsumbúðir eða þriðja stigs umbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að þær auðvelda meðferð og flutning tiltekins fjölda sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón á vörunni við meðferð hennar og flutning. Gámar til vöruflutninga eru ekki taldir til flutningsumbúða.

Um 2. gr.

Lagt er til að úrvinnslugjald á ökutæki lækki um tæp 33% og fari þannig úr 1.040 kr. á ári í 700 kr. á ári. Áætluð lækkun innheimtu úrvinnslugjalds á ökutæki mun því nema um 63 millj. kr. á ári.

Þá er lögð til tvíþætt breyting á 3. mgr. 5. gr. laganna. Í fyrsta lagi að úrvinnslugjald falli fyrst niður þegar greitt hefur verið af ökutæki í full 15 ár. Þetta er gert vegna þess að í ljós hefur komið að um 40% af afskráðum bifreiðum falla ekki inn í kerfið þar sem þær voru nýskráðar fyrir árið 1988 en eðlilegt er að einnig verði tekið á þessum bifreiðum. Í öðru lagi er lagt til að fornbílar í samræmi við c-lið 4. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, verði undanþegnir úrvinnslugjaldi. Um er að ræða bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs og bera eftir það ekki bifreiðagjald. Innheimta úrvinnslugjalds fer samhliða bifreiðagjaldi.

Um 3. gr.

Til að fjölga afskráningum ökutækja til úrvinnslu er lagt til að skilagjald á ökutæki hækki um 50% en til þess er svigrúm þar sem flokkurinn ökutæki hefur safnað upp sjóði eins og fram kemur í almennum athugasemdum.

Um 4. gr.

Lagt er til að úrvinnslugjald, 10 kr./kg, verði lagt á allar umbúðir úr pappa, pappír og plasti við innflutning og framleiðslu umbúða hér á landi. Þetta á bæði við þegar um er að ræða umbúðir utan um vöru og umbúðir ætlaðar til notkunar utan um vöru. Við tollafgreiðslu vöru ber innflytjanda að gefa upp magn umbúða í kg. Umbúðum skal skipta í tvo flokka, annars vegar pappa- og pappírsumbúðir og hins vegar plastumbúðir. Innflytjandi skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu sem til tollafgreiðslu er samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um þyngd umbúða vöru frá framleiðenda hennar eða aðrar staðfestar upplýsingar hjá innflytjanda skal reikna mismun á brúttó- og nettóþyngd vörusendingar að frádregnum vörubrettum. Mismunurinn af þeim útreikningi myndar álagningarstofn til greiðslu á úrvinnslugjaldi vegna viðkomandi vörusendingar. Ef engar upplýsingar liggja fyrir um mismun á brúttó- og nettóþyngd vörusendingar skal ákvarða álagningarstofn fyrir úrvinnslugjald sem nemur 15% af uppgefinni brúttóþyngd vörusendingar að frádregnum vörubrettum. Ef ekki er þekkt skipting milli pappa- og plastumbúða skal úrvinnslugjaldi skipt upp þannig að 80% skal ákvarðað sem pappaumbúðir og 20% skal ákvarðað sem plastumbúðir. Upplýsingar um umbúðir sem ekki koma utan um vöru og umbúðarefni skal ætíð gefa upp sem nettóþyngd vörusendingar auk flutningsumbúða þeirra. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum innflytjanda um þyngd, tegund og samsetningu við tollafgreiðslu. Í greininni er einnig lagt til að samsettar drykkjarvöruumbúðir falli í þennan sama flokk, en úrvinnslugjald hefur verið greitt af þessum umbúðum frá 1. janúar 2003. Sjá nánar umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er lagt til að álagning úrvinnslugjalds á heyrúlluplast verði óbreytt og um einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi fari áfram samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, sjá nánar umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 1. og 2. mgr. er lagt til að 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna verði óbreytt að öðru leyti en því að núverandi viðauki II fellur niður, sjá þó umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins um samsettar drykkjarvöruumbúðir. 1. mgr. er sett efnislega óbreytt inn þar sem tilkynna þarf um þessar ráðstafanir í samræmi við lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Samtök atvinnulífsins hafa óskað eftir breytingu á lögum um úrvinnslugjald í þá veru að rýmri ákvæði verði til að semja um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu tiltekins úrgangs. Rétt þykir að ekki verði opin heimild í lögum heldur tiltekið um hvaða vöruflokka hægt er að semja um slíkar ráðstafanir. Umhverfisráðuneytið leitaði umsagnar Úrvinnslusjóðs. Í umsögn hans kemur fram að sjóðurinn telur æskilegt að leitað verði leiða til að mæta óskum Samtaka atvinnulífsins um breytingar á lögum um úrvinnslugjald til að mögulegt verði að fella fleiri vöruflokka en svartolíu undir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna. Sjóðurinn hafði sérstaklega rætt um óskir útgerðarmanna um að taka að sér úrvinnslu veiðarfæraúrgangs og að veiðarfæri væru þar með undanþegin úrvinnslugjaldi. Stjórn Úrvinnslusjóðs tekur undir óskir útgerðarmanna enda telur hún að rétt sé að gefa atvinnugreinum tækifæri á að leysa sín úrgangsmál. Framkvæmdin verður hins vegar að uppfylla markmið laganna auk þess sem eftirlit með henni verði í höndum Úrvinnslusjóðs. Í ljósi þessa er lögð til breyting á 3. mgr. 8. gr. laganna þannig að auk svartolíu verði einnig hægt að gera samninga vegna veiðarfæra. Þá er í málsgreininni ákvæði um uppsögn samninga og tilkynningar þar um til tollstjóra. Fyrir liggur að ítarlegri ákvæði um frjálsa samninga atvinnulífsins til að taka á sínum úrgangsmálum verði í frumvarpi sem lagt verður fram á vorþingi 2005 í sambandi við tilskipun um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvað skuli koma fram í samningi gerðum skv. 3. mgr. en nauðsyn þykir að afmarka þau ákvæði í lögunum. Kveðið er á um greiðslu umsýslugjalds til Úrvinnslusjóðs þar sem sjóðurinn hefur eftirlitshlutverki að gegna.

Um 6. gr.

Í lögunum eru fjögur bráðabirgðarákvæði en einungis eitt sem enn heldur gildi sínu. Því er ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpinu sama ákvæði og ákvæði til bráðabirgða II í lögunum og gerð er tillaga að tveimur nýjum ákvæðum til bráðabirgða. Að auki er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða I bætist ný málsgrein þar sem álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri er frestað til 1. september 2005 vegna óskar frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og framleiðendum veiðarfæra. Telja þeir ekki tæknilega mögulegt að nýta sér heimild skv. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins um að semja sín á milli um ráðstafanir um úrvinnslu veiðarfæra úr gerviefnum á þeim stutta tíma þar til lagt er til að frumvarpið taki gildi.

Í ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpinu er lagt til að álagning úrvinnslugjalds á umbúðir sem koma nýjar inn í kerfið hefjist ekki fyrr en 1. september 2005. Greiðsla vegna móttöku umbúða frá fyrirtækjum og bylgjupappa frá söfnunarstöðum sveitarfélaga skal þó hefjast fyrr eða frá og með 1. apríl 2005, en vegna annarra umbúða 1. desember 2005. Greiðsla skal vera í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laganna. Til að hægt sé að hefja innheimtu á úrvinnslugjaldi á umbúðir úr pappa, pappír og plasti þarf að gera breytingu á tollinnheimtukerfi þannig að

hægt sé að leggja úrvinnslugjald á umræddar umbúðir í tolli. Kerfisbreytingarnar taka fjóra til fimm mánuði frá gildistöku laganna og eftir það þarf að fara fram breyting á hugbúnaði hjá þeim fyrirtækjum sem greiða munu úrvinnslugjald af umræddum umbúðum. Reynslan hefur sýnt að söfnun úrgangs sem til er kominn vegna vöruflokka sem bera úrvinnslugjald fer mun hægar af stað en nemur innheimtu gjaldsins.

Lagt er til í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II að frá gildistöku laganna til 15. mars 2005 starfi sérstök nefnd til að undirbúa móttöku á umræddum umbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga. Þetta er gert til að leysa þann vanda sem snýr að söfnun hjá sveitarfélögum en ljóst er að gefa verður sveitarfélögum rúman tíma til að skipuleggja söfnun flokkaðs umbúðaúrgangs frá heimilum. Skv. 1. og 2. málsl. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skal sveitarstjórn ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi, bera ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Í ákvæði til bráðabirgða III er gerð tillaga um að núverandi fyrirkomulag álagningar úrvinnslugjalds á samsettar drykkjarvöruumbúðir verði óbreytt fram til 1. september nk. þegar álagning hefst á aðrar umbúðir samkvæmt frumvarpi þessu en þó þannig að gjaldið verði 10 kr./kg.

Um 7. gr.

Lagt er til að viðauki II falli brott þar sem gert er ráð fyrir að samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvöruumbúðir fari inn í sama kerfi og fjallað er um í 4. gr. (7. gr. a).

Um 8.–13. gr., 15.–19. gr. og 21. gr.

Í samræmi við lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, sem sett eru í samræmi við tilskipun 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða skal tilkynna um vissar reglur þegar drög eru efnislega fullbúin. Allt sem varðar bann eða takmörkun við markaðssetningu, notkun og framleiðslu er tilkynningarskylt sé það ekki í samræmi við EES-samninginn eða aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Ráðstafanir er varða úrvinnslugjald falla þarna undir og því ber að tilkynna þær ráðstafanir.

Þar sem það láðist að tilkynna setningu laga um úrvinnslugjald í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, er nauðsynlegt að setja umrædd ákvæði aftur og er gerð tillaga um það í þessum greinum. Enn fremur fellur viðauki II um samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvöruumbúðir niður þar sem um þessar umbúðir á að gilda sama kerfi og fjallað er um í 4. gr. (7. gr. a). Aðrir viðaukar halda þó sínum númerum að ósk embættis tollstjóra.

Um 14. gr.

Lagt er til að úrvinnslugjald á rafhlöður lækki um 50%. Áætluð lækkun innheimtu úrvinnslugjalds á rafhlöður mun því nema um 8,5 millj. kr. á ári.

Um 20. gr.

Lagt er til að úrvinnslugjald á hjólbarða lækki um tæp 17%. Áætluð lækkun innheimtu úrvinnslugjalds á hjólbarða mun því nema um 33 millj. kr. á ári.

Um 22. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Meginefni frumvarpsins varðar breytingar á einstökum fjárhæðum úrvinnslugjalds, tímabundna frestun á upptöku úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs- og plastumbúðum, hækkun skilagjalds af ökutækjum og að kerfið nái betur til eldri ökutækja til að örva skil á þeim til úrvinnslu og að fyrirtækjum og atvinnugreinum verði heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum á sama hátt og nú gildir um svartolíu.

Lagðar eru til ýmsar breytingar til lækkunar á gjaldskrám úrvinnslugjalds til samræmis við ákvæði 4. gr. laganna um að fjárhæð gjaldsins skuli taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs hvers vöruflokks ásamt greiðslu skilagjalda og starfsemi Úrvinnslusjóðs, sbr. 3. gr laganna. Áætlað er að á ársgrundvelli leiði þessar breytingar til u.þ.b. 124 m.kr. lækkunar á tekjum af úrvinnslugjaldi.

Lagt er til að frestað verði álagningu úrvinnslugjalds á pappa-, pappírs- og plastumbúðir til 1. september 2005 en samkvæmt gildandi lögum skal leggja gjaldið á þennan vöruflokk frá 1. janúar 2005. Áætlaður kostnaður við úrvinnslu úrgangs sem tilheyrir vöruflokknum er um 340 m.kr. á ári þannig að reikna má með að á árinu 2005 verði kostnaðurinn um þriðjungur af því eða um 113 m.kr.

Ekki hefur verið áætlað fyrir þessum breytingum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 sem nú liggur fyrir Alþingi og verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má reikna með að í fjárlagafrumvarpinu séu tekjur og gjöld Úrvinnslusjóðs ofáætluð um ríflega 350 m.kr.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að á árinu 2005 lækki tekjur af úrvinnslugjaldi og kostnaður við úrvinnslu úrgangs um rúmlega 350 m.kr. frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum, en að frá og með árinu 2006 hækki tekjur og gjöld um tæpar 216 m.kr. á ársgrundvelli. Tekjur ríkissjóðs af 0,5% umsýslugjaldi hækka við það um 1 m.kr. á ári.

502. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um setningu laga um opinber hlutafélög.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa að sett verði í lög almenn ákvæði um opinber hlutafélög. Markmið laganna verði að tryggja að ekki verði gerðar minni kröfur til hlutafélaga sem eru í meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga en gerðar eru til opinberra fyrirtækja og stofnana, og auðvelda opinberum aðilum eftirlit með opinberum hlutafélögum í anda stjórnsýslulaga, laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda og laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Liður í þessum undirbúningi verði að skipa nefnd sérfræðinga í félagarétti til að undirbúa sérákvæði um opinber hlutafélög í hlutafélagalöggjöfinni og, eftir

því sem við á, öðrum lögum þannig að tryggt verði að þeim hlutafélögum sé skylt að veita upplýsingar og tilkynna um mikilvæg atvik sem geta haft umtalsverða þýðingu fyrir framtíð viðkomandi félags, starfsmenn, hluthafa og kröfuhafa.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að breyta rekstrarformi opinberra fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga í hlutafélag. Hér á landi hafa ekki verið lögfest almenn ákvæði um hlutafélög í eigu eða meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga en slík hlutafélög hafa einatt verið sett á fót með sérstökum lögum. Slík hlutafélagavæðing hefur oftar en ekki verið undanfari einkavæðingar.

Þegar rekstur fyrirtækis er fluttur af sviði opinberra hagsmuna yfir á svið einkaréttar þar sem hlutafélagalög gilda skapast mörg álitamál og hafa miklar deilur orðið um flest eða öll þau ríkishlutafélög sem stofnað hefur verið til. Rekstur slíkra félaga er færður út fyrir ýmsar reglur og skuldbindingar sem almennt gilda um starfsemi opinberra aðila, svo sem ákvæði stjórnsýslulaga, laga um upplýsingaskyldu og laga um opinbera starfsmenn. Meðan svo er er hlutafélagaformið ólýðræðislegt og á einkar illa við í opinberum rekstri.

Hlutafélag er hins vegar vel skilgreint rekstrarform sem byggist á skýrum lagaákvæðum hvað varðar stjórnun, réttarstöðu hluthafa og meðferð fjármuna og reikningsskil, en í þeim takmarkast ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum hluthafans við hlutafjáreignina, óháð öðrum eignum hans. Í hlutafélagi er einnig unnt að afla fjármagns með útgáfu hlutabréfa og eiga viðskipti með hluti í þeim. Hlutafélagaformið getur af þessum ástæðum verið talið henta í opinberum rekstri en ókostirnir eru líka margir, einkum hvað varðar upplýsingar um rekstur félagsins og aðgang eigenda að þeim. Þegar fyrirtæki í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga er breytt í hlutafélag eiga eigendur ekki lengur beinan ákvörðunarrétt um málefni félagsins og geta ekki krafist upplýsinga umfram heimildir 91. gr. hlutafélagalaga. Þannig er hluthafafundurinn eini vettvangurinn þar sem eigandinn getur haft afskipti af félaginu og fengið upplýsingar um rekstur þess. Ákvæði stjórnsýslulaga og laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda eiga þá ekki lengur við, sbr. úttekt Stefáns Más Stefánssonar prófessors á aðgangi Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins (sjá skýrslu forsætisráðherra í þingskjali 25 á 122. löggjafarþingi 1997–1998).

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, eru í megindráttum byggð á dönskum rétti. Á 9. áratug síðustu aldar urðu í Danmörku miklar umræður um réttarstöðu opinberra hlutafélaga og var lögunum þar breytt 1995 og 1996 þannig að sett voru ákvæði í dönsku hlutafélagalögin um svokölluð ríkishlutafélög (*statsselskaber*). Markmiðið var að auðvelda opinberum aðilum eftirlit með opinberum hlutafélögum með því að gera upplýsingar um rekstur þeirra, eigendur og hluthafafundi aðgengilegri. Svipuð upplýsingaskylda hvílir á opinberum dönskum hlutafélögum eins og á hlutafélögum sem hafa skráð hlutabréf sín í kauphöll. Þannig ber þeim að tilkynna dönsku félaga- og fyrirtækjaskránni (*Erhvervs- og selskabsstyrelsen*) um samninga sem gerðir eru um kaup og kjör stjórnarmanna og stjórnenda og önnur mikilvæg atriði sem snerta félagið og geta haft þýðingu fyrir framtíð þess, starfsmanna, hluthafa og kröfuhafa. Í dönsku lögunum eru mörg önnur ákvæði, þar á meðal um dagskrá hluthafafundar og að hluthafafundur opinbers hlutafélags skuli vera opinn fjölmiðlum.

Í Noregi og Svíþjóð hafa einnig verið sett í lög ákvæði til að tryggja aðgang almennings og kjörinna fulltrúa að upplýsingum sem varða rekstur og rekstrarafkomu opinberra hlutafélaga. Í norsku lögunum (§ 20-6.) er þannig að finna ákvæði um að bæði kynin skuli eiga sæti í stjórnum slíkra félaga.

Þá var norsku lögunum um ríkisendurskoðanda breytt sl. vor þannig að ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með hlutafélögum sem ríkið hefur yfir að ráða og getur embættið að eigin frumkvæði gert rannsókn á þeim.

Með hliðsjón af eðli máls og mikilvægi þeirrar starfsemi sem opinberum aðilum er ætlað að sinna er nauðsynlegt að tryggja sérlega vandaða stjórnarhætti og taka tillit til þeirra almannahagsmuna sem tengjast starfsemi slíkra fyrirtækja. Því er hér lagt til að ráðist verði þegar í stað í undirbúning að vandaðri lagasetningu um þessi efni.

Fylgiskjal.

Orkustefnunefnd
Reykjavíkurborgar:

Úr skýrslu um orkumál.
(„Tillaga að stefnu og skýrsla um orkumál.“ Mars 2004.)

2.3 Kostir og gallar mismunandi rekstrarforma.

Í nýju raforkulögunum er ekki gerð krafa um að raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagaformi. Á undanförnum árum hefur hins vegar þremur minni orkufyrirtækjum landsins verið breytt í hlutafélög. Þessi þróun er mjög í anda þess sem tíðkast hefur víða um heim, þar sem breytingar hafa verið gerðar á rekstrarformi margra opinberra fyrirtækja. Þótt hlutafélagavæðing hafi á stundum verið undanfari sölu fyrirtækjanna á almennum markaði, ber að varast að líta svo á að tilgangurinn með því að breyta opinberum fyrirtækjum í hlutafélög sé ætíð sá að selja þau síðan einkaaðilum. Þvert á móti geta verið aðrar góðar og gildar ástæður fyrir því að heppilegt sé talið að skipta um rekstrarform.

Hlutafélagaformið getur hins vegar haft þann ókost að upplýsingastreymi til þeirra sveitarstjórna sem eiga í fyrirtækinu gæti minnkað. Meðan fyrirtæki eru í meirihlutaeign sveitarfélaga ættu þau að hafa úrræði til að afla þeirra upplýsinga sem þau telja þörf á. Aftur á móti geta sveitarfélög átt auðveldara með að afla sér upplýsinga um rekstur og fjárhag fyrirtækja í þeirra eigu, sem ekki eru hlutafélög, heldur rekin í öðru formi.

Hér að framan var vikið að því að eigendur sameignarfyrirtækja eru í einfaldri og hlutfallslegri ábyrgð fyrir skuldbindingum fyrirtækjanna með eignum sínum. Um sameignarfyrirtækin tvö gilda svo sem fram hefur komið sérstakar reglur. Ábyrgð eigenda hlutafélaga takmarkast aftur á móti við hlutafé þeirra og skýr skil eru á milli fjárhags hlutafélaga og eigna eigenda þeirra. Þá gilda strangar reglur um meðferð fjármuna hlutafélaga. Því má segja að með hlutafélagaforminu megi tryggja enn frekar fjárhagslegan og stjórnunarlegan aðskilnað fyrirtækisins og eigenda þess.

Um hlutafélög gilda jafnframt ítarlegar reglur bæði um stjórnun, réttarstöðu hluthafa og meðferð fjármuna, þ.á m. úthlutun arðs. Vegna reglunnar um takmarkaða ábyrgð félagsmanna og möguleikans á að afla fjármagns með útgáfu hlutabréfa og enn fremur að eiga viðskipti með hluti í þeim hentar hlutafélagaformið sérstaklega vel fjárfrekum og/eða áhættusömum atvinnurekstri og þar með fyrirtækjum á borð við Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur.

Reglur hlutafélagalaga um ákvörðunartöku og stjórnkerfi eru enn fremur ítarlegar og taka mið af því að við stofnun hlutafélags verður til sérstakur lögaðili sem stendur einn undir rekstri og ábyrgðum starfseminnar sem félagið rekur. Fyrir vikið er í lögunum gert ráð fyrir

að stjórn og framkvæmdastjórn fari með stjórn félagsins og axli ríka ábyrgð á rekstri þess án sérstakrar íhlutunar eða ábyrgðar eigenda á skuldbindingum fyrirtækisins. Reyndar er í fyrrgreindum lögum um Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun með sama hætti og í hlutafélagalögum kveðið á um hlutverk stjórnar og framkvæmdastjórnar í fyrirtækjunum, þ.e. að forstjóri fyrirtækjanna veiti starfsemi þeirra forstöðu undir eftirliti stjórnar sem ber ábyrgð á að starfsemin sé jafnan í réttu og góðu horfi. Ef Orkuveitunni eða Landsvirkjun yrði breytt í hlutafélag er þess þó að vænta að fyrirtækið nyti meira sjálfstæðis – bæði inn á við og út á við – inn á við með þeim hætti að búast má við því að ákvarðanir stjórnenda myndu enn frekar byggjast á viðskiptalegum sjónarmiðum og út á við þar sem fyrirtækið og staða þess réði úrslitum um ímynd þess og þar með lánshæfi, en ekki hinir opinberu eigendur þess.

Hlutafélagalögin taka mið af þeirri almennu reglu að hlutafélög séu opin félög þar sem félagsaðild verður ráðstafað að vild, en í því felst bæði að hluthafar geti framselt hluti sína og nýir hluthafar gengið í félagið. Leiða má að því líkur að breyting Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur í hlutafélag gæti auðveldað núverandi eigendum þessara fyrirtækja að selja hluti sína í fyrirtækinu, eða fyrirtækjunum að afla nýs fjármagns með innkomu nýrra aðila, þ.á m. með því að setja fyrirtækin á almennan markað með skráningu í kauphöll. Skráningu eða breytingu eignarhalds á þessum fyrirtækjum þyrfti hins vegar ekki sjálfkrafa að leiða af breytingu þeirra í hlutafélög, því að eftir sem áður mætti kveða á um það í lögum eða samþykktum félagsins að framsal hluta væri óheimilt án samþykkis annarra félagsmanna eða stjórnar, sbr. núverandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun sem leggur bann við því að eigandi gangi úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna. Samkvæmt núverandi skipan Landsvirkjunar er fyrirtækið hefðbundið lokað félag sem gefur hvorki eigendum svigrúm til að ganga úr fyrirtækinu né fyrirtækinu sjálfu til að taka inn nýja félagsmenn nema með lagabreytingu.

Almennt er viðurkennt að við breytingu ríkis- eða sveitarfélagsfyrirtækja í hlutafélög skapist álitaefni þar sem við þá breytingu færist viðkomandi rekstur af sviði opinbers réttar yfir á svið einkaréttar, þar sem hlutafélagalögin gilda um starfsemina. Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um opinbera starfsmenn taka þá ekki lengur til viðkomandi fyrirtækja. Við þessar breytingar kunna að skarast sjónarmið sem leiðir af því að þau stunda starfsemi í þágu opinberra hagsmuna, en eru rekin í formi hlutafélags. Um fyrirtækið gilda þá hlutafélagalög og viðkomandi rekstur hefur því í raun verið færður út fyrir ýmsar reglur og skuldbindingar sem almennt gilda um starfsemi á sviði opinbers réttar. Þannig gilda ekki upplýsingalög varðandi upplýsingagjöf um ýmsar ákvarðanir sem teknar eru í félaginu, t.d. um laun stjórnenda og starfsmanna og aðra samninga sem félagið kann að gera, heldur ákvæði 91. gr. hlutafélagalaga sem einvörðungu tryggir hluthafa takmarkaðan upplýsingarétt. Ákvæðið hljóðar svo:

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.

Hluthafafundur getur – sem æðsta valdið í málefnum félagsins – krafist þess að fá allar þær upplýsingar sem hann telur þörf á. Ef hluthafar eru þannig sammála um að fara fram á tilteknar upplýsingar, sem jafnvel fara út fyrir mörk 91. gr. um upplýsingarétt einstakra

hluthafa, er hægt að krefjast þeirra. Augljóst er að eftir því sem hluthafar eru færri því auðveldara er að ná samstöðu um slíkar kröfur.

Sé fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga breytt í hlutafélag eiga þau ekki lengur beinan ákvörðunarrétt um málefni félagsins og geta ekki krafist upplýsinga umfram heimildir samkvæmt fyrrnefndu ákvæði 91. gr. hlutafélagalaga, heldur hvílir ábyrgð á rekstri og starfsemi á stjórnendum félagsins, þ.e. félagsstjórn og framkvæmdastjóra, sem bera sjálfstæða ábyrgð á störfum sínum fyrir félagið. Eini lögformlegi vettvangur eigendanna til að beita áhrifum sínum á grundvelli eignarhalds að hlutum í félaginu er hluthafafundurinn.

Í nágrannalöndum okkar hefur skapast umræða af þessu tilefni, þ.e. vegna breytinga ríkisfyrirtækja í hlutafélög og sérstöðu hlutafélaga í eigu opinberra aðila. Þar sem íslensk hlutafélagalöggjöf byggist í megindráttum á danskri er rétt að gera stuttlega grein fyrir réttarstöðu ríkishlutafélaga þar. Á 9. áratugnum átti sér stað mikil umræða í Danmörku um hlutafélög í eigu opinberra aðila og þá m.a. um að hve miklu leyti ríkishlutafélög ættu að vera sett undir sérstaka löggjöf. Á þeim tíma voru ríkishlutafélög einvörðungu sett undir hlutafélaga- og ársreikningalögin enda þótt í einstökum tilfellum væru sérstök ákvæði í stofnlögum um einstök ríkishlutafélög sem viku frá almennum reglum hlutafélaga- og ársreikningalaga.[27] Að þessu leyti var réttarstaðan þar sambærileg við þá sem er í íslenskum rétti. Hér á landi hafa hins vegar ekki verið lögfest almenn ákvæði um hlutafélög í eigu eða meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga en slík hlutafélög hafa einatt verið sett á fót með sérstökum lögum. Það gildir t.d. um þau orkufyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélög, sbr. lög nr. 10/2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, lög nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og lög nr. 159/2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Þessi lög eiga það sammerkt að með þeim er tilgangur fyrirtækjanna lögbundinn, sérstök ákvæði eru um starfsmenn þeirra, þ.á m. um biðlaunarétt, og um skyldu til að leita staðfestingar iðnaðarráðherra á gjaldskrá þeirra. Engin sérstök ákvæði lúta nánar að stjórnunarháttum, endurskoðun eða opinberu aðgengi að upplýsingum um starfsemina. Að þessu leyti gilda því hlutafélagalögin, lög um bókhald og ársreikningalögin.

Eins og áður hefur komið fram leiddi umræðan í Danmörku til þess að lögfest voru sérstök ákvæði í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um svokölluð ríkishlutafélög til að mæta þeim sérsjónarmiðum sem talið var nauðsynlegt að taka tillit til. Um er að ræða breytingar sem gerðar voru með lögum 1995 og 1996. Þá hefur danska fyrirtækja- og félagaskráin sett sérstakar leiðbeiningar fyrir ríkishlutafélög og er þessar reglur (Erhvervs- og selskabsstyrelsens vejledning for statslige selskaber) að finna á heimasíðu skrárinnar (www.eogs.dk).

Í hlutafélagalögum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar er að finna sérákvæði um ríkishlutafélög í hlutafélagalöggjöfinni sem að óbreyttu ná þá til orkufyrirtækja í opinberri eigu sem breytt hefur verið í hlutafélög. Hér verður nú gerð frekari grein fyrir réttarstöðunni að þessu leyti í Danmörku, samkvæmt lögum nr. 365/1995 og 377/1996 um breytingu á dönsku hlutafélagalögunum. Markmið lagasetningarinnar 1995 og 1996 var að auðvelda opinberum aðilum eftirlit með ríkishlutafélögum með því að gera upplýsingar um rekstur þeirra, eigendur og hluthafafundi aðgengilegri. Hugtakið ríkishlutafélag (statsselskab) á við félag þar sem danska ríkið er í stöðu móðurfélags vegna eignarhalds í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi. Svipuð upplýsingaskylda hvílir á hlutafélögum sem opinberir aðilar eins og ríki eða sveitarfélög hafa yfirráð yfir eins og á félögum sem hafa skráð hlutabréf sín í kauphöll. Ríkishlutafélagi ber að tilkynna dönsku félaga- og fyrirtækjaskránni um mikilvæg atvik og

---

[27] Erhvervs- og selskabsstyrelsens vejledning for statslige aktieselskaber, bls. 2.

stöðu, sem snerta félagið og geta haft þýðingu um framtíð þess, starfsmanna, hluthafa og kröfuhafa. Hins vegar miðast upplýsingaskylda skráðra félaga við verðmyndandi atriði, sbr. 24. gr. kauphallarlaga. Með þessu ákvæði um upplýsingaskyldu danskra ríkishlutafélaga er opinberum aðilum og almenningi veitt mun meiri innsýn í rekstur viðkomandi félaga og þróun þeirra heldur en annars gildir um hefðbundin hlutafélög. Þetta opna umhverfi á þó ekki að koma í veg fyrir að fyrirtækin starfi sem venjuleg hlutafélög og við þær aðstæður sem almennt gilda á frjálsum markaði. Þá má nefna að í boðun hluthafafundar skal tilgreina allar tillögur sem bera á undir fundinn og fundurinn er opinn fjölmiðlum. Hluthafar geta lagt skriflegar spurningar fyrir stjórn og framkvæmdastjóra innan þriggja mánaða fyrir hluthafafund og skal svara skriflega og leggja svarið fram við upphaf hluthafafundar. Með sama hætti og gildir um skráð félög í Danmörku er lagt bann við því í ríkishlutafélögum að formaður stjórnar sinni störfum fyrir félagið sem ekki geta talist eðlilegur þáttur í starfi hans sem stjórnarformanns, að frátöldum einstökum verkefnum sem honum eru falin af stjórn félagsins og fyrir hana. Svokallaður starfandi stjórnarformaður er með öðrum orðum bannaður. Sérstök skylda hvílir enn fremur á stjórn ríkishlutafélaga eins og skráðra félaga að setja sérstakar starfsreglur. Nánar er kveðið á um inntak þeirra í lögunum, auk þess sem starfsreglurnar eru opinberar hjá fyrirtækja- og félagaskránni.

Hér er þetta nefnt vegna þess að innan nefndarinnar hafa skapast umræður í tengslum við kosti og galla hlutafélagavæðingar Orkuveitunnar og Landsvirkjunar þar sem meðal annars hafa komið fram sjónarmið um mikilvægi þess að settar yrðu sérreglur um hlutafélög í orkustarfsemi sem tryggðu sérstaklega vandaða stjórnunarhætti og að tekið væri tillit til þeirra almannahagsmuna sem tengjast starfsemi þessara fyrirtækja. Þetta eru atriði sem að mati nefndarinnar væri vert að hafa í huga kæmi til hlutafélagavæðingar Orkuveitunnar og Landsvirkjunar og taka mætti tillit til með sérstökum ákvæðum í þeim lagabreytingum sem þyrfti að gera í tengslum við breytingu þessara fyrirtækja í hlutafélög.

(Höfundar: Már Guðmundsson (form.), Álfheiður Ingadóttir, Áslaug Björgvinsdóttir, Geir Magnússon, Páll Halldórsson, Páll Kr. Pálsson, Sveinn Hannesson og Sveinn Agnarsson, starfsmaður nefndarinnar.)

503. Frumvarp til laga [396. mál]

um breyting á ýmsum lögum á orkusviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

1. gr.

80. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, með síðari breytingum.

2. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 159/2002, um stofnun hlutafélags um Norðurorku, með síðari breytingum.

3. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum.

4. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

5. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

6. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

7. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku, og samhliða frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja. Frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja var samið af starfshópi fjármálaráðherra sem fjallaði um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Það var niðurstaða starfshópsins að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina enda væri það ýmsum vandkvæðum bundið í skattalegu tilliti, vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna væri, að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggi við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.

Í frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja er gert ráð fyrir að orkufyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni, verði skattskyld frá og með 1. janúar 2006. Samhliða því frumvarpi er nauðsynlegt að afnema öll ákvæði í sérlögum sem veita orkufyrirtækjum sérstakar undanþágur frá sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Í þessu frumvarpi eru því felld brott sérákvæði um skattundanþágur sem finna má í orkulögum, nr. 58/1967, lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001, lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku nr. 159/2002, lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001, lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001, lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, og lögum um

raforkuver, nr. 60/1981. Í frumvarpinu felst að undanþága framangreindra fyrirtækja frá greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga fellur niður, þ.m.t. greiðsla stimpilgjalds.

Frumvarpi þessu er ekki ætlað að hrófla við þeim almennu reglum sem gilda um fasteignaskatta og fasteignamat mannvirkja í eigu orkufyrirtækja. Lög nr. 4 frá 30. janúar 1995, um tekjustofna sveitarfélaga, fjalla m.a. um fasteignaskatt. Á grundvelli heimildar í lögunum hefur félagsmálaráðherra sett reglugerð nr. 945/2000, um fasteignaskatt. Lögin og reglugerðin kveða á um að leggja skuli fasteignaskatt árlega á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári. Í 5. gr. laganna er að finna undantekningar frá þessari reglu en greinin hefur ekki að geyma undanþágur varðandi greiðslu orkufyrirtækja á fasteignasköttum.

Í lögum nr. 6 frá 6. febrúar 2001, um skráningu og mat fasteigna, og reglugerð nr. 406/1978, um fasteignaskráningu og fasteignamat, er m.a. að finna ákvæði er varða fasteignamat og undanþágur frá slíku mati. Í 26. gr. laganna er að finna upptalningu á eignum sem eru undanþegnar mati. Í 3. tölul. segir að rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, skuli undanþegnar fasteignamati. Hins vegar skal meta eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á. Í 3. tölul. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978, með áorðnum breytingum, segir m.a. að mannvirki sem horfa fyrst og fremst til aukinna nota og arðs af landi, svo sem vegir, brýr og girðingar, skuli eigi metin sérstaklega, en við mat á landi skuli tekið tillit til aukins verðmætis sem frá mannvirkjunum stafar.

Af þessum almennu reglum leiðir að orkufyrirtækjunum ber að greiða fasteignaskatta af þeim mannvirkjum sem metin eru í fasteignamati. Því er ekki skylt að greiða fasteignagjöld af ýmsum mannvirkjum sem tengjast framleiðslu, flutningi og dreifingu raforku, svo sem línum til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að ýmis mannvirki orkufyrirtækja eru ekki metin sérstaklega, sbr. ákvæði 3. tölul. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um afnám undanþágu orkufyrirtækja frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts og er vísað til kostnaðarumsagnar um það frumvarp. Í samræmi við það frumvarp er í þessu frumvarpi lagt til að sérákvæði um skattundanþágur orkufyrirtækja sem finna má í ýmsum lögum verði felld niður.

504. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um athugun á fjárhagsstöðu forsjárlausra feðra.

Flm.: Gunnar Örlygsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að gera athugun á fjárhagsstöðu forsjárlausra feðra hér á landi og hafa frumkvæði að því að grípa til aðgerða í framhaldi af athuguninni. Ráðherra skili skýrslu um málið til Alþingis innan árs frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Markmið tillögu þessarar er í fyrsta lagi að skilgreindur verði sá mikli vandi sem felst í aukinni fátækt einstæðra karlmanna á Íslandi. Í annan stað þarf að tryggja nauðsynlegar aðgerðir af hálfu félagsmálaráðherra til að mæta þeim vanda sem steðjar að tekjulitlum forsjárlausum feðrum. Hjálparstarf kirkjunnar, ASÍ og fleiri stofnanir og félagasamtök hafa margoft sýnt fram á vandann í skýrslum sínum.

Sífellt fleiri einstæðir karlmenn mælast nú undir fátæktarmörkum. Húsnæðisaðstoð er af skornum skammti fyrir þennan hóp. Verð á leiguhúsnæði er afar hátt hlutfall af launum þeirra sem litlar hafa tekjurnar. Forsjárlausir feður án atvinnu eiga við mikinn vanda að etja. Einnig eiga forsjárlausir feður, með atvinnu en lág laun, í alvarlegum fjárhagserfiðleikum. Telja verður að staða forsjárlausra feðra sé ekki nægilega tryggð í löggjöfinni. Atvinnuleysisbætur og láglaunuð störf duga ekki fyrir húsnæðiskostnaði og meðlagsgreiðslum. Því er afar brýnt að vandi forsjárlausra feðra verði greindur í athugun félagsmálaráðherra. Felur tillagan félagsmálaráðherra að hafa forustu um aðgerðir þar að lútandi.

Bág fjárhagsstaða hjá tekjulágum forsjárlausum feðrum hefur einnig slæm áhrif á líf og heilsu barna þeirra. Samkvæmt upplýsingum úr starfsskýrslu Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir árin 2003–2004 koma fram staðreyndir sem sýna þennan vanda. Þar segir m.a. að 292 karlar hafi sótt um aðstoð á tímabilinu 1. janúar – 31. mars 2004. Meiri hluti þessara umsækjenda segir atvinnuleysi eða lágar tekjur helstu ástæðu þess að þeir sækja um aðstoð.

Í Noregi var gripið til þess ráðs að bjóða skattafslátt til tekjulægri manna á móti meðlagsgreiðslum þeirra. ASÍ leggur áherslu á húsnæðismálin og hjálp í formi ráðgjafar. Þróun leigu- og húsnæðisverðs hefur verið efnaminna fólki mikill dragbítur. Rétt er að búa þannig um hnútana að fólk geti komist af í fjárhagslegum skilningi. Að endar nái saman og hægt sé halda mannlegri reisn er algjört grundvallaratriði fyrir þegna okkar ríka lands.

Í skýrslu ASÍ um áherslur sambandsins í velferðarmálum, *Velferð fyrir alla* (2003), segir m.a. um stöðu einhleypra karla:

„Vanda þessa hóps verður að leysa með margvíslegum hætti. Til skemmri tíma má m.a.:

- Veita húsaleigubætur vegna leigu á herbergjum.
- Styrkja fjárhagsstöðu þeirra feðra sem eru það illa staddir fjárhagslega að þeir eiga erfitt með að umgangast börn sín með sómasamlegum hætti.
- Veita þeim feðrum sem eru með sameiginlegt forræði aukna möguleika á félagslegri aðstoð, t.d. í formi leiguhúsnæðis og ráðgjafar.“

505. Frumvarp til laga [398. mál]

um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Lög um Tækniháskóla Íslands, nr. 53/2002, með síðari breytingum, falla úr gildi.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Tækniháskóla Íslands eiga rétt á að ljúka því námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við skólann miðað við gildandi reglur um námsframvindu.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu störf starfsmanna Tækniháskóla Íslands lögð niður. Um réttindi þeirra fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Flytjist kennari við Tækniháskóla Íslands til annars háskóla við gildistöku laga þessara er heimilt að byggja ráðningu hans á dómnefndaráliti um hæfni sem hann hefur hlotið skv. 5. mgr. 3. gr. laga um Tækniháskóla Íslands, nr. 53/2002, í sömu eða sambærilegri fræðigrein.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Sameining þessara skóla byggist á viljayfirlýsingu menntamálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs Íslands um stofnun einkahlutafélags sem tekur við starfsemi Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, dags. 19. október 2004.

Gert er ráð fyrir að hinn sameinaði háskóli taki formlega til starfa í síðasta lagi í júní 2005. Háskólinn mun bjóða nám til BA-, BS- og diplóma-prófs í þeim greinum sem Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík hafa boðið upp á. Auk þess er að því stefnt að stofnaðar verði nýjar deildir á fyrsta starfsári skólans í kennslufræði og verkfræði. Þá verður í boði við skólann sérhæft undirbúningsnám sambærilegt námi við frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands.

Í samræmi við framangreint gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir að núgildandi lög um Tækniháskóla Íslands verði felld úr gildi. Jafnframt tryggir ákvæðið rétt þeirra nemenda sem eru nú í námi við Tækniháskóla Íslands á þann hátt að þeir eiga rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er og á sömu forsendum. Þá er áréttað að réttur þessi sé bundinn við gildandi reglur um námsframvindu. Einungis er við það miðað að þessi réttur nái til náms við hinn nýja háskóla sem verður til við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Af því leiðir að óheimilt er að innheimta skólagjöld af þeim nemendum vegna þess náms sem þeir hafa þegar hafið við gildistöku laga þessara.

Í 2. gr. frumvarpsins er áréttað að störf starfsmanna Tækniháskóla Íslands verði lögð niður um leið og lögin um skólann falla úr gildi og að um réttindi þeirra fari eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Með því er

vísað til réttar starfsmanna eftir atvikum til biðlauna og uppsagnarfrests, með þeim takmörkunum sem af því leiðir.

Þá er einnig kveðið á um í 2. gr. að flytjist kennari við Tækniháskóla Íslands til annars háskóla við gildistöku laga þessara er heimilt að byggja ráðningu hans á dómnefndaráliti sem hann hefur hlotið skv. 5. mgr. 3. gr. laga um Tækniháskóla Íslands, nr. 53/2002, í sömu eða sambærilegri fræðigrein. Ákvæðið á við um prófessora, dósenta eða lektora. Teljist viðkomandi hæfur á grundvelli slíks dómnefndarálits til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors verður ekki séð að nauðsyn sé á öðru slíku áliti, auk þess sem mikilvægt er að hægt sé á sem skemmstum tíma að ráða prófessora, dósenta eða lektora sem starfað hafa við Tækniháskóla Íslands til hins sameinaða háskóla í framhaldi að niðurlagningu starfa þeirra, verði frumvarp þetta að lögum. Sama gildir samkvæmt ákvæðinu ráði kennari sig til starfa við annan háskóla en hinn sameinaða háskóla.

3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 2005, en þá er við það miðað að hinn sameinaði háskóli hafi tekið formlega til starfa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um Tækniháskóla Íslands verði felld úr gildi 1. júlí 2005 og rekstri skólans hætt í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu skólans og Háskólans í Reykjavík í nýjum háskóla.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkið tryggi rétt nemenda sem stunda nám í Tækniháskólanum á yfirstandandi skólaári til að ljúka námi sínu samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi var þegar þeir hófu nám við skólann. Í kostnaðarumsögn þessari er miðað við að búið verði þannig um hnútana í samningi við háskólann sem tekur við verkefnum Tækniháskólans að þetta leiði ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Jafnframt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að störf starfsmanna Tækniháskóla Íslands verði lögð niður. Hluti starfsmanna skólans á rétt á sex eða tólf mánaða biðlaunum verði störf þeirra lögð niður í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki eru forsendur til að meta nákvæmlega hversu mikil útgjöld lenda á ríkinu af þessum sökum, en í kostnaðarmati þessu er slegið á 20–25 m.kr.

Tækniháskóli Íslands hefur verið rekinn með halla frá því að hann var stofnaður um mitt ár 2002 og nam uppsafnaður halli 127 m.kr. í árslok 2003. Í kostnaðarumsögn þessari er gert ráð fyrir að hallinn verði á bilinu 110–125 m.kr. um mitt ár 2005 og að hann færist ekki yfir á nýjan skóla.

Í samræmi við framansagt er áætlað að frumvarpið leiði til 130–150 m.kr. útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

506. Frumvarp til laga [399. mál]

um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Heimilt er Húsavíkurbæ að stofna einkahlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur er nefnist Orkuveita Húsavíkur ehf.

2. gr.

Heimili Orkuveitu Húsavíkur ehf. og varnarþing skulu vera á Húsavík, en heimilt skal vera að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

3. gr.

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Orkuveitu Húsavíkur ehf. er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi félagsins og verkefnum skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundum samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Orkuveita Húsavíkur ehf. tekur við einkarétti Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur til starfrækslu hita-, raf- og vatnsveitu á Húsavík og yfirtekur skyldur tengdar rekstri þeirra sem kveðið er á um í öðrum lögum. Farið skal að ákvæðum 4. gr. laga nr. 32/2004 varðandi ráðstöfun á einkarétti. Orkuveita Húsavíkur ehf. yfirtekur samninga sem gerðir hafa verið um sölu á rafmagni og heitu vatni eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Orkuveitu Húsavíkur ehf. leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Aðrir sem reka orkumannvirki eða vatnsveitu á starfssvæði Orkuveitu Húsavíkur ehf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum í samræmi við ákvæði laga.

5. gr.

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda í samræmi við ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, raforkulaga, nr. 65/2003, og laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Við setningu gjaldskrár fyrir sölu á heitu vatni skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu áunnið sér.

Um biðlaunarétt fastráðinna starfsmanna Orkuveitu Húsavíkur við stofnun Orkuveitu Húsavíkur ehf. fer eftir grein 11.1.1 í kjarasamningi Starfsmannafélags Húsavíkur og launanefndar sveitarfélaga f.h. Húsavíkurbæjar með gildistíma 1. janúar 2001 til 31. mars 2005.

7. gr.

Stofna skal einkahlutafélagið Orkuveitu Húsavíkur á stofnfundi sem haldinn skal í desembermánuði 2004. Allur kostnaður af stofnun Orkuveitu Húsavíkur ehf. og yfirtöku þess á rekstri Orkuveitu Húsavíkur greiðist af einkahlutafélaginu.

8. gr.

Orkuveita Húsavíkur ehf. skal taka til starfa 1. janúar 2005 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Húsavíkur. Orkuveita Húsavíkur skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

9. gr.

Um skyldu Orkuveitu Húsavíkur ehf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt og um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Þó skal Orkuveita Húsavíkur ehf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Orkuveita Húsavíkur ehf. skal undanþegin stimpilgjöldum. Þá verða ekki greiddir skattar og opinber gjöld af eignatilfærslum milli Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur ehf. við formbreytinguna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húsavíkurbær ber áfram ábyrgð á lánum sem tekin hafa verið fyrir 31. desember 2004 með ábyrgð bæjarsjóðs vegna Orkuveitu Húsavíkur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Húsavíkurbæ verði heimilað að stofna hlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur. Um nokkurt skeið hefur staðið yfir undirbúningur að breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins og á fundi bæjarstjórnar Húsavíkurbæjar 26. október 2004 var tekin ákvörðun um að stofna einkahlutafélag um rekstur þess. Fór Húsavíkurbær þess á leit við iðnaðarráðherra að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp til laga þess efnis að heimilað yrði að stofna einkahlutafélag um rekstur Orkuveitunnar.

Á undanförnum árum hefur rekstrarformi nokkurra orkufyrirtækja í eigu sveitarfélaga verið breytt. Árið 2001 voru stofnuð hlutafélög um rekstur Hitaveitu Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða. Árið 2002 var stofnað sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og árið 2003 var stofnað hlutafélag um rekstur Norðurorku. Í öllum tilfellum lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytt rekstrarform að beiðni eigenda veitnanna.

Frumvarpið er m.a. byggt á frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku og svipar í flestu til annarra laga um breytingar á rekstrarformi orkufyrirtækja.

II. Saga veiturekstursá Húsavík.

Árið 1917 var byggð 50 kW rafstöð við Búðará. Raunverulegur rekstur stöðvarinnar er talinn hefjast 15. ágúst 1919. Árið 1946 hófst endurnýjun útikerfis með byggingu spennistöðva og 6 kV dreifingar. Sumarið 1947 var núverandi 30 kV lína lögð frá Laxárvirkjun til Húsavíkur. Orkustöð var tekin í notkun árið 2000 og framleiðir hún raforku úr 120°C heitu vatni frá Hveravöllum. Aflgeta stöðvarinnar er 1,9 MW, og getur stöðin framleitt um 90% af orkuþörf Húsavíkur.

Vatnsveita var lögð árið 1926 á Húsavík en núverandi vatnsból var tekið í notkun 1947. Lögð var ný lögn frá vatnsbóli að Orkustöð á Kaldbaksleiti, árið 2000. Virkjað vatn í vatnsbóli er nú um 380 l/s, en virkjanlegt kalt vatn í landi Húsavíkur er talið vera 1.000–1.200 l/s. Affallsvatn frá Orkustöð er u.þ.b. 200 l/s og 25°C heitt.

Hitaveita Húsavíkur var stofnuð 1970, en þá var lögð um 18 km löng asbestæð frá Hveravöllum til Húsavíkur. Í upphafi voru nýttir um 30 l/s af 100°C heitu hveravatni. Fljótlega kom í ljós að bora þurfti eftir meira vatni. Árið 1974 var boruð 450 m djúp hola sem gefur nú um 25 l/s, önnur 650 m djúp hola var boruð 1997 sem gefur um 65 l/s. Vatn úr borholum er 125°C heitt og sjálfrennandi. Vegna hæðarmunar milli Hveravalla og Húsavíkur er lítil þörf á dælingu hjá veitunni. Árið 1999 var lögð ný aðveituæð til Húsavíkur. Er um að ræða einangraða stálpípu sem getur flutt allt að 150 l/s af 125–130°C heitu vatni, til iðnaðarnota og húshitunar á Húsavík. Frá Orkustöð er hægt að afhenda vatn á bilinu 4–120°C.

Rafveita, Vatnsveita og Hitaveita Húsavíkur voru sameinaðar 1. janúar 1996 undir nafni Orkuveitu Húsavíkur.

III. Helstu lykilstærðir 2003.

Hitaveita	
Íbúar á veitusvæði	2.453
Veitur (mælitæki)	936
Fjöldi starfsmanna	4 stöðugildi
Fjöldi ársverka	4 ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	43,9 MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	23,6 MW
Lengd safn- og aðveituæða	49,5 km
Lengd dreifikerfis	29 km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	3.000.000 m^3/ári
Hámarksálag	18,7 MW
Smásala	1.490.698 m^3
Heildsala	129.539 m^3
Smásala (án vsk.)	80,2 millj. kr.
Þar af iðnaðarnotkun (án vsk.)	5,7 millj. kr.
Heildsala (án vsk.)	3,5 millj. kr.
Meðalverð (án vsk.)	1 kr./kWh
Vatnsveita	
Íbúar á veitusvæði	2.353
Veitur (mælitæki)	20
Fjöldi starfsmanna	sjá hitaveitu
Fjöldi ársverka	sjá hitaveitu
Uppsett í vatnsbóli	300 l/s
Hámarksrennsli í dreifikerfi	100 l/s
Lengd safn- og aðveituæða	4 km
Lengd dreifikerfis	29 km
Hámarksálag á árinu	300 l/s

Smásala eftir mæli	1.381.027 m^3
Smásala eftir mæli	11,7 millj. kr.
Álagning ársins	24,9 millj. kr.
Meðalverð á mældu vatni	8,5 kr./m^3
Rafveita	
Íbúar á veitusvæði	2.353
Veitur (mælitæki)	1.210
Fjöldi starfsmanna	3 stöðugildi
Fjöldi ársverka	3 ársverk
Dreifistöðvar, uppsett spennaafl	7 MW
Lengd háspennudreifikerfis	18 km
Lengd lágspennudreifikerfis	27,5 km
Orkukaup RARIK	8,24 GWh/ári
Orkukaup RARIK	31,0 millj. kr.
Rafmagnsframleiðsla Orkustöð	8,56 GWh/ári
Rafmagnsframleiðsla Dísilstöð	0,07 GWh/ári
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	82 GWh/ári
Orkuöflun alls	16,47 GWh/ári
Hámarksálag á árinu	3,5 MW
Meðal innkaupsverð	3,76 kr./kWh
Smásala	14 GWh
Smásala (án vsk.)	105,7 millj. kr.
Meðalverð í smásölu (án vsk.)	7,55 kr./kWh

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er Húsavíkurbæ veitt heimild til að stofna einkahlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur er nefnist Orkuveita Húsavíkur ehf. og leggja til þess eignir sem hlutafé.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um að heimili Orkuveitu Húsavíkur ehf. og varnarþing verði á Húsavík. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að starfrækja útibú á öðrum stöðum, en slíkt getur verið nauðsynlegt fyrir framgang einkahlutafélagsins. Rétt þykir að lögheimili og varnarþing félagsins sé á athafnasvæði þess, Húsavík. Ástæða þykir til að taka fram að heimilt sé að stofna útibú annars staðar.

Um 3. gr.

Í greininni er megintilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. skilgreindur. Samkvæmt greininni er tilgangurinn orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild fyrirtækisins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að tilgangi félagsins og verkefnum skuli nánar lýst í samþykktum þess og að samþykktum félagsins megi breyta á hluthafafundum samkvæmt almennum reglum.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að Orkuveita Húsavíkur ehf. taki við einkarétti Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur til starfrækslu hita-, raf- og vatnsveitu.

Í 30. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er iðnaðarráðherra heimilað að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknum veitusvæði. Á grundvelli þessa veitti iðnaðarráðherra Orkuveitu Húsavíkur einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu á Húsavík. Í 31. gr. orkulaga segir að sveitarfélag geti, með samþykki ráðherra, framselt einkaleyfið einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæður þykja til.

Á grundvelli eldri lagaheimilda veitti iðnaðarráðherra Orkuveitu Húsavíkur einkaleyfi til dreifingar og sölu á raforku í lögsagnarumdæmi Húsavíkur, sbr. 7. gr. reglugerðar um Orkuveitu Húsavíkur. Í raforkulögum, bráðabirgðaákvæði III, segir að þeir sem við gildistöku laganna hafi rétt til að reisa og reka kerfi til dreifingar raforku haldi þeim rétti sínum, enda uppfylli þeir skilyrði laganna. Þá segir í 35. gr. raforkulaga að leyfi samkvæmt lögunum megi hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

Samkvæmt 4. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, hefur sveitarfélag einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögunum. Í 2. og 3. mgr. 4. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga segir að við slíka ráðstöfun skuli, eftir því sem við á, kveða á um eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar, innlausnarrétt o.fl. í samningi milli aðila. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að farið verði að þessum ákvæðum.

Eins og áður hefur komið fram voru Rafveita, Vatnsveita og Hitaveita Húsavíkur sameinaðar í Orkuveitu Húsavíkur 1. janúar 1996. Í frumvarpinu er lagt til að Orkuveita Húsavíkur ehf. haldi þeim einkarétti til dreifingar og sölu raforku, heits vatns og gufu sem Orkuveita Húsavíkur hafði áður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Orkuveita Húsavíkur ehf. muni yfirtaka þá samninga sem gerðir hafa verið um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum. Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Orkuveitu Húsavíkur ehf. leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Til að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra er við gildistöku laganna reka orkumannvirki á starfssvæði Orkuveitu Húsavíkur er kveðið á um að þeir skuli halda þeim rétti sínum.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. setji gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda. Í 17. gr. raforkulaga er kveðið á um tekjumörk og gjaldskrá dreifiveitna og gilda ákvæði laganna um gjaldskrá fyrir dreifingu á rafmagni. Í 6.–10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga er kveðið á um gjaldtöku fyrir vatnsnotkun, innheimtu, gjaldskrá o.fl. Skal farið að þessum ákvæðum hvað varðar rekstur vatnsveitu. Í 3. mgr. 32. gr. orkulaga segir að setja skuli gjaldskrá fyrir hitaveitu er ráðherra staðfestir.

Þá er í greininni lagt til að við gerð gjaldskrár fyrir heitt vatn skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða. Þetta er í samræmi við ákvæði annarra sérlaga um orkufyrirtæki, 32. gr. orkulaga og 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. þessararar greinar er kveðið á um réttarstöðu fastráðinna starfsmanna Orkuveitu Húsavíkur varðandi störf hjá hinu nýja félagi og áunnin réttindi. Ákvæðinu er ætlað að tryggja starfsmönnum Orkuveitu Húsavíkur sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir

formlega stofnun þess þannig að breytingar á rekstrarformi hafi ekki áhrif á stöðu þeirra, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfaðstöðu að ræða. Starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur eru sjö og greiðir einn í Lífeyrissjóð starfsmanna Húsavíkurbæjar, sem rekinn er af Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, einn greiðir til Lífiðnar, einn til Lífeyrissjóðs Norðurlands, einn til Sameinaða lífeyrisssjóðsins, einn til Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands og tveir til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Fimm þeirra eru í Starfsmannafélagi Húsavíkurbæjar, einn í Vélstjórafélagi Íslands og einn í Stéttarfélagi verkfræðinga.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um hvernig farið skuli með biðlaunarétt fastráðinna starfsmanna en vísað er til greinar 11.1.1 í gildandi kjarasamningi Starfsmannafélags Húsavíkur og launanefndar sveitarfélaga f.h. Húsavíkurbæjar. Greinin hljóðar svo:

Um starfsmenn sveitarfélaga gilda neðanskráðar reglur um réttindi og skyldur þeirra, þó þannig að um þá starfsmenn sem ráðnir voru fyrir 1. mars 1997 gilda að auki eftirfarandi ákvæði um áunnin réttindi:

„Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Ef sama staða er aftur stofnuð innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.

Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í grein þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.

Starfsaldur hans áður og eftir skal þá saman lagður og veitir þá sömu réttindi sem óslitin þjónusta.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur samkvæmt 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður, ef laun þau, er nýja starfinu fylgja, eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrri stöðunni. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri, skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.“

Um 7. gr.

Lögin eru heimildarlög sem heimila Húsavíkurbæ að stofna einkahlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur. Í greininni er ákvæði þess efnis að stefnt skuli að því að stofna einkahlutafélagið á stofnfundi í desembermánuði 2004 og að allur kostnaður af stofnun einkahlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Orkuveitu Húsavíkur greiðist af félaginu.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að hlutafélaginu sé heimilt að taka til starfa 1. janúar 2005. Við stofnun þess mun það yfirtaka allar eignir, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Húsavíkur frá sama tíma.

Um 9. gr.

Í greininni segir í 1. málsl. 1. mgr. að um skyldu Orkuveitu Húsavíkur ehf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fari á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Ákvæðið á sér rót í því að flest fyrirtæki landsins sem annast dreifingu og sölu á heitu vatni, rafmagni og vatni eru í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og bera eigendur ótakmarkaða ábyrgð á rekstri þeirra. Í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyrirtæki í eigu

ríkis og sveitarfélaga sem ríkissjóður eða sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á undanþegin skattskyldu. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattaleg staða Orkuveitu Húsavíkur ehf. verði sú sama og Orkuveitu Húsavíkur þrátt fyrir breytt rekstrarform. Með þessu er tryggt að fyrirtækið njóti sömu skattalegrar stöðu og önnur raforkufyrirtæki sem eru í sambærilegri stöðu. Þetta ákvæði frumvarpsins byggist á 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum, og er samhljóða ákvæði 9. gr. laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um skyldu félagsins til greiðslu opinberra gjalda af húseignum þess. Ákvæðið er samhljóða ákvæðum annarra laga um orkufyrirtæki, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 135/2003, um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Í 2. mgr. er Orkuveitu Húsavíkur ehf. veitt undanþága frá stimpilgjöldum með sama hætti og gert er í 9. gr. laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku. Þá er kveðið á um að nauðsynlegar eignatilfærslur á milli Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur ehf. við formbreytinguna verði ekki andlag skatttöku. Sambærilegt ákvæði er að finna í 9. gr. laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Fjármálaráðherra hefur á þskj. 419 lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Í því er lagt til að fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni skuli skattskyld skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frumvarpið, sem tengist breytingum á skipulagi raforkumála, var samið af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði 11. desember 2000 um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Í tengslum við þetta frumvarp fjármálaráðherra hefur iðnaðarráðherra lagt fram á þskj. 503 frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Í því er lagt til að öll ákvæði sérlaga um skattskyldu orkufyrirtækja falli brott í lok árs 2005 og gera verður ráð fyrir að sama gildi um þessa grein varðandi skattskyldu Orkuveitu Húsavíkur ehf. Verði frumvörpin að lögum verða öll orkufyrirtæki landsins skattskyld frá og með 1. janúar 2006.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að Húsavíkurbær beri áfram ábyrgð á lánum sem tekin hafa verið fyrir stofnun einkahlutafélagsins. Með þessu er tekinn af allur vafi um ábyrgð eigenda Orkuveitu Húsavíkur á þeim lánum sem tekin hafa verið vegna Orkuveitu Húsavíkur og hagsmunir núverandi kröfuhafa tryggðir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að heimila Húsavíkurbæ að stofna einkahlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur. Allur kostnaður af stofnun einkahlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Orkuveitu Húsavíkur greiðist af félaginu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

507. Tillaga til þingsályktunar [400. mál]

um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp.

Flm.: Mörður Árnason, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að undirbúa löggjöf um Ríkisútvarpið sem sjálfstætt útvarp í almannaþágu. Nefndin taki í störfum sínum mið af tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins til aðildarríkja, nr. R (96) 10, um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps, og samþykkt ráðherrafundar Evrópuráðsins í Prag 1994 um fjölmiðlun í lýðræðissamfélagi.

Nefndin hafi að markmiði að Ríkisútvarpið sé sjálfstætt, hafið yfir flokkadrætti og óháð flokkspólitískum afskiptum, en geri langtímasamninga við stjórnvöld um rekstrarfé og veitta þjónustu.

Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum þingflokki. Að auki skipi Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins, Blaðamannafélag Íslands, Bandalag íslenskra listamanna, félagsvísindadeild Háskóla Íslands og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri sinn fulltrúann hvert. Menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar.

Nefndin leiti víðtæks samráðs um verkefni sitt, bæði við fulltrúa einstakra samfélagshópa og á opnum fundum sem ætlaðir eru almenningi. Menntamálaráðherra leggi niðurstöður nefndarinnar fyrir Alþingi í formi skýrslu, frumvarpsdraga eða hvors tveggja eigi síðar en 1. október 2005.

Greinargerð.

Samfylkingin telur að á fjölmiðlasviði sé það hlutverk stjórnvalda að tryggja sem kostur er að ætíð séu til staðar góðir fjölmiðlar sem uppfylli kröfur almennings um upplýsingu, fræðslu og afþreyingu, að fjölmiðlun í landinu sé samofin menningu þjóðarinnar og menningararfi, og að fjölmiðlun sé eðlilegur hluti lýðræðislegrar framvindu í samfélaginu. Mikilvægt er að tjáningarfrelsið og réttur til upplýsinga sé tryggður með almennum leikreglum. Þá verður að gæta þess að fjölbreytileg fjölmiðlafyrirtæki hafi svigrúm til blómlegs rekstrar.

Fjölmiðlar og lýðræði.

Síðasta vetur og fram á mitt sumar voru fjölmiðlar og starfsumhverfi þeirra mjög til umræðu í íslensku samfélagi, ekki síst eftir að ríkisstjórnin ákvað að setja hin umdeildu fjölmiðlalög sem hún þorði þó að lokum ekki að leggja undir atkvæði almennings. Samfylkingin lagði á síðasta þingi fram tvenns konar þingmál sem snerta fjölmiðla, annars vegar tvö þingmál um vernd heimildarmanna og hins vegar þingsályktunartillögu um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Jafnframt boðaði þingflokkur Samfylkingarinnar að von væri á fleiri þingmálum í þessum málaflokki.

Samfylkingin telur að nú um stundir sé afar brýnt að ræða málefni fjölmiðlunar í landinu sem lýðræðismál. Fjölmiðlum er ætlað að annast mikilsvert samskipta- og aðhaldshlutverk

í lýðræðisskipun nútímasamfélags og eru því oft nefndir *fjórða valdið*. Forseti Íslands orðaði þetta svo í yfirlýsingu sinni 2. júní sl.: „Fjölbreyttir og öflugir fjölmiðlar eru ásamt þrískiptingu ríkisvaldsins skilyrði fyrir því að lýðræðislegt þjóðfélag geti þrifist og þroskast.“ Þróun fjölmiðlunar á Íslandi undanfarna áratugi hefur vakið ýmsar spurningar um stöðu þeirra innan lýðræðisskipulagsins. Fáir harma veruleik flokksmiðlanna sem hér réðu ríkjum mestalla síðustu öld, en á hinn bóginn hefur það sýnt sig að markaðssjónarmið ein saman eru ekki gott leiðarhnoða við fjölmiðlun þegar miðað er við eðlilegar kröfur um þjónustu við almenning og lýðræðislega stjórnarhætti. Þá hafa kviknað áhyggjur af eignarhaldi fjölmiðla síðan flokksmiðlana leið, einkum vegna þess hver áhrif samþjöppun eignarhalds kann að hafa á lýðræðishlutverk fjölmiðlanna.

Ríkisútvarpið – almannaútvarp Íslendinga.

Í undanfarinni umræðu um fjölmiðla, starfsumhverfi þeirra og lagaramma hefur Samfylkingin lagt höfuðáherslu á að tryggja öflugt og óháð almannaútvarp á Íslandi. Til þess vill flokkurinn styrkja rekstrargrundvöll Ríkisútvarpsins, skapa því forsendur til sjálfstæðis í starfi og gefa því svigrúm til nauðsynlegrar sérstöðu í dagskrárframboði. Ríkisútvarpið á að standa í fylkingarbrjósti á íslenskum ljósvakavettvangi sem miðstöð menningarmiðlunar, fræðslu og lýðræðislegrar umfjöllunar.

Þetta starf er brýnt að hefja sem allra fyrst. Lagarammi og reglur um starfshætti Ríkisútvarpsins eru enn með sama sniði og áður en einkaleyfi þess var afnumið árið 1985. Fjárhagur þess hefur þrengst verulega þegar miðað er við auknar kröfur og þarfir, og hefur það m.a. leitt Ríkisútvarpið til harðrar samkeppni við markaðsstöðvarnar um auglýsingar og kostun. Sú samkeppni hefur dregið úr sérstöðu Ríkisútvarpsins í framboði dagskrár.

Þá hefur einn stjórnmálaflokkanna, Sjálfstæðisflokkurinn, lagt á það kapp síðustu tvo áratugi að koma flokksmönnum sínum í sem flestar lykilstöður innan Ríkisútvarpsins og ráða þar dagskrá í veigamiklum atriðum. Flokkurinn hefur haft yfirstjórn Ríkisútvarpsins með höndum í menntamálaráðuneytinu og innan meiri hluta útvarpsráðs í 16 ár af þeim 19 sem liðin eru frá upphafi nútímans í útvarpsmálum á Íslandi 1985. Tök flokksins á Ríkisútvarpinu hafa dregið úr faglegum styrk þess, veiklað vinnuanda innan Ríkisútvarpsins og dregið úr trausti almennings í garð þess. Til að Ríkisútvarpið geti gegnt hlutverki sínu sem almannaútvarp þarf þessu ástandi að linna.

Það sjónarmið að brýnasta verkefni í fjölmiðlamálum sé að efla og treysta Ríkisútvarpið sem sjálfstætt almannaútvarp nýtur víðtæks stuðnings. Þrátt fyrir þá þróun sem lýst er að framan lítur yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar enn svo á að Ríkisútvarpið sé einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og treystir því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum. Þar skiptir einnig máli að í 74 ár hefur Ríkisútvarpið verið áhrifarík menningar- og uppeldisstofnun, hjálparhella í atvinnulífi til sjávar og sveita og miðill fyrir lýðræðisumræðu og afþreyingu. Staða Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps á Íslandi á liðinni öld var svo sterk að ekki verður víða til jafnað í Evrópu. Eðlilegt er þó að líta á almannaútvarp sem þátt í alþjóðlegum – einkum evrópskum – menningarvef, og læra af þróun þess í ríkjum sem hliðstæð geta talist að samfélagsgerð og menningu.

Ýmis rök hníga að því að til að tryggja fjölmiðlafjölbreytni og leysa vanda sem fylgir eignasamþjöppun hjá markaðsmiðlum sé skynsamlegast að efla almannaútvarpið og marka því skýrt hlutverk í fjölmiðlun hverrar þjóðar eða menningarsvæðis. Í „Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi“ frá því í apríl er bent á að eitt af meginatriðum tilmæla Evrópuráðsins nr. R (99) 1 um fjölbreytni í fjölmiðlum sé að aðildarríkin „viðhaldi almenningsútvarpi (public service) og skapi slíkum fyrirtækjum tækifæri og

svigrúm til að þróast og til að nýta sér þær nýjungar og möguleika sem felast í bættri fjarskipta- og útvarpstækni". Í tilmælunum er einnig rætt um leiðir til að auka áhrif almennings á innihald dagskrárefnis í almannaútvarpi, um leiðir til að tryggja viðeigandi og örugga fjármögnun þess, og um flutningsskyldu veitufyrirtækja (e. „must-carry"), bæði stafrænna og annarra (þskj. 1525 á síðasta löggjafarþingi).

Athyglisvert er að í umfjöllun höfunda fyrrnefndrar greinargerðar um leiðir sem til greina komi er það fyrsta tillaga nefndarinnar að treysta stöðu Ríkisútvarpsins. Nefndin gerir ráð fyrir því að þessi leið geti komið til greina ein saman við það verkefni sem nefndin hafði til athugunar. Nefndarmenn telja enn fremur að sé þessi leið farin þurfi ekki beina reglusetningu um aðra miðla en Ríkisútvarpið og að hægt sé að fara hana án verulegra breytinga á gildandi lögum:

> Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði. Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað verði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun.
>
> Nefndarmenn deila því almenna viðhorfi að takmarka beri afskipti ríkisins af fyrirtækjarekstri og atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta sinnt. Engu að síður telur nefndin eðlilegt að leggja til að hugað verði að því að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings. a) Í fyrsta lagi má vísa til framangreindra tilmæla Evrópuráðsins R (99) 1 þar sem mælt er með því að þessi leið sé farin. b) Í öðru lagi er bent á þetta sem æskilega leið til að tryggja þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi og þar með til að mæta skyldum ríkisins í þessum efnum. Er bent á að því er gjarnan haldið fram að einkareknir fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að vera mun einsleitari í dagskrá en almenningsútvarp til að mæta kröfum þorra neytenda um skemmtun og létta afþreyingu. Slíkt efni verði þá jafnvel uppistaðan í dagskrá miðils, gjarnan á kostnað upplýstrar og málefnalegrar umræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni, einkum þeirra miðla sem byggja rekstur sinn á auglýsingum og kostun. c) Í þriðja lagi má benda á að yrði **þessi leið ein fyrir valinu fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum.** Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni. d) Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd **að mestu án breytinga á gildandi lögum.** (Leturbr. flm.)

Höfundar McKinsey-skýrslunnar svokölluðu frá 1999, *Ríkisútvarp um allan heim,* sem gerð var á vegum BBC, segja í 2. kafla að ríkisvaldið hafi einkum tvær aðferðir til að hafa áhrif á þróun fjölmiðlunar á ljósvakavettvangi. Önnur aðferðin sé að setja ítarlegar reglur, hin að standa fyrir almannaútvarpi. Þeir benda á að í Bandaríkjunum sé almannaútvarpið (PBS) þróttlítið og búi við misjöfn kjör af hálfu stjórnvalda, en þar sé á hinn bóginn mjög treyst á margvíslega reglusetningu. Í flestum Evrópuríkjum sé almenn reglusetning aftur á móti mun minni því þar gegni öflugt almannaútvarp víða forustuhlutverki á ljósvakavettvangi. „Ef ríkisútvarpið er sterkt, með vandaða dagskrá og verulega áhorfshlutdeild getur það

haft mikil áhrif til að móta útvarpsumhverfið. Ef það er veikt er hætta á að einkaútvarpið ráði umhverfinu, til hagsbóta fyrir hluthafana en oft til skaða fyrir heildarumfang og gæði útvarpsmarkaðarins.“ Þessum kafla McKinsey-skýrslunnar lýkur svo:

> Niðurstaðan er sú, að þótt hægt sé með reglum að þvinga einkastöðvar til að hafa nokkra vandaða þætti í dagskrá sinni (yfirleitt ekki á besta tíma), er það hættan á að missa áhorfendur yfir til ríkisútvarpsins sem knýr einkastöðvarnar til að gera vandaða þætti sem eru vinsælir og aðgengilegir.
>
> Ríkisvald sem styður ríkisútvarp og hvetur það til að ná miklu áhorfi, nýtir eiginleika markaðarins til að fá betri afurðir – betri dagskrá hjá öllum útvarpsfyrirtækjum.

Flutningsmenn telja í þessu ljósi eðlilegt að störf á vegum löggjafans og annarra stjórnvalda að fjölmiðlamálum hefjist með ítarlegri athugun á því hvernig staðið er að almannaútvarpi á Íslandi og hverjar séu æskilegastar breytingar í rekstri og starfsháttum Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarp – þjóðarútvarp – almannaútvarp.

Flutningsmenn hafa kosið að nota orðið *almannaútvarp* um það hugtak sem hér er um að ræða. Einnig hefur um þetta verið notað orðið *þjóðarútvarp,* en það hefur þann galla að orðsins hljóðan gerir varla ráð fyrir fleiri en einni slíkri útvarpsstöð í hverju þjóðríki. Ekkert útilokar í sjálfu sér að rekið sé fleira en eitt almannaútvarp í hverju þjóðríki eða hverju menningarsvæði. Orðið *ríkisútvarp,* sem auðvitað er dregið af nafni íslenska almannaútvarpsins, er einnig óheppilegt þar sem af því leiðir að eignarhald og yfirráð séu ríkisins, en það á ekki endilega við um almannaútvarp. Þá hefur það orð nú annan keim en ætla má að verið hafi við stofnun íslensks þjóðarútvarps árið 1930, aðeins tólf árum eftir að aftur varð til á Íslandi fullvalda ríki.

Í Prag-samþykktinni frá 1994 er að finna mikilvæga skilgreiningu á almannaútvarpi. Þar segir (lausl. þýð. flm.) að almannaútvarp skuli

- mynda með dagskrá sinni sameiginlega viðmiðun allrar þjóðarinnar, vinna að félagslegri samstöðu og þátttöku allra einstaklinga, hópa og byggðarlaga í samfélaginu; sérstaklega skal þar hafnað allri menningarlegri, kynbundinni, kynþáttar- eða trúarlegri mismunun og félagslegum aðskilnaði í hvaða mynd sem er;
- skapa vettvang almennrar umræðu þar sem fram komi svo fjölbreytilegar skoðanir og sjónarmið sem unnt er;
- annast hlutlægan og óháðan flutning upplýsinga, frétta og fréttaskýringa;
- bjóða fram margbreytilegt dagskrárefni sem einkennist af fjölhyggju (plúralisma) og hugmyndaauðgi;
- miða í dagskrá og þjónustu við almennan áhuga en taka einnig tillit til þarfa minnihlutahópa;
- endurspegla ólíka heimspekilega afstöðu og trúarviðhorf í samfélagi sínu í því augnamiði að auka gagnkvæman skilning og umburðarlyndi, og hvetja til eðlilegra samskipta í samfélagi fjölmenningar og margvíslegra kynþátta;
- stuðla með dagskrá sinni að því að betur og víðar sé metinn fjölbreytileiki hins þjóðlega og hins evrópska menningararfs;
- tryggja að umtalsverður hluti dagskrárefnis sé frumframleiddur, sérstaklega kvikmyndir, sjónvarpsleikrit og annað listrænt efni, og gera sér grein fyrir nauðsyn þess að nýta sjálfstæða framleiðendur og starfa með kvikmyndageiranum;
- fjölga dagskrárkostum hlustenda og áhorfenda með því að hafa í boði efni sem alla jafna stendur ekki til boða á markaðsstöðvunum.

Samkvæmt þessu ræðst það af hlutverki því sem útvarpsstöð gegnir hvort hún telst almannaútvarp. Það ræðst fyrst og fremst af dagskrárlegum þáttum, en ekki af eignarhaldi eða stjórnarháttum. Þetta sést enn betur í þeim kafla samþykktarinnar sem fjallar um fjármögnun almannaútvarps. Þar skuldbinda aðildarríkin sig til að tryggja fjárhagslega undirstöðu fyrirtækja eða stofnana sem reka almannaútvarp, t.d. með afnotagjöldum, styrkjum úr almannasjóðum, leyfi til auglýsinga og kostunar o.s.frv., en í samþykktinni felst engin krafa um að slíkt útvarp skuli vera hefðbundin ríkisstofnun eða í opinberri eigu.

Hér er hollt að staldra við og gagnálykta. Þar sem það er komið undir því hvernig fyrirtækið rækir hlutverk sitt hvort það telst almannaútvarp er ekki gefið að útvarpsstöð sem ríkið á og rekur sé almannaútvarp. Það hefur raunar verið reyndin um ýmsar útvarpsstöðvar, fornar og nýjar, þótt þær séu í ríkisrekstri. Útvarp í alræðisríki getur þannig varla talist almannaútvarp þar sem það uppfyllir ekki ýmis þau skilyrði um hlutlægni og fjölbreytileika sem talin eru að framan, ekki heldur opinber útvarpsstöð sem knúin hefur verið til grimmilegrar auglýsingasamkeppni við markaðsstöðvarnar með þeim afleiðingum að dagskrárstefna hennar og rekstrarmarkmið draga dám af markaðsstöðvunum, t.d. RAI á Ítalíu (sjá McKinsey-skýrsluna).

Til eru aðrar skilgreiningar almannaútvarps, t.d. skilgreining breska útvarpsrannsóknarráðsins (sjá *Skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum* frá 1996, bls. 3), en þær eru keimlíkar. Breska ráðið segir í stuttu máli að almannaútvarp verði að ná til allra landsmanna, þurfi að byggjast á almennum viðhorfum og áhugamálum en taka tillit til minnihlutahópa, að slíkt útvarp eigi að leggja rækt við þjóðerni og þjóðarsál, að dagskrá slíkrar stöðvar þurfi að miðast við gæði umfram áhorfslíkur, og að almannaútvarpið verði að fá fjármagn sitt frá notendunum, þ.e. ekki fyrst og fremst frá auglýsendum. Þá leggja Bretarnir áherslu á að almannaútvarp sé óháð viðskipta- og stjórnmálahagsmunum og að starfsmenn njóti ritstjórnarlegs sjálfstæðis.

Íslenskar aðstæður eru alltaf sérstakar vegna fólksfjöldans. Leiða má rök að því að vegna framleiðslukostnaðar, einkum í sjónvarpi, sé það hlutverk almannaútvarps enn mikilvægara hér en í grannlöndum að standa að framleiðslu innlends dagskrárefnis.

Tilmæli Evrópuráðsins um sjálfstæði almannaútvarps.

Flutningsmenn leggja til að stjórnmálaöfl, fræðimenn og helstu haghafar á fjölmiðlavettvangi hefji umbótastörf fyrir Ríkisútvarpið með því að kanna starfsemi þess og stjórnskipulega stöðu í ljósi tilmæla Evrópuráðsins um sjálfstæði almannaútvarps, nr. R (96) 10. Þótt Íslendingar séu aðilar að tilmælum Evrópuráðsins á fjölmiðlasviði var það varla fyrr en í fyrravetur sem sá viðmiðunarrammi komst til umræðu hérlendis, fyrst með þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlun og síðan með skýrslu fjölmiðlanefndar á vegum ríkisstjórnarinnar. Hluti deilnanna um frægt fjölmiðlafrumvarp forsætisráðherra frá í vor stóð einmitt um það hvernig það samrýmdist þeim tilmælum sem það taldist vera byggt á. Raunar má marka áhrif hérlendis frá fjölmiðlatilmælum Evrópuráðsins af því að þau eru fæst til á íslensku. Sá texti tilmælanna frá 1996 sem fylgir þessu frumvarpi er þannig frumþýðing þeirra á íslensku, gerð að beiðni flutningsmanna á vegum nefndasviðs Alþingis.

Í þeirri skilgreiningu almannaútvarps sem rakin er að framan er lögð þung áhersla á að almannaútvarp verði að vera óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum. Í gagnrýni á starf og rekstur Ríkisútvarpsins að undanförnu hefur þessi þáttur einnig verið áberandi. Nauðsyn þess að almannaútvarp sé sjálfstætt leiðir beint af hlutverki þess og dagskrárstefnu en tengist á hinn bóginn bæði stjórnarháttum þess og fyrirkomulagi fjármögnunar. Því er skynsamlegt

að freista þess að ná breiðri samstöðu með því að hefja vinnuna á þessum slóðum og bera almannaútvarp okkar, Ríkisútvarpið, við þau tilmæli sem íslensk stjórnvöld hafa samþykkt og þar með skuldbundið sig til að fara eftir, þótt aðildarríki séu að vísu ekki skyld að lögum að fara eftir tilmælum Evrópuráðsins.

Páll Þórhallsson, lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins, fjallar um almannaútvarp á Íslandi í ljósi tilmælanna frá 1996 í Morgunblaðsgrein hans 2. maí í vor, „Helgar tilgangurinn meðalið?“ Páll kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að nokkuð skorti á sjálfstæði Ríkisútvarpsins: „Kemur þar sjálfsagt margt til. Eitt af því er að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni skipar meirihluta útvarpsráðs á meðan víðast hvar erlendis (...) hefur verið fundið fyrirkomulag sem tryggir að slík ráð gæti almannahagsmuna en ekki hagsmuna ríkisstjórnar eða stjórnarflokka. Það þætti t.d. ekki góð latína á Evrópuvettvangi að pólitískt skipað útvarpsráð fjalla um umsóknir um stöður fréttamanna.“ Flutningsmenn taka undir þetta álit Páls Þórhallssonar. Ljóst er – þótt ekki kæmi annað til en þessi lýðræðisrök – að útvarpsráð verður að leggja niður í núverandi mynd eða breyta í grundvallaratriðum starfsháttum þess og mönnun. Það eitt og sér dugar þó skammt ef menntamálaráðherra skipar áfram æðsta mann Ríkisútvarpsins og þrjá framkvæmdastjóra án nokkurrar samráðsskyldu eða hæfniskröfu. Slíkum flokkspólitískum áhrifum þarf einnig að létta af Ríkisútvarpinu.

Þegar kemur að sjálfstæði almannaútvarps, hér Ríkisútvarpsins, ber einnig að gæta að öðrum þáttum en lagabókstafnum einum. Í tilviki Ríkisútvarpsins þarf að athuga sérstaklega óbein pólitísk áhrif sem fylgja regluramma um útvarpsstjóra og útvarpsráð, m.a. í ljósi þess að starfsmenn hafa sáralítil áhrif á stjórn og rekstur Ríkisútvarpsins. Í stuttu máli á Ríkisútvarpið ekki að vera ríkisstjórnarútvarp heldur almannaútvarp.

Einnig þarf að athuga hver áhrif þátttaka Ríkisútvarpsins á auglýsinga- og kostunarmarkaði hefur á sjálfstæði Ríkisútvarpsins og á ritstjórnarlegt sjálfstæði einstakra starfsmanna og starfseininga innan þess. Rétt er að minna á að slík markaðsstörf eru í eðli sínu ólík starfsemi almannaútvarps þar sem markmið auglýsingaútvarps er sá ágóði sem fæst við að bjóða auglýsendum og kostendum sem bestan aðgang að áhorfendum eða hlustendum, annaðhvort að sérstökum markhópum eða sem mestum fjölda, samanber sífellt kapphlaup stöðvanna um áhorfshlutfall.

Heildarstefna um almannaútvarpið RÚV.

Samfylkingin telur að stjórnvöldum beri að móta heildarstefnu um almannaútvarp á Íslandi. Þar þarf að marka Ríkisútvarpinu ramma með hliðsjón af hlutverki þess á fjölmiðlavettvangi. Æskilegt er að víðtæk sátt náist um slíka stefnu, meðal þjóðarinnar og meðal stjórnmálaflokkanna. Máli skiptir að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu með í ráðum við mótun slíkrar stefnu og að hún njóti almenns skilnings í stétt fjölmiðlamanna og að ljóst sé hvaða viðhorf forustumenn í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum hafa til hennar.

Mikilvægt er að hefja slíka stefnuvinnu á aðalatriðum en láta umræðuna ekki hafna í einstökum útfærslumálum, svo sem rásafjölda Ríkisútvarpsins, staðarvali sæðisstöðva, húsnæðisfyrirkomulagi o.s.frv. Þegar fjallað er um framtíð Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps virðast þrír þættir vega þyngst. Þeir eru dagskrárstefna, fjármögnun og stjórnarhættir. Þegar gengið er til samráðs er skynsamlegt að allir aðilar leggi fram hugmyndir sínar og viðhorf og taki síðan framlagi annarra fordómalaust. Þess vegna er eðlilegt að rekja hér helstu sjónarmið Samfylkingarinnar í þessum efnum og gera grein fyrir hugmyndum sem flutningsmenn telja skylt að athuga.

Dagskrárstefna.

Dagskrárstefna Ríkisútvarpsins hlýtur að miðast við þarfir Íslendinga á ljósvakavettvangi í heild. Leiðarljós hennar eiga að vera íslenskt samfélag, menning heima og heiman, lýðræðisleg umræða, fræðsla og stöðugt upplýsingastreymi. Skemmtun og afþreying eru hér að sjálfsögðu ekki undanskilin. Flutningsmenn telja leiðbeiningar Evrópuráðstilmælanna frá 1996 og Prag-samþykktarinnar 1994 að þessu leyti til fyrirmyndar.

Leggja verður áherslu á forystuhlutverk Ríkisútvarpsins á ljósvakavettvangi. Það á að líta á sig sem fyrirmynd annarra stöðva, ekki einungis keppinaut, einkum við innlenda dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið á að stefna að sem nánastri samvinnu við sjálfstæða framleiðendur útvarpsefnis og vera skjól fyrir sprotafyrirbæri í menningarefnum og lýðræðisumræðu, ekki síst þau sem tengjast ungu fólki.

Ríkisútvarpið verður að vera óháð stjórnmála- og viðskiptahagsmunum, og starfsmenn þess verða að búa við ritstjórnarlegt sjálfstæði sem m.a. tryggir óttalausa umfjöllun um menn og málefni á vettvangi stjórnmála og atvinnulífs.

Fjármögnun – afnotagjöld og aðrar leiðir.

Fjármögnun Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps þarf að vera þannig að a) Ríkisútvarpið hafi burði til að vera í forustu á ljósvakamarkaði, b) sjálfstæði þess sé tryggt, bæði gagnvart ríkisvaldi og markaðsvaldi, c) tekjur þess séu traustar og stöðugar til langs tíma, d) um fyrirkomulagið sé þokkalegur friður, bæði meðal almennings og af hálfu markaðsstöðvanna. Að auki er æskilegt að fyrirkomulagið sé sem skilvirkast og útlátaminnst.

Frá upphafi hafa afnotagjöld svokölluð verið megintekjustofn Ríkisútvarpsins. Það fyrirkomulag hefur haft marga kosti fyrir Ríkisútvarpið. Þar má nefna að afnotagjöldin hafa séð því fyrir nokkuð tryggum og jöfnum tekjum. Þá er bent á að afnotagjöldin tengi Ríkisútvarpið við hlustendur og áhorfendur og dragi úr hættu á að ríkisstjórn eða Alþingi hafi áhrif á starfsemi þess með beinum eða óbeinum hótunum um ónóga fjármögnun. Á síðari árum, einkum eftir tilkomu markaðsstöðvanna, hefur afnotagjaldaleiðin verið gagnrýnd verulega. Sumir tala um óæskilega skylduáskrift, og aðrir benda á að þessi innheimtustarfsemi verði sífellt snúnari tæknilega þar sem útvarpssendingar nást brátt um ýmis önnur tæki en hin fornfrægu viðtæki. Þá er innheimtukerfið dýrt, og hefur einnig verið gagnrýnt fyrir óviðfelldin vinnubrögð. Enn má benda á að þótt Alþingi ákveði ekki afnotagjald er það menntamálaráðherra sem heimilar hækkanir á því og getur þannig haft ráð Ríkisútvarpsins í hendi sér. Ráðherranum getur einnig verið vorkunn; þar sem ekki er kveðið á um eðlilega fylgni við verðlag getur ákvörðun ráðherrans haft bein áhrif á verðlag og verið pólitískt erfið af almennum ástæðum þótt ráðherrann sé allur af vilja gerður gagnvart Ríkisútvarpinu.

Engin ein fjármögnunarleið getur leyst afnotagjöldin af hólmi þannig að kostum þeirra sé haldið og bætt úr göllunum. Eftirfarandi leiðir hafa helstar verið nefndar:

- *Fjárveitingar á fjárlögum.* Til að verja sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart fjárveitingavaldinu mætti byggja á þjónustusamningum og rammafjárveitingum til langs tíma, t.d. 7–10 ára í senn.
- *Nefskattur.* Allir borga hann óháð „afnotum“ en þá borga allir jafnmikið, óháð tekjum, og koma þyrfti í veg fyrir að t.d. unglingafjölskyldur borguðu margfalt. Hætt er við að þessari leið fylgdu fljótt einhvers konar afsláttarkerfi eða tekjutenging með tilheyrandi jaðarskattsáhrifum.
- *Auglýsingaskattur.* Dragi úr sókn Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkað mætti hugsa sér „í staðinn“-gjald sem legðist á auglýsingar og rynni til Ríkisútvarpsins.

- *Rásargjald.* Til greina kemur að taka upp auðlindagjald af útvarpsrásum og væri þá eðlilegt að það yrði einn tekjustofna Ríkisútvarpsins, enda drægi það úr sókn á auglýsingamið markaðsstöðvanna sem önnuðust gjaldheimtuna.
- *Útvarpsgjald á húsnæði.* Hugmyndir hafa verið uppi (sjá t.d. Skýrslu starfshóps menntamálaráðherra frá 1996) um húsnæðisskatt sem hugsanlega fjármögnunarleið fyrir Ríkisútvarpið, annaðhvort á fermetra íbúða eða bæði á íbúðir og atvinnuhúsnæði. Þá hafa heyrst hugmyndir um að Ríkisútvarpið verði fjármagnað með gjaldi sem tengist rafmagnsneyslu á heimilum og er innheimt á rafmagnsreikningi. Ef farin væri slík leið þyrfti auðvitað að leiðrétta vegna húshitunar, en fleiri leiðir af þessu tagi kynnu að vera færar, sbr. t.d. innheimtu ýmissa gjalda með lögbundinni brunatryggingu fasteigna.

Fjármögnun – auglýsingar og kostun.

Hvort sem ein þessara leiða er valin, látið sitja við einhvers konar afnotagjald eða valin blanda af leiðum skiptir langmestu máli fyrir sjálfstæði og viðgang Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps að hve miklu leyti því er stefnt á markað auglýsinga og kostunar. Flutningsmenn telja að í framtíðinni eigi að draga verulega úr því hlutfalli tekna Ríkisútvarpsins sem aflað er með auglýsingum og kostun. Fyrir því eru tvenns konar höfuðrök. Annars vegar er markaðsstarf af því tagi eins og að framan segir eðlisólíkt hlutverki almannaútvarps. Viðurkennt er (sjá t.d. McKinsey-skýrsluna) að sé almannaútvarp háð slíkum tekjum og þar af leiðandi samkeppni er hætt við að það komi niður á dagskrárframboði þess, þannig að hlutur eiginlegs efnis almannaútvarps minnki með grimmari sókn í hátt áhorfshlutfall og tekjuvænlega markhópa. Hins vegar er hið almenna sjónarmið, að opinber þátttaka í samkeppni í atvinnulífinu sé ekki æskileg, og sé slík þátttaka talin nauðsynlegt eigi að búa svo um hnútana að hún raski sem minnst möguleikum annarra fyrirtækja á markaðnum. Því er eðlilegt að almannaútvarp á vegum ríkisvaldsins eða með stuðningi þess taki ekki af öllum kröftum þátt í samkeppni markaðsstöðvanna á sviði auglýsinga og kostunar. Engin nauð rekur menn þó til að hætta með öllu auglýsingum eða kostun í Ríkisútvarpinu, hvað þá sígildum tilkynningum á hljóðvarpsrásunum. Vel má með ýmsum leiðum lækka hlutfall slíkra tekna í áföngum, t.d. samfara sumum þeim tekjukostum sem nefndir eru að framan. Þær leiðir eru t.d. að kveða á um hundraðshluta auglýsinga- og kostunartekna í heildartekjum (t.d. 10–15%), að takmarka auglýsingatíma og gera þá hverja auglýsingu dýrari, eða að taka aðeins við ákveðnum tegundum auglýsinga. Til greina kemur einnig að breyta skilgreiningu á kostun til að vernda sem best dagskrárlegt sjálfstæði.

Stjórnarhættir.

Stjórnarhættir Ríkisútvarpsins stinga í augu þegar íslenskt almannaútvarp er borið við leiðbeiningar Evrópuráðsins um slíka starfsemi. Ráðherra skipar útvarpsstjóra og þrjá framkvæmdastjóra að eigin vild. Útvarpsráð er skipað í samræmi við valdahlutföll á Alþingi, og er sérstaklega áskilið að það skuli endurnýjað strax eftir þingkosningar. Starfsmenn hafa nær engin ítök í stjórnun Ríkisútvarpsins. Þá er verkaskipting hinna þingkjörnu, hinna ráðherraskipuðu og verkstjóra úr hópi almennra starfsmanna bæði óskýr og ruglingsleg, og raunar talsvert önnur í framkvæmd en lögin um Ríkisútvarpið segja til um. Brýn þörf er að stokka upp stjórnarhætti Ríkisútvarpsins, og yrðu tillögur þess efnis væntanlega eitt helsta verkefni þeirrar nefndar sem þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Samfylkingin telur að hlutverk Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps sé best tryggt með því að það sé sjálfstætt, hafið yfir flokkadrætti og óháð pólitískum stjórnvöldum hverju sinni en geri langtímasamninga við ríkisstjórn og Alþingi um rekstrarfé og veitta þjónustu. Ríkis-

útvarpið þarf að losa úr viðjum ríkisstofnunarfyrirkomulagsins þannig að það hafi meira svigrúm í kjarasamningum og ráðningarkjörum, til samninga við fyrirtæki á markaði, til þátttöku í hlutafélögum innan tiltekinna marka o.s.frv. Mikilvægt er að koma stjórnskipan þess þannig fyrir að yfirmenn Ríkisútvarpsins eigi ekki starf sitt undir handhafa framkvæmdarvaldsins eða meiri hlutans á Alþingi, og tryggja þarf að fagleg sjónarmið ríki ein saman við ákvarðanir um dagskrá, mannaráðningar og efniskaup innan ramma þeirrar dagskrárstefnu sem mótuð hefur verið. Skipulag á Ríkisútvarpinu verður að vera með þeim hætti að skýr verkaskipting sé milli stjórnenda annars vegar og hins vegar þeirra sem móta stefnu til framtíðar og hafa eftirlit með starfseminni. Dagskrá þarf á hverjum tíma að ráðast af ákveðinni heildarstefnu og innan Ríkisútvarpsins þarf að fara fram skipulegt mat á því hvernig einstakir dagskrárliðir og framboð dagskrárdeilda í heild samsvara slíkri stefnu. Starfsmenn eiga að hafa veruleg ítök við stjórnun Ríkisútvarpsins en að henni verða einnig að koma fulltrúar eigendanna – almennings. Eins og áður segir telja flutningsmenn þó ljóst að útvarpsráð verður að leggja niður í núverandi mynd eða breyta í grundvallaratriðum starfsháttum þess og mönnun. Þegar ráðið verður lagt niður eða breytt verulega þarf jafnframt að tryggja að flokkspólitískar forsendur ráði ekki skipan útvarpsstjóra og annarra yfirmanna.

Í löggjöf okkar skortir heildstæðar reglur um fyrirtæki sem hafa annan megintilgang en hagnað (e. non-profit organisations) og samkvæmt þeim er heldur enginn kostur að stofna til opinbers hlutafélags með öðrum hætti en þeim að stjórnvöld séu eigendur venjulegs hlutafélags á markaðsgrunni. Slík hlutafélög hafa að undanförnu fyrst og fremst verið sett á fót sem undanfari einkavæðingar. Meðan hennar er beðið hefur ríkishlutafélagið verið ráðherrafyrirtæki. Stjórnin er skipuð pólitískum trúnaðarmönnum ráðherrans og fyrirtækið lýtur beint eða óbeint vilja og geðþótta forustumanna ríkisstjórnar án afskipta eða eftirlits Alþingis. Ágætt dæmi um þetta er vegferð Landssímans/Símans. Aðgangur almennings að upplýsingum um fyrirtækið – í fjölmiðlum eða t.d. með fyrirspurnum á Alþingi – er miklu verri en gagnvart ríkisstofnunum og oft mun síðri en við á um venjuleg fyrirtæki sem hafa upplýsingaskyldu gagnvart hluthöfum sínum og gagnvart kauphöllinni séu þau skráð á markað. Það er því ekki að furða að nú hafa hljóðnað að mestu þær raddir sem áður voru uppi um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Nefndin hlýtur þó að skoða hvort hægt er að nýta kosti hlutafélagsformsins Ríkisútvarpinu í hag og sníða af augljósa galla.

Ýmsar aðrar hugmyndir hafa komið fram um nýja stjórnarhætti á Ríkisútvarpinu. Tveir stjórnmálaflokkanna, Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn, hafa sett fram hugmyndir um að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun.

Á Alþingi hafa verið bornar fram tillögur (frá Kvennalistanum, síðar frá Frjálslynda flokknum) um að breyta útvarpsráði þannig að það verði eins konar „akademía“ skipuð fulltrúum margs konar almannasamtaka, annaðhvort í stað fulltrúa þingflokkanna eða ásamt slíkum fulltrúum.

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins hafa lagt til (*Nýsköpun Ríkisútvarpsins,* álitsgerð samtakanna frá október 1999) að starfsmenn fái þrjá fulltrúa í útvarpsráð auk hinna sjö þingkjörnu. Aðalverkefni ráðsins verði að fjalla um árlegar áætlanir um fjárreiður og dagskrá annars vegar en hins vegar stefnumótun til framtíðar. Staða útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra verði lögð niður en í stað þeirra komi dagskrárstjóri, sem útvarpsráð ræður, rekstrarstjóri, sem menntamálaráðherra skipar, og starfsmannastjóri, sem hinir tveir fyrrnefndu koma sér saman um. Framkvæmdastjórn sé síðan skipuð þessum þremur auk tveggja fulltrúa starfsmanna.

Í hugmyndavinnu innan Samfylkingarinnar um fjölmiðlamál hafa komið fram ýmsar hugmyndir sem vert er að athuga. Meðal þeirra er hugmynd um að félag áhugamanna „eigi“

Ríkisútvarpið og rekstur þess verði með svipuðu sniði og nú er um Listaháskóla Íslands. Þá hefur þeirri hugmynd verið varpað fram að útvarpsstjóri verði þjóðkjörinn til ákveðins tíma, ráði sjálfur æðstu stjórnendur og móti dagskrá en sé bundinn samráði við útvarpsráð sem í megindráttum væri með núverandi sniði. Einnig að hlustendaþing, skipað fulltrúum frá sveitarstjórnum að undangenginni skoðanakönnun, sé æðsta vald í Ríkisútvarpinu. Það kjósi útvarpsráð sem ræður útvarpsstjóra og gerir samning við ríkisvaldið um fjárhag, markmið og stefnu útvarpsins (sbr. um BBC hér á eftir). Nefnd fulltrúa þingflokka gæti haft eftirlit með fjárreiðum og framkvæmd laga og samninga um almannaútvarp. Fleiri slíkar hugmyndir er sjálfsagt að vega og meta í störfum nefndarinnar.

Þar er einnig sjálfsagt að athuga skipan mála þar sem almannaútvarp stendur með mestum blóma erlendis og athuga hvort þeir stjórnarhættir geta átt við á Ríkisútvarpinu. Nærtækast er að athuga stjórnarhætti þess almannaútvarps sem frægast er um heiminn, BBC í Bretlandi. Þar skipa 12 menn útvarpsráð (Board of Governors) sem eiga að tryggja sjálfstæði BBC, móta því framtíðarstefnu og fylgjast með frammistöðu þess. Þá skipar drottningin að tillögu ráðherra en rík hefð er fyrir samráði og samstöðu milli flokkanna við slíka skipan. Ráðið gerir samning við innanríkisráðherrann um markmið og stefnu BBC. Það skipar útvarpsstjóra (Director-General) og rekstrarstjórn. Í rekstrarstjórn situr útvarpsstjórinn ásamt átta af deildarstjórum BBC. Hún gerir fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir útvarpsráðið til samþykktar, hefur yfirumsjón með rekstrinum og metur árangur á hverri deild. Rekstrarstjórnin fær erindi og skýrslur frá þremur undirstjórnum, í framleiðslu, í blaðamennsku og í viðskiptum (Creative Board, Journalism Board, Commercial Board). Þessu sjálfstjórnarfyrirkomulagi fylgir sá öryggisventill að breska þingið getur sett útvarpsráðið af í heilu lagi, sem þó hefur aldrei komið fyrir í langri sögu BBC.

Bráðavandi Ríkisútvarpsins.

Jafnframt nefndarstörfum þurfa ríkisstjórn og Alþingi að leysa vanda Ríkisútvarpsins vegna stöðugs hallarekstrar undanfarin mörg ár, sem að hluta er ákveðinn í fjárlögum hverju sinni. Þessi hallarekstur hefur nú þokað eiginfjárhlutfalli stofnunarinnar í eins stafs tölu. Mesti bráðavandi Ríkisútvarpsins felst í lífeyrisskuldbindingum sem á það féllu við kerfisbreytingar árið 1993. Þær nema árlega um 200 millj. kr. Þá er nauðsynlegt að fá botn í fjárhagstengsl Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Skipan nefndarinnar og starfstími hennar.

Flutningsmenn telja að í nefndinni eigi auk fulltrúa þingflokkanna að vera starfsmenn Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla auk fræðimanna frá þeim háskólum sem stunda rannsóknir og kennslu á fjölmiðlasviði. Fulltrúi listamanna er einnig sjálfsagður til þessara starfa. Nefndin á að vinna í nánum tengslum við yfirstjórn Ríkisútvarpsins en á einnig að kynna sér til hlítar viðhorf þeirra sem reka aðra fjölmiðla. Þá er mikilvægt að nefndin leitist við að kynnast viðhorfum alls almennings til rekstrar almannaútvarps.

Flutningsmenn leggja til að nefndin hafi rúman tíma til starfa en vinni vel og skili af sér í upphafi næsta löggjafarþings haustið 2005 þannig að þingmönnum og öllum almenningi gefist kostur á ítarlegri umfjöllun á þessu kjörtímabili.

Fylgiskjal I.

Tilmæli Evrópuráðsins nr. R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps.
(Samþykkt í ráðherraráðinu 11. september 1996 á 573. fundi fulltrúa ráðherranna.)

Samkvæmt skilmálum greinar 15.b í stofnsamþykkt Evrópuráðsins,

með tilliti til þess að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu aðildarríkjanna til að verja og framkvæma hugsjónir þær og meginreglur sem eru sameiginleg arfleifð þeirra;

með það í huga að í lýðræðislegu samfélagi er sjálfstæði fjölmiðla, þar á meðal ljósvakamiðla, brýn nauðsyn;

með áherslu á mikilvægi þess að virða sjálfstæði fjölmiðla, einkum af hálfu stjórnvalda;

með þær meginreglur í huga sem ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins settu fram í yfirlýsingu um tjáningar- og upplýsingafrelsi frá 29. apríl 1982, einkum hvað varðar þörfina fyrir fjölbreyttar sjálfstæðar og óháðar boðskiptaleiðir sem endurspegla ólíkar hugmyndir og viðhorf;

þar sem ráðið ítrekar mikilvægi almannaútvarps sem nauðsynlegs þáttar í fjölræðislegum boðskiptum sem eru aðgengileg öllum á landsvísu og í héraði, með miðlun fjölbreyttrar dagskrár sem byggist á upplýsingum, fróðleik, menningarefni og afþreyingu;

með þær skuldbindingar í huga sem fulltrúar ríkja á fjórðu ráðherrastefnu Evrópu um fjölmiðlastefnu (Prag 7.–8. desember 1994) tóku á sig innan ramma ályktunar nr. 1 um framtíð almannaútvarps, einkum varðandi virðingu fyrir sjálfstæði almannaútvarpsstofnana;

þar sem vakin er athygli á þörfinni að laga meginreglur um sjálfstæði almannaútvarps, eins og þeim er lýst í fyrrnefndri Prag-ályktun, að þeim breytingum sem hafa orðið vegna stjórnmála-, efnahags- og tækniþróunar í Evrópu;

þar sem ráðið telur, í ljósi þessara breytinga, að þörf sé að tryggja sjálfstæði almannaútvarps afdráttarlaust í hverju ríki með reglum sem ná til allrar starfsemi þess;

og ítrekar mikilvægi þess að tryggja algera virðingu fyrir þessum reglum af hálfu allra aðila og yfirvalda utan almannaútvarpsstofnana,

mælir ráðið með því við stjórnvöld aðildarríkjanna:

a. að þau felli inn í landslög sín eða reglugerðir um almannaútvarpsstofnanir ákvæði sem tryggja sjálfstæði þeirra í samræmi við viðmiðunarreglur í fylgiskjali með þessum tilmælum;
b. að þau veki athygli þeirra yfirvalda sem hafa umsjón með starfsemi almannaútvarpsstofnana á þessum viðmiðunarreglum og kynni þær einnig stjórnendum og starfsmönnum viðkomandi stofnana.

Viðauki við tilmæli nr. R (96) 10.
Viðmiðunarreglur um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps.

I. Almenn ákvæði.

Lagarammi almannaútvarpsstofnana skal kveða skýrt á um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og stofnanalegt sjálfræði, sérstaklega á eftirtöldum sviðum:

- skilgreining dagskrár;
- sköpun og framleiðsla efnis;
- ritstjórn og framsetning frétta og fréttaþátta;
- skipulag starfsemi stofnunarinnar;

- ráðning, starfsmannahald og starfsmannastjórn stofnunarinnar;
- kaup, leiga, sala og notkun á vörum og þjónustu;
- fjármálastjórn;
- undirbúningur og framkvæmd fjárhagsáætlunar;
- samningar, undirbúningur og undirritun löggerninga í tengslum við starfsemi stofnunarinnar;
- fyrirsvar stofnunarinnar í dómsmálum og gagnvart þriðju aðilum.

Ákvæði um ábyrgð og eftirlit með almannaútvarpsstofnunum og lögboðnum stofnunum þeirra skulu vera skýr í lögum þeirra.

Dagskrárstarfsemi almannaútvarpsstofnana skal ekki sæta ritskoðun af neinu tagi. Ekkert fyrir fram eftirlit með starfsemi almannaútvarpsstofnana skal vera af hálfu utanaðkomandi einstaklinga eða aðila nema í sérstökum tilfellum sem lög kveða á um.

II. Stjórn almannaútvarpsstofnana.

1. Valdsvið.

Í lögum um almannaútvarpsstofnun skal koma fram að stjórn stofnunarinnar ber alla ábyrgð á daglegum rekstri hennar.

2. Staða.

Reglur um stöðu stjórnar almannaútvarpsstofnunar, einkum stjórnarmanna hennar, skulu orðuð þannig að stjórninni sé hvorki hætt við stjórnmálalegum afskiptum né annars konar íhlutun.

Þessar reglur skulu einkum kveða á um að stjórnarmenn eða einstaklingar sem taka að sér stjórnarstörf:

- hafi í starfi sínu eingöngu hagsmuni stofnunarinnar í huga sem þeir starfa fyrir og stjórna;
- mega hvorki beint né óbeint gegna hlutverkum, taka við greiðslum eða hafa hagsmuna að gæta í fyrirtækjum eða öðrum stofnunum á fjölmiðlasviði eða í fjölmiðlatengdri starfsemi þar sem það gæti leitt til hagsmunaárekstra vegna starfa þeirra fyrir almannaútvarpsstofnunina;
- mega ekki taka við umboði eða taka við fyrirmælum frá öðrum en þeim aðilum og einstaklingum sem bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi almannaútvarpsstofnun, nema í sérstökum tilfellum sem kveðið er á um í lögum.

3. Ábyrgð.

Stjórnir almannaútvarpsstofnana eða einstaklingar sem sinna stjórnunarstörfum í þeim skulu aðeins bera ábyrgð á starfi sínu gagnvart eftirlitsráði almannaútvarpsstofnunarinnar, með fyrirvara um lagalega ábyrgð þeirra við beitingu valds síns í málum sem lög kveða á um.

Sérhver ákvörðun sem tekin er af fyrrnefndum eftirlitsráðum gagnvart stjórnarmeðlimum almannaútvarpsstofnana eða einstaklingum sem sinna slíkum stjórnunarstörfum vegna brots á skyldum þeirra og skuldbindingum skal vera tilhlýðilega rökstudd og má áfrýja henni til lögbærra dómstóla.

III. Eftirlitsráð almannaútvarpsstofnana.

1. Valdsvið.

Lagarammi almannaútvarpsstofnana skal kveða skýrt og nákvæmlega á um valdsvið eftirlitsráða þeirra.

Eftirlitsráð almannaútvarpsstofnana skulu ekki hafa fyrir fram áhrif á dagskrárgerð.

2. Staða.

Reglur um stöðu eftirlitsráða almannaútvarpsstofnana, einkum meðlima þeirra, skulu orðaðar þannig að ekki sé hætta á stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar íhlutun.

Þessar reglur skulu einkum tryggja að meðlimir eftirlitsráða:

- séu skipaðir á opinn og fjölræðislegan hátt;
- gæti almennra hagsmuna samfélagsins;
- megi ekki taka við umboði eða fyrirmælum frá öðrum en þeim sem skipaði þá, með fyrirvara um önnur ákvæði laga í sérstökum tilfellum:
- verði ekki reknir, þeim sagt upp eða skipt út á skipunartíma sínum af neinum einstaklingi eða aðila öðrum en þeim sem skipaði þá, nema eftirlitsráð hafi tilhlýðilega staðfest að þeir séu óhæfir eða hafi verið hindraðir í að sinna störfum sínum;
- megi ekki, beint eða óbeint, sinna störfum, taka við þóknun eða hafa hagsmuna að gæta í fyrirtækjum eða öðrum stofnunum í fjölmiðlum eða fjölmiðlatengdum geirum þar sem það gæti leitt til hagsmunaárekstra í störfum þeirra fyrir eftirlitsráðið.

Reglur um greiðslur til meðlima eftirlitsráðs almannaútvarpsstofnana skulu orðaðar á skýran og ljósan hátt í starfsreglum þeirra.

IV. Starfsmenn almannaútvarpsstofnana.

Ráðningar, stöðuhækkanir og tilfærslur, sem og réttindi og skyldur starfsmanna almannaútvarpsstofnana skulu ekki háðar þjóðerni, kynferði, skoðunum eða stjórnmálaskoðunum, heimspeki- eða trúarskoðunum þeirra eða aðild að verkalýðsfélagi.

Starfsmenn almannaútvarpsstofnana skulu hafa jafnan rétt til þátttöku í starfsemi verkalýðsfélaga og til verkfalls, með fyrirvara um lagalegar hömlur sem tryggja samfelldni starfsemi stofnunarinnar eða aðrar lögmætar ástæður.

Lagarammi almannaútvarpsstofnana skal kveða skýrt á um að starfsfólk þeirra má ekki taka við neinum fyrirmælum frá einstaklingum eða aðilum utan stofnunarinnar án samþykkis stjórnar hennar með fyrirvara um valdsvið eftirlitsráða.

V. Fjármögnun almannaútvarpsstofnana.

Reglur um fjármögnun almannaútvarpsstofnana skulu byggðar á þeirri meginreglu að aðildarríki skuldbindur sig til að ábyrgjast og, ef nauðsyn krefur, koma á fót viðeigandi, öruggum og gagnsæum fjármögnunarramma sem tryggir almannaútvarpsstofnunum nauðsynlegt fé til að sinna verkefnum sínum.

Eftirfarandi meginreglur skulu gilda í þeim tilfellum þar sem fjármögnun almannaútvarpsstofnunar byggist eingöngu eða að hluta til á reglulegu eða sérstöku framlagi af fjárlögum eða afnotagjaldi:

- ráðandi yfirvöld utan viðkomandi almannaútvarpsstofnunar skulu ekki nota fjárveitingu sína til að hafa bein eða óbein áhrif á ritstjórnarlegt sjálfstæði og stofnunarlegt sjálfræði stofnunarinnar;

- framlagið eða afnotagjaldið skal ákveðið að höfðu samráði við viðkomandi almannaútvarpsstofnun og taka mið af útgjaldaþróun við rekstur hennar og á þann hátt að stofnunin geti að fullu sinnt verkefnum sínum;
- greiðsla framlagsins eða afnotagjaldsins skal innt þannig af hendi að það tryggi samfelldni starfsemi almannaútvarpsstofnunarinnar og geri henni kleift að skipuleggja til langframa;
- notkun framlagsins eða afnotagjaldsins af hálfu almannaútvarpsstofnunarinnar skal virða meginregluna um sjálfstæði og sjálfræði sem nefnd er í 1. viðmiðunarreglu;
- þurfi að skipta framlaginu eða tekjum af afnotagjaldinu milli margra almannaútvarpsstofnana skal það gert þannig að það uppfylli á jafnan hátt þarfir hverrar stofnunar.

Reglur um fjárhagslegt eftirlit almannaútvarpsstofnana skulu ekki hafa áhrif á sjálfstæði þeirra í dagskrárgerð eins og kveðið er á um í 1. viðmiðunarreglu.

VI. Dagskrárstefna almannaútvarpsstofnana.

Lagarammi almannaútvarpsstofnana skal kveða skýrt á um að þær tryggi að fréttaþættir lýsi á sanngjarnan hátt staðreyndum og atburðum og stuðli að óháðri skoðanamyndun.

Ef almannaútvarpsstofnun er skylt að flytja opinberar tilkynningar, yfirlýsingar eða boðskap, eða segja frá aðgerðum eða ákvörðunum yfirvalda, eða veita slíkum yfirvöldum útsendingartíma, skal það eingöngu gert við sérstakar aðstæður sem skýrt er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

Allar opinberar tilkynningar skulu kynntar sem slíkar og sendar út alfarið á ábyrgð viðkomandi yfirvalds.

VII. Aðgengi almannaútvarpsstofnana að nýrri fjarskiptatækni.

Almannaútvarpsstofnanir skulu geta nýtt sér nýja fjarskiptatækni og, ef heimild er fyrir hendi, skapað nýja þjónustu á grundvelli hennar til að sinna á sjálfstæðan hátt verkefnum sínum eins og þau eru skilgreind í lögum.

Skýringarminnisblað með tilmælum nr. R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps.

Inngangur.

1. Fullt og óheft tjáningar- og upplýsingafrelsi eins og tryggt er í 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu gengur út frá tilvist frjálsra, óháðra fjölræðisfjölmiðla í samræmi við þá stjórnmálalegu meginreglu ráðherraráðs Evrópuráðsins í „Yfirlýsingu um tjáningar- og upplýsingafrelsi“ frá 29. apríl 1982. Þessi krafa sem er undirstaða sanns lýðræðis á jafnt við prent- og ljósvakamiðla, einkum með tilliti til stórs notendahóps útvarps- og sjónvarpsþjónustu og hugsanlegra áhrifa þeirra á almenna skoðanamyndun.
2. Með skírskotun til sértækra verkefna þeirra samkvæmt lögum eða öðrum stjórntækjum (skrá um skilmála, leigu, samkomulag, afnotagjald, o.fl.) eru almannaútvarpsstofnanir áberandi meðal fjölmiðla sem áhrifavaldar á líf í lýðræðissamfélagi. Einkenni slíkra stofnana, almennra eða í einkaeigu, eru að þeim er skylt að bjóða fjölbreyttar fréttir, fræðslu, menningarefni og afþreyingu sem endurspeglar samfélagið og einkum viðhorf stjórnmála-, félags-, og menningarhópa, þar á meðal minnihlutahópa, og bjóða vettvang fyrir umræður til að tryggja lifandi lýðræði. Að þessu leyti eru þær öðruvísi en útvarpsstöðvar sem reknar eru í ágóðaskyni þar sem dagskráin ákvarðast af arðsemiskröfum.

3. Almannaútvarpsstofnanir eru einnig frábrugðnar þeim ríkisreknu að því leyti að þær starfa sjálfstætt og án afskipta utanaðkomandi yfirvalda, einkum opinberra yfirvalda, ólíkt ríkisreknum útvarpsstofnunum. Sú meginregla að almannaútvarp sé óháð og þannig ábyrgt gagnvart almenningi hvað varðar starfsemi sína er mikilvæg til að það geti uppfyllt hana, einkum á sviði upplýsinga.
4. Viðhald og efling framlags almannaútvarps til lýðræðissamfélagsins með því að bjóða upp á vettvang fyrir fjölræðislega tjáningu viðhorfa, skoðana og menningar hefur leitt til tíðra áhyggna Evrópuráðsins af þróun í þessum geira. Til samræmis við það gat fyrsta ráðherrastefnan um fjölmiðlastefnu í Vín 9. og 10. desember 1986 af sér ályktun um almenna og einkarekna miðla í Evrópu þar sem viðstaddir ráðherrar lögðu áherslu á „skuldbindingu þeirra til að viðhalda meginreglum um almannaútvarp“ með tilliti til „hagsmuna almennings að fá fjölbreytta og hágæða sjónvarpsþjónustu sem stuðlar í heild að frjálsri skoðanamyndun og þróun menningar.“
5. Ný þróun hefur hins vegar síðan vakið upp spurningar um horfur í almannaþjónustu og í sumum tilfellum hvort viðhald hennar sé mögulegt. Dæmi um slíka þróun eru vaxandi ítök einkafyrirtækja í fjölmiðlageiranum í flestum löndum Evrópu. Að auki þessari stjórnunar- og efnahagslegu hneigð, urðu tæknibreytingar á níunda áratugnum með þróun kapal- og gervihnattasendinga og nú nýverið með tilkomu stafrænnar tækni. Lýðræðisþróun í löndum Mið- og Austur-Evrópu frá 1989 leiddi síðan til umræðna um að breyta ríkisreknum útvarpsstofnunum í almannaútvarpsstofnanir.
6. Þessi þróun varð til þess að Evrópuráðið tók framtíð almannaútvarps fyrr á dagskrá en ella. Það leiddi til samþykktar á frekari ályktun um framtíð almannaútvarps á 4. ráðherrastefnu Evrópu um fjölmiðlastefnu í Prag 7. og 8. desember 1995. Í ályktuninni staðfestu fulltrúar ríkjanna á ráðstefnunni „skuldbindingu þeirra að viðhalda og þróa öflugt almannaútvarp“ og neituðu þar með að fallast á vaxandi undanlátssemi í hina áttina.
7. Til að styðja þessa formlegu skuldbindingu, hétu aðildarríkin í ályktuninni að tryggja áframhald almannaútvarps á margvíslegan hátt. Eitt af því var „að tryggja sjálfstæði almannaútvarps gagnvart stjórnmálalegum og efnahagslegum afskiptum.“ Þar sem þessi trygging byggist aðallega á lögleiðingum viðeigandi ákvæða í lögum og reglugerðum um verkefni, skipulag og rekstur almannaútvarpsstofnana, eru núverandi viðmiðunarreglur ætlaðar til þess að benda á æskilegt innihald nauðsynlegra ákvæða, óháð lagaramma, stöðu, sértækum verkefnum og gerð almannaútvarpsstofnana.
8. Fyrsta atriðið sem ber að hafa í huga í beitingu viðmiðunarreglnanna ætti að vera fjölbreytni fjölmiðlaeftirlits í aðildarríkjunum. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga lagaákvæði hvers ríkis sem kunna á einhvern hátt að tengjast ýmsum efnum sem viðmiðunarreglurnar fjalla um (t.d. ákvæði um almenna ábyrgð og refsiábyrgð sem kunna að eiga við um stjórnir almannaútvarpsstofnana hvað varðar starfsskyldur þeirra; almenn ákvæði vinnulöggjafar sem gilda um starfsfólk þeirra; ákvæði stjórnarskrár, laga og reglugerða um neyðarástand og stríð sem hafa hugsanlega áhrif á starfsemi og rekstur almannaútvarpsstofnana; o.s.frv.). Á sama hátt skal beita viðmiðunarreglunum í ljósi allra úrskurða hæstaréttsins hvers lands sem hefur lögsögu hvað varðar stjórnarskrá, dómsvald og stjórnsýslu, sem og skyldur aðildarríkja samkvæmt alþjóðalögum. Að lokum skal taka réttmætt tillit til fjölbreyttrar starfsemi almannaútvarpsstofnana, t.d. hvort þær veita þjónustu innan lands eða utan.

I. Almenn ákvæði.

Viðmiðunarregla 1.

9. Ályktunin um framtíð almannaútvarps sem var samþykkt á 4. ráðherrastefnu Evrópum um fjölmiðlastefnu kveður á um að „aðildarríki skuldbinda sig til að tryggja sjálfstæði almannaútvarps gagnvart stjórnmálalegum og efnahagslegum afskiptum". Til samræmis við það segir í viðmiðunarreglu 1 að meginreglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði og sjálfræði útvarpsstofnana skuli vera í lagaramma þeirra, hvort sem hann felst, eins og oftast er raunin, í lagatextum, eða öðrum reglum eða stjórntækjum, svo sem leigusamningi eða leyfum. Ritstjórnarlegt sjálfstæði þýðir rétt almannaútvarps til að ákveða innihald dagskrár án takmarka og afskipta utanaðkomandi yfirvalda innan þeirra marka sem lög kveða á um eða aðrar reglur til að verja lögbundin réttindi og hagsmuni (t.d. ákvæði um útsendingu efnis sem kann að misbjóða börnum og unglingum). Það nær einnig til tímasetningar ýmissa þátta, með fyrirvara um öll sérstök ákvæði laga um starfsemi almannaútvarpsstofnana og val einstaklinga til þátttöku í þáttunum.
10. Ritstjórnarlegt sjálfstæði gefur til kynna að ekkert utanaðkomandi vald, hvorki opinberir aðilar né einkaaðilar, mega skipta sér af daglegum rekstri almannaútvarpsstofnunar, t.d. með því að beita fjárveitingarvaldi við ákvarðanatekt sem varðar þá. Hafa ber í huga að samkvæmt grundvallarreglunni í ályktuninni um framtíð almannaútvarps, „er dagleg stjórnun og ritstjórnarleg ábyrgð á dagskrá og efni þátta eingöngu á höndum útvarpsaðilanna." Ritstjórnarlegt sjálfstæði gerir einnig ráð fyrir því að stjórn stofnananna sem og starfsfólk þeirra skuli varið á margan hátt fyrir hugsanlegum þrýstingi eða afskiptum. Sumar viðmiðunarreglnanna hér á eftir eru til þess að verjast slíkum þrýstingi eða afskiptum.
11. Ritstjórnarlegt sjálfstæði helst í hendur við stofnunarlegt sjálfræði almannaútvarpsstofnunar, þ.e. rétt þeirra til að skipuleggja starfsemi sína að vild og stjórna henni án takmarkana innan þeirra marka sem lög kveða á um eða aðrar reglur, einkum hvað varðar ábyrgð stjórnenda og eftirlitsráða. Engu að síður er hægt að túlka stofnunarlegt sjálfræði á ýmsan hátt. Því var talið brýnt að taka fram í viðmiðunarreglu 1 hvað felst í hugtakinu. Það er óþarfi að taka fram að stofnunarlegt sjálfræði almannaútvarpsstofnana þýðir ekki að opinber yfirvöld megi ekki skoða skipulag þeirra og stjórnunarhætti, t.d. til að hagræða starfsemi þeirra, svo fremi að slíkar breytingar séu í samræmi við þær meginreglur sem settar eru fram í ýmsum viðmiðunarreglum.
12. Viðmiðunarregla 1 inniheldur ótæmandi lista yfir ýmis svið þar sem stjórnendur útvarpsstofnana verða að geta starfað án takmarkana og afskipta utanaðkomandi yfirvalda. Eins og fram kemur hér að ofan útilokar þetta frelsi ekki ákveðið eftirlit með starfsemi stjórnar, samkvæmt því verklagi og innan þeirra marka sem lög kveða á um eða önnur stjórntæki sem stýra starfsemi þeirra. Margar þessar viðmiðunarreglna hér á eftir eru ætlaðar til þess að tiltaka þau tilfelli og aðstæður þar sem beita má slíkum stjórntækjum.
13. Meginreglan um stofnunarlegt sjálfræði spannar mörg svið þar sem hvert um sig er órjúfanlegt frá heildinni. Að öðrum kosti yrði stofnunarlegt sjálfræði útvarpsins og ritstjórnarlegt sjálfstæði óvirkt vegna óbeinna afskipta af starfsemi þess. Þannig gæti frelsi útvarpsstofnana til að ráða eigin dagskrá og framleiða eigið efni verið í raun ógnað þrátt fyrir skýr ákvæði í samþykktum þeirra nema þær kveði einnig á um fjárhagslegt sjálfstæði og fullt gerhæfi.

Viðmiðunarregla 2.

14. Eins og fram hefur komið þýðir ritstjórnarlegt sjálfstæði og stjórnunarlegt sjálfræði almannaútvarpsstofnana ekki að þær þurfi ekki að svara fyrir starfshætti sína og notkun þeirra tilfanga sem samfélagið hefur veitt þeim í þessu skyni. Stjórnir almannaútvarpsstofnana, sem samkvæmt viðmiðunarreglu 4 ættu einar að bera ábyrgð á daglegum rekstri þeirra, bera ábyrgð á starfsemi þeirra gagnvart eftirlitsráðum þeirra eins og kveðið er á um í viðmiðunarreglu 7.
15. Fyrir utan þetta innra eftirlit eiga almannaútvarpsstofnanir að vera ábyrgar gagnvart dómstólum, einkum hvað varðar brot á ýmsum lögbundnum réttindum sem gætu orðið í þáttum þeirra, svo sem rétti einstaklingsins á virðingu fyrir einkalífi eða mannorði. Almannaútvarpsstofnanir geta undir ákveðnum kringumstæðum verið ábyrgar fyrir framkvæmd starfsemi sinnar bæði fyrir dómstólum og gagnvart utanaðkomandi yfirvöldum svo fremi að þau séu sjálfstæð. Þær geta t.d. sætt eftirliti af hálfu eftirlitsyfirvalda á fjölmiðlasviði. Á sama hátt getur fjárhagsstaða almannaútvarps sætt endurskoðun af hálfu sérhæfðra yfirvalda eða dómstóla hvað varðar notkun á fjárveitingum.
16. Samkvæmt ályktuninni um framtíð almannaútvarps „verður að tryggja yfirstjórn og ábyrgð á almannaútvarpi, einkum hvað varðar framkvæmd verkefna þeirra og notkun tilfanga, á viðeigandi hátt.“ Ástæður og verklag við beitingu ábyrgðar almannaútvarpsstofnana hvað þetta varðar verða að koma skýrt fram í samþykktum um starfsemi þeirra. Engu að síður má orða þetta á almennan hátt og vísa ef þörf krefur til annarra ákvæða, svo sem á sviði hegningarlaga.
17. Hvað varðar grundvöll fyrir ábyrgð almannaútvarpsstofnana á útsendu efni skal vísa til ákvæða 10. gr. í Mannréttindasáttmála Evrópu. Fjárhagslegt eftirlit með almannaútvarpsstofnunum skal hins vegar vera samkvæmt ákvæðum viðmiðunarreglu 19. Að síðustu má nefna um ábyrgð stjórna almannaútvarpsstofnana að þar skal vísað til ákvæða viðmiðunarreglna 7 og 8.
18. Jafnframt því sem almannaútvarp er ábyrgt gagnvart ofangreindum yfirvöldum (dómstólum, eftirlitsyfirvöldum á fjölmiðlasviði, o.s.frv) ber það beina ábyrgð gagnvart almenningi eins og kveðið er á um í ályktun um framtíð útvarpsþjónustu. Þetta þýðir í raun að almannaútvarp skal reglulega birta upplýsingar um starfsemi sína, t.d. með útgáfu ársskýrslu. Þessa þörf á gegnsæi gagnvart almenningi skal túlka í víðasta skilningi þannig að hún nái ekki einungis til dagskrárþjónustu eða grunnþjónustu almannaútvarps, heldur einnig allrar skyldrar starfsemi sem það kann að hafa tekið að sér (t.d. samkomulags við samstarfsfyrirtæki á opinberum vettvangi eða í einkaeigu, starfsemi dótturfyrirtækja eða samstarfsverkefnis með fyrirtæki, opinberu eða í einkaeigu). Þörfin fyrir gegnsæi skal enn fremur eiga að jöfnu við um spurningar sem varða dagskrá og um stjórn almannaútvarpsstofnana.
19. Enn fremur kveður ályktunin um framtíð almannaútvarps á um að almannaútvarp skuli bjóða áhorfendum og hlustendum að tjá sig um starfsemina. Þetta má gera á margvíslegan hátt, svo sem með skipulagningu fræðsludaga og funda með almenningi, uppsetningu sérstakrar símalínu eða símaþjónustu sem gerir almenningi kleift að gera athugasemdir við dagskrá o.s.frv.

Viðmiðunarregla 3.

20. Þessi viðmiðunarregla lýsir meginreglunni um grundvallarmikilvægi sjálfstæðis almannaútvarpsstofnana. Hvert sem eðli viðkomandi eftirlits og ábyrgðasviða er, á ekki að vera mögulegt fyrir utanaðkomandi einstaklinga eða aðila að beita neins konar fyrir

fram áhrifum á starfsemi þeirra nema í undantekningartilfellum eins og lög kveða á um. Hér verður að greina á milli dagskrármála og fjárhags, bókhalds og fjármálastjórnar. Hvað dagskrármál varðar er brýnt að þau sæti engri ritskoðun. Þetta útilokar ekki mögu leika á fyrir fram stjórn á dagskrá við sérstakar aðstæður (ógnun við þjóðaröryggi, á stríðstímum) svo fremi að kveðið sé á um þessar aðstæður í lögum. Sérhvert form eftirlits fyrir fram verður að vera samkvæmt nákvæmu verklagi og vera nauðsynlegt vegna viðkomandi tilgangs. Bann við ritskoðun þýðir ekki að dómstólar geti ekki sett lögbann á almannaútvarpsstofnanir til að koma í veg fyrir útsendingu ákveðins dagskrárefnis á þeim grundvelli að það sé ekki í samræmi við skilgreindar kröfur (t.d. kröfur um útsendingartíma dagskrár sem gæti misboðið börnum og ungu fólki). Hvað varðar fjárhagslegt eftirlit með almannaútvarpsstofnunum má beita fyrir fram eftirliti eingöngu í tilfellum sem tengjast lögmæti aðgerða sem fela í sér skuldbindingu um kostnað, innan marka ákvæða í viðmiðunarreglu 19.

II. Stjórn almannaútvarpsstofnana.

21. Vakin skal athygli á að samkvæmt núverandi skipulagi almannaútvarpsstofnana mega stjórnir þeirra vera skipaðar félögum (stjórnum, ráðum) eða einstaklingum (forseta, framkvæmdastjóra, stjórnanda o.s.frv.) eða hvoru tveggja saman. Við beitingu viðmiðunarreglnanna skal ekki gera greinarmun á stjórnaraðilum og einstaklingum sem sinna samsvarandi starfi sem einstaklingar.

1. Valdsvið.

Viðmiðunarregla 4.

22. Stjórnir almannaútvarpsstofnana, sem og þjónusturnar eða einstaklingarnir sem bera ábyrgð á dagskrármálum þeirra, skulu bera alfarið ábyrgð á daglegum rekstri þeirra. Þessi meginregla virðist augljós við fyrstu sýn en henni er ætlað að tilgreina ótvírætt að afskipti af daglegum rekstri almannaútvarps séu bönnuð, bæði hvað varðar utanaðkomandi yfirvöld og eftirlitsráð stofnananna. Það er vissulega mikilvægt að aðgreina vald stjórnar og eftirlitsaðila þrátt fyrir að starfsemi stjórnar geti sætt eftirliti eftirlitsaðila.
23. Samt sem áður má fallast á að ákveðnar sérlega mikilvægar aðgerðir sem tengjast stjórn þjónustunnar megi vera háðar fyrir fram samþykki eftirlitsaðila, að því marki að þessar aðgerðir séu skýrt afmarkaðar í lögum starfsemi almannaútvarpsstofnana. Sem dæmi má nefna kaup á búnaði eða dagskrárefni sem fer fram yfir ákveðna upphæð.

2. Staða.

Viðmiðunarregla 5.

24. Til að tryggja sjálfstæði stjórnar almannaútvarpsstofnana er mikilvægt að stjórnirnar séu ekki háðar neins konar stjórnmálalegum afskiptum eða annars konar afskiptum við starf sitt, það getur þó ekki talist afskipti að almenningur tjái skoðanir sínar á starfsemi almannaútvarpsstofnana (sbr. 19. mgr.). Reglur um slíkar stjórnir skal því orða þannig að öll slík afskipti séu útilokuð, hvort sem þau varða skipun stjórnar, starfsemi þeirra, o.s.frv. Sérstaklega skal vanda form á skipun stjórnarmanna þar sem um stjórnarnefnd er að ræða (stjórn, ráð, o.s.frv.). Þótt í slíkum ráðum kunni að vera fulltrúar skipaðir af stjórnvöldum og/eða þingi, mega slíkir fulltrúar ekki vera í aðstöðu til að beita ráðandi áhrifum á stjórnina (í krafti fjölda síns eða tiltekins valds sem þeim er falið). Álíka mikilvægt er að þessir fulltrúar gegni starfi sínu algerlega óháðir pólitísku valdi. Setja má strangari ákvæði ef þörf krefur, t.d. ef staða stjórnarmanns í almannaútvarpsstofnun

samrýmist ekki beitingu pólitísks umboðs á landsþingi og/eða evrópsku héraðs- eða staðarþingi.

Viðmiðunarregla 6.

25. Til að gæta sjálfstæðis almannaútvarps skulu stjórnarmeðlimir þess, ef um stjórnarnefnd er að ræða eða einstaklinga sem gegna slíkum störfum sem slíkir, starfa eingöngu í þágu hagsmuna viðkomandi útvarpsstofnunar og almennra hagsmuna almennings. Þessi meginregla á að koma í veg fyrir að stjórnir séu undir áhrifum sérhagsmuna en útilokar ekki þann möguleika að fulltrúar ríkisins megi sitja í stjórnum, svo fremi að þeim sé í starfi sínu ætlað að þjóna hagsmunum almennings.
26. Almannaútvarpsstofnanir verður að verja fyrir pólitískum afskiptum og efnahagslegum afskiptum eins og kveðið er á um í ályktuninni um framtíð almannaútvarps. Viðmiðunarregla 6 lýsir í samræmi við það þeirri meginreglu að stjórnir þessara stofnana eða einstaklingar sem gegna stjórnarstörfum megi ekki hafa tengsl við fyrirtæki eða aðrar stofnanir á sviði fjölmiðla eða fjölmiðlatengdum sviðum (auglýsingastofur, fjarskiptafyrirtæki eða umboðsaðilar, framleiðendur búnaðar til framleiðslu eða útsendinga, dagskrárframleiðslufyrirtæki, o.s.frv.) þar sem það myndi valda hagsmunaárekstrum í störfum þeirra fyrir almannaútvarpsstofnunina.
27. Hins vegar bannar þessi meginregla ekki önnur störf þar sem það veldur ekki hagsmunaárekstrum (t.d. þar sem stjórnarmaður í almannaútvarpsstofnun starfar jafnframt í annarri almannaútvarpsstofnun, samtökum almannaútvarps eða í fyrirtæki í meirihlutaeigu almannaútvarpsstofnunar sem viðkomandi starfar fyrir). Hins vegar er ríkjum heimilt að setja strangari ákvæði með því að banna öll önnur störf, jafnvel þar sem ekki er hætta á hagsmunaárekstrum. Viðmiðunarregla 6 fjallar ekki um hlutafjáreign stjórnarmanna í fyrirtækjum á fjölmiðlasviði eða fjölmiðlatengdum sviðum. Hvert ríki ákveður hvort skuli setja sérstakar hömlur í þessum tilfellum til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra.
28. Eins og í tilfellum um samskeiða hlutverk eða störf geta stjórnir almannaútvarpsstofnana eða stjórnarmenn þeirra sem einstaklingar fyrirgert sjálfstæði sínu vegna íhlutunar utanaðkomandi yfirvalda sem leitast við að fela þeim verkefni eða gefa ákveðin fyrirmæli um starfsemi þjónustunnar. Slíka utanaðkomandi íhlutun skal banna í lögum almannaútvarpsstofnana með fyrirvara um sérstök tilfelli sem kveðið er á um í lögum. Þessi sérstöku tilfelli gætu verið dómsúrskurðir til útvarpsstofnana, t.d. um rétt á andsvari hafi einstaklingur verið bendlaður við eitthvað í þætti. Þau gætu einnig náð til sérlegra alvarlegra kringumstæðna (ógnun við þjóðaröryggi, stríðstímar) þar sem stjórnvöld geta beðið almannaútvarpsstofnanir að flytja ákveðið efni eða forðast að gera það. Að frátöldum sérstökum kringumstæðum, gefa ákvæði þriðja hluta viðmiðunarreglu 6 ekki til kynna að fulltrúar í stjórn sem kunna að vera af hálfu stjórnvalda, megi ekki taka við fyrirmælum stjórnvaldanna sem skipaði þá þar sem, eins og áður hefur komið fram, í hlutverki þeirra felst að þeir eru fulltrúar hagsmuna almennings.

3. Ábyrgð.

Viðmiðunarregla 7.

29. Þessi viðmiðunarregla staðfestir þá grundvallarreglu að stjórnir almannaútvarpsstofnana megi einungis kalla til ábyrgðar vegna starfa sinna fyrir þar til hæfum aðilum, annaðhvort innan þeirra (t.d. eftirlitsráð) eða utanaðkomandi (t.d. þingnefndir). Tilgangur þessarar viðmiðunarreglu er að koma í veg fyrir afskipti óviðkomandi aðila til þess að

hlutast til um starfsemi og sjálfstæði almannaútvarpsstofnana með því að taka sér vald yfir þeim. Óþarft er að taka fram að þetta undanskilur ekki stjórnir almannaútvarpsstofnana frá því að þurfa að svara til saka fyrir dómstólum vegna fráviks frá reglum um dagskrárstarfsemi eða af ástæðum sem tengjast fjárlögum, bókhaldi og fjármálastjórn þar sem það á við.

Viðmiðunarregla 8.

30. Eins og fram kemur í 10. mgr., er nauðsynlegt að meðlimir stjórnar almannaútvarpsstofnunar eða einstaklingar sem sinna stjórnarstörfum sem slíkir njóti ákveðinna trygginga, einkum vegna hættu á gerræðislegum ákvörðunum gagnvart þeim af hálfu viðkomandi eftirlitsaðila (t.d. ákvörðun eftirlitsráðs um að segja upp framkvæmdastjóra útvarpsstöðvar eða sjónvarpsfyrirtækis af pólitískum ástæðum). Þessi viðmiðunarregla kveður því á um tvenns konar skilyrði sem þarf að uppfylla við ráðstafanir gagnvart meðlimum stjórnar almannaútvarpsstofnunar eða gegn einstaklingum sem starfa sem slíkir vegna vegna brota á skyldum þeirra og skuldbindingum.
31. Í fyrsta lagi skal viðkomandi ákvörðun vera rökstudd svo að viðkomandi geti kynnt sér rökin til réttlætingar henni. Í rökstuðningi skal tilgreina ítarlega viðkomandi aðgerðir eða hugsanlega vanrækslu. Því skal ekki orða kvörtun í almennum orðum heldur tilgreina staðreyndir sem viðkomandi aðili eða aðilar geta véfengt. Vísa má til lagagreina og reglugerða sem eiga við um forsendur stjórnsýsluákvarðana. Í öðru lagi skal vera hægt að áfrýja ákvörðun fyrir viðeigandi dómstólum, hvort sem það er einkamálaréttur, stjórnvaldsdómstóll eða efnahagsbrotaréttur. Þessi grundvallarregla útilokar ekki að máli sé vísað til óháðs gerðadóms.

III. Eftirlitsaðilar almannaútvarpsstofnana.

1. Valdsvið.

Viðmiðunarregla 9.

32. Eins og áður hefur verið nefnt er mikilvægt að forðast lögsögulegan árekstur milli stjórna og eftirlitsaðila almannaútvarpsstofnana og þá einkum til að koma í veg fyrir afskipti þeirra síðarnefndu af stjórnunarstörfum sem þeir fyrrnefndu eiga að hafa óskorað vald til að sinna sjálfstætt, með fyrirvara um tilskilið eftirlit. Í samræmi við það lýsir þessi viðmiðunarregla þeirri meginreglu að stjórntæki sem ráða starfsemi almannaútvarpsstofnana skuli skilgreina ótvírætt valdsvið eftirlitsaðila þeirra. Þar sem viðmiðunarreglurnar eiga að tryggja sjálfstæði almannaútvarps en ekki stofnunarinnar í heild taka þær ekki sérstaklega fram hver skuli vera ábyrgð fyrrnefndra eftirlitsaðila. Hverju ríki er því frjálst að skilgreina þessa ábyrgð sem felur yfirleitt í sér skipun stjórnenda viðkomandi stofnunar (stjórnar, forseta, framkvæmdastjóra o.s.frv.) samþykktir um hana og eftirlit með starfsemi hennar, einkum hvað varðar dagskrá.
33. Verkahringur eftirlitsaðila almannaútvarpsstofnana skal engu að síður vera skilgreindur í samræmi við meginreglur viðmiðunarreglnanna. Í fyrsta lagi mega eftirlitsaðilar ekki hafa neina lögsögu yfir daglegum rekstri almannaútvarpsstofnana sem er alfarið á hendi stjórnarinnar samkvæmt viðmiðunarreglu 4 með fyrirvara um hugsanlegar undantekningar eins og nefnt er í 23. mgr. Enn fremur skulu störf eftirlitsaðila á dagskrársviði vera í samræmi við ákvæði viðmiðunarreglu 10.
34. Skýr skil milli starfa stjórnar og eftirlitsaðila gefa auðvitað ekki til kynna að engin samskipti skuli vera á milli þeirra. Þvert á móti geta þau stuðlað að góðum rekstri þjónustunnar. Því kann að vera vert að tilgreina samskiptaform í stjórnkerfi almannaútvarps-

stofnana. T.d. geta ákvæði sem veita eftirlitsaðilum vald til að setja innri reglur um almannaútvarpsstofnanir falið í sér að reglurnar séu settar í samráði við stjórnina. Á sama hátt geta ákvæði um fundi eftirlitsaðila falið í sér að æðstu stjórnarmenn hafi rétt til fundarsetu nema viðkomandi eftirlitsaðili ákveði annað. Almannaútvarpsstofnanir skulu eins og við á geta breytt innri reglum sínum með fyrirvara um þá kvöð að upplýsa eftirlitsaðila sína um það.

Viðmiðunarregla 10.

35. Eins og fram kemur að framan er dagskrárgerð, undirbúningur og framleiðsla efnis alfarið á ábyrgð stjórna almannaútvarpsstofnana. Til samræmis við það mega eftirlitsaðilar slíkra stofnana ekki undir neinum kringumstæðum hafa fyrir fram eftirlit með dagskrárgerð. Þetta kemur ekki í veg fyrir að þeir verði kallaðir til ráðgjafar stjórn um dagskrármálefni og hugsanlega til aðstoðar henni á þessu sviði. Þessir aðilar gætu jafnvel haft vald til að skilgreina dagskrárviðmið eða stefnu (t.d. hvað varðar smekk og siðprýði) og hafa umsjón með beitingu slíkra viðmiða.
36. Minna má á að ákveðinn fjöldi sérlega mikilvægra atriða (sjá 23. mgr.) má vera háður fyrir fram samþykki eftirlitsaðila eins og þegar keypt er dagskrárefni fram yfir ákveðna upphæð. Slíkt vald heimilar eftirlitsaðilum ekki að beita fyrir fram eftirliti með dagskránni heldur er tilgangur þess eingöngu að tryggja trausta fjármálastjórn stofnunarinnar.

2. Staða.

Viðmiðunarregla 11.

37. Eftirlitsaðilar almannaútvarpsstofnana geta verið mismunandi í eðli sínu, ýmist utanaðkomandi (þingnefndir, fjölmiðlaeftirlit), innra eftirlit (útvarpsráð, o.s.frv.) eða sambland af hvoru tveggja. Samsetning eftirlitsaðila almannaútvarpsstofnana og skipunarhættir þeirra geta einnig verið breytilegir. Hver sem samsetningin er eða skipunarferlið skal skilgreina reglur um eftirlitsaðila þannig að hann sé laus við pólitísk afskipti eða afskipti af öðrum toga. Í þessu samhengi er vakin athygli á ákvæði í ályktuninni um framtíð almannaútvarps sem var samþykkt á ráðherrastefnunni í Prag: „sjálfstæði almannaútvarps verður að tryggja með viðeigandi skipan svo sem fjölræðisskipaðri innri stjórn eða með öðrum óháðum aðilum."

Viðmiðunarregla 12.

38. Krafan í viðmiðunarreglu 11 hefur þá eðlilegu afleiðingu að meðlimir eftirlitsráða skuli skipaðir á gegnsæjan hátt, þ.e. á einfaldan og sérstakan hátt sem gerir almenningi kleift að fá fullvissu um hvaða reglur ráða skipan þeirra. Því ber ekki að skilja hugtakið „skipun" sem opinberan gjörning af hálfu yfirvalds. Enn fremur verður að skipa í eftirlitsráð á fjölræðislegan hátt. Þetta þýðir að meðlimir þess skuli ekki vera fulltrúar eins sjónarmiðs, stjórnmálastefnu eða þýðishóps heldur endurspegla eftir fremsta megni litróf stjórnmála eða þjóðfélagshópa. Þetta má gera á ýmsa vegu. Sem dæmi má nefna að þar sem allir eða sumir meðlimir eftirlitsráðs eru skipaðir af þingi mun ákvæði um aukinn meiri hluta tryggja að meirihlutaflokkur á þingi hefur ekki meiri hluta í eftirlitsráðinu. Annar möguleiki er að þingflokkar tilnefni fulltrúa í eftirlitsráðið í hlutfalli við fjölda þingsæta sinna.
39. Enn ein aðferð er að skilyrða að eftirlitsráð almannaútvarpsstofnana skuli skipað fulltrúum ýmissa hópa til að endurspegla fjölbreytni samfélagsins (fulltrúum kirkna, sam-

taka launþega og atvinnurekenda í ýmsum geirum, neytendasamtaka, lista, menningar, íþrótta o.s.frv.) og þess gætt sérstaklega að kynjahlutföll séu jöfn sem og að nýbúar eigi fulltrúa.

40. Viðmiðunarregla 12 felur einnig í sér þá meginreglu að meðlimir eftirlitsráðs séu í heild sinni fulltrúar hagsmuna almennings. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er að almannaútvarpsstofnun starfar í þágu almennings. Þetta gefur til kynna að eftirlitsaðilarnir sem bera ábyrgð á að sannreyna það þjóna almenningi. Þessi meginregla útilokar ekki þann möguleika að meðlimir eftirlitsráða, hver um sig, geti verið fulltrúar hagsmuna einstakra hópa, einkum minnihlutahópa, sem endurspegla fjölbreytni þjóðfélagsins. Eðlileg afleiðing þessarar meginreglu er að meðlimum eftirlitsráðs verður hvorki sagt upp, þeir reknir eða þeim skipt út á skipunartíma þeirra nema af því yfirvaldi sem skipaði þá, nema eftirlitsráðið sem þeir sitja í votti að þeir séu ófærir um að gegna starfi sínu eða meinað að gera það.
41. Reglan í viðmiðunarreglu 6 um uppsöfnun hagsmuna skal eiga við að breyttu breytanda um eftirlitsaðila almannaútvarpsstofnana. Vísa skal til 26. og 27. mgr. við beitingu þessara reglna.

Viðmiðunarregla 13.

42. Vegna gegnsæis gagnvart almenningi eins og kveðið er á um hér að framan hvað varðar skipun eftirlitsráða almannaútvarpsstofnana er tilgangur þessarar viðmiðunarreglu að kynna almenningi reglur um greiðslur til þeirra sem skipa framangreind ráð. Það skal undirstrikað að þótt þessi viðmiðunarregla kveði á um að reglur um slíkar greiðslur felur hún ekki í sér að upphæðin skuli tilgreind.

IV. Starfsfólk almannaútvarpsstofnana.

43. Sjálfstæði almannaútvarpsstofnana þýðir að starfsfólk þeirra er verndað með sértækum ákvæðum fyrir utanaðkomandi þrýstingi frá pólitískum valdhöfum eða öðrum, sem og fyrir samþykkt ráðstafana sem hafa áhrif á þá og byggjast ekki alfarið á því hvernig þeir sinna umsömdum skyldum sínum. Í eftirfarandi viðmiðunarreglur eru settar fram nokkrar tryggingar sem eiga í öllum kringumstæðum við starfsfólk almannaútvarpsstofnana. Af þeim sökum gera þær ekki greinarmun á ýmsum flokkum starfsmanna innan almannaútvarpsstofnunar.
44. Með það í huga að blaðamenn verða einna helst fyrir barðinu á árásum á sjálfstæði fjölmiðla telst þó engu að síður ráðlegt að setja sérstök ákvæði í lög um starfsemi almannaútvarpsstofnana til að gæta frelsis fréttamanna þeirra. Vísbendingar um hvernig megi gæta frelsis fréttamanna (einkum varðandi aðgengi að upplýsingum og trúnað við heimildamenn) er að finna í ályktuninni um frelsi fréttamanna og mannréttinda sem var samþykkt á fjórðu ráðherrastefnu Evrópu um fjölmiðastefnu (Prag, desember 1994). Einnig skal bent á að sérstakar ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði starfsfólks almannaútvarpsstofnana má gera innan hverrar stofnunar (t.d. reglur um heimil störf fréttamanna utan stofnunarinnar þar sem þeir eru ráðnir til starfa).

Viðmiðunarregla 14.

45. Ein útbreiddustu en þó ekki augljósustu afskipti af sjálfstæði almannaútvarpsstofnana er þegar starfsfólk er ráðið og rekið eða stuðlað að framgangi þess í starfi, aðallega á grundvelli stjórnmálaskoðana en ekki eingöngu faglegrar hæfni. Til að koma í veg fyrir slíkt athæfi kveður þessi viðmiðunarregla á um þá grundvallarreglu að starfsfólk

almannaútvarpsstofnana skuli ráðið á jafnréttisgrundvelli. Jafnréttisins skal gæta á öllum stigum og á öllum starfstímanum. Því má ekki beita starfsmann almannaútvarpsstofnunar neinum refsingum á forsendum sem lýst er í viðmiðunarreglu 14. Misrétti á þessum forsendum hvað varðar ráðningu starfsfólks, laun, þjálfun og almenn réttindi og skyldur þess verður heldur ekki liðið. Þetta hefur ekki áhrif á rétt almannaútvarpsstofnunar til að taka tillit til þarfar á fjölbreytni í útsendu dagskrárefni við val, ráðningu og störf þeirra sem fást við dagskrárgerð.

Viðmiðunarregla 15.

46. Frelsi til að taka þátt í starfi verkalýðsfélaga og verkfallsrétturinn teljast til grundvallarréttinda í atvinnulífi og þjóðfélagi og skulu starfsfólki almannaútvarpsstofnana tryggð þau, einkum til að það geti staðið á sjálfstæði sínu gagnvart hugsanlegum þrýstingi að utan. Hér er rétt að hafa í huga þá meginreglu félagsmálasáttmála Evrópu að „verkafólk og vinnuveitendur hafa rétt til að stofna staðbundin félög, landsfélög og fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna sinna á sviði efnahags- og félagsmála“ eins og skýrt er nánar í 5. gr. (Réttur til að stofna félög) sem kveður á um að „samningsaðilar skuldbinda sig til að sjá um, að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það“. Einnig er ítrekað að í 4. mgr. 6. gr. (Réttur til að semja sameiginlega) félagsmálasáttmála Evrópu, viðurkenna samningsaðilar „rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum, þegar hagsmunaárekstrar verða, þar á meðal verkfallsrétt, með þeim takmörkunum, sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga.“
47. Með það í huga að almannaútvarpsstofnanir starfa í þágu hagsmuna almennings, einkum hvað varðar upplýsingar, má samt sem áður réttlæta ákveðnar hömlur á nýtingu þessa frelsis. Slíkar takmarkanir verða að vera í samræmi við ákvæði 31. gr. (Höft) í félagsmálasáttmála Evrópu eins og þær eru túlkaðar í dómaframkvæmd þeirra aðila sem sjá um beitingu hennar. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar verða öll höft eða takmarkanir á réttindum og meginreglum sem sett eru fram í sáttmálanum og um beitingu þeirra að vera „eins og lög kveða á um“ og á þann hátt „sem nauðsynlegt er í lýðræðisþjóðfélagi til verndar réttindum og frelsi annarra, eða til verndar almannahagsmunum, öryggi þjóðarinnar, heilsu eða siðgæði almennings.“ Frelsi til að taka þátt í starfsemi verkalýðsfélaga og verkfallsréttinum má stjórna með sérstökum ákvæðum eftir því hvort almannaútvarpsstofnanir eru stofnaðar á grundvelli opinbers réttar eða einkaréttar.
48. Í sérstökum tilvikum má heimila takmarkanir á verkfallsrétti starfsfólks almannaútvarpsstofnunar vegna þarfar á að tryggja áframhaldandi almenningsþjónustu hennar, einkum hvað varðar upplýsingar. Verkfallsrétturinn verður að vera samræmdur rétti almennings að fá upplýsingar. Slíkar takmarkanir mega t.d. felast í skyldu til að senda út nauðsynlegt efni, einkum upplýsingaefni, í verkföllum. Íhuga má aðrar takmarkanir, svo sem verkföll sem stríða gegn siðgæði eða lögum og reglu. Að síðustu skal hafa í huga 30. gr. (Takmarkanir á styrjaldar- eða hættutímum) í félagsmálasáttmála Evrópu sem kveður á um að: „Á styrjaldartímum eða öðrum hættutímum, þegar tilveru þjóðar er ógnað, getur sérhver samningsaðili gert ráðstafanir, sem takmarka skuldbindingar hans samkvæmt sáttmála þessum, að svo miklu leyti sem brýna nauðsyn krefur vegna ástandsins, enda brjóti þær ráðstafanir ekki í bága við aðrar skuldbindingar hans samkvæmt alþjóðalögum“.

Viðmiðunarregla 16.

49. Sjálfstæðið sem almannaútvarpsstofnunum er tryggt gefur til kynna að starfsfólk þeirra má ekki taka við neinum fyrirmælum frá einstaklingum eða aðilum utan stofnunarinnar sem það starfar hjá. Þessi meginregla kemur þó að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að starfsmaður almannaútvarpsstofnunar sem gegnir einnig störfum utan hennar fái fyrirmæli þar að lútandi frá þeim sem stjórna þessari starfsemi (eins og í tilfelli blaðamanns sem starfar samtímis hjá almannaútvarpsstofnun og dagblaðsútgáfu). Það telst kannski ráðlegt í vissum kringumstæðum að setja innri reglur sem tilgreina í hvaða tilfellum og við hvaða skilyrði starfsfólk almannaútvarpsstofnunar má starfa utan hennar. Þetta kemur í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra milli starfa innan og utan stofnunarinnar.
50. Viðmiðunarregla 16 útilokar heldur ekki þann möguleika að starfsfólk almannaútvarpsstofnunarinnar, jafnvel í starfi hjá viðkomandi stofnun, fái öðru hverju fyrirmæli frá utanaðkomandi aðilum með fyrirvara um fyrir fram samþykki yfirmanns eða yfirmanna viðkomandi starfsfólks (þetta á t.d. við um starfsmann almannaútvarps sem vinnur undir stjórn annars í samstarfsverkefni stofnunarinnar sem hann starfar hjá og annarri útvarpsstofnun eða kvikmynda- eða sjónvarpsfyrirtæki). Þessi meginregla kemur ekki í veg fyrir að eftirlitsaðilar almannaútvarpsstofnana gefi starfsfólki þeirra fyrirmæli svo fremi þeir hafi rétt til þess samkvæmt ráðandi lögum. Í þeim undantekningartilvikum þar sem þess er krafist af starfsfólki almannaútvarpsstofnana að inna af hendi verkefni fyrir almenning skal starfsfólk vera áfram undir stjórn næstu yfirboðara sinna og taka eingöngu við fyrirmælum gegnum þá.

V. Fjármögnun almannaútvarpsstofnana.

51. Fjármögnun er greinilega einn af lykilþáttum í sjálfstæði almannaútvarpsstofnana þar sem uppruni fjárins og upphæðirnar geta ráðið umtalsverðu um svigrúm þeirra til að sinna verkefnum sínum. Þetta hefur orðið mjög viðkvæmt mál í Evrópu á undanförnum árum, einkum eftir sókn einkafyrirtækja inn á fjölmiðlasviðið. Kröfur hafa heyrst á vissum svæðum í bæði Vestur- og Austur-Evrópu um að fjármagna almannaútvarpsstofnanir með afnotagjaldi fyrir útvarp/sjónvarp og gefa einkareknum stöðvum alfarið eftir auglýsingamarkaðinn.
52. Á sama tíma hefur almenningur mótmælt hækkunum á afnotagjöldum eða skyldunni að greiða þau, þar sem sumir hópar almennings sjá enga ástæðu eða engar frekari ástæður til að borga fyrir móttöku efnis sem hefur minna áhorf þar sem fjölbreytni í útvarps- og sjónvarpsþjónustu er fyrir hendi. Enn fremur hefur í Austur-Evrópu reynst erfitt að skipta frá fjármögnun úr opinberum sjóðum (styrkjum) í fjármögnun óháða ríkisafskiptum(afnotagjöld, auglýsingar o.s.frv.). Þessar tilhneigingar, einkum áhrif einkastöðva á auglýsingatekjumarkaðinn ásamt erfiðu efnahagsástandi í Evrópu á undanförnum árum, hafa gert fjárhagsstöðu sumra almannaútvarpsstofnana erfiða og vakið áhyggjur um framtíð þeirra.
53. Ályktunin um framtíð útvarpsþjónustu sem var samþykkt á ráðherrastefnunni í Prag gaf góð fyrirheit þar sem aðildarríkin skuldbundu sig til að „tryggja almannaútvarpi örugga og viðeigandi tekjustofna til að það geti sinnt verkefnum sínum“. Viðmiðunarreglur 17 og 19 tilgreina fjármögnunarleiðir sem ætti að beita til að tryggja sjálfstæði almannaútvarpsstofnana.

Viðmiðunarregla 17.

54. Þessi viðmiðunarregla ítrekar þá skuldbindingu aðildarríkjanna í ályktuninni um framtíð almannaútvarps að „viðhalda, og þar sem nauðsyn krefur, koma á hæfum og öruggum fjármögnunarramma sem tryggir almannaútvarpi burði til að sinna verkefnum sínum.“ Að auki er tekið fram að fjármögnunarramminn verði að vera gegnsær. Örugg fjármögnun almannaútvarpsstofnana er mikilvæg til að þær geti sinnt starfi sínu á sjálfstæðan hátt, jafnvel þótt viðkomandi yfirvald sem ber ábyrgð á fjármögnuninni lendir í fjárhagsörðugleikum. Eins og þegar hefur komið fram í fyrrnefndri ályktun eru margar fjármögnunarleiðir til að halda uppi og efla almannaútvarp: afnotagjald; opinberir styrkir; tekjur af auglýsingum og kostun; tekjur af efnissölu (hljóð- og myndefnis) og þjónusta, dagskrársamningar, o.s.frv. Í þessum viðmiðunarreglum nær hugtakið „afnotagjald“ til ákveðinna svipaðra fjármögnunaraðferða hins opinbera (skattaálagna á rafmagnsreikninga eða annarra greiðslna til að afla almannaútvarpsstofnunum fjár).
55. Nefna ber að viðmiðunarreglurnar mæla ekki með neinni sérstakri fjármögnunaraðferð fyrir almannaútvarpsstofnun til að tryggja sjálfstæði hennar, svo fremi að skilmálar fjármögnunarinnar (styrkja eða afnotagjalds) virði þær meginreglur sem eru settar fram í viðmiðunarreglu 18. Um aðra fjáröflun en opinbera styrki gilda meginreglurnar í viðmiðunarreglu 18.

Viðmiðunarregla 18.

56. Þótt ekki sé mælt með neinni sérstakri fjármögnunarleið getur opinber fjármögnun (styrkir, afnotagjöld, o.s.frv.) aukið hættu á afskiptum af rekstri almannaútvarpsstofnunarinnar nema henni fylgi öryggisþættir sem vernda sjálfstæði hennar. Viðmiðunarregla 18 skilgreinir eðli þessara öryggisþátta. Vakin er sérstök athygli í þessu samhengi á meginreglunni í fyrsta undirlið þar sem beinasta og mesta ógnunin við sjálfstæði almannaútvarps er að utanaðkomandi yfirvöld beiti fjárveitingunni til að hafa afskipti af starfsemi þess, einkum dagskrárgerð.
57. Þessi hætta má þó ekki skyggja á önnur tilfelli þar sem fjárhagsþættir geta ógnað sjálfstæði almannaútvarps. Að þessu er vikið í ákvæðum 2. til 5. undirliðs ásamt viðeigandi gagnráðstöfunum. 2. og 3. undirliður skýra nánar tvær hliðar meginreglunnar í ályktuninni um framtíð almannaútvarps um „að afnotagjaldið eða opinberi styrkurinn skal vera til nægilega langs tíma svo almannaútvarpið geti skipulagt til langframa“.
58. Í fyrsta lagi skal hafa samráð við almannaútvarpsstofnanir við ákvörðun framlagsins eða afnotagjaldsins sem á að kosta starfsemi stofnananna. Slíkt samráð er réttlætt með þeirri staðreynd að þetta fjármagn á að nægja til að þær geti sinnt þeim verkefnum sem þeim eru falin. Í öðru lagi kemur fram í þessum undirliðum mikilvægi greiðsluforms framlaganna eða afnotagjaldanna. Illa ígrunduð innheimta og greiðsluaðferðir eða óreglulegar eða síðbúnar greiðslur geta ógnað samfelldri starfsemi almannaútvarpsins. Hvað afnotagjald varðar skal huga sérstaklega að hugsanlegum afleiðingum þess á fjárhag almannaútvarpsins og þar með starfsemi þess að undanskilja ákveðna hópa greiðslu afnotagjalds.
59. Fjórði undirliðurinn er nauðsynlegur og óaðskiljanlegur mótaðili meginreglunnar um stofnunarlegt sjálfræði sem lýst er í viðmiðunarreglu 1. Þess ber að minnast að þessi meginregla undanskilur ekki þar til bæra aðila innan almannaútvarpsstofnunarinnar, einkum stjórn hennar, frá því að svara fyrir fjármálastjórn stofnunarinnar. Einnig má vekja athygli á að umfram allt eru þær stofnanir sem ætlað er að endurskoða fjármálastjórn fyrst og fremst ábyrgar gagnvart almenningi hvað þetta varðar. Fimmti undirliður er til að tryggja að fjárveitingum til almannaútvarpsstofnana sé skipt jafnt í samræmi við

þarfir hverrar stofnunar. Grundvöllur úthlutunarinnar er þarfir hverrar stofnunar og mannauður hennar ásamt tæknilegum og fjárhagslegum tilföngum sem hún beitir til að uppfylla þær.

Viðmiðunarregla 19.

60. Eins og fram kemur hér að framan þýðir stofnunarlegt sjálfræði almannaútvarpsstofnana að þær bera ábyrgð á starfsháttum sínum. Þessi ábyrgð nær til notkunar tilfanga eins og tilgreint er í ályktuninni um framtíð almannaútvarps, einkum hvað varðar opinber tilföng. Til samræmis við það er innri eða utanaðkomandi endurskoðun á almannaútvarpsstofnuninni heimil. Fjárhagslegt eftirlit af þessu tagi verður ætíð að þjóna þeim tilgangi að sannreyna rétta stjórn stofnunarinnar hvað varðar stjórnsýslu hennar, bókhald og fjármál. Það getur því ekki falið í sér eftirlit með dagskrá. Engu að síður geta skuldbindingar um útgjöld við dagskrá (t.d. efniskaupasamningar fram yfir ákveðna upphæð) verið háðar samþykki tilgreindra yfirvalda eins og bent er á í 23. og 36. mgr. hér að framan.
61. Athuga ber að það fer eftir stöðu almannaútvarpsstofnunar í opinberum rétti og einkarétti hvaða reglur gilda um eftirlit með stjórnsýslu, bókhald og fjármálastjórn hennar og reglur um ábyrgð stjórnenda hennar. Þetta þýðir að athuga verður ákvæði laga á viðkomandi sviðum (laga um fyrirtækjarekstur, opinberra laga) um leið og tryggt er að beiting þeirra við viðkomandi almannaútvarpsstofnun sé í samræmi við meginreglu viðmiðunarreglu 19.

VI. Dagskrárstefna almannaútvarpsstofnana.

62. Dagskrá almannaútvarpsstofnana, einkum fréttir og fréttaþættir, verður að endurspegla fjölbreytt viðhorf og sjónarmið samfélagsins alls. Í þessu sambandi skal vísað til krafna sem fram koma í ályktuninni um framtíð almannaútvarps, einkum til þess ákvæðis að almannaútvarp skuli vera vettvangur almennrar umræðu þar sem rúm er fyrir sem víðtækust sjónarmið og viðhorf. Athygli er einnig vakin á þeirri kröfu að almannaútvarp miðli hlutlausum og óháðum fréttum, upplýsingum og skýringum.
63. Viðmiðunarreglurnar eiga að skilgreina ótal grundvallareglur sem eiga að ráða dagskrá almannaútvarps, óháð stöðu þess, til að tryggja sjálfstæði þess. Ítrekað skal að sjálfstæðið á ekki bara við um afskipti af stjórnmálalegum toga heldur einnig áhrif fyrirtækja og annarra geira þjóðfélagsins. Því kann að vera gagnlegt að hafa ákvæði um auglýsingar og kostun í lögum um almannaútvarpsstofnanir til að hindra auglýsendur og kostendur í að hafa áhrif á dagskrá stofnananna. Nánari umfjöllun um þetta atriði er að finna í köflum III og IV í samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa og meðfylgjandi greinargerð.

Viðmiðunarregla 20.

64. Þessi viðmiðunarregla rifjar upp grundvallarreglu í 3. mgr. 7. gr., í samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa. Þessi grundvallarregla er enn mikilvægari fyrir almannaútvarps því eins og lögð er áhersla á í ályktun nr. 1 frá ráðherrastefnunni í Prag eiga þær „að vera vettvangur fyrir almennar umræður þar sem víðtækustu sjónarmið og viðhorf koma fram“ og verða „að útvarpa óhlutdrægum og óháðum fréttum, upplýsingum og skýringum.“ Í þessu samhengi er lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja jafnan aðgang að fjölmiðlum og einkum aðgengi stjórnmálaflokka að almannaútvarpsstofnunum í kosningabaráttu. Jafn aðgangur þýðir ekki endilega að allir stjórnmálaflokkar skuli

fá jafnan útsendingartíma óháð fylgi þeirra. Engu að síður þýðir það að allir stjórnmálaflokkar fái nægilegan útsendingartíma til að kynna stefnumál sín. Þetta tiltekna tilfelli sýnir það almenna jafnvægi sem á að hafa að leiðarljósi í dagskrá almannaútvarpsstofnana. Mismunandi ráðstafanir má gera til að tryggja að ofangreindar kröfur séu virtar, bæði innan almannaútvarpsstofnana og utan þeirra, t.d. með óháðum eftirlitsyfirvöldum.

Viðmiðunarregla 21.

65. Þótt eðlilegt sé og jafnvel æskilegt í lýðræðisþjóðfélagi að stjórnvöld segi frá aðgerðum sínum í fjölmiðlum, einkum í almannaútvarpi, verður slíkur fréttaflutningur að vera háður ákveðnum reglum svo að almannaútvarp verði ekki rödd stjórnvalda. Viðmiðunarregla 21 setur því fram þá meginreglu að útsending opinberra tilkynninga, yfirlýsinga eða upplýsinga frá yfirvöldum skuli eingöngu heimil við sérstakar aðstæður og skal tekið fram að upplýsingaherferðir sem varða hagsmuni almennings, svo sem heilbrigðismál, heyri ekki undir þessa viðmiðunarreglu. Sérstakar aðstæður tákna sérstaka atburði í lífi þjóðar, hvort sem þeir eru reglulegir (útsending ávarpa á þjóðhátíðardögum eða stefnuræða forsætisráðherra á þingi) eða sértækir (útsending ávarpa þegar hættuástand ríkir eða náttúruhamfarir).
66. Fyrir utan þessar sérstöku aðstæður vaknar oft sú spurning hvort yfirvöld eigi að hafa reglulegan aðgang að útsendingum almannaútvarpsstofnana til að kynna stefnu sína hverju sinni og hvort rétturinn til andsvars skuli þá veittur stjórnarandstöðuhópum. Í þessu efni skal aðgreina opinberar tilkynningar frá venjulegri dagskrá. Meginreglan skal vera að allar opinberar tilkynningar ótengdar ofangreindum undantekningaraðstæðum séu útilokaðar.
67. Þótt meginreglan um miðlun framangreinds efnis sé viðurkennd skulu gilda um þau ákveðnar reglur og hæfilegur tími skal líða á milli. Þótt skilgreining á þessu ákveðna bili milli flutnings ávarpa sé hvorki möguleg né æskileg skal það vera hæfilegt. Daglegar, vikulegar eða mánaðarlegar yfirlýsingar eru því óheimilar. Enn fremur skal veita andstöðuhópum ákveðinn útsendingartíma þegar stjórnvöld tryggja sér reglulegan aðgang að almannaútvarpsstofnunum fyrir opinberar tilkynningar. Þessi réttur til andsvars skal skilgreindur þannig að stjórnarandstöðuhópar á þingi geti tjáð viðhorf sín.
68. Greinargerðir um stefnu stjórnvalda hverju sinni í reglulegum útsendingum almannaútvarpsstofnana (fréttaþættir og fréttaskýringaþættir, umræður og fundir, viðtöl, o.s.frv.) skulu í öllum tilfellum vera í samræmi við meginreglur um hlutleysi og jafnvægi.

Viðmiðunarregla 22.

69. Opinberar tilkynningar sem eru sendar út í almannaútvarpi, hvort sem um sérstakar kringumstæður er að ræða eða ekki, skulu ætíð auðkenndar sem slíkar í útsendingu. Almenningur skal aldrei velkjast í vafa um uppruna og tilgang þessara tilkynninga, sem er utan venjulegrar dagskrár almannaútvarpsstofnana. Þetta má gera á ýmsan hátt (svo sem tilgreina opinberan uppruna tilkynninganna í afkynningu eða kynningu þular á efninu). Þar sem þessar opinberu tilkynningar eru ótengdar venjulegri dagskrá almannaútvarpsstofnana er rökrétt afleiðing að þær skuli alfarið sendar út á ábyrgð viðkomandi yfirvalds.

VII. Aðgengi almannaútvarpsstofnana að nýrri fjarskiptatækni.

70. Ný fjarskiptatækni, einkum stafræn, er án efa mikilvæg nýjung fyrir framtíð útvarps. Ný tækni gerir það mögulegt að skapa nýja tegund þjónustu, einkum greiðsluvarp, sem hægt er að beina markvisst að áhugahópum í þjóðfélaginu. Þessar nýju breytingar þarfnast umhugsunar um framtíðarhlutverk almannaútvarps í nýju samhengi sem einkennist af margföldun á framboði efnis: mun almannaútvarp enn hafa hlutverki að gegna og ef svo er, hvernig verður þetta hlutverk réttlætt? Ef almannaútvarp gegnir enn hlutverki í framtíðinni, hvaða ráðstafanir skal gera til að gera því kleift að sinna verkefnum sínum? Hvaða hugsanlegu mörk ber að setja svo að aðlögun almannaútvarps að nýju fjölmiðlaumhverfi spilli ekki sérkennum þess?
71. Ályktun nr. 1 á ráðherrastefnunni í Prag svaraði þessum spurningum, einkum með því að staðfesta „mikilvægt hlutverk almannaútvarps sem grundvallarþáttar í fjölræðisboðskiptum sem allir hafa aðgang að“ og með því að viðurkenna „þörfina á því að tryggja festu og stöðugleika almannaútvarps.“ Þessar yfirlýsingar fengu aukið gildi með skuldbindingum þátttökuríkja um „að viðhalda og þróa öflugt almannaútvarp í umhverfi sem einkennist af vaxandi samkeppnisframboði útvarpsþjónustu og örum tæknibreytingum.“
72. Burðir almannaútvarps til sjálfbærni og þróunar gefur til kynna, eins og kemur fram í ályktun nr. 1 frá ráðherrastefnunni í Prag, að almannaútvarp skuli „geta nýtt sér nýja tækni eins og þörf krefur til að sinna verkefnum sínum“. Viðmiðunarregla 23 ítrekar þessa grundvallarreglu með þeim skilningi að þessi verkefni eru falin almannaútvarpi samkvæmt lögum í víðasta skilningi hugtaksins (lögum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, svo sem skilyrðum starfsleyfis, stofnskrá eða einkaleyfi). Án þessa er hætta á því að almannaútvarp komist fljótlega í jaðarstöðu og gæti þegar fram líða stundir glatað sjálfstæði sínu.
73. Að auki lýsir viðmiðunarregla 23 þeirri meginreglu að almannaútvarp eigi að geta þróað nýja þjónustu byggða á framangreindri tækni svo fremi það hafi leyfi til þess frá yfirvöldum sem hafa til þess heimild hvað varðar verkefni þess og starfsemi.

Fylgiskjal II.

Ríkisútvarp um allan heim.

Skýrsla gerð af McKinsey fyrir BBC, janúar 1999
(ísl. þýð. Jón D. Þorsteinsson og Jón Ásgeir Sigurðsson).

YFIRLIT

Á síðasta áratug hefur útvarpsmarkaður um allan heim breyst verulega.

Það að stýring innanlandsmarkaðar með lögum hefur verið afnumin, útbreiðsla fjölrása sjónvarps eykst og fram hafa komið öflugir aðilar sem reka staðgreiðslusjónvarp (*pay-per-view*), hefur gjörbreytt samkeppnisaðstæðum á mörgum mörkuðum. Og nú – þegar stafræna tímabilið rennur upp – búum við okkur undir enn stórkostlegri breytingar.

Ríkisútvarpsstöðvar (*Public service broadcasters* (PSB)) urðu til í umhverfi þar sem aðeins voru ein eða tvær rásir. Enginn furðar sig á því, að markaðsþróunin hefur þrengt að gamalkunnu útvarpsfyrirmyndinni – og sums staðar hefur gildi hennar verið dregið mjög í efa.

BBC hefur nokkrum sinnum falið **McKinsey** að kanna hvernig ríkisútvarpsstöðvar bregðist við þessari þróun. Við gerð þessarar skýrslu könnuðum við 20 markaði í fjórum heimsálfum. Í hverju tilviki skoðuðum við núverandi þátttakendur og samkeppnisumhverfi, einkenni dagskrárefnis, þróun markaðarins o.s.frv. Við skoðuðum einnig núverandi stöðu ríkisútvarps (PSB) að því er varðar markaðshlutdeild, sérkenni og fjármögnun. Þótt markaðir og sú opinbera útvarpsstarfsemi sem fram fer á hverjum stað séu mismunandi, gátum við borið niðurstöður okkar saman við niðurstöður fyrri ára og séð í hvaða átt þróunin stefnir. Einnig gátum við borið saman stefnu ríkisútvarps á hverjum tíma og fundið hvað auðkennir þau fyrirtæki sem best virðast búin til að mæta ögrun hinnar stafrænu aldar.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

- **Ríkisútvarpsstöðvum sem athugaðar voru má skipta í þrjá flokka, eftir meginstefnu þeirra:**
  - *Stefnt er að sérhæfingu fremur en markaðshlutdeild (t.d. PBS, ABC).* Þessi fyrirtæki (sem oft er þröngvað í þessa stöðu vegna þess hvernig þau eru fjármögnuð) hafa lítil áhrif haft á stærstu útvarpskeðjurnar, þar sem þau eru ekki veruleg ógnun við samkeppni á viðskiptagrundvelli.
  - *Stefnt er að markaðshlutdeild fremur en sérhæfingu (t.d. RAI, RTVE).* Þótt ríkisútvarp af þessu tagi hafi möguleika til að hafa veruleg áhrif á markaðinn er í raun fátt sem greinir það frá einkaútvarpi sem fjármögnuð er á viðskiptagrundvelli. Flest fyrirtæki í þessum hópi treysta mjög á auglýsingatekjur.
  - *Einhvers konar jafnvægi milli þessara tveggja þátta (t.d. SVT, ARD).* Ríkisútvarp af þessari gerð hefur verulega áhorfshlutdeild þótt það haldi sérstöðu sinni og uppfylli skyldur sínar um almannaþjónustu.
  - **Öflugt ríkisútvarp getur gegnt mikilvægu hlutverki á flóknum samkeppnismarkaði nútímans.**

Við höfum komist að því að í umhverfi þar sem velja má um margar rásir nær ríkisútvarp bestum árangri þegar það útvarpar metnaðarfullri dagskrá og þrýstir einnig á keppinautana að gera það sama. Með reglum sem stjórnvöld setja um einkaútvarp má ná sumum þessara markmiða, en rannsókn okkar sýnir að ríkisútvarp er það æskilegasta, það skapar bæði þrýsting að því er varðar gæði dagskrár og markaðslegan þrýsting gagnvart einkaútvarpi, sem stuðlar að því að útvarpsmarkaðurinn uppfylli væntingar þjóðfélagsins.

Þetta gerist með ákveðinni **gæðahringrás**: Vegna sérstæðs hlutverks og fjármögnunar getur ríkisútvarp gert nýtt dagskrárefni vinsælt og með því hvatt einkastöðvarnar til að skapa sitt eigið efni af sama tagi. Á þennan hátt eru gæði markaðsins í heild aukin.

Þetta má skýra með dæmi frá Bretlandi. BBC eyðir miklu fé og oft nokkrum árum til að gera vandaða leikna þætti svo sem *Pride and Prejudice.* Keppinautarnir í einkageiranum hafa, í stað þess að láta BBC eftir þessa tegund dagskrárgerðar, skapað sína eigin vinsælu leiknu þætti, – t.d. *Moll Flanders* og *The Camomile Lawn* á Channel 4. Samkeppni útvarpsstöðvanna eykur gæðin og þroskar smekk notendanna fyrir þessari tegund dagskrár.

Til að skapa þessa gæðahringrás verður ríkisútvarpið að hafa nægilegt áhorf en halda þó sérstöðu sinni gagnvart keppinautum í einkageiranum. Þetta er mjög mikilvægt fyrir hagsmuni almennings. Rannsókn okkar sýnir ljóslega að það er sterkt samband milli fjármögnunar ríkisútvarps og almennra gæða ljósvakamiðla í landinu (mynd 1).

Mynd 1. **Augljós tengsl eru milli markaðsgæða og þjónustu ríkisútvarps**



- **Á mörgum mörkuðum höfum við fundið stefnubreytingu og sums staðar endurreisn ríkisútvarps.** Rannsóknin hefur leitt í ljós lykilatriði í stefnu hjá ríkisútvarpi sem árangursrík „nýsköpun" hefur farið fram:
  - Skýr markmið og dagskrárstefna sem gerir þeim kleift að halda áhorfsshlutfalli og jafnframt sérstöðu.
  - Nýskipan í rekstri, einkum með tilliti til þess að minnka kostnað.
  - Vöxtur og þróun á nýjum sviðum með þróun markaðsins.
- **Við fundum ljósa sönnun þess að það veltur að miklu leyti á fjárhag, hvernig til tekst til við það að framfylgja nýrri stefnu.**
  - Í mörgum tilfellum er ríkisútvarp fjármagnað, að minnsta kosti að hluta, með auglýsingum. Rannsókn okkar leiðir í ljós hættur sem geta verið þessu samfara. Við höfum fundið rök fyrir því, að því stærri hluti sem auglýsingartekjur eru af heildartekjum, þeim mun minni líkur eru á að ríkisútvarpið bjóði fram vandaða dagskrá*.
  - Rannsókn okkar sýnir að fjármögnun með afnotagjaldi treystir best fjárhag ríkisútvarps þegar til lengri tíma er litið, og gerir því kleift að taka þá áhættu að fjárfesta í sérstæðum tegundum dagskrár og í nýrri þjónustu.
  - Við höfum komist að raun um að tilraunir til að veita undanþágur frá afnotagjaldi – til dæmis fyrir eldri borgara í Frakklandi – hafa einungis valdið skaða og síðan þarfnast pólitísk vandræðalegra leiðréttinga.
- **Í framtíðinni má vænta þess að þær ríkisútvarpsstöðvar sem best standa lagi sig áfram að kringumstæðum og taki þátt í stafrænni uppbyggingu, eins og þær hafa gert í fjölrása umhverfi.**

  Þrátt fyrir þörfina fyrir vöxt og aðlögun – t.d. með því að hefja nýja þjónustu – breytast ekki skilyrðin fyrir því að árangur náist: fjölbreytt, blönduð hágæðadagskrá, veruleg markaðshlutdeild, næg og trygg fjármögnun og hagkvæmur rekstur.

---

* Það eru samt sem áður nokkur útvarpsfyrirtæki sem að hluta til veita almannaþjónustu og eru að minnsta kosti að hluta fjármögnuð með auglýsingum, (t.d. Channel 4 í Bretlandi). Vert er að veita því athygli að þau eru oft með einhverskonar öryggisnet sem gerir þeim kleift að fylgja stefnu sinni. Enn fremur eru þau á markaði þar sem þegar er fyrir stórt, traust ríkisútvarp.

Ríkisútvarp hefur mikilvægu mótandi hlutverki að gegna á þeim heildarmarkaði þar sem það starfar.

Ríkisútvarp er fyrirmynd annarrar útvarpsstarfsemi.

Öflugt ríkisútvarp getur eflt útvarpsmenningu og þar með menningu þjóðarinnar.

Það er hagur allra útvarpsnotenda að sjá til þess að ríkisútvarp starfi áfram, svo að ljósvakamiðlar verði það fjölbreytta, örvandi og sameinandi afl í þjóðfélaginu sem þeir hafa verið mikinn hluta síðustu aldar.

1. MAT Á STÖÐU RÍKISÚTVARPS

Ríkisútvarpsfyrirtæki hafa fundið fyrir róttækum breytingum á þeim mörkuðum sem þau starfa á frá því á miðjum níunda áratugnum. Víðast hvar var ríkisútvarp áður einokunarfyrirtæki og var upphaflega ætlað að láta í té alla dagskrá á markaðnum. En með tilkomu samkeppni frá einkaútvarpi, fyrst með jarðstöðvum, síðan fjölrása kapalkerfum og gervitunglum og nú síðast með stafrænni tækni, er ríkisútvarp komið í gjörbreytt samkeppnisumhverfi sem krefst víðtækrar og krefjandi aðlögunar.

Þrýstingurinn á ríkisútvarpið er verulegur og hefur margar hliðar. Útvarp hefur í grundvallaratriðum orðið meiri samkeppnisiðnaður en það var fyrir 20 árum. Og ríkisútvarp þarf að takast á við eftirfarandi:

- **Aukna samkeppni frá einkastöðvum og útbreiðslu fjölrása sjónvarps (mynd 2)**

Mynd 2. **Fjölrása sjónvarp mikilvægara**



- **Mettun sjónvarpsáhorfs og útbreiðslu (mynd 3)**

Mynd 3. **Þróun í sjónvarpsáhorfi breytist eftir mörkuðum**



- **... vísbendingar um að fólk hverfi frá útvarpi yfir til nýrra miðla (mynd 4)**

Mynd 4. **Margir notendur Internetsins flakka um netið í stað þess að horfa á sjónvarp**



- **Aukin útgjöld vegna sýningarréttar á efni, svo sem íþrótta (mynd 5)**

Mynd 5. **Verð á sýningarrétti fyrir meiri háttar íþróttaviðburði fer hækkandi**



- **Þrengri fjárhag þar eð stjórnvöld reyna að minnka heildarbyrði skatta og vegna þess að aukin samkeppni minnkar auglýsingatekjur (mynd 6)**

Mynd 6. **Þrýstingur á fjármögnun eykst**

Ríkisfjármögnun Önnur not fyrir skattekjur (t.d. heilbrigðismál, menntamál). Minni eyðsla ríkissjóðs af pólitískum ástæðum, (t.d. vegna Maastricht-samkomulagsins)	Eyðsla ríkissjóðs er mjög gagnrýnd og fjármögnun opinbers sjónvarps með skatttekjum ekki alltaf vinsæl.
Auglýsingafjármögnun Samkeppni frá nýjum jarðstöðva-rásum. Samkeppni frá öðrum fjölmiðlum (t.d. tímaritum, Internetinu, stafrænu sjónvarpi).	Auglýsendur verða sífellt fjölhæfari og hafa marga fleiri valkosti til að ná til skilgreindra markhópa.

Sökum þessa mótbyrs og þá einkum vegna missis á markaðshlutdeild (og þar með áhrifa) til nýju einkastöðvanna, höfðu margir aðhyllst þá skoðun á síðustu árum að ríkisútvarp væri **úrelt.** Menn héldu því fram að rásum mundi fjölga mjög í framtíðinni, eins og í Bandaríkjunum og fjölbreytnin yrði geysileg. Ríkisútvarp var sagt óskilvirk eftirlegukind fyrri tíma, þegar ríkið var allsráðandi. Ríkisútvarpi hætti til að hafa miklu meiri yfirbyggingu þar sem það væri með stórar dagskrárgerðardeildir, fræðsludeildir og ýmsar skyldur sem einkaútvarp hefði ekki; skortur á samkeppni hefði valdið því að í mörgum tilfellum væri ríkisútvarp makrátt og hefði of marga starfsmenn. Enn fremur væri einkaútvarp oft glöggskyggnari í markaðssetningu sinni. Nýjar auglýsingaútvarpsstöðvar voru álitnar framsæknari og áhugaverðari en gamalkunnugt staðnað ríkisútvarp.

Mynd 7. **Yfirlit yfir ríkisútvarp***

Land	Ríkisútvarp	Helstu keppinautar
Australia	ABC	Network 7, Network 9, Network 10
Belgium (Flanders)	VRT	VTM, VT4, Ka 2
Belgium (Wallonia)	RTBF	RTL-TVI
Canada	CBC, SRC	CTV, TVA
Czech Republic	CT	Nova, Premiera
Denmark	DR, TV2	TV3, TvDanmark
France	F2, F3	TF-1, M6, Canal Plus
Germany	ARD, ZDF	RTL, Sat.1, Pro Sieben
Italy	RAI	Canale 5, Italia 1, Rete 4
Japan	NHK	NTV, TBS, Fuji TV, TV Asahi, Tokyo TV
Netherlands	NOS	RTL4, Veronica, SBS6
New Zealand	TVNZ	TV3, TV4
Norway	NRK	TV2, TV3, TV Norge
Poland	TVP	Polsat, regional channels
Portugal	RTP	SIC, TVI
South Africa	SABC	M-Net, e-tv
Spain	RTVE	Antena 3, Tele 5, regional channels
Sweden	SVT	TV3, TV4, Kanal 5
Turkey	TRT	Kanal D, ATV, Show TV, Star, TGRT
United Kingdom	BBC	ITV, Channel 4, Channel 5
United States	PBS	ABC, CBS, Fox, NBC

* Áhersla var lögð á stór almenn útvarpsfyrirtæki með verulega opinbera fjármögnun

Þessi rannsókn á ríkisútvarpi sem fór fram sumarið 1998 sýnir þó aðra mynd. Í sumum löndum hefur ríkisútvarp ekki náð að rétta úr kútnum eftir það tap á markaðshlutdeild og þá óskilvirkni sem fylgdu því að það var ekki lengur lögverndað. Annars staðar hefur ríkisútvarp stöðvað markaðstapið og tekið að blómstra (að minnsta kosti hlutfallslega) með því að skapa sér sérstöðu með góðum árangri. Í sumum tilfellum hefur ríkisútvarp ekki átt þessu láni að fagna og ýmsir þættir hindrað velgengni, svo sem illa samkeppnishæf dagskrárstefna, úrelt vinnubrögð og þó einkum ófullnægjandi fjármögnun. Í þessari skýrslu er könnuð núverandi staða ríkisútvarps* í heiminum og byggt á viðamiklum rannsóknum og viðtölum í 20 löndum (mynd 7).

Í hverju landi höfum við reynt að gera okkur grein fyrir:

- Markaðsumhverfi: sögulegri og núverandi stöðu þess; hvernig það breytist; og hvernig stjórnvöld reyna að hafa áhrif á það.
- Núverandi framvistöðu ríkisútvarps; samsetningu dagskrár, áhorfshlutdeild; fjármögnun og fjárhagslegum styrk; og markmiðum ríkisútvarps sem býr við þrýsting vaxandi samkeppnismarkaðar.

Á grundvelli ályktana úr þeirri rannsókn, mótuðum við þrjár lykilspurningar, sem við leitum svara við:

- Hvað er það sem almenningur krefst af útvarpsmarkaðnum?
- Hvaða hlutverki gegnir nútíma ríkisútvarp við að uppfylla þessar óskir?
- Hvaða eiginleikar ríkisútvarps hæfa best til að mæta þessum kröfum?

---

* Á öllum mörkuðum höfum við einbeitt okkur að almennu ríkisútvarpi. Á mörgum mörkuðum er einnig hálfopinbert útvarp (t.d. Channel 4), en þessar rásir eru venjulega með einhvers konar fjárhagslegt öryggisnet og njóta nokkurs skjóls vegna tilveru öflugs ríkisútvarps. Einnig eru margar almannaþjónusturásir með sérhæfðu efni (t.d. Arte, 3Sat), en þótt þær auðgi markaðinn á margan hátt hafa þær ekki víðtæk áhrif. Vegna þessa höfum við einbeitt rannsókn okkar á hverjum markaði að helstu almennu ríkisútvarpsfyrirtækjunum sem njóta marktækrar opinberrar fjármögnunar.

2. MÖRKUN STEFNU FYRIR ÚTVARPSMARKAÐINN

Þjóðfélög hafa háleitar hugsjónir fyrir útvarpsmarkaði sína. En eftir því sem þessir markaðir hafa þróast frá ríkiseinokun í fjölbreytt „vistkerfi", eða útvarpsumhverfi með mörgum þáttakendum, verður erfiðara fyrir stjórnvöld og þjóðfélagið almennt hafa bein áhrif á þá. Í sumum löndum hefur ríkisútvarp beinlínis verið notað sem öflugt tæki til að stýra þróun markaðarins. Í öðrum hafa stjórnvöld reynt að ná sama takmarki með því að beita lagaboðum og samkeppni (einkaútvarp heimilað), en með misjöfnum árangri.

Stefnumið á útvarpsmarkaði

Ýmsar framleiðslugreinar eru einungis mikilvægar frá fjárhagslegu sjónarmiði. Ljósvakamiðlar hafa þá sérstöðu að ná inn á heimili fólks og móta skilning þess á umheiminum með áhrifaríkum og jafnvel ómeðvituðum hætti. Hljóðvarp og sjónvarp eiga mikilvægan þátt í skilningi almennings á þjóðfélaginu og heiminum öllum. Vegna þessarar sérstöðu útvarpsmiðla hafa stjórnvöld, og þjóðfélagið í víðari merkingu, sérstakan áhuga á umfangi og gæðum innlends útvarpsmarkaðs.

Þeir metnaðarfyllstu stefna að **almennum útvarpsmarkaði** sem:

- **Býður fjölbreytt dagskrárefni í háum gæðaflokki.** Útvarpsmarkaðurinn uppfyllir viðurkenndar kröfur um smekk og siðgæði og flytur fréttir, fréttatengt efni og fræðsluefni sem er upplýsandi og óhlutdrægt.
- **Tryggir að allir geti tekið á móti slíku dagskrárefni.** Þjónusta og dagskrárefni hins almenna útvarpsmarkaðar hafa þjóðlegt og menningarlegt gildi, en eru ekki takmörkuð við sérstaka hópa (sem oft útilokar þá sem eru lakar settir).
- **Endurspeglar smekk bæði meirihluta og minnihluta.** Stuðlar að samstöðu í þjóðfélaginu og þeirri tilfinningu minnihlutahópa að þeir séu hluti af samfélaginu.
- **Á þátt í því að viðhalda menningu þjóðarinnar.** Innlendur útvarpsmarkaður hjálpar til að skilgreina og viðhalda þjóðlegri sérstöðu og menningu.
- **Styður öfluga innlenda dagskrárgerð.** Útvarp í landinu endurspeglar betur þjóðleg gildi en innflutt dagskrárefni og eflir einnig þennan þátt efnahagslífsins.
- **Skapar eðlilegan hagnað í einkageiranum.** Styrkir innlendan efnahag innan viðurkenndra samkeppnismarka.

Við upphaf útvarpsstarfsemi var öll dagskrárgerð víðast hvar í höndum ríkisútvarps. Þar sem um einokun var að ræða, sem stjórnað var (að meira eða minna leyti) af ríkisstjórn, var tiltölulega auðvelt fyrir ríkisstjórnir og þjóðfélög í víðari skilningi að tryggja með beinum áhrifum á útvarpið að menningarstefnu þeirra væri fylgt.

Í flestum tilfellum, þar sem ríkisútvarp er byggt upp sem þjónustustofnun, hefur það mjög skýrt hlutverk, til dæmis að*:

- Veita notendum sínum þjónustu sem upplýsir, menntar, skemmtir og auðgar líf notendanna með þeim hætti sem markaðurinn einn er ekki fær um
- Sameina fólk til hátíðahalds, sameiginlegrar reynslu og á erfiðleikatímum
- Auðvelda fólki að víkka sjóndeildarhring sinn með námi og með því að efla færni sína
- Endurspegla þjóðir, svæði og samfélög markaðarins gagnvart sjálfum sér og markaðnum í heild.

---

* Tekið úr The BBC Beyond 2000; svipuð ákvæði er að finna í stefnuyfirlýsingum flestra ríkisútvarpsfyrirtækja sem könnunin nær til.

Ríkisútvarp við aðstæður samkeppni

Vegna kröfu um opinn markað og samkeppni við ríkisútvarp hafa mörg lönd afnumið sérleyfi á útvarpsmarkaðnum og heimilað viðskiptavæðingu útvarps (einka-/auglýsingaútvarp) (mynd 8).

Notendum býðst aðgangur að rásum um jarðstöðvar, og einnig um kapla og gervihnetti, og eru þá útvarpsfyrirtæki í sumum tilfellum staðsett utan landamæra ríkisins.

Mynd 8. **Ríkisútvarpsfyrirtæki hafa búið mismunandi lengi við samkeppni frá einkaútvarpi**



Nýju einkastöðvarnar einbeittu sér, gagnstætt ríkisútvarpi, einkum að því að hámarka notendahlutfall og skapa ágóða. Almannaþjónustuefni útvörpuðu þær fyrst og fremst vegna ákvæða í reglum, ekki að eigin frumkvæði. Ríkisútvarp reyndi í flestum tilfellum að þjóna öllum þegnum þjóðfélagsins, á meðan auglýsingastöðvar einbeittu sér að arðbærustu markhópum notenda. Ríkisútvarp eyddi mestu af dagskrárfé sínu í dýrt efni (með takmarkaðar vinsældir) svo sem náttúrufræði og listir, en auglýsingaútvarp keypti ódýrt og vinsælt skemmtiefni frá Hollywood. Þegar á þetta er litið er ekki undarlegt að nýju einkastöðvarnar juku fljótt áhorfshlutdeild sína á kostnað ríkisútvarps (mynd 9).

Mynd 9. **Hægt hefur á minnkun áhorfshlutdeildar hjá ríkisútvarpi**



Þótt þessi breyting á útvarpsmörkuðum sé æskileg að sumu leyti, er nú mun erfiðara um vik að gera frekari gæðakröfur til hins almenna útvarpsmarkaðar. Ríkisútvarp heldur (í flestum tilfellum) sínu striki, enda þótt aukinn fjöldi notenda velji meira skemmtanatengt efni frá einkaútvarpi. Þótt vandað dagskrárefni væri tiltækt í viðkomandi landi, minnkaði áhorf. Fræðilega var komið til móts við óskir notenda (vönduð dagskrá var fyrir hendi), en ekki í raun (minna var horft á vandaða dagskrá). Heildargæði margra landsmarkaða fóru minnkandi og mörgum ríkisútvarpsstöðvum mistókst að „gera það góða vinsælt og það vinsæla gott“.

Mynd 10. **Einkastöðvar eyða minna fé í eigin dagskrárgerð**



Enn fremur kemur í ljós að einkaútvarp eyðir minna í dagskrárgerð en ríkisútvarp. Skiljanleg tilhneiging einkastöðvanna til að skapa hagnað fyrir hluthafa þýðir að meira er byggt á ódýru innfluttu efni. Þetta stríðir gegn viðleitni til að viðhalda þjóðlegri menningu og halda uppi öflugri innlendri framleiðslu.

Í ljósi þessara aðstæðna þurfa stjórnvöld að finna nýjar leiðir til að hafa áhrif á landsmarkaði sína.

Frá einokun til blandaðs kerfis

Umverfið hefur gjörbreyst. Þegar samkeppni kom til skjalanna breyttist útvarpsstarfsemi úr því að vera einföld einokun í flókið og breytilegt vistkerfi, þar sem ríkisútvarp er meðal fjölda þátttakenda sem berjast fyrir tilveru sinni.

Á hverjum útvarpsmarkaði er nú fjöldi lykilhópa með mismunandi völd – notendur, ríkisstjórn/löggjafi, birgjar sem leggja til kerfi og tæki, auglýsendur, seljendur dagskrárefnis, ríkisútvarp og einkaútvarp – sem allir eiga þátt í að styrkja eða veikja heildarstöðu markaðarins. Hver þessara hópa hefur sín eigin markmið og samverkun þeirra er flókin (mynd 11).

Mynd 11. **Á útvarpssviðinu eru margir þátttakendur**



Í einföldustu markaðsmyndinni eru notendur, ríkisútvarp og einkaútvarp:

- Notendur leita eftir efni í háum gæðaflokki sem bæði er skemmtilegt og örvandi. Þetta efni getur verið fræðandi eða hreint skemmtiefni.
- Ríkisútvarp leitast við að upplýsa, mennta og skemmta með því að láta í té fjölbreytta og vandaða dagskrá og þjónustu án þess að fjármögnun sé tryggð með markaðssetningu. Í þessu skyni er send út blönduð dagskrá sem allir hafa aðgang að.
- Einkaútvarp leitast við að hámarka verðmæti hlutabréfa með því að skapa hagnað. Þetta er einkum gert með því að hámarka hlutfall arðsömustu markhópa notenda á grundvelli kostnaðarhagkvæmni (stundum á kostnað gæðanna og oft nær þjónustan ekki til allra).

En það eru aðrir þátttakendur:

- Auglýsendur sem reyna að ná til ákveðinna markhópa með því að kaupa tíma í dagskrá sem þessir hópar horfa á.
- Ríkisstjórn og löggjafi reyna að stuðla að gæða- og siðgæðiskröfum til efnis, heiðarlegri samkeppni útvarpsfyrirtækja, öflugri innlendri framleiðslu og eðlilegum hagnaði í einkageiranum.

- Birgjar dreifikerfa og tæknibúnaðar leitast við að hámarka hagnað hluthafa og er í því skyni ákjósanlegt að verða ómissandi tengiliður milli útvarpsfyrirtækis og notenda.
- Framleiðendur dagskrárefnis leitast við að hámarka hagnað, beita sköpunargáfu sinni og sjá til þess að dagskrárefni þeirra fái stóran áhorfendahóp.

Margbrotin samvinna þessara sjö markaðsaðila mótar útvarpsumhverfið. Eins og í hverju öðru rekstrarumhverfi eru þátttakendur hver öðrum háðir og þeir sem ná bestum árangri eru ekki endilega þeir sem nú eru sterkastir, heldur þeir sem best eru hæfir til að laga sig að breytingum á umhverfinu. Þessar breytingar geta orðið af völdum hvaða aðila sem er – **ef** ríkisstjórnin breytir reglum um einkaútvarp, **ef** notendur verða þreyttir á dagskrá núverandi stöðva, **ef** auglýsendur finna nýja og skilvirkari fjölmiðla, – **þá** getur allt landslagið farið úr skorðum.

Mótun hins nýja blandaða útvarpsumhverfis

Með tilkomu samkeppni hefur ríkisvaldið misst möguleikann til að hafa **bein** áhrif á útvarpsmarkaðinn. En vegna mikilvægis útvarpsgeirans hafa stjórnvöld reynt að hafa áhrif á þróun þessa umhverfis. Til þess hafa þau einkum notað tvennskonar aðferðir. **Önnur aðferðin** er sú að setja reglugerðir. Í Bretlandi eru t.d. reglur um „jákvætt" og „neikvætt" efni. Að því er það neikvæða varðar mega útvarpsfyrirtæki ekki sýna fatlað fólk eða þjóðernisminnihluta á lítilsvirðandi hátt, að því er það jákvæða varðar verða þau að halda vissum gæðum og fjölbreytni í dagskrárgerð, þar á meðal ákveðnu lágmarki af fréttum, kennslu- og fræðsluefni. Á flestum þeim mörkuðum sem rannsakaðir voru eru svipaðar reglur um jákvætt og neikvætt efni.

Í **Bandaríkjunum** hefur í raun mest verið treyst á reglusetningu. Þótt ríkisútvarp sé til (Public Broadcasting System) hefur það lítið notendahlutfall og stuðningur frá ríkinu er misjafn. Sumir halda því fram að bandaríska fyrirmyndin, þar sem tugir rása bjóða marga valkosti í frjálsu markaðsumhverfi, sé besti útvarpsmarkaður sem völ er á, og lítil eða engin þörf sé á ríkisafskiptum. Bandarískri markaðurinn býður fleiri valkosti um áhorf en annars staðar þekkjast og margir þeirra eru mjög vandaðir. Samt sem áður er fátt sem ber þess vott að þessi ofgnótt nái öllum markmiðum innlends útvarpsmarkaðar. Á bandaríska markaðnum er fjöldi af kapal- og gervihnattarásum í einkaeign sem í vissum mæli veita fræðslu fyrir almenning (t.d. Discovery Channel, The Learning Channel, The History Channel, CNN). En þeir sem reka kapalkerfi senda út slíkar rásir einungis í þeim tilgangi að afla velvildar og afskiptaleysis stjórnvalda á kapalsvæðinu. Í raun hafa slíkar rásir lágt notendahlutfall – með fáeinum undantekningum (CNN, Discovery) – (mynd 12). Þessar rásir hafa lítil áhrif haft á einkastöðvarnar.

Hin aðferðin sem ríkisvaldið getur notað til að hafa áhrif á útvarpsumhverfið er ríkisútvarp. Ríkisútvarpið er ekki lengur allsráðandi á markaðnum (með undantekningu nokkurra markaða í þriðja heiminum) en hefur fengið mikilvægt hlutverk – það að hafa áhrif á landsmarkaðinn.

Kapal- og gervitunglarásir sem veita almannaþjónustu í Bandaríkjunum hafa lítið áhorf



Ef ríkisútvarpið er sterkt, með vandaða* dagskrá og verulega áhorfshlutdeild getur það haft mikil áhrif til að móta útvarpsumhverfið. Ef það er veikt er hætta á að einkaútvarpið ráði umhverfinu, til hagsbóta fyrir hluthafana, en oft til skaða fyrir heildarumfang og gæði útvarpsmarkaðarins.

Svíþjóð er gott dæmi um hvernig mismunandi umhverfisþættir – einkum reglugerðir og ríkisútvarp – geta unnið saman til að auka gæði útvarpsmarkaðsins í heild. Einkaútvarp um jarðstöðvar hófst 1991 og nýju keppinautarnir svo sem TV3 og TV4 fengu fljótlega verulegt áhorf. En þar sem SVT er fjármagnað með afnotagjöldum hafði þetta minnkaða áhorf ekki tafarlaus áhrif á tekjur SVT. SVT tók upp vel hugsaða dagskrárstefnu (t.d. með því að senda skemmtiefni á besta tíma) en sendi áfram út fjölbreytta dagskrá og hélt þannig við áhuga á vandaðri dagskrá meðal notenda. Vegna þessa eru heildargæði sænska markaðsins mjög mikil og SVT hefur nú 50% áhorf á besta dagskrártíma (mynd 13).

* Í þessari rannsókn eru séreinkenni dagskrár metin eftir magni fræðslu-, menningar- og barnaefnis. Þessi aðferð hefur að sjálfsögðu sínar takmarkanir – einkum hvað snertir gæði slíkrar dagskrár, sem geta verið breytileg. Því miður er útilokað að mæla gæði og innihald dagskrárefnis með áreiðanlegum hætti, en við fundum veigamiklar vísbendingar um sérkenni ríkisútvarps, þeas. strangari gæðakröfur og minna um æsingastíl en í dagskrám einkastöðva.

Mynd 13. **Sænska markaðsumhverfið**



Í **Portúgal** hafa aðstæður á útvarpsmarkaði valdið hnignunarferli og versnandi gæðum ljósvakamiðla. Samkeppni um jarðstöðvar hófst 1992 og eins og í Svíþjóð náðu einkarásirnar (SIC ogTVI) fljótlega verulegum hluta af áhorfi. En þar sem ríkisútvarpið RTP var fyrst og fremst fjármagnað með auglýsingum þýddi minnkað hlutfall verulega tekjuskerðingu. Þótt ríkisstjórnin reyndi að létta byrðina með því að auka fjárframlög (með skilmálum um hvernig þeim skyldi eytt, t.d. í hljómsveitir, fræðsluefni, o.fl.) neyddist RTP til að taka upp meira viðskiptavædda stefnu til að reyna að auka auglýsingatekjur. Árangurinn er sá að heildargæði á portúgalska markaðnum eru nú tiltölulega lítil. RTP hefur upp á síðkastið lagfært samsetningu dagskrárinnar til að gera hana vandaðri og áhorfshlutdeildin er hætt að dragast saman (mynd 14).

Mynd 14. **Portúgalska markaðsumhverfið**



Með athugun á þróun blandaðra útvarpsmarkaða höfum við fundið sterkt samband milli gæða ríkisútvarps og gæða einkaútvarps á markaðnum, og þetta samband undirbyggir heildargæði útvarpsmarkaðarins (mynd 15).

Mynd 15. **Sterkt samband er milli gæða ríkisútvarpsins og heildargæða markaðarins – að því tilskildu að ríkisútvarpið hafi næga markaðshlutdeild til að hafa áhrif**



Við teljum drifkraftinn í þessari gæðahringrás vera mismunandi markmið ríkisútvarps og einkaútvarps. Óhjákvæmilega beina einkastöðvarnar kröftum sínum að því að ná miklu áhorfi og vinsældum og þær vilja síður taka áhættu með nýjungum í efni eða dagskrárgerð. Þetta má skýra með dæmi frá Bretlandi. BBC eyðir miklu fé og oft nokkrum árum í það að gera athyglisvert náttúrulífsefni svo sem *Life on Earth*. Keppinautarnir hafa, fremur en að láta BBC eftir þennan efnisflokk, gert sína eigin vinsælu náttúrulífs- og vísindaþætti, – t.d. *Survival* hjá ITV og *Equinox* hjá Channel 4. Samkeppnin milli þessara stöðva eykur gæðin og eflir smekk notenda fyrir þessu efni. Af þessu leiðir að notendahlutfall verður hátt og breskir náttúrulífsþættir eru fluttir út til yfir 110 landa.

Ólíklegt er að þessi árangur hefði náðst ef BBC hefði aldrei sent út náttúrulífsþætti. Efnið er mjög dýrt og tekið getur ár að framleiða hvern þátt; nýlegur þáttur BBC *The Human Body (Mannslíkaminn)* var meira en þrjú ár í framleiðslu. Fæst einkaútvarpsfyrirtæki geta beðið svo lengi eftir ávöxtun fjárfestinga sinna; þau gera það ekki nema árangur sé tryggður – venjulega sem áhorf.

Önnur dæmi um að einkaútvarp líki eftir vönduðum vinnubrögðum ríkisútvarps eru:

- Í Kanada hefur meiri útbreiðsla frétta hjá ríkisútvarpinu CBC fyrir áhugamenn um frönsk málefni aukið gæði svæðisútvarps. Helsti keppinautur ríkisútvarpsins, TVA, varð að auka gæði slíkra frétta sinna, og leiddi það af sér bætt gæði á samkeppnismarkaði.
- Í Þýskalandi lagði ZDF snemma áherslu á innlenda framleiðslu. Keppinautarnir urðu að endurskoða notkun sína á innfluttu efni og innlend framleiðsla hefur blómstrað.

Niðurstaðan er sú, að þótt hægt sé með reglum að þvinga einkastöðvar til að hafa nokkra vandaða þætti í dagskrá sinni (yfirleitt ekki á besta tíma), er það hættan á að missa áhorfendur yfir til ríkisútvarpsins sem knýr einkastöðvarnar til að gera vandaða þætti sem eru vinsælir og aðgengilegir.

Ríkisvald sem styður ríkisútvarp og hvetur það til að ná miklu áhorfi, nýtir eiginleika markaðarins til að fá betri afurðir – betri dagskrá hjá öllum útvarpsfyrirtækjum.

3. MÖRKUN NÝRRAR STEFNU FYRIR RÍKISÚTVARP

Um allan heim er vaxandi skilningur á mikilvægu hlutverki ríkisútvarps í nýju útvarpsumhverfi, og jafnvel enn frekar í fjölrásaumhverfi stafræns útvarps. Þessi skilningur er samfara endurnýjaðri áherslu á ríkisútvarp og í sumum tilvikum endurreisn nokkurra mikilvægra ríkisútvarpsfyrirtækja. Í þessari rannsókn okkar höfum við kynnst nýrri stefnumörkun á sviði ríkisútvarps, þar sem stefnumið eru löguð að kröfum nútímans. Í þessum kafla er fjallað um lykilatriði í þessum efnum.

Skilgreining á hlutverki og dagskrárstefnu ríkisútvarps

Um allan heim reyna ríkisútvarpsfyrirtæki stöðugt að finna gott jafnvægi milli markaðshlutdeildar og gæða. Einkaútvarp hefur það tiltölulega skýra hlutverk að ná á hagkvæman hátt áhorfi hjá eftirsóknarverðustu markhópunum, en til ríkisútvarps eru gerðar aðrar kröfur. **Ríkisútvarp** verður að hafa dagskrá með vönduðu, blönduðu efni, dagskrárefni sem tengist markmiðum þjóðfélagsins að því er varðar hinn almenna útvarpsmarkað og þessvegna:

- býður ríkisútvarp vandaða og fjölbreytta dagskrá
- endurspeglar smekk fjöldans svo og minnihlutahópa
- á ríkisútvarp þátt í því að viðhalda þjóðlegri menningu
- hefur ríkisútvarp nægan áhorfendafjölda til að hafa áhrif á keppinauta í einkageiranum
- stuðlar það að öflugri innlendri framleiðslu á dagskrárefni.

Mynd 16. **Áhorfshlutdeild* ríkisútvarps er mismikil**



Könnun okkar sýnir að árangurinn er mjög mismunandi. Í sumum löndum hefur ríkisútvarp marktækt áhorf, en lítið í öðrum löndum (mynd 16).

Einnig er marktækur munur á dagskrárgæðum (mynd 17).

Könnunin sýnir einnig að **gæðin ein nægja ekki.** Ríkisútvarp í Bandaríkjunum er með mjög vandaða dagskrá, þar sem sérstök áhersla er lögð á fræðslu, listir og samtímaviðburði. Eins er TRT í Tyrklandi með mjög vandaða dagskrá. Í báðum löndum hefur ríkisútvarp þó mjög lágt áhorfshlutfall, og dagskrá einkastöðvanna á markaðnum er ekki vönduð. Bandarískir og tyrkneskir notendur njóta þess því ekki að fá fjölbreytta, vandaða dagskrá á helstu rásum sínum.

Á sama hátt er **ekki nóg að hafa mikið áhorf.** Tiltölulega auðvelt er að ná miklu áhorfi (en getur verið dýrt). Vinsælir dagskrárliðir svo sem knattspyrna, spurningakeppni eða vinsæl Hollywoodmynd geta aflað hvaða stöð sem er aukins áhorfs. RAI 1 á Ítalíu er með dagskrá sem svipar mjög til dagskrár keppinautanna í einkageiranum. RAI 1 er með umtalsverða áhorfshlutdeild en hlutfall fræðslu-, menningar og barnaefnis er tiltölulega lágt. Þótt það láti Ítölum í té skemmtiefni sem er vinsælt meðal fjöldans, uppfyllir það ekki öll þau markmið sem lýst var hér á undan. Enn fremur hefur það lítil áhrif á dagskrá keppinautanna í einkageiranum.

Mynd 17. **Dagskrá ríkisútvarps er mjög mismunandi**



Mynd 18. **Bandaríska ríkisútvarpið (PBS) leggur áherslu á gæði fremur en áhorfshlutdeild**



Ríkisútvarp er skilvirkast þar sem tekist hefur að sameina hátt áhorfshlutfall og mikil gæði, svo sem hjá ARD og ZDF í Þýskalandi, SVT í Svíþjóð og BBC í Bretlandi. Þeim hefur tekist það vandasama verk að finna viðeigandi jafnvægi milli áhorfs og gæða. Áhorfendur stilla á vinsæla þætti, en horfa síðan áfram á dagskrárefni sem er bæði vandað og auðskilið. Að gera dagskrárefni aðgengilegt fyrir fjöldann, er erfitt verkefni, en þar sem ríkisútvarpi tekst það, hafa almenn gæði útvarpsmarkaðarins aukist, vegna þess að keppinautar finna sig knúna til að gera það sama.

- Í Bretlandi hefur góður árangur BBC við það að ná miklu áhorfi á náttúrulífsþætti leitt af sér vandaða náttúrulífsþætti eins og *Survival* hjá einkaútvarpinu ITV. Á sviði leikinna þátta hefur *Pride and Prejudice* hjá BBC leitt af sér *Moll Flanders* og *Hornblower* hjá ITV.
- Í Þýskalandi hafa gæði frétta hjá ARD og ZDF hvatt RTL til að gera fréttaþættina *Spiegel TV* sem eru gerðir í samvinnu við eitt af virtustu fréttatímaritum Þýskalands.
- Eins hefur árangur SVT við gerð vandaðra leikrita hvatt TV3 til að hefja framleiðslu á vönduðum leikritum. SVT hefur tekist mjög vel að hvetja keppinautana til að gera vandaðar dagskrár (mynd 20).

Samkvæmt þessu getum við raðað útvarpsstöðvum í könnun okkar í þrjá flokka eftir áhorfshlutdeild og gæðum:

- **Áhersla á gæði fremur en áhorf.** Skipulag og lagarammi þvinga ríkisútvarp í ýmsum tilfellum til þess að leggja fremur áherslu á gæði en áhorfshlutdeild. Til dæmis hefur PBS í Bandaríkunum aðeins brot af fjármagni stærstu einkastöðvanna og hefur kosið að leggja áherslu á sérgreind svið. Þótt það hafi nokkur áhrif á þessum sérgreindu sviðum, eru áhrif þess á útvarpsmenningu í Bandaríkjunum óveruleg.

  Vert er að gefa gaum að því að sum sérsvið í starfsemi ríkisútvarps eru fjármögnuð með sérstökum ráðstöfunum – t.d. NZ On Air á Nýja Sjálandi og Channel 4 í Bretlandi. Þótt fjármögnun af því tagi geti leitt af sér vandaðar dagskrár, er oft um að ræða lítið svigrúm sökum takmarkaðs fjármagns og þess vegna er áhorf lítið.
- **Áhersla á áhorf fremur en gæði.** Í sumum tilvikum hefur ríkisútvarpið lagað sig meira að smekk fjöldans í því skyni að auka áhorf eða eða viðhalda því – oft knúið af nauðsyn þess að auka auglýsingatekjur vegna þess að aðrar tekjur hafa verið skertar. Á Ítalíu hefur RAI gert þetta á aðalrás sinni RAI 1. Sé þessu lengi áfram um langa hríð, er ríkisútvarpið berskjaldað gagnvart kröfum um einkavæðingu, þar sem lítill munur er á því og keppinautunum í einkageiranum.

Mynd 19. **Ríkisútvarp Ítalíu (RAI) leggur áherslu á áhorf fremur en gæði.**



Mynd 20. **Ríkisútvarp Svíþjóðar leggur áherslu jafnvægi milli áhorfs og gæða**



- **Jafnvægi milli áhorfs og gæða.** Á mörgum útvarpsmörkuðum hefur komið til sögunnar nýtt fyrirkomulag sem gerir ríkisútvarpi kleift að halda verulegu áhorfi án þess að glata sérstöðu sinni. T.d. hefur SABS í Suður-Afríku – eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir – breyst úr útvarpi sem beinist að hvíta minnihlutanum í útvarp sem reynir, innan ákveðinna marka, að höfða til allrar þjóðarinnar með blöndu af vinsælu og alvarlegu efni. Á svipaðan hátt hefur SVT í Svíþjóð haldið mikilvægu áhorfi ásamt því að uppfylla skyldur sínar um almannaþjónustu.

  Í Þýskalandi er öflugt ríkisútvarp (ARD og ZDF) og þannig stuðla Þjóðverjar að útvarpsmarkaði þar sem einkastöðvar bjóða vandaða dagskrá. Í sama tilgangi voru enn fremur settar reglur sem banna ARD og ZDF að selja auglýsingar í dagskrá eftir kl. 20. Meiri áhersla á auglýsingatengda dagskrá á besta áhorfstíma skilar ríkisútvarpinu því engum tekjum. Portúgalski markaðurinn, þar sem ríkisútvarp hefur tiltölulega lítið áhorf, býður miklu minna af fræðslu-, menningar- og barnaefni samanborið við Þýskaland. Þótt strangari reglur kynnu að bæta gæði dagskrár einkastöðva í Portúgal, bendir margt til þess að áhrifaríkara væri ef ríkisútvarpið RTP leggði sig fram um að afla vandaðri og sérstæðri dagskrá meiri vinsælda.

Umbætur í rekstri

Ríkisútvarp hefur hvarvetna þurft að gæta þess að dragast ekki aftur úr og hefur því þurft að hagræða í rekstri og minnka kostnað. Aukin útgjöld vegna hækkandi verðs á sýningarrétti og hækkandi launum afburðafólks ásamt takmarkaðri tekjuaukningu gera ríkisútvarpi óhjákvæmilegt að hagræða. Náðst hefur aukin hagkvæmni í rekstri með betri tækni, betri skipulagningu, yfirburðum í markaðssetningu, skilvirkari dagskrárgerð, sveigjanlegra vinnuafli og skipulagsbreytingum, einkum með því að koma á innri markaði. Kveikjan að mörgum þessara aðgerða var það sem einkastöðvarnar gerðu.

Til dæmis hafa margar ríkisútvarpsstöðvar í könnun okkar (þar með taldar BBC, F3, RTVE, RAI og NRK) komið á einhverskonar innri markaði til að auka skilvirkni í rekstri (mynd 21). Þótt flestar ríkisútvarpsstöðvar séu með stórar framleiðslueiningar, eru þessar einingar ekki alltaf skilvirkar. Þegar innri markaður er fyrir hendi geta dagskrárstjórar valið um að gera dagskrá innanhúss eða fela verkið utanaðkomandi verktaka. Þessi markaðsþrýst-

ingur hefur leitt til aukinnar skilvirkni hjá næstum öllum ríkisútvarpsstöðvum sem hafa nýtt hann. Slíkar markaðsaðstæður hafa einnig áhrif í þá átt að styrkja innlenda dagskrárgerð.

Mynd 21. **Opið val á framleiðendum leiddi til verulegrar hagkvæmni hjá BBC**

Skilgreining	Kostir
Formlegur aðskilnaður dagskrárstjórnar og framleiðslu - dagskrárstjóri getur valið um að láta gera dagskrá innanhúss eða fela það fyrirtæki utanhúss	**Sparnaður** - samkeppni millli innri framleiðslueininga og utanaðkomandi fyrirtækja hvetur til skilvirkni og minnkar kostnað. 300M £ spöruðust milli 1992/3 og 1995/6 og þar af runnu 223M £ til frekari dagskrárgerðar **Yfirfærsla á kunnáttu - sam**starf með öðrum fyrirtækjum kynnir ríkisútvarpinu nýja tækni sem það hefur ef til vill ekki notað áður og veitir því aðgang að bestu hæfileikamönnum utanhúss. **Öflugri einkageiri** - aukin eftirspurn frá ríkisútvarpi skapar öflugri óháðan geira, sem leiðir til aukinna gæða og möguleika á auknum útflutningi

Nokkur útvarpsfyrirtæki í þjóðareigu hafa náð góðum árangri í því að breyta dagskrá sinni í þá átt að bæta bæði gæði og áhorf. Þau hafa gert sér ljóst mikilvægi þess að nota dagskrárþætti með miklu áhorfi til að styrkja dagskrá sína á besta tíma. Ríkisútvarp getur til dæmis gegnt hlutverki sínu á mjög skilvirkan hátt með því að hafa vandaða dagskrá næst á eftir vinsælum þætti sem dregur að áhorfendur. Á þennan hátt getur það hvatt áhorfendur til að horfa á dagskrá sem ólíklegt er að þeir stilltu á að öðrum kosti. Á svipaðan hátt má raða saman dagskrá þannig að á eftir áhugaverðustu þáttum komi sérhæft dagskrárefni fyrir smærri markhópa.

Til dæmis hefur France 3 náð góðum árangri með því að nota svæðisfréttir kl. 19.00 sem inngang að kvölddagskrá sinni. Sem helsta landshlutaútvarp* í Frakklandi hefur F3 aukið fjárfestingu í svæðisfréttum og notað þær til að skapa sérstöðu. Þegar það hefur náð áhorfendum við upphaf besta áhorfstímans (og hefur þá tækifæri til að auglýsa væntanlega dagskrá) hefur það betri möguleika til að halda áhorfendum að minnsta kosti hluta þess sem eftir er af kvöldinu. Á svipaðan hátt er SVT með vinsæla skemmtidagskrá þegar besti áhorfstími hefst. Það sem eftir er af dagskránni er jafn þungt og verið hefur, en áhorf fer vaxandi.

Leiðir til vaxtar og þróunar

Á sama hátt hefur ríkisútvarp þurft að þróa nýja þjónustu og ryðja braut nýrri tækni sem skapar vaxtarmöguleika. Aðrir notendur (einkum herinn) hafa látið eftir tíðnisvið og fjölrása (bráðum stafrænt) sjónvarp hefur breiðst út. Þessi þróun skapar tækifæri jafnframt því að vera ógnun. Ýmsar ríkisútvarpsstöðvar bjóða nýja þjónustu og þær hafa einnig notað tæki-

* Í þessari skýrslu hafa F2 og F3 verið rannsakaðar hvor í sínu lagi, einkum vegna þess að þær eru í samkeppni hvor við aðra. Þótt F3 sé að nafninu til landshlutaútvarp er meiri hluti dagskrárinnar miðaður við landið allt og hún á í harðri samkeppni við F2. Þótt ríkisútvarp í öðrum löndum hafi fleiri en eina rás, eru dagskrár einstakra rása ekki í samkeppni hver við aðra (BBC1 og 2, SVT 1 og 2, ARDI og III).

færið til að afmarka frekar markmið einstakra rása (almenn skírskotun eða sérgreind áhugasvið o.s.frv.). Það fyrirkomulag og aukin nýting safnaefnis ríkisútvarpsins gefa færi á frekari þróun sérhæfðra rása.

Meðal dæma má nefna:

- Í Þýskalandi hafa ARD og ZDF sett upp þrjár vinsælar rásir með efnisflokkunum þingmál, saga og barnaefni. Barnarásin, Kinderkanal, er nú vinsælasta barnarás í Þýskalandi (og olli því að Nickelodeon-rás Viacom-fyrirtækisins hvarf af þýska markaðnum).*
- Í Bretlandi hefur BBC sett upp þrjár rásir – BBC News 24, BBC Choice og BBC Parliament – og kennslurás (Learning Channel) er í undirbúningi.
- CBC í Kanada hefur sett upp fréttarásir (á frönsku og ensku) og menningarrás.

Þótt nokkuð hafi verið deilt um framboð ríkisútvarps á sérhæfðum rásum er ekkert sem bendir til þess að slíkt hafi skaðað útvarpsmarkaðinn í heild. Líkt og ríkisútvarp með almenna landsrás getur aukið gæði hjá öllum útvarpsstöðvum á markaðnum, getur útsending ríkisútvarps á sérhæfðri rás aukið gæðin innan þess efnisflokks á markaðnum almennt. Sé gert ráð fyrir að á markaðnum rúmist tvær útvarpsrásir með sérhæfðu efni, ætti sérhæft ríkisútvarp að geta komið af stað sömu gæðahringrás innan þess efnisflokks og almennt ríkisútvarp gerir á útvarpsmarkaðnum í heild.

4. ÁKVEÐIN HÆFILEG FJÁRMÖGNUN RÍKISÚTVARPS

Til lengri tíma litið, velta afdrif og árangur ríkisútvarps á mörgum atriðum, en þó er rétt fjármögnun að öllum líkindum mikilvægasta forsendan. Í þessari könnun höfum við fundið dæmi um útvarpsstöðvar þar sem aðferðin við fjármögnun var annaðhvort lykilforsenda fyrir góðum árangri eða á hinn bóginn dragbítur. Best er að fjármagna ríkisútvarp með því móti að:

- Fjárhagur nægi til að skapa raunverulegan keppinaut einkastöðvanna
- Fjármögnun sé óháð óæskilegum áhrifum ríkisstjórnar eða hagsmunaaðila
- Tryggja að tekjur séu traustar og stöðugar yfir lengra tímabil
- Tekjur vaxi jafnt og/eða hraðar en kostnaður ríkisútvarpsins
- Fjármögnun sé nógu einföld og sanngjörn til að valda ekki pólitískum deilum.

Nægar tekjur

Stærðargráða fjármagns sem rennur til ríkisútvarps er mjög mismunandi eftir löndum, bæði í heild og miðað við höfðatölu (myndir 22 og 23).

---

* Þótt sjálfstæðum dreifikerfum sé ekki lögum samkvæmt skylt (must carry) að bjóða Kinderkanal, hefur vönduð og fjölbreytt dagskrá rásarinnar og tengsl hennar við ARD og ZDF leitt til þess að kapalkerfi og gervihnattakerfi hafa bætt henni í sjónvarpsrásaframboð sitt.

Mynd 22. **Heildartekjur* ríkisútvarps eru mismunandi**



Mynd 23. **Tekjur* ríkisútvarps eru mismunandi miðað við höfðatölu**



Við fundum sterkt samband á milli umfangs tekna og möguleika ríkisútvarpsins á að halda nægri áhorfshlutdeild og hafa þannig áhrif á markaðinn (mynd 24).

Enda þótt það geti verið freistandi að skera niður fjárveitingar ríkisútvarps sem virðist standa sig slælega (eða á hinn bóginn mjög vel), verða stjórnvöld að hafa í huga það mikilvæga hlutverk sem ríkisútvarp gegnir í markaðsumhverfinu. Ríkisútvarp sem er nauðbeygt að eltast við markaðshlutdeild til að stoppa í fjárhagsgötin (t.d. Portúgal, Spánn), á erfitt uppdráttar. Slík þróun hefur áhrif á heildargæði markaðarins og það getur tekið skamman tíma fyrir smekk áhorfenda að falla niður á lægsta mögulega samnefnara.

Mynd 24. **Tekjur miðað við höfðatölu hafa áhrif á áhorfshlutdeild**



Sjálfstæður fjárhagur

Lykilatriði í starfsemi ríkisútvarps er að það sé álitið hlutlaust og traustvekjandi.

Fjármögnun þess getur haft mikil áhrif á skoðanir almennings. Fjárveitingar úr ríkissjóði geta skapað þá ímynd að ríkisútvarpið sé hliðhollt ríkisstjórninni. Í Suður-Afríku var umfjöllun SABC um fréttir og samtímaatburði oft dregin í efa af gagnrýnendum sem töldu það of vinsamlegt ríkisstjórninni.

Auglýsingar geta haft enn meiri áhrif. Könnun okkar sýnir að ef mikið þarf að treysta á auglýsingar leiðir það óhjákvæmilega til þess að meira er sóst eftir lýðhylli og minna er af vönduðu efni í dagskránni (mynd 25).

Mynd 25. **Auglýsingum fylgir eftirsókn eftir lýðhylli við gerð dagskrár**



Þetta er mjög áberandi á útvarpsmörkuðum þar sem samkeppni um auglýsingar fer vaxandi. Þessi áhrif aukast ef rásin er einnig háð opinberum fjárframlögum sem aukast eða minnka eftir geðþótta stjórnvalda. Þessi sókn eftir lýðhylli á kostnað gæða getur spillt vandaðri dagskrá ríkisútvarps.

Rannsókn okkar á tekjum allmargra ríkisútvarpsfyrirtækja sýnir að milli 1993 og 1996 minnkuðu auglýsingatekjur sem hlutfall af heildartekjum, en dagskrá útvarpsrása sem höfðu tekjur af auglýsingum var í stórum dráttum óbreytt. Dagskráin miðaðist semsagt áfram við lýðhylli, en tekjurnar fóru minnkandi.

Meginorsök minnkandi tekna virðist vera aukin samkeppni um auglýsingar. Því er það svo að ef auglýsingaháð ríkisútvarp ætlar að auka tekjur sínar verður það að ganga enn lengra í því að breyta dagskrá til að auka lýðhylli.

Ríkisútvarp í slíkri stöðu getur fundið sig fjárhagslega knúið til að láta sérstöðu sína lönd og leið, ef fjármögnun er ekki breytt í grundvallaratriðum. Og eins og við höfum þegar sýnt fram á, skaðar sú þróun allan útvarpsmarkað í viðkomandi landi.

Mynd 26. **Ríkisútvarp er fjármagnað á mismunandi hátt**



Áreiðanlegar tekjur

Í langflestum löndum er ríkisútvarp annaðhvort fjármagnað með opinberu fé (afnotagjöldum eða fjárveitingum) eða með blöndu af opinberu fé og auglýsingum og kostun (myndir 26 og 27).

Rannsókn okkar varpar ljósi á nokkur lykilatriði allra þessara fjármögnunaraðferða:

Mynd 27. **Fjármögnun ríkisútvarps er mismunandi samsett**



Mynd 28. **Auglýsingatekjur eru óvissar**



- **Auglýsingar.** Auglýsingatekjur eru oft óvissar (mynd 28), vegna þess hve háðar þær eru sveiflum í viðskiptalífi og áhrifum samkeppni. Þetta gerir ríkisútvarpi erfitt fyrir að skipuleggja fjárfestingar, hvort sem er vegna dagskrár eða umbóta í rekstri. Eftir því sem samkeppni um auglýsingar eykst þurfa útvarpsstöðvarnar að grípa til æ flóknari verð- og birtingastýringar á auglýsingum, til að skapa sama tekjustig og er nú. Óvissan eykst væntanlega þegar þeir sem fyrir eru á markaðnum mæta nýjum keppinautum.

Mynd 29. **Fjárveitingar eru einnig óvissar**



- **Fjárveitingar ríkisvalds.** Í löndum þar sem ríkisútvarp byggir á beinum opinberum fjárveitingum, hafa tekjur einnig verið mjög óvissar og það torveldar útvarpinu að halda sig innan ramma fjárhagsáætlunar og uppfylla jafnframt væntingar stjórnvalda (mynd 29). Það að ríkisútvarpið sé á fjárlögum skapar enn fremur hættu á skerðingu fjárframlaga á samdráttartíma þegar hagvöxtur fer minnkandi. Enn fremur tekur þessi tilhögun óhóflega mikið af tíma stjórnendanna.

Mynd 30. **Tekjur af afnotagjaldi eru öruggar**



- **Afnotagjald.** Rannsókn okkar sýnir að fjármögnun með afnotagjaldi hefur verið **stöðugri og áreiðanlegri** en aðrar tegundir fjármögnunar (mynd 30). Þetta gerir ríkisútvarpi kleift að fjárfesta markvisst í dagskrárgerð eða umbótum á rekstri, þar eð stofnunin getur treyst á fastar tekjur á afnotagjaldstímabilinu.

Stöðugur vöxtur tekna

Vöxtur og viðgangur er mismunandi hjá ríkisútvarpsstöðvum, en þeim gengur verst sem eru með blandaða fjármögnun byggða á fjárveitingum og auglýsingum.

Mynd 31 **Tekjuaukning* ríkisútvarps er mismunandi eftir mörkuðum**



Við höfum enn fremur skoðað mismun á fjármögnun með afnotagjöldum. Upphæð afnotagjalda er talsvert mismunandi milli landa (mynd 32) – og einnig heildaraukning tekna. Ríkisútvarp sem er fjármagnað með afnotagjaldi vex yfirleitt hægt og örugglega, en sé það einnig fjármagnað með auglýsingum getur brugðið til beggja vona. Upphæðin sem notendur greiða er einnig talsvert misjöfn, enda þótt munurinn minnki þegar tekið er tillit til kaupmáttar.

Mynd 32 **Aukning afnotagjalda af litasjónvarpi er mismunandi eftir mörkuðum (1993–98)**



Kostnaður í þessum geira **vex hraðar en verðbólga.** Ástæður eru einkum þær að verð á sýningarrétti fer hækkandi og að flestir starfsmenn útvarps eru mjög færir og vinna í samkeppnisumhverfi. Samkeppni um sýningarrétt og færa starfsmenn eykst, og við það bætist að verða nýjar aðferðir við dagskrárgerð fyrir nýja tækni (t.d. gagnvirkni) verða óhjákvæmilega dýrari en hefðbundin dagskrá. Ef ríkisútvarp á að verða virkt mótvægi við einkaútvarp verður fjármögnun þess að vera **í takti við kostnað.**

Einfaldar og sanngjarnar aðferðir við tekjuöflun

Víða þar sem ríkisútvarp byggir starfsemi á afnotagjaldi eru gerðar undanþágur fyrir ákveðna þjóðfélagshópa. Í mörgum ríkjum eru blindir þegnar undanþegnir afnotagjaldi eða greiða lægra gjald (svo sem í Bretlandi). Í sumum löndum er afnotagjald aldraðra eða tekjulágra einnig lækkað. Í þessum löndum hefur komið í ljós að tekjulækkun ríkisútvarps af þessum völdum kallar á umtalsverðar lagabreytingar.

- Í Frakklandi gaf stjórn Mitterands út tilskipun árið 1982 sem kvað á um að fólk yfir 60 ára aldri með lágar tekjur skyldi undanþegið afnotagjaldi. Með tímanum fjölgaði fólki í þessum flokki og tekjutapið sem leiddi af þessari tilskipun varð umtalsvert. Vegna þrýstings frá France 2 og France 4 var gerð breyting á þessari tilskipun árið 1993 þar sem aldursmarkið var hækkað í 65 ár. (Þeir sem þegar nutu undanþágu héldu henni þó eftir sem áður). Þrátt fyrir þessa breytingu var tekjutapið áfram verulegt og 1996 var undanþágan takmörkuð með nýrri lagasetningu, þannig að frá 1. janúar 1998 nær hún aðeins til þeirra sem eru yfir 65 ára aldri og með mjög lágar tekjur (mynd 33).

Mynd 33. **Undanþágur frá afnotagjaldi í Frakklandi voru skertar**



- Svipað ástand skapaðist á **Nýja Sjálandi.** Fólk sem var yfir sextugt og naut lífeyris frá ríkinu eða stríðslífeyris hafði rétt til 33% lækkunar á afnotagjaldi en nú er verið að hækka mörkin á þriggja mánaða fresti upp í 65 ár.

  Það kemur ekki á óvart að mæta þurfi verulegum undanþágum frá afnotagjaldi með því að skapa ríkisútvarpinu aðrar tekjur – annaðhvort eru fjárframlög aukin eða þjónustan skert. Hvorugur kostur er æskilegur frá sjónarmiði stjórnvalda og þorra áhorfenda. Áðurnefnd dæmi sýna, að undanþágur veittar af skammsýni, valda álagi á starfsemi ríkisútvarpsins og leiða til ýmissa pólitískt erfiðra breytinga.

  Oft njóta þeir hópar sem valdir eru til undanþágu – aldraðir, tekjulágir og fatlaðir – þegar tiltölulega mikillar þjónustu. Þessir hópar horfa meira á sjónvarp en meðaláhorfandi og líta má svo á að þeir greiði lágt einingarverð fyrir notaðan sjónvarpstíma (mynd 34). Ríkisstjórnir hafa gjarnan tilhneigingu til að bjóða undanþágur sem tekjuuppbót, en þær eru ekki gerðar í takt við starfsemi útvarpsins; þessir hópar njóta yfirleitt góðrar þjónustu frá bæði ríkisútvarpi og einkaútvarpi.

Mynd 34. **Aldraðir í Bretlandi horfa mikið á sjónvarp**



5. FORSENDUR RÍKISÚTVARPS TIL FRAMBÚÐAR

Rannsókn okkar sýnir fram á óvæntan sveigjanleika í ríkisútvarpsgeiranum. Gagnstætt því sem búist var við fyrir nokkrum árum hefur ríkisútvarp víða lagað sig vel að nýju samkeppnisumhverfi og telst enn meðal vandaðasta og vinsælasta útvarps í heimi. Í öðrum löndum hefur ríkisútvarpi aftur á móti ekki vegnað jafn vel. Ríkisútvarp sem blómgast hefur í öllum tilfellum lagað sig að nýjum markaðsaðstæðum og lagt grunn að framtíðarvexti. Þetta er mjög mikilvægt fyrir útvarpsmarkaðinn heima fyrir.

Þegar niðurstöður okkar eru dregnar saman kemur í ljós að:

- Öflugt ríkisútvarp er driffjöður fyrir öflugt og vandað útvarp í heimalandinu. Þau lönd sem eru með fjölbreyttasta dagskrá á öllum útvarpsstöðvum (Bretland, Þýskaland, Svíþjóð) eru með öflugt ríkisútvarp sem ryður brautina.
- Á þessum mörkuðum hafa menn að yfirlögðu ráði kosið að fjármagna ríkisútvarpið að mestu með afnotagjöldum. Það hefur tryggt þessum útvarpsstöðvum stöðugt, áreiðanlegt og fullnægjandi tekjustreymi.
- Þar sem ríkisútvarpi hefur tekist best að bæta starfsemi sína, eru mörg dæmi um að menn noti hugmyndir frá keppinautunum um dagskrárröðun, niðurskurð á kostnaði og þróun nýrra miðla.

Mynd 35. **Aðgengi að mörgum rásum hefur mikil áhrif á áhorfshlutdeild ríkisútvarps**



Mynd 36. **Áhorfshlutdeild stærstu sjónvarps-samsteypa í Banda-ríkjunum minnkar ört**



Framtíðarstefna ríkisútvarps er ekki einföld. Saumað er að ríkisútvarpi á sviði fjármögnunar, samkeppni og kostnaðar og þegar stafræna tímabilið gengur í garð verða hlutirnir enn flóknari.

Á stafrænni öld munu framleiðendur hágæðadagskrár sjá fram á þörf fyrir aukna fjárfestingu. Þótt afkastageta kunni að vera fyrir hendi til að senda út sérhæfðar rásir munu slíkar rásir aðeins geta borið lágan dagskrárkostnað á hvern útsendingartíma. Lítill tilkostnaður getur ekki staðið undir vinsælli dagskrá af því tagi sem auglýsendur þurfa á að halda til þess að ná til fjölmenns áhorfendahóps. Framleiðendur munu einnig áfram þurfa fjölbreyttar, almennar og útbreiddar rásir til þess að kosta dagskrárframleiðsluna. Jafnhliða fjölgun rása – einkum þegar stafræn tækni er tekin upp – má búast við að áhorfshlutdeild dreifist og það bitni sérstaklega á stórum landsrásum. Nú þegar bólar á þessari þróun. Á breskum heimilum sem hafa aðgang að fjölda sjónvarpsrása er minna horft á helstu jarðstöðvarásirnar en á heimilum án fjölrásakerfis. Enn fremur fer áhorfshlutdeild stóru landsrásanna í bandarísku sjónvarpi stöðugt minnkandi (mynd 35 og 36).

Sé það eitt af hlutverkum ríkisútvarps að stuðla að félagslegri samstöðu með því að framleiða vandaða dagskrá sem höfðar til fjöldans og stór hluti áhorfenda getur séð samtímis, þá vandast málið með fjölgun sérhæfðu rásanna. Með stöðugri fjölgun rása sem höfða til smærri og smærri markhópa, heldur áhorfið áfram að dreifast.

Þótt líklegt sé að ríkisútvarpið haldi áfram að útvarpa frá meiri háttar atburðum sem hafa áhrif á þjóðlífið, verður erfiðara að ná daglega til þeirra áhorfenda sem sjaldan stilla á stöðina.

Það er því ljóst að ríkisútvarpi ber nauðsyn til að efla kjarnann í landsrásum sínum. Þetta verður fremur dýrt, en ef landsrásirnar eru ekki öflugar, hefur ríkisútvarpið lítil áhrif. Auk þess að þjóna meginhlutverki ríkisútvarpsins getur landsrásin verið fyrirmynd annarrar þjónustu, undirbyggt framleiðslu dagskrárefnis og verið miðdepill fyrir heildarframboð ríkisútvarpsins.

Í þessu umhverfi fjölgandi valkosta nær ríkisútvarp bestum árangri (og bætir með áhrifum sínum allan útvarpsgeirann í landinu) þegar það:

- hefur það hlutverk að senda út vandaða dagskrá og jafnframt að hafa mótandi áhrif á útvarpsmarkaðinn í heild.
- sendir út vinsæla dagskrárþætti (án þess að slakað sé á gæðum) til að ná til áhorfenda, svo að þeir séu sáttir við að horfa á ýmislegt annað dagskrárefni – einkum á sviði fræðslu og upplýsinga.
- er vel skipulagt og með sambærilega – ef ekki meiri – kostnaðarhagkvæmni en keppi-

nautar í einkageiranum; og getur skilmerkilega komið sérstæðum kostum sínum á framfæri við áhorfendur.
- býður nýja þjónustu til að styðja og styrkja stöðu sína meðal notenda. Býður enn fremur fleiri valkosti og þægindi – til dæmis meiri umfjöllun um íþróttaviðburði sem ríkisútvarpið hefur sýningarétt á – og veitir áhorfendum þannig meira fyrir peningana.
- hefur öruggan fjárhag sem gerir ríkisútvarpinu kleift að halda áhorfshlutdeild sinni og hafa þarmeð bein áhrif, og gerir því kleift að fjárfesta í nýrri þjónustu og taka „áhættu“ í dagskrárgerð sem ólíklegt er að einkaútvarp leggi í.

Þessir hornsteinar þróast samhliða því að stafræna öldin gengur í garð. Til dæmis kann notkun áhorfenda á rafrænum dagskrárvísi (Electronic Program Guide, EPG) að aukast og móta áhorfsvenjur þeirra. Þannig getur EPG komið í stað venjulegs dagskrárskipulags almennu rásarinnar (þ.e. EPG lærir áhorfsvenjur notandans og gerir tillögur um hvað hann skuli horfa á og velur þætti af öllum rásum til að fylla kvölddagskrá hans).

Fremstu ríkisútvarpsfyrirtækin munu halda áfram að laga sig að stafræna umhverfinu eins og þau hafa gert í fjölrása umhverfinu. Árangur ríkisútvarps er ekki tryggður á stafrænu öldinni, í sumum löndum verður það hugsanlega einkavætt, annars staðar dregst það saman og hugsanlegt er að veikustu fyrirtækin hverfi. En forsendur þess að ná árangri breytast ekki: fjölbreytt blanda af gæðaefni, veruleg hlutdeild í áhorfi og hlustun, næg og trygg fjármögnun og lítil yfirbygging.

Ríkisútvarp ber mikilvæga ábyrgð á útvarpsmarkaðnum heima fyrir. Það leggur línurnar í allri útvarpsstarfsemi. Því er það hagur allra útvarpsnotenda að sjá til þess að svo verði áfram og að útvarp verði það víðtæka, örvandi þjóðfélagsafl sem það hefur verið meiri hluta síðustu aldar.

508. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fólksflutningar og afnotagjald eða aðgangseyrir sem innheimtur er fyrir notkun samgöngumannvirkis. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum tölulið.

2. gr.

5. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, hvort sem þau eru seld prentuð eða á rafrænu formi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum vegna innheimtu virðisaukaskatts af samgöngumannvirkjum annars vegar og útgáfu blaða og tímarita hins vegar.

Í 1. gr. er gerð tillaga um að sala aðgangs og afnota af samgöngumannvirkjum, t.d. göngum, verði undanþegin virðisaukaskatti. Ósanngjarnt er að ríkið innheimti virðisaukaskatt fyrir gjöld sem reidd eru af hendi fyrir notkun samgöngumannvirkis. Hið opinbera innheimtir veruleg gjöld með ýmsum álagningum á farartæki og eldsneyti. Engin rök mæla með því að sanngjarnt sé að leggja aukaálögur í formi virðisaukaskatts á ferðir slíkra ökutækja þegar þau fara um samgöngumannvirki eða með ferjum.

Eina samgöngumannvirki landsmanna í dag þar sem innheimt eru afnotagjöld (veggjöld) er göngin undir Hvalfjörð. Þau voru tekin í notkun 11. júlí 1998. Hið opinbera endurgreiddi á sínum tíma virðisaukaskatt vegna kostnaðar við gerð ganganna, en hefur frá því þau voru opnuð innheimt 14% virðisaukaskatt af veggjöldum. Taflan sem hér fer á eftir sýnir veggjöld og virðisaukaskatt á þau:

Tímabil	Veggjöld í millj. kr.	Virðisaukaskattur í millj. kr.
Júlí 1998 til september 1998	202,7	28,4
Október 1998 til september 1999	811,3	113,6
Október 1999 til september 2000	774,1	108,3
Október 2000 til september 2001	844,4	118,2
Október 2001 til september 2002	879,8	123,2
Október 2002 til september 2003	904,8	126,7
Október 2003 til júní 2004	574,2	80,4
Samtals	**4991,3**	**698,8**

Hvalfjarðargöngin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem samgöngubót sem komið hefur landsmönnum öllum til góða. Þau hafa stytt vegalengdir, aukið umferðaröryggi og styrkt byggðarlög. Enginn vafi leikur á því að hið opinbera hefur sparað verulegar fjárhæðir sem annars hefðu einkum runnið til viðhalds og reksturs vegar fyrir Hvalfjörð. Miklir fjármunir hafa einnig sparast vegna þess að slysatíðni á veginum fyrir Hvalfjörð er nú nánast engin. Fyrir tíma Hvalfjarðarganga voru alvarleg umferðarslys sem leiddu til örkumla og dauða árlegur viðburður á þeim vegi. Hvalfjarðargöngin hafa einnig orðið mikilvæg forsenda fyrir því að styrkja Vesturland sem atvinnusvæði. Síðast má geta þess að þau hafa auðveldað íbúum höfuðborgarsvæðisins að nýta sér dýrmæta möguleika til útivistar og ferðalaga um Vesturland, Vestfirði og Norðurland. Allir þessir jákvæðu þættir gera það að verkum að innheimta virðisaukaskatts af veggjöldum er ósanngjörn og ætti því að leggja hana af. Þetta gæti orðið verulegt skref í þá átt að lækka gjöld í Hvalfjarðargöngin.

Í 2. gr. þessa frumvarps er gerð tillaga um að 5. tölul. 14. gr. laganna verði breytt þannig að sala þeirra blaða og tímarita sem þar er kveðið á um að falli undir 14% virðisaukaskatt verði sú sama hvort sem þau eru gefin út á prenti eða á rafrænu formi.

Nú er 14% virðisaukaskattur lagður á slíka útgáfu ef hún er á pappír en 24% virðisaukaskattur ef hún er á netinu. Þetta ósamræmi styðst ekki við nein rök og rýrir möguleika útgáfufélaga til að selja efni sitt á rafrænu formi með hjálp tölvutækni. Með bættri tækni og aukinni flutningsgetu um internetið verður stöðugt algengara að blöð og tímarit séu boðin til sölu á rafrænu formi. Slíkur dreifingarmáti auðveldar til að mynda neytendum sem búa fjarri útgáfustöðum, annaðhvort hér á landi eða erlendis, að njóta útgefins efnis um leið og það kemur út.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 sem tekur m.a. mið af uppgjörstímabili virðisaukaskatts.

509. Fjáraukalög [76. mál]

fyrir árið 2004.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 403.

510. Fyrirspurn [402. mál]

til umhverfisráðherra um rekjanleika kjöts.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur um rekjanleika og merkingar um upprunaland á innfluttu kjöti?
2. Ef svo er, hvenær má vænta reglugerðar um rekjanleika og merkingar á innfluttu kjöti?
3. Hvenær má vænta þess að upprunamerkingar á innlendu kjöti skili sér á neytendaumbúðir?

511. Fyrirspurn [403. mál]

til umhverfisráðherra um iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur eitthvað verið gert til að draga úr magni iðnaðarframleiddra transfitusýra í matvælum?
2. Stendur til að ákvarða leyfilegt hámarksmagn iðnaðarframleiddra transfitusýra í mat og setja reglur um innihaldslýsingar á slíkri matvöru?

512. Fyrirspurn [404. mál]

til landbúnaðarráðherra um erfðabreytt aðföng til landbúnaðar.

Frá Þuríði Backman.

Hvað líður reglugerð um erfðabreytt efni í fóðri samkvæmt nýlegri tilskipun Evrópusambandsins?

513. Fyrirspurn [405. mál]

til menntamálaráðherra um rekstur grunnskóla.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að rekstur grunnskóla verði færður frá sveitarfélögum til ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

514. Fyrirspurn [406. mál]

til umhverfisráðherra um veiðar á rjúpu, gæs og öndum.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hyggst ráðherra aflétta banni við veiðum á rjúpu?
2. Hyggst ráðherra banna veiðar á gæsum eða öndum?

Skriflegt svar óskast.

515. Fyrirspurn [407. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslukostnað á landsmótum Ungmennafélags Íslands.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Ungmennafélag Íslands þurfi ekki að greiða löggæslukostnað á landsmótum og unglingalandsmótum sínum?

Skriflegt svar óskast.

516. Fyrirspurn [408. mál]

til menntamálaráðherra um samráð við sérsambönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hefur verið haldinn samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ eins og ráðherra boðaði að yrði árlega í munnlegu svari við fyrirspurn á þskj. 1218 (803. mál á 130. löggjafarþingi) 31. mars sl.?
2. Ef sá fundur hefur verið haldinn, skilaði hann einhverjum árangri?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til sérsambanda ÍSÍ við fjárlagagerð fyrir árið 2006?

Skriflegt svar óskast.

517. Frumvarp til laga [220. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. des.)

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. og 3. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

3. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið allt að 90% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til framar áhvílandi lána þannig að ÍLS-veðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa sem miðast við að veðbréfið hvíli á fyrsta veðrétti. Ella skulu uppfærð, framar áhvílandi lán koma til frádráttar hámarksfjárhæð.

4. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Íbúðalánasjóður gefur út íbúðabréf. Íbúðabréf skulu gefin út sem framseljanleg rafrænt eignaskráð verðbréf.

5. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur félagsmálaráðherra heimilað Íbúðalánasjóði með reglugerð, í samræmi við almennar lagaheimildir á hverjum tíma, að bjóða skuldurum ÍLS-

veðbréfa að afsala sér rétti til þess að greiða án þóknunar upp lán eða greiða aukaafborganir, gegn lægra vaxtaálagi. Jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um hlutfall þóknunar sem Íbúðalánasjóður getur áskilið sér ef lántaki, sem afsalar sér umræddum rétti, hyggst greiða upp lán fyrir lok lánstíma. Slík þóknun skal aldrei nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslu viðkomandi láns.

6. gr.

VII. kafli laganna fellur brott.

7. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Vextir af lánum til leiguíbúða geta verið fastir eða breytilegir. Fastir vextir og vaxtaálag ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa, sbr. 21. og 28. gr., en stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða breytilega vexti. Ráðherra getur heimilað Íbúðalánasjóði með reglugerð að bjóða lántakendum skv. 1. mgr. að afsala sér rétti til þess að greiða án þóknunar upp lán eða greiða aukaafborganir, gegn lægra vaxtaálagi. Jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um hlutfall þóknunar sem Íbúðalánasjóður getur áskilið sér ef lántaki sem afsalar sér umræddum rétti hyggst greiða upp lán fyrir lok lánstíma. Slík þóknun skal aldrei nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslu viðkomandi láns.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna kemur nýr málsliður er hljóðar svo: Á sama hátt getur ráðgjafarnefnd fært raunvexti af 3. tölul. til annarra verkefna sjóðsins.

9. gr.

2. og 3. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir viðbótarlán, skal leita samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku nýs eiganda á þeim lánum sem ætlað er að hvíla áfram á eigninni. Að öðrum kosti hefur sjóðurinn heimild til að gjaldfella lánið.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðbótarlán sem samþykkt hafa verið fyrir gildistöku laganna skulu afgreidd samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna og reglugerðar um viðbótarlán.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1998, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

518. Lög [220. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 517.

519. Lög [85. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 85.

520. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (vararefsing fésektar).

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

4. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1997 og 10. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Sekt allt að 300.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Sekt	Vararefsing
0–29.999 kr.	2 dagar
30.000–59.999 kr.	4 dagar
60.000–89.999 kr.	6 dagar
90.000–119.999 kr.	8 dagar
120.000–149.999 kr.	10 dagar
150.000–179.999 kr.	12 dagar
180.000–209.999 kr.	14 dagar
210.000–239.999 kr.	16 dagar
240.000–269.999 kr.	18 dagar
270.000–300.000 kr.	20 dagar

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra.

Í 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga er ákvæði um að vararefsing vegna sektarrefsinga allt að 100.000 kr. sé lögbundin. Með frumvarpinu er lagt til að hámark sektar verði hækkað í 300.000 kr. og að hærri fjárhæð standi að baki hverjum degi vararefsingar.

Með 2. gr. laga nr. 57/1997 voru vararefsingar vegna sekta að fjárhæð allt að 100.000 kr. lögbundnar þannig að þegar sakborningur fellst á boð lögreglustjóra um að ljúka máli með því að gangast skriflega undir greiðslu sektar með formlegri lögreglustjórasátt gangist hann jafnframt undir þá vararefsingu sem fylgir sektinni samkvæmt ákvæðinu. Þegar framangreind lög voru sett var lögreglustjórum heimilt að ljúka máli á hendur sakborningi ef refsing fór ekki fram úr 100.000 kr. sekt, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og þágildandi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 250/1992, um lögreglustjórasáttir, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 402/1997. Með reglugerð nr. 980/2000 var framangreind fjárhæð hækkuð í 300.000 kr. Skv. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skulu sektir allt að 300.000 kr. fyrir brot á þeim lögum og reglum settum samkvæmt þeim ákveðnar í reglugerð. Með 7. gr. laga nr. 84/2004 var 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga breytt á þann veg að fjárhæð sekta var hækkuð úr 100.000 kr. í 300.000 kr.

Mikilvægt er að framangreindar sektarfjárhæðir og lögbundnar vararefsingar haldist í hendur. Í frumvarpinu er áfram við það miðað að hámarkslengd vararefsingar verði 20 dagar svo sem ákveðið var með lögum nr. 57/1997. Óvarlegt þykir að sakborningar verði látnir gangast undir lengri vararefsingu við afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum og án atbeina dómstóla. Þetta þýðir að miðað er við að 15.000 kr. standi að baki hverjum degi í vararefsingu en telja verður að sú fjárhæð sé þó ekki svo há að sakborningar sjái sér hag í því að afplána vararefsingu sektarinnar í stað þess að greiða hana.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Samkvæmt almennum hegningarlögum skal ákvarða vararefsingar með afplánun í fangelsi vegna sektarrefsinga allt að 100.000 kr. Með frumvarpi þessu er lagt til að lögboðin vararefsing nái til sekta allt að 300.000 kr. og að hærri fjárhæð standi að baki hverjum afplánunardegi vararefsingar. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

521. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar, Jóni Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	66.700,0	4.750,0	71.450,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	13.500,0	100,0	13.600,0
c. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	101.400,0	-1.500,0	99.900,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	200,0	200,0
3. Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
1.01 Samkeppnisstofnun	176,0	100,0	276,6

4. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.29 Að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 1 milljarð kr. og láta andvirðið renna í ríkissjóð.
   7.12 Að lækka önnur útgjöld ráðuneyta um 600 m.kr.
   7.13 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 5 milljarða kr.
   7.14 Að skera niður ferða- og risnukostnað ráðuneyta um 600 m.kr.
   7.15 Að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 1.300 m.kr.

522. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.12 Upplýsingamiðstöðvar á landsbyggðinni	0,0	30,0	30,0

Greinargerð.

Alls eru til staðar 11 upplýsingamiðstöðvar sem eru að hluta fjármagnaðar með fé af fjárlögum. Sökum stöðugrar fjölgunar ferðamanna þurfa þær sífellt meira fé til að veita sömu þjónustu ár frá ári. Hér er um að ræða mikilvægt grunnverkefni til að gera íslenskri ferðaþjónustu kleift að taka á móti vaxandi fjölda ferðamanna.

523. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.01 Kennsla	3.195,0	220,0	3.415,0
b. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.639,2	250,0	2.889,2
Greitt úr ríkissjóði	*4.269,2*	*470,0*	*4.739,2*
2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	644,1	100,0	744,1
Greitt úr ríkissjóði	*764,1*	*100,0*	*864,1*
3. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	433,3	100,0	533,3
Greitt úr ríkissjóði	*1.212,1*	*100,0*	*1.312,1*

524. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Jóni Bjarnasyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	136,8	330,0	466,8

525. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-910 Náttúruminjasafn			
1.01 Náttúruminjasafn – undirbúningur	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*

526. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	4.609,0	560,0	5.169,0
Greitt úr ríkissjóði	*10.248,8*	*560,0*	*10.808,8*
2. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	5.600,0	2.400,0	8.000,0
3. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	4.900,0	300,0	5.200,0

527. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Álfheiði Ingadóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Gunnari Örlygssyni, Helga Hjörvar, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Bjarnasyni, Jóni Gunnarssyni, Katrínu Júlíusdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Merði Árnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Steinunni K. Pétursdóttur, Valdimar L. Friðrikssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Þuríði Backman og Össuri Skarphéðinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
Við 1.23 Mannréttindamál. Liðurinn orðist svo:			
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	1,0	5,0
2. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.45 Mannréttindamál. Liðurinn orðist svo:			
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	1,0	5,0
b. 1.48 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	0,0	1,0	1,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*163,0*	*2,0*	*165,0*

528. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni, Einari Má Sigurðarsyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.145,0	700,0	7.845,0

529. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Gunnari Birgissyni, Dagnýju Jónsdóttur,
Drífu Hjartardóttur, Guðjóni Hjörleifssyni og Birki J. Jónssyni.

Breytingar á sundurliðun 2:

Við **02-982 Listir, framlög**

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

		Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Erró	1.600
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
5.	Guðbergur Bergsson	1.600
6.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
7.	Hannes Pétursson	1.600
8.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
9.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
10.	Jón Nordal	1.600
11.	Jón Sigurbjörnsson	1.600
12.	Jón Þórarinsson	1.600
13.	Jónas Ingimundarson	1.600
14.	Jórunn Viðar	1.600
15.	Kristbjörg Kjeld	1.600
16.	Kristinn Hallsson	1.600
17.	Kristján Davíðsson	1.600
18.	Matthías Johannessen	1.600
19.	Megas	1.600
20.	Róbert Arnfinnsson	1.600
21.	Thor Vilhjálmsson	1.600
22.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
23.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
24.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.600
25.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
26.	Þráinn Bertelsson	1.600
27.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	43.200

530. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur nú til 3. umræðu. Eins og á síðasta ári eru ekki við 3. umræðu lagðar til neinar breytingar á frumvarpinu af hálfu meiri hlutans. Því miður er ekki hægt að túlka þetta á þann hátt að rekstrargrundvöllur allra stofnana ríkisins sé tryggður, að menntakerfið, félagsmálakerfið og heilbrigðiskerfið starfi með eðlilegum hætti á næsta ári eða að kjarasamningar á næsta ári verði í samræmi við forsendur fjárlaga. Þessir liðir eru allir meira og minna í uppnámi.

Eins og fram kom hjá þingmönnum Samfylkingarinnar við 3. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2004 er ekki rekstrargrundvöllur hjá fjölmörgum A-hluta stofnunum vegna uppsafnaðs halla. Í félagslega kerfinu bera öryrkjar og aldraðir enn skarðan hlut frá borði, hallann í heilbrigðiskerfinu á m.a. að bæta með hækkuðum þjónustugjöldum. Rekstur Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri er í skilinn eftir í óvissu, þrátt fyrir hækkun skólagjalda. Framhaldsskólar búa áfram við árlegan fjárhagsvanda. Ekki er áætlað fyrir fyrirséðri aukningu lífeyrisskuldbindinga, m.a. vegna kjarasamnings grunnskólakennara. Þannig mætti áfram telja.

Skattahækkanir eða skattalækkanir.

Ríkisstjórnin hefur undanfarnar vikur haldið mjög á lofti boðuðum skattalækkunum sem eiga að nema 4 milljörðum kr. á næsta ári. Hefur fjármálaráðherra talið að nú væri verið að skila aftur þeim efnahagsbata sem ríkissjóður hefur notið á undanförnum árum. Ef horft er til þeirra skatta- og gjaldahækkana sem dunið hafa yfir á þessu ári og boðaðar eru á því næsta kemur í ljós að þessar skattalækkanir duga ekki til að mæta þeim hækkunum. Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi:

Á þessu ári hækkaði þungaskattur og vörugjald af bensíni um 1.200 millj. kr. Vaxtabætur voru skertar um 600 millj. kr. Afnám frádráttar tryggingargjalds vegna viðbótarlífeyrissparnaðar skilaði ríkissjóði um 600 millj. kr. Framlag ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga lækkaði um 750 millj. kr. Barnabætur voru skertar um 150 millj. kr. og komugjöld á heilbrigðisstofnanir hækkuðu um 50 millj. kr. Þá var nefskattur í framkvæmdasjóð hækkaður um 23 millj. kr. Þá er ótalið að persónuafsláttur fylgdi ekki launaþróun; þrátt fyrir það er upphæðin á yfirstandandi ári komin yfir 3 milljarða kr.

Allar þessar auknu álögur halda áfram á næsta ári og til viðbótar hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka áfengisgjald um 340 millj. kr., hækka aukatekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr., hækka bifreiðagjald um 120 millj. kr., hækka skólagjöld í háskólum um 140 millj. kr. og hækka komugjöld á heilbrigðisstofnanir um 50 millj. kr. Vaxtabætur verða skertar til viðbótar skerðingunni í ár um 300 millj. kr. Framlenging umsýslugjalds fasteigna kostar 280 millj. kr. Breytingar á þungaskatti skila aukalega 350 millj. kr. Þá mun viðbótarhækkun í Framkvæmdasjóð aldraðra verða um 24 millj. kr. Samtals er þetta komið í tæpa 5 milljarða kr. á næsta ári. Ef hins vegar bæði árin eru lögð saman er hér um að ræða rúma 8 milljarða kr. á móti boðaðri skattalækkun upp á 4 milljarða kr.

Það er von að spurt sé: Er um að ræða skattahækkun eða skattalækkun? Allt þetta sjónarspil minnir á fyrri vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, fyrst er af fólkinu tekið og síðan er hluta

fengsins skilað með mikilli skrautsýningu. Það er eðlilegt að fjármálaráðherra kvarti á hátíðarfundi hjá Sjálfstæðisflokknum um að skattaveisla hans hafi verið misskilin. Allt tal fjármálaráðherra um að verið sé að skila efnahagsbatanum til baka er blekking. Í árslok 2005 er ljóst að ríkissjóður hefur „hagnast" um einhverja milljarða króna á öllum þessum breytingum.

Þróun efnahagsmála.

Í þjóðhagsáætlun forsætisráðuneytisins frá því í haust er fjallað um helstu atriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og er lögð árhersla á eftirfarandi atriði:

- Tryggja verður jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar.
- Viðhalda þarf jafnvægi í fjármálum ríkisins og halda áfram umbótum í ríkisrekstri.
- Nýta þarf aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum.
- Tryggja verður undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar.

Enn fremur kemur fram að stefnt er að því að auka enn útgjöld til heilbrigðismála, fræðslumála, almannatrygginga og velferðarmála. Þá er það ætlun ríkisstjórnarinnar að tryggja að nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir bitni ekki á heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu eða almannatryggingakerfinu. Einnig er það ætlun ríkisstjórnarinnar að fresta framkvæmdum og beita öðrum aðhaldsaðgerðum til að létta undir með peningastefnu Seðlabankans á næstu missirum og árum. Fögur markmið og háleit.

Ljóst er hins vegar að fjármálaráðherra hefur með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 boðað allt aðra efnahagsstefnu en forsætisráðherra hafði í huga þegar hann samdi þjóðhagsáætlunin. Vissulega eru boðaðar aðhaldsaðgerðir. 1% hagræðingarkrafa sem metin er á 800 millj. kr. er strax tekin til baka með nýjum útgjaldaliðum sem eru margfalt hærri. Frestun á framkvæmdum upp á 1,9 milljarða kr. er aðeins lítið brot af þeim fjárfestingum sem áætlaðar eru á næsta ári. Hins vegar virðist alltaf vera nóg til af fjármunum í ýmis gæluverkefni eins og sérsveitir dómsmálaráðherra, sendiherrabústaði og hernaðarstefnu utanríkisráðherra. Á sama tíma er þrengt að starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði mannréttindamála

Eins og fyrri ár er ríkisstjórnin aðeins farþegi í efnahagshraðlestinni sem nú brunar nær stjórnlaust um þjóðfélagið. Seðlabankinn hefur af veikum mætti reynt að draga úr ferðinni en mátt sín lítils einn og sér. Fjármálamarkaðurinn lítur ekki lengur á fjárlög og framkvæmd þeirra sem hluta af efnahagsstjórninni og reiknar ekki lengur með þeim í sínum ákvörðunum. Fram undan eru kjarasamningar við opinbera starfsmenn og er gríðarlega mikilvægt að þar takist vel til.

Minna má á að í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 24. nóvember sl. er varað við því að verðbólga er langt umfram forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og að þær umfangsmiklu skattalækkanir sem nú eru boðaðar auki enn á hagstjórnarvandann og geta leitt til vaxandi verðbólgu á næstu missirum. Þá bendir ASÍ á að samtökin hafi ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. ASÍ mun því þurfa, í samráði við aðildarfélög sín, að endurskoða samskiptin.

Þessi niðurstaða ASÍ er mikið áhyggjuefni því síðast þegar ríkisstjórnin missti tökin á verðbólgunni lék ASÍ mikilvægt hlutverk við að ná aftur tökum á efnahagslífinu og tryggja stöðugleika á ný. Í þessu ljósi ber að taka aðvaranir ASÍ mjög alvarlega.

Ný þjóðhagsspá Seðlabankans.

Í gær gaf Seðlabanki Íslands út endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir næsta ár. Samkvæmt henni eru flestar efnahagsforsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 brostnar.

Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar, %	Fjárlög 2005	Seðla-banki	Mism.
Einkaneysla	5,00	9,50	4,50
Samneysla	2,00	3,10	1,10
Fjárfesting	18,00	20,60	2,60
Þjóðarútgjöld alls	7,50	10,90	3,40
Útflutningur vöru og þjónustu	4,00	5,70	1,70
Innflutningur vöru og þjónustu	10,50	17,20	6,70
Verg landsframleiðsla	5,00	6,10	1,10
Viðskiptajöfnuður – % af landsframleiðslu	-11,00	-10,40	0,60

Seðlabankinn vekur athygli á að frá því í september hafi orðið töluverðar breytingar á verðbólguhorfum. Flest bendi nú til þess að innlend eftirspurn muni aukast hraðar en þá var talið líklegt. Þá bendir hann á að loks hafi áform um lækkun skatta verið staðfest, án þess að nákvæmlega hafi verið skilgreint hvar skuli skera niður útgjöld. Því telur Seðlabankinn að verulegar líkur séu á því að aðhald í opinberum fjármálum verði ófullnægjandi. Allt þetta ýtir undir meiri þenslu.

Lækkun skatta mun auka enn ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Því telur Seðlabankinn aðhald í útgjöldum hins opinbera brýnt og telur að áform þar um í fjárlögum séu nokkuð metnaðarfull. Hins vegar bendir bankinn á að í ljósi þeirra umsvifa sem fram undan eru verður aðhaldið þó ekki fullnægjandi, jafnvel þótt áformin næðu fram að ganga. Boðað aðhald er að auki almennt orðað og því hætta á framúrkeyrslu í ljósi sögulegrar reynslu.

Þessi vísan Seðlabankans í sögulega reynslu er í raun það sama og þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið að benda á í umræðum um efnahagsmál síðustu mánuði. Agaleysið í ríkisfjármálum er ein helsta hættan varðandi verðbólguhorfur og stöðugleikann.

Staða stofnana.

Það er líklega að bera í bakkafullan lækinn að fara enn einu sinni að minnast á fjárhagsstöðu tiltekinna A-hluta stofnana en hjá því verður ekki komist. Listinn sem fjármálaráðuneytið lagði fram fyrir 3. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2004 sýnir svo ekki verður um villst að fjármálastjórn hins opinbera er afar slök. Hjá stærstu ráðuneytum, og þeim mikilvægustu í fjárhagslegu tilliti, virðist fjármálastjórnin ekki standast þær kröfur sem gera verður. Það er skýlaust brot á fjárreiðulögunum að taka ekki á vanda stofnana í fjárlögum næsta árs.

Fjármálaráðherra verður að gera sér grein fyrir því að þessi vandi hverfur ekki með því að tala ekki um hann og láta sem hann sé ekki til. Vandinn heldur aðeins áfram að stækka og verða erfiðari viðfangs. Benda má á að ekki var tekið á vanda framhaldsskólanna svo árum skipti og þegar loks var gerð tilraun til lausnar kostaði það 1 milljarð kr. en þó án þess að vandinn væri að fullu leystur.

Sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Þrátt fyrir fréttir af undirritun menntamálaráðherra á samningi um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hefur ekkert verið minnst á þessa sameiningu í fjárlagaferlinu. Samkvæmt fréttum er þó gert ráð fyrir að sameinaður skóli eigi að hefja störf næsta haust. Hvernig hægt er að komast hjá því að slík sameining komi við sögu í fjárlögum næsta árs er með miklum ólíkindum. Það er þó í anda vinnubragða ríkisstjórnarinnar því að Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvernig sameiningin eigi að fara fram, þar til loks í gær að lagt var fram frumvarp um málið.

Fréttir herma að samningurinn feli m.a. í sér að akademískt frelsi starfsfólks og áhrif þess á stjórnun og stefnumótun sé ekki tryggt. En grundavallaratriði í öllu háskólastarfi er akademískt-, stjórnunarlegt- og fjárhagslegt frelsi, í þessari röð. Rekstrarfélag hins nýja skóla er í hlutafélagaformi, sem er efnahagslegur félagsskapur, en slík félög eru í eðli sínu fyrirbrigði sem ætlað er að afla eigendum sínum arðs. Í þessu tilfelli mun þó ekki ætlunin að greiða slíkan arð út. Slíkur einkarekstur á háskólum þekkist vart í hinum vestræna heimi utan örfárra dæma vestanhafs. Ef háskólar eru ekki reknir af ríkinu eru þeir yfirleitt sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar með hagnaði, sbr. bestu háskóla Bandaríkjanna.

Til viðbótar bendir margt til þess að ekki sé í raun um að ræða eiginlega sameiningu heldur sé ríkið í raun að gefa rekstraraðilum Háskólans í Reykjavík Tækniháskólann. Eignir Tækniháskóla Íslands og viðskiptavild virðast í engu metnar inn í hið nýja hlutafélag og Háskólinn í Reykjavík mun eiga 270 millj. kr. af 300 millj. kr. hlutafé. Afgangur hlutafjárins kemur síðan frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Þessi sérkennilega gjörð kallar á þá spurningu hvort búast megi við fleiri slíkum sameiningum, verður t.d. Viðskiptaháskólanum á Bifröst gefinn Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri.

Þá er ósvarað hvernig farið verður með þann rekstrarhalla sem safnast hefur upp hjá Tækniháskólanum en um síðustu áramót var uppsafnaður halli orðinn um 127 millj. kr. Rétt er að rifja upp að á fjáraukalögum áranna 2002 og 2003 var gerður upp halli Tækniskóla Íslands (forvera Tækniháskólans), samtals 235 millj. kr. Er gert ráð fyrir að uppsafnaður halli Tækniháskólans verði bættur á fjáraukalögum næsta árs eða mun hann fylgja Tækniháskólanum inn í hinn nýja skóla?

Breytingartillögur.

Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2005 leggur Samfylkingin fram breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að jafna áhrif skattalækkana þannig að þær nýtist efnaminna fólki betur en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Auk þess eru lagðar fram tillögur sem miða að sparnaði í ríkisrekstrinum og breyttum áherslum í skiptingu ríkisútgjalda. Gerð er tillaga um að staðið verði við samning við Öryrkjabandalagið og stjórnarliðum þannig gefið tækifæri til að standa við loforð sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar. Þá er gerð tillaga um að halda þeirri skipan sem verið hefur varðandi stöðu Mannréttindaskrifstofu Íslands á fjárlögum. Heildaráhrif tillagnanna bæta stöðu ríkissjóðs en auk þess er gerð tillaga um að fresta yfirfærslu 5 milljarða kr. af uppsöfnuðum fjárlagaheimildum stofnana sem voru um 16 milljarðar kr. í árslok 2003. Nánar verður gerð grein fyrir tillögunum í umræðunum.

Verklag í fjárlaganefnd.

Að mati 1. minni hluta þarf fjárlaganefnd m.a. að móta stefnu varðandi þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar við umfjöllun um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga. Auk þessa þarf nefndin að fylgjast betur með framkvæmd fjárlaga innan ársins og krefja bæði viðkomandi fagráðuneyti og aðra eftirlitsaðila skýrslna um framkvæmd fjárlaganna. Þetta er í

samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga en skv. 9. gr. reglugerðarinnar ber fjármálaráðuneytinu ársþriðjungslega að taka saman yfirlit um framkvæmd fjárlaga og gera ríkisstjórn og fjárlaganefnd grein fyrir niðurstöðunum. Því miður hefur þessari grein reglugerðarinnar ekki verið fylgt eftir en vonandi skilar sú mikla umræða sem átt hefur sér stað um verklag þeim árangri á næsta ári að yfirlit um framkvæmd fjárlaga berist fjárlaganefnd reglulega.

Lokaorð.

Strax við 1. umræðu var ljóst að fjárlög fyrir árið 2005 voru andvana fædd. Þess vegna verður þeirra minnst á þann hátt í fjáraukalögum næsta haust og með lokafjárlögum sama árs verða þau endanlega horfin. Það er ábyrgðarhluti af hálfu Alþingis að samþykkja það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 sem hér er til umræðu. Það felur í sér að ýmsar mikilvægar stofnanir þurfa að skerða verulega þá þjónustu sem Alþingi hefur ákveðið í lögum að landsmenn skuli njóta. Nær þessi skerðing til heilbrigðismála, menntamála og félagsmála eða þeirra málaflokka sem eru mikilvægastir fyrir þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Þá hefur Seðlabankinn staðfest að fjárlögin munu ekki duga sem aðhald í efnahagsmálum og jafnvel auka hættu á vaxandi verðbólgu. Það sem fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umræðu stendur allt óhaggað þar sem engar breytingar koma nú fram hjá meiri hluta fjárlaganefndar og er vísað til þess álits til viðbótar því sem fram kemur í þessu framhaldsnefndaráliti.

Guðjón Arnar Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 3. des. 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Áskorun stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands.
II. Áskorun stjórnar Íslandsdeildar Amnesty International. (26. nóvember 2004.)
III. Áskorun Rauða kross Íslands.
IV. Áskorun Landssamtakanna Þroskahjálpar. (30. nóvember 2004.)
V. Áskorun Biskupsstofu Íslands. (30. nóvember 2004.)
VI. SÞ fylgjast með mannréttindamálum hér. (Fréttir Ríkisútvarpsins, 1. desember 2004.)

Fylgiskjal VII.

Umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2005 endurspeglar aðhaldsleysi í ríkisfjármálum. Frumvarpið gerir ráð fyrir 8% úttgjaldaaukningu ríkissjóðs á árinu 2005, borið saman við 2004, meðan verðbólguspá gerir ráð fyrir 3,5% verðbólgu á næsta ári. Það er því

ljóst að sá afgangur sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir stendur engan veginn undir þeirri kröfu sem gera verður til aðhalds í ríkisfjármálum við þær aðstæður sem eru í hagkerfinu. Fulltrúi Seðlabankans sem kom á fund efnahags- og viðskiptanefndar taldi að 25–30 milljarða kr. afgangur væri eðlileg krafa um afgang hjá ríkissjóði við þessar aðstæður. Jafnvel ætti að gera ráð fyrir enn meiri afgangi, í ljósi aukningar sem bankinn gerir ráð fyrir í einkaneyslu á næsta ári. Þetta endurspeglar aðhaldsleysi í ríkisfjármálunum, enda boðar bankinn meiri vaxtahækkun en nokkurn tíma eða 1% í einu stökki og frekari vaxtahækkanir á næsta ári.

Í desemberriti Seðlabankans um peningamál, sem geymir nýjustu spá bankans um þróun efnahagsmála, kemur fram að flest bendi til þess að innlend eftirspurn muni vaxa enn hraðar en talið var í spá fjármálaráðuneytisins, eða um 9,5 % í stað 5% sem fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Það muni kynda undir verðbólgu verði ekkert að gert. Þá segir enn fremur m.a. í spá Seðlabankans:

„Áform um skattalækkanir hafa nú verið staðfest í frumvarpi til fjárlaga. Lækkun skatta mun auka enn á ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Aðhald í útgjöldum hins opinbera er því brýnt. Áform þar um í fjárlögum eru nokkuð metnaðarfull. Í ljósi þeirra umsvifa sem fram undan eru verður aðhaldið þó ekki fullnægjandi, jafnvel þótt áformin næðu fram að ganga. Að auki er boðað aðhald almennt orðað og því hætta á framúrkeyrslum í ljósi sögulegrar reynslu."

Það þarf því ekki að fara mörgum orðum um álit Seðlabankans á frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Bankinn segir á kurteislegan hátt að aðhald í ríkisfjármálum sé ekki sem skyldi og að ólíklegt sé í ljósi sögulegrar reynslu að jafnvel áform um aðhald nái fram að ganga. Þessi staðreynd geti gefið verðbólgunni byr undir báða vængi takist ekki á annan hátt að draga úr þenslunni. Boðaðar vaxtahækkanir munu, a.m.k. til skamms tíma, koma niður á almenningi og fyrirtækjum vegna þess hve skuldsett þjóðin er orðin. Það er því hætta á að boðaðar skattalækkanir til handa almenningi verði teknar til baka út um bakdyrnar í formi hærri afborgana og vaxta.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í ríkisfjármálunum fær fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar falleinkun hvað varðar markmið og áform um að beita aðhaldi í ríkisfjármálunum við þær aðstæður sem nú eru í hagkerfinu. Fjárlagafrumvarpið sé nær því að vera eins og eðlilegra væri í hagkerfi sem væri að berjast við samdrátt en ekki þenslu eins og raunin er hjá okkur. Skilaboðin eru skýr; ef verðbólgan á ekki að fara á skrið verður að beita stífum aðhaldsaðgerðum. Seðlabankinn gerir ráð fyrir frekari vaxtahækkunum og gerir kröfu til ríkisins um að það sýni mikið aðhald í ríkisrekstrinum.

Alþingi, 2. des. 2004.

Lúðvík Bergvinsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.
Álfheiður Ingadóttir.

Enn fremur var með nefndarálitinu fylgiskjal VIII: Auka þarf aðhald peningastefnunnar. Úr ársfjórðungsriti Seðlabanka Íslands, Peningamál. (21. rit. Desember 2004.)

531. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur nú til lokaafgreiðslu. Í frumvarpinu með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umræðu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 296,3 milljarðar kr. Engar breytingartillögur liggja fyrir frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar nú þrátt fyrir að ljóst sé að útgjöld ríkissjóðs séu vanmetin á mörgum sviðum í frumvarpinu. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytsins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 306,4 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður um 10,1 milljarðar kr. Því miður hefur reynsla undanfarinna ára kennt okkur að þegar árið verður loks gert upp verður reyndin önnur.

Efnahagsmál.

Í Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans, spáir bankinn að verðbólga verði 3,4% á næsta ári. Þetta er meiri verðbólga en bankinn hefur áður spáð. Í Peningamálum kemur m.a. fram: „Frá því í september hafa töluverðar breytingar orðið á verðbólguhorfum. Flest bendir til þess að innlend eftirspurn muni vaxa enn hraðar en þá var talið líklegt. Umfang stóriðjuáformanna hefur vaxið, einkum á næsta ári, bæði vegna áforma Norðuráls og breytinga á tímasetningum framkvæmda Fjarðaráls. Þá hefur samkeppni á milli lánastofnana á sviði fasteignaveðlána magnast eftir að bankarnir brugðust við auknum umsvifum Íbúðalánasjóðs með því að bjóða einstaklingum fasteignaveðlán og endurfjármögnun eldri lána á lægri vöxtum en áður. Aðgangur almennings að lánsfé er eftir þessar breytingar orðinn mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra fasteignaveðlána lægri en um langt skeið. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Útlán til einstaklinga hafa aukist hröðum skrefum og verð stórra fasteigna hefur hækkað skarpt. Loks hafa áform um lækkun skatta á næstu árum verið staðfest, án þess að nákvæmlega hafi verið skilgreint hvar skuli skera niður útgjöld á móti. Því verður að telja verulegar líkur á að aðhald í opinberum fjármálum verði ófullnægjandi. Allt leggst þetta á eitt um að ýta undir meiri þenslu og þar með meiri verðbólguþrýsting ...“

Greiningardeild KB-banka segir svo 2. des.: „Seðlabankinn hækkaði vexti um 1% samhliða því að tilkynna um að gjaldeyriskaupum verði hætt í árslok. Ljóst er að þessi ákvörðun mun þrýsta gengi krónunnar upp í nýjar hæðir og hún sýnir að bankinn hyggst beita genginu með ákveðnum hætti í miðlunarferli peningamálastefnunnar til þess að reyna að slá á þenslu og draga úr verðbólguvæntingum. Eins og nú er málum komið er aðeins um 20–30% af skuldum heimila og fyrirtækja í íslenskum breytilegum vöxtum. Meiri vaxtamunur mun gefa enn frekari hvata til erlendrar lántöku, en þó skyldi það tekið með í reikninginn að eftir því sem gengið rís hærra vakna einnig væntingar um gengislækkun sem vegur á móti. Enn fremur bendir hin skarpa hækkun til þess að Seðlabankinn hyggist reyna að þrengja að lausafjárstöðu bankakerfisins og þannig hægja á lánsfjárframboði. Hættan við þessa leið sem nú hefur verið valin er þríþætt. Í fyrsta lagi má nefna að sú gengishækkun sem hækkun stýrivaxta kallar fram er í rauninni frestun á verðbólgu sem mun koma fram þegar gengið leiðréttist. Í öðru lagi skapa frekari erlendar lántökur hættu á fjármálaóstöðugleika þegar fleiri aðilar hérlendis taka gengisáhættu. Í þriðja lagi er þrengt verulega að útflutningsatvinnuvegunum sem gæti tafið vöxt útflutnings þegar til framtíðar er litið.“

Ljóst er því að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna eru gífurleg og fórnarkostnaður mikill fyrir allt annað atvinnulíf í landinu. Fyrir nokkrum missirum var gengi bandaríkjadals 110 kr. en það er nú 65 kr. Gengisvísitalan var liðlega 130 og talið að vísitala upp á 125–130 væri eðlileg miðað við að halda jöfnuði í inn- og útflutningi og eðlilegri samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna. Gengisvísitalan er nú 118 eða þar um bil.

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eru fáránlegar við þessar aðstæður. Þær auka á þenslu og óstöðugleika í efnahagskerfinu. Þær krefjast þess að ríkisútgjöld verði skorin niður á móti og það er gert.

Megininntak efnahagsaðgerða ríkisins á næsta ári felast í um 2 milljarða kr. niðurskurði á samgönguáætlun, skertum fjárveitingum til heilbrigðismála, til ríkisháskólanna og framhaldsskólanna. Innritunargjöld í háskóla eru aukin, svo og komugjöld á heilbrigðisstofnanir. Þá eru skornar niður fjárveitingar til markaðsstarfs ferðamála. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg þessum áherslum ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og telur þann mikla fórnarkostnað sem stóriðjustefna hennar krefst ógna varanlega hinu almenna atvinnulífi og velferðarkerfi þjóðarinnar.

Skattamál.

Mikil munur er á skattastefnu ríkisstjórnarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Skattastefna ríkisstjórnarinnar gengur út á að þeir fái mest sem hafa mest og þeir fái minnst sem hafa minnst. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir slíkum áherslum. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gengur út á meiri jöfnun og sanngjarnari skattlagningu og flokkurinn hefur í því sambandi lagt fram tvö frumvörp:

Í fyrsta lagi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið felur í sér þá einföldu breytingu á lögunum að rýmka heimildir þeirra til álagningar útsvars um eitt prósentustig, þ.e. úr 13,03% í 14,03% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í viðeigandi ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. Þetta frumvarp er flutt í beinum tengslum við boðuð áform ríkisstjórnarinnar um að lækka álagningu tekjuskatts um sama hundraðshluta. Ástæða þessa frumvarps er sú einfalda staðreynd að ekki verður lengur vikist undan því að grípa til ráðstafana til að bæta stöðu sveitarfélaganna. Teljist ríkissjóður aflögufær um skatttekjur, sem vissulega má deila um, hlýtur því að vera nærtækast að færa þær tekjur a.m.k. að einhverjum hluta til sveitarfélaganna.

Í öðru lagi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. Þar er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Samkvæmt þessu frumvarpi mundu tekjur af fjármagnstekjuskatti aukast talsvert og má ætla að þær yrðu rúmir 10 milljarðar kr. eða sem svarar aukningu upp á rúmlega 3 milljarða kr. Þessar tillögur miða að því að dreifa skattbyrðum með sanngjarnari hætti en nú er gert. Þannig mundu þeir sem eru með smásparnað ekki greiða neinn fjármagnstekjuskatt. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill jafnframt með þessu frumvarpi bregðast við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa.

Þingmenn vinstri-grænna lofuðu því fyrir kosningar að efla og styrkja velferðarkerfið og hlífa lægstu tekjum við skattheimtu. Stórfelldar almennar skattalækkanir á efnameira fólki og fyrirtækjum, sem aðrir flokkar lofuðu og börðust fyrir, voru ekki á loforðalista vinstri-grænna.

Efnahagsskrifstofa.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á nauðsyn þess að Alþingi hafi sjálfstæða ráðgjafa í efnahagsmálum. Núna verður það að reiða sig á útskýringar sérfræðinga framkvæmdarvaldsins en það er fjármálaráðuneytið sem gefur út endurskoðaða þjóðhagsspá sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Nauðsynlegt er að Alþingi hafi eigin stofnun sem starfar með því í efnahagsmálum og við fjármálastjórn ríkisins. Sem dæmi um stöðu þingsins má nefna að efnahags- og viðskiptanefnd skilaði gagnslausu nefndaráliti um tekjuhlið frumvarpsins og efnahagsforsendurnar. Enda hafði hún ekki leitað annað en í fjárlagafrumvarp ráðuneytisins. Síðdegis í gær gaf Seðlabankinn út umsögn sína um horfur í efnahags- og peningamálum. Spá bankans um ýmsar grunnforsendur efnahagsþróunarinnar á næsta ári er frábrugðin því sem fjárlagfrumvarpið byggist á.

Skuldastaða heimilanna.

Fram kemur í nýútkominni skýrslu BSRB, „Skuldir íslenska þjóðarbúsins“, að á síðustu tveimur áratugum hafi skuldir íslenskra heimila vaxið gríðarlega. Þar segir m.a.: „Ef litið er yfir þróunina frá árinu 1980 má sjá að í upphafi tímabilsins voru skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum um 20% en voru rúmum tveimur áratugum síðar komnar í um 180% og hefur hlutfallið því nífaldast yfir tímabilið. Þrátt fyrir að á síðustu áratugum hafi skuldir heimila aukist í nær öllum Evrópulöndum, hefur aukningin óvíða verið eins mikil og hjá íslenskum heimilum.“

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill þó í þessu sambandi vekja athygli á hratt vaxandi gengisbundnum lánum heimilanna. Bankarnir keppast nú við að ná til sín viðskiptavinum, veðum þeirra og íbúðum og knýta þá fasta í framtíðarviðskiptum. Innlend lán á bundnum vöxtum fela í sér verulega áhættu fyrir bankana. Þess vegna virðast þeir ýta einstaklingum út í að taka gengistryggð lán á erlendum vöxtum. Með lánveitingu af því tagi fær bankinn sitt en áhætta hans verður í lágmarki. Samkvæmt Seðlabankanum voru gengistryggðar skuldir heimilanna í júní sl. 10,6 milljarðar kr., í september 16,1 milljarður kr. og í októberlok 23,5 milljarðar. Vaxtabreyting erlendis úr 2–4% og gengislækkun um 10% munu þýða rúmlega 50% aukningu á mánaðarlegri greiðslubyrði. Með húseign sína veðsetta upp í topp eiga heimilin litla möguleika á að standa af sér snöggar breytingar á gengi eða vöxtum erlendis. Annar minni hluti veltir fyrir sér siðferðisreglum bankanna og ábyrgð þeirra á ráðgjöfinni sem þeir veita viðskiptavinum sínum. Getur þessi ráðgjöf bankanna verið hlutlaus? Hver ver hagsmuni neytandans í þessum viðskiptum?

Svikið loforð.

Ljóst er nú að ríkisstjórnin ætlar ekki að uppfylla samkomulagið við Öryrkjabandalagið frá því í mars 2003 um aldurstengdar örorkubætur. Orð heilbrigðisráðherra í fjölmiðlum haustið 2003, þar sem hann staðfesti að loforðið við öryrkja hefði ekki verið efnt að fullu, að það þyrfti að áfangaskipta samkomulaginu og afgangurinn kæmi til greiðslu ári síðar, hafa reynst orðin tóm. Ríkisstjórnin öll og ekki þó síst Framsóknarflokkurinn, sem sló sér upp á loforðum til öryrkja fyrir síðustu alþingiskosningar, ber mesta ábyrgð á því að ekki skuli vera staðið við samkomulagið.

Heilbrigðismál.

Mikill fjárskortur er á mörgum sjúkrastofnunum í landinu. Þannig má sjá af minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu um stöðu stofnana í A-hluta í lok september sl. að neikvæð staða 20 heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana var samtals tæpar 994 millj. kr. Þá er fjárhagsvandi

Landspítala – háskólasjúkrahúss mikill og handahófskenndur niðurskurður hefur gengið mjög nærri starfsemi hans á árinu. Ljóst er að ef þessar sjúkrastofnanir eiga að vinna á fjárhagsvanda sínum þýðir það einungis meiri niðurskurð sem svo aftur kemur niður á þjónustu þeirra. Tillögur þingmanna vinstri-grænna um framlög til að mæta brýnni þörf heilbrigðisstofnananna voru felldar af meiri hlutanum. Ljóst er því að margar heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir miklum fjárhagsvanda og skerðingu á þjónustu.

Menntamál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir hækkun skráningargjalda í opinberum háskólum. Áfram skal tryggja jafnrétti til náms. Ekki má heldur þrengja svo að opinberum háskólum að þeir þurfi í meira mæli en nú að taka upp aðgangstakmarkanir.

Fjárhagsstaða margra framhaldsskóla er slæm. Nauðsynlegt er að ljúka endurskoðun á reiknilíkani sem greitt er eftir. Þá er ótækt að láta framhaldsskólana bera stöðugt uppsafnaðan halla milli ára. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að slíkt sé ekki heimilt samkvæmt fjárreiðulögum. Það gengur ekki lengur að láta skólana bera gamlan fjárhagsvanda sem til er kominn m.a. vegna gallaðs reiknilíkans og skorts stjórnvalda á að viðurkenna fjölda nemenda. Minni hluti fjárlaganefndar flytur breytingartillögur sem miða að því að bæta nokkuð úr brýnni fjárþörf ríkisháskólanna og framhaldsskólanna.

Umhverfismál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla stofnanir sem starfa á sviði náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu. Ljóst er að margar stofnanir sem undir umhverfisráðuneytið heyra eiga við rekstrarvanda að etja eins og nýútkomin skýrsla Ríkisendurskoðunar um Náttúrufræðistofnun Íslands sýnir en þar segir m.a.: „Stjórnvöld eiga tveggja kosta völ til að leysa alvarlegan rekstrar- og fjárhagsvanda Náttúrufræðistofnunar Íslands. Að laga starfsemi hennar að núverandi fjárhagsramma með verulegum niðurskurði í rekstri eða að auka fjárveitingar til hennar svo að hún geti sinnt þeim verkefnum sem henni eru falin í lögum með svipuðum hætti og undanfarin ár.“ Vísað er til fyrri hluta nefndarálits 2. minni hluta um fjárlagafrumvarpið. Þar er rakið hvernig umhverfismálin og náttúruvernd eru stöðugt hornrekur í áherslum þessarar ríkisstjórnar.

Sveitarfélög.

Fjárhagur margra sveitarfélaga hefur verið erfiður undanfarin ár. Stöðugt fleiri verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að þeim hafi fylgt nægir tekjustofnar. Þennan vanda verður að leysa til framtíðar en ekki með árlegum björgunaraðgerðum. Í þessu sambandi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Flutt er hér tillaga um 700 millj. kr. aukið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að bæta í nokkru úr brýnum fjárhagsvanda þeirra verst settu. En brýnt er að endurskoða tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga áður en rætt er um frekari verkefnaflutning þeirra.

Mannréttindastofnun Íslands.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir framlagi til mannréttindamála almennt en framlagið er ekki eyrnamerkt Mannréttindaskrifstofu Íslands eins og áður. Samkvæmt þessari breytingu munu stjórnvöld sjálf ráða hvaða verkefni á þessu sviði verða styrkt. Það er ekki ásættanlegt að vegið sé að sjálfstæði stofnunarinnar þar sem ákvörðun um framlag til hennar hefur verið færð frá löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins. Nauðsynlegt er að

hér á landi starfi óháð og sjálfstæð stofnun sem sinni mannréttindamálum eins og segir m.a. í áskorun frá stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í áskoruninni segir enn fremur: „Að mati stjórnarinnar væri það mikill álitshnekkir fyrir Ísland ef sú yrði raunin að skrifstofunni væri ekki lengur tryggt fast framlag á fjárlögum og yrði að draga sig út úr þeim samstarfsverkefnum sem hún á aðild að á alþjóðavettvangi.“ Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur undir með stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands og öðrum sem hafa gagnrýnt þessa breytingu svo sem hinni virtu Wallenberg-stofnun. Nauðsynlegt er að breyta þessu og færa aftur í fyrra horf þannig að sjálfstæði skrifstofunnar sé tryggt og hún geti starfað án þess að fjárframlögum fylgi skuldbindingar eða stýring.

Lokaorð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki samþykkt þær áherslur sem fram koma í þessu fjárlagafrumvarpi. Frumvarpið er í samræmi við fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar, þó þannig að nú er enn meiri áhersla lögð á að færa þeim einstaklingum mest sem hafa mest fyrir. Boðaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar munu koma þeim best sem hafa mest. Til að auka tekjur ríkissjóðs eru síðan komugjöld á sjúkrastofnanir og skráningargjöld í opinbera háskóla hækkuð. Þá mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að hervæða íslenska ríkisborgara og stilla þeim upp við hlið hersveita NATO og Bandaríkjanna. Þá er mótmælt veru Íslands á lista um stuðning hinna vígfúsu ríkja við innrásina í Írak, enda hefur íslenska þjóðin eða Alþingi ekki verið haft með í þeirri ákvarðanatöku, og að íslenska ríkið leggi fram fé til hergagnaflutninga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þessum áherslum og vill að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundins mismunar á lífskjörum fólks. Það að öllum þegnum þjóðfélagsins séu tryggð mannsæmandi lífskjör á að vera aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags. Leggja á meiri áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og tekið verði upp „grænt bókhald“ þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum. Stjórnvöld þurfa að stuðla að fjölbreyttari atvinnustefnu en nú er. Stefna þeirra snýst nú alfarið um að byggja hér upp erlenda stóriðju sem ryður burt minni fyrirtækjum og öðrum útflutningsgreinum.

Alþingi, 3. des. 2004.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Áskorun stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands.
II. Áskorun stjórnar Íslandsdeildar Amnesty International. (26. nóvember 2004.)
III. Áskorun Rauða kross Íslands.
IV. Áskorun Landssamtakanna Þroskahjálpar. (30. nóvember 2004.)
V. Áskorun Biskupsstofu Íslands. (30. nóvember 2004.)
VI. Áskorun UNIFEM.
VII. Áskorun prests innflytjenda. (29. nóvember 2004.)
VIII. Skuldir fyrirtækja hafa tvöfaldast á tíu árum. (Morgunblaðið, 27. nóvember 2004.)

IX. Úr skýrslu BSRB um skuldir íslenska þjóðarbúsins. 1. kafli, Skuldir Íslendinga.
X. Að taka eða ekki taka ... erlend húsnæðislán. Greiningardeild KB-banka. (Janúar 2004.)

532. Svar [298. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stóriðju og mengun.

1. *Hversu mikið var heildarútstreymi brennisteinsdíoxíðs (SO_2) af mannavöldum 2002:*
   a. *á öllu landinu,*
   b. *á svæðinu frá Grundartanga til Straumsvíkur?*

Árið 2002 var heildarútstreymi brennisteinstvíoxíðs á landinu öllu tæplega 10 þús. tonn. Ekki liggur fyrir nákvæm skipting milli landsvæða en áætla má að á svæðinu frá Grundartanga til Straumsvíkur að báðum meðtöldum hafi útstreymi brennisteinsdíoxíðs verið nálægt 6 þús. tonnum árið 2002.

2. *Hyggst ráðherra veita heimild fyrir því að rafskautaverksmiðja verði reist á Katanesi og að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga verði stækkuð?*

Skipulagsstofnun hefur metið umhverfisáhrif vegna starfsemi rafskautaverksmiðju á Katanesi í samræmi við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og fallist á framkvæmdina þar sem verksmiðjan muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem stofnunin setur. Úrskurður stofnunarinnar hefur verið kærður til umhverfisráðherra og er sem stendur til meðferðar í ráðuneytinu. Framkvæmdin er einnig starfsleyfisskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfisveitandi er Umhverfisstofnun og verður starfsleyfi ekki veitt fyrr en niðurstaða er fengin í mati á umhverfisáhrifum þar sem taka verður tillit til niðurstöðu úr matinu. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er kæranlegt til umhverfisráðherra. Bæði mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi verksmiðjunnar eru þannig í stjórnskipulegu ferli og ótímabært að fjalla frekar um málið á þessu stigi.

Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur starfsleyfi til reksturs fjögurra ofna með framleiðslugetu sem nemur 190 þús. tonnum. Núna eru reknir þrír ofnar með framleiðslugetu sem nemur 120 þús. tonnum. Stækkun sem nemur mismuninum er ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem starfsleyfið var gefið út fyrir gildistöku eldri laga um mat á umhverfisáhrifum sem var 1. maí 1994. Stækkun Járnblendiverksmiðjunnar umfram 190 þús. tonna ársframleiðslu kallar hins vegar á að sú framkvæmd verði tilkynnt til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, sem þá tæki ákvörðun um hvort meta ætti framkvæmdirnar eða ekki. Auk þess þarf að breyta starfsleyfi.

Rétt er að benda á að þynningarsvæði sem ákveðið var vegna reksturs stóriðju í Hvalfirði rúmar rekstur rafskautaverksmiðju á Katanesi sem nemur 340 þús. tonnum, afköstum álversins að allt að 300 þús. tonnum á ári og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar í 190 þús. tonn.

3. *Hver verður árleg heildarlosun brennisteinsdíoxíðs af mannavöldum á landinu öllu með álveri í Reyðarfirði, stækkun álversins í Straumsvík í 460.000 tonn á ári, stækkun álversins á Grundartanga í 300.000 tonn á ári, 340.000 tonna rafskautaverksmiðju á Katanesi og stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í 190.000 tonn á ári verði hún heimiluð?*

Ef gert er ráð fyrir 322.000 tonna álveri í Reyðarfirði, 460.000 tonna álveri í Straumsvík, 300.000 tonna álveri á Grundartanga, 340.000 tonna rafskautaverksmiðju á Katanesi og 190.000 tonna járnblendiverksmiðju á Grundartanga yrði árlegt heildarútstreymi brennisteinstvíoxíðs á landinu öllu að líkindum um 22 þús. tonn. Þá er miðað við óbreytt brennisteinsinnihald rafskauta frá því sem nú er og ekki gert ráð fyrir frekari hreinsun á afgasi verksmiðjanna en er nú. Útstreymi er annars vegar háð magni brennisteins í eldsneyti og rafskautum og hins vegar mengunarvarnabúnaði. Útstreymi gæti því hugsanlega breyst ef annað hvort hreinsun afgass ykist, eða brennisteinsinnihald eldsneytis og/eða rafskauta breyttist á næstu árum.

4. *Miðað við að stækkanir stóriðjuveranna þriggja á Grundartanga og í Straumsvík gangi eftir og rafskautaverksmiðja verði reist á Katanesi, hversu mikil verður þá heildarlosunin á svæðinu af:*
   a. *brennisteinsdíoxíði (SO_2),*
   b. *flúor,*
   c. *þrávirkum efnum,*
   d. *ryki,*
   e. *koldíoxíði (CO_2) og öðrum gróðurhúsalofttegundum,*
   f. *öðrum mengandi efnum?*

Árlegt útstreymi loftmengunarefna á svæðinu frá Grundartanga til Straumsvíkur verði stóriðjuverin þrjú stækkuð eins og fyrirspyrjandi gerir ráð fyrir og 360.000 tonna rafskautaverksmiðja reist á Katanesi gæti orðið:

a. Um 13 þús. tonn af brennisteinstvíoxíði.
b. Um 400 tonn af flúor og ólífrænum flúorsamböndum.
c. Útstreymi þrávirkra efna liggur ekki fyrir á þessari stundu. Stefnt er að því að útstreymisbókhald fyrir þrávirk lífræn efni og þungmálma verði tilbúið fyrri hluta næsta árs.
d. Útstreymi á ryki frá verksmiðjunum þremur yrði um 1.000 tonn miðað við að útstreymi á hvert framleitt tonn yrði svipað því sem er í dag. Heildarútstreymi ryks á svæðinu liggur ekki fyrir á þessari stundu.
e. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda yrði um 3,0 milljón tonn CO_2-ígildi, þar af væri útstreymi koltvíoxíðs um 2,6 millj. tonn.
f. Þessi úttekt nær til þeirra loftmengunarefna sem til eru upplýsingar um.

5. *Hver yrði áætluð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju með tilkomu framangreinds verksmiðjureksturs og hvernig félli hún að „íslenska ákvæðinu“ og öðrum skuldbindingum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni? Óskað er sundurliðunar eftir verksmiðjum.*

Ef gert er ráð fyrir að framangreind stækkun stóriðjuvera verði öll að veruleika yrði áætlað heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 5,4 millj. tonna CO_2-ígilda. Þar af væri útstreymi frá stóriðjuverunum um 2,6 millj. tonna, sbr. eftirfarandi töflu.

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju (þús. tonn CO_2-ígildi)

Verksmiðja	CO_2	PFC	GHL	Losun, sem gæti fallið undir „íslenska ákvæðið“
Alcan (460.000 tonn)	690	92	782	553
Norðurál (300.000 tonn)	450	66	516	450
Fjarðaál (322.000 tonn)	486	71	557	486
Járnblendi (190.000 tonn)	665	-	665	462
Rafskautaverksmiðja (320.000 tonn)	125	-	125	-
Samtals	**2.416**	**230**	**2.645**	**1.951**

Í fyrrgreindum útreikningum er reiknað með að allar verksmiðjur séu komnar í fullan rekstur miðað við þær forsendur sem gefnar eru upp í fyrirspurninni. Hins vegar hefur ekki verið ákveðið að ráðast í allar þær stækkanir sem gefið hefur verið leyfi fyrir og ljóst að ekki mun hafa komið til þeirra allra þegar fyrsta skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar hefst árið 2008. Það fer eftir tímasetningum framkvæmda hvernig þær falla að skuldbindingum Íslands, þ.m.t. „íslenska ákvæðinu“, þar sem Kýótó-bókunin nær til tímabilsins 2008–2012 og ekki hefur verið gengið frá tölulegum skuldbindingum á síðari stigum.

Samkvæmt nýlegum útreikningum iðnaðarráðuneytisins mun aukning í árlegri losun koltvísýrings síðan 1990 frá nýrri stóriðju nema um 1.183 þús. tonnum, sé tillit tekið til aukningar sem orðið hefur á stóriðju og þeirri stóriðju sem samið hefur verið um (Fjarðaál og Norðurál) fram yfir fyrsta skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar 2008–2012. Aukningin er svohljóðandi, eftir fyrirtækjum, í þúsundum tonna koltvíoxíðs:

	Núverandi og fyrirsjáanleg framleiðsla 2008–2012 (þús. tonn)	Aukning frá 1990 fram til 2008–2012 (þús. tonn)	Aukning árlegrar losunar (þús. tonn CO_2)
ALCAN	175	87	130
Járnblendiverksmiðjan	115	52	175
Norðurál	260	260	392
Fjarðaál	322	322	486
Samtals	872	721	1.183
Losunarheimild samkvæmt íslenska ákvæðinu			1.600
Mismunur til ráðstöfunar			417

Samkvæmt þessu vantar um 417 þús. tonn upp á að íslenska ákvæðið sé fullnýtt við byrjun skuldbindingartímabilsins. Hugsanlegt er að farið verði í aðrar framkvæmdir sem gætu fallið undir íslenska ákvæðið á skuldbindingartímabilinu, sem myndi þýða meira útstreymi en samkvæmt fyrrgreindum útreikningum. Ef heildarútstreymi frá stóriðju sem fellur undir íslenska ákvæðið yrði meira en sem svarar til þeirra heimilda sem þar er að finna, eða 1.600 þús. tonna CO_2, yrðu einstök fyrirtæki sem færu fram úr heimildum sínum að kaupa kvóta eða stuðla að bindingu kolefnis sem svaraði umframlosun fyrirtækisins.

Hvað almennar skuldbindingar Íslands varðar, þá fellur losun PFC frá álverum innan þeirra. Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar frá 2002 segir að tryggt verði að fyrirtæki í áliðnaði geri fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda útstreymi flúorkolefna frá framleiðslunni í lágmarki. Samkvæmt spám er gert ráð fyrir að losun PFC frá álverum rúmist innan

almennra losunarheimilda Íslands á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar. Losun frá rafskautaverksmiðju á Katanesi félli ekki undir íslenska ákvæðið, þar sem hún nær ekki þeim stærðarmörkum sem þar eru sett og hún mundi ekki nýta endurnýjanlega orku sem meginorkugjafa. Ekki hefur verið gert ráð fyrir losun frá henni í spám og er óvíst hvort útstreymi frá verksmiðjunni rúmaðist innan almennra losunarheimilda Íslands. Nauðsynlegt er að skoða með hvaða hætti hægt væri að mæta því, svo sem með kaupum á losunarheimildum, eða bindingu kolefnis til mótvægis við útstreymi.

533. Fyrirspurn [410. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um unga vímuefnaneytendur.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hyggst ráðherra leysa þann vanda sem skapast af því að sjúkrahúsið Vogur getur ekki innritað sjúklinga yngri en 16 ára árið 2005 vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

534. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.92 Háskóli Vestfjarða, undirbúningur	0,0	25,0	25,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær

fá til þess sjálfræði og stuðning. Heimamenn hafa unnið ítarlegar tillögur og áætlanir um verkefni og áherslur í starfi hins nýja skóla og hver skulu vera fyrstu skrefin. Hér er lagt til að Háskóli Vestfjarða á Ísafirði fái sérstakan fjárlagalið og fjármagn þannig að vinna að stofnun skólans geti haldið áfram af fullum krafti með það að markmiði að fyrstu nemendur skráist í skólann haustið 2005.

535. Fyrirspurn [411. mál]

til utanríkisráðherra um meðferð Bandaríkjamanna á föngum í Guantanamo.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Hafa íslensk stjórnvöld rætt málefni fanganna í Guantanamo á Kúbu við bandarísk stjórnvöld og mótmælt því að þeir njóti ekki réttinda stríðsfanga samkvæmt Genfarsáttmálanum? Ef svo er, hvenær fóru þær viðræður fram og hver voru viðbrögðin?

536. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2005.

(Afgreidd frá Alþingi 4. des.)

Samhljóða þskj. 474 (sbr. 1) með þessari breytingu:

Sundurliðun 2, **Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta**, hljóðar svo:

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).	
1. Háskólinn á Akureyri, nýbygging	90.000
2. Kennaraháskóli Íslands, lóð o.fl.	45.000
3. Íþróttamiðstöð á Laugarvatni o.fl.	15.000
4. Viðhald, óskipt	20.000
Samtals	**170.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).	
1. Framhaldsskólar í Reykjavík	150.000
2. Menntaskólinn í Reykjavík	50.000
3. Flensborgarskóli	90.000
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10.000
5. Menntaskólinn í Kópavogi	49.000
6. Fjölbrautaskóli Vesturlands	54.000
7. Snæfellsskóli, tæki og búnaður	25.000
8. Verkmenntaskólinn á Akureyri	70.000

9.	Framhaldsskólinn á Laugum	30.000
10.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	23.000
11.	Fjölbrautaskóli Suðurlands	81.000
12.	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	8.000
13.	Menntaskólinn á Laugarvatni	18.000
14.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	74.000
15.	Tæki og búnaður, óskipt	10.000
	Samtals	**742.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).

1.	Búvélasafnið í Gröf	1.000
2.	Búvélasafn Hvanneyri	1.500
3.	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	3.500
4.	Kvennasögusafn Íslands	500
5.	Langabúð á Djúpavogi, rekstur safna	1.000
6.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
	Samtals	**10.000**

4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

1.	Eyrbyggja	5.000
2.	Húni II	1.000
3.	Hvalamiðstöðin á Húsavík, lokaáfangi uppbyggingar	5.000
4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, lokafrágangur og rekstur	3.000
5.	Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	2.000
6.	Íþróttasafn, Akranesi	1.000
7.	Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps, flutningur húsnæðis	1.000
8.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, umhverfi safnsins	2.000
9.	Ósvör, Bolungarvík	5.000
10.	Safn bátaflota Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ	2.000
11.	Safnahús Búðardal	5.000
12.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	5.000
13.	Samgöngusafnið í Skógum, áframhaldandi uppbygging	5.000
14.	Sauðfjársetur á Ströndum, kaup á húsnæði	3.000
15.	Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar í Neskaupstað	2.000
16.	Sjóminjasafnið á Hellissandi	2.000
17.	Sjóminjasafnið í Reykjavík, framkvæmdir við húsnæði o.fl.	5.000
18.	Sögusafnið í Perlunni	5.000
19.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	2.000
	Samtals	**61.000**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Menningarhús á Ísafirði	40.000
2.	Byggðasöfn	24.700
3.	Þjóðskjalasafn Íslands	20.000
4.	Þjóðleikhúsið	10.000
5.	Skriðuklaustur	5.000

6.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**109.700**

6. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Erró	1.600
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
5.	Guðbergur Bergsson	1.600
6.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
7.	Hannes Pétursson	1.600
8.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
9.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
10.	Jón Nordal	1.600
11.	Jón Sigurbjörnsson	1.600
12.	Jón Þórarinsson	1.600
13.	Jónas Ingimundarson	1.600
14.	Jórunn Viðar	1.600
15.	Kristbjörg Kjeld	1.600
16.	Kristinn Hallsson	1.600
17.	Kristján Davíðsson	1.600
18.	Matthías Johannessen	1.600
19.	Megas	1.600
20.	Róbert Arnfinnsson	1.600
21.	Thor Vilhjálmsson	1.600
22.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
23.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
24.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.600
25.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
26.	Þráinn Bertelsson	1.600
27.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**43.200**

7. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
2.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	500
3.	Harmonikkufélag Vestfjarða	300
4.	Íslensk grafík	200
5.	Leifshátíð	500
6.	Leikbrúðuland	1.200
7.	Leikminjasafn Íslands, íslensk leikminjaskrá	1.000
8.	Listasafn Kópavogs	1.000
9.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
10.	Málverkasafn Tryggva Ólafssonar	1.000
11.	Rannsóknarstofa um helgisiðafræði í Skálholti	4.000
12.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	500
13.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.500

14.	Stórsveit Reykjavíkur	500
15.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.000
16.	Tónahátíð í Þjórsárveri	500
17.	Tónleikar í Skaftárhreppi	500
18.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	900
19.	Þjóðlagahátíð á Siglufirði	500
	Samtals	**18.600**

8. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Byggða- og atvinnusaga Súðavíkurhrepps	1.000
2.	Byggðasaga Skagafjarðar	2.000
3.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi	500
4.	Eyrbyggjar – útgáfustarf á menningar- og sögutengdu efni	400
5.	Færeysk orðabók	1.800
6.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	500
7.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	800
8.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa fornbókmennta á erlendum tungumálum	3.000
9.	Önfirðingafélagið í Reykjavík	1.000
10.	Örlygur Hálfdanarson, Úr torfbæjum inn í tækniöld	1.500
	Samtals	**12.500**

9. Norræn samvinna (02-984-1.90).

	Norræna félagið á Íslandi, rekstur og sérverkefni	7.000
	Óskipt	6.000
	Samtals	**13.000**

10. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	2.000
3.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	1.000
	Samtals	**4.000**

11. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Sumarbúðirnar Ástjörn	1.000
2.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	8.000
	Samtals	**9.000**

12. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Fornleifastofnun Íslands	3.000
2.	Frumkvöðlafræðslan ses.	2.000
3.	Holt í Önundarfirði, viðgerðir á húsnæði	1.000
4.	Kirkjubæjarstofa, rannsóknir, gagnaöflun o.fl.	5.000
5.	Kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn	1.000
6.	Klúbbur matreiðslumeistara	1.000
7.	Kópavogsbær, spænsk menningarvika	2.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstrarstyrkur	2.000
9.	Kvenréttindafélag Íslands	600

10.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
11.	Lionsklúbbur Búðardals, minnismerki um Jón Thoroddsen	500
12.	Lýsir, gagnagrunnur um myndlist í íslenskum handritum	1.000
13.	Mats Wibe Lund sf.	2.000
14.	Músík og saga, verkefnið munnleg geymd	1.000
15.	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	2.000
16.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið Hugsað um barn	5.000
17.	Rannsóknir og greining	4.000
18.	SMS – Samskipti með síma	2.000
19.	Snjáfjallasetur	1.000
20.	Sturlustofa í Dölum	600
21.	Surtseyjarfélagið, rannsóknir og starfsemi	700
22.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, tölvusetning á handriti	1.500
23.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
24.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.500
25.	Þjóðbúningaráð	500
	Samtals	**47.100**

13. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaður (02-999-6.90).

1.	Álfhóll, fræðslusýning um þjóðsögur og vættir	2.000
2.	Blátindur VE 21 frá Vestmannaeyjum, endursmíði	3.500
3.	Byggðasafn Garðskaga	4.000
4.	Draugasetrið, Stokkseyri	2.000
5.	Eikarbáturinn Sædís, endursmíði	3.500
6.	Fræðimannaíbúð í Reykjaskóla, Hrútafirði, vinna við endurgerð	2.000
7.	Fuglasafn Sigurgeirs	4.000
8.	Grettisból á Laugarbakka, uppbygging	5.000
9.	Grettislaug	1.000
10.	Heimskautagerði á Raufarhöfn	4.000
11.	Jöklasýning Höfn í Hornafirði, endurnýjun og rekstur	5.000
12.	Kvikmynd um norðurljós	5.000
13.	Landnámssetur Íslands í Borgarnesi	5.000
14.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri	2.000
15.	Listaverk Samúels Jónssonar í Selárdal, viðgerðir	1.000
16.	Manngerðir hellar	2.000
17.	María Júlía BA 36, endursmíði	3.500
18.	Mótorbáturinn Sæljón	500
19.	Nýhöfn á Melrakkasléttu, uppbygging smiðju og veiðihjalls	400
20.	Nýtt handverk á gömlum rótum, sýning í Bryggen, Kaupmannahöfn	5.000
21.	Steinaríki Íslands á Akranesi	3.000
22.	Stúkuhús, Akranesi	3.000
23.	Textílsetur Íslands á Blönduósi	3.000
24.	Tónminjasetur Íslands	2.000
25.	Unglingalandsmót í Mýrdalshreppi	10.000
26.	Útisýningarsvæði að Görðum, Akranesi	1.000
27.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	2.000

28.	Vélbáturinn Ölver, endurbygging	3.000
29.	Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	5.000
30.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	5.000
31.	Ævintýra- og dýragarður á Blönduósi	4.000
	Samtals	**101.400**

14. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Framkvæmdasjóður Skrúðs	2.500
2.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, uppgræðsluverkefni	4.000
3.	Hólaskóli, gæðamat í ferðaþjónustu	3.000
4.	Hólaskóli, Líf í fersku vatni	1.500
5.	Landvernd	4.000
6.	Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna	500
7.	Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar	1.500
8.	Nytjaland	4.000
9.	Rannsóknir á glerál	1.000
10.	Rannsóknir á landslagi undir jökli	3.000
11.	Skógræktarfélagið Skógfell, göngustígur	300
12.	Sláturfélag Austurlands, Austurlamb	500
13.	Töfragarðurinn Stokkseyri	1.000
14.	Vottunarstofan Tún	4.000
15.	Æðarræktarfélag Íslands	300
	Óskipt	8.000
	Samtals	**39.100**

15. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	3.500
2.	Norðurland	16.600
3.	Austurland	9.000
4.	Suðurland	27.000
	Samtals	**56.100**

16. Ýmis verkefni (05-190-1.90).

1.	Kalkþörungavinnsla í Hrútafirði	5.000
2.	Rannsóknarsetur í Sandgerði	1.000
3.	Sjávarsetur í Sandgerði	1.400
	Óskipt	18.600
	Samtals	**26.000**

17. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1.	ADHD-samtökin	1.000
2.	Barnaheill	1.000
3.	Blindrafélagið	8.500
4.	Daufblindrafélag Íslands	700
5.	Félag ábyrgra feðra	400
6.	Félag einstæðra foreldra	1.200
7.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	6.000

8.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
9.	Kvennaráðgjöfin	700
10.	Landsbyggðin lifi	500
11.	Landssamband eldri borgara	1.000
12.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	3.500
13.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
14.	Sjálfsbjörg	4.000
15.	Systkinasmiðjan, námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir	500
16.	Umsjónarfélag einhverfra	600
17.	Vernd	1.000
18.	Vímulaus æska	5.000
19.	Þroskahjálp	5.000
	Óskipt	17.300
	Samtals	**59.100**

18. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	4.000
2.	Regnbogabörn	3.000
3.	Samtökin '78	1.000
	Samtals	**8.000**

19. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	36.400
2.	Heilsugæslustöð á Skagaströnd	25.000
3.	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, endurinnrétting sjúkrahúss	10.000
4.	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, viðbygging	40.000
5.	Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust á Þórshöfn	18.500
6.	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	48.100
7.	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað, endurbygging eldri hluta	79.500
8.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	17.000
9.	Sjúkrahús Suðurlands	92.000
	Samtals	**366.500**

20. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga	2.000
2.	Alnæmissamtökin	1.000
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.500
4.	Beinvernd	500
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	500
6.	Blóðgjafafélag Íslands	500
7.	Elín Ebba Ásmundsdóttir, hlutverkasetur	4.000
8.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
9.	Félag um offitu á Íslandi	500
10.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	500
11.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.000
12.	Gigtarfélag Íslands	2.500
13.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000

14.	Heimili og skóli, foreldrasamningur	1.700
15.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
16.	Landssamtök hjartasjúklinga	4.000
17.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.000
18.	Líknarfélagið Skjöldur, 12 spora húsið	1.000
19.	MS-félag Íslands	500
20.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	200
21.	PKU-félagið á Íslandi	200
22.	Samtök lungnasjúklinga	600
23.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.000
24.	Samtök sykursjúkra	1.000
25.	Samtök um sárameðferð	200
26.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	1.000
27.	Tourette-samtökin	400
28.	Umhyggja	1.500
	Samtals	**32.700**

21. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	1.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík	800
3.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	1.000
4.	Samgönguminjasafnið Ystafelli	2.000
5.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stórageröi	4.000
6.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	3.000
	Óskipt	16.700
	Samtals	**28.500**

22. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Drangeyjarfélagið	1.000
2.	Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhólasveitar	1.000
3.	Hverafjallafélagið	1.000
4.	Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, átaksverkefni í ferðaþjónustu og atvinnumálum	1.000
5.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	2.500
	Óskipt	12.700
	Samtals	**19.200**

23. Lendingarbætur (10-336-6.74).

1.	Hnúksnes, Dalabyggð	900
2.	Við Galtarvita	100
3.	Höfðaströnd, Grunnavík	400
4.	Aðalvík	400
5.	Reykjarfjörður, Hornströndum	500
6.	Karlshöfn, Gjögri	800
7.	Reykir, Reykjaströnd	1.100
8.	Lagarfljót	1.100

Óskipt	1.000
Samtals	**6.300**

24. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

Fagráð textíliðnaðarins	4.000
Óskipt	25.600
Samtals	**29.600**

25. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1. Blái herinn	1.000
2. Fuglaathugunarstöð á Höfn	1.000
3. Sesseljuhús, umhverfissetur	5.000
Óskipt	10.500
Samtals	**17.500**

537. Svar [369. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um vegagerð á Uxahryggjaleið.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til vegagerðar á Uxahryggjaleið, frá Meyjarsæti að Víðikerum, árin 2002 og 2003 og á þessu ári?

Framkvæmdir við umræddan áfanga á Uxahryggjavegi um Sandkluftavatn voru boðnar út í júní árið 2003 og hófust framkvæmdir í september það ár. Um er að ræða nýbyggingu 4,5 km kafla vegarins. Árið 2003 var unnið fyrir 28 millj. kr. en áætlað er að á þessu ári verði unnið fyrir um 60 millj. kr. miðað við að verkinu ljúki nú í desember.

2. Hvaða opinberra leyfa hefur verið aflað vegna umræddrar vegagerðar?

Gerð var kynningarskýrsla vegna framkvæmdarinnar og hún send til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, Þingvallanefndar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Ábendingar komu frá Þingvallanefnd og Umhverfisstofnun sem farið var eftir, eftir því sem við átti. Sveitarfélagið gaf út framkvæmdaleyfi.

538. Svar [384. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um losun gróðurhúsalofttegunda.

1. Hver er staða heimilda fyrir losun annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísýrings samkvæmt Kyoto-samningnum?

Kyoto-bókunin nær til losunar sex gróðurhúsalofttegunda: koltvíoxíðs (CO_2), metans (CH_4), köfnunarefnisoxíðs (N_2O), vetnisflúorkolefnis (HFC), perflúorkolefnis (PFC) og brennisteinshexaflúoríðs (SF_6).

Losun fimm síðasttöldu lofttegundanna er umreiknuð í koltvíoxíðs-ígildi og miðast losunarheimildir Kyoto-bókunarinnar við þá einingu, en ekki eru sérstakar heimildir fyrir

einstakar lofttegundir. Árið 2002 skiptist útstreymi Íslands þannig hlutfallslega eftir lofttegundum:

Koltvíoxíð (CO_2)	74%
Metan (CH_4)	15%
Köfnunarefnisoxíð (N_2O)	8%
Vetnisflúorkolefni (HFC)	2%
Perflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF_6)	1%

Nú liggur fyrir að hluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá nýjum stóriðjuverum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, vatnsorku eða jarðhita, mun ekki falla undir almennar losunarheimildir Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni. Hins vegar mun útstreymi annarra gróðurhúsalofttegunda, svo sem flúorkolefnis frá álverum, falla undir almennar heimildir Íslands. Útstreymi flúorkolefna er um 12–13% af heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá álverum. Verulegur árangur hefur náðst í að minnka útstreymi flúorkolefna frá álverinu í Straumsvík á undanförnum árum og gerð er krafa um að útstreymi flúorkolefna frá nýjum álverum sé í lágmarki. Í núverandi losunarspá hefur verið reiknað að með útstreymi flúorkolefna frá álverum rúmist innan almennra heimilda Íslands og er gert ráð fyrir að Ísland verði innan þeirra marka sem því er sett á árunum 2008–2012.

2. *Hver verður heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi að meðtöldu stóriðjuákvæðinu í lok skuldbindingartímabils Kyoto-samningsins 2008–2012?*

Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að gefa nákvæmt svar við þessarri spurningu, þar sem það byggist á mörgum óvissuþáttum. Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar frá 2002 er t.d. reiknað með að útstreymi koltvíoxíðs frá nýjum stóriðjuverum nemi 1.539 þús. tonnum á skuldbindingartímabilinu 2008–2012. Þar er m.a. reiknað með útstreymi frá verksmiðju Reyðaráls, sem var heldur meira en verður frá verksmiðju Fjarðaáls. Óvissa um hvort og hvenær verður af stækkun annarra stóriðjuvera og hvort til nýrra framkvæmda gæti komið fyrir 2012 auka svo enn á óvissuna.

Það er þó að sjálfsögðu hægt að reikna hugsanlega losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi, að gefnum ákveðnum forsendum. T.d. mætti reikna út hver losunin gæti orðið ef heimildir Íslands væru fullnýttar. Samkvæmt útreikningum Umhverfisstofnunar var losun gróðurhúsalofttegunda um 3.300 þús. tonn árið 1990. Ef losunin ykist sem svarar heimild Íslands um 10% aukningu yrði hún um 3.600 þús. tonn árið 2012. Ef íslenska ákvæðið, sem nemur 1.600 þús. tonnum, væri að auki fullnýtt, væri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi um 5,2 millj. tonna. Vonir standa þó til þess að hægt verði með aðgerðum og umhverfisvænni tækni að draga úr almennri losun gróðurhúsalofttegunda, þannig að losunin yrði væntanlega minni en þetta, auk þess sem áðurnefnd óvissa varðandi framkvæmdir við stóriðju gerir erfitt um vik að gefa nákvæma spá fyrir einstök ár.

3. *Hver verður losun á hvern Íslending í lok sama tímabils?*

Til að reikna út slíkt þarf að gefa sér forsendur um losun, sbr. svarið hér að framan og spá fyrir að auki um mannfjöldaþróun næstu árin. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru Íslendingar rétt rúm 290.000 talsins um sl. áramót og fjölgaði um 0,73% á milli ára. Miðað við slíka fjölgun gætu Íslendingar verið um 310.000 talsins í lok skuldbindingartímabils Kyoto-bókunarinnar. Losun á hvert mannsbarn, ef allar heimildir Íslands væru fullnýttar, væri þá um 16,8 tonn á íbúa, að meðtaldri heimilaðri losun vegna nýrrar stóriðju (að því frá-

teknu væri hún um 11,6 tonn á íbúa). Til samanburðar má geta þess að meðaltalslosun Viðauka-II ríkja Kyoto-bókunarinnar árið 2000 var um 13,5 tonn á íbúa, en mest var hún í Ástralíu, eða um 26 tonn á íbúa.

539. Svar [347. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um olíuleit við Ísland.

Leitað var til Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna um svör við fyrirspurninni og byggist eftirfarandi á upplýsingum frá þeim.

1. *Hafa mörg erlend olíufélög kynnt sér lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, og hafa einhver félög sótt um leyfi til olíu- og gasleitar í íslenskri lögsögu eftir gildistöku laganna? Ef svo er, hvaða félög og hver eru áform þeirra?*

Lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, setja almennan ramma um leit að olíu og jarðgasi á landgrunninu og vinnslu olíu- og jarðgaslinda og gera ráð fyrir tvenns konar leyfum. Annars vegar eru veitt leyfi til leitar með mælingum og sýnatöku af hafsbotni. Hins vegar gera lögin ráð fyrir að veitt verði leyfi til rannsókna og vinnslu sem fela í sér einkarétt til borana og vinnslu á tilteknu, afmörkuðu svæði.

Leit samkvæmt kolvetnislögunum felur í sér eins konar forkönnun á olíu- og gasmöguleikum. Hún er í eðli sínu fjarkönnun, sem yfirleitt er framkvæmd með hljóðendurvarpsmælingum, og tekur til víðáttumikilla svæða. Heimilt er að gefa út fleiri en eitt leitarleyfi á sama svæði, en boranir eru ekki leyfðar nema í undantekningartilvikum. Leitarleyfin voru útfærð nánar í reglugerð iðnaðarráðherra nr. 553/2001.

Tvö fyrirtæki hafa sótt um og fengið leitarleyfi. Leyfin tóku til leitar á Jan Mayen-svæðinu og stunduðu bæði fyrirtækin leit þar með hljóðendurvarpsmælingum.

InSeis fékk þriggja ára leyfi 19. júlí 2001. Fyrirtækið mældi 2.800 km af hljóðendurvarpsmælingum árið 2001 á svæði sem nær frá lögsögumörkunum við Jan Mayen og suður að 67. breiddargráðu.

TGS-NOPEC fékk eins mánaðar leyfi 24. apríl árið 2002. Fyrirtækið hreppti slæmt veður í mælingaleiðangri sínum árið 2002 og náði einungis að mæla um 800 km af hljóðendurvarpsmælingum á syðsta hluta Jan Mayen-hryggjar og landgrunni Austurlands. Bæði fyrirtækin hafa skilað gögnum úr leitinni og kynnt niðurstöðurnar í skýrslum.

Helstu niðurstöður eru þær að mjög þykk setlög eru á Jan Mayen-svæðinu og er greinilegur skyldleiki milli þeirra og setlaga á landgrunni Vestur-Noregs og Austur-Grænlands. Jafnframt hefur komið í ljós skyldleiki við jarðfræði Hjaltlandsrennunnar við Færeyjar, meiri en áður var talið. Í gögnunum eru jafnframt vísbendingar um svæði sem hugsanlega gætu vakið áhuga olíufyrirtækja á frekari athugunum, þ.m.t. borunum.

Leyfin eru nú útrunnin og engar aðrar umsóknir hafa borist um leitarleyfi. Fyrirtækin telja ekki tímabært að halda mælingum áfram að sinni, þar sem enn hefur ekki tekist að selja þau gögn sem aflað var í leiðöngrunum 2001 og 2002. Viðræður ráðuneytisins við tengda aðila hafa þó leitt í ljós að vaxandi áhugi er á að ráðast í borun á Jan Mayen-svæðinu sem fjármögnuð yrði í samstarfi einkaaðila.

Öllum fyrirtækjum sem þess hafa óskað hafa verið sendar upplýsingar um fyrirkomulag olíuleitarmála hér, þ.m.t. kolvetnislögin og reglugerðin um olíuleit. Lögin hafa einnig verið kynnt sérstaklega þeim fyrirtækjum sem hingað hafa komið til að afla upplýsinga um olíu-

leitarmöguleika. Hér er samtals um 13 fyrirtæki að ræða, bæði stór og smá, sem nær öll sérhæfa sig í olíuleit en stunda hvorki boranir né vinnslu eins og stóru erlendu olíufyrirtækin gera. Ólíklegt er að nokkurt stóru erlendu olíufyrirtækjanna hafi kynnt sér lögin vel. Þó ber að hafa í huga að olíuleitarfyrirtækin InSeis og TGS-NOPEC, sem hér hafa stundað mælingar samkvæmt leyfi og aðilar tengdir þeim, hafa boðið mörgum þessara fyrirtækja gögn sín af Jan Mayen-svæðinu til sölu og jafnframt kynnt þeim meginatriðin í fyrirkomulagi olíuleitar hér við land.

2. *Hafa erlendir aðilar sýnt málinu áhuga án þess að sækja formlega um leyfi til leitar?*

Nokkur erlend fyrirtæki, sem ekki hafa sótt formlega um leyfi, hafa sýnt áhuga á olíuleit við Ísland.

Annars vegar er um að ræða fyrirtæki sem hafa verið að velta fyrir sér að sækja um leitarleyfi. Þetta eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í hljóðendurvarpsmælingum en stunda ekki boranir eða vinnslu sjálf. Allmörg slík hafa óskað eftir upplýsingum og sum þeirra hafa sent fulltrúa til landsins til að kynna sér leitarmöguleikana betur. Hins vegar er um að ræða fyrirtæki sem hafa áhuga á að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi og gangast fyrir rannsóknarborunum á landgrunninu. Í viðræðum við íslensk stjórnvöld hafa öll þessi fyrirtæki bent á að það sé mikilvægt fyrir starfsemi þeirra að stjórnvöld taki ákvörðun um að bjóða fram rannsóknar- og vinnsluleyfi þannig að ljóst sé að rannsóknaboranir geti hafist á landgrunninu. Það hefur jafnframt verið mat þeirra að skynsamlegast sé að byrja á Jan Mayen-svæðinu.

Ástæður fyrir áhuga fyrirtækjanna á rannsóknar- og vinnsluleyfum á Jan Mayen-svæðinu eru nokkrar.

1. Olíuleit er hafin á svæðinu og ný gögn eru tiltæk olíufyrirtækjum sem vilja kynna sér jarðfræði þess nánar. Líkur á olíulindum í jörðu hafa aukist því að í nýju gögnunum eru vísbendingar um hugsanlegar olíugildrur á svæðinu sem áhugavert væri að kanna með rannsóknarborunum.
2. Reynsla olíufyrirtækja af því að stunda rannsóknarboranir á svæðum þar sem jarðfræðilegum og öðrum aðstæðum svipar til aðstæðna á Jan Mayen-svæðinu fer vaxandi.
3. Tæknilegar hindranir í vegi fyrir olíuvinnslu við Jan Mayen eru að mestu leyti horfnar. Vegna framfara í olíuvinnslutækni virðist nú mögulegt að vinna olíu á því hafdýpi og í því veðurfari og sjólagi sem ríkir á svæðinu án þess að slá af eðlilegum kröfum um mengunarvarnir og vinnuöryggi.

Mat iðnaðarráðuneytisins er að þeir aðilar sem hafa sóst eftir rannsóknar- og vinnsluleyfum búi yfir nægjanlegri reynslu, sérþekkingu og viðskiptatengslum í olíuiðnaðinum til að gangast fyrir stofnun samstarfshóps fyrirtækja og undirbúa umsókn um rannsóknar- og vinnsluleyfi. Þá skortir hins vegar reynslu, sérþekkingu og fjárhagslegt bolmagn til þess að standa sjálfir að borunum og uppbyggingu vinnslustöðva til hafs og eru því háðir því að fá til liðs við sig stærra olíufyrirtæki sem uppfyllir þessi skilyrði.

Ráðuneytið telur hins vegar að gera verði ráð fyrir því að innan fárra ára geti skapast raunverulegur áhugi hjá stórum alþjóðlegum olíufyrirtækjum á því að hefja rannsóknarboranir á svæðinu. Þetta mat er þó háð mikilli óvissu sem stafar fyrst og fremst af því að lítið er vitað um hvernig stóru olíufyrirtækin meta olíumöguleika Jan Mayen-svæðisins í samanburði við önnur svæði sem þeim standa til boða. Ólíklegt er að mat þeirra muni skýrast að ráði fyrr en ákvörðun hefur verði tekin um að bjóða fram rannsóknar- og vinnsluleyfi á svæðinu.

3. *Eru lögin sambærileg við lög erlendra ríkja þar sem olíu- og gasleit eða vinnsla fer fram á landgrunni?*

Lögin eru mjög sambærileg. Við samningu þeirra var sérstaklega tekið mið af þeirri löggjöf sem gildir í Færeyjum, en einnig höfð hliðsjón af löggjöf Norðmanna, Grænlendinga og annarra nágrannaþjóða.

Lagaumhverfi rannsóknarborana var hins vegar ekki fullmótað með setningu kolvetnislaganna því áður en rannsóknar- og vinnsluleyfi verða veitt þarf að ganga frá leyfisskilmálum og ljúka ýmsum öðrum undirbúningi. Það getur kallað á lagabreytingar eða setningu nýrra laga og hefur ráðuneytið haft það til athugunar, eins og síðar er vikið að.

Í þessu samhengi er rétt að nefna að Hafréttarstofnun Íslands gekkst nýlega fyrir málstofu um olíurétt og nýtingu olíuauðlinda í Norðaustur-Atlantshafi, m.a. í þeim tilgangi að auka þekkingu okkar á lagaumhverfi og fyrirkomulagi olíuleitar og olíuvinnslu í nágrannalöndunum. Til málstofunnar var boðið sérfræðingum frá Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Írlandi.

4. *Hafa komið fram athugasemdir við fyrrnefnd lög? Ef svo er, hvaða athugasemdir helstar?*

Fjölmörg tækifæri hafa gefist til að ræða kolvetnislögin og fyrirkomulag olíuleitarmála á Íslandi við sérfróða erlenda aðila, bæði meðan kolvetnislögin voru á undirbúningsstigi og eftir að þau tóku gildi. Hér er um að ræða stjórnendur og sérfræðinga við olíustofnanir í nágrannalöndunum, erlenda sérfræðinga sem hafa verið íslenskum stjórnvöldum til ráðgjafar á þessu sviði og starfsmenn og eigendur fyrirtækja sem hér hafa sótt um leyfi eða komið til upplýsingaöflunar.

Svo virðist sem þessir aðilar telji kolvetnislögin vera ágætan ramma um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Skýrasta ábendingin lýtur að útgáfu rannsóknar- og vinnsluleyfa. Þessir aðilar telja flestir að stóru olíufyrirtækin, sem hafa bolmagn til þess að ráðast í rannsóknarboranir á Jan Mayen-svæðinu, muni ekki sýna svæðinu mikinn áhuga fyrr en ljóst er að stefnir í útgáfu rannsóknar- og vinnsluleyfa og hvaða leyfisskilmálar verði í boði. Jafnframt er ljóst að ekki er skynsamlegt að veita leyfi nema unnt sé að að tryggja að starfsemin verði þjóðhagslega hagkvæm, fari fram í sátt við umhverfið og að vinnuöryggi sé tryggt.

Af þessari ástæðu hefur samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál verið falið að afla yfirlits um þá undirbúningsvinnu og athuganir sem fram þurfa að fara áður en til útgáfu rannsóknar- og vinnsluleyfa getur komið. Nefndin fékk til liðs við sig Margréti Völu Kristjánsdóttur lögmann til að vinna yfirlitið og er skýrsla hennar væntanleg á næstu mánuðum. Vinnan hefur þegar leitt í ljós að nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi og annar undirbúningur munu taka nokkurn tíma, sennilega um tvö ár til þrjú ár. Auk lagabreytinga er hér m.a. um að ræða útfærslu á rannsóknar- og vinnsluleyfi, athuganir á náttúrulegum aðstæðum á Jan Mayen-svæðinu og athuganir á umhverfisáhrifum og efnahagslegum áhrifum af olíuleit og olíuvinnslu. Þegar skýrslan liggur fyrir mun iðnaðarráðuneytið meta hvort rétt sé að hefja þetta starf og stefna að því að bjóða fram rannsóknar- og vinnsluleyfi á Jan Mayen-svæðinu innan fárra ára.

5. *Hafa verið kannaðir möguleikar sem gerð er grein fyrir í niðurstöðum skýrslu Anthony George Doré frá júní 1998 en hann var óháður ráðgjafi starfshóps iðnaðarráðuneytisins um olíuleit?*

Í skýrslu Antony Doré kemur fram að möguleg olíusvæði á landgrunni Íslands séu þrjú: Hatton-Rockall svæðið, Jan Mayen-svæðið og setlagasvæðið úti fyrir Norðurlandi en mat hans á olíumöguleikum og tillögur um rannsóknir beindust fyrst og fremst að landgrunni Norðurlands. Skipulega hefur verið unnið að því að þoka olíuleitarmálum áfram á öllum þessum svæðum.

Lykillinn að nýtingu hugsanlegra olíu- eða jarðgasauðlinda á Hatton-Rockall svæðinu er að óvissu um landgrunnsréttindi verði eytt. Á undanförnum þremur árum hafa íslensk stjórnvöld gengist fyrir umfangsmiklum mælingum á svæðinu og jafnframt tekið upp viðræður við þau lönd sem gera tilkall til landgrunnsréttinda þar. Markmiðið með þessu er að tryggja réttindi Íslands til nýtingar auðlinda á svæðinu í framtíðinni.

Á Jan Mayen-svæðinu hefur þegar orðið töluverður árangur af setningu kolvetnislaganna og reglugerðarinnar um leit því leitarfyrirtæki hafa varið töluverðum fjármunum til þess að kanna svæðið með mælingum. Sem dæmi um framgang leitarinnar má nefna að nú liggur fyrir skýrsla fyrirtækjanna Globex Norway, InSeis Terra og Geysir Petroleum um olíumöguleika á Jan Mayen-svæðinu. Skýrslan, sem byggð er á hljóðendurvarpsgögnum InSeis, hefur verið kynnt í olíuiðnaðinum og er föl þeim fyrirtækjum sem kaupa hljóðendurvarpsgögn InSeis.

Landgrunn Norðurlands hefur nokkra sérstöðu meðal leitarsvæðanna á landgrunni Íslands, vegna þess hve aðstæður til olíuleitar þar eru ólíkar aðstæðum á hefðbundnum olíusvæðum. Þetta er eina svæðið þar sem íslensk stjórnvöld hafa sjálf gengist fyrir leit og hefur þar verið farið eftir tillögum starfshóps um olíuleit við Ísland og ráðgjafans Anthony Doré. Markmið hennar hefur verið að bæta vitneskju um setlagasvæðin á landgrunninu frá Öxarfirði yfir í Eyjafjarðarál í þeirri von að líkurnar á olíu eða jarðgasi ykjust nægilega mikið til að áhugi annarra vaknaði á frekari leit.

Áður en rannsóknir þessar hófust árið 1999 var var talið að líkur á að finna olíu eða jarðgas á landgrunni Norðurlands væru um 1 á móti 12. Niðurstöður rannsóknanna eru um margt áhugaverðar og er ljóst að líkurnar eru meiri en álitið var í upphafi. Niðurstöðurnar eru í stuttu máli eftirfarandi:

1. Jarðgas, sem inniheldur vott af kolagasi, leitar til yfirborðs víða á söndum Öxarfjarðar.
2. Líklegt er að kolagasið sé myndað við fergingu og upphitun surtarbrands í berggrunninum undir söndunum. Staðfest er að surtabrandslög á Tjörnesi geta gefið af sér sams konar gas.
3. Sýnt hefur verið fram á að jarðgas er til staðar í jarðlögum á botni Skjálfanda og að það leitar upp til yfirborðs á vissum stöðum. Vonir standa til að þetta gas innihaldi kolagas myndað við afgösun surtarbrands, en það hefur ekki fengist staðfest.

Stefnt er að því að ljúka þessum undirbúningsrannsóknum innan tveggja eða þriggja ára og leggja mat á framhaldið á grundvelli þeirra niðurstaðna sem þá munu liggja fyrir.

Olíufyrirtækjum hafa verið kynntur framgangur rannsóknanna á landgrunni Norðurlands eftir því sem tilefni hefur gefist til.

540. Svar [262. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um eftirlit tollgæslunnar með innflutningi í gámum.

Eftirfarandi er byggt á upplýsingum frá tollstjóranum í Reykjavík. Skipuleg skráning þeirra upplýsinga sem fyrirspurnin lýtur að fer ekki fram hjá öðrum tollstjórum. Hins vegar stendur fyrir dyrum að efla söfnun tölfræðilegra upplýsinga á landsvísu, sbr. svar við 5. lið fyrirspurnarinnar.

1. *Hve margar vörugámaeiningar voru fluttar inn til landsins:*
   a. *árið 2003,*
   b. *árið 2004?*

Eftirfarandi tölur byggjast á upplýsingum sem hefur verið aflað frá farmflytjendum með skip í reglulegum siglingum:

Árið 2003 voru fluttar inn 141.281 vörugámaeiningar til landsins (TEU).

Árið 2004 voru fluttar inn 146.903 vörugámaeiningar til landsins (TEU).

2. *Hve stórt hlutfall heildarinnflutnings vöru í gámum var skoðað fyrrnefnd ár?*

Innlögð tollskjöl vegna sendinga annarra en hraðsendinga í Reykjavík árið 2003 voru 242.669 talsins. Áætlað er að skoðaðar hafi verið um 1.100 sendingar.

Innlögð tollskjöl vegna sendinga annarra en hraðsendinga í Reykjavík árið 2004 (til og með 31. október sl.) voru 206.726 talsins. Áætlað er að skoðaðar hafi verið um 1.550 sendingar.

3. *Hversu oft á árunum 2003 og 2004 komu upp mál í tengslum við vöruinnflutning í gámum sem má rekja til:*
   a. *rangrar tollflokkunar sem leiddi til of lágra eða hárra tollgreiðslna,*
   b. *fíkniefnainnflutnings,*
   c. *þess að innsigli var rofið af lokunarbúnaði gáms,*
   d. *þess að innsigli var rofið áður en til tollskoðunar kom?*

a. Röng tollflokkun.

Árið 2003 voru skoðaðar um 1.100 sendingar. Þar af voru gerðar athugasemdir við u.þ.b. 240 sendingar. Af þeim reyndust 147 vera vegna rangrar tollflokkunar.

Árið 2004 (til og með 31. október sl.) voru skoðaðar um 1.584 sendingar. Þar af voru gerðar athugasemdir við u.þ.b. 346 sendingar. Af þeim reyndust 193 vera vegna rangrar tollflokkunar.

b. Fíkniefnainnflutningur.

Árið 2003 komu upp 72 fíkniefnamál hjá tollgæslunni í Reykjavík. Þar af voru sjö mál sem komu upp í tengslum við vöruinnflutning í gámum.

Árið 2004 (til og með 31. október sl.) kom upp 61 fíkniefnamál hjá tollgæslunni í Reykjavík. Þar af voru fjögur mál sem komu upp í tengslum við vöruinnflutning í gámum.

c. Innsigli rofið af lokunarbúnaði.

Engin mál hafa komið árin 2003 og 2004, svo vitað sé, þar sem tollinnsigli var rofið af lokunarbúnaði gáms.

d. Innsigli rofið fyrir tollskoðun.

Engin mál hafa komið upp árin 2003 og 2004, svo vitað sé, þar sem tollinnsigli var rofið áður en til tollskoðunar kom.

4. *Hve margir tollverðir starfa að eftirliti með vöruinnflutningi í gámum?*

Í Reykjavík eru starfandi 49 tollverðir. Í upplýsinga- og áhættugreiningardeild eru nú starfandi fimm tollverðir en frá og með 1. janúar verða þeir níu talsins.

Við vöruskoðun og almennt tolleftirlit, þ.e.í vöruskoðunar- og afgreiðsludeild og eftirlits-

deild, eru nú starfandi 34 tollverðir. Þar af eru tveir hundaþjálfarar sem eingöngu sinna fíkniefnamálum.

Allir fyrrgreindir tollverðir koma með einum eða öðrum hætti að gámaeftirliti.

5. *Er fyrirhugað aukið eftirlit með innflutningi varnings í gámum?*

Um þessar mundir er embætti tollstjórans í Reykjavík að byggja upp og efla áhættugreiningu en söfnun upplýsinga af ýmsu tagi er forsenda slíkrar greiningar.

Mjög brýnt er að koma á miðlægum gagnagrunni á landsvísu, svipuðum og lögregluyfirvöld notast við. Með því verður hægt að fá heildstætt yfirlit, t.d. yfir haldlagðan varning, eftirlitsaðgerðir, skipakomur o.fl. á landsvísu. Stefnt er að því að vinna þarfagreiningu fyrir slíkan gagnagrunn á komandi ári.

Markmiðið með uppbyggingu áhættugreiningar er að eftirlitsaðgerðir verði markvissari og beinist að þeim stöðum þar sem áhættan er talin mest. Í því tilliti má segja að fyrirhugað sé að auka eftirlit með innflutningi varnings í gámum.

541. Fyrirspurn [412. mál]

til fjármálaráðherra um sölu ríkiseigna.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hver fer með umboð ríkisins við sölu ríkiseigna, af hvaða reglum er hann bundinn og til hvaða sjónarmiða ber honum að líta þegar ákvörðun er tekin um málsmeðferð og hvernig að sölunni skuli staðið?
2. Gilda samræmdar reglur um sölu ríkiseigna eða sérstakar reglur í hverju tilviki? Er misjafnt hvaða aðferð er notuð eftir því hver annast sölu?
3. Er í undirbúningi lagasetning um hvernig fara skuli að við sölu ríkiseigna?

542. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott lög nr. 26/1976 sem heimiluðu ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans. Samningurinn sem hér um ræðir var undirritaður í Kaupmannahöfn 4. desember 1974 en hefur nú vikið fyrir nýjum samningi milli Norðurlandanna um starfsemi bankans, sem gerður var í Ósló 23. október 1998. Alþingi hefur heimilað fullgildingu núgildandi samnings með þingsályktun sem samþykkt var á 123. lög-

gjafarþingi (297. mál). Að þessu virtu telur nefndin rétt að lög nr. 26/1976 verði felld brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Álfheiður Ingadóttir.	Jón Gunnarsson.

543. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu eru þar lagðar til tvær breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Annars vegar að stjórnarmönnum sjóðsins verði fækkað úr sjö í sex og tilnefningaraðilum fækkað og hins vegar að innheimtuþóknun vegna ógreiddra iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði hækkuð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Lúðvík Bergvinsson og Jón Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með sama fyrirvara og framangreindir nefndarmenn.

Alþingi, 4. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Siv Friðleifsdóttir.
	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	

544. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Stjórnir lífeyrissjóða eru skipaðar fulltrúum samtaka launafólks annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Mikilvægt er að tryggja þátttöku heildarsamtaka launafólks í stjórnum lífeyrissjóðanna eftir því sem kostur er. Samtök opinberra starfsmanna hafa til þessa átt fulltrúa í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og hefur aðkoma þeirra verið tryggð með tilnefningu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með frumvarpinu yrði sú tilnefning felld niður. Minni hlutinn getur ekki fallist á þessa breytingu og vísar í rökstuðning sem fram kemur í erindum frá LSR og BSRB hvað þetta snertir.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemd við 2. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 4. des. 2004.

Álfheiður Ingadóttir.

545. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði til 30. júní 2005 undanþága frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu. Óþarft er að framlengja undanþágu frá þessum lögum í lengri tíma þar sem lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004, taka gildi 1. júlí nk. og falla þá úr gildi lögin sem frumvarpið breytir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Álfheiður Ingadóttir.	Jón Gunnarsson.

546. Frumvarp til vatnalaga. [413. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni eða farvegi þess umfram það sem nauðsynlegt er.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Almenningur:* Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög fasteignar.
2. *Áveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.
3. *Búsþarfir:* Búsþarfir til kvikfjárræktar.
4. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
5. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
6. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
7. *Grunnvatn:* Allt vatn neðan jarðar í samfelldu vatnslagi í gegnmettuðum jarðlögum, kyrrstætt eða rennandi, sem er í beinni snertingu við jarðlögin.
8. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
9. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
10. *Jarðhiti:* Jarðvarmaforði í jarðlögum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn sem flytur jarðvarmaorku.
11. *Lágflæði:* Minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
12. *Mannvirki:* Hvers konar manngerðar tilfæringar, t.d. hús, brú eða virkjun.
13. *Merkivatn:* Vatn það sem landamerkjum ræður.
14. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.
15. *Orkunýting:* Hvers konar hagnýting orkulinda sem byggist á breytingu einnar tegundar orku í aðra.

16. *Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki til orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.
17. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
18. *Stöðuvatn:* Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá, enda þótt flætt geti gegnum það.
19. *Vatnsból:* Mannvirki, t.d. brunnar, borholur eða virkjaðar lindir, eða náttúrulegt vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum.
20. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
21. *Vatnsflæði:* Rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/s eða m^3/s.
22. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
23. *Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til stýringar á rennsli vatns.
24. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
25. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
26. *Vatnsvirki:* Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.
27. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI
Eignarhald á vatni.

4. gr.
Eignarréttur að vatni.

Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.

5. gr.
Sameign á vatni.

Fasteignareigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Ef ekki verður samkomulag um nýtingu skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu vatns sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki fasteigna tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting vatns verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast sé að nýta vatnið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

6. gr.
Ef merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir er hvorri rétt að nota vatnið að jöfnu eftir þörfum sínum. Dreifist vatn í farvegi skal hvorri fasteign fylgja jafn réttur til vatnsins þó að ekki skiptist til helminga um miðlínu. Ef vatn er svo lítið að ekki nægi báðum eða öllum skal ákveða skipti og notkun þess með mati dómkvaddra matsmanna.

7. gr.

Leyfi til að skilja vatnsréttindi frá fasteign.

Ekki má skilja við fasteign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi ráðherra.

8. gr.

Aðskilnaður vatns frá fasteign og skipting vatnsréttinda.

Nú eru vatnsréttindi framseld án þess að eignarréttur að fasteign sé jafnframt framseldur og fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Nú er framseldur hluti fasteignar sem liggur að vatni eða á og eru vatnsréttindi innifalin í kaupunum nema öðruvísi sé kveðið á um. Þó skal sá hluti fasteignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

Ef sameignarlandi er skipt skulu hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

9. gr.

Skylda til þátttöku í vatnsveitu, áveitu, vatnsmiðlun eða vörnum gegn vatnságangi.

Nú eiga menn fasteign í félagi og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignar ákveðið að ráðast í framkvæmdir, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af henni ef talið verður að fasteigninni muni verða meira hagræði af framkvæmdunum en kostnaðinum nemur.

Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati dómkvaddra matsmanna.

III. KAFLI

Landamerki í vötnum.

10. gr.

Landamerki í vatnsföllum.

Nú skilur vatnsfall fasteignir og á þá hvort land í miðjan farveg, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð.

Ekki breytast merki þótt farvegur breytist.

11. gr.

Landamerki í stöðuvötnum.

Nú liggur fasteign að stöðuvatni og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka sem hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd þá skal miðlína þess ráða merkjum nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri.

Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns og er sundið mjórra en 230 metrar og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

Ef breyting verður á vatnsbotni skulu netlög vera þar sem þau voru áður.

12. gr.
Landamerki milli fasteigna sem liggja að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin.

Nú liggja tvær fasteignir eða fleiri að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin og fylgja þá netlög þeim bakka sem næstur er hverju sinni.

IV. KAFLI
Farvegur.

13. gr.
Forn farvegur.

Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

Óheimilt er fasteignareiganda eða öðrum, nema lög heimili:

1. að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,
2. að gerstífla vatnsfall eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,
3. að veita vatni af fasteign sinni á aðra fasteign ef af því stafar tjón eða hætta.

14. gr.
Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil samkvæmt leyfi ráðherra, en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem slíkt bakar honum. Ef ágreiningur verður skal skorið úr með eignarnámsmati.

Nú hefur sama ástand haldist í 20 ár eða lengur og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

V. KAFLI
Aðgangsröð að vatni.

15. gr.
Forgangur að vatni.

Vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf.

Heimilt er fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis- og búsþarfa á aðra fasteign ef eiganda þeirrar fasteignar verður ekki óhæfilegur bagi að enda sé slík vatnstaka á eigin fasteign ómöguleg eða til muna erfiðari. Þegar svo hagar til getur eigandi þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum. Náist ekki samkomulag með aðilum um bætur skulu þær ákveðnar með eignarnámsmati.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir heimilis- og búsþörfum fasteignareigenda. Um vatnsveitur sveitarfélaga fer samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

16. gr.

Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

Reglan varðar fyrst og fremst innbyrðis samskipti eigenda nágrannaeigna. Hún tryggir mönnum réttinn til þess að losna við óæskilegt vatn af fasteignum sínum. Reglan tengist mjög umhverfismálum, en hér er um að ræða framkvæmdir sem í vissum tilvikum geta fallið undir lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þó að ekki sé það tekið fram berum orðum í greininni er eðlilegt að við mat eignarnámsbóta sé tekið tillit til þess hvort viðkomandi fasteignir hafa hag af framkvæmdinni. Í nefndaráliti meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 73–74, var miðað við að meginreglan væri sú að sá sem þyrfti afnot af landi annars manns til þessa gæti fengið rétt til þeirra ef ekki semdist, eftir ákvörðun matsnefndar í smærri tilvikunum, en samkvæmt heimild viðkomandi ráðherra í hinum meiri háttar tilfellum. Ekki þykja rök standa til þess að gera greinarmun á þessum tilvikum heldur hafa almenna heimild til eignarnáms.

Um 25. gr.

Greinin kveður á um það að niðurlagning mannvirkis, þar með talið stöðvun á viðhaldi, sé háð samþykki/leyfi Orkustofnunar. Þá segir að eigandi mannvirkis skuli leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Eðlilegt þykir að hafa ákvæði af þessu tagi, en nefna má að skv. 74. gr. gildandi vatnalaga þarf leyfi ráðherra til niðurlagningar vatnsmiðlunar.

Um 26. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að mannvirki og framkvæmdir allar skv. VII. kafla skuli þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á fasteignum annarra manna, nema þeim sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum. Hér er um að ræða almenna aðgæsluskyldu, en reglan á sér m.a. fyrirmynd í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli, sem fjallar um vatnafélög, samsvarar að miklu leyti XI. kafla gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200–202; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76–78, og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 38–39 (hvað varðar áveitufélög).

Í kaflann er safnað saman almennum ákvæðum um vatnafélög. Gilda þessar almennu reglur um öll slík félög nema sérákvæði séu um einstök þeirra. Hér er um að ræða allítarlegar reglur um þessa tegund félagsskapar en þar sem reglum þessa kafla frumvarpsins sleppir gilda almennar reglur félagaréttar um vatnafélög.

Ætla verður að vatnafélög geti haft raunhæfa þýðingu nú á tímum þrátt fyrir að miklar samfélagsbreytingar hafi átt sér stað. Eins og greinir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er gert ráð fyrir færri afbrigðum vatnafélaga í frumvarpinu en í gildandi vatnalögum. Ekki eru miklar breytingar á þeim reglum sem gilt hafa um vatnafélög skv. XI. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, en þó hefur nokkrum ákvæðum verið sleppt sem ekki virðist ástæða til að hafa í lögum. Þá skal áréttað að sú grundvallarbreyting hefur nú orðið á að skylduaðild að vatnafélögum er afnumin. Að öðru leyti vísast hér um til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 27. gr.

Greinin svarar til 99. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76.

Við setningu gildandi vatnalaga voru í 99. gr. talin upp þau félög sem þá töldust hafa raunhæft gildi hér á landi en öðrum félögum sleppt, t.d. fleytifélögum og félögum í því skyni að halda uppi umferð á vötnum. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir félögum um vatnsveitur, áveitur, varnir gegn ágangi vatns og vatnsmiðlun. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir félögum um orkuver og orkuveitu, sbr. c-lið 1. mgr. 99. gr., og holræsi, sbr. g-lið 1. mgr. 99. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Um félög um orkuver og orkuveitu gilda raforkulög, nr. 65/2003, en hvað varðar holræsi er við það miðað að sá málaflokkur heyri undir umhverfisráðherra.

Um 28. gr.

Greinin svarar til 100. gr. gildandi vatnalaga, en orðalagi hefur verið breytt. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76. Í frumvarpsgreininni, sem skýrir sig sjálf, er fjallað um fundarboð til stofnunar vatnafélags.

Um 29. gr.

Regla 1. mgr. greinarinnar kemur í stað 102. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76. Ákvæði 2. mgr. svarar til 108. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77.

Ákvæði 2. mgr. er sett til þess að ekki vanti nauðsynleg ákvæði í samþykktir vatnafélaga. Upp eru talin öll helstu atriði sem fram eiga að koma í samþykktum í því skyni að auðveldara sé að semja þær.

Í 1. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um að einfaldan meiri hluta þurfi til að ráða málum til lykta, nema öðruvísi sé fyrir mælt. Í 2. málsl. 2. mgr. er heimild til að kveða svo á í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til að ráða tilteknum málum til lykta.

Um 30. gr.

Greinin, þ.e. 1.–3. mgr., svarar að mestu til 110. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77. Þessi grein er til tryggingar því að ekki verði teknir nýjir menn í félagsskapinn ef það veldur verulegum breytingum á verkefni hans eða skyldum félagsmanna. Ákvæði 2. mgr. kemur hins vegar í stað 34. og 45. gr. gildandi vatnalaga.

Ákvæði 1. mgr. varðar heimild til að taka nýja menn í vatnafélag.

Regla 2. mgr. varðar síðari þátttöku í vatnsveitu eða samáveitu, nánar tiltekið ákvæði um innbyrðis samskipti nágrannaeigna. Þar kemur fram að hverjum þeim sem ekki hefur tekið í upphafi þátt í framkvæmdum sé rétt að gera það síðar, enda valdi það ekki verulegu óhagræði að mati dómkvaddra matsmanna. Þá segir að náist ekki samkomulag um greiðslu endurgjalds fyrir vatnsnot, stofnkostnað eða árskostnað skuli skorið úr með eignarnámsmati. Telja verður eðlilegt að hafa ákvæði sem þetta þar sem vatnsveitur eða samáveitur eru í einkaeign, en augljós hagræðissjónarmið búa að baki reglunni, sbr. nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 66–67.

Í 3. mgr. kemur fram að verði veruleg breyting á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega af þeim sökum skuli fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins. Rétt er að taka fram að ekki þykir ástæða til að halda þeirri reglu að ráðherra skeri úr ágreiningi um efni 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eins og 2. mgr. 110. gr. gildandi vatnalaga gerir ráð fyrir. Eðlilegt er að slíkur ágreiningur verði leystur fyrir almennum dómstólum.

Í 4. mgr. segir að bætist nýr maður í félag skuli hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði, þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skuli hann sjálfur þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

Um 31. gr.

Greinin kemur í stað 111. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77.

Í 1. mgr. kemur fram að maður megi segja sig úr félagi, en þá skuli hann fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans. Þá segir að úr ágreiningi skuli skorið með mati dómkvaddra matsmanna. Hér er um að ræða miklar breytingar frá reglu 111. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir að maður megi segja sig úr félagi, ef 1) ⅔ hlutar félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundi og 2) svo reynist að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af félagsskapnum en öðrum

landareignum samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Í 1. mgr. þessarar frumvarpsgreinar er aftur á móti byggt á því að maður geti hvenær sem er sagt sig úr félagi og er það í samræmi við ríkjandi viðhorf um félagafrelsi. Þess verður þó að gæta að tryggja eðlilega hagsmuni þess sem segir sig úr félagi sem og þeirra aðila sem áfram eru í félagsskapnum og er við það miðað í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Í 2. mgr. er eðlileg regla sem mælir svo fyrir að segi maður sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu. Í 111. gr. gildandi vatnalaga kemur fram að verði ágreiningur megi skjóta honum til ráðherra. Engin slík heimild er í þessari grein til slíks málskots enda er ekki gert ráð fyrir neinu eftirlitshlutverki ráðherra í tengslum við vatnafélög. Af þessu leiðir að leysa verður úr einkaréttarlegum ágreiningi aðila að vatnafélagi fyrir almennum dómstólum.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 4. mgr. 106. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77. Í greininni kemur fram að eignir félags standi fyrir skuldum þess og enginn félagsmaður beri ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu. Þetta verður að teljast eðlilegt ákvæði, en því er ætlað að takmarka ábyrgð félagsmanna þar sem þátttaka í félagi er lögskipuð.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 112. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201–202; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77.

Í 1. mgr. koma fram skilyrði þess að slíta félagi. Þar segir að slíta megi félagi í þremur tilvikum, þ.e. 1) ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar sinnar, 2) ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess og 3) ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félagið setti sér eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram. Í þessum tölulið kemur jafnframt fram að ágreiningi um það hvort skilyrði félagsslita samkvæmt honum séu fyrir hendi skuli ráðið til lykta með mati dómkvaddra matsmanna. Er það breyting frá gildandi rétti að því leyti að dómkvaddir matsmenn ráða úr þessum ágreiningi, en ekki úttektarmenn eins og 1. mgr. 112. gr., sbr. 147. gr. gildandi vatnalaga, gerir ráð fyrir. Þá er heldur engin málskotsheimild eins og í gildandi vatnalögum sem kveða á um það að skjóta megi mati úttektarmanna undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar. Er það í samræmi við þá staðreynd að ráðherra er ekki ætlað hlutverk í tengslum við vatnafélög.

Ákvæði 2.–4. mgr. svara að mestu til 113. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 202; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 78.

Samkvæmt 2. mgr. sér skilanefnd um skipti vatnafélags og um vald hennar vísast til hlutafélagalaga um skilanefnd við slit hlutafélags.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það hvernig með skuli fara þegar eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum.

Í 4. mgr. er vísað til laga um skipti á dánarbúum o.fl. að því leyti sem ákvæði frumvarpsins mæla ekki annan veg.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórnsýslu og eftirlit.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram að iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum.

Í 2. mgr. er að finna kæruheimild til ráðherra vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Rétt er að taka fram að framkvæmdir í vötnum geta verið háðar leyfi eða skilyrðum fleiri stjórnvalda en Orkustofnunar. Það breytir þó í engu heimild aðila til að bera stjórnvaldsákvörðun Orkustofnunar undir iðnaðarráðherra.

Um 35. gr.

Í þessari grein ræðir um skyldu til að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í vötnum vegna vatnsnýtingar.

Ákvæði 1. mgr. er byggt á þeirri meginreglu að allar framkvæmdir í vötnum séu tilkynningarskyldar þó að þær séu ekki leyfisskyldar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eða öðrum lögum, t.d. skipulags- og byggingarlögum. Enginn eðlismunur er á þeim framkvæmdum sem leyfisskyldar kunna að vera samkvæmt öðrum lögum. Sama nauðsyn er því á tilkynningarskyldu í þeim tilvikum. Rökin fyrir reglu 1. mgr. eru einkum þau að Orkustofnun eru falin viðamikil verkefni í lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Má þar að nefna að skv. 2. gr. laganna er hlutverk Orkustofnunar m.a. 1) að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál, 2) að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra, 3) að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings, o.fl. Þykir tilkynningarskylda 1. mgr. nauðsynleg í ljósi þessa hlutverks Orkustofnunar. Þá verður einnig að hafa í huga að tilkynningarskylda getur ekki talist mjög íþyngjandi fyrir hinn tilkynningarskylda aðila. Til greina hefði komið að hafa allar framkvæmdir í vötnum, stórar og smáar, leyfisskyldar. Aðferðarfræði þessarar greinar gengur hins vegar skemur og ætti að ná öllum sömu markmiðum og næðust með skilyrðislausu ákvæði um leyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ekki þurfi að tilkynna Orkustofnun sérstaklega um framkvæmdir er snerta veiðivötn í skilningi lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970. Slíkar framkvæmdir eru háðar leyfi veiðimálastjóra og er í málsgreininni kveðið á um að þegar sótt er um leyfi til framkvæmda til veiðimálastjóra skuli hann senda Orkustofnun afrit af slíkum umsóknum. Orkustofnun getur þá ef hún telur ástæðu til sett skilyrði fyrir framkvæmdinni í samræmi við 3. mgr.

Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. felur í sér heimild til handa Orkustofnun að setja skilyrði fyrir framkvæmdum sem talin eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Þess er áður getið að sú leið var ekki talin heppileg í frumvarpinu að binda allar framkvæmdir í vötnum, stórar sem smáar, við leyfi Orkustofnunar. Þetta ákvæði styðst aftur á móti við þau rök að þó að framkvæmd sé lögum samkvæmt ekki leyfisskyld geti þær aðstæður verið fyrir hendi að sama þörf sé á að Orkustofnun setji skilyrði fyrir framkvæmdum og væru þær leyfisskyldar. Hér er því um að ræða stjórnsýsluákvörðun Orkustofnunar sem tekin verður á grundvelli þeirra aðstæðna sem lýst er í ákvæðinu.

Í 2. málsl. 3. mgr. kemur fram að ákvæði 1. málsl. 3. mgr. gildi ekki um framkvæmdir á friðlýstum svæðum þar sem Umhverfisstofnun hefur forræði. Umhverfisstofnun skal þó leita álits Orkustofnunar um framkvæmdir skv. 1. mgr. en verði ágreiningur milli Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar um skilyrði fyrir framkvæmdum sker umhverfisráðherra úr. Tekið

skal fram að þau skilyrði sem Orkustofnun getur sett fyrir framkvæmdum í vatni skulu byggjast á þeim sjónarmiðum sem fram koma í 1. málsl. 3. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði sem setur Orkustofnun þrönga fresti til þess að taka ákvörðun um hvort hún ætli sér að nýta heimild 3. mgr. til þess að setja skilyrði fyrir framkvæmdum í vatni. Í fyrsta lagi skal stofnunin greina tilkynningarskyldum aðila frá því innan fjögurra vikna frá því tilkynning barst henni hvort sett verða skilyrði fyrir framkvæmdum eða gerðar aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Í öðru lagi er það svo að tilkynni Orkustofnun tilkynningarskyldum aðila innan frestsins að hún hyggist setja einhver skilyrði fyrir framkvæmdum byrjar nýr fjögurra vikna frestur að líða að loknum fjögurra vikna frestinum.

Um 36. gr.

Í þessari grein kemur fram að Orkustofnun hefur stjórnsýslu og eftirlit með ákvæðum frumvarpsins. Stofnunin getur lagt á dagsektir ef ekki er farið að tilmælum hennar.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru eignarnáms- og bótaákvæði. Ákvæði þessa kafla frumvarpsins fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi vatnalögum. Er þar fyrst og fremst um að ræða einföldum á þeim reglum sem gilda um mat á tjóni og ákvörðun um eignarnámsbætur. Samkvæmt gildandi vatnalögum eru ýmsar sérreglur um eignarnám sem ganga framar almennum reglum laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, sbr. 1. gr. laganna. Helstu breytingarnar með þessu frumvarpi felast í eftirfarandi atriðum:

1. Ákvörðunarvald um til hvaða eigna eignarnámið skuli ná, eða hve víðtækt það eigi að vera að öðru leyti, verði í höndum ráðherra.

Lagt er til að ákvörðunarvald um heimild til eignarnáms verði ávallt í höndum ráðherra. Samkvæmt gildandi lögum veitir ráðherra yfirleitt leyfi til eignarnáms sem heimilað er í vatnalögum, en stundum heyrir það undir matsnefnd. Ef hins vegar ágreiningur rís um það til hvaða eigna eignarnámið skuli ná, eða hve víðtækt það eigi að vera að öðru leyti, er úr því skorið með mati dómkvaddra manna, sbr. 146. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Þar kemur fram að hvarvetna þess er eignarnám er heimilað samkvæmt lögunum og menn skilur á um það hvaða eignir eða réttindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o.s.frv. þurfi á að leggja, þá skuli skera úr með mati. Þarna er tiltekin verkaskipting milli ráðherra annars vegar og dómkvaddra matsmanna hins vegar. Í frumvarpinu er lagt til að þessi verkaskipting verði aflögð, en þess í stað verði við það miðað að það sé í verkahring ráðherra að ákvarða hve víðtækt eignarnámið skuli vera, einkum hvaða réttindi skuli skert og með hvaða hætti. Þetta er í samræmi við hefðbundin viðhorf. Ekki verður talið að þetta sé varhugavert, enda getur eignarnámsþoli ávallt borið ákvörðun ráðherra undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

2. Dómkvaddir matsmenn framkvæmi allar matsgerðir.

Lagt er til að dómkvaddir matsmenn framkvæmi allar matsgerðir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Í gildandi vatnalögum er gert ráð fyrir að annars vegar löggiltir úttektarmenn eða hins vegar dómkvaddir matsmenn framkvæmi mat á grundvelli laganna. Þó gera lögin ráð fyrir að matsbeiðandi eða matsþoli geti hvor um sig krafist þess að dómkvaddir matsmenn framkvæmi matið. Ekki verður séð að sérstök rök standi lengur til þess að bjóða upp á tvo kosti í þessum efnum. Er því lagt til að reglur þessar verði einfaldaðar með því að dóm-

kvöddum matsmönnum verði einum falið þetta hlutverk. Um dómkvadda matsmenn, almennt og sérstakt hæfi þeirra og störf að öðru leyti, fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 147. gr. gildandi vatnalaga framkvæma löggiltir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram, tilteknar matsgerðir samkvæmt lögunum, þ.e. matsgerðir skv. 6., 3. mgr. 9. gr., 10., 3. mgr. 12. gr., 2. mgr. 18. gr., 4. mgr. 25. gr., 31., 37., 38., 2. mgr. 39. gr., 40., 2. mgr. 41. gr., 43., 44., 45., 2. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 82. gr., 78., 80., 81., b-lið 1. mgr. 111. gr. og 112. gr. Sú undantekning er þó gerð frá þessari reglu að dómkvaddir matsmenn framkvæma matsgerðir alls staðar annars staðar, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögunum, sbr. b-lið 1. mgr. 147. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 147. gr. meta úttektarmenn þó ekki ef: a) Matsbeiðandi krefst þess að dómkvaddir menn meti eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu sem af kröfu hans stafar. b) Úttektarmenn treysta sér ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum. c) Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram. d) Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að reglur gildandi vatnalaga eru allflóknar og er því lagt til í frumvarpinu að reglur um mat verði einfaldaðar.

3. Sérreglur um matsmenn eignarnámsbóta samkvæmt vatnalögum afnumdar.

Lagt er til að sérreglur um matsmenn eignarnámsbóta samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923, verði afnumdar, en lögin gera ráð fyrir að bæði geti farið fram undir- og yfirmat eignarnámsbóta. Eins og að framan greinir er undirmat ýmist framkvæmt af úttektarmönnum eða tveimur dómkvöddum mönnum eftir reglum 147. gr. vatnalaga. Skv. 148. gr. vatnalaga er síðan hægt að skjóta undirmati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna innan sex vikna frá lokum matsgerðar. Á yfirmatsnefnd að ákveða bætur enda þótt undirmat hafi ekki fjallað um þær vegna þess að ekki hefur verið fallist á eignarnámsbeiðnina, en yfirmatsnefnd tekur hana hins vegar til greina. Þegar svo stendur á má á hinn bóginn skjóta úrlausn yfirmatsmanna um bætur til sérstaks yfirmats samkvæmt eldri lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms (matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, gegnir nú þessu hlutverki). Þegar einungis skal ákveða endurgjald eða bætur skal yfirmatsnefnd skipuð sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms, sbr. 148. gr. vatnalaga.

Af framansögðu er ljóst að samkvæmt sérreglum vatnalaga geta eignarnámsbætur verið ákveðnar af undirmatsmönnum, yfirmatsmönnum og matsnefnd eignarnámsbóta. Því næst er hægt að bera ákvörðun matsnefndar eignarnámsbóta undir dómstóla, þ.e. héraðsdóm og loks Hæstarétt. Mikil einföldun og hagræði felst í því að ákvarða eignarnámsbætur eftir almennum reglum, þ.e. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Ekki er um að ræða neitt yfirmat samkvæmt þeim lögum, en ákvörðun bótafjárhæðar, sem matsnefndin ákvarðar, verður hins vegar borin undir dómstóla.

4. Sérreglur um kostnað eignarnámsþola af matsmáli afnumdar.

Lagt er til í frumvarpinu að sérreglur um kostnað eignarnámsþola af matsmáli verði afnumdar. Með vísan til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að sérreglur 149. gr. vatnalaga um matsmenn eignarnámsbóta verði afnumdar er lagt til að almennar reglur gildi um kostnað eignarnámsþola af matsmáli, sbr. nú 11. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

5. Sérreglur um umráðatöku eignarnema afnumdar.

Í frumvarpinu er lagt til að sérreglur 139. gr. vatnalaga um umráðatöku eignarnema verði afnumdar. Þess í stað gildi almennar reglur um umráðatöku, sbr. nú 13. og 14. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

6. Sérreglur um ákvörðun fjárhæðar eignarnámsbóta afnumdar.

Lagt er til í frumvarpinu að sérreglur um ákvörðun fjárhæðar eignarnámsbóta verði að mestu afnumdar. Sjá nánar athugasemdir við 41. gr.

7. Sérregla um andmælarétt afnumin.

Í frumvarpinu er lagt til að sérregla 1. mgr. 144. gr. vatnalaga um andmælarétt í tengslum við eignarnám og aðrar eignarskerðingar verði afnumin enda er réttur þessi fyllilega tryggður skv. IV. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 37. gr.

Í mörgum ákvæðum frumvarpsins er vikið að því í hvaða tilvikum ráðherra geti tekið réttindi eignarnámi. Í þessari grein er svo aftur afmarkað til hvaða réttinda eignarnámið skuli ná eða hve víðtækt það eigi að vera að öðru leyti, en það mat er nú í höndum ráðherra eins og að framan segir. Í greininni kemur fram að ráðherra geti heimilað að vatnsréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda í samræmi við ákvæði laga þessara. Þess skal þó ávallt freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur, en það verður að telja eðlilega reglu, sérstaklega í ljósi *Hrd. 1998. 985*. Loks segir að um framkvæmd eignarnáms á grundvelli frumvarpsins fari eftir almennum reglum, en hér er átt við lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 38. gr.

Í 1. málsl. greinarinnar segir að við ákvörðun eignarnámsbóta skuli taka sérstakt tillit til óvissu um vatnsréttindin og kostnað af notkun. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 3. mgr. 30. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 5. mgr. 23. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Í 2. málsl. kemur fram að við ákvörðun eignarnámsbóta skuli koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Með þessari reglu er áréttað það sjónarmið, sem lagt hefur verið til grundvallar í íslenskum rétti, að við ákvörðun eignarnámsbóta beri að taka til greina verðhækkun sem rekja má til eignarnáms, þ.e. verðhækkun sem er almenn í þeim skilningi að aðrar eignir í grenndinni hafa hækkað í verði að sama skapi. Aftur á móti hefur verið litið svo á að ekki beri að taka til greina sérstaka verðhækkun þeirrar eignar sem tekin er eignarnámi. Að þessu virtu þykir ekki ástæða til að taka upp í frumvarpið sérreglu 2. mgr. 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sem byggist á því að til þess sé ætlast að í bótafjárhæðum beri ekki að taka með almenna verðhækkun eignar (sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 210; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, bls. 81). Í tilvitnaðri grein vatnalaga segir að bætur fyrir eignarnumið land eða réttindi yfir landi skuli aldrei hærra meta en þær bætur sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grennd, jöfnum kostum búin, eða sams konar jafnverðmæt réttindi yfir slíkum löndum, enda skuli að engu hækka mat þótt land kunni að hækka í verði eða réttindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja sem eignarnám á því landi eða þeim réttindum er framkvæmt fyrir eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum. Ákvæði 2. málsl. 38. gr. frumvarpsins er því í samræmi við það meginsjónarmið

að ekki beri að taka til greina sérstaka verðhækkun þeirrar eignar sem tekin er eignarnámi. Á sama sjónarmiði er byggt í 1. mgr. 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en sá munur er á henni og þessari reglu frumvarpsins að regla gildandi laga fjallar aðeins um það þegar hluti eignar er tekinn eignarnámi eða eignarréttindi skert með öðrum hætti án þess að eignarnámsþoli sé sviptur eign sinni að fullu og öllu. Rétt þykir í frumvarpi þessu að taka það sérstaklega fram að þessi sérstaka verðhækkun sem verður vegna eignarnáms komi til frádráttar hvort heldur um eignarnám hluta eignar eða eignar í heild er að ræða.

Í 3. málsl. kemur fram að fara skuli um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum að öðru leyti, en hér er átt við lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 39. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um XI. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman ýmsum almennum ákvæðum.

Um 40. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 41. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að ákvarða lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans. Erfitt getur reynst að sanna að skilyrði refsiábyrgðar séu fyrir hendi ef um refsiábyrgð lögaðila væri vísað til II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Rétt er að taka fram að viðurlagaákvæði þetta ber að túlka til samræmis við ákvæði II. kafla A almennra hegningarlaga.

Í fyrsta lagi verður fésekt ákveðin með hliðsjón af almennum hegningarlögum, m.a. 51. gr. sem mælir svo fyrir að þegar fjárhæð sektar er ákveðin skuli eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

Í öðru lagi verður hugtakið lögaðili í viðurlagaákvæði frumvarpsins túlkað með hliðsjón af 19. gr. b almennra hegningarlaga, enda engin sérregla lögð til í frumvarpinu, en í greinargerð með 19. gr. b segir að gildandi sérrefsilagaheimildir um refsiábyrgð lögaðila verði skýrðar til samræmis við ákvæðið þannig að refsiábyrgðin taki til þeirra lögaðila sem ákvæðið afmarkar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í sérrefsilögunum.

Í þriðja lagi skal tekið fram að öfugt við 19. gr. a og 19. gr. b verður 19. gr. c ekki beitt um tilvik sem falla undir viðurlagaákvæði frumvarpsins. Um það vísast til þess sem áður segir, að viðurlagaákvæði frumvarpsins miðar við hlutræna refsiábyrgð lögaðila. Heimilt er að víkja frá að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því skilyrði að staðreynt hafi verið að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður lögaðilans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Um þetta segir í athugasemdum við 19. gr. c í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 140/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, að ákvæði um slík frávik verði þó að vera skýr. Þannig sé t.d. ekki gert ráð fyrir því að ákvæðið felli úr gildi sérrefsilagaákvæði um að gera megi lögaðila fésekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Af þessum ummælum er ljóst að viðurlagaákvæði frumvarpsins stenst fyllilega kröfur almennra hegningarlaga.

Um 42. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 43. gr.

Um 1. tölul.

Hinn 1. janúar 2002 voru holræsamál flutt frá félagsmálaráðuneyti yfir í umhverfisráðuneyti enda talið eðlilegt með hliðsjón af verkefnum ráðuneytanna og að nægjanlegar lagaheimildir væru til að taka á málum í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Í 25. gr. laganna, eins og þeim var breytt með lögum nr. 59/1999, sbr. 3. gr., geta sveitarfélög sett sér samþykktir um ýmsa þætti sem ekki er sérstaklega fjallað um í reglugerðum eða gert ítarlegri kröfur en þar koma fram, svo sem um meðferð úrgangs og skólps. Slíkar samþykktir skulu staðfestar af umhverfisráðherra. Enn fremur er sveitarfélögum heimilt að setja sér gjaldskrár um innheimtu gjalda að fenginni staðfestingu og birtingu á slíkri samþykkt. Rétt þykir nú við endurskoðun vatnalaga að fella ákvæði X. kafla laganna inn í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir að svo miklu leyti sem það er talið nauðsynlegt og samræma þau ákvæðum þeirra laga. Talið er æskilegt að kveða í þeim lögum á um skyldu sveitarfélaga til þess að leggja fráveitu, en það er leiðslukerfi fyrir skólp, þ.m.t. safnræsi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps, m.a. að setja niður rotþrær og siturlagnir eða önnur hreinsivirki, enn fremur um heimildir sveitarfélaga til þess að leggja gjald á fasteignir til þess að standa straum af kostnaði við að leggja fráveitur þar sem tekið yrði mið af fasteignamati, þ.e. húsa og lóða, og einnig þarf að koma fram skýr skylda fasteignaeigenda að þeir á sinn kostnað annist lagningu leiðslna fyrir skólp að lóðarmörkum og tengingu við fráveitu sveitarfélagsins. Að öðru leyti er talið að lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, séu nægjanlega traust heimild fyrir sveitarfélögin til þess að taka á fráveitumálum auk þess sem í X. kafla vatnalaga er að finna ákvæði sem tóku tillit til aðstæðna í upphafi þriðja áratugar síðustu aldar eða fyrir rúmum 80 árum og eiga ekki lengur við. Er því lagt til að sá kafli verði enn fremur numinn úr gildi. Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er m.a. að finna ákvæði um sérstakar samþykktir um fráveitur sem umhverfisráðherra staðfestir og jafnframt til gjaldtöku vegna veitingu leyfa og greiðslu þjónustugjalda. Eðlilegt er að ákvæði X. kafla vatnalaga um gjaldtöku vegna stofnkostnaðar vegna lagningar fráveitna og rotþróa sé að finna í sömu lögum.

Um 2. tölul.

Við endurskoðun vatnalaga þykir eðlilegt að fella ákvæði um umferð almennings um vötn inn í náttúruverndarlög þar sem þau lög hafa að geyma almenn ákvæði um umferðarrétt almennings. Í III. kafla þeirra laga er jafnframt að finna almennar umgengnisreglur sem gilda í náttúrunni og ákveðnar takmarkanir á umferðarrétti, svo sem varðandi merkingar o.fl. Litið er svo á að þau ákvæði gildi einnig um umferð um vötn eftir því sem við getur átt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til vatnalaga.

Frumvarpið hefur það að markmiði að setja skýrari lagaákvæði um eignarhald á vatni, skynsamlega stjórnun vatnamála og hagkvæmari og sjálfbæra nýtingu vatns. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

547. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Ingibjörgu Halldórsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum atvinnulífsins, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að hollustuháttaráð verði lagt niður en umhverfisráðherra skipi í stað þess þriggja manna samstarfsnefnd fulltrúa ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins sem taki við verkefnum þess.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að hollustuháttaráð hafi starfað frá júní 1998 og reynslan af störfum ráðsins þyki ekki gefa tilefni til þess að halda því gangandi í núverandi mynd. Eru ástæður þess skilmerkilega raktar í frumvarpinu. Þá kemur fram að vinna ráðsins hafi fyrst og fremst tengst gjaldskrám sveitarfélaganna fyrir lögboðið eftirlit heilbrigðisnefndanna en að öðru leyti hafi ráðið lítið komið að málum enda hafi því ekki verið ætlað neitt frumkvæði heldur eingöngu að taka við aðsendum erindum.

Nefndin tekur undir það sjónarmið að leggja skuli hollustuháttaráð niður en telur hins vegar ekki þörf á að koma á fót samstarfsnefnd þeirri sem frumvarpið mælir fyrir um í staðinn. Nefndin leggur þó áherslu á að markmið frumvarpsins um samráð milli hins opinbera, sveitarfélaga og atvinnulífsins hvað varðar stefnumarkandi þætti sem undir lögin falla í tengslum við atvinnustarfsemi sé mjög mikilvægt en telur hægt að ná því með öðrum og einfaldari hætti. Þá telur nefndin það markmið í sjálfu sér að hafa stjórnsýsluna og stjórnkerfið eins einfalt og skilvirkt og kostur er og leggur því til að hollustuháttaráð verði lagt niður án þess að nýrri lögbundinni nefnd verði komið á fót.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 17. gr. laganna verði felld brott en hún fjallar m.a. um skipun hollustuháttaráðs. Til samræmis við það eru lagðar til breyting-

ar á greinum sem vísa í hollustuháttaráð, þ.e. annars vegar 12. gr. laganna og hins vegar 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steinunn K. Pétursdóttir áheyrnarfulltrúi sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Gunnar Birgisson.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Mörður Árnason.	Valdimar L. Friðriksson.	

548. Fyrirspurn [414. mál]

til heilbrigðisráðherra um aldraða á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar? Hve margir deila herbergi með öðrum, ef hjón eða sambýlisfólk er frátalið, og hve margir eru í einkaherbergjum?
2. Stendur til að endurskoða löggjöf um málefni aldraðra og banna að aldraðir deili herbergi með öðrum, sé ekki um maka að ræða?

549. Fyrirspurn [415. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til garðyrkjunnar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til skoðunar í iðnaðarráðuneytinu að mæta brýnni þörf garðyrkjunnar fyrir ódýrara rafmagn í tengslum við ný raforkulög, sem taka gildi um áramót, þar sem einingum í tengslum við raforkusölu verður skipt upp í framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu?

550. Fyrirspurn [416. mál]

til samgönguráðherra um hjólreiðabrautir meðfram Vesturlandsvegi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða áform eru uppi um umferð hjólandi vegfarenda um Vesturlandsveg eftir tvöföldun hans? Óskað er upplýsinga um breytingar á framkvæmdinni eftir fram komnar athugasemdir frá samtökum hjólreiðafólks.

551. Fyrirspurn [417. mál]

til umhverfisráðherra um erfðabreytt matvæli.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður setningu reglna um nýfæði og merkingu erfðabreyttra matvæla hér á landi? Hvers er að vænta í þessu sambandi í ljósi nýjustu reglna Evrópusambandsins?
2. Hvernig stendur fræðsla til almennings um erfðabreytt matvæli, t.d. gerð bæklings sem ætlunin var að dreifa, sbr. svar við fyrirspurn á 128. löggjafarþingi (300. mál)?
3. Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld merkja framleiðsluvörur frá Bandaríkjunum sem innihalda erfðabreyttar afurðir?

Skriflegt svar óskast.

552. Fyrirspurn [418. mál]

til félagsmálaráðherra um þagnarskyldu um kaup og kjör.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Eru starfsmenn stofnana sem heyra undir félagsmálaráðuneytið skyldaðir til að skrifa undir þagnarheit um laun sín? Ef svo er, hjá hvaða stofnunum starfa þeir? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra taka upp slíkt fyrirkomulag?

553. Fyrirspurn [419. mál]

til umhverfisráðherra um Úrvinnslusjóð.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hver var peningaleg staða Úrvinnslusjóðs um síðustu áramót, þ.e. 31. desember 2003?

Skriflegt svar óskast.

554. Fyrirspurn [420. mál]

til dómsmálaráðherra um dvalarleyfi erlendra námsmanna.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Eru dæmi þess að erlendum námsmönnum er dvelja hérlendis í stuttan tíma sé gert að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir reyni ekki að koma til landsins næstu 18–36 mánuði eftir að dvölinni lýkur?

Skriflegt svar óskast.

555. Fyrirspurn [421. mál]

til viðskiptaráðherra um tryggingavernd innstæðueigenda.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig er tryggingavernd innstæðueigenda háttað hérlendis samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?
2. Hver er meðalinnstæða einstaklinga í viðskiptabönkum og sparisjóðum, og hversu margir eiga innstæður annars vegar undir og hins vegar yfir þeirri lágmarkstryggingavernd sem lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta kveða á um? Um hve háar fjárhæðir er að ræða í hvoru tilviki?
3. Telur ráðherra rétt í ljósi aðstæðna á fjármálamarkaði að grípa til aðgerða til að treysta betur stöðu innstæðueigenda og telur hann að öryggi þeirra sé nægjanlega tryggt komi til alvarlegra skakkafalla hjá innlánsstofnunum þannig að þær geti ekki staðið við skuldbindingar gagnvart innstæðueigendum?

Skriflegt svar óskast.

556. Fyrirspurn [422. mál]

til viðskiptaráðherra um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur heildareign Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta þróast sl. fimm ár, annars vegar innstæðudeildar og hins vegar verðbréfadeildar? Hve oft hefur komið til greiðslu úr sjóðnum, hve háar greiðslur voru inntar af hendi og í hvaða tilvikum?
2. Hve mikið hafa bankar og sparisjóðir greitt inn til sjóðsins sl. fimm ár og er þar um tilskilin framlög samkvæmt lögum að ræða?
3. Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við stöðu sjóðsins með tilliti til tryggingaverndar eða áhættustýringar eða annarra þátta sem lúta að fjárhagslegri stöðu sjóðsins út frá öryggi innstæðueigenda og hafa komið fram tillögur frá eftirlitinu til að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins eða eftirlit með honum?

Skriflegt svar óskast.

557. Frumvarp til laga [423. mál]

um breytingu á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Í stað orðanna „12 vikna innlausnarfresti“ í 1. málsl. 4. mgr. 59. gr. laganna, kemur: fjögurra vikna innlausnarfresti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera breytingar á reglum um meðferð óskilapenings, hrossa og nautgripa, sem samkvæmt gildandi lögum er heimilt að selja að kröfu hreppstjóra við nauðungarsölu með tólf vikna innlausnarfresti án þess að sérstakrar áskorunar sé þörf til eiganda.

Með gildistöku reglugerðar nr. 463/2003, um merkingu búfjár, er skylt að einstaklingsmerkja (örmerkja) hross sem fædd eru eftir 1. janúar 2003 og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er skylt að merkja alla nautgripi fædda eftir 1. september 2003 með plötumerki eða rafrænu merki og skulu allir nautgripir merktir í samræmi við reglurnar frá 1. janúar árið 2005. Þá hefur nokkuð verið gert sl. ár í að merkja eldri hross sérstaklega og hefur því tilvikum fækkað þar sem þurft hefur að selja óskilapening á uppboði.

Tólf vikna innlausnarfrestur fyrir eigandann er því ekki lengur nauðsynlegur og afar langur sé litið til hagsmuna þess er kaupir óskilapeninginn á uppboði og getur átt von á því í tólf

vikur að eigandinn komi og nýti sér brigðarétt. Breytingin mun einnig virka hvetjandi á eigendur hrossa og nautgripa til að vera með fullnægjandi merkingar.

558. Svar [307. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um styrki til að sporna við atvinnuleysi.

1. *Hversu mörg sveitarfélög hafa sótt um styrki til svæðisvinnumiðlana vegna sérstakra verkefna til að sporna við atvinnuleysi?*

Árið 2003 sóttu 30 sveitarfélög um styrki til svæðisvinnumiðlana vegna sérstakra verkefna til að sporna við atvinnuleysi. Fengu þau öll styrki en fjögur þeirra nýttu sér ekki veitta styrki. Þar af leiðandi fengu alls 26 sveitarfélög styrki árið 2003.

2. *Hversu mörg sveitarfélög hafa fengið slíka styrki, hver er fjöldi verkefna á vegum þeirra og hver er skiptingin eftir landsvæðum?*

Verkefni á vegum þeirra 26 sveitarfélaga sem fengu styrki árið 2003 voru samtals 67. Skipting sveitarfélaga og verkefna eftir landsvæðum var eftirfarandi:

	Fjöldi	
	Sveitarfélög sem fengu styrki	**Styrkt verkefni**
Höfuðborgarsvæðið	0	0
Suðurnes	4	8
Vesturland	5	24
Vestfirðir	4	5
Norðurland vestra	5	10
Norðurland eystra	3	9
Austurland	2	2
Suðurland	3	9
Samtals	**26**	**67**

Heimild: Vinnumálastofnun.

3. *Hversu margir voru á atvinnuleysisskrá annars vegar í þeim sveitarfélögum sem fengu styrki og hins vegar þeim sem fengu ekki styrki?*

Að meðaltali var fjöldi einstaklinga án atvinnu 31,7 í sveitarfélögum sem fengu styrki árið 2003 en 50,9 í sveitarfélögum sem sóttu ekki sérstaklega um styrki. Þar skiptir máli að engin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sóttu um styrki af þessu tagi en þar eru fjölmennustu sveitarfélögin og flestir atvinnulausir. Þegar litið er til einstakra svæða kemur í ljós að mun fleiri eru að jafnaði á atvinnuleysisskrá í þeim sveitarfélögum sem fengu styrki en þeim sem ekki sóttu um styrki. Enn fremur virðist sem fjölmennari sveitarfélögin sæki frekar um styrki til sérstakra verkefna en þau fámennari. Eftirfarandi tafla sýnir meðalfjölda atvinnulausra í mánuði í þeim sveitarfélögum er fengu styrki og í öðrum sveitarfélögum, skipt eftir landsvæðum.

	Meðalfjöldi atvinnulausra á mánuði	
	Sveitarfélög sem fengu styrki	Önnur sveitarfélög
Höfuðborgarsvæðið	-	424,3
Suðurnes	81,3	13,8
Vesturland	28,0	2,0
Vestfirðir	17,4	2,3
Norðurland vestra	16,4	0,6
Norðurland eystra	96,9	6,4
Austurland	34,5	5,5
Suðurland	35,5	12,2
Samtals	**31,7**	**50,9**

Heimild: Vinnumálastofnun.

559. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um þriðju kynslóð farsíma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurberg Björnsson og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneyti, Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Pál Ásgrímsson frá Símanum og Pétur Pétursson og Örn Orrason frá Og Vodafone. Umsagnir um málið bárust frá nokkrum aðilum.

Mál þetta var lagt fram á 130. þingi og sendi nefndin það einnig þá út til umsagnar auk þess að ræða það vel.

Hingað til hafa sérlög ekki verið í gildi varðandi úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma og því ekki við önnur lög að styðjast en lög um fjarskipti. Með málinu er lagt til að sérlög verði sett um þriðju kynslóð farsíma að því er varðar úthlutun tíðna. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að úthlutun tíðna fari fram á grundvelli útboða eftir reglum sem þar er kveðið á um og taka m.a. til útbreiðsluskyldu og kostnaðar vegna leyfa. Enginn hefur enn sótt um að fá úthlutað leyfi fyrir starfrækslu farsímaneta fyrir þriðju kynslóð farsíma en þegar til þess kemur er mikilvægt að til séu skýrar reglur um slíka úthlutun. Markmið frumvarpsins er eins og kemur fram í 1. gr. að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni. Nefndin telur að þessum markmiðum verði náð eins og málið liggur fyrir, m.a. með vísan til útboðsleiðarinnar og kröfu um lágmarksþjónustu á hverju svæði. Er það mat nefndarinnar að nokkuð góð sátt ríki um málið.

Við meðferð málsins ræddi nefndin hugmynd, sem kom fram á fundi hennar með fulltrúum símafyrirtækja, um að tekið væri tillit til þess að fyrirtækin gætu uppfyllt kröfurnar að hluta með svo kallaðri 2½ kynslóð farsíma, „edge“ tækni. Það er niðurstaða nefndarinnar að slíkt sé ekki ráðlegt, í það minnsta ekki miðað við núverandi aðstæður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Sæunn Stefánsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Guðjón Hjörleifsson.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.		Birkir J. Jónsson.

560. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lögð til innleiðing á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu. Með innleiðingu reglugerðarinnar er stefnt að því að gjöld vegna greiðslna í evrum yfir landamæri verði hliðstæð þeim sem tekin eru fyrir greiðslur innan lands. Reglugerðin nær til færslna að fjárhæð allt að 12.500 evrur en frá og með 1. janúar 2006 hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að reglugerðin nái til greiðslna í íslenskum krónum þó svo að heimild sé til þess í reglugerðinni.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins um málið var bent á að vafi væri á hvort það gæti uppfyllt að öllu leyti þau skylduverk sem í greinargerð segir að það eigi að vinna varðandi beitingu viðurlaga, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar og setningu reglna um kvartanir og málskot til að jafna deilur á milli aðila á síbreytilegum fjármálamarkaði. Þetta ræddi nefndin nokkuð og leggur meiri hlutinn til breytingu á málinu á grundvelli þessa þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja nánari reglur um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. frumvarpsins bætist við ný grein, svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Siv Friðleifsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.		Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

561. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Nökkva Bragason frá fjármálaráðuneyti, Kristínu Huld Sigurðardóttur og Agnesi Stefánsdóttur frá Fornleifavernd ríkisins. Umsagnir bárust um málið frá ríkisskattstjóra, Prestafélagi Íslands, Hagstofu Íslands, Kirkjugarðasambandi Íslands, Andlegu þjóðarráði Baháía á Íslandi og Fornleifavernd ríkisins.

Frumvarpið miðar einkum að því að koma á nýskipan kirkjugarðsgjalds. Gert er ráð fyrir að grundvelli útreiknings á kirkjugarðsgjaldi verði gjörbreytt og fjárhæð þess ákvörðuð í reiknilíkani sem tekur mið af raunverulegum tilkostnaði við greftranir og rekstur kirkjugarða í stað þess að vera áfram fast árlegt gjald sem miðast við fjölda sóknarbarna 16 ára og eldri í viðkomandi sókn. Jafnframt er lagt til að lögfest verði heimild kirkjugarðaráðs til að veita á bilinu 8–12% af fjárveitingu til kirkjugarða til Kirkjugarðasjóðs, í stað þess að heimildin verði bundin við 8% eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Þá eru aðrar smávægilegar breytingar einnig lagðar til í frumvarpinu, t.d. varðandi heimildir til sameiningar eða niðurlagningar kirkjugarða og reglur um legstaðaskrá.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna smávægilega villu, en þar er gert ráð fyrir að 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna breytist. Þetta á að vera 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna. Nefndin leggur því til breytingu á greininni í samræmi við þetta.

Við meðferð málsins var athygli nefndarinnar vakin á því að láðst hefði að leggja til breytingu á 26. gr. laganna, en þar er að finna ákvæði sem gerir kirkjugarðsstjórnum skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina er þjóðminjavörður tiltekur. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið lúta störf Fornleifaverndar ríkisins í ríkari mæli að kirkjugörðum en verkefni þjóðminjavarðar. Með hliðsjón af því leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu þess efnis að í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna komi orðin „forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins“.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Birgir Ármannsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Steinunn K. Pétursdóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.	

562. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „1. málsl.“ komi: 2. málsl.
2. Við bætist ný grein sem verði 3. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

563. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Hólmstein Gauta Sigurðsson frá dómsmálaráðuneyti.

Frumvarpið var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi en var ekki útrætt. Það er nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem meiri hluti allsherjarnefndar lagði til þá.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga, nr. 91/1991, til að veita gjafsókn þegar úrlausn máls hefur verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Eftir sem áður verður í lögunum að finna heimild til að veita einstaklingi gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður við gæslu hagsmuna hans í dómsmáli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og

eðlilegt megi teljast að öðru leyti að málsóknin sé kostuð af almannafé. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að dómsmálaráðherra kveði nánar á um starfshætti gjafsóknarnefndar og skilyrði gjafsóknar í reglugerð, þ.m.t. hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr. laganna. Í frumvarpinu er einnig lagt til að gjafsóknarákvæði sen sérstaklega er sniðið að þörfum og hagsmunum þeirra sem aðild eiga að þjóðlendumálum bætist við þjóðlendulög, nr. 58/1998.

Umsóknum um gjafsókn hefur fjölgað mjög undanfarin ár og voru þær fleiri en 500 árið 2003. Til samanburðar má nefna að árið 1998 bárust gjafsóknarnefnd 315 umsóknir. Ekki er gert ráð fyrir að gjafsóknarmálum fækki verulega við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu en hún kann að stemma stigu við þeirri aukningu sem verið hefur undanfarin ár.

Nefndin skoðaði sérstaklega áhrif þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi möguleika einstaklinga til að fá gjafsókn í sifjamálum, einkum forsjármálum. Samkvæmt upplýsingum frá gjafsóknarnefnd hefur gjafsókn í forsjármálum í yfirgnæfandi hluta tilvika verið veitt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 126. gr. gildandi einkamálalaga, en í honum er að finna reglu sambærilega þeirri sem lagt er til að lögfest verði í frumvarpinu, þ.e. að gjafsókn verði veitt á grundvelli fjárhagsstöðu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 7. des. 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Kjartan Ólafsson. Sæunn Stefánsdóttir.

Birgir Ármannsson. Sigurður Kári Kristjánsson.

564. Svar [352. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Péturs Bjarnasonar um vöruflutninga til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. *Telur ráðherra að vegir í Austur-Barðastrandarsýslu geti mætt þörfum fyrir landflutninga ef sjóflutningar til og frá höfnum í Vestur-Barðastrandarsýslu leggjast af?*

Í skýrslu vinnuhóps á vegum samgönguráðuneytisins, „Greinargerð um breytingar á flutningum innanlands“, sem gefin var út í október 2004, kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Eimskip, sem rak strandflutningaskipið Mánafoss, er gert ráð fyrir að viðbótarflutningar á vegum um sunnanverða Vestfirði verði um 8 þús. tonn á ári vegna niðurlagningar skipsins. Út frá þeim tölum var í greinargerðinni áætlað að þungaflutningar ykjust úr um það bil 10 bílum í 12 á sólarhring að meðaltali. Það er óveruleg aukning og ekki ástæða til að ætla annað en að vegir í Austur-Barðastrandarsýslu muni geta annað þessum viðbótarflutningum.

2. *Mun Breiðafjarðarferjan Baldur geta annað þessari flutningsþörf ef vegir lokast, t.d. vegna snjóa?*

Breiðafjarðarferjan Baldur er um 645 bt skip sem getur tekið allt að 192 farþega, 19 einkabíla og þrjá flutningabíla um borð í hverri ferð. Ef þær aðstæður skapast að vegir í Barða-

strandarsýslu lokast er sá möguleiki fyrir hendi að bæta við ferðum í áætlun Baldurs til að anna flutningaþörf til og frá svæðinu.

3. *Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir eða áætlanir í ráðuneytinu vegna vöruflutninga til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu ef sjóflutningar leggjast af?*

Benda má á að vegir í Barðastrandarsýslum, í Vesturbyggð og til Tálknafjarðar eru nú mokaðir fimm sinnum í viku og ættu möguleikar á að halda vegum opnum á þessu svæði ekki að vera síðri en t.d. á vegum til Ísafjarðar.

565. Svar [178. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gleraugnakostnað barna og ungmenna.

1. *Hve mörg börn undir 18 ára aldri þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984, skipt eftir aldurshópum eins og kostur er?*

Þann 1. desember 2003 voru 126 börn skráð sjónskert hjá Sjónstöð Íslands, þ.e. með sjón minni en 30% með bestu glerjum, en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um mannfjölda voru þá 74.044 börn yngri en 18 ára á landinu. Talið er að um 10% allra barna (0–17 ára) þurfi að nota gleraugu að staðaldri. Þetta er ekki nákvæm tala en samkvæmt könnunum nota um 3,5% fjögurra ára barna gleraugu, um 10% grunnskólabarna og allt að 25% framhaldsskólanema. Ef reiknað er með að allt að um 10% barna þurfi á gleraugum að halda svarar það til þess að um 7.400 börn noti gleraugu.

Þau 126 börn sem áður er getið og skráð eru sjónskert hjá Sjónstöð Íslands fá gleraugu eftir þörfum endurgjaldslaust eins og önnur sjónhjálpartæki. Einnig greiðir hið opinbera vegna gleraugnakaupa fyrir ákveðna hópa barna yngri en 16 ára og er meginreglan sú að styrkja gleraugnakaup þeirra sem ætla má að muni ekki þroska eðlilega sjón án gleraugnanotkunar. Á árinu 2003 voru 1.823 einstaklingum greiddir styrkir vegna slíkra kaupa. Þessi hópur fellur hins vegar ekki undir skilgreiningu sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984.

2. *Er ástæða til að ætla að börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri fari ekki reglulega í augnskoðun vegna mikils kostnaðar við gleraugnakaup?*

Að áliti yfirlæknis Sjónstöðvar eru ekki mikil brögð að því að börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri láti undir höfuð leggjast að fara í augnskoðun vegna kostnaðar við skoðanirnar. Börn yngri en 18 ára greiða einungis þriðjungsgjald á við fullorðna fyrir skoðun, eða að jafnaði 1.300–1.500 kr. fyrir hverja skoðun þar til kostnaðarþaki er náð. Eftir það eru aðeins greiddar um 450 kr. fyrir hverja skoðun.

3. *Hver má ætla að sé meðalkostnaður fjölskyldu vegna gleraugnakaupa barns á grunnskólaaldri og hve algengt er að fleiri en eitt barn í sömu fjölskyldu þurfi á gleraugum að halda?*

Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni Sjónstöðvar Íslands var meðalverð sjónglerja árið 2003 um 17.565 kr. fyrir parið og verð umgjarða um 10.000 kr. Fullbúin gleraugu úr gleraugnaverslun kosta því um 25–30 þús. kr. Algengt er og vel þekkt að sjónlagsgallar liggja í ættum og þurfa því systkini oft að nota gleraugu.

4. *Hefur Sjónstöð Íslands eða landlæknisembættið haldið uppi virku eftirliti og skráningu á sjón barna og ungmenna?*

Sjónstöð Íslands skráir nákvæmlega öll þau börn sem njóta styrkja til gleraugnakaupa af hálfu hins opinbera. Í skólaheilsugæslu er gleraugnanotkun barna á grunnskólaaldri skráð en gleraugnanotkun í framhaldsskólum er ekki skráð sérstaklega.

5. *Hver yrðu útgjöld ríkissjóðs ef heimilað yrði að sérhver sjónskertur einstaklingur yngri en 18 ára, sem þyrfti á gleraugum að halda samkvæmt umsókn frá augnlækni, ætti rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja án tillits til orsaka sjónskerðingar einu sinni á hverju tveggja ára tímabili?*

Sé reiknað með því að um 10% barna þurfi að nota gleraugu og ef ríkissjóður greiddi til dæmis um 70% af verði glerja fyrir öll börn yngri en 18 ára má áætla að viðbótarkostnaður sem af því hlytist yrði um 38 millj. kr. á ári. Er þá miðað við að um 7.400 börn noti gleraugu, meðalverð sé 17.565 kr. eða heildarkostnaður 90.990 þús. kr. Ef styrkur væri veittur annað hvert ár yrði kostnaðurinn því um 45 millj. kr. Nú þegar er um 12,7 millj. kr. varið til endurgreiðslna á gleraugum. Gert er ráð fyrir að nokkuð aukinn kostnaður yrði við eftirlit og skrifstofuhald vegna endurgreiðslnanna og því yrði heildarniðurstaðan um 38 millj. kr. á ári.

6. *Hver eru rökin fyrir því að réttur barna og ungmenna sem eiga við sjónvandamál að stríða er minni en annarra sem þurfa á sjúkrahjálp að halda?*

Núverandi fyrirkomulag helgast af gamalli hefð en engin sérstök rök eru fyrir því að börn með sjónvandamál séu minna styrkt en t.d. börn með heyrnarvandamál.

7. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að ríkið taki þátt í gleraugnakostnaði barna og ungmenna með líkum hætti og nú er gert t.d. varðandi heyrnarskert börn og ungmenni?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem fær það verkefni að meta þörfina á niðurgreiðslum ríkisins til barna yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda, meta kostnað og skila tillögum til ráðherra að úrbótum ekki seinna en í maí 2005.

566. Svar [261. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um taxta tannlækna.

1. *Getur ráðuneytið fylgst með því hversu há gjöld tannlæknar innheimta hjá sjúklingum sínum fyrir tannlæknaþjónustu?*

Það er tiltölulega auðvelt að fylgjast með hversu há gjöld tannlæknar innheimta varðandi þá sjúklinga þeirra sem eiga rétt á endurgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

2. *Er hin frjálsa gjaldskrá tannlækna í öllum tilvikum hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðuneytisins? Ef svo er, hversu miklu hærri er hún? Óskað er eftir ónafngreindri sundurliðun eftir öllum tannlæknum, frá sl. áramótum að telja.*

Skoðað var verð tannlækna, samkvæmt reikningum til Tryggingastofnunar, frá og með 1. janúar til og með 31. október 2004. Tannlæknum, sem höfðu litla sem enga veltu á tímabil-

inu, þ.e. innan við 500.000 kr. í greiðslu frá Tryggingastofnun á öllu tímabilinu, var sleppt. 258 tannlæknar höfðu fengið 500.000 kr. eða meira. Þar af voru 43 sérfræðingar. Samkvæmt gjaldskrá ráðherra er viðurkenndum sérfæðingum heimilt að leggja allt að 20% álag á þjónustu sem þeir veita á sérsviði sínu og var tekið tillit til þess við útreikninga.

- Sjö almennir tannlæknar og einn sérfræðingur voru með verðlagningu sem var jöfn endurgreiðslugjaldskrá ráðherra eða lægri.
- Gjaldskrár tannlæknanna voru frá 7,7% undir ráðherragjaldskrá (almennur tannlæknir) og upp í 106% yfir ráðherragjaldskrá (sérfræðingur).

Meðfylgjandi er ónafngreindur listi yfir 258 tannlækna, skipt niður í almenna tannlækna og sérfræðinga. Listanum er raðað eftir verði tannlæknis yfir endurgreiðslugjaldskrá. Þar má einnig sjá greiðslur frá Tryggingastofnunar til hvers tannlæknis um sig.

Á öllu tímabilinu var heildarreikningsverð allra tannlæknanna 26,1% hærra en verð samkvæmt ráðherragjaldskrá. Verð tannlækna á reikningum sem bárust Tryggingastofnun vegna janúar var 24,8% hærra en ráðherragjaldskrá en reikningar fyrir október voru 29,0% yfir gjaldskrá ráðherra. Frá þeim tíma hefur gjaldskrá ráðherra hins vegar hækkað um 4%. Má því gera ráð fyrir að munurinn á meðalverði allra tannlækna og endurgreiðslugjaldskrá ráðherra sé nú um 25%. (Um 7% vantar enn á að ráðherragjaldskrá hafi fylgt verðlagsþróun miðað við 40/60 launa-/neysluvístölu þar eð svigrúm fjárveitingar til tannlækninga hefur frekar verið notað til að auka þjónustuna, þ.e. að endurgreiða að hluta kostnað sjúklinga vegna fastra tanngerva).

Ódýrasti fjórðungur almennra tannlækna verðlagði þjónustu sína frá 7,7% undir og upp í 14,1% yfir ráðherragjaldskrá, en dýrasti fjórðungurinn frá 35,8% upp í 64,6% yfir ráðherragjaldskrá. Greiðslur Tryggingastofnunar til beggja fjórðunga voru svipaðar á tímabilinu, eða um 238 millj. kr. til ódýrasta fjórðungsins en um 221 millj. kr. til hins dýrasta. Hins vegar greiddi Tryggingastofnun meira en tvöfalt meira til tíu ódýrustu tannlæknanna en þeirra tíu dýrustu, eða 76,4 millj. kr. á móti 36,6 millj. kr.

Því má halda fram að mismunandi beiting verðlagningar tannlækna og meiri aðsókn almennings til ódýrari tannlækna sýni að samkeppni ríkir á þessum markaði. Samkeppni er hins vegar afar ófullkomin í umhverfi þar sem verðlagning er frjáls en óheimilt að auglýsa hver býður ódýrustu þjónustuna. Þá ber að athuga að greiðslur til tannlækna mótast ekki eingöngu af verðlagningu þeirra heldur ekki síst af beitingu gjaldskrárinnar sjálfrar. Reynt hefur verið að stemma stigu við því með einföldun gjaldskrárinnar.



Verð miðað við endurgreiðslugjaldskrá og greiðslur TR.

Tannlæknir	Verð tannlæknis yfir gjaldskrá	Greiðslur TR janúar – október 2004
Sérfræðingar		
1	-0,1%	777.015
2	2,0%	842.670
3	5,2%	1.965.315
4	6,6%	1.266.650
5	12,0%	1.932.640
6	12,2%	1.622.015
7	13,4%	1.253.575
8	14,8%	20.877.350
9	15,8%	2.051.040
10	15,8%	2.643.160
11	17,7%	1.089.090
12	18,9%	1.866.110
13	20,7%	6.976.910
14	22,6%	1.965.775
15	25,0%	1.310.570
16	25,2%	6.118.710
17	25,3%	1.606.825
18	27,5%	3.461.015
19	27,7%	2.392.490
20	28,9%	2.584.010
21	30,1%	5.099.035
22	30,5%	1.413.235
23	31,4%	1.741.895
24	31,5%	7.689.245
25	32,1%	4.923.390
26	33,5%	2.523.135
27	34,6%	7.742.240
28	35,0%	2.928.865
29	36,0%	8.634.660
30	40,1%	5.133.460
31	41,0%	16.916.770
32	41,2%	3.655.620
33	41,7%	8.224.055
34	42,0%	5.968.070
35	42,7%	3.434.585
36	42,7%	4.525.455
37	45,4%	1.101.580
38	46,0%	3.935.330
39	52,1%	657.775
40	60,6%	7.919.035
41	60,7%	4.188.205
42	81,4%	1.639.600
43	106,0%	1.870.875
		176.469.050

Tannlæknir	Verð tannlæknis yfir gjaldskrá	Greiðslur TR janúar – október 2004
Almennir tannlæknar		
1	-7,7%	13.401.285
2	-2,1%	2.638.330
3	-0,9%	5.359.085
4	-0,5%	3.180.980
5	-0,1%	1.071.260
6	0,0%	2.210.710
7	0,0%	22.881.405
8	0,1%	8.061.620
9	0,1%	8.187.590
10	0,1%	9.423.930
11	0,2%	1.240.445
12	0,2%	988.770
13	0,3%	13.436.705
14	0,3%	860.270
15	0,3%	1.706.680
16	0,4%	3.063.240
17	0,4%	2.975.390
18	0,5%	5.701.990
19	0,8%	1.253.995
20	1,1%	560.090
21	1,2%	2.226.015
22	1,8%	7.194.060
23	2,0%	1.851.160
24	2,6%	4.025.200
25	3,3%	4.496.480
26	4,3%	2.383.105
27	4,8%	2.822.010
28	5,4%	5.442.090
29	6,4%	2.116.520
30	7,0%	1.771.955
31	7,5%	5.112.585
32	7,5%	6.008.210
33	8,0%	5.330.490
34	8,7%	2.481.260
35	8,8%	2.804.310
36	9,2%	1.756.090
37	9,2%	2.162.410
38	9,5%	14.194.150
39	9,9%	1.063.860
40	10,3%	2.508.865
41	10,6%	4.701.555
42	10,9%	3.086.740
43	11,0%	1.545.910
44	12,6%	4.164.370
45	12,8%	3.262.945
46	13,1%	954.915
47	13,4%	3.463.275
48	13,6%	3.103.220
49	13,6%	1.431.685
50	13,7%	6.976.750

Tannlæknir	Verð tannlæknis yfir gjaldskrá	Greiðslur TR janúar – október 2004
51	13,8%	4.346.765
52	13,9%	4.954.335
53	14,1%	6.707.825
54	14,1%	3.243.610
55	15,2%	4.344.600
56	15,4%	1.604.730
57	15,5%	882.760
58	15,5%	6.833.015
59	15,6%	2.021.250
60	16,2%	2.876.095
61	16,3%	3.259.230
62	16,4%	9.684.440
63	16,5%	10.661.270
64	16,5%	2.495.280
65	16,5%	4.740.795
66	16,7%	6.485.110
67	18,1%	1.328.640
68	18,3%	753.605
69	18,4%	1.554.600
70	19,1%	5.220.800
71	19,3%	4.103.945
72	19,3%	5.641.185
73	19,5%	3.182.680
74	19,7%	1.732.530
75	19,8%	1.347.800
76	20,0%	2.421.155
77	20,3%	3.250.055
78	20,4%	3.825.455
79	21,4%	2.315.910
80	21,5%	3.253.530
81	21,6%	2.681.025
82	21,8%	1.945.565
83	22,1%	2.690.735
84	22,1%	5.299.205
85	22,4%	6.306.525
86	22,7%	4.876.480
87	22,8%	4.116.450
88	22,8%	2.669.235
89	22,8%	3.785.120
90	22,9%	928.395
91	23,1%	2.909.005
92	23,4%	2.912.835
93	23,7%	6.801.025
94	23,8%	4.870.755
95	24,2%	949.550
96	24,2%	4.566.490
97	24,6%	10.470.180
98	24,6%	538.355
99	25,0%	5.220.435
100	25,2%	4.177.440
101	25,3%	3.893.460

Tannlæknir	Verð tannlæknis yfir gjaldskrá	Greiðslur TR janúar – október 2004
102	25,3%	1.425.640
103	25,4%	2.643.955
104	25,7%	3.074.580
105	26,1%	3.617.420
106	26,6%	4.015.220
107	26,6%	3.435.620
108	27,4%	6.726.325
109	27,9%	4.625.935
110	28,2%	1.682.240
111	28,6%	3.140.750
112	28,7%	4.221.590
113	28,8%	1.962.985
114	29,0%	8.709.275
115	29,1%	2.073.305
116	29,1%	12.587.955
117	29,3%	6.057.130
118	29,6%	2.180.625
119	29,6%	2.329.195
120	29,6%	862.510
121	29,8%	4.501.400
122	30,4%	4.116.050
123	30,5%	8.464.535
124	30,9%	743.780
125	31,0%	2.039.390
126	31,0%	5.985.755
127	31,1%	6.131.680
128	31,1%	6.851.530
129	31,4%	9.568.330
130	31,6%	5.968.965
131	31,8%	4.218.835
132	31,9%	2.415.780
133	31,9%	3.545.550
134	32,1%	3.581.885
135	32,1%	5.650.145
136	32,2%	3.256.535
137	32,4%	2.842.385
138	32,4%	2.240.530
139	32,6%	3.495.935
140	32,7%	4.306.585
141	32,8%	9.173.420
142	33,2%	3.599.135
143	33,4%	4.029.615
144	33,4%	2.709.330
145	33,4%	8.371.820
146	33,5%	1.506.910
147	33,5%	6.298.795
148	33,7%	1.590.615
149	33,8%	3.168.315
150	33,8%	4.147.075
151	33,9%	1.170.250
152	33,9%	913.175

Tannlæknir	Verð tannlæknis yfir gjaldskrá	Greiðslur TR janúar – október 2004
153	34,0%	3.629.405
154	34,1%	8.013.240
155	34,3%	2.806.540
156	34,9%	2.463.310
157	34,9%	6.488.545
158	34,9%	3.000.185
159	35,1%	1.573.365
160	35,3%	2.553.875
161	35,6%	4.496.575
162	35,8%	2.183.850
163	35,9%	7.125.390
164	36,0%	14.945.170
165	36,3%	3.362.710
166	36,3%	5.494.730
167	36,5%	3.969.450
168	36,6%	1.739.000
169	36,7%	3.105.895
170	36,8%	4.356.340
171	37,1%	2.156.350
172	37,2%	2.662.675
173	37,4%	4.388.100
174	38,2%	3.971.675
175	38,2%	4.754.945
176	38,5%	2.673.140
177	38,6%	5.763.575
178	38,7%	4.826.885
179	38,8%	1.407.645
180	39,0%	3.143.075
181	39,3%	876.410
182	39,3%	3.378.360
183	39,6%	3.398.730
184	39,6%	2.536.845
185	39,7%	2.531.600
186	40,4%	4.206.625
187	40,5%	4.198.885
188	40,9%	2.462.775
189	41,2%	3.399.045
190	41,2%	15.621.855
191	41,5%	3.446.580
192	41,6%	4.196.360
193	41,7%	4.204.470
194	42,6%	3.891.140
195	42,8%	2.709.505
196	42,9%	5.155.395
197	43,7%	4.738.240
198	44,3%	3.936.805
199	46,1%	2.349.200
200	46,2%	3.597.155
201	46,3%	4.802.130
202	46,5%	6.523.965
203	47,2%	1.766.985

Tannlæknir	Verð tannlæknis yfir gjaldskrá	Greiðslur TR janúar – október 2004
204	48,3%	6.229.810
205	49,2%	1.944.190
206	49,2%	6.005.860
207	49,6%	3.589.250
208	50,6%	1.460.440
209	50,7%	3.172.485
210	52,2%	7.689.040
211	53,6%	1.826.645
212	55,0%	2.670.635
213	57,2%	4.377.720
214	58,1%	3.342.885
215	64,6%	2.473.675

567. Svar [271. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um málefni barna með bráðaofnæmi.

1. Hvernig er málefnum barna með bráðaofnæmi sinnt í heilbrigðiskerfinu?

Börn með bráðaofnæmi njóta sama réttar til heilbrigðisþjónustu og aðrir. Þeim er sinnt á heilsugæslustöðvum, á bráðamóttökum spítala og á stofum sérfræðinga, einkum barnalækna með ofnæmislækningar sem undirgrein. Nú starfa sjö slíkir sérfræðingar á landinu eða 2,3 á hverja 100.000 íbúa, sem verður að teljast hátt hlutfall. Ekki hafa komið fram kvartanir til landlæknis um misfellur á meðferð barna með bráðaofnæmi hér á landi. Á vegum landlæknisembættisins hafa verið gefnar út klíniskar leiðbeiningar um meðferð bráðaofnæmis.

2. Er vitað hve mörg börn eru með bráðaofnæmi hér á landi, fædd 1988 eða síðar?

Ekki fer fram formleg landsskráning á ofnæmissjúkdómum á hér á landi, hvorki bráðaofnæmissjúkdómum né öðrum. Ofnæmissjúkdómar eru meðal algengustu sjúkdóma barna og má jafnvel finna hjá um það bil 25% barna í vestrænum löndum. Tíðni astma, ofnæmis, kvefs og exems (atopic dermatitis) hefur vaxið undanfarin ár.

Astma er algengasti króníski sjúkdómur barna og sá eini af þeim sem hafa verið nefndir hingað til er getur valdið bráðaofnæmi sem getur verið lífshættulegt. Aðrar myndir bráðaofnæmis hjá börnum og unglingum eru bráðaútbrot (urticaria og angiooedema) sem hafa fundist í alþjóðlegum rannsóknum hjá um það bil fjórðungi fólks, en að sjálfsögðu misalvarleg. Alvarlegasta birtingarmynd ofnæmis er bráðaofnæmi (anaphylaxis) sem verður mjög hratt og getur einkennst af almennum kláða, bráðaútbrotum (urticaria), húðbólgu (angiooedema), bjúg í hálsi, mæði, blóðþrýstingsfalli og losti.

Helstu og algengustu orsakir bráðaofnæmis eru lyf, einkum sýklalyf og svæfingarlyf; fæða, einkum mjólk, egg, soja, fiskur, skelfiskur, jarðhnetur og hnetur af trjám og loks ýmiss konar utanaðkomandi efni, þar á meðal latex í hönskum, ýmiss konar blóðhlutar o.fl. Svipuð viðbrögð, þó ekki séu bein ofnæmisviðbrögð, má sjá eftir aspirín og önnur gigtarlyf, svo og ákveðna tegund af skuggaefni sem notað er við röntgenmyndatöku.

Nokkrar upplýsingar eru til um tíðni bráðaofnæmis hér á landi. Nýleg rannsókn á 360 18 mánaða gömlum íslenskum börnum leiddi í ljós að 2,2% þeirra voru með fæðuofnæmi. Fæðuofnæmi er algengast hjá börnum með aðra þekkta ofnæmissjúkdóma á borð við astma og húðofnæmi (atopia). Árin 2000 og 2001 fór fram rannsókn á Íslandi á algengi ofnæmissjúkdóma almennt hjá 10–11 ára börnum. Rannsóknin var hluti af alþjóðlegri rannsókn á algengi ofnæmissjúkdóma hjá börnum, International Study of Asthma and Allergy in Childhood (ISAAC) og var stöðluð. Alls reyndust 8,9% íslensku barnanna hafa astma og 22% kváðust einhvern tíma hafa haft astma. Frjókornaofnæmi sögðust 11,5% barnanna hafa og 17% sögðust hafa ofnæmiskvef. Húðofnæmi eða exem sögðust 27% barnanna hafa haft á sl. 12 mánuðum og unnt var að finna merki um það hjá 10,3% barnanna þegar þau voru skoðuð. Um fjórðungur barnanna svaraði einhverjum ofnæmisvaka á ofnæmishúðprófum. Þessi rannsókn tók ekki sérstaklega til bráðaofnæmis. Athyglisvert er við þessa rannsókn að algengi ofnæmissjúkdóma hjá börnum á Íslandi er hátt og er hliðstætt því sem finna má í svipaðri rannsókn í Svíþjóð. Ofnæmi fyrir frjóum trjáa er algengara í Svíþjóð en á Íslandi en grasofnæmi er algengara hér.

3. *Eiga foreldrar barna með bráðaofnæmi rétt á umönnunarbótum frá Tryggingastofnun ríkisins vegna veikindanna?*

Algengast er að börn með bráðaofnæmi hafi umönnunarkort, sem lækkar lækknis- og lyfjakostnað, en ekki umönnunargreiðslur. Hluti þessara barna með bráðaofnæmi er þó skilgreindur með alvarleg og umfangsmikil veikindi og nýtur umönnunargreiðslna, einkum þegar börnin eru ung, en þá getur verið mjög erfitt að höndla þá flóknu meðferð sem þau þarfnast og sérfæði þeirra. Hópur þeirra barna sem eru með astma, exem og ofnæmi hefur stækkað mikið síðustu ár en viðmið Tryggingastofnunar ríkisins hefur verið að veita öllum þeim börnum umönnunarkort sem sótt er fyrir um þannig að læknis- og lyfjakostnaður vegna meðhöndlunar þeirra lækki. Þessi hópur barna, þ.e. börn með bráðaofnæmi, hefur það þó sammerkt með öðrum börnum að hvert tilvik er metið samkvæmt reglum Tryggingastofnunar og afgreitt í samræmi við þær.

568. Svar [378. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um póstverslun með lyf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er afstaða ráðherra til póstverslunar með lyf hér á landi?

Póstverslun með lyf er óheimil skv. 21. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994. Póstsendingar lyfja eru hins vegar heimilar en í framangreindri lagagrein segir að póstsendingar lyfja skuli kveðið á um í reglugerð um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.

Ráðuneytinu hafa borist fyrirspurnir um póstverslun frá ýmsum hagsmunaaðilum og er því líklegt að nefnd sem nýlega var skipuð til að semja drög að lyfjastefnu og nýjum lyfjalögum taki þetta mál til skoðunar.

Ekki er tekin afstaða til póstverslunar fyrr en framangreind nefnd hefur skilað áliti.

569. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Benedikt Bogason og Skúla Magnússon, Eygló Halldórsdóttur frá Lögbirtingablaði, Róbert Spanó frá lagadeild Háskóla Íslands, Guðrúnu Kvaran frá Íslenskri málnefnd, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Tómas H. Heiðar og Kristján Andra Stefánsson frá utanríkisráðuneyti og Hildi Pétursdóttur frá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins. Umsagnir bárust um málið frá Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaði, lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands og Íslenskri málnefnd.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði ný heildarlög varðandi skipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Við gildistöku þeirra falli jafnframt úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra verði veitt heimild til að ákveða að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skuli að hluta eða í heild eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Slík heimild hefur verið í lögum í tæp þrjú ár hvað Lögbirtingablað varðar og bæði Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi hafa verið gefin út rafrænt jafnlengi.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að undirbúningur þess að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs verði hætt og blaðið eingöngu gefið út rafrænt er langt kominn og stefnt er að því að heimildin verði nýtt strax frá upphafi næsta árs. Að fenginni reynslu af þeirri útgáfu er síðan stefnt að því að rafræn útgáfa Stjórnartíðinda leysi hina prentuðu af hólmi um mitt næsta ár. Nefndin ítrekar að verði útgáfa blaðanna eingöngu rafræn muni þeir sem þess óska geta keypt þau í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Aðgengi allra landsmanna að lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og opinberum tilkynningum verður því það sama og hingað til.

Nefndin fjallaði ítarlega um ákvæði frumvarpsins, einkum ákvæði 4. gr. og 7. gr. Í 4. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um C-deild Stjórnartíðinda, en í henni skulu líkt og hingað til birtir samningar við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða sem þar er vísað til í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti. Í 2. mgr. 4. gr. er síðan gert ráð fyrir að heimilt verði að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings í C-deild Stjórnartíðinda ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Í 7. gr. er svo að finna heimild til handa dómsmálaráðherra til að ákveða að Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað skuli að hluta eða í heild eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Þar er jafnframt að finna ákvæði þess efnis að dómsmálaráðherra mæli í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd, gagnaöryggi og ákvörðun útgáfudags.

Í 2. mgr. 4. gr. er, eins og áður var getið, að finna nýmæli þess efnis að heimilt verði að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings í C-deild Stjórnartíðinda ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Í þessu sambandi bendir nefndin á að venjulega eru frumtextar milliríkjasamninga ekki á íslensku og þýðingar á þeim yfir á íslensku hafa ekki ígildi samnings og þar af leiðandi ekkert lagalegt gildi. Til að taka af allan

vafa telur nefndin þó rétt að bæta við 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. ákvæði þess efnis að þær heimildir sem þar eru nefndar til að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna eigi eingöngu við um reglur sem hafi verið birtar og þýddar á íslensku.

Nefndin telur rétt að skerpt verði á ákvæði 7. gr. frumvarpsins hvað varðar þær kröfur sem gerðar eru í löggjöfinni til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Því leggur nefndin til viðbót þess efnis að tryggja skuli að birtar upplýsingar varðveitist á varanlegan hátt. Jafnframt verði skýrt kveðið á um að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skuli hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið verði í veg fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Þá skuli útgáfudagur undantekningarlaust tilgreindur við rafræna birtingu, en nefndin telur rétt að sú regla sé fortakslaust orðuð í lagatexta í stað þess að vera tilgreind í reglugerð sem ráðherra setur.

Loks gerir nefndin athugasemd við það sem fram kemur í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um réttaráhrif birtingar, en þar segir að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að lög eða eftir atvikum stjórnvaldsfyrirmæli feli stjórnvöldum að taka ákvörðun um gildistöku þeirra á einhverju síðara tímamarki. Nefndin bendir á að réttaröryggis vegna verður að gera kröfu um það að skýrt sé hvenær og með hvaða hætti lög öðlist gildi. Með því að ráðherra verði hugsanlega falið að ákveða endanlega hvenær og þar með hvort lög skuli öðlast gildi kann að vera vegið að réttaröryggi almennings. Hugsanlega mætti þó fara þá leið að löggjafinn mælti fyrir um að ráðherra væri heimilt að ákveða gildistöku laga innan ákveðins frests eða að tilteknum skilyrðum fullnægðum eins og fram kemur í nýlegri grein Sigurðar Líndals um birtingu laga og annarra fyrirmæla í 2. tbl. 57. árgangs Úlfljóts.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Bryndís Hlöðversdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem þau munu gera grein fyrir við 2. umræðu um málið.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Birgir Ármannsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Steinunn K. Pétursdóttir.		Sigurður Kári Kristjánsson.

570. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. mgr. 2. gr. og við 2. mgr. 3. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Aðeins má þó vísa til slíkrar birtingar ef um er að ræða reglur sem hafa verið birtar og þýddar á íslensku.
2. Við 7. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Dómsmálaráðherra getur ákveðið að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skuli, að hluta eða í heild, eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skal hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið sé í veg fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Við rafræna útgáfu skal útgáfudagur tilgreindur.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd.

571. Nefndarálit [300. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti og Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um skilyrði fjárfestinga lífeyrissjóða. Markmiðið með breytingunni er að taka af allan vafa um skilyrði ákvæðisins og gera skýrara en nú er að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða svo fremi að eignir þeirra séu skráðar á markaði. Samræmist þetta túlkun Fjármálaeftirlitsins á núgildandi ákvæði.

Nefndin fjallaði nokkuð um efni þessara reglna í tengslum við meðferð á 480. máli á 130. þingi og mæltist þá til þess í nefndaráliti að fjármálaráðherra tæki málið til ítarlegrar skoðunar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Einar Már Sigurðarson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en áskilur sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við málið.

Alþingi, 7. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Siv Friðleifsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

572. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Fjármálaeftirliti, Kauphöll Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða, Seðlabanka Íslands, Samtökum fjárfesta og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna sem byggist á skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Líkt og segir í inngangi athugasemda við frumvarpið þá eru álagningarhlutföll lækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt að því undanskildu að lagt er til að lágmarksgjald vegna vátryggingamiðlara hækki úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 289,5 millj. kr. árið 2004 í 298 millj. kr. árið 2005, eða um tæp 3%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 288,7 millj. kr. en 309,5 millj. kr. á því næsta sem er um 7% hækkun. Fyrir liggur samþykkt samráðsnefndar á þessum gjöldum.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins um málið eru lagðar til tvær breytingar varðandi orðalag sem nefndin telur rétt að fallast á. Annars vegar að áréttað verði með breytingu á 4. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. að álagningarstofn eftirlitsgjalds sjóða sem þar eru taldir upp sé samanlagðar eignir rekstrarfélags og viðkomandi sjóða. Hins vegar að breytt verði orðalagi 9. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. til samræmis við útvíkkað eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins gagnvart Íbúðalánasjóði eftir að lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, var breytt með lögum nr. 57/2004.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 3. málsl. 4. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo: Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,00988% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóðs samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Síðari málsliður 9. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo: Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson og Einar Már Sigurðarson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við málið.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með sama fyrirvara og framangreindir nefndarmenn.

Alþingi, 7. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Siv Friðleifsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

573. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins og Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti.

Tilgangur frumvarpsins er líkt og kemur fram í athugasemdum við það að skýra reglur um auðkennisnúmer fasteigna, styrkja stjórnsýslu við framkvæmd fasteignamats og marka fjárhagsgrundvöll Fasteignamats ríkisins til að halda og þróa Landskrá fasteigna.

Nefndin gerir athugasemd við það til hve langs tíma til viðbótar lagt er til að umsýslugjald, sbr. 4. gr., verði innheimt af húseigendum. Við afgreiðslu 285. máls á 125. þingi var samþykkt tillaga meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um breytingar á því máli þar sem ákvæði um umsýslugjaldið var fært í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 48/1994 og því ætlað að falla niður á árinu 2004. Átti stofnkostnaði við Landskrá fasteigna þá að vera lokið. Nefndin metur Landskrá fasteigna sem mjög merkilegt og mikilvægt verk en telur jafnframt að leita verði leiða til að takmarka þann kostnað við verkið sem fasteignaeigendur bera einir. Því leggur nefndin til að tímabilið sem umsýslugjaldi er ætlað að vera innheimt skv. 4. gr. verði árin 2005 og 2006 í stað 2005–2008. Eftir það skuli tekna aflað með öðrum hætti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „2005–2008“ í 4. gr. komi: 2005 og 2006.

Alþingi, 7. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

574. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Lífeyrissjóði sjómanna.

Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómana, verði afnumin frá og með 1. janúar nk. og að lífeyrissjóðurinn starfi frá þeim tíma á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í umsögn Lífeyrissjóðs sjómanna kemur fram að sjóðurinn hefur leitað eftir því að lögin verði felld úr gildi og stjórn sjóðsins styðji málið. Landssamtök lífeyrissjóða mæla einnig með afnámi laganna.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að tryggt sé talið að sjóðsfélagar glati ekki réttindum við breytinguna.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.		Einar Már Sigurðarson.

575. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Pál Skúlason og Tryggva Þórhallsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé og Guðmund Ragnarsson frá Kennaraháskóla Íslands, Þorstein Gunnarsson og Úlfar Hauksson frá Háskólanum á Akureyri, Erlu Ósk Ásgeirsdóttur og Jarþrúði Ásmundsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Jónínu Brynjólfsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands og Eyrúnu Jónsdóttur frá Bandalagi íslenskra námsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Iðnnemasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Visku – félagi stúdenta við Háskólann í Reykjavík, stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, stúdentaráði Háskóla Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári.

Meiri hlutinn bendir á að orðin „allt að“ í 1. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna séu óþörf enda liggur nú fyrir að fjárhæð skrásetningargjaldsins er lægri en kostnaðurinn við skrásetningu samkvæmt nánar sundurliðuðu yfirliti sem birtist í fylgiskjali I með frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna: „allt að 32.500 kr.“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

Alþingi, 7. des. 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
Kjartan Ólafsson.		Sigurður Kári Kristjánsson.

576. Nefndarálit [349. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Pál Skúlason og Tryggva Þórhallsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé og Guðmund Ragnarsson frá Kennaraháskóla Íslands, Þorstein Gunnarsson og Úlfar Hauksson frá Háskól-

anum á Akureyri, Erlu Ósk Ásgeirsdóttur og Jarþrúði Ásmundsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Jónínu Brynjólfsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands og Eyrúnu Jónsdóttur frá Bandalagi íslenskra námsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Iðnnemasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Visku – félagi stúdenta við Háskólann í Reykjavík, stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, stúdentaráði Háskóla Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári.

Meiri hlutinn bendir á að í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að skrásetningargjald skuli ekki vera hærra en sem nemur þeirri fjárhæð sem þar um ræðir. Meiri hlutinn telur að umorða þurfi setninguna þar sem nú liggur fyrir að fjárhæð skrásetningargjaldsins er lægri en kostnaður við skrásetningu samkvæmt nánar sundurliðuðu yfirliti sem birtist í fylgiskjali I með frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Fjárhæð skrásetningargjalds er 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

Alþingi, 7. des. 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
Kjartan Ólafsson.		Sigurður Kári Kristjánsson.

577. Nefndarálit [350. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Pál Skúlason og Tryggva Þórhallsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé og Guðmund Ragnarsson frá Kennaraháskóla Íslands, Þorstein Gunnarsson og Úlfar Hauksson frá Háskólanum á Akureyri, Erlu Ósk Ásgeirsdóttur og Jarþrúði Ásmundsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Jónínu Brynjólfsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands og Eyrúnu Jónsdóttur frá Bandalagi íslenskra námsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Iðnnemasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Visku – félagi stúdenta við Háskólann í

Reykjavík, stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, stúdentaráði Háskóla Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári.

Meiri hlutinn bendir á að orðin „allt að“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna séu óþörf enda liggur nú fyrir að fjárhæð skrásetningargjaldsins er lægri en kostnaðurinn við skrásetningu samkvæmt nánar sundurliðuðu yfirliti sem birtist í fylgiskjali I með frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „allt að 32.500 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

Alþingi, 7. des. 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
Kjartan Ólafsson.		Sigurður Kári Kristjánsson.

578. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Guðmund Thorlacius, Ingva Má Pálsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lögð til hækkun ýmissa gjalda um 10% að jafnaði. Þó er gert ráð fyrir að fjárhæð gjalda standi eftir atvikum á heilu eða hálfu hundraði. Fram komu á fundi nefndarinnar upplýsingar um að við þetta hækki flest gjaldanna minna en verðlag almennt frá því þeim var síðast breytt með lögum. Þau lækki því að raungildi. Helstu undantekningar varða annars vegar skráningu erlendra félaga þar sem gjöld eru hækkuð til samræmis við gjöld fyrir skráningu innlendra félaga og hins vegar gjöld fyrir útgáfu vegabréfa sem er samræmd á milli allra aðildarríkja Schengen-samningsins.

Auk þess er lögð til formbreyting á gjaldi fyrir skráningarmerki á ökutæki, þ.e. bílnúmeraplötur. Þetta er gert í samráði við Fangelsismálastofnun sem hefur haft tekjur af framleiðslu og sölu merkjanna. Kostnaður bifreiðaeigenda verður hinn sami og áður þar sem gert er ráð fyrir að söluverð merkjanna lækki að sama skapi.

Meiri hlutinn leggur til að orðalagi 14. gr. verði breytt til samræmis við hugtakanotkun í VIII. kafla umferðarlaga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

14. gr. orðist svo:
Við VIII. kafla laganna, **Ýmis vottorð og leyfi,** bætist ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:
Greiða skal í ríkissjóð 1.500 kr. af hverju skráningarmerki ökutækja.

Alþingi, 7. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Dagný Jónsdóttir. Birgir Ármannsson.

Gunnar Birgisson. Siv Friðleifsdóttir.

579. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Steingrím Ara Arason frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Jarþrúði Ásmundsdóttur og Erlu Ósk Ásgeirsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Heiði Reynisdóttur frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Jónínu Brynjólfsdóttur og Huldu Katrínu Stefánsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands, Eyrúnu Jónsdóttur frá Bandalagi íslenskra sérskólanema og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Bandalagi íslenska námsmanna, Iðnnemasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Visku – félagi stúdenta við Háskólann í Reykjavík og Bandalagi háskólamanna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum um endurgreiðslur og málsmeðferð og lagt til að heimild til að veita lán á markaðskjörum verði felld niður.

Nefndin vekur athygli á því að í lok umsagnar fjármálaráðuneytis um frumvarpið er ranglega farið með tölur í lokamálsgreininni. Þar segir að niðurstaða umræddrs kostnaðarmats, verði frumvarpið óbreytt að lögum, sé að ríkið þurfi að öðru óbreyttu að hækka framlag til sjóðsins um 235–340 millj. kr. á ári. Hið rétta er 265–340 millj. kr. á ári eins og kemur reyndar fram framar í umsögninni. Þetta var leiðrétt við 1. umræðu en er áréttað hér.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að málskotsnefnd getur frestað réttaráhrifum úrskurðar síns, að kröfu stjórnar LÍN, fyrir hönd sjóðsins telji nefndin ástæðu til þess. Í athugasemdum segir að við mat á því hvort heimildinni verði beitt beri málskotsnefndinni að taka mið af því hvort úrskurðurinn geti haft fordæmisgildi, hann hafi í för með sér veruleg fjárútlát fyrir sjóðinn eða lögfræðilegur ágreiningur sé um niðurstöðuna.

Þegar litið er til þessara tilvika í heild sinni telur nefndin heimildina vera helst til of rúma. Mestu hlýtur að skipta hvort niðurstaða málskotsnefndarinnar í tilteknu máli hafi eða geti haft í för með sér veruleg fjárútlát fyrir sjóðinn og raskað þannig fjárhagslegum forsendum hans. Nefndin telur því rétt að málskotsnefndin leggi mat á þann þátt eingöngu við beitingu heimildarinnar, en ekki hvort úrskurðurinn kunni að hafa fordæmisgildi eða lögfræðilegur ágreiningur sé um niðurstöðuna. Leggur nefndin til að umrætt skilyrði verði tekið upp í lagatextann sjálfan. Auk þess eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar í 1. efnismálsl. b-liðarins til að árétta að þar er átt við úrskurð nefndarinnar.

Þá telur nefndin þörf á að orða 6. gr. frumvarpsins skýrar en gert er, en greinin fjallar um breytingu á 18. gr. laganna. Ætlunin með 6. gr. frumvarpsins er að setja fram reglu sambærilega þeirri sem er nú í 18. gr. laganna þess efnis að námsmenn ljúki við að endurgreiða fyrst svokölluð R-lán áður en endurgreiðsla á öðrum lánaflokkum á að hefjast. Er því lagt til að 6. gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við það.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu með fyrirvara.

Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.
Hjálmar Árnason.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Mörður Árnason, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.	

580. Breytingartillögur [330. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. efnismálsl. b-liðar orðist svo: Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn.
   b. 3. efnismálsl. b-liðar orðist svo: Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð.
2. Við 6. gr. Ný málsgrein bætist við er orðist svo:
   Ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt.

581. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi:
   Orðin „og hollustuháttaráðs“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.
2. 1. gr., sem verði 2. gr., orðist svo:
   17. gr. laganna fellur brott.
3. Við 2. gr., er verði 3. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara falla brott orðin „og hollustuháttaráðs“ í 5. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

582. Fyrirspurn [424. mál]

til heilbrigðisráðherra um neyðarmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun sérhæfðrar neyðarmóttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir þolendur heimilisofbeldis og tryggja henni fjármagn?

583. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn mótmælir harðlega þeim áformum sem felast í frumvarpinu um að framlengja í fjögur ár gjaldtöku af fasteignaeigendum sem nemur liðlega 1.100 millj. kr. Þó að meiri hlutinn hafi við meðferð málsins séð að sér og flytji breytingartillögu um að þessi ósanngjarna gjaldtaka á fasteignaeigendur framlengist um tvö ár í stað fjögurra þá er gjaldtakan algjörlega óásættanleg. Í raun lýsir hún, ásamt öðrum gjaldtökum, skattahækkunum og skerðingu á bótum á þessu ári og síðasta, að ríkisstjórnin dælir út álögum á skattgreiðendum á sama tíma og boðaðar eru skattalækkanir. Það sýnir svo ekki verður um villst að ríkisstjórnin er staðráðin í að láta landsmenn greiða með margvíslegum álögum boðaðar skattalækkanir áður en þeim er skilað í vasa almennings. Þetta heitir að taka úr einum vasa og skila aftur í annan og er svik við kosningaloforð stjórnarflokkanna um skattalækkanir til almennings. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eru því sýndarmennska ein.

Forsaga þessarar gjaldtöku er að á 125. löggjafarþingi lagði fjármálaráðherra fram frumvarp sem fól í sér að fasteignaeigendur yrðu látnir bera kostnaðinn við að koma á einu samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Lagt var til að svonefnt umsýslugjald sem nú rennur til Fasteignamats ríkisins hækkaði úr 0,025‰ í 0,1‰ af brunabótamati hverrar húseignar. Kveðið var á um hækkun umsýslugjaldsins í ákvæði til bráðabirgða sem renna átti út nú um áramótin og gilda aðeins í fjögur ár. Brunabótamat fasteigna er notað sem gjaldstofn í ýmsum tilgangi og námu gjöld sem lögð voru á húseigendur samkvæmt því um 1.600–1.800 millj. kr. árið 1999 þegar frumvarpið var til umfjöllunar á þingi. Á það var bent að lauslegt mat á gjöldum sem ríkissjóður hefði af fasteignaeigendum væri um 8 milljarðar kr. Þar vega m.a. stimpilgjöld þungt en tekjur ríkissjóðs af þeim hafa vaxið mikið á umliðnum mánuðum og missirum.

Þegar umsýslugjaldið var hækkað úr 0,025‰ í 0,1‰ kom fram hjá umsagnaraðilum að þeir teldu það orka tvímælis að húseigendum væri einum gert að greiða kostnaðinn af stofnun Landskrár fasteigna en eigendur lóða, jarða, hlunninda og ítaka hvers konar, sem virt eru til fasteignamats, yrðu hins vegar undanþegnir þessu gjaldi. Einnig kom fram að færa mætti rök fyrir því að Landskráin hefði svo almennt gildi í þjóðfélaginu að eðlilegt væri að fjármagna hana með skatttekjum ríkissjóðs fremur en að hækka umsýslugjaldið. Fjölmargir aðilar nýta upplýsingar fasteignamatsins, svo sem tryggingafélög, álagningardeildir sveitarfélaga, byggingarfulltrúar, þinglýsingarstjórar, lánastofnanir o.fl. Því er fullkomlega óeðlilegt að fasteignaeigendur skuli einir og sér þurfa að bera upp kostnaðinn af stofnun Landskrár með háu umsýslugjaldi sem er innifalið í brunatryggingu fasteigna en vátryggingafélögin innheimta það með iðgjöldum af brunatryggingum. Í því sambandi hefur verið á það bent að ekki væri óeðlilegt að líta á stofnkostnaðinn sem fjárfestingu sem ríkissjóður fengi síðan endurgreiddan með notendgjöldum, sem þeir sem nota upplýsingar frá Fasteignamatinu stæðu straum af.

Ástæða er líka til að nefna að árið 2000 var gert ráð fyrir að stofn- og rekstrarkostnaður Landskrár fasteigna yrði á fjórum árum um 615 millj. kr. eða um 150 millj. kr. á hverju ári og að þegar Landskráin væri tilbúin yrði árlegur rekstrarkostnaður um 100 millj. kr. Á árunum 2001–2004 hefur umsýslugjaldið skilað um 950 millj. kr. í tekjur til Fasteignamats ríkisins, þannig að gjaldið hefði á þessum fjórum árum átt að standa vel undir kostnaði samkvæmt áætlun sem lögð var fyrir árið 2000. Ljóst er að kostnaður hefur farið úr böndunum

nú þegar óskað er eftir fjögurra ára framlengingu á gjaldinu, sem hefði skilað um 1,1 milljarði kr. í tekjur. Virðist því stefna í að kostnaður við að koma Landskránni á fót verði tvöfalt meira en upphaflega var gert ráð fyrir.

Minni hlutinn mótmælir því harðlega, nú eins og þegar þessi gjaldtaka var tekin upp fyrir fjórum árum, að enn eina ferðina séu lagðar auknar byrðar á fasteignaeigendur og þeir einir látnir standa undir fjárfestingu sem hefur víðtækt þjóðfélagslegt gildi og nýtist fjölda aðila í opinberri stjórnsýslu og á einkamarkaði.

Gunnar Örlygsson sem sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er sammála áliti þessu.

Alþingi, 8. des. 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Einar Már Sigurðarson.

584. Svar [353. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Bjarnasonar um virðisaukaskatt af lyfseðilsskyldum lyfjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var upphæð virðisaukaskatts til ríkissjóðs af lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?*
2. *Hver var virðisaukaskattur af kaupum stofnana ríkisins á lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?*
3. *Hver var heildarupphæð endurgreiðslu virðisaukaskatts af lyfseðilsskyldum lyfjum árið 2003?*

Opinberar tölur um lyfjakostnað árið 2003, samkvæmt útreikningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eru 16,7 milljarðar kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Þar af eru lyfseðilsskyld lyf 8.816 millj. kr. að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti sem er um 1.735 millj. kr.

Virðisaukaskattur af kaupum stofnana ríkisins á lyfjum á árinu 2003 er áætlaður um 685 millj. kr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir ekki virðisaukaskatt af lyfseðilskyldum lyfjum. Hins vegar var greiðsluþátttaka stofnunarinnar í lyfseðilsskyldum lyfjum 5.940 millj. kr. á árinu 2003 og þannig mætti segja að endurgreiðsla á virðisaukaskatti hafi numið 1.169 millj. kr.

585. Breytingartillaga [299. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Jóni Gunnarssyni og Gunnari Örlygssyni.

1. gr. orðist svo:
3. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skipar fimm menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að innheimtuþóknun sjóðsins hækki úr 2% í allt að 4% vegna þess að kostnaður við innheimtur hefur verið meiri en ráð var fyrir gert. Flutningsmenn telja eðlilegt að um leið sé reynt að ná niður kostnaði þannig að hækkun á innheimtuþóknun verði ekki meiri en nauðsyn krefur. Því er lagt til að stjórnarmenn verði fimm í stað sex eins og lagt er til í frumvarpinu og í raun telja flutningsmenn ekki hafa komið fram nein haldbær rök fyrir því að fjármálaráðherra skipi tvo menn í stjórn sjóðsins.

586. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um þriðju kynslóð farsíma.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Kristjáni L. Möller og Jóni Bjarnasyni.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar tíðnum skv. 1. gr., þó ekki fyrr en eftir 1. janúar 2007.
2. Í stað hlutfallstölunnar „60%“ í 3. gr. og tvívegis í 4. gr. komi: 75%.
3. Við 6. mgr. 5. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal þar koma fram að tryggt verði að notendur annarra símkerfa greiði ekki aukakostnað vegna símhringinga í símkerfi samkvæmt þessum lögum.

587. Nefndarálit [377. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að bifreiðagjald hækki um 3,5%. Gjaldið hefur ekki hækkað síðan 1. janúar 2002 en frá sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 8,4%. Því er um 4,5% raunlækkun á gjaldinu að ræða frá 1. janúar 2002 til 1. desember 2004. Gjaldið hefur því lækkað sem því nemur miðað við almennt verðlag.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 8. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Dagný Jónsdóttir. Birgir Ármannsson.

Ásta Möller. Ögmundur Jónasson með fyrirvara.

588. Nefndarálit [377. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun bifreiðagjalds um 3,5% frá 1. janúar 2005. Röksemdafærslan er sú að gjaldið hafi ekki hækkað frá 1. janúar 2002 og því hafi það ekki hækkað í samræmi við verðlagsþróun. Gjaldinu er ætlað að auka tekjur ríkissjóðs um 120 millj. kr. Hér er því um hreina skattahækkun að ræða.

Minni hlutinn gerir verulegar athugasemdir við röksemdafærslu fjármálaráðherra. Í henni birtist sú pólitíska stefna ríkisstjórnarinnar að gjöld og skattar ríkissjóðs skuli verðtryggð. Hvorki er horft til þess hver fjárþörf ríkissjóðs er né hvort skattahækkunin sé viðleitni til að draga úr þenslu í hagkerfinu.

Bifreiðagjald er reiknað þannig út frá eigin þyngd bifreiðar að 6,83 kr. leggjast á hvert kg allt að 1.000 kg, 9,21 kr. á hvert kg umfram það að 300 kg en 2.277 kr. eru greiddar af hverju byrjuðu tonni sem þá er eftir. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en 41.193 kr. og ekki lægra en 3.416 kr. Frá því að bifreiðagjöld voru fyrst lögð á árið 1988 hafa þau hækkað um 43% umfram neysluvísitölu samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Þá hafa beinar og óbeinar tekjur ríkissjóðs af ökutækjum hækkað um 62% frá árinu 1996 til ársins 2004 eða úr 19.537 milljörðum kr. í 31.602 milljarða kr. Á sama tíma hefur hækkun neysluvísitölu verið 32% ef miðað er við meðaltal 1996 til meðaltals 2004. Þau hafa því hækkað verulega umfram verðlag.

Af þessum tölum má ljóst vera að ökutæki hafa á tilviljanakenndan hátt verið notuð sem eignastofn til skattlagningar fyrir ríkissjóð í tíð sitjandi ríkisstjórnar. Þessu lýsti forsvarsmaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda þannig á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í vikunni að leiða megi líkur að því að þegar ríkið hafi þurft fé í sjóði sína virðist sem reglan hafi verið sú að fjármálaráðherra hafi litið út um glugga á skrifstofu sinni í leit að eignum sem mætti skattleggja. Oftar en ekki hafi bifreiðar orðið fyrir augum hans. Þess vegna hafi því fylgt ákveðin öryggiskennd hjá bifreiðaeigendum ef dregið var fyrir glugga á skrifstofu ráðherra. Vissulega var þetta í gamni sagt en sagan dregur fram hve tilviljanakennd skattlagning bifreiðaeigenda hefur verið undanfarin ár. Eftir skoðun á þessum álögum má taka undir með forsvarsmanni Félags íslenskra bifreiðaeigenda um stefnuleysi hvað varðar skattlagningu bifreiða. Þær tölur sem liggja fyrir styðja þá niðurstöðu.

Minni hlutinn lýsir sig andvígan þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í frumvarpinu og þeirri skattpíningu sem bifreiðaeigendur hafa orðið fyrir og mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Gunnar Örlygsson, áheyrnarfulltrúi, lýsir sig samþykkan þessu áliti.

Alþingi, 8. des. 2004.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Össur Skarphéðinsson.

589. Tillaga til þingsályktunar [425. mál]

um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Ráðherra leitist í þessu skyni m.a. við að ná samstöðu með framleiðendum, innflytjendum og auglýsendum um að þessar vörur verði ekki auglýstar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin.

Greinargerð.

Offita er hratt vaxandi heilbrigðisvandamál, einkum í hinum vestræna heimi og er Ísland engin undantekning þar á. Hafa rannsóknir sýnt að offita er í raun orðin faraldur í íslensku þjóðfélagi en hún eykur stórlega líkur á ýmsum sjúkdómum, t.d. sykursýki 2 eða svokallaðri áunninni sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum, ristilkrabbameini, kæfisvefni og stoðkerfissjúkdómum, auk þess sem fullyrða má að sálrænir fylgikvillar offitu séu verulegir. Þrátt fyrir framangreint hefur lítið farið fyrir beinum aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við þróuninni. Í þessu sambandi er sérstaklega brýnt að stjórnvöld beini sjónum að aukinni offitu meðal barna og ungmenna en rannsóknir hafa sýnt svo ekki verður um villst að tíðni offitu hjá þeim eykst hröðum skrefum. Sú staðreynd hlýtur að valda verulegum áhyggjum enda eykur offita á unga aldri verulega líkur á offitu á fullorðinsárum.

Með tillögu þessari er lagt til að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Er í þessu skyni lagt til að ráðherra reyni að ná samstöðu með framleiðendum og innflytjendum þessarar vöru sem og auglýsendum um að slíkar auglýsingar verði ekki sýndar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin en með því móti ætti að mestu að vera tryggt að börn sjái þær ekki. Nauðsynlegt er að horfast í augu við að áhrifamáttur auglýsinga er mikill og þegar um börn er að ræða er hann verulegur. Með auglýsingum eru umræddar matvörur gerðar eftirsóknarverðar í augum barnanna og með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna sem sýna sífellt aukna sykur- og fituneyslu meðal barna og ungmenna má álykta að auglýsingarnar nái tilætluðum árangri. Það er von og trú flutningsmanna að framleiðendur, innflytjendur og auglýsendur taki ábyrgð á þessum málum þannig að unnt verði að koma slíku auglýsingabanni á án beinnar lagasetningar. Með framangreindu er ekki gert lítið úr ábyrgð foreldra í þessu efni. Þvert á móti er það skoðun flutningsmanna að þar sé ábyrgðin mest. Hins vegar kemur það ekki í veg fyrir aðrir axli þá ábyrgð sem þeim ber í þessum málum. Að ota í sífellu óhollum mat að börnum og ungmennum án þess að hirða um afleiðingarnar er ábyrgðarleysi.

Flutningsmenn vekja í þessu sambandi athygli á þeim aðgerðum sem bresk heilbrigðisyfirvöld hafa gripið til en tillaga þessi hefur þær að nokkru sem fyrirmynd. Þá vekja flutningsmenn athygli á að í ágúst á þessu ári birti landlæknisembættið klínískar leiðbeiningar um offitu barna og unglinga þar sem settar eru fram upplýsingar um greiningu, forvarnir og meðferð við offitu. Það er mat flutningsmanna að með þessu hafi þarft og mikilvægt starf verið unnið. Hins vegar er nú þörf á markvissum aðgerðum þar sem vegið er að rótum vandans og er tillaga þessi hugsuð sem þáttur í slíkum aðgerðum.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Offitufaraldur krefst samfélagslegra lausna. Laufey Steingrímsdóttir. (Læknablaðið 6. tbl. 90. árg. 2004.)

II. Bretland – Bannað að auglýsa ruslfæði. (Fréttir Ríkisútvarpsins, 14. nóvember 2004.)

590. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka aukatekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr. Sú hækkun er ein af mörgum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og boðað. Á sama tíma hefur ríkisstjórnin haldið mjög á lofti boðuðum skattalækkunum sem eiga að nema 4 milljörðum kr. á næsta ári og fjármálaráðherra hefur talað um að nú væri verið að skila aftur þeim efnahagsbata sem ríkissjóður hefur notið á undanförnum árum. Ef horft er til þeirra skatta- og gjaldahækkana sem dunið hafa yfir á þessu ári og boðaðar eru á því næsta kemur í ljós að þessar skattalækkanir duga ekki til að mæta þeim hækkunum. Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi:

Á þessu ári hækkaði þungaskattur og vörugjald af bensíni um 1.200 millj. kr. Vaxtabætur

voru skertar um 600 millj. kr. Afnám frádráttar tryggingargjalds vegna viðbótarlífeyrissparnaðar skilaði ríkissjóði um 600 millj. kr. Framlag ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga lækkaði um 750 millj. kr. Barnabætur voru skertar um 150 millj. kr. og komugjöld á heilbrigðisstofnanir hækkuðu um 50 millj. kr. Þá var nefskattur í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkaður um 23 millj. kr. Þá er ótalið að persónuafsláttur fylgdi ekki launaþróun; þrátt fyrir það er upphæðin á yfirstandandi ári komin yfir 3 milljarða kr.

Allar þessar auknu álögur halda áfram á næsta ári og til viðbótar hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka áfengisgjald um 340 millj. kr., hækka aukatekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr., hækka bifreiðagjald um 120 millj. kr., hækka skólagjöld í háskólum um 140 millj. kr. og hækka komugjöld á heilbrigðisstofnanir um 50 millj. kr. Vaxtabætur verða skertar til viðbótar skerðingunni í ár um 300 millj. kr. Framlenging umsýslugjalds fasteigna kostar 280 millj. kr. Breytingar á þungaskatti skila aukalega 350 millj. kr. Þá mun viðbótarhækkun í Framkvæmdasjóð aldraðra verða um 24 millj. kr. Samtals er þetta komið í tæpa 5 milljarða kr. á næsta ári. Ef hins vegar bæði árin eru lögð saman er hér um að ræða rúma 8 milljarða kr. á móti boðaðri skattalækkun upp á 4 milljarða kr.

Það er von að spurt sé: Er um að ræða skattahækkun eða skattalækkun? Allt þetta sjónarspil minnir á fyrri vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, fyrst er af fólkinu tekið og síðan er hluta fengsins skilað með mikilli skrautsýningu. Það er eðlilegt að fjármálaráðherra kvarti á hátíðarfundi hjá Sjálfstæðisflokknum um að skattaveisla hans hafi verið misskilin. Allt tal fjármálaráðherra um að verið sé að skila efnahagsbatanum til baka er blekking. Í árslok 2005 er ljóst að ríkissjóður hefur „hagnast“ um einhverja milljarða króna á öllum þessum breytingum.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 8. des. 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

591. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Guðmund Thorlacius, Sigurð Guðmundsson, Benedikt Valsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurð Óla Kolbeinsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Indriða Þorlákssson og Gunnlaug Júlíusson frá ríkisskattstjóra, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Benedikt Davíðsson og Helga K. Hjálmsson frá Landssambandi eldri borgara, Ólaf Ólafsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Eddu Rós Karlsdóttur frá Landsbanka Íslands, Arnór Sighvatsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands,

Elínu Pálsdóttur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til skattalækkanir sem koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005 til 2007. Mestu munar um lækkun á tekjuskattshlutfalli manna um 4% auk afnáms eignarskatts á einstaklinga og lögaðila. Frumvarpið er 144 greinar auk gildistökuákvæðis og skiptist í 52 kafla. Meginefni frumvarpsins er að finna í I. kafla þess sem er lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 4% í áföngum, hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna, hækkun á barnabótum, afnám eignarskatts á einstaklinga og lögaðila, og breytingar vaxtabóta, auk breytinga á framkvæmd laganna. Hvað varðar hið síðasttalda ber helst að nefna að þegar fram fer rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila er lagt til í frumvarpinu að heimild til endurákvörðunar skuli reiknast frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst en nú er miðað við tímann þegar endurákvörðun fer fram.

Í öðrum köflum frumvarpsins er fyrst og fremst að finna ákvæði um lagasamræmingu sem nauðsynleg er vegna niðurfellingar eignarskatts.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu er varða brottfellingu tilvísana í eignarskattsákvæði núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt þar sem annaðhvort hefur ekki verið tekið tillit til breytinganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi eignarskatta eða þær tillögur sem koma fram í frumvarpinu eru ekki fullnægjandi að mati nefndarinnar. Þá er og lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins hvað varðar óþarfa tilvísun og uppsetningu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Ásta Möller.		Siv Friðleifsdóttir.

592. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Með því frumvarpi sem hér um ræðir og tveimur öðrum hliðstæðum, um Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, er ætlunin að hækka svonefnd skráningargjöld í þessum skólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Með því er námsmönnum gert að greiða gjöld til að auka tekjur Háskóla Íslands um 100 millj. kr., Kennaraháskóla Íslands um 24 millj. kr. og Háskólans á Akureyri um 16 millj. kr.

Í athugasemdum við hvert frumvarpanna segir að ekki sé „gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum“. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis segir hins vegar: „Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn

nýti sér heimildina og afli 100 m.kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.“ Upphæðin er úr umsögninni um Háskóla Íslands en upphæðirnar eru 24 millj. kr. og 16 millj. kr. í umsögnunum um Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Starfsmenn fjármálaráðherra virðast gera ráð fyrir að hækkunin, 12.500 kr., renni óskert til háskólanna hvað sem líður athugasemdunum við frumvarpið.

Starfsmaður menntamálaráðherra, Valur Árnason, kom á fund menntamálanefndar. Hann sagði þá m.a. að hækkun gjaldsins væri ein af forsendum fjárveitingartillagna í fjárlagafrumvarpinu. Ljóst er að við áætlun heildartekna skólanna er gert ráð fyrir þessum auknu tekjum þeirra. Þær bætast ekki við – hvorki að öllu leyti né hækkunin einungis – eins og um væri að ræða fundið fé eða gjafir. Með þessum frumvörpum er einfaldlega verið að færa hluta af útgjöldum ríkisins yfir á nemendur skólanna, endar engar áætlanir uppi um bætta þjónustu samfara þessari gjaldtöku af nemendum. Fram kom á fundi nefndarinnar með rektorum skólanna þriggja að verulega vantar á að fjárveitingar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 nægi skólunum til starfa á komandi ári. Rektor Háskóla Íslands taldi að þar munaði 300–400 millj. kr., rektor Háskólans á Akureyri taldi að þar vantaði um 100 millj. kr., og fram kom hjá rektor Kennaraháskóla Íslands að þar hefði um 1.000 nemum verið neitað um skólavist til að hægt væri að halda skólanum innan fjárlagarammans. Meðan svo er ástatt um fjárveitingar til ríkisháskólanna er í raun fáfengilegt að halda því fram að einhverjar upphæðir komi eða komi ekki „til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum“ eins og það er orðað í athugasemdum með frumvörpunum þremur.

Ekki hefur tekist að fá úr því skorið hvers eðlis það gjald er sem í lögum og frumvarpi hefur heitið „skráningargjald“. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til álits umboðsmanns Alþingis frá árinu 2003 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að gjaldtaka þessi væri lögmæt. Þar er hins vegar ekki skorið úr því hvort þetta gjald skuli flokka sem skatt eða þjónustugjald. Þetta skiptir nokkru máli, því ef um þjónustugjald væri að ræða skal hver og einn einungis greiða fyrir þá þjónustu sem látin er í té, og aðeins það sem nemur kostnaði við þjónustuna. Skattur er lagður á samkvæmt allt öðrum grundvallarreglum. Heiti þessa gjalds bendir þó til þess að um þjónustugjald sé að ræða, og menntamálaráðherra hefur í samræmi við það kallað eftir sérstökum skjölum frá háskólunum þremur um kostnað „vegna skrásetningar og tengdrar þjónustu við stúdenta“ frá Háskóla Íslands, „vegna skráningar og tengdrar þjónustu við nemendur“ frá Háskólanum á Akureyri, og „vegna skrásetningar og þjónustu við stúdenta“ frá Kennaraháskóla Íslands. Í þeim plöggum er þó gert ráð fyrir að allir nemendur skólanna borgi það sama og nýti sér því hnífjafnt þá þjónustu sem í boði á að vera, en svo er alla jafna ekki um þjónustugjöld.

Við kynningu frumvarpanna hafa menntamálaráðherra og starfsmenn hans neitað því að hér sé um nokkurs konar skólagjöld að ræða. Að sjálfsögðu er ljóst að gjaldið nemur ekki nema litlum hluta þess kostnaðar sem skólarnir hafa af hverjum nemanda sínum. Hitt er jafnljóst af skoðun málsins að gjaldið – það sama í öllum skólunum – er ekki miðað við tiltekinn kostnað af skráningu hvers nemanda. Æskilegt væri að ráðherra menntamála og stjórnendur skólanna hygðu að og hermdu hið sanna: Hækkun þessa gjalds um 38,5% er ekkert annað en skref í átt að skólagjöldum, hvort sem það er stigið vitandi vits eða með bundið fyrir augu.

Því miður eru skjölin um kostnað við skráningu/skrásetningu og aðra þjónustu háskólunum ekki til vegsauka. Fram kom raunar á fundi menntamálanefndar með rektorunum að þar væri margt matskennt. Ber því líklega ekki að taka plöggin í fullri alvöru af hálfu skólastjórnendanna. Upplýst er að menntamálaráðherra óskaði eftir þessum skjölum þegar málið var komið vel á veg. Sú staðreynd er athyglisverð í ljósi þess að allir komust semjendur plagganna að svipuðum tölulegum niðurstöðum um þennan kostnað, þótt þeir yrðu ekki sam-

hljóða um forsendur útreikningsins. Í fjölmennasta skólanum, hinum rótgróna Háskóla Íslands, er hann talinn mestur, 48.494 kr. á nemanda, í fámennasta skólanum, Háskólanum á Akureyri, hins vegar nokkru lægri, 45.987 kr., en aðeins 45.181 kr. í Kennaraháskóla Íslands. Á fundi nefndarinnar með rektorum skólanna kom fram hjá þeim öllum að raunkostnaður skólanna við skráningu og tengda þjónustu væri meiri en fram kemur í plöggunum. Sjálfstæðir útreikningar skólanna þriggja, sem allir teljast akademískar stofnanir, leiddu til niðurstöðutalna þar sem aðeins munar 3.313 kr. og allar eru upphæðirnar lítið eitt hærri en sú upphæð sem til er lögð í frumvörpunum, 45.000 kr. á nemanda. Um frekari greiningu á þessum skjölum skólanna vísast til umsagna Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri, sem fylgja þessu nefndaráliti.

Við 1. umræðu um frumvörpin þrjú og í störfum nefndarinnar hefur eftir megni verið reynt að grafast fyrir um rætur þessa máls, einkum sökum þess að í athugasemdum við frumvörpin er hækkunartillagan úr 32.500 kr. í 45.000 kr. sögð „í samræmi við óskir ríkisháskólanna“. Upphaf þessa hækkunarmáls virðist að rekja til rektors Háskóla Íslands og/eða menntamálaráðherra í ársbyrjun, og mun þá strax hafa verið rætt um 45.000 kr., en sú upphæð margfölduð með áætluðum nemendafjölda nemur nákvæmlega 100 millj. kr. samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þessi ráðagjörð barst síðan til eyrna hinum rektorunum tveimur, öðrum á rektorafundi að því er virðist en hinum að frumkvæði menntamálaráðherra eða starfsmanna hans. Nokkuð ofmælt virðist því að ræða um „óskir ríkisháskólanna“ í þessu sambandi. Erfitt er að skilja aðdraganda málsins öðruvísi en svo að menntamálaráðherra hafi gert þessa hækkun gjalda á námsmenn að skilyrði í viðræðum við stjórnendur háskólanna þriggja um fjárveitingar fyrir 2005, hvar sem hugmyndin kviknaði í upphafi.

Hækkun svokallaðra skráningargjalda samkvæmt frumvörpunum nemur eins og áður er sagt 100 millj. kr. í Háskóla Íslands, 24 millj. kr. í Kennaraháskóla Íslands og 16 millj. kr. í Háskólanum á Akureyri. Samtals eru þetta um 140 millj. kr. sem ríkisstjórnin hyggst afla frá námsmönnum við ríkisháskólana á næsta ári – á sama tíma og í gildi ganga skattkerfisbreytingar sem einkum gagnast hátekjumönnum. Hækkunin nemur 12.500 kr. á hvern nemanda fyrir hvert skólaár. Athyglisvert er að fram hefur komið í kynningu frumvarpanna að ekki er gert ráð fyrir því að Lánasjóður íslenskra námsmanna láni fyrir skráningargjöldunum svokölluðu. Þar sem upphæð láns frá Lánasjóðnum minnkar við auknar tekjur er ljóst að í mörgum tilvikum er um að ræða hreina skerðingu á ráðstöfunarfé námsmanna. Óskert lán frá Lánasjóðnum til einstaklings í leiguhúsnæði hérlendis nemur nú 79.500 kr. á mánuði. Ef ekki er annað fé fyrir hendi til að greiða skrásetningargjaldið verða eftir 47.500 kr. fyrsta mánuðinn miðað við núgildandi upphæð. Að frumvörpunum samþykktum yrði þessi upphæð á næsta ári 34.500 kr. Þessar tölur sýna vel áhrifin af gjaldheimtunni á fjárhag nemenda. Minni hlutinn telur að endurskoða beri þessar reglur sjóðsins þannig að hin svonefndu skráningargjöld verði metinn sem hluti framfærslugrunns.

Þess skal getið að menntamálanefnd á enn eftir að fá gögn, annars vegar um hlut háskólaráðs Háskóla Íslands að þessu máli og hins vegar um misræmi milli umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og athugasemda í frumvarpinu um meintan frádrátt á fjárveitingum til háskólanna. Minni hlutinn taldi frumvörpin vanbúin til 2. umræðu án þess að þessi gögn lægju fyrir og lagðist gegn því að málin yrðu afgreidd úr nefndinni við svo búið. Sjálfsagt er að eftir 2. umræðu verði málin kölluð aftur inn til nefndarinnar svo færi gefist á að fara yfir þessi gögn.

Minni hlutinn telur enga ástæðu nú til að hækka þessi gjöld á nemendur við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Minni hlutinn leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 2004.

Björgvin G. Sigurðsson, frsm.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Mörður Árnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands. (2. desember 2004.)
II. Umsögn Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands. (1. desember 2004.)
III. Umsögn Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri um 350. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri. (1. desember 2004.)

593. Nefndarálit [349. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins og vísar til röksemda í áliti sínu um 348. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, og fylgiskjala með því.

Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 2004.

Björgvin G. Sigurðsson, frsm.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Mörður Árnason.

594. Nefndarálit [350. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins og vísar til röksemda í áliti sínu um 348. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, og fylgiskjala með því.

Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 2004.

Björgvin G. Sigurðsson, frsm. Kolbrún Halldórsdóttir. Mörður Árnason.

595. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Lárus Bollason frá félagsmálaráðuneyti, Þorstein Þorsteinsson frá Lánasjóði sveitarfélaga og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Megintilgangur núgildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga er að stuðla að því að sveitarfélög á Íslandi geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma og er ekki lögð til breyting á því markmiði með þessu frumvarpi. Markmiðið með frumvarpi þessu er að laga rekstur sjóðsins að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á almennum markaði. Verði frumvarp þetta að lögum mun sjóðurinn starfa á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og verður hann undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Mikilvægasta breytingin í frumvarpinu er brottfall núgildandi 5. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga þar sem kveðið er á um árlegt framlag í sjóðinn frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga annars vegar og ríkissjóði hins vegar. Er þetta liður í því að laga rekstur sjóðsins eftir því sem kostur er að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði. Með þessu er verulega dregið úr afskiptum ríkisins af stjórn og rekstri sjóðsins.

Með frumvarpinu falla ýmis önnur ákvæði gildandi laga brott. Helgast þetta af því að unnt er að einfalda lögin um sjóðinn allnokkuð þar sem gert er ráð fyrir að æðsta vald í málefnum sjóðsins færist til sveitarfélaganna. Auk þess munu áðurgreind lög um fjármálafyrirtæki gilda um starfsemi og skipulag sjóðsins. Því verður ekki þörf á ákvæðum í lög um sjóðinn sem mæla fyrir um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutverk sjóðsins verði almennara en verið hefur hingað til en ákvæði 2. gr. núgildandi laga sem mælir fyrir um hlutverk sjóðsins er að nokkru leyti

úrelt. Verði frumvarpið að lögum verður sveitarfélögum heimilt að veita lán bæði til stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Jafnframt verður heimilt að veita ábyrgð á lánum sveitarfélaga og stofnana eða félaga sem þau eru eigendur að, í stað lánveitingar.

Í 1. gr. gildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga kemur fram að sjóðurinn sé sameign allra sveitarfélaga á Íslandi og er ekki gerð breyting hvað þetta varðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að eignaraðild að sjóðnum verði skilgreind nákvæmar en nú er gert og að eignarhlutur hvers sveitarfélags fyrir sig verði skilgreindur. Slíka vinnu ætti að hefja sem fyrst og stefna að því að henni ljúki innan árs frá gildistöku laga þessara.

Nefndin leggur til þá breytingu á frumvarpinu að við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar. Í þeirri fyrri er kveðið er á um að innan mánaðar frá gildistöku laganna skuli Lánasjóður sveitarfélaga sækja um starfsleyfi sem lánastofnun til samræmis við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í þeirri síðari er lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en við lok ársins 2008 í ljósi þróunar á íslenskum fjármálamarkaði.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. des. 2004.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Jón Gunnarsson.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Helgi Hjörvar.	Gunnar Örlygsson.
Pétur H. Blöndal.		Birkir J. Jónsson.

596. Breytingartillaga [269. mál]

við frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Lánasjóður sveitarfélaga skal innan mánaðar frá gildistöku laga þessara sækja um starfsleyfi sem lánafyrirtæki skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Sjóðnum er heimilt að starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktum um sjóðinn þar til ákvörðun um veitingu starfsleyfis liggur fyrir.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en við árslok 2008.

597. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Guðrúnu Ósk Sigurjónsdóttur frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði ákvæði við lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þess efnis að samningar sem aðilar vinnumarkaðarins gera um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um það hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði samræmist ákvæðum laga og kjarasamninga, skuli hafa sama gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr. laganna. Með frumvarpinu er því lagt til að aðilar vinnumarkaðarins geti samið um það sín á milli að fylgt verði ákveðnu ferli eða aðferðafræði við lausn deilumála um laun og ráðningarkjör starfsmanna. Einstaklingum og lögaðilum er eftir sem áður heimilt að standa utan stéttarfélaga eða samtaka atvinnurekenda kjósi þeir svo.

Það fyrirkomulag sem 1. gr. laganna byggist á grundvallast á þeirri venju, sem gilt hefur á íslenskum vinnumarkaði, að aðilar vinnumarkaðarins semji um það í frjálsum kjarasamningsviðræðum hvernig kaupi og kjörum, sem og öðrum vinnuskilyrðum launamanna, skuli háttað. Slíkir samningar hafa gilt hér á landi sem lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein og á því svæði sem hver samningur tekur til. Í 2. málsl. 1. gr. laganna er kveðið á um að þeir samningar, sem kveða á um lakari kjör en ákveðin hafa verið með hinum almennu kjarasamningum, skuli ógildir.

Opinbert eftirlit með því hvort farið sé eftir kjarasamningum hefur ekki tíðkast, heldur hefur verið litið svo á að eftirlitið sé á ábyrgð aðilanna sjálfra. Verði frumvarpið að lögum munu aðilar vinnumarkaðarins geta samið um það í frjálsum samningaviðræðum hvernig eftirliti með launum og öðrum starfskjörum launamanna skuli háttað telji þeir þörf á því og slíkir samningar munu þá hafa almennt gildi. Því verður fylgt fyrir fram ákveðnu ferli ef ágreiningsmál um laun og ráðningarkjör starfsmanna koma upp.

Þess ber að geta að þeir samningar aðila vinnumarkaðarins sem hugsanlega yrðu gerðir á grundvelli ákvæðisins sem lagt er til í frumvarpinu, munu aldrei koma í veg fyrir að málsaðilar geti leitað beint til dómstóla með ágreiningsefni sín, hvort heldur til Félagsdóms eða hinna almennu dómstóla. Með frumvarpinu er því ekki ætlunin að skerða þann rétt sem felst í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að fá úrlausn dómstóla um réttindi sín og skyldur.

Ákvæði samhljóða núgildandi 1. gr. laga nr. 55/1980 hefur verið í lögum frá árinu 1974 en það kom inn í íslenska löggjöf með lögum um starfskjör launþega, nr. 9/1974. Felur þetta í sér að þau kjör sem aðilar vinnumarkaðarins semja um gilda sem lágmarkskjör fyrir tiltekna hópa launafólks á tilteknu svæði.

Nú liggur fyrir að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa gert með sér samkomulag um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, sbr. samkomulag þeirra í milli frá 7. mars 2004. Það skal þó tekið fram að samningar sem kunna að vera gerðir á grundvelli

þess ákvæðis sem mælt er fyrir um í frumvarpinu geta tekið til allra launamanna eða tiltekinna hópa launamanna sem aðilar vinnumarkaðarins telja að standi verr að vígi en aðrir hópar á vinnumarkaði. Slíkir samningar mega aldrei brjóta í bága við gildandi lög á hverjum tíma.

Rætt var um það í nefndinni hvernig val á fulltrúa í samráðsnefnd skv. 2. mgr. 1. gr. ákvæðis þess sem lagt er til í frumvarpinu fari fram þegar aðili stendur utan samtaka atvinnurekanda eða launþegasamtaka. Fram kom að félagsmálaráðherra gæti sett reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis, en ráðherra hefur heimild til setningar reglugerðar skv. 9. gr. laga nr. 55/1980. Telur nefndin eðlilegt að ráðherra grípi til þess úrræðis ef upp koma vandamál er að þessu lúta.

Pétur H. Blöndal á sæti í nefndinni en er andvígur áliti þessu.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti.

Leggur nefndin til að frumvarp þetta verði **samþykkt.**

Alþingi, 8. des. 2004.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Jón Gunnarsson.
Guðlaugur Þór Þórðarson, með fyrirvara.	Helgi Hjörvar.	Gunnar Örlygsson.

Birkir J. Jónsson.

598. Breytingartillögur [351. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, ÁMöl, SF).

1. Við 31. gr. Við greinina bætist nýr liður, svohljóðandi:
   e. (XVI.)
   Ákvæði 82. og 83. gr. laganna falla brott 31. desember 2005.
2. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla“ í 4. gr. laganna falla brott.
3. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla“ í 4. gr. laganna falla brott.
4. Við 48. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla“ í 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
5. Við 64. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

b. Í stað orðanna „laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 3. mgr. kemur: laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

6. Við 102. gr. Greinin orðist svo:

Orðin „öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla“ í 3. gr. laganna falla brott.

7. Á eftir XLIV. kafla komi tveir nýir kaflar, XLV. kafli, **Breyting á lögum nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna,** með einni nýrri grein, 137. gr., og XLVI. kafli, **Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. laga nr. 90/2004,** með einni nýrri grein, 138. gr., er orðist svo:

a. (137. gr.)

Í stað orðanna „tekju- og eignarskattsfrelsis“ í 4. málsl. 11. gr. laganna kemur: tekjuskattsfrelsis.

b. (138. gr.)

Orðin „og eignarskatt“ í 3. og 4. mgr. 15. gr. a laganna falla brott.

8. Á eftir LI. kafla komi nýr kafli, LIV. kafli, **Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu,** með einni nýrri grein, 147. gr., er orðist svo:

Orðin „og eignarskatt“ í 3. mgr. 1. gr., 6. mgr. 16. gr. og 19. gr. laganna falla brott.

9. Við 145. gr., er verði 148. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði laga þessara öðlast gildi og koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í þessari grein.

Ákvæði 8. gr. og a-liðar 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

Ákvæði d-liðar 9. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2006 og við staðgreiðslu á árinu 2005.

Ákvæði 1.–7. gr., b- og c-liðar 9. gr., 11.–19. gr., 21.–23. gr., b-liðar 25. gr., 26.–30. gr. og 32.–147. gr. öðlast gildi 31. desember 2005.

Ákvæði a- og b-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006.

Ákvæði c-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007 og kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á því ári vegna tekna á árinu 2006.

Ákvæði d-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005 og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006 vegna vaxtagjalda og tekna á árinu 2005 og eigna og skulda í lok þess árs.

Ákvæði e- og f-liðar 10. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda og tekna á árinu 2004 og eigna og skulda í lok þess árs.

Ákvæði 20. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu eignarskatts á árinu 2005 vegna eigna í árslok 2004.

Ákvæði 24. gr. og a-liðar 25. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða í 31. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og þar greinir.

599. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Hallgrím Ásgrímsson frá Seðlabanka Íslands, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipana ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu, og 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Við meðferð nefndarinnar komu fram athugasemdir við frumvarpið, m.a. frá Seðlabanka Íslands, og leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar á grundvelli þeirra:

1. Heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um útreikning á eiginfjárhlutfalli, sem fjallað er um í 6. gr. frumvarpsins, verði bundin við þær aðferðir sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2002/87/EB. Með þessu telur nefndin að ákvæðið verði skýrara og framkvæmd laganna tryggari.
2. Skilgreining á hugtakinu „endurskipulagning fjárhags“ í 1. mgr. a-liðar 9. gr. (98. gr.) verði víkkuð út þannig að hún nái ekki aðeins yfir endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með höfuðstöðvar hérlendis heldur einnig endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með höfuðstöðvar erlendis sem ákvörðuð er af erlendu yfirvaldi. Þessi almenna skilgreining er í samræmi við tilskipun 2001/24/EB. Jafnframt er tekið fram að þegar um er að ræða lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu fjárhags einungis átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.
3. Á eftir h-lið 2. mgr. b-liðar 9. gr. (99. gr.) bætist við fimm nýir liðir sem kveða á um frávik frá meginreglunni í 1. mgr. um lögsögu heimaríkis. Fyrstu fjórir liðirnir innleiða ákvæði 24.–27. gr. tilskipunar 2001/24/EB, þ.e. um lagaskilaregluna lex rei sitae, samninga um skuldajöfnun, endurkaupasamninga og viðskipti á skipulögðum markaði. Lagaskilareglan tekur m.a. til veðréttinda í rafrænt skráðum fjármálagerningum sem veitt eru vegna starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa, sbr. 9. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, og veðréttinda samkvæmt samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í síðasta liðnum er tekið fram að um fyrirmæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fari eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi. Er þetta í samræmi við 25.–26. tölul. aðfaraorða tilskipunar nr. 2001/24/EB og ákvæði laga nr. 90/1999.
4. Tekin verði inn í 1. mgr. b-liðar 11. gr. (105. gr.) skilgreining á slitum lánastofnunar með höfuðstöðvar erlendis. Ákvörðun um slík slit verður tekin af lögbærum erlendum yfirvöldum í samræmi við lög viðkomandi ríkis. Skilgreiningin er í samræmi við tilskipun 2001/24/EB.
5. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. mgr. b-liðar 11. gr. (105. gr.) í þeim tilgangi að kveða með skýrari hætti á um þá aðstöðu þegar krafa er sett fram gagnvart héraðsdómara hér á landi um gjaldþrotaskipti á hérlendu útibúi lánastofnunar með staðfestu í ríki utan

Evrópska efnahagssvæðisins. Um þetta gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. des. 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Siv Friðleifsdóttir.		Jón Gunnarsson.

600. Breytingartillögur [211. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, GunnB, JóhS, LB, SF, JGunn).

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Við 3. mgr. 84. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning á eiginfjárhlutfalli fyrir fjármálasamsteypur sem byggjast á tilskipun ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu.
2. Við 9. gr.
   a. 1. mgr. a-liðar (98. gr.) orðist svo:
      Með endurskipulagningu fjárhags lánastofnana er átt við ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt horf og gætu haft áhrif á áður fengin réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Sé lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu fjárhags átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.
   b. Á eftir h-lið 2. mgr. b-liðar (99. gr.) komi fimm nýir stafliðir, svohljóðandi:
      i. Um fullnustu eignarréttinda, þ.m.t. veðréttinda yfir fjármálagerningum, sem eru rafrænt skráð fer eftir lögum þess ríkis þar sem skráningin fer fram.
      j. Samningur um skuldajöfnuð fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda.
      k. Endurkaupasamningur fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda, sbr. þó ákvæði i-liðar.
      l. Viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði skulu fara eftir lögum þess ríkis sem gilda um samninginn um þau viðskipti, sbr. þó ákvæði i-liðar.

m. Um greiðslu- og uppgjörsfyrirmæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fer eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi.

3. Við b-lið 11. gr. (105. gr.).
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Með slitum á lánastofnunum samkvæmt þessari grein er átt við sameiginlega málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefja og hafa eftirlit með og hefur að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvalda.
   b. 3. mgr. orðist svo:

      Nú er sett fram krafa um gjaldþrotaskipti á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., vegna útibús sem lánastofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins starfrækir hér á landi og skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um kröfuna. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um kröfuna.

4. Við 18. gr. Í stað orðanna „ákvæði 2. mgr.“ í d-lið komi: ákvæði þessarar málsgreinar.

601. Frumvarp til laga [375. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.350 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 150 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 12.700 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.900 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 3. mgr. kemur: 6.300 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.900 kr.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.900 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.700 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 3. mgr. kemur: 6.300 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „10.300 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.350 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „35.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 38.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.900 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „11.500 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.700 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „17.200 kr.“ í 2. mgr. kemur: 18.900 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 2. mgr. kemur: 6.300 kr.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.700 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 6.300 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 1.350 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.350 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.550 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.900 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 5.500 kr.
b. 22. tölul. 1. mgr. orðast svo: Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), skipulagsfræðinga, raffræðinga og tölvunarfræðinga.
c. Á eftir 25. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Leyfi til niðurjöfnunar sjótjóns.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.100 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
a. 1. tölul. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 2., 3., 4. og 6. tölul. kemur: 110.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 7. tölul. kemur: 55.000 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 8. tölul. a kemur: 110.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 8. tölul. b kemur: 55.000 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 55.000 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 10.–13. tölul. kemur: 110.000 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 14., 17. og 20. tölul. kemur: 55.000 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 15. tölul. kemur: 11.000 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 18. tölul. kemur: 5.500 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „20.000 kr.“ í 21. tölul. kemur: 22.000 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 22. tölul. kemur: 16.500 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 23. og 24. tölul. kemur: 3.300 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 27., 35. og 36. tölul. kemur: 110.000 kr.
o. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 28. tölul. kemur: 16.500 kr.

p. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 33.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 30. tölul. kemur: 5.500 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 55.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 32. tölul. a kemur: 110.000 kr.
t. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 32. tölul. b kemur: 330.000 kr.
u. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 33. og 34. tölul. kemur: 27.500 kr.
v. 37. og 38. tölul. falla brott.
w. Í stað fjárhæðarinnar „80.000 kr.“ í 39. tölul. kemur: 88.000 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „96.000 kr.“ í 40. tölul. a kemur: 106.000 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „160.000 kr.“ í 40. tölul. b kemur: 176.000 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „224.000 kr.“ í 40. tölul. c kemur: 246.000 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 41. tölul. a kemur: 3.300 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „22.000 kr.“ í 41. tölul. b kemur: 24.200 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „44.000 kr.“ í 41. tölul. c kemur: 48.400 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „66.000 kr.“ í 41. tölul. d kemur: 72.600 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „110.000 kr.“ í 41. tölul. e kemur: 121.000 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 43. tölul. a kemur: 55.000 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 43. tölul. b kemur: 33.000 kr.
hh. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 43. tölul. c kemur: 11.000 kr.
ii. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 45.–49. tölul. kemur: 5.500 kr.
jj. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 50. tölul. kemur: 1.350 kr.
kk. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 51. tölul. a kemur: 27.500 kr.
ll. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr.“ í 51. tölul. b kemur: 2.750 kr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 3.300 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 5.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „25.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 27.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 16.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 6. og 7. tölul og 10.–16. tölul. kemur: 3.300 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „6.000 kr.“ í 8. og 9. tölul. kemur: 6.600 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 17. og 18. tölul. kemur: 5.500 kr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „150.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 165.000 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „75.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 82.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 165.000 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „40.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 44.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 55.000 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. tölul. kemur: 5.500 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „75.000 kr.“ í 7. tölul. kemur: 82.500 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. tölul. kemur: 1.100 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „60.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 66.000 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 10. tölul. kemur: 33.000 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 11. tölul. kemur: 5.500 kr.

l. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 12. tölul. kemur: 4.400 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 13. tölul. kemur: 550 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 14. og 15. tölul. kemur: 11.000 kr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 1. tölul. a kemur: 5.100 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „9.200 kr.“ í 1. tölul. b kemur: 10.100 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 1. tölul. c kemur: 2.550 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.700 kr.“ í 2. tölul. a kemur: 1.900 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.400 kr.“ í 2. tölul. b kemur: 3.750 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „850 kr.“ í 2. tölul. c kemur: 950 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 3. tölul. a kemur: 5.100 kr.
h. Í stað fjárhæðarinnar „9.200 kr.“ í 3. tölul. b kemur: 10.100 kr.
i. Í stað fjárhæðarinnar „1.700 kr.“ í 3. tölul. c kemur: 1.900 kr.
j. Í stað fjárhæðarinnar „3.400 kr.“ í 3. tölul. d kemur: 3.750 kr.
k. Í stað fjárhæðarinnar „2.800 kr.“ í 4. tölul. a kemur: 3.100 kr.
l. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 4. tölul. b kemur: 2.200 kr.
m. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 3.000 kr.
n. Í stað fjárhæðarinnar „1.800 kr.“ í 7. tölul. kemur: 3.000 kr.
o. 8. tölul. orðast svo: Almenn vegabréfsáritun (hámark til 90 daga) 3.000 kr.
p. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 9. og 10. tölul. kemur: 3.000 kr.
q. Í stað fjárhæðarinnar „2.400 kr.“ í 10.–12. tölul. kemur: 3.000 kr.
r. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 13. tölul. kemur: 3.000 kr.
s. Í stað fjárhæðarinnar „80 kr.“ í 13. tölul. kemur: 90 kr.
t. 14. og 15. tölul. falla brott.
u. Í stað fjárhæðarinnar „4.600 kr.“ í 16. tölul. kemur: 5.100 kr.
v. Í stað fjárhæðarinnar „2.800 kr.“ í 17. tölul. kemur: 3.100 kr.
w. Í stað fjárhæðarinnar „2.300 kr.“ í 18. og 19. tölul. kemur: 2.550 kr.
x. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 20.–22. tölul. kemur: 1.350 kr.
y. Í stað fjárhæðarinnar „900 kr.“ í 23. tölul. kemur: 1.000 kr.
z. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 24. tölul. kemur: 1.350 kr.
aa. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 25. tölul. kemur: 550 kr.
bb. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 26. tölul. kemur: 4.400 kr.
cc. Í stað fjárhæðarinnar „1.200 kr.“ í 27. tölul. kemur: 1.350 kr.
dd. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 28. tölul. kemur: 3.900 kr.
ee. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 29. tölul. kemur: 2.200 kr.
ff. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 30. tölul. kemur: 1.100 kr.
gg. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 31. tölul. kemur: 5.500 kr.

14. gr.

Við VIII. kafla laganna, **Ýmis vottorð og leyfi,** bætist ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:
Greiða skal í ríkissjóð 1.500 kr. af hverju skráningarmerki ökutækja.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 3.300 kr.

b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3.900 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 5.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 11.000 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5. tölul. a kemur: 3.300 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „7.500 kr.“ í 5. tölul. b kemur: 8.300 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „37.500 kr.“ í 5. tölul. c kemur: 41.500 kr.

16. gr.

1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna verður svohljóðandi: Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða, fraktskip og íslensk fiskiskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipin eiga að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „100 kr.“ í 1. mgr. kemur: 150 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.100 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „400 kr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: 450 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „350 kr.“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: 400 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: 1.100 kr.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

602. Frumvarp til laga [212. mál]

um greiðslur yfir landamæri í evrum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin um greiðslur yfir landamæri í evrum er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2560/2001

frá 19. desember 2001

um greiðslur yfir landamæri í evrum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa([5]) var leitast við að bæta þjónustu við færslu fjármuna yfir landamæri, einkum skilvirkni hennar. Markmiðið var einkum að gera neytendum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að færa fjármuni á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Slíkar færslur fjármuna og greiðslur yfir landamæri almennt eru enn þá afar dýrar, miðað við greiðslur innanlands. Athugun, sem framkvæmdastjórnin lét gera og birti 20. september 2001, leiddi í ljós að neytendur fá ófullnægjandi eða engar upplýsingar um kostnað við færslu fjármuna og að meðalkostnaður við greiðslur yfir landamæri hefur vart breyst frá árinu 1993 þegar sambærileg athugun var gerð.

2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. janúar 2000 um smásölugreiðslur á innri markaðnum ásamt ályktunum Evrópuþingsins frá 26. október 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og frá 4. *júlí 2001 um leiðir til* að aðstoða rekstraraðila við að breyta yfir í evru, svo og skýrslur Seðlabanka Evrópu frá september 1999 og september 2000 um að bæta þjónustu í tengslum við greiðslur yfir landamæri, hafa allar lagt áherslu á brýna nauðsyn skilvirkra umbóta á þessu sviði.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, svæðanefndarinnar og Seðlabanka Evrópu frá 3. apríl 2001 um undirbúning vegna innleiðingar evruseðla og -myntar er tilkynnt að framkvæmdastjórnin muni íhuga að nota öll tæki sem henni eru tiltæk og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kostnaður við færslu fjármuna yfir landamæri verði færður til samræmis við kostnað við færslu fjármuna innanlands og þar með að gera hugmyndina um evrusvæðið sem „innlent greiðslusvæði" áþreifanlega og skýra í hugum borgaranna.

4) Ef miðað er við markmiðið sem var áréttað þegar evran var tekin upp sem reikningsgjaldmiðill, nánar tiltekið að ná fram ef ekki samræmdri, þá a.m.k. svipaðri gjaldtökustefnu varðandi evruna, hefur ekki orðið neinn marktækur árangur að því er varðar lækkun kostnaðar vegna greiðslna yfir landamæri, miðað við greiðslur innanlands.

5) Magn greiðslna yfir landamæri eykst stöðugt eftir því sem innri markaðurinn nær betri fótfestu. Á þessu landamæralausa svæði hefur tilkoma evrunnar gert greiðslur auðveldari.

6) Sú staðreynd að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri eru áfram hærri en gjöld fyrir innlendar greiðslur hamlar viðskiptum yfir landamæri og hindrar því eðlilega starfsemi innri markaðarins. Einnig er líklegt að þetta hafi áhrif á tiltrú á notkun evrunnar. Í því skyni að

([1]) Stjtíð. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 270.
([2]) Áliti var skilað 10. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB C 308, 1.11.2001, bls. 17.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. desember 2001 (Stjtíð. EB C 363, 19.12.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.
([5]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

greiða fyrir starfsemi innri markaðarins er því nauðsynlegt að tryggja að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum séu þau sömu og gjöld fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis en það mun einnig efla tiltrú á evrunni.

7) Að því er varðar rafræna greiðslumiðlun yfir landamæri í evrum skal meginreglan um sömu gjöld gilda frá og með 1. júlí 2002, að teknu tilliti til aðlögunartímabila og þess aukna vinnuálags sem breytingin yfir í evrur hefur í för með sér. Til að mögulegt sé að koma á nauðsynlegu grunnvirki og skilyrðum skal til 1. júlí 2003 vera í gildi aðlögunartímabil að því er varðar færslu fjármuna yfir landamæri.

8) Eins og sakir standa er ekki ráðlegt að beita meginreglunni um samræmdar gjaldfærslur þegar um er að ræða pappírsávísanir þar sem þær eru þess eðlis að ekki er hægt að meðhöndla þær á jafn skilvirkan hátt og annan greiðslumáta, einkum rafrænar greiðslur. Þó skal meginreglan um gagnsæi gjaldfærslu einnig gilda um ávísanir.

9) Í því skyni að gera viðskiptavini kleift að meta kostnað við greiðslu yfir landamæri er nauðsynlegt að hann fái upplýsingar um þau gjöld sem í gildi eru og allar breytingar á þeim. Það sama á við þegar greiðsla yfir landamæri í evrum tekur einnig til annars gjaldmiðils en evrunnar.

10) Þessi reglugerð hefur engin áhrif á möguleika stofnana til að bjóða eitt heildargjald fyrir mismunandi greiðsluþjónustu, að því tilskildu að ekki sé gerður greinarmunur á greiðslum yfir landamæri og innanlands.

11) Einnig er mikilvægt að auðvelda greiðslustofnunum að annast greiðslur yfir landamæri. Í tengslum við þetta skal stuðla að stöðlun, einkum að því er varðar notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN) ([6]) og bankanúmers (BIC) ([7]) sem nauðsynleg eru við rafræna vinnslu á færslu fjármuna yfir landamæri. Sem viðtækust notkun þessara númera er talin afar mikilvæg. Þar að auki skulu aðrar aðgerðir, sem fela í sér aukakostnað, aflagðar í því skyni að lækka gjaldtöku af viðskiptavinum í tengslum við greiðslur yfir landamæri.

12) Til að létta byrði stofnana sem annast greiðslur yfir landamæri er nauðsynlegt að afnema í áföngum skyldur um reglubundna, innlenda skýrslugjöf að því er varðar hagskýrslur um greiðslujöfnuð.

13) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin sjá til þess að til séu fullnægjandi og skilvirkar verklagsreglur um kvartanir eða málskot til að jafna deilur milli sendanda og stofnunar hans eða milli viðtakanda og stofnunar hans, og nota verklagsreglur sem fyrir eru þegar við á.

14) Æskilegt væri að framkvæmdastjórnin legði fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 1. júlí 2004.

15) Setja skal ákvæði um verklag sem gerir kleift að beita þessari reglugerð einnig á greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki ákveður svo.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um greiðslur í evrum yfir landamæri í því skyni að tryggja að gjöld fyrir þessar greiðslur séu þau sömu og fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis.

Hún skal gilda um greiðslur í evrum yfir landamæri sem nema innan bandalagsins allt að 50 000 evrum.

Þessi reglugerð skal ekki gilda um greiðslur yfir landamæri sem færðar eru milli stofnana fyrir eigin reikning.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „greiðslur yfir landamæri“:

i) „færsla fjármuna yfir landamæri“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki í þeim tilgangi að hafa ákveðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibúi stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili,

ii) „rafræn greiðslumiðlun yfir landamæri“:

— færsla fjármagns með rafrænum greiðslumiðli, nema stofnun mæli fyrir um færsluna og framkvæmi,

([6]) ISO-staðall nr. 13613.
([7]) ISO-staðall nr. 9362.

— úttekt reiðufjár með rafrænum greiðslumiðli og hleðsla (og afhleðsla) rafræns seðils með búnaði á borð við hraðbanka og seðlavélar og hjá útgefanda eða stofnun sem er bundin af samningi um að taka við greiðslumiðlinum,

iii) „ávísanir yfir landamæri“: þær ávísanir sem skilgreindar eru í Genfarsamningnum þar sem kveðið er á um samræmd lög um ávísanir frá 19. mars 1931, og gefnar eru út á stofnun sem staðsett er í bandalaginu og notaðar við færslu fjármuna yfir landamæri í bandalaginu;

b) „rafrænn greiðslumiðill“: fjargreiðslumiðill og rafeyrir sem gerir handhafa kleift að framkvæma rafræna greiðslumiðlun einu sinni eða oftar;

c) „fjargreiðslumiðill“: miðill sem gerir handhafa kleift að taka út fjármuni af reikningi sínum í stofnun og að inna af hendi greiðslu til viðtakanda og alla jafna krefst persónulegs auðkennisnúmers og/eða annarrar ámóta sönnunar. Til fjargreiðslumiðla teljast einkum greiðslukort (kreditkort, debetkort, debetkort með greiðslufresti eða kreditkort án hámarks) og síma- og heimabankaþjónusta. Færsla fjármuna yfir landamæri fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

d) „rafeyrir“: hlaðanlegur greiðslumiðill, hvort sem um er að ræða reiðufjárkort eða tölvuminni sem greiðslueiningar eru geymdar á með rafrænum hætti;

e) „stofnun“: einstaklingur eða lögaðili sem annast færslur fjármuna yfir landamæri;

f) „gjaldfærslur“: allar gjaldfærslur stofnunar sem tengjast beint greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri.

3. gr.

Gjöld fyrir rafræna greiðslumiðlun og færslu fjármuna yfir landamæri

1. Frá og með 1. júlí 2002 skulu gjöld stofnunar fyrir rafræna greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna samskonar greiðslumiðlunar í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast rafrænu greiðslumiðlunina yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2003 skulu gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjöld sömu stofnunar vegna samskonar færslu fjármuna í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast færslu fjármuna yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

3. Frá og með 1. janúar 2006 skal fjárhæðin 12 500 evrur hækkuð í 50 000 evrur.

4. gr.

Gagnsæi gjaldtöku

1. Stofnun skal koma á framfæri við viðskiptavini sína skriflega og, ef við á samkvæmt innlendum reglum, með rafrænum hætti, á eðlilegu og skiljanlegu máli fyrirframupplýsingum um gjaldtöku í tengslum við greiðslur yfir landamæri og greiðslur innan aðildarríkisins þar sem stofnunin hefur starfsstöð sína. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um að á ávísanaheftum skuli vera yfirlýsing þar sem neytendur eru varaðir við því að gjald er tekið fyrir notkun ávísana yfir landamæri.

2. Allar breytingar á gjaldtöku skulu tilkynntar á sama hátt og segir í 1. mgr. áður en þær taka gildi.

3. Þegar stofnanir taka þóknun fyrir að skipta gjaldeyri yfir í og úr evrum skulu þær veita viðskiptavinum sínum:

a) fyrirframupplýsingar um þær þóknanir sem þær hyggjast taka fyrir skiptin; og

b) sérstakar upplýsingar um þær þóknanir sem þær hafa fengið fyrir skiptin.

5. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri

1. Stofnun skal, þegar það á við, tilkynna hverjum viðskiptavini, óski þeir þess, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar.

2. Viðskiptavinurinn skal, sé þess óskað, tilkynna stofnuninni, sem annast færsluna, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) viðtakanda og bankanúmer (BIC) stofnunar sem viðtakandi skiptir við. Veiti viðskiptavinurinn ekki framangreindar upplýsingar er stofnuninni heimilt að taka aukaþóknun. Í slíku tilviki skal stofnunin, í samræmi við 4. gr., veita viðskiptavinum upplýsingar um aukaþóknunina.

3. Frá og með 1. júlí 2003 skulu stofnanir láta alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) og banka-númer (BIC) stofnunarinnar koma fram á reikningsyfirlitum allra viðskiptavina eða í viðauka við þau.

4. Birgir sem tekur við greiðslu með færslu fjármuna skal við gerð vörureikninga fyrir vörur og þjónustu yfir landamæri í bandalaginu tilkynna viðskiptavinum sínum alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar sem hann skiptir við.

6. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar skyldur varðandi innlenda skýrslugjöf vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð um greiðslur yfir landamæri sem nema allt að 12 500 evrum.

2. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar innlendar skyldur varðandi lágmarksupplýsingar sem veita skal um viðtakanda sem koma í veg fyrir að greiðslan fari fram á sjálfvirkan hátt.

7. gr.

Beiting þessarar reglugerðar

Beiting þessarar reglugerðar skal tryggð með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

8. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2004, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

— þróun grunnvirkja greiðslukerfa yfir landamæri,

— réttmæti þess að bæta þjónustu við neytendur með því að styrkja samkeppnisskilyrði við veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri,

— áhrif beitingar þessarar reglugerðar á gjöld fyrir greiðslur innan aðildarríkis,

— réttmæti þess að hækka upphæðina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., í 50 000 evrur frá og með 1. janúar 2006, með tilliti til afleiðinga þess fyrir fyrirtæki.

Skýrslunni skulu fylgja tillögur að breytingum eftir því sem við á.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Þessi reglugerð gildir einnig um greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi um gjaldmiðil þess. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynninguna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.* Rýmkunin öðlast gildi 14 dögum eftir téða birtingu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	A. NEYTS-UYTTEBROECK
forseti.	*forseti.*

603. Frumvarp til laga [320. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00874% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,232% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,045% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,0059% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,1% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,1% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,00988% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóðs samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00605% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,65% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Íslandspóstur hf. skal vegna innlánsreikninga Póstgírós greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

604. Frumvarp til laga [335. mál]

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fasteignanúmer, sem Fasteignamat ríkisins úthlutar við forskráningu. Númerið er hlaupandi raðtala og felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Undir fasteignanúmer fellur:

1. *Landnúmer,* sem er auðkenni landskika.
2. *Heitinúmer,* sem er auðkenni fasteignaheita.
3. *Fastanúmer,* sem er auðkenni eignarhluta í mannvirki eða mannvirkja í heild sinni, ásamt lóðarréttindum.

Auk fasteignanúmers ber hver fasteign heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um heiti fasteigna, annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn o.fl.

2. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nýtt matsverð skal þegar skrá í Landskrá fasteigna og gildir það með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið eða þar til því er hrundið með nýju mati.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2005 og 2006. Skal gjald þetta nema 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

605. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [426. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Mörður Árnason, Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir,
Helgi Hjörvar, Björgvin G. Sigurðsson.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til ákvæði um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæði. Frumvarp þetta hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum en ekki náð fram að ganga.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem

samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Í 26. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði sem heimilar forseta lýðveldisins að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessu ákvæði var í fyrsta sinn beitt frá stofnun lýðveldisins nú í ár. Um var að ræða frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1963, sem samþykkt var á Alþingi 24. maí. Þó að nauðsynlegt sé að synjunarvald forseta lýðveldisins sé til staðar er jafnframt rétt að þegnar landsins geti átt kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg mál, án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu verði bindandi er gert ráð fyrir að meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni þurfi að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þurfi alltaf að greiða atkvæði gegn gildi þeirra. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Eðlilegt þykir að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá voru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir

40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fylgiskjal.

Mörður Árnason:

Samantekt um þjóðaratkvæðagreiðslur á Íslandi og í nokkrum öðrum ríkjum.

(Minnisblað til þingflokks Samfylkingarinnar.)

Yfirlit.

Hér eru nokkrir punktar um þjóðaratkvæðagreiðslu eftir athugun á reglum um þær á Íslandi og nokkrum öðrum ríkjum, aðallega Evrópuríkjum. Einkum var athugað hvaða skilyrði eru sett fyrir því að úrslit séu gild.

Atkvæðagreiðsla sem aðeins er ráðgefandi er samkvæmt eðli máls án skilyrða. Kjörsókn o.s.frv. er hluti af niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar, og kemur við sögu við pólitískt mat á úrslitunum.

Við bindandi atkvæðagreiðslu er ýmist að niðurstöðurnar eru skilyrtar eða ekki. Í raun ganga skilyrði gegn grunnhugmyndinni um beint lýðræði, og algengast er að ekki séu sett nein skilyrði. Tengsl virðist mega finna milli þess hvernig boðað er til þjóðaratkvæðagreiðslu og hvernig niðurstöðurnar eru skilyrtar, þ.e. að þegar forseti eða þjóðþing boða til atkvæðagreiðslu eða verulegur hluti kjósenda, þá eru ekki skilyrði eða væg, en þar sem tiltölulega lítill hluti kjósenda eða t.d. minnihluti þingmanna getur knúið fram atkvæðagreiðslu er tíðara að niðurstöður séu skilyrtar.

Skilyrði í almennri atkvæðagreiðslu – umfram kröfu um einfaldan meirihluta í kosningunni – eru á fernan veg.

1. Skilyrði um ákveðið lágmark í heildarkjörsókn. Þetta hefur ekki fundist sem almenn regla nema í einu grónu lýðræðisríki, á Ítalíu (50% kjörsókn að lágmarki), en er nokkuð algeng regla í nýfrjálsum ríkjum Evrópu. Þá er slíkt skilyrði allalgengt í þjóðaratkvæðagreiðslum um breytingar á stjórnarskrá og öðrum sérstökum atkvæðagreiðslum.
2. Með skilyrði um að sá meirihluti sem úrslitum ræður (sem knýr fram breytingu, leggst gegn lögum o.s.frv.) skuli vera að lágmarki tiltekið hlutfall kjósenda á kjörskrá. Þetta er algengt skilyrði þar sem skilyrði eru sett á annað borð.
3. Skilyrði um aukinn meirihluta. Þetta hefur ekki fundist í þessari athugun nema sem alger undantekning (ákvæðið í sambandslögunum 1918). Aukinn meirihluti er skilyrði sem einkum er sett annarsvegar á vettvangi fulltrúalýðræðis, til að tryggja verulega samstöðu um mikilvægar ákvarðanir, hinsvegar í félögum til að tryggja rétt minnihluta á fundum í mikilvægum grundvallarmálum. Aukinn meirihluti er hinsvegar ankannaleg krafa í beinu lýðræði.

4. Þegar um nokkrar einingar er að ræða er stundum sett skilyrði um meirihluta í öllum einingum eða miklum hluta þeirra (t.d. í sambandsríkjum, Sviss er gott dæmi). Þetta á ekki við hér.

Ákvæði í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins um þjóðaratkvæðagreiðslu benda ekki til neins annars en að þar sé átt við óskilyrta atkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meirihluti nægir.

Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram fimm sinnum á Íslandi, á tímabilinu 1908–44. Þrisvar var atkvæðagreiðslan ráðgefandi, tvisvar bindandi. Engin skilyrði voru við lýði í atkvæðagreiðslunum nema um einfaldan meirihluta, að undantekinni atkvæðagreiðslunni 1944, þar sem þurfti meirihluta kosningarbærra manna til að samþykkja lýðveldisstjórnarskrána.

Nokkur sérstök atriði.

I – Stjórnarskráin.

Þrisvar er minnst á þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskránni, og að auki er ákvæði um atkvæðagreiðsluna 1944.

a. Í málskotsréttargreininni (26. gr.):
   „Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."
b. Í þjóðkirkjukafla (79. gr.):
   „Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg."
c. Í kafla um að leysa forseta frá embætti (11. gr.):
   „Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn."

Í 11. gr. (þar sem fyrst er rætt um þjóðaratkvæðagreiðslu) kemur í ljós að það þarf einfaldan meirihluta atkvæða til samþykktar. Atkvæðagreiðslan er ekki skilyrt að öðru leyti, hvorki kjörsókn né meirihluti sem hlutfall af kjörsókn. Þó er skilyrði um verulega aukinn þingmeirihluta í 11. gr., þann sama og þarf til að samþykkja stjórnarskrárbreytingar. Sigurður Líndal telur (samtal; viðtöl og greinar í dagblöðum) einboðið að hingað sé að leita reglnanna: Þjóðaratkvæði, meirihluti ræður án tillits til kjörsóknar eða meirihluta sem hlutfalls af kjörskrá.

Vert er að athuga að í 11. greininni er tiltekinn tími, „innan tveggja mánaða" frá samþykkt Alþingis.

Alþingi samþykkti stjórnarskrá lýðveldisins fyrir sitt leyti vorið 1944 og vísaði henni til þjóðarinnar. Sú stjórnarskrá var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 1944 (með 95% atkvæða), síðan staðfest á Alþingi með þingsályktun og yfirlýsingu forseta þingsins. Um þjóðaratkvæðagreiðsluna var sett sérstakt ákvæði í sjálfri stjórnarskránni, 81. gr. (raunar var greinin að lokum ekki nýtt heldur vísað til samskonar stjórnarskrárbreytingar frá 1942):

„Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meirihluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau."

Í þessari grein, og textanum frá 1942, er miðað við að meirihluti á kjörskrá þurfi að samþykkja stjórnarskrána. Um þá einu atkvæðagreiðslu eru þessi skilyrði sérstaklega tekin fram.

II – Þjóðaratkvæðagreiðslur á Íslandi.

Á Íslandi hefur fimm sinnum verið efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu, um áfengisbann 1908 (bann sett) og 1933 (bann afnumið), um þegnskylduvinnu 1916, um sambandslögin 1918 og um lýðveldisstofnun 1944. Árin 1908, 1916 og 1933 var um að ræða atkvæðagreiðslu samkvæmt þingsályktunartillögu þar sem stjórninni var falið að kanna afstöðu manna til þess hvort tiltekna skipan skyldi lögleiða. Þetta voru því ráðgefandi atkvæðagreiðslur. Kosið var samhliða þingkosningum. Engin skilyrði voru sett um niðurstöður.

Atkvæðagreiðslan 1918 var hinsvegar bindandi, á þann hátt að sambandslögin sem Alþingi hafði afgreitt voru borin undir alla kosningarbæra menn „til samþykktar eða synjunar". Engin skilyrði voru þó sett um kjörskrá eða meirihluta (lögin voru samþykkt með 92,5% en kjörsókn var aðeins 43,8%). Í lögunum/samningnum var hinsvegar ákvæði um að hægt væri að nema samninginn úr gildi. Skilyrði þess (fyrir utan tímasetningar) var að ⅔ þingmanna á Alþingi samþykktu og síðar ¾ þátttakenda í atkvæðagreiðslu sem ¾ kjósenda tækju þátt í. Þessi skilyrði voru ættuð frá Dönum.

Í atkvæðagreiðslunni 1944 var tekin bindandi afstaða til tveggja spurninga. Í fyrri spurningunni var beðið um afstöðu til þingsályktunar um að sambandslagasamningurinn væri „niður fallinn". Í umræðum á þinginu kom hjá nokkrum þingmönnum fram vilji til að fara eftir skilyrðum sambandslagasamningsins frá 1918. Niðurstaðan varð sú að þingsályktunartillögunni var ekki breytt en því lýst yfir til sátta að þessi ágreiningur yrði látinn „liggja milli hluta". Úrslitin í atkvæðagreiðslunni urðu slík að aldrei reyndi á, en að formi til voru atkvæði ekki greidd um gildi sambandslaganna heldur um ályktun Alþingis.[1] Í síðari spurningunni

---

[1] Í ályktun Alþingis var því lýst yfir að „niður sé fallinn dansk-íslenski sambandslagasamningurinn frá 1918" og að þá þingsályktun skyldi leggja fyrir þjóðina. Hún tæki síðan gildi við nýja samþykkt þingsins eftir samþykki í atkvæðagreiðslunni. Í umræðum á þingi kom fram vilji nokkurra þingmanna (Alþýðuflokksmanna úr hópi ‚lögskilnaðarmanna') til að láta atkvæðagreiðsluna fara fram eftir skilyrðunum frá 1918. Þessu andæfði meirihlutinn (úr Framsóknar-, Sjálfstæðis- og Sósíalistaflokki), enda leit hann svo á að samningurinn væri „niður fallinn" og þar með líka sú grein sambandslaganna sem fjallar um kosningaákvæðin. Því var rökrétt að atkvæði yrðu greidd um ályktun Alþingis en ekki um uppsögn samningsins, og atkvæðagreiðsla um þingsályktun þyrfti auðvitað ekki að fara fram samkvæmt ákvæðum í samningum við Dani. Niðurstaðan var sú að þingsályktunartillögunni var ekki breytt að þessu leyti milli umræðna en því lýst yfir til sátta að þessi ágreiningur um skilyrði sambandslaganna væri „að svo stöddu" látinn „liggja milli hluta" (Bjarni Benediktsson). Flokkarnir hétu því hinsvegar að standa saman um svo mikla þátttöku og svo mikið hlutfall já-atkvæða í atkvæðagreiðslunni að ekki kæmi til þess að á þetta reyndi. Úrslitin urðu þau að 97% kusu og 97% þeirra sögðu já. Þessi atburðarás hefur síðar valdið þeim misskilningi að kosið hafi verið eftir ¾ reglunum frá 1918, en augljóst er á heimildum að það var ekki skilningur meirihluta þingsins og engar formsreglur um það settar.

Hins vegar voru greidd atkvæði um stjórnarskrána sjálfa með skilyrði um að til samþykktar þyrfti stuðning frá meirihluta kosningarbærra manna. Samþykkt voru sérstök lög um atkvæðagreiðsluna 1944: „Lög um tilhögun atkvæðagreiðslu um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og lýðveldisstjórnarskrá Íslands." Í 1. grein þeirra er vísað á tvo staði um forsendur lagasetningarinnar. Annarsvegar er þingsályktunin, en þar segir um atkvæðagreiðsluna:

„Ályktun þessa skal leggja undir atkvæði allra alþingiskjósenda til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Nái ályktunin samþykki tekur hún gildi er Alþingi hefur samþykkt hana að nýju að aflokinni þessari atkvæðagreiðslu."

Hinsvegar var vísað til stjórnskipunarlaganna frá 1942 (þar sem ekki þótti að lokum rétt að láta atkvæðagreiðsluna um nýja óstaðfesta stjórnarskrá fara fram samkvæmt grein í henni sjálfri (81. greininni), eins og áður hefur komið fram). Í þeim segir að sú breyting stjórnarskrárinar sem um ræðir taki gildi „er meirihluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana."

var beðið um afstöðu til nýju stjórnarskrárinnar. Sú kosning fór fram eftir ákvæðum þar sem gert var ráð fyrir að meirihluta manna á kjörskrá þyrfti til samþykktar.

Að undanteknum stjórnarskrárhluta atkvæðagreiðslunnar frá 1944 hafa engin skilyrði gilt um þjóðaratkvæðagreiðslur á Íslandi önnur en um meirihluta þeirra sem kjósa.

III – Flugvallaratkvæðagreiðslan í Reykjavík 2001.

Flugvallaratkvæðagreiðslan í Reykjavík 2001 spratt af því að sveitarstjórnin ákvað að spyrja kjósendur um álit á máli sem ekki hafði verið tekin ákvörðun um. Slík atkvæðagreiðsla er að eðli ólík atkvæðagreiðslu sem efnt er til í þeim tilgangi að staðfesta eða hafna ákvörðun sem stjórnvald hefur þegar tekið.

Atkvæðagreiðslan fór fram samkvæmt 104. grein sveitarstjórnarlaga (45/1998). Þar segir að sveitarstjórn sé heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um sérstök mál. Niðurstaðan sé ekki bindandi nema sveitarstjórnin hafi ákveðið það sérstaklega. Í sérstökum borgarreglum (samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp) var svo kveðið á um að slík atkvæðagreiðsla væri bindandi ef kjörsókn næmi ¾ (nú ⅔ kjósenda. Svona atkvæðagreiðsla er því ráðgefandi, en borgarstjórn ákvað að 75% kjörsókn eða meirihluti sem næmi 50% af kjörskrá gæti gert úrslitin bindandi. Þetta var því ráðgefandi atkvæðagreiðsla sem gat orðið bindandi við tiltekin skilyrði.

Kjörsókn reyndist 39% og mjótt á munum milli fylkinga. Þó ákvað meirihluti borgarstjórnar að taka mið af niðurstöðunum í ákvörðun um aðalskipulag á flugvallarsvæðinu.

Merkilegt við þessa kosningu var það að forystumenn eins stjórnmálaflokkanna, Sjálfstæðisflokksins, hvöttu stuðningsmenn sína óbeint til að sitja heima. Það gerðu þeir með yfirlýsingum um að atkvæðagreiðslan væri ómerkileg og að þeir mundu sjálfir ekki taka þátt í henni (m.a. Davíð Oddsson). Gagnrýnendur kjörsóknarskilyrðis hafa einmitt bent á slíkar aðstæður og talið óeðlilegt að andstæðingar tiltekins máls í atkvæðagreiðslu geti ‚kosið' með því að sitja heima, og jafnframt að þeir geti ráðið úrslitum sem sitja heima vegna þess að þeir hafa ekki afstöðu til málsins eða ekki nægan áhuga á því.

Einstök ríki.

Hér er farið yfir fyrirkomulag í nokkrum ríkjum. Athugunin nær skammt en ætti að geta gefið þokkalega yfirsýn. Að auki voru kannaðar sérstaklega reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur í ellefu nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

a) *Sviss, Kalifornía.* Þetta eru þau ríki heims þar sem oftast er almenn atkvæðagreiðsla. Ekki eru sjáanleg nein skilyrði við úrslit nema þau í Sviss að niðurstaða er ekki bindandi nema saman fari meirihluti kjósenda annarsvegar og hinsvegar sama niðurstaða í meirihluta kantónanna (sbr. kost 4 í yfirlitinu að framan).

á) *Austurríki.* Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi, án nokkurra skilyrða að því séð verður. Tvisvar gert frá stríðslokum, um kjarnorkuver 1978, um ESB 1994.

b) *Frakkland.* Þar er tvennskonar atkvæðagreiðsla. Annarsvegar getur forsetinn efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp eða alþjóðasamninga. Um það eru fjölmörg dæmi frá stofnun 5. lýðveldisins 1958. Hinsvegar er þjóðaratkvæðagreiðsla skilyrði við stjórnarskrárbreytingar (nema fulltrúadeild og öldungadeild sameinaðar samþykki með ⅗). Atkvæðagreiðslurnar eru bindandi, eftir samþykkt með einföldum meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu öðlast laga- eða stjórnarskrárbreytingarnar gildi. Engin sérstök skilyrði eru sjáanleg í stjórnarskrá eða öðrum tiltækum heimildum.

Nýlega voru samþykktar í Frakklandi reglur um atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum. Þar verða úrslitin bindandi ef tillagan er samþykkt með einföldum meirihluta og 50% kosningarbærra hafa greitt atkvæði.

c) *Noregur, Finnland.* Í báðum þessum ríkjum er þjóðaratkvæðagreiðsla aðeins ráðgefandi. Engin skilyrði um kjörsókn eða meirihluta. Þingið tekur sjálfstæða ákvörðun um gang mála eftir atkvæðagreiðsluna, en hvorki í Finnlandi né Noregi hefur þingið gengið á svig við vilja kjósenda í slíkri atkvæðagreiðslu.

d) *Bretland.* Þar er engin stjórnarskrá og engin almenn regla. Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur aðeins einu sinni farið fram í ríkinu öllu (1975 um EBE), þá án skilyrða. Tvisvar hefur verið kosið í Skotlandi og Wales um eigið þing. Í fyrra skiptið (1979) voru sett skilyrði um að meirihluti með þingi skyldi vera 40% manna á kjörskrá. Þetta skilyrði olli því að Skotar fengu þá ekki þing þótt meirihluti væri fyrir því í atkvæðagreiðslunni (51,6%) þar sem sá meirihluti náði ekki 40% af Skotum á kjörskrá (reyndist 32,9%). Walesmenn felldu hins vegar þingtillöguna í þetta skipti. Í seinna skiptið, 1997, voru engin skilyrði hins vegar sett og samþykktu hvorirtveggju að koma sér upp þingi. – Sá munur var á atkvæðagreiðslunum 1979 og 1995 að í fyrra skiptið hafði Lundúnaþing afgreitt lög sem voru háð samþykki í Skotlandi og Wales, en í seinna skiptið var lögð spurning fyrir Skota og Walesmenn í ráðgefandi atkvæðagreiðslu. Niðurstöðurnar leiddu til lagafrumvarps sem Lundúnaþing samþykkti.

ð) *Sviþjóð.* Þar eru tvennskonar ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Annarsvegar skýtur þingið máli til þjóðarinnar með sérstökum lögum, og er slík atkvæðagreiðsla ráðgefandi. Þetta hefur verið gert fimm sinnum, síðast um evruna í fyrra. Engin skilyrði. Hinsvegar geta þingmenn (minnst 35 talsins) borið fram tillögu um þjóðaratkvæði um tiltekin lög og ef þriðjungur þeirra samþykkir fer sú atkvæðagreiðsla fram samhliða næstu þingkosningum. Lögin eru felld ef meirihluti neitar þeim að því tilskildu að sá fjöldi nemi rúmum helmingi þeirra sem kusu í þingkosningunum. Þetta hefur raunar ekki gerst enn í Svíþjóð, en enginn efast þó um að þessi stjórnarskrárgrein sé í fullu gildi.

e) *Danmörk.* Þar er gert ráð fyrir þrenns konar þjóðaratkvæðagreiðslu. Í fyrsta lagi um breytingar á stjórnarskránni, grundvallarlögunum. Þegar stjórnarskrárbreyting er samþykkt á þingi skal rjúfa það og boða til kosninga. Samþykki nýtt þing einnig breytinguna fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hana, og er hún samþykkt ef meirihluti í atkvæðagreiðslunni er minnst 40% kosningarbærra manna. Í öðru lagi greiða Danir atkvæði um fullveldisframsal til yfirþjóðlegrar stofnunar. Til að slíkt frumvarp verði að lögum á þinginu þarf ⅚ atkvæða, en ef frumvarpið fær rýrari meirihluta en ⅚ þingmanna[2] er sjálfkrafa atkvæðagreiðsla meðal þjóðarinnar. Í þriðja lagi getur þriðjungur þingmanna knúið fram atkvæðagreiðslu um tiltekin nýsamþykkt lög. Þær atkvæðagreiðslur um Evrópumál sem við þekkjum best hafa orðið eftir fyrri reglunni en aðeins einusinni verið kosið eftir þriðjungsreglunni (1963). Um tvær síðarnefndar gerðir þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku eru þær reglur að lögin falla ef meirihluti kjósenda er á móti þeim og skal sá meirihluti vera minnst 30% kosningarbærra manna.

---

[2] Þriðjungsreglunni var komið á við breytingarnar á grundvallarlögunum 1953. Hún stóð í beinu samhengi við aðra veigamikla breytingu sem þá var gerð á stjórnskipan Dana, að ‚efri deild' danska Ríkisdagsins, Landstinget, var sameinuð ‚neðri deildinni', Folketinget. Um þetta hafði verið deilt í Danmörku í a.m.k. tvo áratugi, og í aðdraganda breytinganna 1953 voru líka hörð átök milli stóru flokkanna, Sósíaldemókrata og Venstre. Liður í samkomulagi um stjórnarskrárbreytingarnar var þessi réttur þriðjungs þingmanna til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, og virðist það ákvæði einkum hafa átt að koma í veg fyrir að naumur meirihluti gæti knúið fram umdeild mál. Það kom í stað stöðvunarvaldsins sem hið íhaldssama landsþing hafði áður.

Þetta þýðir að til að fella lög þarf kjörsókn að vera að minnsta kosti 30% – ef allir kjósendur væru á móti – en sé mjótt á munum kynni að þurfa tæplega 60% kjörsókn að lágmarki til að fella lög.

é) *Írland.* Þar er þjóðaratkvæðagreiðsla tvennskonar. Annarsvegar um breytingu á stjórnarskrá og ræður þá meirihluti í óskilyrtri atkvæðagreiðslu. Hinsvegar getur tiltekinn hluti þingmanna (meirihluti í öldungadeild, þriðjungur í neðri deild) knúið fram atkvæðagreiðslu um einstök lög (eða um þingrof og kosningar). Þau teljast felld ef meirihluti gegn þeim er minnst 33 ⅓ % kosningarbærra manna.

f) *Ítalía.* Þar eru þjóðaratkvæðagreiðslur algengar (38 síðustu 30 ár). Annarsvegar eru atkvæðagreiðslur um stjórnarskrármál, þær virðast vera bindandi en án skilyrða. Aðeins tvær slíkar hafa farið fram frá stríðslokum. Hinsvegar eru atkvæðagreiðslur um einstök lög. Þar er þess krafist að kjörsókn sé minnst 50%. Eitt dæmi er um að þetta hafi skipt máli – 1990 fóru lög eða lagagreinar um veiðar og eitur í matvælum fyrir þjóðina og var yfirgnæfandi meirihluti á móti lögunum en þau héldu gildi sínu þar sem þátttakan var aðeins 43%.

Ath.: Þar sem skilyrði er sett á meirihluta í þeim ríkjum sem hér hefur verið fjallað um er hann 30% (Danmörk), 33 ⅓ % (Írland) eða 40% (Skotland og Wales 1979, gagnrýnt fyrir ströng skilyrði). Í eina ríkinu hingað til með kjörskrárskilyrði er það 50%. Í Svíþjóð eru sérstakar reglur þar sem atkvæðagreiðslan er samhliða þingkosningum.

Nýfrjálsu ríkin.

Farið var yfir reglur í ellefu nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu þar sem lýðræðisskipan hefur fest í sessi. Stjórnskipan nýfrjálsu ríkjanna er merkilegt rannsóknarefni þar sem þau hafa geta valið sér stjórnskipunarreglur af ‚hlaðborði' hinna grónu lýðræðisríkja. Hinsvegar má telja líklegt að varfærnissjónarmið hafi verið rík við mótun stjórnarskrár og reglna í ýmsum þeirra, einkum þeim sem nú búa við lýðræðisskipan í fyrsta sinn eða hafa af henni skamma reynslu í sögu sinni.

Í tíu af ríkjunum ellefu (alstaðar nema í Tékklandi) er gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu sem kosti við ákvarðanatöku við hlið fulltrúalýðræðisins, og víðast getur hluti kjósenda knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Algengt er að skilyrði séu sett um þátttöku í almennum þjóðaratkvæðagreiðslum og í tveimur ríkjanna er meirihlutinn (eða sigurkosturinn) skilyrtur, skal jafngilda a.m.k. 25% kosningarbærra í Ungverjalandi og a.m.k. þriðjungi í Litháen.

g) *Búlgaría.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskrá um lög og ýmis álitamál. Nú munu vera í undirbúningi lög um þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskránni. Samkvæmt drögum geta 100 þúsund kjósendur krafist atkvæðagreiðslu um almenn lög, 200 þúsund um stjórnlög. Óljóst um skilyrði.

h) *Eistland.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu annars vegar um stjórnarskrá, hinsvegar um lög og önnur brýn málefni (þá líklega ráðgefandi atkvæðagreiðsla eða eftir sérstökum reglum).

1. Meirihluti þings getur sent lög í þjóðaratkvæðagreiðslu (önnur en fjárlög, skattalög, lög um staðfestingu alþjóðasamninga og um neyðarástand). Samþykki meirihluti þátttakenda í atkvæðagreiðslunni lögin öðlast þau gildi, ef ekki er þing rofið og efnt til kosninga.
2. Tillögur um breytingar á stjórnarskrá getur þingið sett í þjóðaratkvæðagreiðslu á sama hátt og verður að gera það ef breytingarnar varða fyrsta (um stjórnskipun, valdskiptingu, auðlindir, þjóðtungu, fána o.s.frv.) eða síðasta kafla (um breytingar á stjórnarskrá) hennar. Aðrar breytingar getur þingið samþykkt í tveimur atkvæðagreiðslum með kosningum á milli (með meirihluta fyrra skiptið, ⅗ í síðara skiptið). Ríki neyðarástand getur þingið

samþykkt stjórnarskrárbreytingar sem taka strax gildi (til umræðu með ⅘, ⅔ þarf til samþykkis).

i) *Króatía.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu annarsvegar um breytingar á stjórnarskrá, um lög og einstök málefni, og hinsvegar um aðild að ríkjasambandi.

1. Ríkisstjórn og forseti, meirihluti þingsins eða 10% kosningarbærra manna geta boðað til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá, um lög eða einstök málefni. Til að tillaga teljist samþykkt þarf meirihluta atkvæða og þáttöku meirihluta kosningarbærra manna.
2. Ákvörðun sem varðar aðild að ríkjasambandi skal vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu og telst því aðeins samþykkt að meirihluti kosningarbærra manna greiði henni atkvæði.

í) *Lettland.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í fjórum tilvikum, um stjórnarskrá, um einstök lög, um þingrof og um verulegar breytingar á ESB-aðild.

1. Forseti eða þriðjungur þings getur frestað gildistöku laga. Ef tíundi hluti kosningarbærra manna krefst þjóðaratkvæðagreiðslu um þau fer hún fram, nema þingið hafi áður endursamþykkt þau með ¾ hlutum atkvæða. Lögin teljast felld ef meirihluti greiðir atkvæði gegn þeim í atkvæðagreiðslunni og heildartala kjósenda nær a.m.k. helmingi af tölu kjósenda í síðustu þingkosningum. Fjárlög og skattalög eru undanþegin, einnig lög um ýmis hernaðarmál og lög til að staðfesta samninga við önnur ríki. Þá eru lög undanþegin málskoti forseta ef ⅔ hlutar þings samþykkja að svo skuli vera.
2. Forseti getur boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga. Slík tillaga er samþykkt með meirihluta atkvæða í atkvæðagreiðslunni. Ef hún er felld fer forseti frá.
3. Þingið getur breytt stjórnarskránni (eftir þrjár umræður og samþykki a.m.k. ¾ þingmanna) nema fyrstu greinunum um stjórnskipun, landsvæði, þjóðtungu, fána, kjör þingsins, og svo greininni um stjórnarskrárbreytingar. Þeim greinum verður aðeins breytt þannig að tíundi hluti íbúa á kjörskrá leggi breytingartillögu fyrir þingið. Samþykki það tillöguna óbreytta tekur hún gildi, ella fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Til að breytingartillagan teljist samþykkt þarf meirihluti kosningarbærra manna að samþykkja hana.
4. Í stjórnarskránni er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB, sem þegar hefur farið fram, og um verulegar breytingar á aðildinni. Slík breyting telst samþykkt ef meirihluti greiðir þeim atkvæði og heildartala kjósenda nær a.m.k. helmingi af tölu kjósenda í síðustu þingkosningum.

j) *Litháen.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu ef breyta skal mikilvægustu greinum stjórnarskrárinnar, um einstök lög að frumkvæði þings eða hluta kjósenda, og um önnur brýn málefni.

1. Þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök lög fer fram ef meirihluti þings samþykkir eða 300 þúsund kosningarbærir menn (jafngildir um 25 þúsund á Íslandi) krefjast þess. Úrslitin eru bindandi ef a.m.k. 50% kosningarbærra kjósa og meirihluti jafngildir þriðjungi kosningarbærra manna.
2. Breytingar á 1. gr. stjórnarskrárinnar (um sjálfstæði Litháens), á upphafskafla hennar (stjórnarfar, þjóðtunga, fáni o.s.frv.) og á kaflanum um stjórnarskrárbreytingar má aðeins gera í þjóðaratkvæðagreiðslu. Annars nægir að þingið samþykki tvisvar (með hléi á milli en ekki endilega kosningum) með ⅔ atkvæða hvoru sinni. Fyrstu greininni verður aðeins breytt með samþykki ¾ kosningarbærra manna. Breytingar á köflunum tveimur þurfa samþykki helmings kosningarbærra manna.Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla er haldin um einstakt mál ef þingið vill eða 300 þúsund kosningarbærir menn krefjast þess. Til að þjóðaratkvæðagreiðslan teljist gild þarf þátttöku helmings kosn-

ingarbærra manna. Sé meirihluti með málinu verður þingið að taka það til umræðu innan mánaðar.

k) *Pólland.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á mikilvægustu greinum stjórnarskrárinnar, um alþjóðasamninga sem gera ráð fyrir framsali fullveldis, og um önnur brýn málefni. Ekki virðist vera um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök lög.

1. Meirihluti fulltrúadeildar getur boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um brýnt málefni, einnig forsetinn með samþykki meirihluta öldungadeildar. Úrslit eru bindandi ef meira en helmingur kosningarbærra greiðir atkvæði.
2. Breytingum á fyrstu köflum stjórnarskrárinnar (um stjórnskipan, þjóðtákn, mannréttindi) og á kaflanum um stjórnarskrárbreytingar getur forseti, fimmtungur fulltrúadeildar eða meirihluti öldungadeildar vísað til staðfestingar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Til staðfestingar þarf meirihluta atkvæða í kosningunni.
3. Alþjóðasamninga sem fela í sér framsal fullveldis þarf að samþykkja með ⅔ atkvæða í báðum þingdeildum eða með meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem a.m.k. helmingur kosningarbærra greiðir atkvæði.

l) *Rúmenía.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá, um að leysa forseta frá embætti, um lög og um einstök álitamál.

1. Forseti og þing geta boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaðeina sem mikilvægt þykir. Úrslit eru gild ef meira en helmingur kosningarbærra greiðir atkvæði. 100 þúsund kjósendur geta óskað þjóðaratkvæðagreiðslu um lög og skal þingið þá taka slíka tillögu til umræðu.
2. Breytingar á stjórnarskrá skulu bornar undir þjóðaratkvæðagreiðslu eftir samþykkt þingsins (með ⅔ atkvæða í hvorri deild eða ¾ í sameinuðu þingi). 500 þúsund kjósendur geta knúið þingið til að taka til umræðu tillögu um stjórnarskrárbreytingu. Skilyrði virðast vera hin sömu og áður eru talin.

m) *Slóvakía.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn efni og um aðild að ríkjasambandi og úrsögn úr slíku sambandi.

Um önnur efni en ríkjasamband skal hafa þjóðaratkvæðagreiðslu ef þingið samþykkir eða 350 þúsund kjósendur (jafngildir um 20.000 á Íslandi) vilja. Tillaga telst samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu ef hún fær meirihluta atkvæða og meirihluti kosningarbærra greiðir atkvæði.

Þingið getur að þremur árum liðnum breytt lögum sem byggjast á úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu eða afnumið þau en þá má jafnframt boða að nýju til þjóðaratkvæðagreiðslu um sama efni.

Ekki er gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá nema hvað varðar ríkjasamband. Þingið eitt samþykkir stjórnarskrárbreytingar og önnur stjórnlög og þarf til ⅗ atkvæða.

n) *Slóvenía.* Gert er ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um lagaleg efni og um stjórnarskrárbreytingar.

1. Þjóðaratkvæðagreiðsla um lög, lagaákvæði eða lagaleg álitamál fer fram að ósk a.m.k. þriðjungs þingmanna, þjóðarráðsins (e.k. öldungadeild) eða 40 þúsund kjósenda (jafngildir um 6000 á Íslandi). Meirihluti í atkvæðagreiðslunni ræður úrslitum.
2. Tillaga um breytingu á stjórnarskrá þarf ⅔ atkvæða á þinginu til samþykktar. Þriðjungur þingmanna getur hins vegar skotið slíkri tillögu til þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillagan telst þá samþykkt ef meirihluti er með henni og meirihluti kosningarbærra hefur greitt atkvæði.

o) *Ungverjaland.* Gert er ráð fyrir bindandi og ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þinginu er skylt að hlíta niðurstöðum bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þjóðaratkvæðagreiðsla er haldin að boði forseta, ríkisstjórnar, þriðjungs þingmanna eða 200 þúsund kosningarbærra (jafngildir um 6.000 á Íslandi). Þjóðaratkvæðagreiðslan telst hafa farið fram að lögum ef a.m.k. 25% kosningarbærra manna hafa valið sama kost í atkvæðagreiðslunni (af tveimur eða fleiri). Þjóðaratkvæðagreiðsla er ekki boðuð um fjárlög, lög um skatta, hernaðarmálefni, sakaruppgjöf o.fl.

Ekki er gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar (⅔ þings duga). – Ef 50 þúsund kjósendur krefjast þess skal þingið taka mál til umfjöllunar.

Heimildir.

Stuðst er við ýmiskonar heimildir, einkum stjórnarskrár ríkjanna og sérlög þeirra um þjóðaratkvæðagreiðslur (m.a. af vefslóðinni „confinder.richmond.edu"). Þá nýttist prýðilegt yfirlit á netinu um beint lýðræði í Evrópu á vefsvæði „Initiative & Referendum Institute, Europe" og umfjöllun um stjórnskipulag á gagnasafninu „countrywatch.com". Hið snjalla starfsfólk upplýsingadeildar þingsins hefur aðstoðað við heimildaleitina.

Tvö fræðirit á ensku um þjóðaratkvæðagreiðslu, bæði með ritaskrám: The Referendum Experience in Europe. Ritstj. Michael Gallagher og Pier Vincenzo Uleri. MacMillan Press; Basingstoke og Lundúnum 1996 (greinasafn þar sem fjallað er um reynsluna af atkvæðagreiðslum í ýmsum Evrópuríkum); Qvortrup, Mads. A comparative study of referendums. Government by the people. Manchester University Press; Manchester 2002 (umfjöllun um þjóðaratkvæðagreiðslur og áhrif þeirra á lýðræðið með ýmsum fróðleik um sögu og einstök tilvik). Sjá einnig fréttaskýringu Árna Helgasonar, „Rúmlega 460 þjóðaratkvæðagreiðslur í Evrópu frá 1940", í Morgunblaðinu 17. júní 2004, og minnisblað Oonaghs Gays í skjalasafni og vefsetri Lundúnaþings (SN/PC/2809), „Thresholds in Referendums" (einkum um atkvæðagreiðslurnar í Wales og Skotlandi, rit nefnd neðanmáls).

606. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Þór Sverrisson frá iðnaðarráðuneytinu, Þorkel Helgason og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Tryggva Þór Haraldsson og Pétur Einar Þórðarson frá Rafmagnsveitu ríkisins, Hjörleif Kvaran og Ásgeir Margeirsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Júlíus Jónsson og Friðrik Friðriksson frá Hitaveitu Suðurnesja, Ólaf Eggertsson og Birki Friðbertsson frá Landssamtökum raforkubænda, Guðmund Sigurðsson og Marín Ólafsdóttur frá Samkeppnisstofnun, Þórð Guðmundsson og Guðmund I. Ásmundsson frá flutningssviði Landsvirkjunar og Edvard G. Guðnason og Eirík S. Svavarsson frá Landsvirkjun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Orkuveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Félagi raforkubænda, Bændasamtökum Íslands, Byggðastofnun, Sambandi garðyrkjubænda, Íslenska álfélaginu hf., Orkustofnun, Norðurorku hf., Verkfræðistofu Norðurlands ehf., Fallorku ehf., Orkubúi Vestfjarða hf. og BSRB.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á raforkulögum en ákvæði laganna um frjálsa sölu á raforku til notenda sem nota meira afl en 100 kW taka gildi 1. janúar nk.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi: Lagt er til að flutningsfyrirtækjum og dreifiveitum verði gert heimilt að færa of- eða vanteknar tekjur á milli reikningsára. Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að dreifiveitur skuli greiða til flutningskerfisins í samræmi við heildarnotkun rafmagns á viðkomandi dreifiveitusvæði en á þeirri forsendu var byggt við setningu raforkulaganna á síðasta ári. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um að dreifiveitur skuli láta virkjanir sem tengjast beint inn á dreifkerfi njóta þess hagræðis sem þær skapa í kerfinu. Lagt er til að stjórnarmenn og starfsmenn flutningsfyrirtækis skuli hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna en með því er tryggt að þessir starfsmenn hafi sömu stöðu og þeir hafa nú sem starfsmenn Landsvirkjunar. Loks er lagt til að settar verði hömlur á heimildir til að hækka verð til almennra raforkunotenda sem áfram verða bundnir einum raforkusala á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007.

Við umfjöllun nefndarinnar kom til skoðunar hvort þörf væri á því að fresta gildistöku þeirra breytinga sem koma eiga til framkvæmda um áramótin samkvæmt lögunum. Er það mat meiri hluta nefndarinnar að unnt eigi að vera að ljúka nauðsynlegri undirbúningsvinnu fyrir áætlaða gildistöku 1. janúar nk. Það er jafnframt mat meiri hlutans að heppilegast sé að þessar breytingar komi til framkvæmda um áramót. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða meiri hlutans að ekki sé ástæða að fresta gildistöku framangreindra breytinga.

Meiri hlutanum þykir ástæða til þess að bregðast við ábendingum sem komið hafa fram um að ákvæði laganna, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins, sé of íþyngjandi fyrir smærri virkjanir, undir 7 MW, umfram það sem eðlilegt geti talist. Því leggur meiri hlutinn til breytingar á 12. og 17. gr. laganna. Fela þessar breytingar í sér að tekið er tillit til smærri virkjana hvað varðar úttektargjald vegna framleiðslu þeirra. Ekki þykja efni til annars en að virkjanir undir 7 MW greiði fullt innmötunargjald. Í breytingatillögunni felst að innmötunargjald vegna virkjana undir 7 MW skal að fullu greitt til þeirrar dreifiveitu sem viðkomandi virkjun tengist við. Að auki þarf dreifiveita ekki að greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna virkjana sem eru undir 1 MW. Vegna virkjana sem eru á bilinu 1–7 MW þarf sú dreifiveita sem virkjunin tengist að greiða til flutningsfyrirtækisins þannig að við 1 MW hefjist skylda til greiðslu úttektargjalds sem hækki síðan línulega upp í 75% fulls gjalds þegar slík virkjun er orðin 3,1 MW eða stærri, sbr. fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Þá leggur meiri hlutinn til að dreifiveitur skuli að hluta eða að fullu greiða ígildi þess hreina ávinnings sem dreifiveitu hlotnast vegna lækkunar á greiðslu úttektargjalds sem dreifiveitu bæri að greiða ef framangreindar breytingar kæmu ekki til. Þessi greiðsla til virkjana nær þó ekki til greiðslu fyrir kerfisþjónustu. Varðandi virkjanir undir 300 kW skal dreifiveita greiða að fullu hreinan ávinning af niðurfellingu úttektargjaldsins til viðkomandi virkjunar. Fyrir virkjanir á bilinu 300 kW til 3,1 MW skal minnka greiðslu ígildis úttektargjaldsins línulega þar til greiðslan fellur niður við þessi efri mörk. Við ákvörðun á hreinum ávinningi dreifiveitu skal horfa til þeirrar lækkunar á afl- og orkuúttekt sem viðkomandi virkjun veldur.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að við framkvæmd umræddra breytinga verði gætt að samkeppnisskilyrðum fiskeldis, fiskvinnslu og garðyrkju en raforkukostnaður er veigamikill þáttur í rekstri fyrirtækja í þessum greinum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar auk þeirra sem þegar hefur verið gerð grein fyrir eru eftirfarandi:

1. Lögð er til samhljóða breyting á a-lið 2. gr. frumvarpsins annars vegar og a-lið 3. gr. hins vegar. Er lagt til að lögfest verði við hvaða tímamark beri að miða þegar bókfært verð fastafjármuna er ákvarðað við útreikning á arðsemisviðmiði flutningsfyrirtækis og dreifiveitna við setningu tekjumarka. Þá er lagt til að kveðið verði skýrar á um heimild

til að setja reglugerð um breytingar á verði fastafjármuna. Samhliða þessu er lagt til að við lögin bætist nýtt bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að óheimilt verði frá gildistöku laganna og fram til 1. janúar 2005 að uppfæra bókfært verð þeirra fastafjármuna sem um er fjallað í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna.

2. Lagðar eru til tvær breytingar á c-lið 2. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lagt til að það rafmagn sem virkjun framleiðir til eigin nota verði undanskilið við gjaldtöku samkvæmt ákvæðinu og hins vegar að sé um að ræða einangruð dreifikerfi sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið skuli ekki greitt af þeim til flutningskerfisins. Breytingin er eðlileg í ljósi þess að slík kerfi njóta ekki öryggis af flutningskerfinu.
3. Meiri hlutinn leggur til að neðri mörk arðsemisviðmiða sem tilgreind eru í 9. mgr. 12. gr. og 7. mgr. 17. gr. laganna og leggja ber til grundvallar við setningu tekjumarka hjá flutningsfyrirtæki og dreifiveitum verði rýmkuð en athugasemdir hafa komið fram um að þau mörk sem í lögunum greinir séu of takmarkandi.
4. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að samkeppni á raforkumarkaði fyrir almenna notendur muni hefjast fyrr en 1. janúar 2007. Meiri hlutinn leggur til að þetta tímabil verði stytt um eitt ár þannig að lögin komi að fullu til framkvæmda 1. janúar 2006.

Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Einar Már Sigurðarson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 7. des. 2004.

Birkir Jón Jónsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Kjartan Ólafsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Smávirkjanir.
Skipting úttektargjalds.



607. Breytingartillögur [328. mál]

við frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (BJJ, EOK, GHall, KÓ, SKK, JÁ, ÁRJ, EMS).

1. Við 2. gr.
   a. A-liður orðist svo: 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir eru 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Um heimild til uppfærslna á bókfærðu verði fastafjármuna við útreikning tekjumarka vegna endurmats og breytinga á verðlagi skal kveðið á í reglugerð.
   b. C-liður orðist svo: Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó 5. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.
   c. D-liður orðist svo: 5. mgr. orðast svo:
      Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar. Greiða skal úttektargjald vegna framleiðslu slíkrar virkjunar til flutningsfyrirtækisins sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 75% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 75% fulls úttektargjalds.

d. Við bætist nýr stafliður sem orðist svo: 9. mgr. orðast svo:

Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur er hagnaður af rekstri fyrirtækisins skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun.

2. Við 3. gr.

a. A-liður orðist svo: 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: Arðsemi dreifiveitu skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir eru 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Um heimild til uppfærslna á bókfærðu verði fastafjármuna við útreikning tekjumarka vegna endurmats og breytinga á verðlagi skal kveðið á í reglugerð.

b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður sem orðist svo: 7. mgr. orðast svo:

Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur er hagnaður af rekstri veitunnar skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun.

c. C-liður falli brott.

d. Við bætist nýr stafliður sem orðist svo: Við bætist ný málsgrein sem verður 9. mgr. og orðast svo:

Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 5. mgr. 12. gr., með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.
2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum:

a. Í stað orðanna „Frá 1. janúar 2007“ í 1. mgr. kemur: Frá 1. janúar 2006.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er að greiða niður raforku til kaupenda sem eiga þess kost að velja sér orkusala með fjármunum sem fást af sölu til kaupenda sem eru bundnir einum raforkusala á tímabilinu 1. janúar 2005 til 1. janúar 2006. Enn fremur er óheimilt að hækka gjald fyrir orku til hinna bundnu kaupenda umfram það tilefni sem leiðir af eðlilegum kostnaðarhækkunum. Orkustofnun getur krafist skýringa og gagna um

ákvörðun á raforkuverði til hinna bundnu kaupenda. Stofnunin getur krafist hins sama telji hún óeðlilegt frávik vera á orkuverði miðað við verð hjá öðrum raforkusölum til samsvarandi hóps bundinna raforkukaupenda. Í reglugerð er heimilt að kveða á um hámarksverð raforku til hinna bundnu kaupenda, þ.e. þeirra sem ekki eiga kost á að velja sér raforkusala.

4. Við 7. gr. bætist nýr liður sem orðist svo: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

   Frá gildistöku laga þessara og fram til 1. janúar 2005 er óheimilt að uppfæra bókfært verð þeirra fastafjármuna sem um er fjallað í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna.

5. Á eftir 7. gr. komi ný grein sem orðist svo:

   Við upptalningu í viðauka með lögunum bætist nýr töluliður sem verður 3. tölul. og orðast svo: Öldugata í Hafnarfirði.

608. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hlutinn telur að vegna vaxandi tekna þjóðarbúsins sé svigrúm til skynsamlegra skattalækkana. Mjög brýnt er hins vegar að það sé nýtt til tekjujöfnunar í þjóðfélagi sem því miður einkennist af því að bilið milli tekjuhópa fer vaxandi. Um leið er mikilvægt að stöðugleika sé ekki teflt í tvísýnu og grundvöllur velferðarþjónustunnar skerðist ekki.

Lækkun virðisaukaskatts.

Samfylkingin hefur lagt höfuðáherslu á að virðisaukaskattur af matvælum verði lækkaður um helming og að með því verði matarreikningur íslenskra heimila lækkaður um 5 milljarða kr. Í upphafi þessa þings fluttu þingmenn Samfylkingarinnar frumvarp um málið. Slík skattalækkun kemur öllum þegnum landsins vel. Hún kemur þeim hins vegar langbest sem hafa úr minnstu að spila og fjölskyldufólki. Jöfnunaráhrifin af þessari skattalækkun eru því mun meiri en af öðrum skattalækkunum eins og lækkun tekjuskattshlutfallsins sem þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar kveður á um.

Skattahækkanir og gjaldtaka.

Á þessu og næsta ári hefur ríkisstjórnin hækkað eða boðað hækkun skatta og gjalda á einstaklinga og skert barna- og vaxtabætur um rúma 8 milljarða kr. Ríkisstjórnin skilar rúmum 5,6 milljörðum kr. af því til baka á þessu og næsta ári með lækkun erfðafjárskatts, lækkun hátekjuskatts og lækkun á tekjuskatti. Ljóst er að þær tekjur sem ríkisstjórnin hefur tekið inn með hækkun skatta og gjalda, auk skerðinga á barna- og vaxtabótum, gerir gott betur en að standa undir boðuðum skattalækkunum á næsta ári. Þótt ekki verði um frekari hækkanir að ræða munu þær vega þungt upp í viðbótarskattalækkanir það sem eftir lifir kjörtímabilsins

og mæta að stórum hluta tekjutapi ríkissjóðs vegna áformaðra skattalækkana og hækkunar barnabóta á kjörtímabilinu.

Gallinn á skattalækkunum ríkisstjórnarinnar er ekki bara að almenningur hefur þegar greitt sjálfur að stórum hluta fyrir þessar skattalækkanir, heldur einnig að leið ríkisstjórnarinnar mun einnig auka ójöfnuð í þjóðfélaginu. Margir umsagnaraðilar, m.a. samtök launafólks og félagasamtök, benda á það sama og Samfylkingin, að það eru fyrst og fremst þeir betur settu sem hagnast á skattalækkuninni, en þeir sem minnst hafa sitja eftir með sárt ennið.

Þróun tekjuskatts.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir það harðlega hve ríkisstjórnin hefur fryst skattleysismörk, sem bitnað hefur harkalega á fólki með lágar tekjur og meðaltekjur. Sést það vel á línuriti frá fjármálaráðuneytinu sem fylgir áliti þessu sem fylgiskjal I. Þar kemur fram að skerðing skattleysismarka frá 1989 sem að mestu kemur fram eftir árið 1995 er svo harkaleg að samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins má áætla að ríkissjóður hafi tekið 36,4 milljörðum kr. meira til sín árið 2003 en ella hefði verið ef skattleysismörk hefðu fylgt launavísitölu. Með sömu nálgun er um að ræða 16,3 milljarða kr. ef miðað er við neysluvísitölu. Skattleysismörkin eru 71.296 kr. á yfirstandandi ári, en ættu að vera 114.015 kr. ef þau hefðu fylgt þróun launavísitölu og 85.709 kr. ef þau hefðu fylgt þróun neysluvísitölu. Þessa tugi milljarða hefur ríkisvaldið svo nýtt til að lækka skatta af fjármagni og fyrirtækjum.

Vara ber við þeirri þróun sem orðið hefur í skattheimtunni að í vaxandi mæli hefur skattbyrðin verið flutt af fjármagni og fyrirtækjum yfir á launafólk og lífeyrisþega. Skattabreytingar umliðinna ára hafa lent með fullum þunga á lágtekjufólki vegna þess að skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun í landinu.

Samtök launþega og samtök aldraðra og öryrkja hafa m.a. bent á þessar staðreyndir. Landssamband eldri borgara hefur bent á að aldraðir með 110 þús. kr. í tekjur (verðlag 2004) greiða nú 13,7% af tekjum sínum í skatt, en greiddu 1,5% á árinu 1988. Öryrkjabandalagið bendir á að lífeyrisþegi sem ekkert hafi nema bætur almannatrygginga sé nú farinn að greiða jafngildi tveggja mánaða útborgunar á ári hverju í beina skatta. Þetta kemur heim og saman við það að lágtekjufólk sem greiddi sama og engan skatt þegar ríkisstjórnin tók við greiðir nú verulegan hluta af sínum tekjum í skatt. Sláandi er líka að 29 þúsund manns með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum að 100 þús. kr. greiða á þessu ári 2 milljarða kr. í skatta. Fróðlegt er að skoða þessa staðreynd í ljósi þess að 1% ríkustu Íslendinganna eða um 500 manns eru með 88% af tekjum sínum sem fjármagnstekjur eða 54 millj. kr. og 7 millj. kr. í launatekjur hver einstaklingur að meðaltali. Þessir einstaklingar greiða að meðaltali um 12% af tekjum sínum í skatta meðan fólk með meðaltekjur greiðir 25–27%.

Lækkun tekjuskatts.

Samfylkingin hefur sýnt fram á með margvíslegum útreikningum að með skattalækkunartillögum stjórnarflokkanna fá þeir mest sem mestar tekjur hafa. Í töflu í fylgiskjali II um áhrif af lækkun tekjuskatts, hátekjuskatts og eignarskatts sem byggð er á svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur kemur þetta glögglega í ljós.

Þessi tafla sýnir m.a.:

1. Heildarlækkunin er rúmlega 23 milljarðar kr.
2. Óréttlætið í skiptingu skattalækkunarinnar kemur glöggt fram í eftirfarandi:
   a. Tekjulægri helmingurinn fær tæpa 4 milljarða kr. eða um 17% lækkunarinnar.
   b. Tekjuhærri helmingurinn fær rúmlega 19 milljarða kr. eða nærri 83% lækkunarinnar.

c. 82% af lækkun almenna tekjuskattsins, öll lækkun hátekjuskattsins og 75% af lækkun eignarskattsins lendir hjá tekjuhærri helmingnum.

3. Skipting á lækkuninni milli lægsta og hæsta fjórðungs hjóna annars vegar og einhleypra hins vegar er sláandi:
   a. Rúmlega 13 milljarðar kr. eða nærri 58% renna til hæsta tekjufjórðungs.
   b. Tæplega 0,5 milljarðar kr. eða rúmlega 2% fara til lægsta tekjufjórðungs.
   c. Tekjulægsti fjórðungur hópanna fær innan við 2% af lækkun tekjuskattsins og innan við 5% af lækkun eignarskattsins.
4. Þeir allra tekjuhæstu meðal hjóna annars vegar og einhleypra hins vegar fá mest og þeir allra tekjulægstu í þessum hópum fá nær ekkert:
   a. 5,4 milljarðar kr. eða nærri fjórðungur lækkunarinnar fer til þeirra 5% tekjuhæstu í hópunum.
   b. 0,021 milljarðar kr. eða 0,1% heildarlækkunar skatta fer til 5% tekjulægstu í hópunum.
   c. 5% tekjuhæstu í hópunum fá í sinn hlut um 17% af lækkun almenna tekjuskattsins, 85% af lækkun hátekjuskattsins og um 24% af eignarskattslækkuninni.
   d. 15% tekjulægstu í hópunum fá í sinn hlut nær ekkert (0,02%) af lækkun tekjuskattsins og 1,2% af lækkun eignarskattsins.

Töflurnar í fylgiskjali II sýna áhrif af skattabreytingunum í heild á verðlagi 2003 miðað við að tekjudreifing haldist óbreytt og persónuafslátturinn fylgi launabreytingum.

Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að persónuafslátturinn hækki á næstu árum minna en verðlag og minna en launabreytingar má gera ráð fyrir að lækkun skatta að raungildi verði miklu minni en látið er í veðri vaka, einkum í neðri hluta tekjuskalans. Þar gætu skattar jafnvel hækkað og skattbyrði aukist af þessum sökum eins og svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur á 128. löggjafarþingi (þingskjal 1312 264. mál) leiddi í ljós að gerst hefur á síðustu árum.

Það vekur t.d. athygli að hækkun persónuafsláttar á næsta ári samkvæmt forsendum fjárlaga er einungis 3% og dugir ekki til að halda raungildi hans milli ára. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir 3,5% verðbólgu á næsta ári og því mun persónuafsláttur rýrna enn á árinu frá því sem hann er nú.

Þetta kemur reyndar ekki á óvart þegar skoðað er hvernig persónuafslátturinn hefur þróast frá 1995, þegar þessi ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum. Hann er langt frá því að halda raungildi sínu og hefur stöðugt rýrnað allan stjórnartímann. Það liggur ljóst fyrir að fjármálaráðherra ætlar sér enn að skerða persónuafsláttinn og fer sú ætlun hans ekki fram hjá neinum sem rýnir í fjárlög næsta árs.

Ef persónuafsláttur mundi halda í við verðlagsforsendur fjárlaga og hækka um 3,5% á næsta ári fengi ríkissjóður um 330 millj. kr. minna í ríkiskassann en miðað við núverandi áform. Þetta þýðir ekkert annað en að ríkissjóður ætlar sér að ná í 330 millj. kr. meira frá tekjulægstu skattgreiðendunum í gegnum verðbólguáhrif. Ef verðbólgan verður 4% eins og ASÍ spáir rýrnar persónuafslátturinn enn frekar og ríkissjóður yrði af 650 millj. kr. ef persónuafslátturinn fylgdi verðbólgu.

Samtals má því ætla að persónuafsláttur gæti rýrnað á næsta ári um 330–650 millj. kr. eftir því hvort stuðst er við spá fjármálaráðuneytisins eða ASÍ.

Framtíðarspá ráðuneytisins gerir ráð fyrir að persónuafsláttur hækki á árunum 2006 og 2007 í takt við almennar launabreytingar á vinnumarkaðinum og ekki er unnt að leggja mat á hvort sú hækkun nægir til að halda í við neysluvísitölu eða launavísitölu fyrir sama tímabil. Hætta er á að um misvægi gæti orðið að ræða og persónuafsláttur rýrnað enn að raungildi.

Niðurstaðan af skattabreytingum stjórnarflokkanna verður þá sú ein að skattar hafa í engu lækkað en skattbyrðin verið flutt af breiðu bökunum yfir á þá efnaminni.

Með skattstefnu sinni er ríkisstjórnin augljóslega að halda áfram á sömu braut að hygla þeim efnameiri á kostnað fólks með lágar tekjur og meðaltekjur. Fjármálaráðuneytið lagði fram upplýsingar um hvernig tekjuskattsbyrði 200 hæstu greiðenda tekjuskatts mundi þróast til ársins 2007 með tilliti til þeirra lagabreytinga sem nú eru fram undan.

Þar kemur fram að ráðstöfunartekjur þess hóps sem um ræðir munu hækka um 18,3% frá 2004–2007 vegna skattbreytinga. Meðallaun á mann í þessum hóp eru 22,7 millj. kr. á ári eða 1,9 millj. kr. á mánuði. Í núverandi skattkerfi greiðir þessi meðaleinstaklingur kr. 9,9 millj. kr. á ári eða 823 þús. kr. á mánuði í tekjuskatt en mun á árinu 2007 greiða kr. 7,5 millj. kr. í tekjuskatt eða 625 þús. kr. á mánuði. Eftir að tekjuskattslækkunin er að fullu komin til framkvæmda á árinu 2007 mun skattalækkun þessa einstaklings nema 2,4 millj. kr. á ári eða 197 þús. kr. á mánuði.

Í þessu endurspeglast hvernig skattalækkun ríkisstjórnarinnar mismunar fólki eftir tekjum og færir þeim mest sem mest hafa fyrir.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur líka í umsögn sinni bent á að enn einu sinni hafa skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar veruleg áhrif á tekjur sveitarfélaga. Í umsögn þeirra kemur fram að verði frumvarpið óbreytt að lögum skerðast árlegar tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varanlega um 400 millj. kr. þegar áhrif frumvarpsins eru að fullu komin fram. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins hafa dregið þessa túlkun í efa. Fulltrúar Samband íslenskra sveitarfélaga lýstu því yfir á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að ekkert samráð hefði fremur venju verið haft við sveitarfélögin um skattaáform ríkisstjórnarinnar þótt þau hefðu áhrif á tekjur sveitarfélaganna, ekki síst minni og vanmáttugri sveitarfélaganna.

Barnabætur.

Fyrsti minni hluti hefur sýnt fram á hvernig þessi ríkisstjórn hefur hlunnfarið barnafólk varðandi barnabætur allt frá árinu 1995 og skert verulega barnabætur í góðæri síðustu ára. Frá árinu 1995 eru útgjöld vegna barnabóta um 10 milljörðum kr. lægri en þau hefðu ella verið ef barnabætur hefðu fengið að halda raungildi sínu eins og það var á árinu 1995. Ríkisstjórnin er því einungis að skila til baka um fjórðungi þess sem hún hefur hlunnfarið barnafólk um í barnabótum þegar hún loks á árunum 2006 og 2007 skilar barnafólki til baka um 2,4 millj. kr. Á föstu verðlagi voru útgjöld til barnabóta 6.411 millj. kr. á árinu 1995 en á þessu ári eru útgjöld vegna barnabóta 5.430 millj. kr. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru útgjöld til barnabóta 1,1% á árinu 1995 en á yfirstandandi ári eru þau 0,6%. Hlutfall ótekjutengdra barnabóta af heildargreiðslum, sem allir foreldra fá óháð tekjum, var 56% árið 1995 en er komið niður í 19% á þessu ári. Auk þess náðu ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri á árinu 1995 en nú einungis til barna að 7 ára aldri. Þetta er lýsandi dæmi um svik framsóknarmanna við kjósendur, en enn þá hafa þeir ekki staðið við helsta kosningaloforð sitt sem þeir gáfu fyrir þarsíðustu kosningar.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að hækkun barnabóta komi þegar til framkvæmda en verði ekki frestað til áranna 2006 og 2007. Jafnframt leggur 1. minni hluti áherslu á að barnabætur eigi að ná til allra barna að 18 ára aldri.

Áhrifin af hækkun barnabóta sem felast í tillögum ríkisstjórnarinnar eru þau að mesta hækkun verður á greiðslum til þeirra foreldra sem hafa meðaltekjur og hærri tekjur og þeim mun meiri aukning sem tekjurnar eru meiri, þar til ákveðnu hámarki er náð. Þetta kemur til af þeirri staðreynd að breytingar draga úr tekjutengingu bótanna, ótekjutengdar bætur hækka og skerðingarmörk vegna fjölda barna lækka.

Athyglisvert er einnig að hlutfall fjárhæðar sem varið er í tekjutengdar bætur annars vegar og ótekjutengdar bætur hins vegar breytist lítið sem ekkert. Þegar hækkun barnabóta er að fullu komin til framkvæmda fer um 80% fjárhæðarinnar í tekjutengdar bætur og um 20% í ótekjutengdar bætur, sem er svipað hlutfall og á þessu ári. Þrátt fyrir hækkun þessara bóta er það fámennur og mjög tekjulágur hópur sem fær óskertar barnabætur. Á þessu ári fá einstæðir foreldrar með um 60 þús. kr. á mánuði óskertar barnabætur, en þegar breytingar ríkisstjórnarinnar á barnabótum eru að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2007 fá einstæðir foreldrar með 93 þús. kr. á mánuði óskertar barnabætur. Á þessu ári fá hjón með samtals um 120 þús. kr. í mánaðartekjur óskertar barnabætur en þegar barnabæturnar eru að fullu komnar til framkvæmda fá hjón með samtals 186 þús. kr. mánaðartekjur óskertar barnabætur.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir að fresta á framkvæmd hækkunar barnabóta sem hvað mestu skiptir fyrir barnafjölskyldur í skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar, auk þess sem ríkisstjórnin undir forustu Halldórs Ásgrímssonar guggnar á kosningaloforði framsóknarmanna um að allir fái ótekjutengdar barnabætur með börnum að 18 ára aldri.

Afnám eignarskatta.

Það er skoðun 1. minni hluta að eignarskattar hafi allt of mikið íþyngt fólki sem er með lágar tekjur sér til framfærslu en á aftur á móti eignir sem það borgar verulegan eignarskatt af. Í þeim hópi eru ekki síst aldraðir. Fullyrðingar ríkisstjórnarinnar um að það sé helst lágtekjufólkið og fólk með meðaltekjur sem hefur ávinning af eignarskattslækkuninni stangast þó á við svar sem fjármálaráðherra gaf á Alþingi við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattalækkanir (sbr. fylgiskjal II) og einnig á við gögn sem lögð hafa verið fram af embætti ríkisskattstjóra. Ekki gafst tími til að kanna það misræmi sem er á áðurnefndum upplýsingum og áskilur 1. minni hluti sér rétt til að óska eftir því að málið verði skoðað sérstaklega af efnahags- og viðskiptanefnd milli 2. og 3. umræðu þannig að öllum vafa verði eytt um það hverjir hagnast sérstaklega af afnámi eignarskattsins.

Í gögnunum frá embætti ríkisskattstjóra koma fram athyglisverðar upplýsingar sem sýna allt aðra mynd en ríkisstjórnin hefur dregið upp.

Samkvæmt þeim útreikningur kemur eftirfarandi fram:

1. Um helmingur allra eignarskattslækkunarinnar við niðurfellingu eignarskattsins liggur hjá efsta fjórðungi framteljenda, hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna.
2. Um fjórðungur allra eignarskatta liggur hjá efstu 5% framteljenda hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna.
3. Meðallækkun einhleypra í lægsta fjórðungi er um 200 kr. á ári en um 14 þús. kr. á ári í efsta fjórðungi.
4. Meðallækkun einhleypra í lægstu 5% er innan við 100 kr. á ári en um 33.000 á ári hjá efstu 5%.
5. Meðallækkun hjá hjónum í lægsta fjórðungi er um 15 þús. kr. á ári en nærri 50 þús á ári hjá hjónum í efsta fjórðungi.
6. Meðallækkun hjóna í lægstu 5% er um 9 þús. kr. á ári en um 119.000 á ári hjá efstu 5%.

Þar kemur fram að lækkun á eignarskatti alls sé 3.485 millj. kr. Þar af er lækkun á eignarskatti einstaklinga 2.123 millj. kr. og lögaðila 1.362 millj. kr.

Þar kemur jafnframt fram að miðað við álagningu 2004 skiptist lækkun eignarskatts á lögaðila þannig að af 1.362 millj. kr. fer 1.054 millj. kr. til lækkunar á sköttum lögaðila í Reykjavík og á Reykjanesi.

Í dag er fríeignarmark einstaklings vegna eignarskatts kr. 4,8 millj. kr. og hjóna 9,6 millj. kr. Þessi mörk eru afar lág og nauðsynlegt að hækka þau verulega.

Vaxtabætur.

Enn einu sinni á að höggva í sama knérunn og ráðast að skuldugum einstaklingum með skerðingu á vaxtabótum. Samtals voru vaxtabæturnar skertar um 600 millj. kr. árið 2004 og við það bætist skerðing upp á 300 millj. kr. á næsta ári. Breytingar snúa að því að útreiknaðar vaxtabætur eru skertar. Á yfirstandandi ári um 10% og á næsta ári um 5%. Einnig er um að ræða breytingu á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum en það lækkaði úr 7% í 5,5% á yfirstandandi ári og síðan aftur á næsta ári úr 5,5% í 5%. Rökin fyrir þessum breytingum eru þau að frá því að viðmiðunarmörkin voru ákveðin 7% hafi raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Þessi rök standast ekki gagnvart þeim tugþúsundum lántakenda sem eru með fasta vexti af fasteignalánum sínum. Bara hjá Íbúðalánasjóði er um 60.000 lántakendur með vexti á bilinu 5,1–6%. Þessir lántakendur hafa gert sínar greiðsluáætlanir og greiðslumat þeirra byggist á þeim vaxtabótum sem í gildi voru á þeim tíma sem lánin voru tekin. Þessar miklu skerðingar á vaxtabótum koma aftan að þessu fólki og setja úr skorðum allar greiðsluáætlanir þess.

Minnt skal á að á síðasta þingi var hart tekist á um hvort afturvirkni á skerðingu vaxtabóta gæti brotið í bága við stjórnarskrána. Eiríkur Tómasson prófessor, sem vann álit fyrir efnahags- og viðskiptanefnd um málið, komst að þeirri niðurstöðu að það bryti væntanlega í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem stjórnarflokkarnir áformuðu. Meiri hlutinn flutti þá breytingartillögu um að útgreiddar vaxtabætur hjá öllum sem rétt eiga til vaxtabóta yrðu skertar um 10% vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Eiríkur Tómasson gaf nefndinni álit sitt á þessari breyttu tillögu ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða hans var sú að líkur væru á því að íslenskir dómstólar mundu komast að þeirri niðurstöðu að afturvirk skerðing um 10% hjá öllum þeim sem rétt eiga á bótum samkvæmt núgildandi lögum væri stjórnskipulega gild. Eiríkur tók þó fram eftirfarandi: „Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra sem fyrir skerðingunni verða að hún brjóti í bága við stjórnarskrána.“

Í umsögn ASÍ um þetta mál kemur fram að ekki sé forsvaranlegt að skerða vaxtabætur afturvirkt og koma þannig í bakið á þeim sem standa þurfa við áður gerðar fjárhagsskuldbindingar sínar. Ríkisstjórnin ætlar eina ferðina enn, þrátt fyrir viðvaranir um að hún gæti verið að brjóta stjórnarskrána, að skerða vaxtabætur afturvirkt. ASÍ telur að þessar breytingar séu til þess fallnar að rýra tiltrú almennings á stjórnvöldum.

Niðurstaða.

Fyrsti minni hluti vill setja í forgang að lækka matarskattinn um helming. Slík lækkun kemur öllum vel, sérstaklega fólki með meðaltekjur og lágar tekjur. Auk þess hefur slík aðgerð jákvæð áhrif á neysluvísitöluna sem mun lækka um 0,8%. 1. minni hluti leggur líka megináherslu á að hækka barnabætur strax og að þær verði greiddar til 18 ára aldurs barna. Sömuleiðis telur 1. minni hluti rétt að skoða verulega hækkun fríeignarmarka í eignarskatti einstaklinga sem komi strax til framkvæmda. 1. minni hluti bendir einnig á að enn frekari hækkun skattleysismarka en ráð er fyrir gert kemur sér miklu betur fyrir fólk með lágar tekjur og meðaltekjur en sú leið sem ríkisstjórnin áformar sem mest gagnast þeim efnamestu.

Alþingi, 8. des. 2004.

Össur Skarphéðinsson, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

Áhrif af lækkun tekjuskatts, hátekjuskatts og eignarskatts.
Byggt á svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattalækkanir (þskj. 475 í 136. máli).

Forsendur: 4% lækkun almenns tekjuskattshlutfalls.
Afnám hátekjuskatts (úr 7 í 0%).
Afnám eignarskatta (miðað við fríeignamark við álagningu 2004).

Fjárhæðirnar eru miðaðar við tekjuárið 2003 (álagningarár 2004) og persónuafslátt eins og hann var þá. Miðað er við tekjuárið 2003 og persónuafslátt sem gilti á því ári, sem eðlilegt er þar sem útreikningar sýna ekki framreiknaðar tekjur eða persónuafslátt yfir það tímabil sem skattalækkanir koma til framkvæmda.

Tekjubil	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Eignar-skattur	Samtals	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Eignar-skattur	Samtals
Hjón og sambúðarfólk								
1	0	0	21	21	0,0%	0,0%	1,1%	0,1%
2	0	0	2	2	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%
3	3	0	7	10	0,0%	0,0%	0,4%	0,1%
4	55	0	48	103	0,4%	0,0%	2,6%	0,6%
5	291	0	59	350	2,1%	0,0%	3,2%	2,0%
6	357	0	58	415	2,5%	0,0%	3,1%	2,4%
7	406	0	70	476	2,9%	0,0%	3,8%	2,8%
8	450	0	81	531	3,2%	0,0%	4,4%	3,1%
9	494	0	84	578	3,5%	0,0%	4,5%	3,3%
10	547	0	87	634	3,9%	0,0%	4,7%	3,7%
11	613	0	82	695	4,4%	0,0%	4,4%	4,0%
12	684	0	83	767	4,9%	0,0%	4,5%	4,4%
13	762	0	85	847	5,4%	0,0%	4,6%	4,9%
14	845	0	89	934	6,0%	0,0%	4,8%	5,4%
15	942	0	90	1.032	6,7%	0,0%	4,8%	6,0%
16	1.050	0	99	1.149	7,5%	0,0%	5,3%	6,6%
17	1.181	0	108	1.289	8,4%	0,0%	5,8%	7,5%
18	1.360	36	120	1.516	9,7%	2,6%	6,5%	8,8%
19	1.640	216	152	2.008	11,7%	15,6%	8,2%	11,6%
20	2.372	1.131	431	3.934	16,9%	81,8%	23,2%	22,8%
Samtals	**14.052**	**1.383**	**1.856**	**17.291**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
0–25%	349	0	137	486	2,5%	0,0%	7,4%	2,8%
25–50%	2.254	0	380	2.634	16,0%	0,0%	20,5%	15,2%
50–75%	3.846	0	429	4.275	27,4%	0,0%	23,1%	24,7%
75–100	7.603	1.383	910	9.896	54,1%	100,0%	49,0%	57,2%
Samtals	**14.052**	**1.383**	**1.856**	**17.291**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**

Tekjubil	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Eignar-skattur	Samtals	Tekju-skattur	Hátekju-skattur	Eignar-skattur	Samtals
Einhleypir								
1	0	0	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
2	0	0	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
3	0	0	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
4	0	0	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
5	1	0	1	2	0,0%	0,0%	0,2%	0,0%
6	66	0	6	72	1,4%	0,0%	1,1%	1,2%
7	147	0	9	156	3,1%	0,0%	1,6%	2,7%
8	170	0	16	186	3,5%	0,0%	2,9%	3,2%
9	188	0	25	213	3,9%	0,0%	4,5%	3,7%
10	205	0	32	237	4,3%	0,0%	5,7%	4,1%
11	220	0	38	258	4,6%	0,0%	6,8%	4,4%
12	237	0	36	273	4,9%	0,0%	6,4%	4,7%
13	261	0	33	294	5,4%	0,0%	5,9%	5,1%
14	292	0	30	322	6,1%	0,0%	5,4%	5,5%
15	327	0	28	355	6,8%	0,0%	5,0%	6,1%
16	368	0	32	400	7,7%	0,0%	5,7%	6,9%
17	419	0	36	455	8,7%	0,0%	6,4%	7,8%
18	484	0	44	528	10,1%	0,0%	7,9%	9,1%
19	576	15	56	647	12,0%	3,3%	10,0%	11,1%
20	841	438	138	1.417	17,5%	96,7%	24,6%	24,4%
Samtals	**4.802**	**453**	**560**	**5.815**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
0–25%	1	0	1	2	0,0%	0,0%	0,2%	0,0%
25–50%	776	0	88	864	16,2%	0,0%	15,7%	14,9%
50–75%	1.337	0	165	1502	27,8%	0,0%	29,5%	25,8%
75–100	2.688	453	306	3447	56,0%	100,0%	54,6%	59,3%
Samtals	**4.802**	**453**	**560**	**5.815**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
Heild								
Samtals	**18.854**	**1.836**	**2.416**	**23.106**				

Þessi tafla sýnir m.a.:

1. Heildarlækkunin er rúmlega 23 milljarðar kr.
2. Skipting skattalækkunarinnar í heild milli tekjulægri og tekjuhærri helminga hjóna annars vegar og einhleypra hins vegar er ójöfn og ranglát:
   a. Tekjulægri helmingurinn fær tæpa 4 milljarða kr. eða um 17% lækkunarinnar.
   b. Tekjuhærri helmingurinn fær rúmlega 19 milljarða kr. eða nærri 83% lækkunarinnar.
   c. 82% af lækkun almenna tekjuskattsins, öll lækkun hátekjuskattsins og 75% af lækkun eignarskattsins lendir hjá tekjuhærri helmingum þessara hópa.
3. Skipting á lækkuninni milli lægsta og hæsta fjórðungs hjóna annars vegar og einhleypra hins vegar er sláandi:
   a. Rúmlega 13 milljarðar kr. eða nærri 58% renna til hæsta tekjufjórðungs.
   b. Tæplega 0,5 milljarðar kr. eða rúmlega 2% fara til lægsta tekjufjórðungs.
   c. Tekjulægsti fjórðungur hópanna fær innan við 2% af lækkun tekjuskattsins og innan við 5% af lækkun eignarskattsins.
4. Þeir allra tekjuhæstu hjóna annars vegar og einhleypra hins vegar fá mest og þeir allra tekjulægstu fá nær ekkert:

a. 5,4 milljarðar eða nærri fjórðungur lækkunarinnar fer til þeirra 5% tekjuhæstu í hópunum.
b. 0,021 milljarðar kr. eða 0,1% heildarlækkunar skatta fer til 5% tekjulægstu í hópunum.
c. 5% tekjuhæstu í hópunum fá í sinn hlut um 17% af lækkun almenna tekjuskattsins, 85% af lækkun hátekjuskattsins og um 24% af eignarskattslækkuninni.
d. 15% tekjulægstu í hópunum fá í sinn hlut nær ekkert (0,02%) af lækkun tekjuskattsins og 1,2% af lækkun eignarskattsins.

Taflan sýnir áhrif af skattabreytingunum í heild á verðlagi 2003 miðað við að tekjudreifing haldist óbreytt og persónuafslátturinn fylgi launabreytingum. Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að persónuafslátturinn hækki á næstu árum minna en verðlag og minna en launabreytingar má gera ráð fyrir að lækkun skatta í raungildi verði miklu minni en látið er í veðri vaka, einkum í neðri hluta tekjuskalans. Þar gætu skattar jafnvel hækkað og skattbyrði aukist af þessum sökum eins og svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur á 128. löggjafarþingi (þskj. 1312 í 264. máli) leiddi í ljós að gerst hefur á síðustu árum. Niðurstaðan af skattabreytingum stjórnarflokkanna verður þá sú ein að skattar hafa í engu lækkað en skattbyrðin verið flutt af breiðu bökunum yfir á þá efnaminni.

609. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar munu tekjur ríkissjóðs rýrna um 25–30 milljarða kr. á ári þegar áformaðar skattabreytingar verða allar komnar til framkvæmda. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins nemur tekjutapið vegna skattalækkunaráforma ríkisstjórnarinnar lægri upphæð eða um 20 milljörðum kr. á ári hverju þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda en inni í þeim útreikningum er gert ráð fyrir umtalsverðum veltuáhrifum. Það þýðir að aukin neysla samfara skattalækkunum mun auka efnahagsumsvifin og þar með tekjur ríkissjóðs. Aðrir umsagnaraðilar draga margir hverjir í efa þetta mat ráðuneytisins og ber þar fremst að telja heildarsamtök launafólks ASÍ og BSRB en samtökin telja að tekjutap ríkissjóðs verði umtalsvert meira eða allt að 30 milljarðar kr. á ársgrundvelli.

Skattalækkunarstefna ríkisstjórnarinnar gengur algerlega í berhögg við áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. VG er málsvari öflugrar samfélagsþjónustu og vill að hún sé fjármögnuð með sköttum en ekki notendagjöldum, hvort sem það eru skólagjöld, álögur á sjúklinga eða aðra sem þurfa á þessari þjónustu að halda. VG vill hins vegar endurskoða skattkerfið, gera það réttlátara og markvissara og hefur flokkurinn lagt fram þingmál í þessu skyni.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill réttlátt og markvisst skattkerfi.

Gagnstætt frumvarpi ríkisstjórnarinnar um lækkun tekju- og eignarskatta lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð fram þingmál nú í haust um hækkun fjármagnstekjuskatts. Lagt var til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækkaði úr 10% í 18% en

jafnframt yrðu sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Samkvæmt þessum tillögum VG var áætlað að tekjur af fjármagnstekjuskatti ykjust um rúmlega 3 milljarða kr. og yrðu alls um 10 milljarðar kr. Hér er um að ræða mikið réttlætismál auk þess sem flokkurinn taldi nauðsynlegt að finna tekjustofna sem fjármögnuðu tillögur Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs til eflingar velferðarþjónustunni, en í því sambandi skal sérstaklega nefna tillögur um gjaldfrjálsan leikskóla. Þá er á það að líta að á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir. Þetta er hróplegt ranglæti að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs.

Þá hefur VG lagt fram tillögu um skattkerfisbreytingar sem eru til þess fallnar að styrkja tekjustofna sveitarfélaga. Lagði þingflokkurinn fram frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hefði rýmkað heimildir þeirra til álagningar útsvars um eitt prósentustig, þ.e. úr 13,03% í 14,03% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í viðeigandi ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frumvarpið var flutt í beinum tengslum við boðuð áform ríkisstjórnarinnar um að lækka álagningu tekjuskatts um sama hundraðshluta, þ.e. eitt prósentustig um næstu áramót. Samanlagt álagningarhlutfall tekjuskatts og hámarks útsvarsheimildar hefði samkvæmt tillögum VG haldist óbreytt. Hér var því ekki tillaga til skattahækkunar heldur hefði áformuð lækkun stjórnarmeirihlutans á tekjuskatti til ríkissjóðs skapað sveitarfélögunum svigrúm til útsvarshækkunar.

Stefna í skattamálum er stefna í stjórnmálum.

Á undanförnum missirum hefur verið tekist harkalega á um fjármögnun velferðarþjónustunnar. Verulega hefur verið þrengt að heilbrigðisstofnunum í landinu og má í því sambandi minna á kröftuga hreyfingu launafólks innan allra helstu heildarsamtaka landsins, ASÍ, BHM, BSRB og Öryrkjabandalags Íslands, auk samtaka sjúklinga sem andmæltu niðurskurði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sl. vor. Þá hafði komið í ljós hvað raunverulega vakti fyrir stjórnvöldum með niðurskurðinum: Í fyrsta lagi að þröngva velferðarstofnunum til að draga saman seglin og opna þannig leið fyrir einkavæðingu starfseminnar og í öðru lagi breyta tilhögun fjármögnunar þannig að hún verði ekki framkvæmd með almennri skattlagningu heldur í mun ríkari mæli en nú með þjónustugjöldum. Þetta eykur að sjálfsögðu mismunun og misrétti því þeir sem hafa góð fjárráð eiga þess fremur kost að kaupa sér menntum, heilbrigðisþjónustu eða annað sem velferðarkerfið býður upp á en hinir sem hafa lítil efni. Þess eru þegar sýnileg dæmi að efnalítið fólk veigri sér við að leita heilbrigðisþjónustu vegna fátæktar. Fjármögnun velferðarþjónustunnar er þess vegna pólitísk í eðli sínu. Þeir sem leggja mikið upp úr jöfnuði eru almennt fylgjandi fjármögnun með sköttum, þeir sem gefa lítið fyrir jafnréttið eru hins vegar reiðubúnir að draga úr skattheimtu og hlaða gjöldunum á notendur þjónustunnar. Stefna í skattamálum er þess vegna stefna í stjórnmálum. Hér er stefna VG skýr og flokkurinn sjálfum sér samkvæmur því hann styður í verki almenna skattheimtu til fjármögnunar velferðarkerfi landsmanna.

Almennt um frumvarpið.

Skattalækkanirnar eiga samkvæmt frumvarpinu að koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005–2007. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuskattshlutfallið verði lækkað um 4%.

Í öðru lagi verður eignarskattur á einstaklinga og lögaðila afnuminn. Viðmiðunarfjárhæðir laganna verða hækkaðar, barnabætur að sama skapi en dregið verður úr stuðningi við húsnæðiskaupendur. Ríkisstjórnin er söm við sig að því leyti að það sem hún telur ganga í augu skattgreiðenda og barnafólks kemur ekki til framkvæmda fyrr en undir lok kjörtímabilsins. Þannig verður tekjuskattshlutfallið lækkað um 1% fyrstu tvö árin en um 2% kosningaárið 2007. Breytingar á barnabótakerfinu koma til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2006 og 2007. Eignarskattarnir verða felldir niður frá og með árinu 2005 en koma ekki fram fyrr en með álagningu skatta árið 2006.

Alþingiskosningar árið 2007 eru tillögusmiðum frumvarpsins greinilega ofarlega í huga. Hækkun barnabóta verður þá nýtilkomin og niðurskurðaráhrifa skattalækkana ekki farið að gæta að fullu! Hins vegar er hafist handa um skerðingu vaxtabóta þegar í stað og meira að segja afturvirkt!

Þótt frumvarpið sé mikið að vöxtum, 144 greinar, er í meiri hluta tilvika um að ræða lagasamræmingu sem er nauðsynleg, t.d. vegna niðurfellingar á eignarskatti.

Viðbrögð umsagnaraðila um áhrif skattkerfisbreytinganna.

Viðbrögð umsagnaraðila skiptast mjög í tvö horn. Samtök atvinnurekenda og Verslunarráð Íslands hæla ríkisstjórninni á hvert reipi fyrir niðurskurðinn. Samtök launafólks, öryrkja og eldri borgara eru hins vegar gagnrýnin á ríkisstjórnina; vara við niðurskurði í kjölfar skattalækkana og auknum þjónustugjöldum, auk þess sem bent er á að fara ætti aðrar leiðir við skattbreytingar til að stuðla að auknum jöfnuði í landinu (sjá fylgiskjöl). Þá gerir Samband íslenskra sveitarfélaga mjög alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Greiningardeildir fjármálastofnana og Seðlabanki Íslands vara við þensluvaldandi áhrifum frumvarpsins og minna á að með minni tekjum ríkissjóðs verði að beita aðhaldi í ríkisrekstri og/eða hækkun vaxta. Athygli vekur að þessar stofnanir tala yfirleitt alhæfingartungu og greina ekki á milli einstakra útgjaldaliða, hvort beita eigi niðurskurði á sjúkrahúsi eða í verklegum framkvæmdum. Þá er ekki sundurgreining á þensluvaldandi þáttum. Það er í senn bagalegt og óábyrgt að tala slíku alhæfingartungumáli. Hins vegar er það ábyrgt af hálfu þessara umsagnaraðila að benda á að ríkisstjórninni beri að skilgreina hvar hún ætli að skera niður útgjöld áður en hún ákveður að skerða tekjurnar. Þannig segir í áliti greiningardeildar Landsbankans m.a.: „Með því að lækka skatta í jafn miklum mæli og hér er lagt til, liggur því fyrir að ríkið verður að skapa hagstjórnaraðhald með mjög miklu aðhaldi á á útgjaldahlið ríkisfjármálanna – meira aðhaldi en þegar hefur verið kynnt. Í þessu sambandi er þó mjög mikilvægt að meginþungi skattalækkananna verður í lok núverandi kjörtímabils, þegar gera má ráð fyrir að að efnahagsuppsveiflan verði um garð gengin. Ef koma á í veg fyrir hækkun vaxta og styrkingu krónunnar er nauðsynlegt að trúverðugar áætlanir verði lagðar fram um niðurskurð útgjalda, áður en ráðist er í niðurskurð tekna."

Tímabundin stóriðjuþensla er varasamur vegvísir.

Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að hún telji vera borð fyrir báru til skattalækkana vegna tímabundinnar uppsveiflu í efnahagslífinu í tengslum við stóriðjuframkvæmdir sem þegar eiga sér stað eða eru á döfinni. Uppsveiflan er hins vegar að flestra dómi tímabundin og framhaldið ótryggt að ýmsu leyti.

Skattabreytingar er afar varasamt að ákveða með tilliti til skammtímasveiflna í hagkerfinu. Taka þarf slíkar ákvarðanir með langtímaþróun í huga. Þannig er ljóst að veltuáhrif í hagkerfinu vegna tímabundinnar uppsveiflu gufa upp í samdrætti. Hætt er við að samneyslan sæti

þá meira tekjutapi vegna skattalækkana en stjórnvöld gera ráð fyrir í útreikningum sínum en þeir miðast allir við tímabundinn hagvöxt.

Afleiðingar skatta- og stóriðjustefnu eru niðurskurður og vaxtahækkanir.

Augljóst er að afleiðingar skattalækkunar- og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar eru voveiflegar fyrir íslenskt samfélag. Efnahagssérfræðingar hvetja til strangra aðhaldsaðgerða en sem áður segir er aðallega um tvennt að velja eða blöndu af tvennu: Niðurskurð í útgjöldum ríkisins eða vaxtahækkanir. Þegar hefur Seðlabanki Íslands hækkað stýrivexti sem samstundis leiddi til almennra vaxtahækkana, sem bitna illa á heimilum og fyrirtækjum, einkum smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem fjármagna sig á innlendum fjármagnsmarkaði. Ruðningsáhrifanna í atvinnulífinu, sem þingflokkur VG varaði ákaft við í aðdraganda ákvarðana um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi, er þegar farið að gæta og varnaðarorð nú um frekari vaxtahækkanir og niðurskurð hjá hinu opinbera vegna skattalækkana ríkisstjórnarinnar hníga í sömu átt.

Hinum efnameiri hyglað.

Ljóst er að skattkerfisbreytingarnar koma hinum efnameiri í þjóðfélaginu mun betur en hinum efnaminni. Lækkun tekjuskatta ofan á niðurfellingu hátekjuskatts í áföngum, sem þegar er lögfest en kemur til framkvæmda á kjörtímabilinu, veldur því að einstaklingur með 12 millj. kr. árstekjur kemur til með að hagnast um 1 millj. kr. á ári vegna tekjuskattsbreytinga ríkisstjórnarinnar. Ávinningur þessa einstaklings er 12,4% hærri ráðstöfunartekjur en hann hefur nú. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga ábendingu Öryrkjabandalags Íslands um að sú breyting hafi orðið á högum öryrkja „að lífeyrisþegi sem ekkert hefur nema bætur almannatrygginga er nú farinn að greiða jafngildi tveggja mánaða útborgunar á ári hverju í beina skatta." Hér að neðan eru útreikningar fjármálaráðuneytisins á því hvernig fyrrgreindar tekjuskattsbreytingar koma fram í ráðstöfunartekjum nokkurra mismunandi tekjuhópa.

Tekjuskattar og ráðstöfunartekjur fyrir tiltekin laun miðað við einstakling.

Mánaðarlaun	Árslaun	Tekjuskattur 2003	Tekjuskattur 2007	Aukning ráðstöfunartekna
100 þús. kr.	1,2 m.kr.	140.700	58.780	7,7%
300 þús. kr.	3,6 m.kr.	1.065.900	888.700	7,0%
700 þús. kr.	8,4 m.kr.	3.131.850	2.548.540	11,1%
1.000 þús. kr	12,0 m.kr.	4.699.650	3.793.420	12,4%

Enn augljósari er ávinningur hátekju- og stóreignafólks af niðurfellingu eignarskatts. Fram hefur komið að einstaklingar sem eiga skuldlausa fasteign á bilinu 50–100 millj. kr. greiða að meðaltali 385.749 kr. í eignarskatt. Þeir sem eiga skuldlausa eign að verðmæti meira en 100 millj. kr. greiða sem nemur að meðaltali 895.187 kr.! Skattpakki ríkisstjórnarinnar kemur þessu fólki að sjálfsögðu sér afar vel. Auðvitað gildir hið sama um fólk sem á verðminni eignir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur eðlilegra að breyta eignarskattinum á þann veg að skattviðmiðið verði hækkað verulega en stóreignamenn hins vegar ekki undanþegnir skatti. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á ábendingu frá Landssambandi eldri borgara, sbr. fylgiskjal, sem fagnar því að eignarskattur verði afnuminn. Þetta eigi hins vegar að gera í áföngum. Á sama tíma og haldið sé út á þessa braut hafi fasteignamat verið hækkað verulega, eða langt umfram frítekjumarks vegna álagningar næsta árs.

Áhyggjur sveitarfélaganna.

Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á það í umsögn sinni að ekki hafi verið haft samráð við sambandið um gerð frumvarpsins. Þótt augljóst sé að það hafi veruleg áhrif á tekjustofna sveitarfélaga. Í umsögninni segir Samband íslenskra sveitarfélaga að „verði frumvarpið óbreytt að lögum skerðast árlegar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varanlega um 400 millj. kr. þegar áhrif frumvarpsins eru að fullu komin til framkvæmda.“ Ástæðan er sú að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru tiltekið hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Þegar tekjur ríkissjóðs minnka segir það sig sjálft að tekjur Jöfnunarsjóðsins skerðast hlutfallslega. Undir þessar áhyggjur Sambands íslenskra sveitarfélaga skal tekið.

Viðmiðunarupphæðir, barnabætur og vaxtabætur.

Ljóst er að viðmiðunarupphæðir frumvarpsins, svo sem sjómannaafsláttur, viðmiðunarfjárhæðir eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta, eru miðaðar við umsamdar launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Sé hins vegar stuðst við verðbólguspár fjármálaráðuneytis má búast við að verðbólga verði drjúgt yfir umsömdum launahækkunum. Að öllu óbreyttu mundu viðmiðunarupphæðirnar því rýrna sem þessu nemur. Varðandi barnabæturnar er á það að líta að breyting á þeim kemur til framkvæmda síðar og þarf áður að fara fram ítarleg athugun á áhrifum þeirra breytinga sem hér verða lögfestar með það fyrir augum að tryggja sem réttlátasta og markvissasta ráðstöfun þeirra fjármuna sem ætlaðir eru til þessa málefnis.

Á síðasta hálfum öðrum áratug, eða frá árinu 1991, hafa barnabætur verið stórlega rýrðar. Fyrirheit ríkisstjórnarinnar lúta að því að snúa þessari öfugþróun við. Breytingarnar eru hins vegar kynntar sem nýmæli og stórkostlegar kjarabætur. Í sjálfu sér má það til sanns vegar færa nema hvað fyrirheit ríkisstjórnarinnar eru endurunnin með reglulegu millibili.

Ekki þarf þó nokkur maður að ganga að því gruflandi að stuðningur við húsnæðiskaupendur er stórlega rýrður með því að draga úr vaxtabótum. Hvað þennan þátt snertir skal vísað sérstaklega í álitsgerðir samtaka launafólks, ASÍ og BSRB.

Alþingi, 8. des. 2004.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands. (6. desember 2004.)
II. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (6. desember 2004.)
III. Umsögn Öryrkjabandalags Íslands. (7. desember 2004.)
IV. Umsögn Landssambands eldri borgara. (3. desember 2004.)
V. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. (6. desember 2004.)

610. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um veðurþjónustu.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Sveinbjörnsson, formann nefndar sem var falið að semja frumvarp þetta, og Sigrúnu Ágústsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Siglingastofnun Íslands, Landsvirkjun, Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ríkislögreglustjóra og Ríkisendurskoðun.

Frumvarp þetta var lagt fram á 130. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt og er nú lagt fram að nýju með smávægilegum breytingum.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um veðurþjónustu. Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hlutverk ríkisins í rekstri veðurþjónustu og draga skýrari línur milli grunnþjónustu, sem Veðurstofu Íslands er skylt að sinna og greiða skal úr ríkissjóði, og sérþjónustu, sem veitt er samkvæmt ósk kaupanda og rekin er á markaðslegum forsendum.

Nefndin telur ástæðu til að taka tillit til nokkurra athugasemda sem fram komu í umsögnum sem bárust nefndinni. Þær eru eftirfarandi:

1. Við 3. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að á eftir orðunum „nokkurra daga“ í 2. tölul. komi „eða skemur“, enda eðlilegt að spárnar sem þar um ræðir geti náð til styttri tíma en nokkurra daga. Í öðru lagi er lagt til að hugtakinu „tölvuspár“ í 8. tölul. verði breytt í „tölvureiknuð spágögn“ og að skilgreiningunni verði breytt í „rafrænt reiknaðar spár á ýmsum veðurþáttum sem settar eru fram á myndrænu eða stafrænu formi“, þar sem nefndin telur að skilgreiningin eins og hún er nú sett fram í frumvarpinu takmarkist ekki við spár og sé því of víðtæk. Þá má benda á að í 3. tölul. 3. gr. er talað um tölvureiknuð spágögn og því fer betur á að gætt sé samræmis og að það hugtak sé skilgreint. Í þriðja lagi er lagt til að í stað „þ.e.“ í 9. tölul. komi „þ.m.t.“ enda er þar ekki um tæmandi talningu að ræða. Í fjórða lagi er lagt til að í stað orðanna „ofanflóð, hafísútbreiðsla“ í 10. tölul. komi „m.a. ofanflóð, hafís, snjóalög“. Af sömu ástæðu og nefnd var hér að framan er bætt við orðunum „m.a.“ enda ekki um tæmandi talningu að ræða. Þá er orðinu „hafísútbreiðsla“ breytt í „hafís“ þar sem síðarnefnda orðið er almennara og í samræmi við 3. tölul. 3. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands (sem falla mun brott), en þar er talað um hafís.
2. Við 5. gr. er lagt til að í stað orðanna „að auki“ í 3. málsl. 1. mgr. komi „að afla gagna fyrir grunnþjónustu og“. Orðunum „að auki“ er ofaukið þar sem ekki er fjallað um markmið með rekstri grunnkerfa Veðurstofu Íslands fyrr í greininni. Þá þykir rétt að nefna að eitt af markmiðunum sé að afla gagna fyrir grunnþjónustu.
3. Við 6. gr. er lagt til að b-liður hefjist á orðunum „miðla rauntímagögnum og“, sbr. 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að miðlun rauntímagagna teljist til grunnþjónustu og þykir rétt að hnykkja á því í 6. gr.
4. Við 9. gr. er annars vegar lagt til að viðvörunum verði einnig komið tafarlaust á framfæri við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og hins vegar þá miðla sem um getur í 8. gr. auk staðbundinna miðla sem þegar er getið í greininni. Viðbótin er færð inn þar sem betur fer á því að samræmis sé gætt milli 8. og 9. gr. Nefndin bendir á að í 2. gr.

laga um almannavarnir, nr. 94/1962, er kveðið á um skyldu opinberra aðila, einstaklinga og stofnana til að aðstoða almannavarnir við að rækja lögbundið hlutverk sitt. Því telur nefndin nauðsynlegt að í nýjum heildarlögum um veðurþjónustu sé skýrt kveðið á um skyldu Veðurstofu Íslands til að koma viðvörunum sínum um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta tafarlaust á framfæri við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sem gegnir öryggis- og samhæfingarhlutverki samkvæmt almannavarnalögum.

5. Lagðar eru til breytingar á orðalagi og uppsetningu 1. mgr. 10. gr., er fjallar um sérþjónustu, með það að markmiði að greina betur sérþjónustuna frá grunnþjónustunni, enda mikilvægt að skilin séu skýr.
6. Við 12. gr. er lagt til að í stað orðanna „og tölvuspáa“ komi „þar á meðal tölvureiknaðra spágagna“ til samræmis við breytingartillögu nefndarinnar við 8. tölul. 3. gr. en þau eru líka veðurgögn og því er „þar á meðal“ sett inn í staðinn fyrir „og“.

Í umsögn ríkislögreglustjóra kemur fram að með vísan til 4., sbr. 11. tölul. 1. mgr. 3. gr. telji hann að gerð sérspáa fyrir almannavarnir og viðvaranir til almannavarna falli undir ákvæðið um grunnþjónustu og því skuli ekki greiða sérstaklega fyrir þá þjónustu. Nefndin telur rétt að taka fram, svo það sé engum vafa undirorpið, að slík atriði eru hluti af öryggisþjónustu og þar með grunnþjónustunni.

Í umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands var lagt til að siglingum yrði bætt við c-lið 6. gr. frumvarpsins þar sem þýðing grunnþjónustunnar fyrir siglingar væri álíka mikilvæg og fyrir flugumferð. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í c-lið sé getið sérstaklega flugveðurþjónustu, ekki síst vegna víðtæks hlutverks Íslands í samningum við Alþjóðaflugmálastjórnina. Með hliðsjón af því virðist hafa verið talin sérstök ástæða til að hafa sérstakan lið fyrir flugvelli og flugumferð í 6. gr. Enda er það mat nefndarinnar að siglingar falli undir aðra liði greinarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar og er hún samþykk áliti þessu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Gunnar Birgisson.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Mörður Árnason.		Valdimar L. Friðriksson.

611. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um veðurþjónustu.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „nokkurra daga“ í 2. tölul. komi: eða skemmri tíma.
   b. 8. tölul. orðist svo: *Tölvureiknuð spágögn*: Rafrænt reiknaðar spár um ýmsa veðurþætti sem settar eru fram á myndrænu eða stafrænu formi.
   c. Í stað „þ.e.“ í 9. tölul. komi: þ.m.t.
   d. Í stað „Ofanflóð, hafísútbreiðsla“ í 10. tölul. komi: M.a. ofanflóð, hafís, snjóalög.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „að auki“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: að afla gagna fyrir grunnþjónustu og.
3. Við 6. gr. B-liður orðist svo: miðla rauntímagögnum og sjá um að gerðar séu almennar veðurspár eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma fyrir Ísland og umhverfi þess.
4. Við 9. gr. 3. málsl. orðist svo: Veðurstofan skal koma viðvörunum sínum tafarlaust á framfæri, m.a. við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, fjölmiðla og aðra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi, sem og við staðbundna miðla, eftir því sem tilefni er til.
5. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Veðurstofa Íslands veitir veðurfræðilega sérþjónustu gegn greiðslu á forsendum jafnræðis gagnvart einkareknum veðurþjónustufyrirtækjum og öðrum ríkisveðurstofum á Evrópska efnahagssvæðinu. Veðurfræðileg sérþjónusta felst m.a. í framkvæmd og úrvinnslu veðurmælinga, fullvinnslu og ítarlegri túlkun grunnþjónustu og ráðgjöf um veðurfræðileg og veðurfarsleg málefni.
6. Við 12. gr. Í stað orðanna „og tölvuspáa“ í 1. málsl. komi: þar á meðal tölvureiknaðra spágagna.

612. Svar [331. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fjölda og kjör sendiherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var fjöldi sendiherra Íslands ár hvert árin 1995–2003?*
2. *Hver voru laun, ferðakostnaður og staðaruppbót sendiherra sl. septembermánuð?*
3. *Hvaða reglur gilda um skattgreiðslur af launum og staðaruppbót sendiherra sem starfa erlendis og þeirra sem hafa aðsetur hér á landi?*

Heildarfjöldi sendiherra árin 1995 til 2003 var eftirfarandi, en það skal tekið fram að ár hvert hafa að jafnaði einn til þrír sendiherrar verið í launalausu leyfi frá störfum.

1995: 21, 1996: 23, 1997: 24, 1998: 25, 1999: 26, 2000: 26, 2001: 29, 2002:30, 2003: 30.

Samanlögð laun, ferðakostnaður og staðaruppbætur til allra sendiherra á launaskrá sl. septembermánuð voru eftirfarandi:

Grunnlaun: 14.532.268 kr.

Kjaranefndareiningar til sendiherra heima: 1.116.564 kr.

Staðaruppbætur til sendiherra erlendis: 10.0000.564 kr.

Staðaruppbætur eru einungis greiddar til sendiherra sem eru með aðsetur erlendis. Staðaruppbætur eru samkvæmt lögum ekki skattskyldar en hins vegar framtalsskyldar.

613. Fyrirspurn [427. mál]

til fjármálaráðherra um viðbrögð við ólögmætu samráði olíufélaganna.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Til hvaða aðgerða hefur ráðherra gripið til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs vegna ólögmæts samráðs sem olíufélögin höfðu með sér í útboðum ríkisins og stofnana þess við kaup á olíuvörum? Er hafinn undirbúningur að höfðun skaðabótamála vegna tjóns sem ríkið og stofnanir þess urðu fyrir af völdum samráðs olíufélaganna?

614. Breytingartillögur [351. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, LB, ÖS).

1. Við 10. gr.
   a. A-liður orðist svo: 3. mgr. A-liðar orðast svo:
      Barnabætur skulu árlega nema 56.096 kr. með öllum börnum yngri en 18 ára á tekjuárinu.
   b. B-liður orðist svo: Í stað „16“, „123.254“, „146.713“, „205.288“, „210.584“, „1.444.139“ og „722.070“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 18, 139.647, 166.226, 232.591, 238.592, 2.231.195, og: 1.115.598.
2. Á eftir LI. kafla komi nýr kafli, LII. kafli, **Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum,** með einni nýrri grein, 145. gr., er orðist svo:
   Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í upphafsmálslið 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: 7%.
3. Við 145. gr.
   a. 5. mgr. orðist svo:
      Ákvæði a- og b-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005.
   b. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Ákvæði 145. gr. öðlast gildi 1. júlí 2005.

615. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú telur kirkjugarðsstjórn hagræði að því að sameinast annarri eða fleiri kirkjugarðsstjórnum og skal slík sameining þá heimil að fengnu samþykki viðkomandi kirkjugarðsstjórna og prófasts eða prófasta.

2. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

3. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

4. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í þremur eintökum. Eitt eintakið geymist hjá kirkjugarðsstjórn, en hin eintökin skal senda ársfjórðungslega annars vegar til sóknarprests og hins vegar til legstaðaskrár kirkjugarðaráðs á netinu.

5. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Kirkjugarðaráð getur, þar sem svo hagar til að sókn er orðin fámenn og sjaldan eða aldrei hefur verið grafið í kirkjugarði á undanförnum árum, ákveðið að fengnu samþykki biskups Íslands að hætt skuli að grafa í honum og leggja hann niður.

6. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Rekstur kirkjugarða skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum. Framlagið tekur mið af fjölda látinna næstliðins árs og stærð grafarsvæða. Útreikningur framlagsins skal byggjast á samkomulagi ríkisins og kirkjugarðaráðs.

Framlag til einstakra garða skal vera í samræmi við úthlutunarreglur er samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs.

7. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með 27. gr. laga nr. 21/1963, skulu renna að lágmarki 8% af fjárveitingu til kirkjugarða skv. 39. gr. en að hámarki 12%. Framlag til sjóðsins skal vera í samræmi við úthlutunarreglur sem samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs. Heimilt er að veita smæstu kirkjugörðum framlag úr Kirkjugarðasjóði í stað hlutdeildar í heildarframlagi til kirkjugarða skv. 39. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

616. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð).

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Orðin „og hollustuháttaráðs“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

2. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla brott orðin „og hollustuháttaráðs“ í 5. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

617. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „er endanlegur“ í 2. mgr. kemur: verður honum ekki skotið til annarra stjórnvalda.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, sbr. 10. gr. Hundraðshluti þessi er 3,75% við afborganir af skuldabréfinu. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.

b. 7. mgr. orðast svo:

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja sjóðstjórn til þær upplýsingar er stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Þegar tekjur eru skattskyldar á Íslandi er með tekjustofni í lögum þessum átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum tekjum skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Falli lánþegi undir skilyrði 62. gr. sömu laga skal við ákvörðun tekjugrundvallar tekna skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 miða við 50 hundraðshluta samanlagðra tekna lánþega og sambúðaraðila. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því sem nú telst tekjustofn í lögum þessum skal árleg viðbótargreiðsla skv. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn mann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri verði formaður nefndarinnar. Skal nefndin setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns svo að árleg viðbótargreiðsla hvers lánþega verði sem næst því sem orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 1. og 2. mgr. og orðast svo:

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fáanlegar upplýsingar um tekjurnar.

Endurútreikningur skv. 1. mgr. á árlegri viðbótargreiðslu skal gerður þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar. Komi þá í ljós að tekjustofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.

5. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef lánþegi samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skal miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt þessum lögum. Greiðslur samkvæmt þessum lögum frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.

Ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem sótt hafa um námslán samkvæmt lögunum fyrir gildistöku laga þessara eiga til loka skólaársins 2004–2005 rétt á námslánum samkvæmt þeim lögum.

Þeir sem skulda eða hafa sótt um námslán samkvæmt lögunum eiga rétt á að breyta því láni í námslán samkvæmt lögum þessum. Skilyrði slíkrar skuldbreytingar er að umsókn um hana hafi borist sjóðnum fyrir 1. nóvember 2005, að umsækjandinn sé ekki í vanskilum við sjóðinn og að lánið sé tryggt með sambærilegum hætti og áður.

618. Fyrirspurn [428. mál]

til menntamálaráðherra um varðveislu gamalla skipa og báta.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður undirbúningi tillagna um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem hafa menningarsögulegt gildi, sbr. ályktun Alþingis frá 9. maí 2000?

619. Breytingartillaga [299. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr.

a. Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. komi: sjö.
b. Í stað orðanna „tveir“ og „annar“ í 2. málsl. komi: þrír, og: einn.

620. Fyrirspurn [429. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur og barnabótaauka.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint sem hér segir:

a. ótekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
b. tekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
c. barnabætur alls í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
d. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

Skriflegt svar óskast.

621. Breytingartillögur [328. mál]

við frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. 5. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum:
   a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Frá 1. janúar 2006 skulu allir geta valið þann raforkusala sem þeir kjósa.
   b. Í stað ártalsins „2005“ í 2. mgr. kemur: 2006.
2. Á eftir 5. gr. kemur ný grein sem orðist svo:
   Í stað ártalsins „2005“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögunum kemur: 2006.

622. Fyrirspurn [430. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Frá Merði Árnasyni og Katrínu Júlíusdóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem fjallar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, settrar á fót eftir að Alþingi samþykkti þingsályktun þess efnis hinn 4. júní 1998 að frumkvæði Svanfríðar Jónasdóttur?

623. Frumvarp til fjáraukalaga [431. mál]

fyrir árið 2005.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2005, sundurliðun 2, bætist nýr fjárlagaliður:

00-290 Ýmis verkefni

1.10 Mannréttindaskrifstofa Íslands	10 m.kr.
Greitt úr ríkissjóði	*10 m.kr.*

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Mannréttindaskrifstofa Íslands var stofnuð þegar minnst var 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi og Alþingi kom af því tilefni saman til hátíðarfundar á Þingvöllum 17. júní 1994. Eins og jafnan á hátíðarfundum Alþingis samþykktu þingmenn þar einróma tiltekin lög enda er það orðin hefð að með þeim hætti sýni alþingismenn einingu landsmanna á táknrænan hátt. Nýr mannréttindakafli í stjórnarskrá lýðveldisins var meðal gjafanna sem þjóðin færði sjálfri sér á þessum tímamótum. Stofnun Mannréttindaskrifstofunnar á lýðveldisafmælinu og stjórnarskrárbreytingarnar samhliða Alþingiskosningunum 1995 marka því mikil tímamót. Mannréttindaskrifstofan fagnaði 10 ára afmæli sínu síðastliðið sumar. Ekki var annað vitað en að almenn ánægja væri með starfsemina og hafa stjórnvöld sérstaklega talið sér til tekna stuðninginn við hana, sem lið í að treysta stöðu mannréttindamála.

Frá því að skrifstofan tók til starfa hefur það, eðli málsins samkvæmt, verið ríkur þáttur í starfsemi hennar að fylgjast með framgöngu stjórnvalda og veita umsagnir um ýmis lagafrumvörp frá sjónarhóli mannréttinda. Mikilvægi Mannréttindaskrifstofunnar og þess að hún sé sjálfstæð og með öllu óháð stjórnvöldum endurspeglast í þessu hlutverki hennar. Það getur vissulega þýtt að á köflum gusti um skrifstofuna eins og gert hefur að undanförnu, einkum í sambandi við umsagnir hennar um frumvarp forsætisráðherra um eignarhald á fjölmiðlum og frumvarp dómsmálaráðherra um útlendinga.

Starfsemi Mannréttindaskrifstofu Íslands er svo mikilvæg og það svo brýnt að hún sé sjálfstæð og með öllu óháð stjórnvöldum að telja verður afar varhugavert að henni séu ekki tryggðir fastir eyrnamerktir fjármunir af fjárlögum eins og verið hefur. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi að svipta Mannréttindaskrifstofuna föstum framlögum af fjárlögum eins og ákveðið var við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár er algert stílbrot og lýsir forneskjulegum viðhorfum til mannréttindamála. Það að eiga að sækja árlega hjá ráðuneyti um fjárstuðning upp á von og óvon setur skrifstofuna augljóslega í allt aðra og veikari aðstöðu gagnvart stjórnvöldum en föst fjárveiting ákvörðuð af Alþingi. Hafa ber þá í huga að það eru einmitt þessi sömu stjórnvöld sem Mannréttindaskrifstofan hefur ekki síst eftirlit með. Hörð viðbrögð við þessu ráðslagi ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi, innan lands og utan, segja allt sem segja þarf um það hvaða svip þetta ber út á við. Áskoranir átta aðila eru birtar með frumvarpinu sem fylgiskjöl en til viðbótar þeim má nefna mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, Louise Arbour, mannréttindastofnun Åbo-háskóla, dönsku

mannréttindastofnunina, norsku mannréttindastofnunina, mannréttindaskrifstofu Essex-háskóla og þýsku mannréttindastofnunina.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þau mistök, sem urðu hvað málefni Mannréttindaskrifstofunnar varðar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 fyrir skemmstu, verði leiðrétt hið fyrsta svo komist verði hjá frekari álitshnekki í málinu en orðið er. Föst fjárveiting til skrifstofunnar færist á nýjan lið undir Alþingi sjálfu í fjárlögunum til að undirstrika sjálfstæði og óháeði skrifstofunnar gagnvart framkvæmdarvaldinu. Með því er Mannréttindaskrifstofan, hvað opinberan fjárstuðning snertir, komin í skjól af Alþingi með svipuðum hætti og vistun embættis umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar á sama stað er hugsuð.

Með frumvarpinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Áskorun stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands.
II. Áskorun stjórnar Íslandsdeildar Amnesty International. (26. nóvember 2004.)
III. Áskorun Rauða kross Íslands.
IV. Áskorun Landssamtakanna Þroskahjálpar. (30. nóvember 2004.)
V. Áskorun Biskupsstofu Íslands. (30. nóvember 2004.)
VI. Áskorun UNIFEM.
VII. Áskorun prests innflytjenda. (29. nóvember 2004.)
VIII. Wallenbergstofnunin sendir Alþingi áskorun. Morgunblaðið. (30. nóvember 2004.)

624. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 32.500 kr.“ í 1. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

625. Frumvarp til laga [349. mál]

um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Fjárhæð skrásetningargjalds er 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

626. Frumvarp til laga [350. mál]

um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 32.500 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

627. Lög [212. mál]

um greiðslur yfir landamæri í evrum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 602.

628. Lög [284. mál]

um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 307.

629. Lög [366. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 429.

630. Lög [320. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 603.

631. Frumvarp til laga [432. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Barnes, Larissa, f. 27. apríl 1976 í Úkraínu.
2. Bold, Bilguun, f. 10. maí 1979 í Mongólíu.
3. Byock, Jesse Lewis, f. 26. maí 1945 í Bandaríkjunum.
4. Dalyan, Alper, f. 6. janúar 1974 í Tyrklandi.
5. Fedorowicz, Anna, f. 25. maí 1980 í Póllandi.
6. Harden, Jason Nemor, f. 4. ágúst 1971 í Bandaríkjunum.
7. Ioudinov, Guennady, f. 2. september 1955 í Rússlandi.

8. Kristján Þór Snorrason, f. 18. júní 1980 í Bandaríkjunum.
9. Lewis, Darrel Keith, f. 13. febrúar 1976 í Bandaríkjunum.
10. Melcer, Serafin, f. 8. júlí 1977 í Póllandi.
11. Ncogo, Catalina Mikue, f. 28. febrúar 1978 í Miðbaugs-Gíneu.
12. Ngo, Xuyen Thi, f. 1. janúar 1938 í Víetnam.
13. Redlicka, Magdalena, f. 20. september 1975 í Póllandi.
14. Savtchouk, Svetlana, f. 29. ágúst 1957 í Rússlandi.
15. Troston Anton Snorrason Macnee, f. 8. nóvember 1986 á Nýja-Sjálandi.
16. Woods, John Allen, f. 8. júlí 1923 í Bandaríkjunum.
17. Zogaj, Sabrije, f. 30. júlí 1976 í Júgóslavíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 26 umsóknir um ríkisborgararétt á 131. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 17 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

632. Svar [272. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um lögverndun á starfsheiti táknmálstúlka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað líður lögverndun á starfsheiti táknmálstúlka?

Ráðuneytinu hefur borist erindi frá starfandi táknmálstúlkum á Íslandi þar sem þeir fara fram á að starfsheiti þeirra verði veitt lögverndun. Málið er til umfjöllunar í ráðuneytinu. Ákveðið hefur verið að leita umsagnar Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og Háskóla Íslands og er málið nú til umsagnar hjá þessum stofnunum. Þegar þær hafa fjallað um málið og látið ráðuneytinu í té álit sitt mun verða tekin ákvörðun um hvort starfsheitið táknmálstúlkur verður verndað með lögum.

633. Svar [324. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bjarkeyjar Gunnarsdóttur um námsver í Ólafsfirði.

1. *Hver er afstaða ráðherra til hugmynda um að komið verði á fót í Ólafsfirði námsveri með svipuðu sniði og varð undanfari hins nýja framhaldsskóla á Snæfellsnesi?*

Varðandi þessa spurningu er rétt að minnast þess að um 20 ára skeið, 1980–2000, var rekin framhaldsdeild við Gagnfræðaskóla Ólafsfjarðar. Þar var um að ræða eins til tveggja

ára framhaldsdeild þar sem kenndar voru almennar greinar. Þessi framhaldsdeild lagðist síðan af vegna lítillar aðsóknar nemenda. Framhaldsdeild var einnig rekin á Dalvík sem m.a. sérhæfði sig í sjávarútvegsgreinum, þ.e. skipstjórnar- og fiskvinnslunámi. Þessi deild var síðar sameinuð Verkmenntaskólanum á Akureyri en lagðist einnig af vegna lítillar aðsóknar. Það varð heldur ekki úr því að rekin yrði ein framhaldsdeild fyrir báða þessa staði eins og e.t.v. hefði verið mögulegt.

Á Snæfellsnesi voru reknar framhaldsdeildir í Stykkishólmi frá árinu 1977 og í Ólafsvík með hléum frá sama tíma. Síðar var deildin sameiginleg fyrir Ólafsvík og Hellissand. Deildin í Stykkishólmi var yfirleitt til tveggja ára en í Ólafsvík var um eins árs deild að ræða. Þessar framhaldsdeildir voru síðan lagðar undir Fjölbrautaskóla Vesturlands 1993 og voru reknar af honum til ársins 2004 þegar Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa í Grundarfirði. Síðastliðin fjögur ár var rekin tilraunastarfsemi um námsver í Grundarfirði. Þar var um að ræða nemendahóp sem stundaði fjarnám með aðstoð kennara, að mestu leyti fyrsta ár framhaldsskóla. Fjölbrautaskóli Snæfellinga var síðan stofnaður á grundvelli þessara framhaldsdeilda og námsvers.

Það er ljóst að það eru fyrst og fremst öflugar framhaldsdeildir á Snæfellsnesi sem voru grundvöllur að stofnun Framhaldsskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin á svæðinu höfðu með sér mjög góða samvinnu og áttu frumkvæði að stofnun skólans.

Námsver fyrir unglinga á framhaldsskólaaldri getur aldrei orðið nema ráðstöfun til bráðabirgða. Þótt nemendur geti stundað fjarnám í gegnum tölvur eru svo margir þættir skólastarfsins sem ekki verður sinnt í námsveri en eru bráðnauðsynlegir, ekki síst fyrir unglinga á framhaldsskólaaldri.

2. *Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að veittur verði fjárstuðningur úr ríkissjóði til að koma slíku námsveri á fót?*

Afstaða verður tekin til slíkrar beiðni ef hún kemur fram frá heimamönnum. Hins vegar mun ráðuneytið ekki hafa frumkvæði að því að stofnað verði námsver á Ólafsfirði.

634. Svar [325. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um greiðslur fyrir táknmálsnámskeið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er réttilega tiltekið í gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra frá 22. október 2004 að aðrir aðstandendur en forráðamenn heyrnarlauss eða heyrnarskerts barns, þ.m.t. systkini þess, þurfi að greiða fullt verð fyrir táknmálsnámskeið á vegum stöðvarinnar?

Í 1. gr. tilvitnaðrar gjaldskrár, sem er nr. 882/2004, kemur fram að forráðamenn heyrnarlausra barna skuli ekki greiða námskeiðsgjöld vegna táknmálsnámskeiða hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ákvæði þetta er samhljóða 1. gr. eldri gjaldskráa, þ.e. gjaldskrá nr. 944/2002 frá 18. desember 2002 og gjaldskrá nr. 302/1998 frá 6. maí 1998.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur framangreint gjaldskrárákvæði verið túlkað þannig að foreldrar og

forráðamenn heyrnarlausra barna fái að sækja táknmálsnámskeið án endurgjalds. Ef sá réttur er ekki nýttur er heyrnarlausum einstaklingum heimilt að nýta réttinn á annan hátt, t.d. með því að bjóða vinum eða ættingjum að sækja námskeið. Hver heyrnarlaus einstaklingur getur þannig boðið tveimur einstaklingum að sækja námskeið sem eru alls 11 talsins eða 220 kennslustundir.

Foreldrar og nánustu aðstandendur fá táknmálsnámskeið án endurgjalds greinist barnið heyrnarlaust eða heyrnarskert á máltökuskeiði. Í þeim tilvikum er skipulagt táknmálsnámskeið fyrir hverja fjölskyldu. Fyrstu námskeiðin, þ.e. fyrstu 60 tímarnir, fara fram heima hjá fjölskyldunni en eftir það kemur fjölskyldan á Samskiptamiðstöð.

Réttur foreldra og systkina til að læra táknmál er hvergi skilgreindur og því hefur þessi kennsla oftast farið fram á kvöldin og um helgar þar sem foreldrar fá vinnutap ekki bætt.

Á allra síðustu missirum hefur orðið gríðarleg fjölgun á foreldra- og fjölskyldunámskeiðum, fyrst og fremst vegna breyttra viðhorfa til táknmálsins og nánara samstarfs stofnana á þessu sviði. Af þessum sökum hyggst Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra endurskoða fyrirkomulag námskeiðanna að norskri fyrirmynd og hafa um tilhögun þeirra samstarf við Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Félag heyrnarlausra.

635. Svar [405. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um rekstur grunnskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að rekstur grunnskóla verði færður frá sveitarfélögum til ríkisins?

Nei.

636. Nefndarálit [394. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Lindu Árnadóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Guðlaug Sverrisson og Ólaf Kjartansson frá Úrvinnslusjóði, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ögmund Einarsson frá Sorpu, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Arngrím Sverrisson frá Gámaþjónustunni hf. og Einar Guttormsson frá Hringrás ehf.

Meginefni frumvarpsins varðar breytingar á einstökum fjárhæðum úrvinnslugjalds, tímabundna frestun á upptöku úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs- og plastumbúðum og hækkun

skilagjalds af ökutækjum. Þá er einnig gert ráð fyrir breytingum sem leiða það af sér að kerfið nái betur til eldri ökutækja sem örva mun skil á þeim til úrvinnslu og loks gerir frumvarpið ráð fyrir því að aðilum verði heimilt að semja sín í milli um ráðstafanir sem tryggja úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum á sama hátt og nú gildir um svartolíu.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær eru eftirfarandi:

1. Við 4. gr. er í fyrsta lagi lagt til að í stað orðsins „innflytjandi“ komi „gjaldskyldur aðili“ til samræmis við 9. gr. laganna sem fjallar ítarlega um hverjir teljist gjaldskyldir. Í öðru lagi er lagt til að orðin „við tollafgreiðslu“ verði felld brott, þar sem greinin á einnig við um umbúðir sem framleiddar eru hér á landi. Í þriðja lagi er lögð til breyting á lokamálsliður 2. mgr. svo að skýrt komi fram að málsliðurinn eigi við um báðar undanþágureglurnar sem er að finna í 2. mgr. Einnig ef fyrir liggja staðfestar upplýsingar um hlutfall efnis í umbúðum þá skuli miðað við þá tölu en ekki 80% sem pappa og pappír og 20% sem plastumbúðir þegar álagningarstofn er reiknaður.
2. Við 6. gr. eru lagðar til breytingar á tveimur dagsetningum í b-lið (ákvæði til bráðabirgða II) að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga sem taldi að þörf væri á lengri tíma til undirbúnings. Í fyrsta lagi er lagt til að fresta upphafstíma greiðslna vegna móttöku á öðrum umbúðum en plastfilmu og bylgjupappa til 1. mars 2006, sbr. 1. mgr., og í öðru lagi að lengja starfstíma nefndar þeirrar sem um ræðir í 2. mgr. til 1. júní 2005. Þá er nauðsynlegt að felld verði á brott nánar tiltekin tollskrárnúmer í staflið c. (III.), þar sem í ljós kom við athugun málsins að tollskrárnúmer þessi höfðu verið felld brott með lögum nr. 8/2003 en slæðst inn í frumvarp þetta og því er lagt til að það verði leiðrétt með því að fella þau brott.
3. Við 15. gr. er lagt til að tollskrárnúmerinu „8429.5900“ verði skipt upp í tvö tollskrárnúmer til samræmis við fyrirhugaða breytingu á tollskránni um áramótin.
4. Við 20. gr. er lögð til samhljóða breyting og um getur í 3. lið hér að framan.

Nefndin telur miður hve seint frumvarpið er fram komið. Mikilvægt er að nefndin fái nægan tíma til að fjalla um mál sem þetta, enda um viðamiklar breytingar að ræða í flóknum málaflokki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir, Mörður Árnason og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir nefndarálit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steinunn K. Pétursdóttir áheyrnarfulltrúi sat fund nefndarinnar og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Gunnar Birgisson.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Mörður Árnason, með fyrirvara.		Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

637. Breytingartillögur [394. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „innflytjanda“ í 3. málsl. 1. efnismgr. komi: gjaldskylds aðila.
   b. Í stað orðanna „við tollafgreiðslu, sbr. 2. mgr.“ í 3. málsl. 1. efnismgr. komi: sbr. þó 2. mgr.
   c. Í stað orðsins „Innflytjandi“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: Gjaldskyldur aðili.
   d. Í stað orðsins „innflytjanda“ í 2. málsl. 2. efnismgr. komi: gjaldskyldum aðila.
   e. Lokamálsliður 2. efnismgr. orðist svo: Þegar álagningarstofn er reiknaður út samkvæmt þessari málsgrein skal þyngd umbúða eftir efni þeirra hlutfallslega skipt sem hér segir: 80% skal ákvarðað sem pappa- og pappírsumbúðir og 20% skal ákvarðað sem plastumbúðir nema fyrir liggi staðfestar upplýsingar um hlutfall efnis í umbúðum.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað „1. desember 2005“ í 1. mgr. b-liðar (II.) komi: 1. mars 2006.
   b. Í stað „15. mars 2005“ í 2. mgr. b-liðar (II.) komi: 1. júní 2005.
   c. Tollskrárnúmerin 4811.5109, 4811.5900, 4811.5909, 4811.6009, 4819.2019 og 4819.2099 í c-lið (III.) falli brott.
3. Við 15. gr. Í stað tollskrárnúmersins 8429.5900 komi:

8429.5901	– – – – Vélbúnaður og smávinnuvélar undir 1 tonni að heildarþyngd	313,50 kr./stk.
8429.5909	– – – – Aðrar	1.672,00 kr./stk.

4. Við 20. gr. Dd-liður orðist svo: Í stað tollskrárnúmersins 8429.5900 kemur:

8429.5901	– – – – Vélbúnaður og smávinnuvélar undir 1 tonni að heildarþyngd	750 kr./stk.
8429.5909	– – – – Aðrar	24.000 kr./stk.

638. Breytingartillaga [300. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Ögmundi Jónassyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

Lífeyrisiðgjöld skipstjóra, skipverja og annarra sem ráðnir eru á skip skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

639. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 10. desember 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 2005.

640. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 og 103/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 frá 23. apríl 2004 og 103/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik),
2. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga,
3. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun,
4. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 frá 23. apríl 2004 og 103/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik),
2. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga,

3. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun,
4. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

Ákvarðanir þessar kalla á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra gerða sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentaðar sem fylgiskjöl með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB og 2003/125/EB.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 er felld inn í EES-samninginn tilskipun 2003/6/EB um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik). Tilskipunin miðar að því að samræma reglur er lúta að innri markaði á sviði fjármála í Evrópu og styrkja tiltrú fjárfesta á verðbréfamörkuðum, m.a. með því að mæla fyrir um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Meðal þess sem mælt er fyrir um í tilskipuninni er hvað geti talist viðurkenndir markaðshættir og hvað geti talist innherjaupplýsingar fyrir afleiður á hrávörumarkaði. Þá er skilgreint hvenær útgefendum skráðra verðbréfa beri að setja saman og uppfæra innherjalista.

Gert er ráð fyrir að hvert aðildarríki tilnefni einn eftirlitsaðila, þ.e. stjórnvald sem fylgist með því að ekki sé brotið gegn ákvæðum tilskipunarinnar. Kveðið er á um valdheimildir viðkomandi stjórnvalds í tilskipuninni. Einnig er kveðið á um hvaða aðilum beri að upplýsa eftirlitsaðila um viðskipti sín með bréf sem skráð eru á markaði. Þá eru ákvæði í tilskipuninni um hvenær og hvernig starfsmönnum fjármálafyrirtækja beri að tilkynna til eftirlitsaðila um viðskipti sem talist geta grunsamleg með tilliti til reglna um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tvær undirtilskipanir og eina reglugerð á grunni tilskipunar 2003/6/EB og eru þær felldar inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2004. Gerðirnar eru til nánari útfærslu á tilskipun 2003/6/EB og kveða á um nánari framkvæmd tiltekinna þátta hennar. Tilskipun nr. 2003/124/EB fjallar um skilgreiningu á innherjaupplýsingum og markaðsmisnotkun ásamt ákvæðum um upplýsingaskyldu útgefenda vegna innherjaupplýsinga. Tilskipun 2003/125/EB mælir fyrir um hvernig framsetningu greininga og ráðlegginga skuli hagað ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaárekstra. Reglugerð (EB) nr. 2273/2003 fjallar um svokallað „verndarsvæði“ eða „var“ (e. safe harbour), þ.e. skilyrði fyrir undanþágum frá banni við innherjasvikum og markaðsmisnotkun í ákveðnum tilvikum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin gefi að auki út eina undirtilskipun á grundvelli tilskipunar 2003/6/EB.

Viðskiptaráðuneytið vinnur nú að undirbúningi frumvarps til innleiðingar gerðanna hér á landi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 38/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2004 frá 6. febrúar 2004 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 29. lið (tilskipun ráðsins 89/592/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„29a. **32003 L 0006**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) (Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/6/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L ..., ..., bls. ... og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. ..., ..., bls. ....
([2]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004 frá 8. júní 2004 ([1]).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.
([1]) Stjtíð. ESB L ... og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. ....

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra ([4]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 29b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„29c. **32003 R 2273:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33).

29d. **32003 L 0124:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun (Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 70).

29e. **32003 L 0125:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra (Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 73).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2273/2003 og tilskipana 2003/124/EB og 2003/125/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([2]) Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33.
([3]) Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 70.
([4]) Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 73.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/6/EB

frá 28. janúar 2003

um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Einn heill og óskiptur markaður fyrir fjármálaþjónustu hefur mikla þýðingu fyrir hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.

2) Samþættur og skilvirkur fjármálamarkaður byggist á heildarvirkni markaðarins. Snurðulaus starfsemi verðbréfamarkaða og tiltrú almennings á mörkuðunum er forsenda hagvaxtar og hagsældar. Markaðssvik skaða heildarvirkni fjármálamarkaða og tiltrú almennings á verðbréfum og afleiddum skjölum.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1999, sem ber heitið „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun", er gerð grein fyrir röð aðgerða sem eru nauðsynlegar til að gera einn óskiptan markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika. Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon í apríl árið 2000 var kallað eftir framkvæmd þeirrar aðgerðaáætlunar eigi síðar en árið 2005. Í aðgerðaáætluninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að semja tilskipun um markaðsmisnotkun.

4) Á fundi sínum 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdómsmannanefnd sem er samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Í lokaskýrslu sinni gerði vísdómsmannanefndin tillögu um nýja aðferð við lagasetningu sem byggir á fjögurra stiga aðferð, þ.e. rammareglum, framkvæmdarráðstöfunum, samstarfi og framfylgd. 1. stig, tilskipunin, takmarkast við víðan, almennan „ramma" meginreglna en 2. stig felur í sér tæknilegar framkvæmdarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin ákveður með aðstoð nefndar.

5) Með ályktun, sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi í mars 2001, viðurkenndi það lokaskýrslu vísdómsmannanefndarinnar og fyrirhugaða fjögurra þrepa aðferð sem á að gera lagasetningarferli Bandalagsins á sviði verðbréfa skilvirkara og gagnsærra.

6) Með ályktun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu var skýrsla vísdómsmannanefndarinnar sömuleiðis viðurkennd, á grundvelli drengskaparheits, sem framkvæmdastjórnin gaf þinginu sama dag, og bréfs frá 2. október 2001, sem fulltrúi fyrir innri markaðinn sendi formanni nefndar á vegum þingsins um efnahags- og peningamál, um að standa vörð um hlutverk Evrópuþingsins í þessu ferli.

7) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([5]).

8) Samkvæmt fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi skal beita annars stigs framkvæmdarráðstöfunum oftar til að tryggja að tæknileg ákvæði verði uppfærð til samræmis við þróun mark-

([1]) Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 265.
([2]) Stjtíð. EB C 80, 3.4.2002, bls. 61.
([3]) Stjtíð. EB C 24, 26.1.2002, bls. 8.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. júlí 2002 (Stjtíð. EB C 228 E, 25.9.2002, bls. 19) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 24. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([5]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

aðs- og eftirlitsmála, einnig að setja skuli frest á öllum stigum þess starfs sem unnið er á öðru stigi.

9) Evrópuþingið skal hafa þrjá mánuði frá því að fyrstu drög að framkvæmdarráðstöfunum eru send, til að kynna sér drögin og láta álit sitt í ljós. Þann tíma er þó heimilt að stytta í áríðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Samþykki Evrópuþingið ályktun á þessu tímabili skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að ráðstöfununum.

10) Með framförum á sviði fjármála og tækni verða til fleiri hvatar og aðferðir til markaðssvika og möguleikarnir á þeim aukast með tilkomu nýrra framleiðsluvara, nýrrar tækni, aukinnar starfsemi yfir landamæri og Netsins.

11) Núgildandi lagarammi Bandalagsins, sem á að vernda heildarvirkni markaðar, er ófullnægjandi. Lagakröfur aðildarríkjanna eru mismunandi milli ríkja sem oft skapar óvissu hjá rekstraraðilunum um hugtök, skilgreiningar og framfylgd. Í sumum aðildarríkjum er engin löggjöf þar sem tekið er á málum eins og verðsamráði eða miðlun misvísandi upplýsinga.

12) Til markaðssvika teljast innherjasvik og markaðsmisnotkun. Markmiðið með löggjöf um innherjasvik er það sama og með löggjöf um markaðsmisnotkun: að tryggja heildarvirkni fjármálamarkaða Bandalagsins og auka tiltrú fjárfesta á þessum mörkuðum. Því ber að setja sameiginlegar reglur í því skyni að berjast bæði gegn innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Ein tilskipun tryggir að alls staðar í Bandalaginu gildi sömu rammareglur um dreifingu ábyrgðar, framfylgd og samstarf.

13) Sökum breytinga á fjármálamörkuðum og á löggjöf Bandalagsins frá því að tilskipun ráðsins 89/592/EBE frá 13. nóvember 1989 um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti ([1]) var samþykkt ber nú að skipta um tilskipun til að tryggja samræmi við löggjöf um markaðssvik. Ný tilskipun er einnig nauðsynleg til að koma í veg fyrir að smugur séu á löggjöf Bandalagsins sem gætu nýst til ólögmæts athæfis og grafið undan tiltrú almennings og þar með haft áhrif á snurðulausa starfsemi markaðanna.

14) Í þessari tilskipun er komið til móts við áhyggjur aðildarríkjanna, sem voru látnar í ljós í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001, að því er varðar barátttuna gegn fjármögnun á hryðjuverkastarfsemi.

15) Innherjasvik og markaðsmisnotkun koma í veg fyrir fullt og eðlilegt gagnsæi á markaði sem er meginforsendan fyrir viðskiptum allra rekstraraðila á heildstæðum fjármálamörkuðum.

16) Innherjaupplýsingar er sérstök vitneskja sem ekki hefur verið gerð opinber og sem tengist, beint eða óbeint, einum eða fleiri útgefendum fjármálagerninga eða einum eða fleiri fjármálagerningum. Upplýsingar sem geta haft veruleg áhrif á verðþróun og verðmyndun á skipulegum markaði sem slíkum geta talist vera upplýsingar sem tengjast óbeint einum eða fleiri útgefendum fjármálagerninga eða einum eða fleiri afleiddum fjármálagerningum sem þeim tengjast.

17) Að því er varðar innherjasvik ber að taka tillit til tilvika þar sem uppspretta innherjaupplýsinga er ekki starf eða hlutverk einhvers heldur afbrotastarfsemi sem, við undirbúning eða framkvæmd, hefði marktæk áhrif á verð eins eða fleiri fjármálagerninga eða á verðmyndun á skipulegum markaði sem slíkum.

18) Notkun innherjaupplýsinga getur falist í því að kaupa eða afhenda fjármálagerninga þegar sá sem það gerir veit eða ætti að vita að um innherjaupplýsingar er að ræða. Í þessu sambandi skulu lögbær yfirvöld taka afstöðu til þess sem eðlilegur og sanngjarn aðili myndi vita eða ætti að vita við tilteknar aðstæður. Auk þess skal sú staða þegar viðskiptavakar, aðrir, sem hafa heimild til að koma fram sem mótaðilar, eða aðilar, sem hafa heimild til að framfylgja fyrirmælum þriðja aðila, sem býr yfir innherjaupplýsingum, inna af hendi í tveimur fyrstu tilvikunum þá lögmætu iðju að kaupa eða selja fjármálagerninga eða, í þriðja tilvikinu, að framfylgja beiðni samviskusamlega, ekki teljast notkun slíkra innherjaupplýsinga í sjálfu sér.

19) Aðildarríkin skulu takast á við vandamál sem tengjast þeirri venju að raska réttri viðskiptaröð („front running"), þ.m.t. að raska réttri viðskiptaröð í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl, þegar það telst vera markaðssvik samkvæmt skilgreiningum þessarar tilskipunar.

20) Aðila, sem á í viðskiptum eða gefur fyrirmæli um viðskipti sem teljast markaðsmisnotkun, er heimilt að sýna fram á að ástæður hans fyrir

([1]) Stjtíð. EB L 334, 18.11.1989, bls. 30.

slíkum viðskiptum eða fyrirmælum um viðskipti séu lögmætar og að viðskiptin og fyrirmælin séu í samræmi við viðurkenndar venjur á viðkomandi, skipulegum markaði. Samt sem áður má beita viðurlögum ef lögbært yfirvald sýnir fram á að önnur ólögleg ástæða sé fyrir þessum viðskiptum eða fyrirmælum.

21) Lögbært yfirvald getur gefið út leiðbeiningar um málefni sem falla undir þessa tilskipun, t.d. skilgreiningu á innherjaupplýsingum varðandi afleidd vöruskuldaskjöl eða beitingu á skilgreiningu á markaðsreglum í tengslum við skilgreiningu á markaðsmisnotkun. Leiðbeiningarnar skulu vera í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og framkvæmdarráðstafanir sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferð í nefndum.

22) Aðildarríkin eiga að geta valið hentugustu leiðina til að hafa eftirlit með aðilum, sem taka saman eða miðla niðurstöðum rannsókna varðandi fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga, eða aðilum sem taka saman eða miðla öðrum upplýsingum sem fela í sér ráðleggingar eða tillögu um fjárfestingaráform, þ.m.t. viðeigandi aðferðir til sjálfseftirlits, sem ber að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar.

23) Birting útgefenda á innherjaupplýsingum á vefsetrum sínum skal vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

24) Skjót og rétt birting upplýsinga til almennings stuðlar að heildarvirkni markaðar en sérvalin birting upplýsinga frá hendi útgefenda getur orðið til þess að draga úr tiltrú fjárfesta á heildarvirkni fjármálamarkaða. Fagaðilar á fjármálasviðinu ættu að stuðla að heildarvirkni markaðarins með ýmsu móti. Slíkar ráðstafanir geta m.a. falið í sér að semja „gráa lista", að beita bæði opnum og lokuðum tímabilum („window trading") varðandi viðskipti tilteknina hópa starfsmanna, að beita innri starfsreglum og reisa „Kínamúra". Slíkar forvarnarráðstafanir geta því aðeins stuðlað að baráttu gegn markaðssvikum að þeim sé framfylgt af ákveðni og nákvæmt eftirlit haft með þeim. Viðunandi eftirlit felur m.a. í sér að tilnefna eftirlitsaðila með því að farið sé að reglum innan viðkomandi stofnana og láta fara fram reglubundið eftirlit óháðra endurskoðenda.

25) Nútíma samskiptaaðferðir hafa þau áhrif að fagmenn á fjármálamarkaði og einstakir fjárfestar hafa jafnari aðgang að fjárhagslegum upplýsingum en jafnframt eykst hættan á útbreiðslu rangra og misvísandi upplýsinga.

26) Aukið gagnsæi í viðskiptum aðila, sem eru í stjórnunarstöðu hjá útgefendum, og, ef við á, einstaklinga, sem eru nátengdir þeim fyrrnefndu, getur verið fyrirbyggjandi að því er varðar markaðssvik. Þá getur birting þessara viðskipta, a.m.k. í einstökum tilvikum, veitt fjárfestum afar mikilvægar upplýsingar.

27) Fyrirtæki á markaði skulu leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja markaðssvik og skulu þau setja skipulagsreglur sem miða að því að koma í veg fyrir og afhjúpa starfsemi sem felur í sér markaðsmisnotkun. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér kröfur um gagnsæi viðskipta, birtingu allra samninga, sem ætlað er að styðja við verðmyndun, réttlátt kerfi til að bera saman fyrirmæli, að tekið verði upp skilvirkt kerfi til að greina óhefðbundin fyrirmæli, nægilega skilvirk kerfi til að ákvarða viðmiðunarverð fjármálagernings og skýrar reglur um frestun viðskipta um stundarsakir.

28) Í aðildarríkjunum ber að túlka þessa tilskipun og hrinda henni í framkvæmd á þann hátt sem samræmist kröfum um skilvirkt eftirlit í því skyni að vernda hagsmuni handhafa framseljanlegra verðbréfa, sem hafa atkvæðisrétt í félagi (eða fá slíkan rétt í framhaldi af beitingu réttar eða við eignabreytingu), þegar félagið er viðfang í opinberu yfirtökutilboði eða aðrar breytingar eru fyrirhugaðar á yfirráðum félagsins. Tilskipun þessi kemur ekki á nokkurn hátt í veg fyrir að aðildarríki geri eða hafi tiltækar ráðstafanir sem henta í þessu skyni.

29) Aðgangur að innherjaupplýsingum um annað félag og notkun þeirra í tengslum við opinbert yfirtökutilboð í því skyni að ná yfirráðum í því félagi eða leggja til samruna við það skal ekki eitt og sér teljast innherjasvik.

30) Þar eð undanfari að öflun og afhendingu fjármálagerninga hlýtur að vera ákvörðun um öflun eða afhendingu sem aðili, sem sér um viðskiptin, tekur skulu kaupin eða afhendingin ein og sér ekki teljast notkun innherjaupplýsinga.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

31) Ekki skal líta á rannsóknir og mat, unnið út frá gögnum sem eru öllum aðgengileg, sem innherjaupplýsingar og þar af leiðandi skulu viðskipti, sem fara fram á grundvelli slíkra rannsókna eða mats, ein og sér ekki teljast innherjasvik í skilningi þessarar tilskipunar.

32) Aðildarríkin og Seðlabankakerfi Evrópu, innlendir seðlabankar eða einhver önnur opinberlega tilnefnd stofnun eða aðili, sem starfar á þeirra vegum, verða að geta framfylgt peningaeða gengisstefnu eða haft stjórn á skuldum hins opinbera án takmörkunar.

33) Verðjöfnun fjármálagerninga eða viðskipta með eigin hlutabréf í endurkaupaáætlunum getur við tilteknar aðstæður verið réttlætanleg af efnahagslegum ástæðum og skal þar af leiðandi í sjálfu sér ekki teljast markaðssvik. Semja skal sameiginlega staðla til að hafa hagnýtar leiðbeiningar á þessu sviði.

34) Aukin umsvif á fjármálamörkuðum, hraðfara breytingar, nýjar vörulínur og þróun hafa í för með sér að tilskipun þessi verður að hafa vítt gildissvið gagnvart viðkomandi fjármálagerningum og aðferðum þannig að hægt sé að ábyrgjast heildarvirkni fjármálamarkaða Bandalagsins.

35) Til að hægt sé að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum á fjármálamörkuðum Bandalagsins verða ákvæði þessarar tilskipunar að gilda á stóru landsvæði. Að því er varðar afleidda gerninga, sem hafa ekki verið teknir til skráningar en sem heyra undir gildissvið þessarar tilskipunar, skal hvert aðildarríki hafa heimild til íhlutunar gagnvart aðgerðum sem fara fram á yfirráðasvæði þess eða erlendis er varða fjármálagerninga sem liggja til grundvallar og hafa verið teknir til skráningar á skipulegum markaði, sem er staðsettur eða starfræktur á yfirráðasvæði þess, eða beðið hefur verið um að verði teknir til skráningar á skipulegum markaði. Hvert aðildarríki skal enn fremur vera til þess bært að hlutast til um aðgerðir sem gripið er til á yfirráðasvæði þess er varða fjármálagerninga sem liggja til grundvallar og hafa verið teknir til skráningar á skipulegum markaði í aðildarríki eða sem beðið hefur verið um að verði teknir til skráningar á slíkum markaði.

36) Það kann að valda ruglingi hjá rekstraraðilum ef aðildarríkin eru með mörg og mismunandi lögbær yfirvöld sem gegna mismunandi skyldustörfum. Tilnefna skal eitt lögbært yfirvald í hverju aðildarríki sem ber a.m.k. lokaábyrgð á eftirliti með því að ákvæðunum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé fylgt og á alþjóðlegu samstarfi. Slíkt yfirvald skal vera stjórnsýslulegs eðlis sem tryggir að það sé óháð rekstraraðilum og kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra. Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við innlend lög, að lögbæra yfirvaldið hafi viðeigandi fjármuni til ráðstöfunar. Yfirvald þetta skal hafa viðunandi fyrirkomulag á ráðgjöf um mögulegar breytingar á innlendri löggjöf, t.d. samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum útgefenda, veitendum fjármálaþjónustu og neytendum, til að það geti kynnt sér sjónarhorn þeirra og áhyggjuefni.

37) Það myndi tryggja skilvirkt eftirlit ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum réðu yfir sameiginlegu lágmarksmagni skilvirkra tækja og heimilda. Markaðsfyrirtæki og allir rekstraraðilar ættu einnig að sínu leyti að stuðla að heildarvirkni markaðarins. Að þessu leyti útilokar tilnefning eins lögbærs yfirvalds vegna markaðssvika ekki að um samstarf geti verið að ræða eða að deila beri ábyrgð lögbæra yfirvaldsins milli þess yfirvalds og markaðsfyrirtækja til að tryggja skilvirkt eftirlit með því að ákvæðunum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé fylgt.

38) Til að tryggja að rammaákvæði Bandalagsins um markaðssvik séu fullnægjandi verður að afhjúpa og refsa fyrir öll brot sem ganga gegn þeim bönnum eða kröfum sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari tilskipun. Í þessu skyni skulu viðurlög vera nægilega letjandi og í réttu hlutfalli við brotið og þann hagnað sem af því hlýst og skal þeim beitt á samræmdan hátt.

39) Aðildarríkin skulu, við ákvörðun stjórnsýsluráðstafana og viðurlaga, vera áfram meðvituð um þörfina fyrir visst samræmi í öllum aðildarríkjunum að þessu leyti.

40) Með aukinni starfsemi yfir landamæri er þörf á að bæta samstarf og setja heildarákvæði um upplýsingaskipti á milli innlendra lögbærra yfirvalda. Skipulagning á eftirliti og rannsóknarvaldi í hverju aðildarríki má ekki hindra samstarf milli lögbærra, innlendra yfirvalda.

41) Þar sem aðildarríkin geta ekki með einhlítum hætti náð þeim markmiðum sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér, þ.e. að koma í veg fyrir markaðssvik í formi innherjasvika og markaðsmisnotkunar, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa

víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

42) Annað slagið kann að vera nauðsynlegt að semja tæknilegar leiðbeiningar og gera framkvæmdarráðstafanir um þær reglur, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, með hliðsjón af breyttum starfsháttum fjármálamarkaða. Til samræmis við það skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir, að því tilskildu að þær breyti ekki þessari tilskipun í grundvallaratriðum og að framkvæmdastjórnin fari eftir þeim meginreglum sem settar eru fram í þessari tilskipun, að höfðu samráði við evrópsku verðbréfanefndina sem komið var á fót með ákvörðun 2001/528 /EB ([1]).

43) Við beitingu framkvæmdarvalds í samræmi við þessa tilskipun skal framkvæmdastjórnin hlíta eftirfarandi meginreglum:

— þörfinni á að tryggja að fjárfestar hafi tiltrú á fjármálamörkuðunum með því að stuðla að gagnsæi á þessum mörkuðum,

— þörfinni á að sjá fjárfestum fyrir miklu framboði á samkeppnishæfum fjárfestingarmöguleikum og upplýsingum og vernd sem er sniðin að þörfum þeirra,

— þörfinni á að tryggja að óháð eftirlitsyfirvöld framfylgi reglum á samræmdan hátt, einkum í baráttunni gegn efnahagsbrotum,

— þörfinni á miklu gagnsæi og samráði við alla markaðsaðila og við Evrópuþingið og ráðið,

— þörfinni á að ýta undir nýsköpun á fjármálamörkuðum til að þeir verði öflugir og skilvirkir,

— þörfinni á að tryggja heildarvirkni markaðar með því að hafa náið og öflugt eftirlit með nýsköpun á fjármálasviðinu,

— mikilvægi þess að draga úr fjármagnskostnaði og auka aðgengi að fjármagni,

— þörfinni á að halda jafnvægi milli kostnaðar og ávinnings markaðsaðila (þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki og minni fjárfestar) til lengri tíma litið við gerð framkvæmdarráðstafana,

— þörfinni á að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni fjármálamarkaða Evrópusambandsins án þess að það hafi áhrif á vel þegna eflingu alþjóðlegs samstarfs,

— þörfinni á að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum allra markaðsaðila með því að semja eftir þörfum reglur sem gilda í öllu Evrópusambandinu,

— þörfinni á að virða þann mismun sem er á innlendum mörkuðum, svo fremi mismunurinn hafi ekki ótilhlýðileg áhrif á samhengi hins eina óskipta markaðar,

— þörfinni á að tryggja samhengi við aðra löggjöf Bandalagsins á þessu sviði, þar eð ósamræmi í upplýsingum og skortur á gagnsæi getur teflt starfsemi markaðanna í tvísýnu og umfram allt skaðað neytendur og minni fjárfesta.

44) Í þessari tilskipun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 11. gr. hans, og 10. gr. Evrópusáttmálans um mannréttindi. Þessi tilskipun kemur því á engan hátt í veg fyrir að aðildarríkin beiti stjórnarskrárákvæðum sínum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi í fjölmiðlum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Innherjaupplýsingar“: sérstök vitneskja, sem ekki hefur verið gerð öllum aðgengileg og sem tengist, beint eða óbeint, einum eða fleiri útgefendum fjármálagerninga eða einum eða fleiri fjármálagerningum og sem, yrði hún öllum aðgengileg, væri líkleg til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninga eða tengdra, afleiddra fjármálagerninga.

   Í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl eru „innherjaupplýsingar“ sérstök vitneskja, sem ekki hefur verið gerð öllum aðgengileg og sem tengist, beint eða óbeint, einum eða fleiri slíkum afleiddum skjölum og sem notendur markaða, þar sem verslað er með slík vöruskuldaskjöl, gera ráð

([1]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45.

fyrir að fá í samræmi við viðurkenndar markaðsvenjur á þessum mörkuðum.

Að því er varðar þá aðila sem hefur verið falið það að gefa fyrirmæli um fjármálagerninga eru „innherjaupplýsingar“ enn fremur upplýsingar, sem skjólstæðingur miðlar og tengjast fyrirmælum hans sem enn hefur ekki verið framfylgt, og er sérstök vitneskja sem tengist, beint eða óbeint, einum eða fleiri útgefendum fjármálagerninga eða einum eða fleiri fjármálagerningum og sem, yrði hún öllum aðgengileg, væri líkleg til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninga eða tengdra, afleiddra fjármálagerninga.

2. „Markaðsmisnotkun“:

a) viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti:

— sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi vísbendingar um framboð á, eftirspurn eftir eða verð á fjármálagerningi, eða

— þar sem aðili eða nokkrir aðilar í samstarfi tryggja að verð eins eða fleiri fjármálagerninga liggi við óeðlilegt eða tilbúið mark,

nema aðilinn, sem átti í viðskiptum eða gaf fyrirmæli um viðskipti, sýni fram á að ástæður hans fyrir slíkum viðskiptum séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin um viðskipti séu í samræmi við viðurkenndar venjur á viðkomandi, skipulegum markaði,

b) viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti þar sem gylliboðum eða öðru, sem er misvísandi eða sviksamlegt, er beitt,

c) miðlun upplýsinga gegnum fjölmiðla, þ.m.t. Netið, eða með einhverjum öðrum hætti sem gefur eða líklegt er að gefi rangar eða misvísandi vísbendingar um fjármálagerninga, þ.m.t. að breiða út sögusagnir og rangur og misvísandi fréttaflutningur, þegar aðilinn, sem sá um að miðla upplýsingunum, vissi eða hefði átt að vita að þær væru rangar eða misvísandi. Þegar blaðamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta slíka upplýsingamiðlun, sbr. þó 11. gr., með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

Eftirfarandi dæmi miðast við aðalskilgreiningu a-, b- og c-liðar hér að framan:

— framferði þar sem aðili eða nokkrir aðilar í samstarfi ná yfirburðastöðu við framboð á eða eftirspurn eftir fjármálagerningi, sem hefur í för með sér bein eða óbein áhrif á kaup- eða söluverð eða skapar önnur ósanngjörn viðskiptakjör,

— kaup eða sala á fjármálagerningi rétt áður en markaður lokar, sem er misvísandi gagnvart fjárfestum sem taka ákvarðanir á grundvelli lokaverðs,

— að notfæra sér, annað slagið eða reglulega, aðgang að hefðbundnum eða rafrænum miðlum með því að láta í ljós álit sitt á fjármálagerningi (eða óbeint á útgefanda þess) en hafa áður eignast hluta þess gernings og hagnast síðan á því hvaða áhrif afstaðan, sem látin var í ljós, hefur á verð gerningsins án þess að greina samtímis opinberlega frá hagsmunaárekstrum á réttan og skilvirkan hátt.

Aðlaga skal skilgreiningu á markaðsmisnotkun þannig að hún nái yfir ný viðskiptamynstur sem í reynd eru markaðsmisnotkun.

3. „Fjármálagerningur“:

— framseljanleg verðbréf, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([1]),

— hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu,

— peningamarkaðsskjal,

— staðlaðir, framvirkir viðskiptasamningar, þ.m.t. sambærilegir gerningar sem greiddir eru með reiðufé,

— framvirkir vaxtasamningar,

— vaxtaskipta-, gjaldmiðlaskipta- og hlutabréfaskiptasamningar,

— valréttur til að afla eða ráðstafa öllum gerningum sem tilheyra þessum flokkum, þ.m.t. sambærilegir gerningar sem greiddir eru með reiðufé. Þessi flokkur tekur einkum til valréttar varðandi gjaldeyri og vexti,

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

— afleidd vöruskuldaskjöl,

— allir aðrir gerningar sem teknir hafa verið til skráningar á skipulegum markaði í aðildarríki eða beðið hefur verið um að teknir verði til skráningar á slíkum markaði.

4. „Skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 13. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE.

5. „Viðurkenndar markaðsvenjur“: venjur sem eðlilegt er að reikna með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og sem lögbært yfirvald viðurkennir í samræmi við þær viðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr.

6. „Aðili“: einstaklingur eða lögaðili.

7. „Lögbært yfirvald“: lögbæra yfirvaldið sem er tilnefnt í samræmi við 11. gr.

Til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar í Bandalaginu skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi 1., 2. og 3.-lið þessarar greinar.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu banna aðilum, sem um getur í annarri undirgrein, og sem hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða, að nota þær upplýsingar með því að kaupa eða afhenda eða með því að reyna að kaupa eða afhenda, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, annaðhvort beint eða óbeint, þá fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða.

Fyrsta undirgrein á við um alla einstaklinga sem hafa yfir þessum upplýsingum að ráða:

a) vegna setu sinnar í stjórnar-, framkvæmda- eða eftirlitsnefnd útgefanda, eða

b) vegna eignarhlutdeildar þeirra í fyrirtæki útgefandans, eða

c) vegna þess að þeir hafa aðgang að upplýsingum í krafti starfs síns, starfsgreinar eða hlutverks, eða

d) vegna þess að þeir hafa stundað afbrotastarfsemi.

2. Ef aðilinn, sem um getur í 1. mgr., er lögaðili á bannið, sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein, einnig við um einstaklinga sem koma að ákvörðun um viðskipti fyrir reikning hlutaðeigandi lögaðila.

3. Grein þessi á ekki við um viðskipti sem tengjast því að gegna þeirri skyldu að kaupa eða afhenda fjármálagerninga ef sú skylda grundvallast á samningi sem er gerður áður en hlutaðeigandi einstaklingur hafði yfir innherjaupplýsingunum að ráða.

3. gr.

Aðildarríkin skulu banna öllum aðilum sem bannið, sem mælt er fyrir um í 2. gr, á við um:

a) að láta öðrum aðila í té innherjaupplýsingar nema það sé eðlilegur liður í starfi hans, starfsgrein eða hlutverki,

b) að ráðleggja öðrum einstaklingi eða hvetja hann á grundvelli slíkra innherjaupplýsinga til að kaupa eða afhenda fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða.

4. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að 2. og 3. gr. eigi einnig við um alla aðra en þá einstaklinga sem um getur í þeim greinum sem hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða þegar hlutaðeigandi einstaklingur veit eða ætti að vita að um innherjaupplýsingar er að ræða.

5. gr.

Aðildarríkin skulu banna öllum einstaklingum að ástunda markaðsmisnotkun.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að útgefendur fjármálagerninga upplýsi almenning þegar í stað um innherjaupplýsingar sem beinlínis varða þá.

Með fyrirvara um ráðstafanir, sem eru gerðar í því skyni að fara að ákvæðum fyrstu undirgreinar, skulu aðildarríkin sjá til þess að útgefendur birti á vefsetrum sínum í hæfilegan tíma allar innherjaupplýsingar sem þeim er skylt að birta opinberlega.

2. Útgefandi getur, á eigin ábyrgð, frestað opinberri birtingu innherjaupplýsinga, sem um getur í 1. mgr., til þess að skaða ekki lögmæta hagsmuni sína, svo fremi að slíkt sé ekki líklegt til að villa um fyrir almenningi og svo fremi að útgefandinn geti tryggt upplýsingaleynd. Aðildarríkin geta farið fram á að útgefandi tilkynni lögbæru yfirvaldi án tafar um ákvörðun um að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga.

3. Aðildarríkin skulu fara fram á að hvenær sem útgefandi eða aðili fyrir hans hönd eða fyrir hans reikning lætur þriðja aðila í té innherjaupplýsingar og það er eðlilegur liður í hans starfi, starfsgrein eða hlutverki, eins og um getur í a-lið 3. gr., verði hann

að birta upplýsingarnar í heild sinni, samtímis því að þær eru látnar þriðja aðila í té þegar birtingin er áformuð og tafarlaust þegar birtingin hefur ekki verið áformuð.

Ákvæði fyrstu undirgreinar eiga ekki við ef einstaklingurinn, sem tekur við upplýsingunum, er bundinn þagnarskyldu, burtséð frá því hvort slík skylda grundvallast á lögum, stjórnsýsluákvæðum, samþykktum eða samningi.

Aðildarríkin skulu fara fram á að útgefendur eða aðilar fyrir þeirra hönd eða fyrir þeirra reikning geri skrá yfir þá aðila sem starfa hjá þeim samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt og hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða. Útgefendur eða aðilar fyrir þeirra hönd eða fyrir þeirra reikning skulu uppfæra þessa skrá með reglubundnu millibili og senda lögbæra yfirvaldinu að beiðni þess.

4. Aðilar, sem eru í stjórnunarstöðu hjá útgefenda fjármálagerninga, og, ef við á, aðilar, sem eru nátengdir þeim fyrrnefndu, skulu hið minnsta tilkynna lögbæra yfirvaldinu um viðskipti sem þeir stunda fyrir eigin reikning og sem varða hlutabréf áðurnefnds útgefanda eða afleidda eða aðra fjármálagerninga sem þeim tengjast. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber aðgangur að upplýsingum varðandi slík viðskipti sé, a.m.k. gagnvart einstaklingum, auðfenginn eins skjótt og unnt er.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að aðilar, sem taka saman eða miðla niðurstöðum rannsókna varðandi fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga, og aðilar, sem taka saman eða miðla öðrum upplýsingum sem fela í sér ráðleggingar eða tillögu um fjárfestingaráætlun sem ætlunin er að fari um dreifileiðir eða ætlaðar eru almenningi, geri eðlilegar varúðarráðstafanir til að tryggja að þessar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og tilgreini hagsmuni sína eða gefi til kynna hagsmunaárekstra í tengslum við fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um slíkt eftirlit.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirtæki á markaði setji skipulagsreglur í því skyni að koma í veg fyrir og afhjúpa starfsemi sem felur í sér markaðsmisnotkun.

7. Í því skyni að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. til 5. mgr. er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að almenningur fái réttar upplýsingar.

8. Opinberar stofnanir, sem miðla tölfræðilegum upplýsingum, sem líklegar eru til að hafa áhrif á fjármálamörkuðunum, skulu miðla þeim á réttmætan og gagnsæjan hátt.

9. Aðildarríkin skulu fara fram á að hver aðili, sem sér um viðskipti með fjármálagerninga sem fagmaður og hefur rökstuddan grun um að viðskiptin kunni að vera innherjasvik eða markaðsmisnotkun, tilkynni það lögbæru yfirvaldi tafarlaust.

10. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar í Bandalaginu skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 17. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi:

— tæknileg skilyrði fyrir opinberri birtingu innherjaupplýsinga, sem um getur í 1. og 3. mgr.,

— tæknileg skilyrði fyrir því að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga, eins og um getur í 2. mgr.,

— tæknileg skilyrði fyrir því að styðja við sameiginlega aðferð við framkvæmd annars málsliðar 2. mgr.,

— við hvaða skilyrði útgefendur eða aðrir aðilar fyrir þeirra hönd skuli semja skrá yfir þá aðila sem starfa hjá þeim og hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða, eins og um getur í 3. mgr., og við hvaða skilyrði skuli uppfæra þessar skrár,

— þá flokka aðila og þá eiginleika í viðskiptunum, þ.m.t. umfang, sem kalla fram þá skyldu að gefa yfirlýsingu, eins og um getur í 4. mgr., og tæknilegt fyrirkomulag á skýrslugjöf til lögbærs yfirvalds,

— tæknilegt fyrirkomulag fyrir mismunandi flokka aðila, sem um getur í 5. mgr., á óhlutdrægri kynningu á niðurstöðum rannsókna og öðrum upplýsingum sem fela í sér ráðleggingar um fjárfestingaráætlun og tilgreiningu sérhagsmuna eða hagsmunaárekstra sem um getur í 5. mgr. Í tengslum við þetta fyrirkomulag skal taka tillit til reglna um blaðamenn, þ.m.t. sjálfseftirlit.

— tæknilegt fyrirkomulag fyrir aðila, sem um getur í 9. mgr., á því hvernig tilkynningu til lögbærs yfirvalds er háttað.

7. gr.

Tilskipun þessi gildir ekki um viðskipti, sem fara fram til þess að aðildarríkin, Seðlabankakerfi Evrópu, innlendur seðlabanki eða einhver önnur opinberlega tilnefnd stofnun eða aðili, sem starfar á þeirra vegum, geti framfylgt peninga- eða gengisstefnu eða haft stjórn á skuldum hins opinbera. Að-

ildarríkin geta útvíkkað þessa undanþágu þannig að hún gildi um fylki þeirra eða samsvarandi staðaryfirvöld að því er varðar stjórn á skuldum þeirra.

8. gr.

Bannið, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gildir ekki um viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ eða verðjöfnun fjármálagerninga, að því tilskildu að þessi viðskipti fari fram í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 17. gr.

9. gr.

Tilskipun þessi gildir um alla aðra fjármálagerninga sem teknir hafa verið til skráningar á skipulegum markaði í minnst einu aðildarríki eða beðið hefur verið um að teknir verði til skráningar á slíkum markaði, án tillits til þess hvort viðskiptin fara fram á þeim markaði eða ekki.

Ákvæði 2., 3. og 4. gr. gilda einnig um alla fjármálagerninga sem ekki hafa verið teknir til skráningar á skipulegum markaði í aðildarríki en virði þeirra miðast við fjármálagerning sem um getur í 1. mgr.

Ákvæði 1. til 3. mgr. 6. gr. gilda ekki um útgefendur sem hafa ekki óskað eftir eða leyft skráningu fjármálagerninga sinna á skipulegum markaði í aðildarríki.

10. gr.

Hvert aðildarríki skal beita banninu og kröfunum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að því er varðar:

a) aðgerðir sem gripið er til á yfirráðasvæði þess eða erlendis varðandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til skráningar á skipulegum markaði, sem er staðsettur eða starfræktur á yfirráðasvæði þess, eða beðið hefur verið um að teknir verði til skráningar á skipulegum markaði,

b) aðgerðir sem gripið er til á yfirráðasvæði þess varðandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til skráningar á skipulegum markaði í aðildarríki eða beðið hefur verið um að teknir verði til skráningar á skipulegum markaði.

11. gr.

Með fyrirvara um valdsvið dómsmálayfirvalda tilnefnir hvert aðildarríki eitt stjórnvald sem er þar til bært að tryggja að ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé beitt.

Aðildarríkin skulu koma á skilvirku fyrirkomulagi og aðferðum við ráðgjöf fyrir markaðsaðila um mögulegar breytingar á innlendri löggjöf. Þetta fyrirkomulag getur falið í sér samráðsnefndir hjá lögbæru yfirvaldi og skal samsetning þeirra endurspegla fjölbreytni markaðsaðila, eftir því sem unnt er, hvort heldur þeir eru útgefendur, veitendur fjármálaþjónustu eða neytendur.

12. gr.

1. Lögbært yfirvald skal hafa allt það vald til eftirlits og rannsóknar sem nauðsynlegt má teljast til þessara starfa. Það skal beita þessu valdi:

a) með beinum hætti, eða

b) í samstarfi við önnur yfirvöld eða markaðsfyrirtæki, eða

c) á eigin ábyrgð með umboði til slíkra yfirvalda eða markaðsfyrirtækja, eða

d) með tilmælum til lögbærra dómsyfirvalda.

2. Með fyrirvara um 7. mgr. 6. gr. skal beita því valdi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við landslög og skal það fela í sér rétt til þess að:

a) fá aðgang að öllum gerningum í hvaða formi sem er og fá í hendur afrit af þeim,

b) krefjast upplýsinga frá aðilum, þ.m.t. þeir sem koma að því að gefa fyrirmæli eða sinna viðkomandi starfsemi, hver á eftir öðrum, sem og umbjóðendur þeirra, og, ef þörf er á, kveðja slíkan einstakling á fund og hlýða á málflutning hans,

c) framkvæma vettvangsskoðun,

d) krefjast upplýsinga sem til eru um símtöl og gagnaskipti,

e) krefjast þess að bundinn sé endi á allar starfsvenjur sem brjóta í bága við ákvæðin sem hafa verið samþykkt til framkvæmdar þessari tilskipun,

f) fresta viðskiptum með viðkomandi fjármálagerninga,

g) óska eftir frystingu og/eða upptöku eigna,

h) óska eftir tímabundnu banni við atvinnustarfsemi.

3. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á innlend lagaákvæði og þagnarskyldu.

13. gr.

Þagnarskylda gildir um alla einstaklinga sem vinna eða hafa unnið fyrir lögbært yfirvald eða hvert það yfirvald eða markaðsfyrirtæki sem lögbæra yfirvaldið hefur falið umboð sitt, þ.m.t. endurskoðendur

og sérfræðingar sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli. Upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu er ekki heimilt að afhenda öðrum aðila eða yfirvaldi nema með skírskotun til ákvæða sem sett eru með lögum.

14. gr.

1. Með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að beita viðurlögum á sviði refsiréttar skulu aðildarríkin tryggja, í samræmi við innlend lög, að gerðar verði viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða stjórnsýsluviðurlögum verði beitt gagnvart aðilum sem ábyrgir eru þegar ekki hefur verið farið að ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar ráðstafanir séu árangursríkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. skal framkvæmdastjórnin til upplýsingar gera skrá yfir þær stjórnsýsluráðstafanir og viðurlög sem um getur í 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlögin sem beita skal við skorti á samstarfsvilja við rannsókn sem fellur undir 12. gr.

4. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbæru yfirvaldi sé heimilt að birta opinberlega upplýsingar um allar ráðstafanir eða viðurlög sem beita skal við broti á ákvæðunum sem hafa verið samþykkt til framkvæmdar þessari tilskipun, nema slík birting kunni að tefla fjármálamarkaðnum í tvísýnu eða valda viðkomandi aðilum mismiklum skaða.

15. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda til dómstóla.

16. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu starfa saman þegar nauðsyn ber svo að þau geti uppfyllt skyldur sínar og nýtt vald sitt sem mælt er fyrir um, annaðhvort í þessari tilskipun eða í landslögum. Lögbær yfirvöld skulu veita lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja aðstoð. Þau skulu einkum skiptast á upplýsingum og vinna saman að rannsóknarstarfsemi.

2. Lögbær yfirvöld skulu tafarlaust veita, samkvæmt beiðni, upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. Ef nauðsyn krefur skulu lögbær yfirvöld, sem fá slíka beiðni, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að safna saman upplýsingunum, sem krafist er, við móttöku slíkrar beiðni. Ef lögbært yfirvald, sem beiðni er beint til, getur ekki tafarlaust veitt upplýsingarnar sem krafist er skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, um ástæður þess. Vitneskja, sem þannig er veitt, er háð þagnarskyldu þeirra sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem taka við upplýsingunum.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að neita að bregðast við beiðni um upplýsingar þegar:

— miðlun upplýsinganna gæti haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu viðkomandi aðildarríkis,

— málarekstur fyrir dómstólum hefur þegar hafist að því er varðar sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum fyrir yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis, eða

— þessir aðilar hafa hlotið endanlegan dóm fyrir sömu aðgerðir í viðkomandi aðildarríki.

Í slíku tilviki skulu þau tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, um það og veita eins nákvæmar upplýsingar og unnt er um dómsmeðferðina eða dóminn.

Með fyrirvara um 226. gr. sáttmálans er lögbæru yfirvaldi heimilt, ef ekki er brugðist við upplýsingabeiðni þess innan hæfilegs tíma eða upplýsingabeiðni þess er hafnað, að vekja athygli evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndarinnar á þessu broti á ákvæðunum þar sem fara mun fram umræða til þess að finna skjótar og skilvirkar lausnir.

Með fyrirvara um skyldurnar, sem lögbærum yfirvöldum ber að uppfylla við málarekstur fyrir dómstólum samkvæmt hegningarlögum, er þeim, þegar þau taka við upplýsingum skv. 1. mgr., einungis heimilt að nota þær við þau störf sín sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og í tengslum við málarekstur fyrir stjórnsýsludómstóli eða dómstóli sem tengist sérstaklega þessum störfum. Þó er lögbæra yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum, heimilt að nota þær í öðrum tilgangi eða senda þær til lögbærra yfirvalda annars ríkis ef lögbæra yfirvaldið, sem miðlar upplýsingunum, samþykkir það.

3. Þegar lögbært yfirvald er sannfært um að brotið sé eða hafi verið brotið gegn ákvæðum þessarar tilskipunar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða aðgerðir hafi áhrif á fjármálagerninga sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði í öðru aðildarríki skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi hins aðildarríkisins um það á eins nákvæman hátt og unnt er. Lögbært yfirvald hins aðildarríkisins skal grípa til viðeigandi aðgerða. Það skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem tilkynnir þetta, um niðurstöðurnar og, eftir því sem unnt er, um mikilvæga þróun á meðan á þessu stendur. Þessi málsgrein er með fyrirvara um valdsvið lögbæra yfirvaldsins sem hefur sent upplýs-

ingarnar. Lögbær yfirvöld hinna ýmsu aðildarríkja, sem eru lögbær að því er varðar 10. gr., skulu hafa samráð sín á milli um fyrirhugaðar framhaldsaðgerðir.

4. Lögbæru yfirvaldi eins aðildarríkis er heimilt að óska eftir að lögbært yfirvald annars aðildarríkis láti fara fram rannsókn á yfirráðasvæði hins síðarnefnda.

Því er einnig heimilt að óska eftir að starfsfólk þess fái að aðstoða starfsfólk lögbærs yfirvalds hins aðildarríkisins á meðan á rannsókninni stendur.

Aðildarríkið, þar sem rannsóknin fer fram, skal þó bera alla ábyrgð á heildareftirliti með rannsókninni.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að neita að bregðast við beiðni um rannsókn, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein, eða beiðni um að starfsfólk lögbærra yfirvalda annars aðildarríkis aðstoði starfsfólk þeirra, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein, þegar slík rannsókn gæti haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu viðkomandi ríkis, þegar málarekstur hefur þegar hafist fyrir dómstólum að því er varðar sömu aðgerðir og gagnvart sömu aðilum fyrir yfirvöldum viðkomandi ríkis eða þegar slíkir aðilar hafa hlotið endanlegan dóm fyrir sömu aðgerðir í viðkomandi ríki. Í slíku tilviki skulu þau tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, um það og veita eins nákvæmar upplýsingar og unnt er um dómsmeðferðina eða dóminn.

Með fyrirvara um ákvæði 226. gr. sáttmálans er lögbæru yfirvaldi heimilt, ef ekki er brugðist við umsókn þess innan hæfilegs tíma um að hefja rannsókn eða beiðni þess um að starfsfólki þess verði heimilað að aðstoða starfsfólk lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis eða, ef beiðninni er hafnað, að vekja athygli evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndarinnar á þessu broti á ákvæðunum þar sem fara mun fram umræða til þess að finna skjóta og skilvirka lausn.

5. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr., skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir um málsmeðferð við upplýsingaskipti og skoðun yfir landamæri eins og um getur í þessari grein.

17. gr.

1. Evrópska verðbréfanefndin, sem komið var á fót með ákvörðun 2001/528/EB (hér á eftir nefnd „nefndin"), skal aðstoða framkvæmdastjórnina.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar, að því tilskildu að framkvæmdarráðstafanirnar, sem samþykktar eru samkvæmt þessari málsmeðferð, breyti ekki grundvallarákvæðum þessarar tilskipunar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanirnar, sem þegar hafa verið samþykktar, skulu ákvæði þessarar tilskipunar um samþykkt tæknireglna og ákvarðana, í samræmi við 2. mgr., falla úr gildi fjórum árum eftir gildistöku hennar. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans og skulu þau endurskoða þau áður en tímabilinu, sem um getur hér að framan, lýkur.

18. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. október 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

19. gr.

Ákvæði 11. gr. skulu ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkis til að gera sérstakar laga- og stjórnunarráðstafanir varðandi utanríkismál evrópskra yfirráðasvæða handan hafsins sem aðildarríkið ber ábyrgð á.

20. gr.

Tilskipun 89/592/EBE og 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 81. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf [1] falla úr gildi frá og með gildistökudegi þessarar tilskipunar.

21. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

([1]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. PAPANDREOU
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal IV.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2273/2003

frá 22. desember 2003

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun ([1]), einkum 8. gr.,

að höfðu samráði við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) ([2]) um tæknilega ráðgjöf,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB er kveðið á um að bannið, sem þar er mælt fyrir um, gildi ekki um viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ eða verðjöfnun fjármálagerninga, ef slík viðskipti fara fram í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem hafa verið samþykktar í því skyni.

2) Viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ og verðjöfnun fjármálagerninga, sem undanþágan frá banninu í tilskipun 2003/6/EB nær ekki til, eins og kveðið er á um í 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu ekki teljast markaðssvik í sjálfu sér.

3) Hins vegar ná undanþágur þessarar reglugerðar einungis til atferlis sem tengist beint tilganginum með endurkaupum og verðjöfnun. Atferli sem tengist ekki beint tilganginum með endurkaupum og verðjöfnun skal því flokkast undir aðrar aðgerðir sem falla undir tilskipun 2003/6/EB og er hægt að beita stjórnsýsluaðgerðum eða viðurlögum gegn því ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aðgerð teljist markaðssvik.

4) Að því er varðar viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ hafa reglurnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ekki áhrif á beitingu tilskipunar ráðsins 77/91/EBE um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([3]).

5) Leyfileg „endurkaup“, sem falla undir undanþáguna frá banninu í tilskipun 2003/6/EB, fela í sér tilvik þar sem útgefendur þurfa að geta minnkað eigið hlutafé til þess að standa við skuldbindingar sínar í tengslum við skuldaskjöl, sem eru skiptanleg fyrir skírteini fyrir

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([2]) Evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndinni (CESR) var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB (Stjtíð. EB 191,13.7.2001, bls. 43).

([3]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1.

hlut í eign, og skuldbindingar sem leiða af úthlutun hlutafjár til handa starfsfólki.

6) Gagnsæi er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir markaðssvik. Í þessu skyni er aðildarríkjunum heimilt að tilgreina opinberlega á hvern hátt skuli birta opinberlega upplýsingar sem krafist er í þessari reglugerð að séu birtar opinberlega.

7) Útgefendur, sem hafa samþykkt „endurkaupaáætlanir“, skulu tilkynna það til lögbærs yfirvalds og opinberlega ef þörf krefur.

8) Viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ geta farið fram með afleiddum fjármálagerningum.

9) Til þess að koma í veg fyrir markaðssvik skal daglegt umfang viðskipta með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ vera takmarkað. Þó er þörf á einhverjum sveigjanleika til þess að bregðast við markaðsaðstæðum, s.s. lítilli veltu.

10) Leggja skal sérstaka áherslu á sölu eigin hlutafjár á meðan á „endurkaupaáætlun“ stendur, á möguleg, lokuð tímabil hjá útgefendum þar sem viðskipti eru bönnuð og á það að útgefandi getur haft lögmætar ástæður til þess að fresta því að birta innherjaupplýsingar opinberlega.

11) Verðjöfnunarviðskipti hafa einkum þau áhrif að veita, í takmarkaðan tíma, stuðning við verð á verðbréfum sem boðin eru út ef þau eru undir söluþrýstingi, og létta þar með á þrýstingi frá skammtímafjárfestum og viðhalda skipulegum markaði fyrir viðkomandi verðbréf. Þetta er bæði fjárfestum í hag, sem skrá eða kaupa viðkomandi verðbréf í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut, svo og útgefendum. Á þennan hátt getur verðjöfnun stuðlað að aukinni tiltrú fjárfesta og útgefenda á fjármálamörkuðum.

12) Verðjöfnun getur farið fram innan eða utan skipulegs markaðar og er hægt að framkvæma hana með fjármálagerningum, öðrum en þeim sem hafa verið eða verða teknir til skráningar á skipulegum markaði, sem getur haft áhrif á verð gerninganna sem hafa verið eða verða skráðir á skipulegum markaði.

13) Verðbréfin, sem um er að ræða, skulu ná til fjármálagerninga sem verða skiptanlegir að loknu upphafstímabili því að þau eru í aðalatriðum eins þótt réttur þeirra til arð- og vaxtagreiðslna sé mismunandi í upphafi.

14) Í tengslum við verðjöfnun skulu stórviðskipti ekki teljast til sölu á verulegum eignarhlut viðkomandi verðbréfa þar sem þar er um að ræða afmörkuð einkaviðskipti.

15) Þegar aðildarríkin leyfa viðskipti, í tengslum við almennt frumútboð, áður en viðskipti hefjast opinberlega á skipulegum markaði, nær leyfið til „viðskipta við útgáfu“.

16) Vegna heildarvirkni markaðarins er nauðsynlegt að útgefendur eða aðilar sem framkvæma verðjöfnun birti verðjöfnunaraðgerðirnar opinberlega á viðunandi hátt hvort sem þeir koma fram fyrir hönd útgefendanna eða ekki. Aðferðir, sem notaðar eru til að birta slíkar upplýsingar opinberlega á viðunandi hátt, skulu vera skilvirkar og geta tekið tillit til markaðsvenja sem lögbær yfirvöld samþykkja.

17) Viðunandi samræming skal hafa verið gerð milli allra fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana sem annast verðjöfnun. Við verðjöfnun skal beina spurningum til fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar í tengslum við hverja eftirlitsaðgerð lögbærs yfirvalds í því aðildarríki sem um er að ræða.

18) Til þess að koma í veg fyrir rugling meðal markaðsaðila skal verðjöfnun fara fram að teknu tilliti til markaðsaðstæðna og útboðsverðs viðkomandi verðbréfa og skal stofna til viðskipta til þess að losa stöðu sem upp kemur vegna verðjöfnunar til þess að draga úr markaðsáhrifum að teknu tilhlýðilegu tilliti til ríkjandi markaðsaðstæðna.

19) Umframsöluheimildir og umframsölukaupréttur tengjast verðjöfnun verulega því að með þeim skapast fjármagn og baktrygging fyrir verðjöfnun.

20) Huga skal sérstaklega að því, ef fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun beitir umframsöluheimild til verðjöfnunar, hvort það leiði til stöðu sem umframsölukaupréttur nær ekki til.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð eru sett fram skilyrðin sem endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga þurfa að uppfylla til þess að falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka, auk þeirra sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/6/EB, sem hér segir:

1. „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“: lögaðili eins og hann er skilgreindur í 2-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE ([1]),

2. „lánastofnun“: lögaðili eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB ([2]),

3. „endurkaupaáætlanir“: viðskipti með eigin hlutabréf í samræmi við 19. og 24. gr. tilskipunar ráðsins 77/91/EBE,

4. „tímasett endurkaupaáætlun“: endurkaupaáætlun þar sem dagsetningar og magn verðbréfa, sem gerð verða viðskipti með á tímabili áætlunarinnar, er gefið upp þegar endurkaupaáætlunin er birt opinberlega,

5. „viðunandi, opinber birting“: birting í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 102. gr. og 103. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB ([3]),

6. „viðkomandi verðbréf“: framseljanleg verðbréf eins og skilgreint er í tilskipun 93/22/EBE sem tekin hafa verið til skráningar á skipulegum markaði eða sem lögð hefur verið fram beiðni um að skrá á slíkum markaði og eru háð sölu á verulegum eignarhlut,

7. „verðjöfnun“: kaup eða kauptilboð fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar á viðkomandi verðbréfum eða hvers konar viðskipti með tilheyrandi, jafngilda gerninga í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut verðbréfanna sem um er að ræða, eingöngu til þess að styðja við markaðsverð slíkra verðbréfa í fyrir fram ákveðinn tíma, vegna söluþrýstings á slíkum verðbréfum,

8. „jafngildir gerningar“: eftirfarandi fjármálagerningar (þ.m.t. þeir sem ekki hafa verið teknir til skráningar á skipulegum markaði, eða sem ekki hefur verið lögð fram beiðni um að taka til skráningar á slíkan markað, að því tilskildu að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi samþykkt kröfur um gagnsæi að því er varðar viðskipti með slíka fjármálagerninga):

   a) samningar eða réttur til að skrá sig fyrir, kaupa eða selja viðkomandi verðbréf,

   b) afleiddir fjármálagerningar varðandi viðkomandi verðbréf,

   c) verðbréf sem breytanlegum eða skiptanlegum skuldaskjölum er breytt í eða skipt út fyrir, þegar viðkomandi verðbréf eru breytanleg eða skiptanleg skuldaskjöl,

   d) skjöl sem útgefandi eða ábyrgðaraðili viðkomandi verðbréfa gefur út eða ábyrgist, þar sem líklegt er að markaðsverð þeirra hafi áhrif á verð viðkomandi verðbréfa eða öfugt,

   e) þegar viðkomandi verðbréf eru jafngild hlutabréfum, hlutabréfin sem eru í formi þessara verðbréfa (og öll önnur verðbréf sem eru jafngild slíkum hlutabréfum),

9. „sala á verulegum eignarhlut“: frumútboð eða útboð viðkomandi verðbréfa á eftirmarkaði sem er auglýst opinberlega og er aðgreint frá venjulegum viðskiptum, bæði með tilliti til virðis verðbréfanna, sem boðin eru út, og söluaðferðanna sem eru viðhafðar,

10. „útbjóðandi“: fyrrverandi handhafi eða aðili sem gefur út viðkomandi verðbréf,

11. „úthlutun“: ferlið sem unnið er eftir við ákvörðun á fjölda viðkomandi verðbréfa til handa fjárfestum sem hafa áður skráð sig fyrir þeim eða sótt um þau,

12. „stuðningur við verðjöfnun“: beiting umframsöluheimildar eða umframsölukaupréttar fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar, í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut viðkomandi verðbréfa, eingöngu til að auðvelda verðjöfnun,

13. „umframsöluheimildir“: eru ákvæði í sölutryggingarsamningi eða samningi við umsjónaraðila

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27.
([2]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

sem heimilar að samþykktar séu skráningar eða kauptilboð á fleiri viðkomandi verðbréfum en þeim sem boðin voru í upphafi,

14. „umframsölukaupréttur“: réttur sem útbjóðandi veitir fjárfestingarfyrirtækjum eða lánastofnunum, sem eiga hlut að útboðinu, í því skyni að ná til umframsölu heimilda en slíkum fyrirtækjum eða stofnunum er heimilt að kaupa, samkvæmt skilmálum hans, tiltekið magn af viðkomandi verðbréfum á útboðsverði í ákveðinn tíma eftir að viðkomandi verðbréf hafa verið boðin út.

II. KAFLI

„ENDURKAUPAÁÆTLANIR“

3. gr.

Markmið endurkaupaáætlana

Til þess að undanþágan, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, nái til endurkaupaáætlunar verður hún að vera í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar og verður slík endurkaupaáætlun að vera gerð í þeim tilgangi einum að minnka hlutafé útgefandans (virði eða fjölda hlutabréfa) eða til þess að standa við skuldbindingar sem leiðir af eftirfarandi:

a) skuldaskjöl sem eru skiptanleg yfir í skírteini fyrir hlut í eign,

b) áætlanir um forkaupsrétt starfsmanna á hlutabréfum eða aðrar úthlutanir hlutabréfa til handa starfsmönnum útgefandans eða hlutdeildarfélags.

4. gr.

Skilyrði varðandi „endurkaupaáætlanir“ og birtingu

1. „Endurkaupaáætlunin“ verður að vera í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 77/91/EBE.

2. Áður en viðskipti hefjast skal birta almenningi á viðunandi hátt ítarlega lýsingu á áætluninni, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 77/91/EBE, í þeim aðildarríkjum þar sem útgefandi hefur óskað eftir að fá hlutabréf sín skráð á skipulegum markaði.

Í þessari lýsingu skal koma fram markmið áætlunarinnar eins og um getur í 3. gr., hámarksendurgjald, hámarksfjöldi þeirra hlutabréfa, sem kaupa á, og tímabilið sem heimildin fyrir áætlunina gildir.

Breytingar á áætluninni, sem fylgja í kjölfarið, skulu vera með fyrirvara um viðunandi, opinbera birtingu í aðildarríkjunum.

3. Útgefandinn skal hafa kerfi sem tryggja að uppfylltar séu kvaðir um að tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðskipti á skipulega markaðnum þar sem hlutabréfin hafa verið skráð. Með þessu kerfi skal skrá hverja færslu sem tengist „endurkaupaáætlunum“, þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 93/22/EBE.

4. Útgefanda ber að birta opinberlega lýsingu á öllum færslum eins og getið er í 3. mgr. eigi síðar en við lok sjöundu daglegu markaðslotu eftir að slík viðskipti fara fram.

5. gr.

Skilyrði varðandi viðskipti

1. Að því er varðar verð er útgefanda ekki heimilt, þegar hann stundar viðskipti samkvæmt „endurkaupaáætlun“, að kaupa hlutabréf á hærra verði en sem nemur hæsta verði síðustu, óháðra viðskipta og hæsta, fyrirliggjandi, óháða boði á þeim stöðum þar sem kaupin fara fram.

Ef kaupin fara ekki fram á skipulegum markaði skal verð síðustu, óháðra viðskipta eða hæsta, fyrirliggjandi, óháða boðs, sem miðað er við, vera gengið á skipulegum markaði aðildarríkisins þar sem kaupin fara fram.

Ef kaup útgefanda á eigin hlutabréfum eru gerð með afleiddum fjármálagerningum, skal uppgjörsverð þessara afleiddu fjármálagerninga ekki vera hærra en verð síðustu, óháðra viðskipta og hæsta, fyrirliggjandi, óháða boðs.

2. Að því er varðar magn er útgefandanum ekki heimilt að kaupa á einum degi meira en sem nemur 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf á skipulegum markaði þar sem kaupin fara fram.

Meðaltal daglegra viðskipta skal byggjast á meðaltali daglegra viðskipta í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega og haldast það sama út það tímabil sem heimildin fyrir áætlunina gildir.

Ef ekki er vísað í magnið í áætlununum skal meðaltal daglegra viðskipta byggjast á meðaltali daglegra viðskipta síðustu 20 viðskiptadaga á undan kaupdegi.

3. Að því er varðar aðra málsgrein er útgefanda heimilt, þegar lausafjárstaða á viðkomandi markaði er mjög lág, að hækka 25% mörkin, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) útgefandi tilkynnir lögbæru yfirvaldi viðkomandi markaðar fyrir fram um áætlanir sínar um að víkja frá 25% mörkunum,

b) útgefandi birtir opinberlega á viðunandi hátt að hann kunni að víkja frá 25% mörkunum,

c) útgefandi fer ekki yfir 50% af meðaltali daglegra viðskipta.

6. gr.

Takmarkanir

1. Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skal útgefandi ekki stunda eftirfarandi viðskipti á meðan hann tekur þátt í endurkaupaáætlun:

a) sölu eigin hlutbréfa á meðan á áætluninni stendur,

b) viðskipti á tímabili sem telst lokað tímabil samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem viðskiptin fara fram,

c) viðskipti þar sem útgefandi hefur ákveðið að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 6. gr. í tilskipun 2003/6/EB.

2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda ekki ef útgefandi er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun og hefur komið á skilvirkum upplýsingahindrunum (Kínamúrum), sem skulu vera undir eftirliti lögbærs yfirvalds, milli þeirra sem bera ábyrgð á meðhöndlun innherjaupplýsinga, sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint, og þeirra sem bera ábyrgð á öllum ákvörðunum sem tengjast viðskiptum með eigin hlutabréf (þ.m.t. viðskipti með eigin hlutabréf fyrir hönd viðskiptavina), þegar viðskipti með eigin hlutabréf byggjast á slíkum ákvörðunum.

Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. gilda ekki ef útgefandi er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun og hefur komið á skilvirkum upplýsingahindrunum (Kínamúrum), sem skulu vera undir eftirliti lögbærs yfirvalds, milli þeirra sem bera ábyrgð á meðhöndlun innherjaupplýsinga, sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint (þ.m.t. viðskiptaákvarðanir samkvæmt „endurkaupaáætlunum"), og þeirra sem bera ábyrgð á viðskiptum með eigin hlutabréf fyrir hönd viðskiptavina, þegar viðskipti með eigin hlutabréf eru stunduð fyrir hönd þessara viðskiptavina.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

a) útgefandi hefur gert tímasetta „endurkaupaáætlun", eða

b) fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun, sem tekur viðskiptaákvarðanir í tengslum við hlutafé útgefandans, óháð útgefandanum og án áhrifa frá honum að því er varðar tímasetningu kaupanna, hefur umsjón með „endurkaupaáætluninni".

III. KAFLI

VERÐJÖFNUN FJÁRMÁLAGERNINGA

7. gr.

Skilyrði varðandi verðjöfnun

Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skal verðjöfnun fjármálagerninga fara fram í samræmi við 8., 9. og 10. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Tímatengd skilyrði varðandi verðjöfnun

1. Verðjöfnun skal einungis fara fram í takmarkaðan tíma.

2. Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., þegar um er að ræða frumútboð sem er auglýst opinberlega, hefjast á þeim degi sem viðskipti með viðkomandi verðbréf hefjast á skipulegum markaði og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum þar á eftir.

Þegar frumútboð, sem er auglýst opinberlega, fer fram í aðildarríki, sem leyfir viðskipti áður en viðskipti á skipulegum markaði hefjast, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem endanlegt verð viðkomandi verðbréfa er birt opinberlega á viðunandi hátt og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum þar á eftir, að því tilskildu að slík viðskipti fari fram í samræmi við reglur um skipulegan markað, séu þær til, þar sem viðkomandi verðbréf verða skráð, þ.m.t allar reglur um opinbera birtingu og skýrslugjöf um viðskiptin.

3. Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., þegar um er að ræða útboð á eftirmarkaði, hefjast á þeim degi sem endanlegt verð viðkomandi verðbréfa er birt opinberlega og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta.

4. Að því er varðar skuldabréf og annars konar tryggð skuldaskjöl (sem ekki eru breytanleg eða skiptanleg í hlutabréf eða önnur verðbréf, jafngild hlutabréfum) skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem útboðsskilmálar viðkomandi verðbréfa eru birtir opinberlega (þ.m.t. frávik frá settu viðmiði, ef um það er að ræða) og ljúka annaðhvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir þann dag sem útgefandi gerninganna fær í hendur greiðslu

fyrir útgáfuna eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta að viðkomandi verðbréfum, hvort sem verður fyrr.

5. Að því er varðar tryggð skuldaskjöl sem eru breytanleg eða skiptanleg í hlutabréf eða önnur verðbréf, jafngild hlutabréfum, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem skilmálar lokaútboðs viðkomandi verðbréfa eru birtir opinberlega og ljúka annaðhvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir þann dag, sem útgefandi gerninganna fær í hendur greiðslu fyrir útgáfuna, eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta að viðkomandi verðbréfum, hvort sem verður fyrr.

9. gr.

Skilyrði um birtingu og skýrslugjöf fyrir verðjöfnun

1. Útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem framkvæma verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, skulu birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega á viðunandi hátt áður en útboðstímabil viðkomandi verðbréfa er opnað:

a) að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er,

b) að verðjöfnunarviðskipti séu ætluð til að styðja við markaðsverð viðkomandi verðbréfa,

c) hvenær tímabilið sem verðjöfnun kann að fara fram hefjist og hvenær því ljúki,

d) hver stjórni verðjöfnuninni, nema það sé ekki ljóst við birtingu og verður þá að birta það opinberlega áður en hafist er handa við verðjöfnun,

e) hvort umframsöluheimild eða umframsölukaupréttur liggi fyrir og hámarksumfang slíkra heimilda, tímabil hámarkskaupréttarins og öll skilyrði fyrir því að nýta sér umframsöluheimild eða umframsölukauprétt.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um útboð sem falla undir gildissvið ráðstafana til framkvæmdar tilskipunar 2004/.../EB (útboðslýsingartilskipun) frá og með þeim degi er þessar ráðstafanir taka gildi.

2. Útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem taka að sér verðjöfnun skulu gefa lögbærum yfirvöldum viðkomandi markaðar, eigi síðar en við lok sjöundu, daglegu markaðslotu eftir að slík viðskipti fara fram, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, allar upplýsingar um öll verðjöfnunarviðskipti, sbr. þó c-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

3. Eigi síðar en einni viku eftir lok verðjöfnunartímabilsins skulu útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem framkvæma verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega á viðunandi hátt:

a) hvort verðjöfnun hafi farið fram,

b) upphafsdag verðjöfnunar,

c) dagsetningu síðustu verðjöfnunar,

d) á hvaða verðbili verðjöfnun hafi verið fyrir hvern þann dag sem verðjöfnunarviðskipti fóru fram.

4. Útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem taka að sér verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, skulu skrá öll verðjöfnunarfyrirmæli eða -viðskipti ásamt a.m.k. þeim upplýsingunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 93/22/EBE sem skulu einnig ná til fjármálagerninga, annarra en þeirra sem hafa verið eða verða skráðir á skipulegum markaði.

5. Þegar nokkur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnanir taka að sér verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd útgefenda eða útbjóðenda eða ekki, skal einn þessara aðila vera upplýsingafulltrúi sem lögbær yfirvöld skipulegs markaðar, þar sem viðkomandi verðbréf hafa verið skráð, geta snúið sér til.

10. gr.

Sérstök verðlagsskilyrði

1. Þegar um er að ræða útboð hlutabréfa eða annarra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum má verðjöfnun viðkomandi verðbréfa aldrei fara yfir útboðsverðið.

2. Þegar um er að ræða útboð á tryggðum skuldaskjölum sem eru breytanleg eða skiptanleg fyrir gerninga eins og getið er í 1. mgr. skal verðjöfnun ekki við neinar aðstæður vera hærri en markaðsverð þessara gerninga þegar lokaskilmálar nýja útboðsins eru birtir.

11. gr.

Skilyrði varðandi stuðning við verðjöfnun

Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skal stuðningur við verðjöfnun vera í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar og eftirfarandi:

a) einungis er heimilt að leyfa umframsölu á viðkomandi verðbréfum á skráningartímabilinu og á útboðsverði,

b) staða sem upp kemur vegna umframsöluheimildar fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun-

ar, sem umframsölukaupréttur nær ekki til, má ekki vera hærri en sem nemur 5% af upprunalegu útboði,

c) rétthafar umframsölukaupréttar geta einungis nýtt sér slíkan rétt þegar leyfð hefur verið umframsala á viðkomandi verðbréfum,

d) umframsölukaupréttur getur ekki verið hærri en sem nemur 15% af upprunalegu útboði,

e) tímabilið, sem nýta má umframsölukauprétt á, skal vera það sama og verðjöfnunartímabilið skv. 8. gr.,

f) tilkynna skal opinberlega um umframsölukauprétt tafarlaust, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hvenær hann verður nýttur og um fjölda viðkomandi verðbréfa og hvers eðlis þau eru.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal V.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/124/EB

frá 22. desember 2003

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([1]), einkum annarri málsgrein 1. gr. og fyrsta, öðrum og þriðja undirlið 10. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndina (CESR) ([2]) um tæknilega ráðgjöf,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Upplýstir fjárfestar byggja fjárfestingarákvarðanir sínar á upplýsingum sem þeir hafa þá þegar aðgang að, þ.e.a.s. á aðgengilegum fyrirframupplýsingum. Þess vegna verður að meta á grundvelli aðgengilegra fyrirframupplýsinga hve miklar líkur eru á því að upplýstur fjárfestir taki tillit til tiltekinna upplýsinga þegar hann tekur fjárfestingarákvörðun. Við slíkt mat verður að taka tillit til væntanlegra áhrifa upplýsinganna með hliðsjón af heildarstarfsemi viðkomandi útgefanda, áreiðanleika upplýsinganna og öllum öðrum breytum sem kunna að hafa áhrif á tengdan fjármálagerning eða afleiddan fjármálagerning, sem honum tengist, við umræddar aðstæður.

2) Upplýsingar, sem veittar eru eftir á, má nota til að kanna hvort aðgengilegar fyrirframupplýsingar hafi haft verðmótandi áhrif en ekki skal nota þær til að grípa til aðgerða gegn aðila sem

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([2]) Evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndinni (CESR) var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB (Stjtíð. EB L 191,13.7.2001, bls. 43.

hefur dregið upplýstar ályktanir af fyrirframupplýsingum sem hann hafði aðgang að.

3) Tryggja ber markaðsaðilum aukið réttaröryggi með því að skilgreina nánar tvo grundvallarþætti í skilgreiningu á innherjaupplýsingum, nánar tiltekið hvaða sérstaka vitneskja felst í viðkomandi upplýsingum og þýðingu mögulegra áhrifa þeirra á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

4) Að því er varðar vernd fjárfesta er ekki aðeins nauðsynlegt að útgefendur birti innherjaupplýsingar í tæka tíð heldur skal einnig birta þær eins skjótt og með eins samstilltum hætti og unnt er öllum flokkum fjárfesta í öllum aðildarríkjum, þar sem útgefandi hefur sótt um eða samþykkt að fjármálagerningar hans verði teknir til skráningar á skipulegum markaði, í því skyni að tryggja jafnan aðgang fjárfesta í Bandalaginu að slíkum upplýsingum og koma í veg fyrir innherjasvik. Í þessu skyni er aðildarríkjunum heimilt að tilgreina opinberlega hvaða birtingaraðferð skuli nota.

5) Til að vernda lögmæta hagsmuni útgefenda skal við sérstakar og vel skilgreindar aðstæður vera leyfilegt að fresta því að birta innherjaupplýsingar opinberlega. Til að vernda fjárfesta eru upplýsingarnar í slíkum tilvikum þó trúnaðarmál til að koma í veg fyrir innherjasvik.

6) Bæði markaðsaðilar og lögbær yfirvöld skulu taka mið af vísbendingum þegar verið er að rannsaka hugsanlega misnotkun.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Innherjaupplýsingar

1. Við beitingu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB skal litið svo á að upplýsingar séu sérstök vitneskja ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða viðburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað og sem eru nógu nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða viðburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

2. Við beitingu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB er „vitneskja sem væri líkleg til að hafa veruleg áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, yrði hún gerð opinber" sú vitneskja sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

2. gr.

Aðferðir við og frestur á því að birta innherjaupplýsingar opinberlega

1. Við beitingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB gildir 1. mgr. 102. gr. svo og 103. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB [1].

Enn fremur skulu aðildarríki sjá til þess að útgefandinn birti innherjaupplýsingar opinberlega með þeim hætti að almenningur fái skjótan aðgang að upplýsingunum og geti lagt fullkomið og nákvæmt mat á þær í tæka tíð.

7. „farstarfsmaður“: starfsmaður í áhöfn hjá fyrirtæki sem rekur flutningaþjónustu fyrir farþega eða vörur á vegum, í lofti eða á skipgengum vatnaleiðum,

8. „vinna á hafi úti“: vinna sem er unnin að mestu leyti á eða frá mannvirkjum á hafi úti (m.a. á borpöllum), í beinum eða óbeinum tengslum við leit, vinnslu eða nýtingu á jarðefnaauðlindum, þar á meðal á vetniskolefnum, og köfun í tengslum við slíka starfsemi, hvort sem hún fer fram frá mannvirki á hafi úti eða frá skipi,

9. „viðunandi hvíld“: að starfsmenn hafi reglubundinn hvíldartíma, sem mældur er í tímaeiningum og er nægilega langur og samfelldur til að tryggja að þeir valdi ekki sjálfum sér, samstarfsmönnum eða öðrum tjóni vegna þreytu eða óreglulegs vinnumynsturs og að þeir verði ekki fyrir heilsutjóni, hvorki til skemmri né lengri tíma litið.

2. KAFLI

LÁGMARKSHVÍLDARTÍMI – AÐRIR ÞÆTTIR ER VARÐA SKIPULAG VINNUTÍMA

3. gr.

Dagleg hvíld

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hverjum starfsmanni daglegan hvíldartíma samfellt í 11 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

4. gr.

Hlé

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir og skal nánar kveðið á um það, svo sem hve langt hvíldarhléið skuli vera og við hvaða forsendur skuli miðað, í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða, að öðrum kosti, í innlendri löggjöf.

5. gr.

Vikulegur hvíldartími

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á samfelldum lágmarkshvíldartíma í 24 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili til viðbótar við 11 stunda hvíldartímann sem um getur í 3. gr.

Ef hlutlægar eða tæknilegar aðstæður í tengslum við vinnutímaskipulagið réttlæta slíkt er heimilt að kveða á um 24 klukkustunda lágmarkshvíldartíma.

6. gr.

Hámarksvinnutími á viku

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með tilliti til kröfunnar um öryggi og heilsuvernd starfsmanna, til að tryggja að:

a) vikulegur vinnutími sé takmarkaður með ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla eða með kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins,

b) meðalvinnustundafjöldi fyrir sjö daga tímabil fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni.

7. gr.

Árlegt orlof

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öllum launþegum rétt á launuðu, árlegu orlofi í að minnsta kosti fjórar vikur í samræmi við skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða venju.

2. Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

3. KAFLI

NÆTURVINNA – VAKTAVINNA – VINNUMYNSTUR

8. gr.

Lengd næturvinnutíma

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

a) venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari að jafnaði ekki yfir átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili,

b) næturvinnustarfsmenn, sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag, vinni ekki lengur en átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili þegar unnin er næturvinna.

Að því er varðar b-lið skulu áhættusöm störf eða störf sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag skilgreind í innlendri löggjöf og/eða venju eða í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins með tilliti til sérstakra afleiðinga og þeirrar áhættu sem næturvinna hefur í för með sér.

9. gr.

Heilbrigðisskoðun og tilfærsla næturvinnustarfsmanna yfir í dagvinnu

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

a) næturvinnustarfsmenn eigi rétt á heilbrigðisskoðun sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá,

b) næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, séu færðir til, þegar kostur er, í dagvinnustörf sem henta þeim.

2. Að því er varðar ókeypis heilbrigðisskoðun, sem um getur í a-lið 1. mgr., er læknirinn bundinn þagnarskyldu.

3. Ókeypis heilbrigðisskoðun, sem um getur í a-lið 1. mgr., má fara fram innan ramma innlenda heilbrigðiskerfisins.

10. gr.

Tryggingar vegna næturvinnu

Aðildarríkin geta látið vinnu tiltekinna hópa næturstarfsmanna vera háða tryggingum, samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða venju, þegar um er að ræða starfsmenn sem hætta öryggi sínu og heilsu í starfi.

11. gr.

Tilkynning um reglubundna ráðningu næturvinnustarfsmanna

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi, sem hefur að jafnaði starfsmenn í næturvinnu, tilkynni lögbærum yfirvöldum um það, fari þau fram á slíkt.

12. gr.

Öryggi og heilsuvernd

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

a) þeir sem vinna næturvinnu og vaktavinnu njóti öryggis og heilsuverndar sem hæfir eðli starfsins,

b) viðeigandi verndar- og forvarnarþjónusta og aðbúnaður er varðar öryggi og heilsufar þeirra sem vinna næturvinnu og vaktavinnu samsvari því sem gildir um aðra starfsmenn og að þessi aðstaða sé alltaf til reiðu.

13. gr.

Vinnumynstur

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi, sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri, taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að laga vinnuna að starfsmanninum, einkum með það í huga að draga úr áhrifum af einhæfum störfum og störfum sem eru unnin með fyrirfram ákveðnum hraða, eftir því um hvaða störf er að ræða, sem og til öryggis- og heilbrigðiskrafna, sérstaklega að því er varðar hlé í vinnutíma.

4. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

14. gr.

Sérákvæði Bandalagsins

Þessi tilskipun gildir ekki þegar aðrir Bandalagsgerningar fela í sér sérkröfur um skipulag vinnutíma innan tiltekinna starfsgreina eða atvinnustarfsemi.

15. gr.

Hagstæðari ákvæði

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða setja hagstæðari lög eða stjórnsýsluákvæði, um öryggi og heilsuvernd starfsmanna, eða til að auðvelda eða heimila beitingu kjarasamninga

eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins sem eru hagstæðari að því er varðar öryggi og heilsuvernd starfsmanna.

16. gr.

Viðmiðunartímabil

Aðildarríkin geta sett ákvæði:

a) vegna beitingar 5. gr. (vikulegur hvíldartími), viðmiðunartímabil sem er ekki lengra en 14 dagar,

b) vegna beitingar 6. gr. (hámarksvinnutími á viku), viðmiðunartímabil sem er ekki lengra en fjórir mánuðir.

Árlegt, launað orlof, sem er veitt samkvæmt 7. gr., og sjúkraleyfi skulu ekki talin með eða eru hlutlaus að því er varðar meðaltalsútreikninga,

c) vegna beitingar 8. gr. (lengd næturvinnutíma), viðmiðunartímabil sem er skilgreint í samráði við aðila vinnumarkaðarins eða í kjarasamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi um sig eða á tilteknu svæði.

Ef vikulegur 24 klukkustunda lágmarkshvíldartími, sem krafist er samkvæmt 5. gr., fellur saman við viðmiðunartímabilið skal hann ekki talinn með þegar meðaltal er reiknað.

5. KAFLI

FRÁVIK OG UNDANTEKNINGAR

17. gr.

Frávik

1. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til almennra meginreglna um öryggi og heilsuvernd starfsmanna geta aðildarríkin vikið frá ákvæðum 3.–6., 8. eða 16. gr. þegar lengd vinnutímans verður ekki mæld og/eða ákveðin fyrirfram, vegna sérstakra eiginleika umræddra starfa, eða ef starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann, einkum þegar um er að ræða:

a) starfsmenn er gegna stjórnunarstörfum eða annað starfsfólk sem hefur umboð til að taka sjálfstæðar ákvarðanir,

b) starfsmenn innan sömu fjölskyldu, eða

c) starfsmenn sem starfa á vegum kirkna og trúfélaga.

2. Samkvæmt ákvæðum 3., 4. og 5. mgr. er heimilt að samþykkja frávik með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, eða í kjarasamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins, að því tilskildu að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða – í undantekningartilvikum þegar ekki er unnt af hlutlægum ástæðum að veita samsvarandi hvíldartíma – hlutaðeigandi starfsmenn fái viðeigandi vernd.

3. Í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar er heimilt að víkja frá ákvæðum 3., 4., 5., 8. og 16. gr.:

a) vegna starfa þar sem vinnustaður er fjarri búsetustað viðkomandi starfsmanns, þ.m.t. vinna á hafi úti, eða ef langt er á milli mismunandi vinnustaða starfsmannsins,

b) vegna starfa sem tengjast öryggi og eftirliti og krefjast stöðugrar viðveru til verndar eignum og fólki, hér er einkum átt við öryggisverði og aðra verði eða öryggisgæslufyrirtæki,

c) vegna starfa þar sem þörf er á samfelldri þjónustu eða framleiðslu, er þá einkum átt við:

i) þjónustu sem tengist móttöku, meðferð og/eða umönnun á sjúkrahúsum eða sambærilegum stofnunum, þ.m.t. starfsemi lækna í starfsþjálfun, dvalarstofnunum og fangelsum,

ii) hafnar- eða flugvallarstarfsmenn,

iii) fólk sem starfar við blöð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndaframleiðslu, póst- og fjarskiptaþjónustu, sjúkra-, bruna- og almannavarnaþjónustu,

iv) framleiðslu og dreifingu á gasi, vatni og rafmagni svo og sorphirðu og brennsluver,

v) atvinnugreinar þar sem ekki er unnt að rjúfa vinnuferli af tæknilegum ástæðum,

vi) rannsóknar- og þróunarvinnu,

vii) landbúnað,

viii) starfsmenn sem annast reglubundna farþegaflutninga í þéttbýli,

d) þegar vinnuhrota er fyrirsjáanleg, einkum í:

i) landbúnaði,

ii) ferðaþjónustu,

iii) póstþjónustu,

e) þegar um er að ræða fólk sem vinnur við flutninga með járnbrautum:

i) sem vinnur ósamfellt,

ii) sem dvelur á vinnutíma um borð í lestum, eða

iii) við störf sem eru háð tímaáætlunum flutninga og þar sem tryggja verður að járnbrautarumferð sé samfelld og reglubundin,

f) við aðstæður sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391/EBE,

g) þegar um slys eða yfirvofandi slysahættu er að ræða.

4. Í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar má víkja frá ákvæðum 3. og 5. gr.:

a) í vaktavinnu, þegar um vaktaskipti er að ræða og starfsmaðurinn getur ekki tekið daglegan og/eða vikulega hvíldartíma milli loka eins vaktatímabils og upphafs þess næsta,

b) þegar um er að ræða starfsemi þar sem vinnunni er skipt upp yfir daginn, einkum ræstingar.

5. Í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar má víkja frá ákvæðum 6. gr. og b-lið 16. gr., þegar um er að ræða lækna í starfsþjálfun, samkvæmt ákvæðum annarrar til sjöundu undirgreinar þessarar málsgreinar.

Að því er varðar 6. gr. skal leyfa frávikin, sem getið er í fyrstu undirgrein, á 5 ára aðlögunartímabili sem hefst 1. ágúst 2004.

Aðildarríkjunum er heimilt að taka sér allt að tveimur árum í viðbót, ef nauðsyn krefur, til að takast á við þau vandkvæði sem fylgja því að uppfylla ákvæði um vinnutíma sem tengjast skyldum þeirra til að skipuleggja og sjá fyrir heilbrigðisþjónustu og læknishjálp. Að minnsta kosti sex mánuðum fyrir lok aðlögunartímabilsins skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni það ásamt rökstuðningi svo að framkvæmdastjórnin geti gefið álit sitt, eftir viðeigandi samráð, innan þriggja mánaða frá viðtöku slíkra upplýsinga. Fari aðildarríkið ekki að áliti framkvæmdastjórnarinnar skal það færa rök fyrir þeirri ákvörðun sinni. Tilkynning og rökstuðningur aðildarríkisins og álit framkvæmdastjórnarinnar skulu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og send áfram til Evrópuþingsins.

Aðildarríkjum er heimilt að taka sér allt að einu ári í viðbót, ef nauðsyn krefur, til að takast á við sérstök vandkvæði sem fylgja því að uppfylla þær skyldur sem getið er í þriðju undirgrein. Þau skulu fylgja málsmeðferðinni sem sett er fram í þeirri undirgrein.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjöldi vinnustunda á viku fari aldrei yfir 58 stundir að meðaltali á fyrstu þremur árum aðlögunartímabilsins, 56 stundir að meðaltali á næstu tveimur árum þar á eftir og 52 stundir að meðaltali eftir það.

Vinnuveitandi skal hafa samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður komið við, um tilhögun á aðlögunartímabilinu. Innan þeirra marka, sem sett eru í fimmtu undirgrein, getur slíkt samkomulag tekið til:

a) meðalfjölda vinnustunda á viku á aðlögunartímabilinu, og

b) ráðstafana til að fækka vinnustundum á viku í 48 að meðaltali í lok aðlögunartímabilsins.

Með tilliti til b-liðar 16. gr. skulu frávikin, sem getið er í fyrstu undirgrein, heimiluð, að því tilskildu að viðmiðunartímabilið sé ekki lengra en 12 mánuðir á fyrsta hluta aðlögunartímabilsins, sem er tilgreint í fimmtu undirgrein, og sex mánuðir eftir það.

18. gr.

Frávik frá kjarasamningum

Víkja má frá 3., 4., 5., 8. og 16. gr. með kjarasamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi um sig eða á tilteknu svæði eða, samkvæmt reglum sem þessir aðilar hafa sett, með kjarasamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins á lægra samningsstigi. Aðildarríki, sem hafa ekki lögboðið kerfi sem kveður á um gerð kjarasamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins í landinu eða á tilteknu svæði, um þau málefni sem þessi tilskipun tekur til, eða aðildarríki sem hafa sérstakan lagaramma í þessu skyni, geta, innan marka hans, í samræmi við innlenda löggjöf og/eða venju, heimilað frávik frá ákvæðum 3., 4., 5., 8. og 16. gr. með kjarasamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins á viðeigandi samningsstigi.

Heimila ber frávikin sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein með því skilyrði að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða – í undantekningartilvikum þegar ekki er unnt af hlutlægum ástæðum að veita samsvarandi hvíldartíma – að hlutaðeigandi starfsmenn fái viðeigandi vernd. Aðildarríkin geta sett reglur um:

a) hvernig aðilar vinnumarkaðarins skuli beita þessari grein, og

b) hvernig ákvæði kjarasamninga og samninga sem eru gerðir í samræmi við þessa grein geti tekið til annarra starfsmanna í samræmi við innlenda löggjöf og/eða venju.

19. gr.

Takmarkanir á frávikum frá viðmiðunartímabilum

Heimildin til að víkja frá ákvæðum b-liðar 16. gr., sem kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr. og 18. gr., má ekki verða til þess að viðmiðunartímabil verði lengra en sex mánuðir.

Með fyrirvara um almennar meginreglur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna, skulu aðildarríkin þó eiga þess kost, af hlutlægum og tæknilegum ástæðum eða ástæðum sem varða skipulag vinnunnar, að heimila gerð kjarasamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins um viðmiðunartímabil sem mega ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en 12 mánuðir.

Ráðið skal með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar og meðfylgjandi matsskýrslu taka ákvæði þessarar greinar til endurskoðunar og ákveða hvernig bregðast skuli við fyrir 23. nóvember 2003.

20. gr.

Farstarfsmenn og vinna á hafi úti

1. Ákvæði 3., 4., 5. og 8. gr. skulu ekki gilda um farstarfsmenn.

Aðildarríkin skulu hins vegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farstarfsmenn eigi rétt á viðunandi hvíld, nema við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í f- og g-lið 3. mgr. 17. gr.

2. Með fyrirvara um almennar meginreglur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og að því tilskildu að samráð sé haft við fulltrúa vinnuveitanda og viðkomandi starfsmanna og að kapp sé lagt á að hvetja til hvers konar viðeigandi skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins, þar á meðal samningaviðræðna ef aðilar óska þess, er aðildarríkjunum heimilt, af hlutlægum og tæknilegum ástæðum eða ástæðum sem varða skipulag vinnunnar, að lengja viðmiðunartímabilið, sem um getur í b-lið 16. gr., í 12 mánuði fyrir starfsmenn sem aðallega stunda vinnu á hafi úti.

3. Eigi síðar en 1. ágúst 2005 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á evrópskum vettvangi, endurskoða beitingu ákvæðanna, að því er varðar starfsmenn á hafi úti, með tilliti til öryggis- og heilbrigðismála með það í huga að koma fram með viðeigandi breytingar, ef þörf er á.

21. gr.

Starfsmenn á sjófiskiskipum

1. Ákvæði 3.–6. og 8. gr. skulu ekki gilda um starfsmenn á sjófiskiskipum, sem sigla undir fána aðildarríkis.

Aðildarríkin skulu hins vegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver starfsmaður á sjófiskiskipi, sem siglir undir fána aðildarríkis, eigi rétt á viðunandi hvíld og takmarka fjölda vinnustunda við 48 klukkustundir á viku að meðaltali á viðmiðunartímabili sem er ekki lengra en tólf mánuðir.

2. Í samræmi við þörfina á að vernda öryggi og heilbrigði slíkra starfsmanna skulu aðildarríkin, innan þeirra takmarkana sem settar eru fram í annarri undirgrein 1. mgr. og 3. og 4. mgr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að vinnutími sé takmarkaður við hámarksfjölda klukkustunda sem ekki má fara yfir á tilteknu tímabili, eða

b) að veittur sé lágmarksfjöldi hvíldarstunda á tilteknu tímabili.

Hámarksfjöldi vinnustunda eða lágmarksfjöldi hvíldarstunda skal skilgreindur í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum eða í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

3. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

a) hámarksfjöldi vinnustunda, sem ekki skal vera meiri en:

   i) 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og

   ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili,

   eða

b) lágmarksfjöldi hvíldarstunda, sem ekki skal vera minni en:

   i) 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og

   ii) 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

4. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

5. Í samræmi við almennar meginreglur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og af hlutlægum og

tæknilegum ástæðum eða ástæðum sem varða skipulag vinnunnar, er aðildarríkjunum heimilt að leyfa undantekningar, þar á meðal að koma á viðmiðunartímabilum, frá þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. og 3. og 4. mgr. Slíkar undantekningar skulu, að því marki sem hægt er, vera í samræmi við setta staðla en heimilt er að miða við tíðari eða lengri orlofstímabil eða veitingu uppbótarorlofs fyrir starfsmennina. Mæla má fyrir um slíkar undantekningar í:

a) lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, að því tilskildu að samráð sé haft við fulltrúa vinnuveitenda og viðkomandi starfsmanna og að kapp sé lagt á að hvetja til hvers konar skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins, eða

b) kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

6. Skipstjóri á sjófiskiskipi getur krafist þess að starfsmenn um borð vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru á þeirri stundu vegna öryggis skipsins, skipverja um borð eða farms eða til að koma til aðstoðar öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti.

7. Aðildarríki geta kveðið á um að starfsmenn á sjófiskiskipum, sem landslög eða venja mæla fyrir um að megi ekki stunda veiðar á tilteknu tímabili almanaksársins sem er lengra en einn mánuður, skulu taka árlegt orlof, í samræmi við 7. gr., innan áðurgreinds tímabils.

22. gr.

Ýmis ákvæði

1. Aðildarríki getur látið vera að beita ákvæðum 6. gr., ef það virðir almennu meginreglurnar um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og að því tilskildu að það tryggi að:

a) enginn vinnuveitandi krefjist þess að starfsmaður vinni meira en 48 klukkustundir á sjö daga tímabili, reiknað sem meðaltal á viðmiðunartímabilinu sem um getur í b lið 16. gr., nema hann hafi fyrst hlotið samþykki starfsmannsins til slíkrar vinnu,

b) starfsmaður sé ekki látinn gjalda þess að hann sé ekki reiðubúinn til að samþykkja að inna slíka vinnu af hendi,

c) vinnuveitandinn haldi uppfærðar skrár yfir alla starfsmenn sem inna slíka vinnu af hendi,

d) skrárnar séu hafðar til reiðu fyrir lögbær yfirvöld sem geta af öryggis- og/eða heilbrigðisástæðum bannað eða takmarkað möguleika starfsmanna á að fara fram yfir hámarksvinnutíma á viku,

e) vinnuveitandinn veiti lögbærum yfirvöldum, fari þau fram á slíkt, upplýsingar um tilvik þar sem starfsmenn hafa veitt samþykki fyrir því að vinna meira en 48 stunda vinnu á sjö daga tímabili, reiknað sem meðaltal á viðmiðunartímabilinu sem um getur í b-lið 16. gr.

Ráðið skal með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar og meðfylgjandi matsskýrslu taka ákvæði þessarar málsgreinar til endurskoðunar og ákveða hvernig bregðast skuli við fyrir 23. nóvember 2003.

2. Aðildarríkin skulu eiga þess kost, að því er varðar beitingu 7. gr., að nýta sér aðlögunartímabil sem má þó ekki vera lengra en þrjú ár talið frá 23. nóvember 1996, að því tilskildu að á aðlögunartímabilinu sé tryggt:

a) að allir starfsmenn fái þriggja vikna árlegt orlof á launum enda uppfylli þeir skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða venju, og

b) að greiðsla megi ekki koma í stað þriggja vikna árlegs orlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

3. Nýti aðildarríkin sér þá kosti, sem kveðið er á um í þessari grein, skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

6. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Umfang verndar

Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur laga-, stjórnsýslu- eða samningsákvæði að því er varðar vinnutíma, að því tilskildu að lágmarkskröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt, skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.

24. gr.

Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

2. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum.

3. Framkvæmdastjórnin skal á fimm ára fresti, frá 23. nóvember 1996 að telja, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til 22. og 23. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

25. gr.

Endurskoðun á beitingu ákvæðanna með tilliti til starfsmanna um borð á sjófiskiskipum

Eigi síðar en 1. ágúst 2009 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á evrópskum vettvangi, endurskoða hvernig ákvæðunum er framfylgt að því er varðar starfsmenn á sjófiskiskipum og kanna sérstaklega hvort þessi ákvæði eiga við, einkum með tilliti til öryggis- og heilbrigðismála, með það í huga að leggja til viðeigandi breytingar ef þörf er á.

26. gr.

Endurskoðun á beitingu ákvæðanna með tilliti til þeirra sem starfa við farþegaflutninga

Eigi síðar en 1. ágúst 2005 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á evrópskum vettvangi, endurskoða beitingu ákvæðanna að því er varðar starfsmenn sem annast reglubundna farþegaflutninga í borgum, með það í huga að leggja til viðeigandi breytingar, ef þörf er á, til að tryggja samfellda og viðeigandi stefnu innan geirans.

27. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 93/104/EB, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem um getur í A-hluta I. viðauka, falli úr gildi, samanber þó skyldur aðildarríkjanna varðandi lögleiðingarfresti sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í II. viðauka.

28. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi 2. ágúst 2004.

29. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. TREMONTI
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

NIÐURFELLD TILSKIPUN ÁSAMT BREYTINGUM

(27. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/104/EB (Stjtíð. EB L 307, 13.12.1993, bls. 18)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB, (Stjtíð. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41)

B-HLUTI

LÖGLEIÐINGARFRESTUR

(27. gr.)

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur
93/104/EB	35391
2000/34/EB	1. ágúst 2003 (1)

(1) 1. ágúst 2004 að því er varðar lækna í starfsþjálfun. Sjá 2. gr. tilskipunar 2000/34/EB.

II. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Tilskipun 93/104/EB	Þessi tilskipun
1. til 5. gr.	1. til 5. gr.
Inngangsorð 6. gr.	Inngangsorð 6. gr.
1. mgr. 6. gr.	a-liður 6. gr.
2. mgr. 6. gr.	b-liður 6. gr.
7. gr.	7. gr.
Inngangsorð 8. gr.	Inngangsorð 8. gr.
1. mgr. 8. gr.	a-liður 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	b-liður 8. gr.
9., 10. og 11. gr.,	9., 10. og 11. gr.
Inngangsorð 12. gr.	Inngangsorð 12. gr.
1. mgr. 12. gr.	a-liður 12. gr.
2. mgr. 12. gr.	b-liður 12. gr.
13., 14. og 15. gr.,	13., 14. og 15. gr.
Inngangsorð 16. gr.	Inngangsorð 16. gr.
1. mgr. 16. gr.	a-liður 16. gr.
2. mgr. 16. gr.	b-liður 16. gr.
3. mgr. 16. gr.	c-liður 16. gr.
1. mgr. 17. gr.	1. mgr. 17. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 17. gr.	2. mgr. 17. gr.
1. undirgr. 2. mgr. 17. gr.	a–e-liður 3. mgr. 17. gr.
2. undirgr. 2. mgr. 17. gr.	f–g-liður 3. mgr. 17. gr.
3. undirgr. 2. mgr. 17. gr.	4. mgr. 17. gr.
4. undirgr. 2. mgr. 17. gr.	5. mgr. 17. gr.
3. mgr. 17. gr.	18. gr.
4. mgr. 17. gr.	19. gr.

Tilskipun 93/104/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 17. gr. a	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 17. gr. a	Önnur undirgrein 1. mgr. 20. gr.
3. mgr. 17. gr. a	2. mgr. 20. gr.
4. mgr. 17. gr. a	3. mgr. 20. gr.
1. mgr. 17. gr. b	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 21. gr.
2. mgr. 17. gr. b	Önnur undirgrein 1. mgr. 21. gr.
3. mgr. 17. gr. b	2. mgr. 21. gr.
4. mgr. 17. gr. b	3. mgr. 21. gr.
5. mgr. 17. gr. b	4. mgr. 21. gr.
6. mgr. 17. gr. b	5. mgr. 21. gr.
7. mgr. 17. gr. b	6. mgr. 21. gr.
8. mgr. 17. gr. b	7. mgr. 21. gr.
a-liður 1. mgr. 18. gr.	—
i-liður a-liðar 1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 22. gr.
ii-liður b-liðar 1. mgr. 18. gr.	2. mgr. 22. gr.
c-liður 1. mgr. 18. gr.	3. mgr. 22. gr.
2. mgr. 18. gr.	—
3. mgr. 18. gr.	23. gr.
4. mgr. 18. gr.	1. mgr. 24. gr.
5. mgr. 18. gr.	2. mgr. 24. gr.
6. mgr. 18. gr.	3. mgr. 24. gr.
—	25. gr. ([1])
—	26. gr. ([2])
—	27. gr.
—	28. gr.
19. gr.	29. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

([1]) 3. gr. tilskipunar 2000/34/EB.
([2]) 4. gr. tilskipunar 2000/34/EB.

642. Tillaga til þingsályktunar [436. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina

leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

Með tilskipuninni eru gerðar breytingar á fyrstu félagaréttartilskipuninni frá 1968 varðandi skráningu félaga þannig að skrá megi upplýsingar rafrænt. Markmiðið með breytingunum er að auðvelda hagsmunaaðilum að hafa greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um félög og einnig að einfalda þau formsatriði um birtingu upplýsinga sem félög þurfa að fylgja.

Eigi síðar en 1. janúar 2007 skal vera unnt að senda skylduupplýsingar um hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög rafrænt til hlutafélagaskrár. Auk þess má krefjast þess að öll eða viss félög skuli senda tilteknar upplýsingar rafrænt. Frá sama tíma skal skrá upplýsingar rafrænt, jafnvel með skönnun. Pappírsskjölum, sem tekið hefur verið við fyrir þessi tímamörk, skal eftir þetta breyta í rafrænt form samkvæmt beiðni hverju sinni. Eftir tímamörkin geta aðilar sent skriflega eða rafrænt beiðni um að fá skjöl úr skránni. Miðað við tímamörkin skal unnt að fá eldri skjöl rafrænt a.m.k. tíu ár aftur í tímann enda sé kostnaður greiddur. Biðja þarf sérstaklega um staðfestingu rafrænna skjala samkvæmt reglum þar að lútandi. Lögbirtingablöð eða jafngilt kerfi í einstökum ríkjum mega vera í rafrænu formi og birting upplýsinga á fleiri tungumálum er leyfð. Ríki geta kveðið á um að lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu félaga.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 56/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004 frá 6. febrúar 2004 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 68/151/EBE) XXII. viðauka við samninginn:

„– **32003 L 0058:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð (Stjtíð. ESB L 221, 4.9.2003, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/58/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

([1]) Stjtíð. ESB L ..., ...4.2004, bls. ... og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. ..., ...4.2004, bls. ....
([2]) Stjtíð. ESB L 221, 4.9.2003, bls. 13.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/58/EB

frá 15. júlí 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum g-lið 2. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([4]) nær til skyldu hlutafélaga til að birta röð skjala og upplýsinga.

2) Í tengslum við fjórða áfanga vinnuferlisins „einfaldari löggjöf fyrir innri markaðinn (SLIM)", sem framkvæmdastjórnin kom á í október 1998, gaf vinnuhópur um félagarétt út skýrslu í september 1999 um einföldun á fyrstu og annarri tilskipun um félagarétt þar sem sett voru fram sérstök tilmæli,

3) Endurnýjun tilskipunar 68/151/EBE, samkvæmt línunum sem lagðar voru í þessum tilmælum, á ekki aðeins að auðvelda það að því mikilvæga markmiði verði náð að hagsmunaaðilar hafi greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um félög, heldur einnig einfalda verulega formsatriði um birtingu sem félög þurfa að fylgja.

4) Skráin yfir félög, sem tilskipun 68/151/EBE gildir um, skal uppfærð með hliðsjón af þeim nýju félagagerðum, sem hefur verið komið á,

([1]) Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 377.
([2]) Stjtíð. EB C 85, 8.4.2003, bls. 13.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 11. júní 2003.

([4]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

eða þeim félagagerðum sem hafa verið lagðar niður innanlands síðan sú tilskipun var samþykkt.

5) Margar tilskipanir hafa verið samþykktar frá árinu 1968 með það að markmiði að samræma kröfur sem gilda um bókhaldsgögn sem félög þurfa að semja, nánar tiltekið fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]), sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([2]), tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([3]) og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([4]). Tilvísununum í tilskipun 68/151/EBE í bókhaldsgögnin, sem ber að birta samkvæmt þessum tilskipunum, skal breyta til samræmis.

6) Í tengslum við fyrirhugaða endurnýjun og með fyrirvara um mikilvægar kröfur og formsatriði, sem aðildarríkin hafa komið á með landslögum, skulu félög geta valið hvort þau senda skyldubundin skjöl og upplýsingar á pappír eða með rafrænum hætti.

7) Hagsmunaaðilar skulu geta fengið endurrit af slíkum skjölum og upplýsingum úr skránni á pappír svo og með rafrænum hætti.

8) Aðildarríkjunum skal heimilt að ákveða að hafa lögbirtingablaðið, sem tilnefnt er til útgáfu á skyldubundnum skjölum og upplýsingum, á pappírsformi eða rafrænu formi eða að sjá um að það sé birt á jafnskilvirkan hátt.

9) Bæta skal aðgang yfir landamæri að upplýsingum um félög með því að leyfa, til viðbótar við lögbundna birtingarskyldu á einu þeirra tungumála sem leyfð eru í aðildarríki félagsins, að valfrjálst sé að skrá skjölin og upplýsingarnar á öðrum tungumálum. Þriðji aðili, sem starfar í góðri trú, á að geta reitt sig á þessar þýðingar.

10) Þess ber að geta að yfirlýsingin um skyldubundnar upplýsingar, sem um getur í 4. gr tilskipunar 68/151/EBE, skal koma fram í öllum bréfum og eyðublöðum fyrir pantanir félagsins, hvort sem þau eru á pappírsformi eða á öðrum miðli. Í ljósi tækniþróunar er einnig rétt að þessum yfirlýsingum verði komið fyrir á vefsetri félagsins.

11) Breyta ber tilskipun 68/151/EBE til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 68/151/EBE er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað þriðja undirliðar komi eftirfarandi:

„*—í Frakklandi:*

la société anonyme, la société en commandite par actions, la société à responsabilité limitée, la société par actions simplifiée,“

b) í stað sjötta undirliðar komi eftirfarandi:

„*—í Hollandi:*

de naamloze vennootschap, de besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid,“

c) í stað níunda undirliðar komi eftirfarandi:

„*—í Danmörku:*

aktieselskab, kommanditaktieselskab, anpartsselskab,“

d) í stað fjórtánda undirliðar komi eftirfarandi:

„*—í Finnlandi:*

yksityinen osakeyhtiö/privat aktiebolag, julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag,“

2. 2. gr.

a) Í stað f-liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„f) bókhaldsgögn fyrir hvert fjárhagsár sem ber að birta samkvæmt tilskipunum ráðsins 78/660 /EBE (*), 83/349/EBE (**), 86/635/EBE (***) og 91/674/EBE (****):

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2003/38/EB (Stjtíð. EB L 120, 15.5.2003, bls. 22).

([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

([3]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

([4]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

(*) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2003/38/EB (Stjtíð. EB L 120, 15.5.2003, bls. 22).

(**) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Til-

skipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

(***) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/51/EB.

(****) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.“,

b) 2. mgr. falli brott.

3. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

1. Í hverju aðildarríki skal geyma möppu í aðalskrá, verslanaskrá eða félagaskrá fyrir hvert félag sem þar er skráð.

2. Öll skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 2. gr., skal varðveita í möppunni eða færa í skrána. Efnisinnihald færslna í skrána skal í öllum tilvikum koma fram í möppunni.

Aðildarríkjunum ber að tryggja að fyrir 1. janúar 2007 gefist félögum, sem og öðrum einstaklingum og stofnunum, sem ber skylda til að senda tilkynningar eða standa að þeim, kostur á að senda inn skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 2. gr., með rafrænum hætti.

Að auki geta aðildarríkin krafið alla eða tiltekna flokka félaga um að senda inn allar eða tilteknar gerðir slíkra skjala og upplýsinga með rafrænum hætti.

Öll skjöl og upplýsingar, sem um getur í 2. gr. og eru send inn eigi síðar en 1. janúar 2007, hvort sem er á pappír eða með rafrænum hætti, skal varðveita í möppunni eða færa í skrána, á rafrænu formi. Aðildarríkin skulu í þessu skyni tryggja að öll slík skjöl og upplýsingar, sem eru send inn á pappír eigi síðar en 1. janúar 2007, verði færð yfir í rafrænt form í skránni.

Skjölin og upplýsingarnar, sem um getur í 2. gr. og hafa verið send inn á pappír fram til 31. desember 2006, þarf ekki að færa sjálfkrafa yfir á rafrænt form í skránni. Aðildarríkin skulu engu að síður tryggja að þau séu færð yfir á rafrænt form í skránni eftir að hafa tekið við umsókn um birtingu með rafrænum hætti í samræmi við reglurnar sem samþykktar voru til framkvæmdar 3. mgr.

3. Endurrit af skjölunum eða upplýsingunum, sem um getur í 2. gr., skulu vera fáanleg í heild eða að hluta við umsókn. Eigi síðar en 1. janúar 2007 getur umsækjandi lagt inn umsóknir í skrána á pappír eða með rafrænum hætti að eigin vali.

Frá og með degi sem hvert aðildarríki velur, sem skal vera eigi síðar en 1. janúar 2007, skulu endurrit, sem um getur í fyrstu undirgrein, vera fáanleg úr skránni á pappír eða með rafrænum hætti, að vali umsækjanda. Þetta gildir um öll skjöl og upplýsingar án tillits til þess hvort þau voru send inn fyrir eða eftir tiltekinn dag. Þó geta aðildarríkin ákveðið að allar eða tilteknar gerðir skjala og upplýsinga, sem send voru inn á pappír tiltekinn dag eða fyrir þann dag, sem má eigi vera síðar en 31. desember 2006, verði ekki fáanlegar úr skránni með rafrænum hætti ef tiltekinn tími hefur liðið frá því að þau voru send inn og þar til umsóknin er lögð inn í skrána. Þessi tiltekni tími má ekki vera skemmri en eitt ár.

Gjaldið fyrir að fá endurrit af skjölunum eða upplýsingunum, sem um getur í 2. gr, í heild eða að hluta, á pappír eða með rafrænum hætti, skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við gerð þeirra.

Pappírsendurrit, sem látin eru í té, skulu vera staðfest sem „rétt endurrit“ nema umsækjandi telji slíka staðfestingu óþarfa. Rafræn endurrit, sem látin eru í té, skulu ekki vera staðfest sem „rétt endurrit“ nema umsækjandi óski eftir slíkri staðfestingu.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að staðfesting á rafrænum endurritum tryggi bæði að uppruni þeirra sé ósvikinn og sanngildi efnis þeirra, með því að nota a.m.k. þróaða, rafræna undirskrift í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (*).

4. Birting skjala og upplýsinga, sem um getur í 2. mgr., kemur til framkvæmda með útgáfu textans í heild eða að hluta í lögbirtingablaði, sem aðildarríkin tilnefna, eða með tilvísun til skjalsins sem hefur verið fært inn í möppuna eða skrána. Lögbirtingablaðið, sem tilnefnt er til þessa, getur verið á rafrænu formi.

Aðildarríkin geta ákveðið að í stað útgáfu í lögbirtingablaði komi jafnskilvirk úrræði, sem skulu fela í sér notkun á kerfi þar sem nálgast má upplýsingarnar, sem birtar eru, í tímaröð um miðlægan, rafrænan verkvang.

5. Félagið getur aðeins borið fyrir sig skjölin og upplýsingarnar gagnvart þriðja aðila eftir að þau

hafa verið birt í samræmi við 4. mgr., nema félagið sýni fram á að þriðji aðili hafi haft vitneskju um þau.

Ef viðskipti eiga sér stað fyrir 16. dag eftir birtingu skal þó ekki bera fyrir sig skjöl og upplýsingar gagnvart þriðja aðila sem sannar að það hafi verið ómögulegt fyrir hann að vita um þau.

6. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast misræmi milli upplýsinga sem eru birtar í samræmi við 4. mgr. og þeirra sem fram koma í skrá eða möppu.

Ef um misræmi er að ræða er þó óheimilt að bera fyrir sig upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 4. mgr. gagnvart þriðja aðila; þriðji aðili getur engu að síður borið þær fyrir sig, nema félagið sýni fram á að hann hafi haft vitneskju um upplýsingarnar sem varðveittar eru í möppunni eða færðar í skrána.

7. Enn fremur getur þriðji aðili ávallt borið fyrir sig skjöl og upplýsingar þótt formsatriðum um birtingu hafi ekki enn verið fullnægt, nema ástæðan fyrir því að skjöl öðlast ekki gildi sé sú að þau hafi ekki verið birt.

8. Að því er snertir þessa grein merkir hugtakið „með rafrænum hætti“ að upplýsingarnar eru upphaflega sendar og tekið við þeim á ákvörðunarstað með rafrænum búnaði fyrir vinnslu (þ.m.t. stafræn samþjöppun) og geymslu gagna og eingöngu sendar, fluttar og mótteknar á þann hátt sem aðildarríkin ákveða, með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

(*) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.“

4. Eftirfarandi grein bætist við:

„*3. gr. a*

1. Skjöl og upplýsingar, sem ber að birta skv. 2. gr. skulu samin og send á einu af þeim tungumálum sem leyfð eru í reglum um tungumál í aðildarríkinu þar sem mappan, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., er geymd.

2. Auk lögbundnu birtingarskyldunnar, sem um getur í 3. gr., skulu aðildarríkin leyfa valfrjálsa birtingu skjala og upplýsinga, sem um getur í 2. gr., í samræmi við 3. gr. á einhverju opinberu tungumáli eða tungumálum Bandalagsins.

Aðildarríkin geta fyrirskipað að þýðing slíkra skjala og upplýsinga verði löggilt. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda þriðja aðila aðgang að þýðingum sem frjálst er að birta.

3. Auk lögbundnu birtingarskyldunnar, sem getið er í 3. gr., og valfrjálsu birtingarinnar, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, geta aðildarríkin leyft að viðkomandi skjöl og upplýsingar séu birt á einhverju öðru tungumáli eða tungumálum í samræmi við 3. gr.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þýðing slíkra skjala og upplýsinga verði löggilt.

4. Ef um misræmi er að ræða milli skjalanna og upplýsinganna, sem birt eru á opinberum tungumálum skrárinnar, og þýðingarinnar, sem valfrjálst er að birta, er ekki hægt að bera fyrir sig hið síðarnefnda gagnvart þriðja aðila. Þriðji aðili getur engu að síður borið fyrir sig þýðingarnar sem valfrjálst er að birta, nema félagið sýni fram á að þriðji aðilinn hafi haft vitneskju um þá útgáfu sem lögbundna birtingarskyldan gildir um.“

5. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að í bréfum og á eyðublöðum fyrir pantanir, hvort sem er á pappírsformi eða á öðrum miðli, komi fram eftirfarandi upplýsingar:

a) nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á skrána þar sem mappan, sem getið er í 3. gr. er geymd, ásamt númeri félagsins í þeirri skrá,

b) löglegt form félagsins, staðsetning skráðar skrifstofu þess og, þar sem við á, að verið sé að slíta félagi.

Þegar eigið fé félagsins er nefnt í þessum skjölum skal átt við skráð hlutafé sem greitt hefur verið að fullu.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að á vefsetri félaga skuli vera a.m.k. upplýsingarnar sem getið er í fyrstu málsgrein og, ef við á, tilvísun til skráðs hlutafjár sem greitt hefur verið að fullu.“

6. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„*6. gr.*

Aðildarríkin skulu setja ákvæði um viðeigandi refsingu í eftirfarandi tilvikum:

a) ef vanrækt er að birta bókhaldsgögn svo sem mælt er fyrir um í f-lið 1. mgr. 2. gr.,

b) ef tilskildar upplýsingar, sem kveðið er á um í 4. gr., vantar í viðskiptaskjöl eða á vefsetur félags."

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu, ef við á, um breytingar á þessari tilskipun í ljósi þeirrar reynslu sem fæst við beitingu hennar, um markmið hennar og um þá tækniþróun sem hefur orðið á þeim tíma.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. TREMONTI
forseti.	*forseti.*

643. Tillaga til þingsályktunar [437. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

811-1.11	Barnabætur		5.430,0				5.430,0	5.357,4	72,6
09-821	**Vaxtabætur**		**4.605,0**	**600,0**			**5.205,0**	**5.756,0**	**-551,0**
821-1.11	Vaxtabætur		4.605,0	600,0			5.205,0	5.756,0	-551,0
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**21,6**	**2,7**				**24,3**	**5,4**	**18,9**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	21,6	2,7				24,3	5,4	18,9
09-905	**Ríkiskaup**	**12,4**			**2,5**	**5,7**	**20,6**	**-1,2**	**21,8**
905-1.01	Ríkiskaup	12,4			2,5	5,7	20,6	-1,2	21,8
09-950	**Rekstrarhagræðing**								
950-1.90	Rekstrarhagræðing								

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-971	**Ríkisábyrgðir**							**-23,8**	**23,8**
971-6.01	Ríkisábyrgðir							-23,8	23,8
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**-31,2**	**62,2**		**1,1**	**9,0**	**41,1**	**53,9**	**-12,8**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	-31,2	62,2		1,1	9,0	41,1	53,9	-12,8
09-973	**Tapaðar kröfur og tjónabætur**		**210,0**		**-2,2**		**207,8**	**86,3**	**121,5**
973-6.11	Tapaðar kröfur		190,0				190,0	86,3	103,7
973-6.15	Tjónabætur		20,0		-2,2		17,8		17,8
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarh**	**-1,9**	**43,0**	**15,2**	**4,5**		**60,8**	**28,3**	**32,5**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	82,0					82,0	-9,7	91,7
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-36,2	9,7		4,5		-22,0	15,2	-37,2
980-6.21	Húsnæði	-73,4	20,3	15,2			-37,9	17,9	-55,8
980-6.41	Tölvubúnaður	25,7	13,0				38,7	4,9	33,8
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**	**-1,8**	**114,5**		**562,2**		**674,9**	**567,5**	**107,4**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga	-2,6	14,5				11,9	4,4	7,5
981-6.25	Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 164	0,8					0,8	0,7	0,1
981-6.26	Grensásvegur 9		100,0				100,0	1,9	98,1
981-6.91	Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga				0,3		0,3	0,3	
981-6.92	Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga				0,9		0,9	0,7	0,2
981-6.93	Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga				1,8		1,8	1,8	
981-6.94	Ýmsar fasteignir skv.7.gr.fjárlaga				559,2		559,2	557,7	1,5
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**43,7**			**0,6**		**44,3**	**33,8**	**10,5**
984-1.01	Yfirstjórn	461,9	50,5		0,6		513,0	50,3	462,7
984-1.11	Rekstur fasteigna	-62,9	-805,0				-867,9	-838,5	-29,4
984-5.21	Viðhald fasteigna	-355,3	754,5				399,2	822,0	-422,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-989	**Launa- og verðlagsmál**		**678,3**	**232,5**	**-852,8**		**58,0**		**58,0**
989-1.90	Launa- og verðlagsmál		678,3	232,5	-852,8		58,0		58,0
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**	**47,6**	**200,0**		**-231,2**		**16,4**		**16,4**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarin	47,6	200,0		-231,2		16,4		16,4
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**17,8**	**21,0**				**38,8**		**38,8**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	17,8	21,0				38,8		38,8
09-999	**Ýmislegt**	**132,7**	**605,8**	**96,5**	**84,6**		**919,6**	**666,4**	**253,2**
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	67,2	40,1		-0,3		107,0	9,8	97,2
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	47,4	27,1				74,5	5,2	69,3
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri	2,2	7,2				9,4	6,1	3,3
999-1.13	Kjarasamningar	4,6	15,0		0,2		19,8	9,5	10,3
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum		36,3	20,0			56,3	50,8	5,5
999-1.15	Kjararannsóknir	-4,8	8,7		0,1		4,0	7,5	-3,5
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	14,3	30,2				44,5	12,6	31,9
999-1.18	Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild		180,0				180,0	180,0	
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga	0,6	20,0				20,6	20,0	0,6
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda		80,0				80,0	58,9	21,1
999-1.45	Ýmsar nefndir	-14,6	6,9	3,5	0,1		-4,1	16,3	-20,4
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	13,9	8,3				22,2	3,2	19,0
999-1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)		1,6				1,6	1,8	-0,2
999-1.60	Dómkröfur		86,5	40,0			126,5	182,1	-55,6
999-1.65	Kjaranefnd	-34,4	18,7		0,2		-15,5	26,6	-42,1
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-8,7	4,3	5,0	0,1		0,7	12,0	-11,3
999-1.71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	0,5					0,5		0,5
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	-13,9					-13,9	-69,7	55,8
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings		5,0				5,0	2,8	2,2
999-1.90	Óviss útgjöld	36,0	26,9	10,0	86,7		159,6	128,2	31,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
999-1.92	Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl.							1,8	-1,8
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins			18,0			18,0		18,0
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og A	17,2	2,0				19,2	0,9	18,3
999-6.91	Hagræðingarmál	5,2	1,0		-2,5		3,7		3,7
10 Samgönguráðuneyti		***1.491,0***	***17.568,6***	***3.508,9***	***5,7***	***613,1***	***23.187,3***	***18.390,1***	***4.797,2***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**6,2**	**197,6**	**7,0**	**21,2**	**0,6**	**232,6**	**232,0**	**0,6**
101-1.01	Yfirstjórn	6,2	197,6	7,0	21,2	0,6	232,6	232,0	0,6
10-190	**Ýmis verkefni**	**14,0**	**593,1**	**32,8**	**-237,7**		**402,2**	**363,0**	**39,2**
190-1.11	Fastanefndir		5,6		7,0		12,6	1,6	11,0
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	1,6	9,3	-4,0			6,9	7,4	-0,5
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,6	1,5				2,1	1,5	0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	8,0	3,0		-3,0		8,0	4,3	3,7
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna		48,5		7,7		56,2	54,5	1,7
190-1.24	Tilkynningaskylda íslenskra skipa		24,1				24,1	24,1	
190-1.25	Staðsetningarkerfi	7,9	6,1	12,0	-4,0		22,0	1,5	20,5
190-1.26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO		1,1				1,1	3,5	-2,4
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	14,5			-2,7		11,8	13,3	-1,5
190-1.29	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum		11,9				11,9	11,9	
190-1.32	Slysavarnafélagið Landsbjörg	2,0	48,9		-2,0		48,9	48,9	
190-1.34	Flugskóli Íslands	-0,1	9,7	12,3			21,9	22,0	-0,1
190-1.41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda		1,0				1,0	1,0	
190-1.42	Gestastofur, söfn og markaðsstarf	-2,7	14,0				11,3	16,9	-5,6
190-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	-29,5	300,0		-225,7		44,8	26,0	18,8
190-1.45	Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	1,0	7,5				8,5	8,5	
190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-0,3	66,5		-8,5		57,7	67,0	-9,3
190-1.48	Hestamiðstöð Íslands		5,0				5,0	5,0	
190-1.51	Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	7,0			-7,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
190-1.52	Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á			12,5			12,5	12,5	
190-1.90	Ýmislegt	4,0	19,4		0,5		23,9	21,6	2,3
190-6.41	Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla		10,0				10,0	10,0	
10-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
10-211	**Vegagerðin**	**304,9**	**12.821,8**	**3.400,0**		**8,0**	**16.534,7**	**13.736,6**	**2.798,1**
211-1.01	Yfirstjórn	-337,9	444,1	37,9		8,0	152,1	429,4	-277,3
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	-204,7					-204,7	-10,1	-194,6
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	-417,5	344,9	283,1			210,5	549,2	-338,7
211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	13,1	132,4	-1,4			144,1	116,5	27,6
211-5.05	Þjónusta	-368,8	2.242,3	261,7			2.135,2	2.237,1	-101,9
211-5.10	Viðhald	-126,4	2.084,9	160,1			2.118,6	2.010,8	107,8
211-6.10	Nýframkvæmdir	1.832,1	6.979,4	2.657,0			11.468,5	7.818,5	3.650,0
211-6.21	Landsvegir	-163,1	117,5	-0,5			-46,1	116,2	-162,3
211-6.40	Tilraunir	15,7	103,2	1,8			120,7	118,2	2,5
211-6.43	Safnvegir	-2,8	278,0	0,4			275,6	266,1	9,5
211-6.45	Styrkvegir	31,0	55,2	-0,2			86,0	50,3	35,7
211-6.47	Reiðvegir	34,2	39,9	0,1			74,2	34,4	39,8
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**959,0**	**1.704,9**	**28,4**	**-931,9**	**-4,2**	**1.756,2**	**989,1**	**767,1**
335-1.01	Yfirstjórn	34,1	344,6	27,5	23,5	-4,2	425,5	399,1	26,4
335-1.11	Rekstur strandarstöðva		158,1	14,4			172,5	173,6	-1,1
335-6.01	Tæki og búnaður	10,1	20,7				30,8	7,7	23,1
335-6.60	Vitabyggingar	17,8	11,5				29,3	16,6	12,7
335-6.70	Hafnamannvirki	880,6	1.066,0	-17,5	-980,9		948,2	281,1	667,1
335-6.74	Lendingabætur	-1,0	3,8	4,0			6,8	7,0	-0,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
335-6.76	Ferjubryggjur	-3,4	6,5				3,1	0,5	2,6
335-6.80	Sjóvarnargarðar	20,8	77,1		25,5		123,4	86,9	36,5
335-6.90	Hafnabótasjóður, framlag		16,6				16,6	16,6	
10-336	**Hafnabótasjóður**				**930,4**	**318,3**	**1.248,7**	**537,9**	**710,8**
336-1.01	Hafnabótasjóður							-32,3	32,3
336-6.70	Hafnamannvirki				930,4	318,3	1.248,7	570,2	678,5
10-338	**Hafnabótasjóður, niðurfærsla eignarhluta**							**249,6**	**-249,6**
338-1.01	Hafnabótasjóður, niðurfærsla eignarhluta							249,6	-249,6
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**-1,0**	**30,3**				**29,3**	**32,4**	**-3,1**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	-1,0	30,3				29,3	32,4	-3,1
10-471	**Flugmálastjórn**	**-25,8**	**1.803,0**	**34,9**	**0,3**	**237,2**	**2.049,6**	**1.582,0**	**467,6**
471-1.01	Flugmálastjórn	119,3	1.012,4	-134,0	105,0	33,3	1.136,0	1.151,3	-15,3
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	-53,1					-53,1	-78,2	25,1
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugm	69,0	97,5				166,5	90,0	76,5
471-5.41	Flugvellir, viðhald			174,0			174,0	23,1	150,9
471-6.41	Flugvellir, framkvæmdir	-161,0	693,1	-5,1	-104,7	203,9	626,2	395,8	230,4
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-4,7**	**24,7**	**5,8**			**25,8**	**26,4**	**-0,6**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-4,7	24,7	5,8			25,8	26,4	-0,6
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**225,7**	**146,4**		**16,3**	**53,3**	**441,7**	**196,9**	**244,8**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	225,7	146,4		16,3	53,3	441,7	196,9	244,8
10-651	**Ferðamálaráð**	**-1,3**	**241,8**		**226,1**	**-0,1**	**466,5**	**444,2**	**22,3**
651-1.01	Ferðamálaráð	-17,2	48,6		0,3	-0,1	31,6	68,8	-37,2
651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	-1,5	92,1		225,8		316,4	293,7	22,7
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	1,4	31,0				32,4	22,6	9,8
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-0,6	12,3				11,7	12,0	-0,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	9,9	49,8				59,7	40,3	19,4
651-1.81	Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	6,7	8,0				14,7	6,8	7,9
10-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**14,0**			**-14,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	14,0			-14,0				
11 Iðnaðarráðuneyti		***587,3***	***3.205,1***	***814,5***	***-35,7***	***-1,5***	***4.569,7***	***4.731,9***	***-162,2***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**1,2**	**111,3**	**-1,6**	**8,5**		**119,4**	**116,3**	**3,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-0,8	110,2	-1,6	8,5		116,3	116,3	
101-6.01	Tæki og búnaður	2,0	1,1				3,1		3,1
11-102	**Einkaleyfastofan**	**32,0**	**118,5**		**0,4**	**-0,7**	**150,2**	**103,3**	**46,9**
102-1.01	Einkaleyfastofan	26,4	113,7		0,4	-0,7	139,8	100,8	39,0
102-6.01	Tæki og búnaður	5,6	4,8				10,4	2,5	7,9
11-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**8,8**	**146,4**	**5,0**	**6,2**	**-0,1**	**166,3**	**145,9**	**20,4**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	-19,2	137,7	5,0	6,2	-0,1	129,6	139,7	-10,1
201-6.01	Tæki og búnaður	28,0	8,7				36,7	6,2	30,5
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**7,9**	**87,5**		**0,1**	**7,4**	**102,9**	**86,0**	**16,9**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	18,3	83,0		0,1	7,4	108,8	82,4	26,4
203-6.01	Tæki og búnaður	-10,4	4,5				-5,9	3,6	-9,5
11-213	**Sementsverksmiðjan hf.**							**885,0**	**-885,0**
213-1.01	Sementsverksmiðjan hf.							885,0	-885,0
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**3,4**	**14,4**	**13,4**	**4,5**		**35,7**	**35,1**	**0,6**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	3,4	14,4	13,4	4,5		35,7	35,1	0,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
11-245	**Samtök iðnaðarins**		**203,0**			**-5,5**	**197,5**	**197,5**	
245-1.10	Samtök iðnaðarins		203,0			-5,5	197,5	197,5	
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslan**	**104,7**	**75,0**				**179,7**	**26,0**	**153,7**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	104,7	75,0				179,7	26,0	153,7
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**98,4**	**187,9**	**5,0**	**15,1**	**-2,3**	**304,1**	**259,1**	**45,0**
299-1.19	Staðlaráð	6,1	31,7			-2,3	35,5	36,2	-0,7
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	-1,3	6,7				5,4	6,4	-1,0
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	8,6	19,5		5,0		33,1	15,6	17,5
299-1.45	Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mýv		5,0				5,0	5,0	
299-1.46	Hestamiðstöð Íslands		5,0				5,0	5,0	
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	69,9	83,4		4,6		157,9	144,6	13,3
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	15,1	36,6	5,0	5,5		62,2	46,3	15,9
11-301	**Orkustofnun**	**176,6**	**272,3**	**45,2**	**8,2**	**-0,3**	**502,0**	**294,6**	**207,4**
301-1.01	Yfirstjórn	-635,8	47,9	45,2	403,8	-0,3	-139,2	137,4	-276,6
301-1.02	Orkumálasvið	391,5	92,8		-197,3		287,0	31,0	256,0
301-1.03	Orkurannsóknir	552,7	120,4		-270,9		402,2	71,8	330,4
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3			3,3				
301-6.01	Tæki og búnaður	-128,5	11,2		69,3		-48,0	54,4	-102,4
11-371	**Orkusjóður**		**82,8**				**82,8**	**82,8**	
371-1.01	Rekstur Orkusjóðs		2,5				2,5	2,5	
371-1.11	Nýting innlendra orkulinda		16,5				16,5	16,5	
371-1.13	Jarðhitaleit		11,8				11,8	11,8	
371-1.23	Notendur utan samveitna		2,0				2,0	2,0	
371-6.11	Virkjanarannsóknir		50,0				50,0	50,0	
11-373	**Niðurgreiðslur á húshitun**		**847,0**				**847,0**	**852,1**	**-5,1**
373-1.11	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis		847,0				847,0	852,1	-5,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
11-399	**Ýmis orkumál**	**-0,1**	**466,3**	**47,5**			**513,7**	**500,2**	**13,5**
399-1.13	Hafsbotnsrannsóknir		289,4				289,4	289,4	
399-1.16	Styrking dreifikerfis í sveitum		142,0				142,0	142,0	
399-1.17	Fjárfestingarstofan, orkusvið		10,0	41,5			51,5	51,5	
399-1.18	Hitaveitur á köldum svæðum		5,0				5,0		5,0
399-1.21	Nýskipan orkumála	-0,1	8,9	6,0			14,8	6,3	8,5
399-1.23	Þróunarverkefni o.fl.		11,0				11,0	11,0	
11-401	**Byggðaáætlun**	**154,2**	**285,1**		**-57,0**		**382,3**	**162,1**	**220,2**
401-1.10	Byggðaáætlun	154,2	285,1		-57,0		382,3	162,1	220,2
11-411	**Byggðastofnun**	**0,2**	**285,6**	**700,0**	**0,3**		**986,1**	**985,9**	**0,2**
411-1.10	Byggðastofnun	0,2	184,2		0,2		184,6	184,4	0,2
411-1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni		101,4		0,1		101,5	101,5	
411-1.13	Atvinnuþróunarátak			700,0			700,0	700,0	
11-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**14,0**		**-14,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		14,0		-14,0				
12 Viðskiptaráðuneyti		***142,0***	***1.446,2***	***-12,2***	***2,5***	***-10,9***	***1.567,6***	***1.419,0***	***148,6***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**0,9**	**110,4**		**2,4**	**1,6**	**115,3**	**111,7**	**3,6**
101-1.01	Yfirstjórn	0,9	110,4		2,4	1,6	115,3	111,7	3,6
12-190	**Ýmis verkefni**	**24,5**	**36,9**		**2,0**	**-0,1**	**63,3**	**47,4**	**15,9**
190-1.10	Neytendasamtökin	-1,7	8,5				6,8	8,5	-1,7
190-1.15	Fastanefndir	2,7	2,1				4,8	1,2	3,6
190-1.20	Icepro-nefnd	0,9	4,6			-0,1	5,4	4,8	0,6
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	22,6	21,7		2,0		46,3	32,9	13,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
12-199	**Ráðstöfunarfé**		**3,0**		**-3,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		3,0		-3,0				
12-302	**Löggildingarstofa**	**33,2**	**212,5**	**-9,5**	**0,6**	**-4,8**	**232,0**	**192,0**	**40,0**
302-1.01	Löggildingarstofa	64,7	210,2	-9,5	0,6	-4,8	261,2	188,8	72,4
302-6.01	Tæki og búnaður	-31,5	2,3				-29,2	3,2	-32,4
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**76,0**	**268,6**			**-8,8**	**335,8**	**254,2**	**81,6**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	76,0	268,6			-8,8	335,8	254,2	81,6
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**		**481,0**			**-24,0**	**457,0**	**457,0**	
811-1.10	Flutningssjóður olíuvara		481,0			-24,0	457,0	457,0	
12-821	**Flutningssjóður sements**		**165,0**			**25,2**	**190,2**	**190,2**	
821-1.10	Flutningssjóður sements		165,0			25,2	190,2	190,2	
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**7,4**	**154,0**	**-2,7**	**0,5**		**159,2**	**151,7**	**7,5**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	14,1	152,1	-2,7	0,5		164,0	151,7	12,3
902-6.01	Tæki og búnaður	-6,7	1,9				-4,8		-4,8
12-999	**Ýmis viðskiptamál**		**14,8**				**14,8**	**14,8**	
999-1.10	Fjárfestingarstofan, almennt svið		14,8				14,8	14,8	
13 Hagstofa Íslands		***34,5***	***539,2***	***30,2***	***8,3***	***12,8***	***625,0***	***649,0***	***-24,0***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**34,5**	**524,2**	**30,2**	**23,3**	**12,8**	**625,0**	**649,0**	**-24,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-65,4	404,0	-1,4	22,9	16,9	377,0	471,1	-94,1
101-1.50	Þjóðskráin	53,6	106,6	31,6	0,4	-4,1	188,1	111,4	76,7
101-6.01	Tæki og búnaður	46,3	13,6				59,9	66,5	-6,6
13-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**15,0**		**-15,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		15,0		-15,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14 Umhverfisráðuneyti		***706,2***	***3.272,7***	***832,1***	***64,8***	***114,6***	***4.990,4***	***4.197,8***	***792,6***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**1,4**	**201,8**	**3,0**	**30,9**	**-0,7**	**236,4**	**234,1**	**2,3**
101-1.01	Yfirstjórn	12,0	198,8	3,0	30,9	-0,7	244,0	227,0	17,0
101-6.01	Tæki og búnaður	-10,6	3,0				-7,6	7,1	-14,7
14-190	**Ýmis verkefni**	**28,3**	**162,8**	**13,5**	**35,7**	**0,9**	**241,2**	**220,0**	**21,2**
190-1.10	Fastanefndir	-6,6	7,9		12,5		13,8	12,1	1,7
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-0,3	8,1		0,1		7,9	9,2	-1,3
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	1,1	28,2		2,6	0,7	32,6	20,9	11,7
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-3,6	13,0				9,4	13,0	-3,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	10,2	28,0			0,2	38,4	25,3	13,1
190-1.40	Alþjóðastofnanir		22,5	6,0	-15,2		13,3	16,2	-2,9
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæg	-0,5	12,5		-0,9		11,1	8,7	2,4
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mei		6,5				6,5	6,5	
190-1.51	Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	0,9	3,0	1,5			5,4	2,9	2,5
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	23,4	1,1				24,5	25,0	-0,5
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	-0,2	6,7				6,5	5,0	1,5
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	3,0			36,5		39,5	39,1	0,4
190-1.59	Náttúruverndarráð								
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-3,2	14,8	6,0	0,1		17,7	23,6	-5,9
190-1.90	Ýmis verkefni	4,1	10,5				14,6	12,5	2,1
14-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-2,8**	**6,8**				**4,0**	**6,6**	**-2,6**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-2,8	6,8				4,0	6,6	-2,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
14-211	**Umhverfisstofnun**	**0,6**	**529,3**	**2,0**	**1,2**	**28,2**	**561,3**	**562,1**	**-0,8**
211-1.01	Umhverfisstofnun	-3,0	466,8	2,0	1,1	28,2	495,1	523,5	-28,4
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref o;	-5,1	19,5		0,1		14,5	18,9	-4,4
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	53,5	6,0				59,5	0,9	58,6
211-6.01	Tæki og búnaður	-44,8	37,0				-7,8	18,8	-26,6
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**	**-41,6**	**220,0**				**178,4**	**253,7**	**-75,3**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-41,6	220,0				178,4	253,7	-75,3
14-285	**Spilliefnasjóður**		**162,8**	**-162,8**					
285-1.01	Almennur rekstur		11,1	-11,1					
285-1.10	Eyðing spilliefna		151,7	-151,7					
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**6,9**		**365,0**			**371,9**	**274,2**	**97,7**
287-1.01	Almennur rekstur	-16,3		45,0			28,7	38,6	-9,9
287-1.10	Úrvinnslusjóður	23,2		320,0			343,2	235,6	107,6
14-289	**Endurvinnslan hf.**		**596,0**			**115,1**	**711,1**	**711,1**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun		596,0			115,1	711,1	711,1	
14-301	**Skipulagsstofnun**	**28,7**	**123,3**		**0,3**		**152,3**	**135,8**	**16,5**
301-1.01	Skipulagsstofnun	5,3	114,4		0,3		120,0	115,8	4,2
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	23,4	8,9				32,3	20,0	12,3
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**132,1**	**82,0**			**-29,1**	**185,0**	**89,2**	**95,8**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sen	-37,1	45,9			-29,1	-20,3	73,3	-93,6
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s	169,2	36,1				205,3	15,9	189,4
14-310	**Landmælingar Íslands**	**5,2**	**187,4**		**8,4**	**0,2**	**201,2**	**195,3**	**5,9**
310-1.01	Landmælingar Íslands	12,7	182,4		8,4	0,2	203,7	188,3	15,4
310-6.01	Tæki og búnaður	-7,5	5,0				-2,5	7,0	-9,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**113,5**	**113,3**		**0,3**		**227,1**	**128,6**	**98,5**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	125,5	88,7		0,2		214,4	107,9	106,5
321-1.10	Námssjóður	1,7	3,5				5,2	3,8	1,4
321-1.20	Brunamálaskóli	6,1	18,6		0,1		24,8	14,7	10,1
321-6.01	Tæki og búnaður	-19,8	2,5				-17,3	2,2	-19,5
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**474,3**	**198,4**	**554,0**			**1.226,7**	**649,0**	**577,7**
381-1.01	Almennur rekstur	12,7	14,9				27,6	-1,2	28,8
381-6.60	Ofanflóðasjóður	461,6	183,5	554,0			1.199,1	650,2	548,9
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-16,3**	**170,0**		**0,3**		**154,0**	**193,1**	**-39,1**
401-1.01	Yfirstjórn	0,9	19,2				20,1	20,7	-0,6
401-1.02	Setur í Reykjavík	-19,8	112,8		0,2		93,2	127,7	-34,5
401-1.03	Setur á Akureyri	-22,6	30,5		0,1		8,0	41,5	-33,5
401-5.21	Fasteignir	16,9	0,5				17,4		17,4
401-6.01	Tæki og búnaður	8,3	7,0				15,3	3,2	12,1
14-403	**Náttúrustofur**	**1,5**	**56,5**	**2,5**			**60,5**	**61,0**	**-0,5**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	-1,2	12,0				10,8	10,6	0,2
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-1,0	7,5				6,5	6,5	
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	0,2	11,0				11,2	11,0	0,2
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	1,7	11,0				12,7	12,7	
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	0,1	7,5	2,5			10,1	10,0	0,1
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði	1,7	7,5				9,2	10,2	-1,0
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-3,5**	**18,3**		**0,2**		**15,0**	**11,9**	**3,1**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-7,2	16,3		0,2		9,3	11,8	-2,5
407-6.01	Tæki og búnaður	3,7	2,0				5,7	0,1	5,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-22,1**	**424,0**	**54,9**	**7,5**		**464,3**	**472,1**	**-7,8**
410-1.01	Almenn starfsemi	-24,6	395,5	54,9	7,4		433,2	445,0	-11,8
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	2,8			0,1		2,9		2,9
410-6.01	Tæki og búnaður	-0,3	28,5				28,2	27,1	1,1
14-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**15,0**		**-15,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		15,0		-15,0				
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***15.500,0***	***-430,0***			***15.070,0***	***15.255,6***	***-185,6***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**15.500,0**	**-430,0**			**15.070,0**	**15.255,6**	**-185,6**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		15.500,0	-430,0			15.070,0	13.715,5	1.354,5
801-1.20	Inneignarvextir af ríkistekjum							341,1	-341,1
801-1.30	Gengismunur, sala ríkisbanka							1.199,0	-1.199,0

664. Skýrsla [442. mál]

starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi.

(Lögð fyrir Alþingi af fjármálaráðherra á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. Inngangur.

Með samþykkt þingsályktunartillögu 3. maí 2002 ályktaði Alþingi að gera bæri úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

Í kjölfar ályktunarinnar skipaði fjármálaráðherra Geir H. Haarde nefnd 16. júlí 2002 til að gera úttekt á skattsvikum. Í nefndina voru skipaðir Snorri Olsen tollstjóri í Reykjavík, formaður, Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri og Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri ríkisins. Ritari nefndarinnar var skipaður Ólafur Páll Gunnarsson lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Í erindisbréfi nefndarinnar sagði m.a. svo:

„Fjármálaráðherra hefur í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002 ákveðið að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Athuguð verði m.a. eftirfarandi atriði:

Hvernig skattsvik, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi hafa, frá því að nefnd sem kannaði umfang skattsvika skilaði skýrslu á árinu 1993, þróast eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hefur verið af þessum sökum.

Helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar.

Til þess að annast framangreinda úttekt er skipaður 3ja manna starfshópur. Starfshópurinn skal jafnframt leggja fram tillögur til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum.“

2. Helstu niðurstöður nefndarinnar.

Í skýrslunni er greint frá þeim athugunum sem nefndin gerði, ályktunum hennar og tillögum. Áður en að einstökum atriðum þeirra er vikið skulu hér dregin saman helstu atriði skýrslunnar og niðurstöður nefndarinnar.

- Nefndin hefur við athuganir sínar farið yfir öll svið skattframkvæmdar hérlendis og leitað fanga erlendis. Niðurstaða nefndarinnar er einkum sú að skattsvik í formi vanframtalinna tekna kunni að hafa minnkað og skil í virðisaukaskatti batnað. Á hinn bóginn hafa skipulögð skattsvik aukist og nýjar skattsvikaleiðir bæst við, einkum í gegnum erlend samskipti.
- Ekki liggja ekki fyrir reikningslegar úttektir sambærilegar við úttektir sem gerðar voru hérlendis á árunum 1986 og 1993. Var því ákveðið að styðjast við úttektir sem gerðar höfðu verði erlendis og einkum litið til athugana í Svíþjóð og í Danmörku. Niðurstöður nefndarinnar eru byggðar á ályktunum hennar um líklegar breytingar á skattsvikum hér á landi með hliðsjón af hinum erlendu úttektum og reynslu síðustu ára í skatteftirliti og skattrannsóknum.

- Að gefnum þeim fyrirvörum sem í skýrslunni eru um aðferð nefndarinnar við að meta skattsvik hérlendis er það niðurstaða úttektarinnar að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika geti verið 8,5% til 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga.
- Nefndin telur að ástæður skattsvika hér á landi séu margvíslegar. M.a. hafa aðstæður í atvinnu- og viðskiptalífi breyst og skapað ný tækifæri til skattsvika. Skattalöggjöfin þyrfti að duga betur til varnar gegn skattsvikum. Þá hefur ráðgjöf um hvernig koma megi tekjum undan skatti aukist.
- Til að sporna við þeirri þróun sem í skýrslu þessari er rakin og draga úr skattsvikum, eru í skýrslunni gerðar tillögur um margvíslegar ráðstafanir sem flestar miða að því að tryggja eðlilega skattlagningu.
- Nefndin leggur til að gerðar verði ýmsar breytingar á lögum sem m.a. beinast að því að koma í veg fyrir að skattalög verði sniðgengin með því að íslenskir skattaðilar nýti sér skattaparadísir og ýmiss konar lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem sæta eiga skattlagningu hér á landi. Þá þarf að styrkja upplýsingaöflun skattyfirvalda í þessu tilliti.
- Nefndin telur að styrkja þurfi skattframkvæmd og laga hana betur að breyttum aðstæðum, efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og gera starfsskilyrði skattyfirvalda þannig að sem bestum árangri verði náð í baráttu gegn skattsvikum.
- Nefndin telur óhjákvæmilegt að ábyrgð ráðgjafa sem standa að vafasamri eða óábyrgri skattaráðgjöf, rangfærslu bókhalds eða rangri framtalsgerð verði gerð skýrari en nú er. Enn fremur að persónuleg ábyrgð eigenda og forsvarsmanna fyrirtækja vegna skattalagabrota sem framin eru í nafni fyrirtækja þeirra verði skýr.
- Nefndin telur að með tilliti til þeirra fjölmörgu ráðstafana sem grípa má til bæði í löggjöf og framkvæmd sé líklegt að draga megi verulega úr skattsvikum. Breytingar á lögum í þeim tilgangi og markvissar aðgerðir á sviði skattframkvæmdar geta því skilað miklum fjárhagslegum ávinningi, bætt starfsskilyrði og samkeppnisstöðu heiðarlegs atvinnureksturs og aukið jafnræði meðal borgaranna.

3. Störf nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var gert ráð fyrir að nefndin skilaði af sér niðurstöðum fyrir 1. júlí 2003. Það tókst ekki af ýmsum ástæðum sem gerð verður grein fyrir hér síðar.

Nefndin hefur haldið 27 fundi en auk þess hafa einstakir nefndarmenn starfað milli funda. Þá fól nefndin IMG Gallup að gera skoðanakönnun á viðhorfi almennings til skattsvika og ýmissa atriða í skattframkvæmd. Var það að mestu leyti hliðstæð könnun og gerð var á árunum 1985 og 1992 í tengslum við úttekt á umfangi skattsvika á þeim tíma. Tilgangurinn með könnun þessari var tvíþættur, annars vegar að kanna hvernig viðhorf almennings væri til þessa og hins vegar að bera saman niðurstöður fyrri skoðanakannana og meta breytingar og þróun sem orðið hefur á þessum málum síðan. Útdráttur úr skoðanakönnun IMG Gallup fylgir í viðauka IV. Niðurstöður skoðanakönnunarinnar eru birtar í heild sinni á heimasíðu fjármálaráðuneytisins (www.fjarmalaraduneyti.is).

Þá var ákveðið að skrifa ýmsum aðilum sem gætu tjáð sig um eðli skattsvika og umfang þeirra. Var þannig leitað til ýmissa samtaka og stofnana sem skýrt hafa sjónarmið sín varðandi verkefni nefndarinnar.

Þau samtök og stofnanir sem nefndin hefur leitað álits hjá eru: Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bílgreinasambandið, Bændasamtökin, embætti ríkissaksóknara, Félag löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagið, Mat-

væla- og veitingasamband Íslands, Neytendasamtökin, embætti ríkislögreglustjóra, Samtök atvinnulífsins, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjárfesta, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök verslunarinnar, skattstjórar landsins (9), Verslunarráð Íslands og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.

Svör bárust frá nokkrum aðilum, en útdrátt úr svörum er að finna í viðauka II.

4. Afmörkun verkefnisins og gagnaöflun.

Í upphafi starfs nefndarinnar var ákveðið að bera saman niðurstöður úr fyrri skýrslum á grundvelli samanburðar úr þjóðhagsreikningum. Í fyrri skýrslum voru borin saman svokölluð ráðstöfunaruppgjör og framleiðsluuppgjör landsframleiðslu og var mismunurinn túlkaður sem líklegur undandráttur. Aðferðafræði sem þessi er víða þekkt. Þótt vitað sé að ekki er um nákvæman útreikning að ræða þykir hún gefa nokkrar vísbendingar, einkum um breytingar þegar athuganir eru endurteknar. Þannig hafa bresk skattyfirvöld beitt slíkum aðferðum við mat á undanskotum frá virðisaukaskatti þar í landi og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bendir á þær í skrifum um mat á skattstofni virðisaukaskatts.

Í erindisbréfi nefndarinnar er verkefni hennar skilgreint sem úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinnar efnahagsstarfsemi. Í erindisbréfinu er m.a. vísað til skattsniðgöngu og í greinargerð með tillögu til þingsályktunar, sem vitnað er til í því, er vikið sérstaklega að breyttum atvinnuháttum, alþjóðavæðingu o.fl. sem kunni að hafa haft áhrif á umfang skattsvika. Athugun nefndarinnar er því að einhverju leyti frábrugðin fyrri könnunum þar sem sjónum var nú í ríkari mæli en áður beint að skattundandrætti og skattsniðgöngu með aðkomu erlendra eða erlendis skráðra aðila.

Upphafleg áform nefndarinnar um að bera áfram saman áðurgreindar stærðir til þess að meta umfang vanframtalinna tekna gengu ekki eftir. Lagði hún til að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands yrði fengin til að gera slíka úttekt en fjármálaráðuneytið taldi rétt að reynt yrði til þrautar að vinna verkið ásamt Hagstofu Íslands, m.a. með tilliti til samanburðar við fyrri kannanir. Hagstofa Íslands hafði tekið við ýmsum verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hafði áður með höndum, m.a. að gera þjóðhagsreikninga. Hjá Hagstofu Íslands kom fram að vandkvæðum væri háð að útvega umbeðin gögn. Engin gögn bárust því frá Hagstofu Íslands og ber nefndarstarfið þess merki.

Í ljósi þess að ekki yrði unnt að fá gerða hagfræðilega úttekt á umfangi skattsvika var horfið að því ráði að byggja ályktanir um umfang skattsvika á fyrri úttektum og reyna að meta hvort þau hafi breyst annars vegar með hliðsjón af skýrslu frá febrúar 2000, um athugun á því hvernig virðisaukaskattskerfið hefði gengið hérlendis, og hins vegar á erlendum athugunum, aðallega á Norðurlöndum, sem nefndin taldi að gefið gætu vísbendingar um þróun hér á landi.

5. Fyrri úttektir um skattsvik hérlendis.

Á síðustu áratugum hafa þrisvar sinnum verið teknar saman skýrslur um umfang skattsvika og tengd efni hér á landi. Tvisvar hafa verið skipaðar nefndir sem könnuðu umfang skattsvika og einu sinni var skipuð nefnd til að gera úttekt á virðisaukaskattskerfinu og þ.m.t. hvernig skatturinn skilaði sér og hvort undanskot voru mikil. Störf þeirrar nefndar sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu er þannig fjórða úttektin á tæpum tveimur áratugum.

Skattsvikanefndin 1984–1986.

Fyrsta nefndin sem kannaði umfang skattsvika var skipuð 8. september 1984 í kjölfar ályktunar Alþingis 3. maí 1984. Var nefndinni aðallega ætlað að kanna umfang skattsvika og lauk hún störfum með skýrslu sem var lögð fyrir Alþingi 18. apríl 1986. Sú nefnd gerði í ítarlegri skýrslu sinni grein fyrir umfangsmiklum störfum sínum þar sem kannaðir voru helstu áhættuþættir að þessu leyti, í hvaða atvinnugreinum skattsvik væri helst að finna og hversu mikill hluti af landsframleiðslu væri talinn falla undir dulda starfsemi. Sömuleiðis kannaði nefndin ástandið í ýmsum löndum og leitaðist við að leggja mat á hvort ástandið væri betra eða síðra hér á landi. Þá fjallaði nefndin um hvort breyta skyldi löggjöf, skipulagi svo og áherslum skattyfirvalda og hvernig væri árangursríkast að verjast skattsvikum.

Skattsvikanefndin 1992–1993.

Önnur nefndin sem kannaði umfang skattsvika skilaði af sér skýrslu 16. september 1993. Sú nefnd var skipuð í desember 1992 í tilefni af gerð kjarasamninga samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Hlutverk þeirrar nefndar var m.a. að leggja mat á umfang skattsvika, einkum með því að endurmeta niðurstöður nefndarinnar sem lauk störfum í apríl 1986. Enn fremur að gera athugun á því hvaða breytingar hefðu orðið á skattalögum og í skattframkvæmd frá 1985 sem hefðu haft áhrif á möguleika til skattsvika. Loks var hlutverk nefndarinnar að kanna hvaða breytingar þyrfti að gera á ákvæðum skattalaga til að draga úr skattsvikum. Gerði nefndin tillögur um ýmsar ráðstafanir sem hún taldi að mundu sporna við skattsvikum.

Virðisaukaskattsnefndin 1999–2000.

Þriðja nefndin sem gerði viðamikla úttekt á virðisaukaskatti hóf störf 1999 og lauk störfum 25. febrúar 2000. Kannaði sú nefnd m.a. hvort reynslan af upptöku skattsins hefði verið í samræmi við væntingar og hvort tekjur af skattinum hefðu verið eins og reiknað var með. Verkefni þeirrar nefndar var m.a. að athuga þróun heildarveltu í þjóðarbúskapnum og veltu sem tengist virðisaukaskattsskyldri starfsemi ásamt því að athugað var hver þróun innskattsins hefði verið. Þá fjallaði nefndin um skattframkvæmd í virðisaukaskatti og hvort tilefni væri til breytinga í því skyni að sporna við skattsvikum. Loks fjallaði nefndin um hvort ástæða væri til að breyta ýmsum lagaákvæðum í því skyni að gera skattframkvæmdina markvissari en áður hefði verið.

6. Niðurstöður fyrri athugana.

Umfang skattsvika.

Þegar niðurstöður athugananna 1993 og 1986 eru metnar m.a. með tilliti til erlendra athugana, sem vikið er að hér síðar, þarf að hafa í huga að hinar talnalegu niðurstöður athugananna taka ekki til allra skattsvika. Sú aðferð sem beitt var, þ.e. þjóðreikningaaðferðin, gerir upp framtaldar tekjur í samanburði við útgjöld. Hún metur fyrst og fremst vanframtaldar tekjur en í minna mæli skattsvik af öðrum toga, svo sem bókhaldssvik og skattundanskot með erlendu ívafi.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslnanna frá 1986 og 1993 var talið að umfang undanskotinna tekna væri 6% (1986) og 4,25% (1993) af vergri landsframleiðslu. Tekjutap ríkis og sveitarfélaga var áætlað 7–8% (1986) og 9% (1993) af heildarskatttekjum opinberra aðila. Við mat á þessum tölum má hafa í huga að tekjutapið kann að hafa verið nokkru meira vegna framangreindra takmarkana á þeim aðferðum sem matið var byggt á, þ.e. vanmati á bókhaldsrang-

færslum og skattsvikum sem tengjast alþjóðlegum fjármálaráðstöfunum, sem þó líklega hefur ekki verið umtalsvert, a.m.k. ekki 1986 vegna þeirra takmarkana sem þá voru á fjármálaviðskiptum við útlönd.

Eitt af því sem virðisaukaskattsnefndinni 1999–2000 var falið að gera var að leggja mat á þróun í vanskilum á virðisaukaskatti frá því að hann var tekinn upp árið 1990. Var það m.a. gert í ljósi umræðna í fjölmiðlum um víðtæk skattundanskot og fullyrðingar um mikla möguleika á skattsvikum. Í úttekt sem byggðist á samanburði á virðisaukaskattsskyldri veltu samkvæmt skattskýrslum annars vegar og áætluðu umfangi virðisaukaskattsskyldrar starfsemi samkvæmt þjóðhagsreikningum hins vegar virtist umfang vanskila á tímabilinu frá því að skatturinn var tekinn upp ekki hafa aukist og jafnvel farið minnkandi. Niðurstaða nefndarstarfsins hvað varðaði áætluð skattsvik í virðisaukaskatti var að hlutfall rauntekna virðisaukaskatts af reiknuðum virðisaukaskatti samkvæmt þjóðhagsstærðum hefði verið mjög stöðugt frá því að innheimta virðisaukaskatts hófst árið 1990 og hin síðari ár hefði hlutfallið heldur hækkað. Var það talið vísbending um að skil á virðisaukaskatti hefðu farið batnandi á síðustu árum.

Viðhorf til skattsvika.

Í eldri könnunum kom fram að viðhorf almennings er tvíbent, annars vegar er vilji til að taka þátt í undanskotum, en hins vegar er mikill vilji til þess að refsa fyrir skattsvik. Fram kom í skoðanakönnunum að mikill og vaxandi fjöldi hafði með virkum eða óvirkum hætti gerst þátttakandi í skattundanskoti eða taldi sig hafa vitneskju um skattundanskot annarra. Þá kom fram að vilji til skattsvika fer nokkuð eftir því hvort taldar eru líkur á því að upp um þau komist og jafnframt að álit á virkni skatteftirlits hafði farið minnkandi.

Í þeim athugunum, sem gerðar voru á árunum 1984–1986 og 1992–1993, kom skýrt fram að skattsvik eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Mat á skattsvikum eftir atvinnugreinum var gert samkvæmt svokölluðum ISIC-staðli sem miðar við fimm aðalforsendur. Þær voru eftirlitskerfi skattyfirvalda, stærðardreifing fyrirtækjanna í atvinnugreininni, hverjir væru kaupendur afurða greinarinnar, hvort vitneskju og þátttöku kaupenda afurðar sé krafist svo að viðskipti verði dulin og hvaða skattstofni undandráttur beindist að. Þannig mætti flokka öll viðskipti eftir atvinnugreinum í átta áhættuflokka þar sem líkur á skattsvikum í 1. áhættuflokki eru minnstar, 1% í lægsta tilvikinu en 5% í því hæsta. Í 8. áhættuflokk fara atvinnugreinar þar sem líkur á undandrætti eru miklar enda möguleikar á að unnt sé að dylja tekjur miklir og líkur á að upp komist litlar. Í þeim flokki voru líkurnar 13% í lægsta tilviki en 50% í því hæsta.

Síðari skattsvikanefndin endurmat niðurstöður fyrri nefndarinnar og komst við sínar athuganir að sömu niðurstöðum og fyrri nefndin. Í 8. áhættuflokki voru t.d. atvinnugreinar eins og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, ýmiss konar persónutengd þjónusta og veitingastarfsemi. Þannig er talið að áhættan sé mest í þessum atvinnugreinum.

Þau mál sem skattyfirvöld hafa haft til meðferðar á liðnum árum eru flest úr áðurgreindum atvinnugreinum og sömuleiðis eru líkur á að ætlaður undandráttur sé einnig mestur í þessum sömu atvinnugreinum.

7. Skattsvik, skilgreiningar og skýringar.

7.1 Lagalegar skilgreiningar og mismunandi tegundir.

Hugtakið „skattsvik“ er frekar sjaldan notað í lögum. Það er t.d. ekki að finna í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Helsta ákvæðið þar sem hugtakið er nú notað er 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Það ákvæði var lögfest með lögum nr. 40/1978 og hefur verið óbreytt síðan en áður hafði hugtakið m.a. verið notað í 37. gr. laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, en þá var efnisskilyrði tilkynningar skattstjóra til ríkisskattstjóra að um stórfelld skattsvik væri að ræða. Hugtakið er enn fremur notað í 89. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt með sama hætti. Hugtakið hefur verið notað um margra áratuga skeið bæði í dómum og almennri málnotkun samhliða annarri orðnotkun um sama efni.

Orðnotkunin hefur yfir sér blæ ásetnings þótt saknæmisskilyrði núgildandi laga geri einnig ráð fyrir stórkostlegu gáleysi eða stórkostlegu hirðuleysi eins og hugtaksnotkun 109. gr. núgildandi laga ber með sér. Með þessum hætti er einkum verið að fjalla um bein athafnabrot þar sem brotamaður stuðlar að því að hann fái lægri eða enga álagningu með rangri eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Formlega taka skattsvik til allra refsiverðra brota gegn skattalögum. Taka þau til vantandi skattstofna af hverju tagi svo sem vanframtalinna tekna einstaklinga og af atvinnurekstri bæði með rangri tilgreiningu skattstofna vegna vantandi tekna eða offærðs frádráttar. Þá felast oft og tíðum í skattsvikum rangfærsla vörslu- og/eða innheimtuskatta.

Tekjur af atvinnurekstri eru vanframtaldar með ýmsum hætti. Algengast er að tekjur séu beinlínis sagðar lægri en þær raunverulega eru með rangfærslu bókhalds. Hluta tekna er þá haldið utan bókhalds, svo sem með því að nota fleiri en eitt tekjuskráningarkerfi. Hafa gengið margir dómar í málum þar sem brotamaður hefur staðið þannig að verki. Aðrar aðferðir eru þó einnig þekktar, svo sem rangfærsla afrita reikninga, útgáfa kreditreikninga og ranglega ógiltir reikningar. Brotastarfsemi af þessu tagi hefur þau einkenni að viðskiptamaður brotamanns verður ekki var við brotin né heldur geta skattyfirvöld uppgötvað þau við einfalt skatteftirlit.

Ýmiss konar önnur óreiða er hjá aðilum sem vilja dylja tekjur sínar. Algeng aðferð er hreinlega að vanrækja skráningu rekstrartekna í frumstigi sölu, svo sem að sala er ekki skráð í sjóðvél eða sala er ekki skráð á reikning. Hirðuleysi viðskiptamanns um móttöku reiknings eða kvittunar skapar þannig seljandanum tækifæri til að dylja tekjur með þeim hætti einum að halda tekjum utan skráningar. Þessu fylgir einnig að við söluna hefur verið innheimtur virðisaukaskattur sem ekki eru staðin skil á og viðskiptamaður veit ekki betur en skráning tekna hafi réttilega verið framkvæmd. Ákveðnar atvinnugreinar eru sýnu verstar hvað þetta varðar. Það er einkum þar sem viðskiptamaður hefur ekki tök á að sjá hvort skráningin er rétt gerð, svo sem þegar innheimta andvirðis þjónustu fer ekki fram í námunda við sjóðvél. Dæmi um þetta eru m.a. veitingastaðir, tilteknar gerðir verslana og götu- og húsasala.

Hluti af hinu dulda hagkerfi er síðan þegar aðilar í viðskiptum sammælast um að dylja atvinnurekstrartekjur. Algengasta formið á þessu er þegar aðili í atvinnurekstri selur vöru eða þjónustu til aðila sem er utan atvinnurekstrar, oftast einstaklinga. Hvati til þessa er venjulega sá að neytandinn fær þjónustuna ódýrari en ella og losnar auk þess við að greiða virðisaukaskatt svo sem honum hefði ella borið. Í daglegu tali er þjónusta af þessu tagi kölluð svört sala á vörum eða þjónustu. Atvinnurekstraraðilar sem þannig standa að verki eru langoftast minni rekstraraðilar. Stærri rekstraraðilar færa bókhald til að stýra tekjuinnstreymi og treysta eigin innviði og hentar ekki að standa í skattundandrætti af þessu tagi. Þess eru þó dæmi að meðal-

stór fyrirtæki hafi kerfisbundið boðið upp á þjónustu- og vörusölu sína með þessum hætti og reka þá eins konar dulið fyrirtæki innan skráðs fyrirtækis.

Algengasta svikaleiðin í virðisaukaskatti er sú að tekjur skattskyldra rekstraraðila eru vantaldar og þar með eru ekki staðin skil á innheimtum virðisaukaskatti. Slík skattsvik eru ýmist kerfisbundin eða tilviljanakennd og á síðustu árum hafa allmörg dæmi þess komið upp að skattskyldri veltu er kerfisbundið stungið undan í því skyni að lækka tekjur og skattskil rekstraraðila.

Með tilkomu virðisaukaskattsins opnuðust einnig nýjar skattsvikaleiðir sem ekki höfðu áður verið þekktar, þ.e. innskattsvik. Með innskattsvikum er átt við þann möguleika að lækka tilgreinda skilaskylda greiðslu með því að tilgreina innskatt of háan. Annar möguleiki er að fá innskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði með því að rangfæra forsendur innskattsgreiðslunnar. Þriðji möguleikinn er að setja atvinnurekstur á svið í því skyni að telja skattyfirvöldum trú um að grundvöllur innskattskröfu styðjist við rekstrarlegar forsendur. Allir þeir möguleikar sem hér hafa verið nefndir eru alvarlegir en ótaldir eru þó ýmsir aðrir möguleikar við innskattsvik, svo sem að rangfæra bókhaldsskjöl þannig að innskattur sé færður hærri en hann á í reynd að vera, sama bókhaldsfylgiskjal notað oftar en einu sinni, innskattaður sé óinnskattshæfur rekstrarkostnaður, innskattaður sé kostnaður óviðkomandi atvinnurekstri, svo sem einkaneysla, eða að gögn séu formlega ófullnægjandi.

Við mat á umfangi skattsvika er að mörgu leyti heppilegt að greina á milli þrenns konar afbrigða. Í fyrsta lagi vanframtalinna tekna einstaklinga og fyrirtækja, þ.e. skattaðilar skrá ekki allar tekjur sínar. Þessi hluti skattsvika er einatt nefndur svört atvinnustarfsemi og felst m.a. í mörgum af þeim tilvikum sem nefnd eru hér að framan. Það eru fyrst og fremst skattsvik af þessum toga sem mæld hafa verið með þeim aðferðum sem notaðar voru 1986 og 1993.

Í öðru lagi má telja skattsvik sem felast í rangfærslum á bókhaldi, einkaneysla færð sem kostnaður, kostnaður oftalinn með einum eða öðrum hætti o.s.frv. Enn fremur eru í þessum flokki svokölluð innskattsvik í virðisaukaskatti sem felast í að skattskyld innkaup eru oftalin og jafnvel fölsuð. Þessi tegund skattsvika mælist illa með hefðbundnum aðferðum, mælingum á veltu og þjóðhagslegum reikningum en reynt hefur verið að meta hana út frá því sem fram kemur við skatteftirlit og skattrannsóknir, svo sem tíðni og umfangi skattundanskota sem þannig koma fram. Að hluta til kemur þessi tegund skattsvika fram við mat á grundvelli þjóðhagsreikninga, t.d. hafa Svíar talið helming þeirra koma þar fram.

Í þriðja lagi eru skattsvik með erlendum þætti, þ.e. að eignir og tekjur erlendis eru ekki taldar fram eða erlendir aðilar notaðir til að breyta niðurstöðum skattskila. Að því leyti sem þessar tekjur eru notaðar erlendis, hvort sem er til neyslu eða fjárfestinga, mælast þær ekki með venjulegum þjóðhagsreikningaaðferðum en reynt hefur verið að leggja mat á þær á grundvelli peningamagns í umferð svo og á grundvelli upplýsinga sem fram hafa komið í rannsóknum.

Undanskot á launatekjum einstaklinga utan atvinnurekstrar eru yfirleitt talin vægari brot og sæta sjaldnast refsimeðferð nema um sé að ræða undanskot tengd atvinnurekstri í umsjón eða eigu brotamanns. Sem dæmi um slík brot má nefna duldar launatekjur í því formi að einkaneysla er færð til kostnaðar í rekstri, hluti launa, einkum í formi bónusa eða kaupréttar, er ekki gefinn upp og hluthöfum veitt vaxtalaus lán sem ekki eru gerð upp. Þá má nefna ofteknar bætur með því að gefa upp ranga hjúskaparstöðu í þeim tilgangi að fá greiddar hærri barnabætur auk þess sem duldar tekjur einstaklinga leiða til hærri vaxtabóta. Slík brot sæta sjaldnast refsimeðferð nema um sé að ræða bein undanskot tengd atvinnurekstri í umsjón eða eigu brotamanns. Ýmis form eru á því hvernig laun eru þannig dulin.

Það er fátítt að öllum launum tiltekinna einstaklinga sé haldið utan skattskila en alloft er hluti launatekna dulinn fyrir skattyfirvöldum. Er það m.a. fólgið í því að hluti launagreiðslna er talinn vera endurgreiðsla á útlögðum kostnaði sem á í reynd ekki að koma til frádráttar eða undir hælinn er lagt hvort nokkur kostnaður hafi verið til staðar.

Í stærri fyrirtækjum er hluti launa viss hóps stjórnenda oft háður afkomu atvinnurekstrarins. Greiðslum af þessu tagi er oft haldið utan við launabókhald fyrirtækisins og þær jafnvel ekki gefnar upp til skatts. Þá er ætíð nokkuð um lán til hluthafa og stjórnenda og eru þess dæmi að slík lánafyrirgreiðsla tíðkist án þess að uppgjör lána fari fram. Slíkar lánveitingar og eftirgjöf skulda falla þannig utan við skattgreiðslur og verða óskattlagðar og hluti af duldum launagreiðslum.

Einstæðir foreldrar hafa um langt árabil fengið hærri vaxtabætur og hærri barnabætur en hjón og sambúðarfólk og þannig gerður munur á einstaklingum með börn eftir því hver hjúskaparstaða þeirra er. Ætíð hafa verið nokkur brögð að því að sambúðarfólk virði ekki lögheimilislög og skrái sig annars staðar en það hefur fasta búsetu í því skyni að öðlast rétt til hærri vaxta- og barnabóta. Reglur sem upphaflega voru settar til hagsbóta fyrir einstæða foreldra eru þannig misnotaðar af öðrum og önnur brotastarfsemi fylgir þessu oft og tíðum, svo sem að bætur til handa foreldrum eru sviknar út úr Tryggingastofnun ríkisins og að viðkomandi notfæra sér ívilnandi leikskóla- og barnaheimilisþjónustu fyrir einstæða foreldra.

7.2 Fræðilegar skýringar á skattsvikum.

Árið 1968 birti bandarískur hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Gary Becker grein í Journal of Political Economy með nafninu: „Glæpur og refsing, hagfræðileg greining."[1] Grein þessi varð hvati að rannsóknum í glæpahagfræði almennt og sérstaklega í rannsóknum á svartri atvinnustarfsemi og skattsvikum. Kenningar Beckers byggjast á því að hagrænt hugsandi menn hneigist til að breyta þannig að afrakstur þeirra verði sem mestur. Yfirfært á glæpi þýðir það að fjárhagslegir glæpir aukist ef ávinningur af þeim eykst eða ef fjárhagslegur kostnaður við lögbrotið minnkar. Fjárhagslegur kostnaður við brotið er fyrst og fremst fjárhagsleg viðurlög og líkurnar á því að upp um glæpinn komist.

Fræðimenn sem fylgt hafa í fótspor Beckers hafa þróað kenningar hans frekar og byggt á þeim flóknari og raunhæfari líkön þar sem aðrir þættir en fjárhagslegur ávinningur hafa verið teknir með til að skýra skattsvikahneigð. Má þar nefna siðferði, félagsleg viðhorf, aðra félagslega og persónubundna þætti svo og tekjur, skatthlutfall o.fl.

Í kenningu sinni nefnir Becker fjölda þátta aðra en hagnaðarvon til skýringar á skattsvikum en telur að þeir breyti ekki meginniðurstöðunni og réttmæti hinnar almennu kenningar. Aðrar skýringar á skattsvikahneigð eiga því samleið með hinni almennu kenningu og með því að taka þær til greina fáist því almennari og víðtækari mynd af málefninu. Í framhaldsrannsóknum hefur því verið haldið fram að eftirfarandi meginþættir hafi áhrif á það hversu menn eru tilbúnir til að stunda skattsvik:

- Ávinningur af skattsvikum.
- Fjárhagsleg viðurlög vegna skattsvika.
- Líkur á að upp um skattsvik komist.
- Refsingar við skattsvikum.
- Skattsvikatækifæri.
- Ríkjandi félagsleg viðhorf.

---

[1] Gary Becker (1968): Crime and Punishment; An Economic Approach, Journal of Political Economy, 76, 2.

- Viðhorf og þarfir einstaklingsins.
- Manngerð.

Ávinningur af skattsvikum er í reynd hinn undandregni skattur að frádregnum viðurlögum margfölduðum með líkunum á að skattsvikin komist upp. Ef ekkert kæmi til annað en fjárhagslegur ávinningur mundi rökrænt hugsandi maður fremja skattsvik ef ávinningurinn er einhver jákvæð stærð. Með öðrum orðum eru það annars vegar fésektir og hins vegar virkni skattframkvæmdar sem eru afgerandi. Ef engar sektir eru er ávinningur af skattsvikum alltaf einhver og eins er ef eftirlit er ekkert og hættan á að upp komist engin.

Fleira kemur til en fjárhagslegur ávinningur og mat á fjárhagslegum viðurlögum þegar maður ákveður að svíkja undan skatti. Einnig skiptir máli hvort svikin verða opinber og hvernig refsing fyrir skattsvik er ákveðin. Mál þess sem sætir einungis álagi og stjórnvaldssektum verða ekki opinber og skjöldur hins brotlega getur því verið hreinn út á við. Með refsidómi breytist þetta og lögbrotið verður opinbert. Má því ætla að ákvörðun refsingar og þau almennu varnaðaráhrif sem af slíku leiðir hafi mikið að segja um brotavilja í þessu samhengi. Á síðustu árum má finna vísbendingar um að lögfesting lágmarksviðurlaga og aukinn fjöldi refsidóma hafi haft áhrif og dregið úr skattsvikum.

Önnur atriði sem þarna eru nefnd hafa einnig áhrif á skattsvik. Í fyrsta lagi er mikilvægt að möguleikum til undanskots sé haldið í lágmarki. Í því efni skiptir annars vegar miklu að skattalöggjöfin sé eins einföld og kostur er og að samræmi sé í skattlagningu. Hins vegar er nauðsynlegt að upplýsingaskylda og skil á skattalegum upplýsingum til stjórnvalda sé skilvirk. Þá skiptir miklu að skattkerfinu takist að skapa af sér sæmilega mynd og veita skattborgurum góða þjónustu. Þá er ónefnt að mikilvægt er að skattborgararnir upplifi skattkerfið ekki sem ranglátt vegna þess að skattareglurnar mismuni aðilum eða að framkvæmd skattlagningar sé ekki í lagi og skattlagningarreglum ekki framfylgt.

8. Skattsvik sem tengjast alþjóðlegum fjármálaviðskiptum.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir skattsvikum sem tíðkast hafa lengi hér á landi. Á síðustu árum hafa þeim til viðbótar bæst við eða aukist mjög undanskot á skatti sem gerð eru í viðskiptum, fyrst og fremst fjármálaviðskiptum við erlenda aðila. Er þar ýmist um raunveruleg viðskipti tengdra aðila eða hreina málamyndagjörninga eins og sama skattaðila að ræða. Þessi þróun síðustu ára er tilkomin með auknum fjármálaviðskiptum milli landa í kjölfar aukins viðskipta- og fjármálafrelsis um allan heim. Aukin skattsvik á þessum vettvangi eru þess vegna ekki séríslenskt fyrirbæri heldur hefur þessa gætt um allan heim.

Skattundanskot sem tengjast alþjóðlegum fjármálaviðskiptum eru af margvíslegum toga. Annars vegar eru ýmis tilvik sem eru tilkomin vegna þess að oft er unnt að leyna fé og athöfnum utan lögsögu landsins eða flytja þangað hagnað og eignir án þess að slíkt byggist á sérstökum ákvæðum íslenskra laga. Hins vegar er um að ræða ráðstafanir sem byggjast á sérákvæðum íslenskra laga sem gera skattsvik möguleg.

Hér á eftir verða talin upp ýmis tilvik skattsvika sem kunn eru. Er þar bæði um að ræða dæmi sem þekkt eru erlendis og tilvik sem komið hafa í ljós við könnun íslenskra skattyfirvalda.

Eignir og tekjur erlendis ekki taldar fram.

Í mörgum tilvikum eiga einstaklingar sem hér eru búsettir eignir í öðrum löndum og hafa þar tekjur. Er slíkt að sjálfsögðu leyfilegt. Eignir þessar og tekjur eru hins vegar framtals-

skyldar í öllum tilvikum og skattskyldar ef þær eru ekki í löndum þar sem tvísköttunarsamningur hefur undanþegið þær. Algengt er að eignir þessar og tekjur séu ekki taldar fram og í því felast skattsvik. Nokkuð mótvægi felst í vaxandi upplýsingaskiptum milli landa en það tekur yfirleitt ekki til þeirra landa eða landsvæða sem gera í því að lokka til sín fé manna sem telja að þeir geti komist undan skattlagningu með þeim hætti.

Innlend þjónusta seld í nafni erlends félags.

Í þessum tilvikum selur innlendur einstaklingur íslensku félagi þjónustu, oft félagi sem tengist honum þjónustulega eða annað, í nafni erlends félags sem er í hans eigu en er utan lögsögu og vitneskju innlendra skattyfirvalda. Oftast er um að ræða þóknun fyrir ráðgjöf, stjórnarsetu eða annað vinnuframlag. Er hið erlenda félag oftast skráð í skattaparadís (sjá skilgreiningu síðar) eða öðru lágskattasvæði. Skattsvikin felast annars vegar í því að hér er um að ræða laun fyrir störf sem unnin eru hér á landi og eiga að skattleggjast hér. Það að færa þetta í búning þjónustusölu frá erlendu félagi eru hrein undanskot. Hins vegar felast einnig skattsvik í því að félagið sem greiðir hina meintu þóknun brýtur þá skyldu sem á því hvílir að halda eftir og skila staðgreiðslu af hinni meintu þóknun.

Vinna hér á landi fyrir erlent félag.

Í þessu tilviki starfar einstaklingur hér á landi en þiggur laun fyrir frá erlendu félagi. Þar sem félagið liggur utan íslenskrar lögsögu þarf það ekki að halda eftir staðgreiðslu né standa yfirvöldum hér skil á upplýsingum. Sé það í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við kunna að berast upplýsingar frá þarlendum skattyfirvöldum en þó því aðeins að það sé ekki undanþegið upplýsingagjöf eins og fyrir kemur þegar um er að ræða greiðslur til erlendra aðila.

Málamyndabúseta erlendis.

Dæmi eru þess að íslenskir ríkisborgarar tilkynna brottflutning úr landi en halda áfram búsetu hér og starfa hér áfram og þá stundum hjá félagi sem þeir eiga eða hafa ítök í. Ef viðkomandi einstaklingur er ekki skattlagður í hinu erlenda ríki er um hrein skattsvik að ræða. Oft og tíðum er launagreiðslan höfð í formi þóknunar sem staðgreiðsla er ekki dregin af og ekki gefin upp og afdráttarskyldu vegna þóknunar ekki sinnt.

Yfirfærsla hagnaðar til erlends dótturfélags.

Alþekkt og algengt afbrigði skattsvika felst í að stofna dótturfyrirtæki (CFC) erlendis sem ekki hefur starfsemi með höndum en þjónar þeim tilgangi að flytja hagnað af innlendri starfsemi í annað land, oftast skattaparadís eða annað lágskattasvæði. Er það gert með ýmsum hætti, t.d. þegar fé er að formi til lagt í dótturfélagið sem lánar það móðurfélaginu sem gjaldfærir háa vexti. Eins kann að vera um að ræða þóknanir fyrir einkaleyfi, tækniþjónustu, vörumerki o.s.frv. Er dótturfélagið þá skráð eigandi réttindanna og móðurfélagið látið greiða fyrir afnotin. Skattsvik af þessum toga ganga þó ekki nema greiðslum fyrir réttindin sé skotið undan afdráttarskatti eða þær undanþegnar samkvæmt tvísköttunarsamningum.

Hliðstæðir eru þeir gjörningar að erlendu tengdu félagi er greitt fyrir einhvers konar þjónustu eða ráðgjöf sem er þó til málamynda. Dæmi um slíkt eru söluþóknanir, þóknun fyrir tækniaðstoð o.s.frv. sem ekki byggist á raunverulegu framlagi þess félags sem greiðsluna fær. Greiðslan er hins vegar gjaldfærð og lækkar skattstofn greiðandans. Sé hið erlenda félag staðsett í skattaparadís eða öðru skattaskjóli er tekjum þessum að fullu komið undan skatti.

Loks má nefna að verðlagningu í viðskiptum á milli tengdra aðila er oft beitt í þeim tilgangi að færa hagnað á milli landa og eins það tilvik að milli kaupanda hér og seljanda erlendis er skotið millilið, skúffufyrirtæki í eigu kaupandans sem skráð er í skattaskjóli og að formi til kaupir vöruna og endurselur hinu innlenda félagi hana með miklum hagnaði.

Viðskipti við fjármunaleigur í skattaparadísum.

Þekkt eru dæmi þess að innlend félög selja afskrifaðar eigur sínar eða hluta þeirra til tengdra félaga, sem skráð eru í skattaparadísum, og taka þau síðan á leigu (leasing) sem oft er ekki í neinu samræmi við hið meinta kaupverð. Auk afskriftar sem búið er að gjaldfæra fæst leigan aftur dregin frá sem rekstrarkostnaður.

Stofnun eignarhaldsfélaga í skattaparadísum og vildarsvæðum.

Samkvæmt íslenskum skattalögum geta félög sem selja hlutabréf úr eigu sinni frestað skattlagningu söluhagnaðar með því að fjárfesta í nýjum bréfum og færa niður skattalegt stofnverð þeirra. Heimild þessi hefur verið notuð til að færa söluhagnaðinn úr landi og komast hjá skattlagningu með því að stofna eignarhaldsfélög erlendis og leggja hin íslensku hlutabréf fram sem stofnfé á matsverði sem er lægra en markaðsverð bréfanna. Við sölu fellur hagnaðurinn til hins erlenda aðila sem ekki þarf að borga skatt ef félögin eru skráð í skattaparadísum eða á vildarsvæðum eins og finna má í Lúxemborg og víðar.

Kaupréttarsamningar og erlend eignarhaldsfélög.

Á síðustu árum hefur færst mjög í vöxt að stjórnendum fyrirtækja hefur verið greiddur kaupauki í formi kaupréttar á hlutabréfum á undirverði. Mörg dæmi eru um að handhafar kaupréttarins láti hann í hendur eignarhaldsfélags sem þeir stofna erlendis. Launagreiðandinn (hlutafélagið) selur eignarhaldsfélaginu hlutabréfin á umsömdu undirverði og engar tekjur til handa stjórnandanum eru gefnar upp til skatts.

Skattaparadísir og skattavildarreglur.

Í þeim skattalegu aðgerðum sem greint er frá hér að framan koma mjög oft við sögu félög sem skráð eru í löndum þar sem gilda mjög sérstæðar reglur um skráningu félaga í eigu útlendinga, skattlagningu þeirra og upplýsingagjöf um þau. Annars vegar er um að ræða félög sem staðsett eru í svokölluðum skattaparadísum og hins vegar félög sem lúta sérstökum reglum í heimalandi sínu með tilliti til sömu atriða. Félög þessi eru stundum kölluð „Offshore Companies“ þar sem þau lúta aðeins að takmörkuðu leyti lögsögu þeirra ríkja sem hýsa þau og eru á vissan hátt utan lögsögumarka. Nokkuð algengt er að félög þessi séu í formi „Trust“, sem er algengt félagsform í Englandi og Bandaríkjunum. Í þeim tilvikum leggur eigandi fjármagnsins það inn í lokaðan sjóð sem er alfarið í vörslu og umráðum sérstaks umráðamanns og er einungis heimilt að greiða úr sjóðnum til tiltekins njótanda sem skilgreindur er í stofnskjali sjóðsins (Deed of Trust).

Skattaparadísir og skattavildarreglur geta átt rétt á sér en hafa oftar en ekki viss einkenni sem gera það að verkum að þau eru skaðleg og til þess fallin að draga til sín fjármagn og tekjur af því án þess að þar eigi sér stað nokkur raunveruleg starfsemi né virðisauki og þar með tekjur. Talið er að skattaparadís eða skattavildarsvæði feli í sér skaðlega starfsemi ef boðið er upp á mjög lágan eða engan tekjuskatt ásamt því að eitt eða fleira af eftirtöldu sé til staðar: Reglurnar eru eingöngu fyrir erlenda aðila, upplýsingaleynd ríkir og engin raunveruleg starfsemi fer fram.

Skattaparadísir er kölluð þau ríki eða svæði með skattalegt sjálfsforræði þar sem skattareglur eins og að framan er lýst eru í gildi. Má þar nefna ríki eins og Bermúda, Bahama, Caymaneyjar, Bresku-Jómfrúreyjar, Ermarsundseyjarnar, Lichtenstein o.fl. sambærilega staði. Þessi lönd sérhæfa sig m.a. í þjónustu við aflandsfélög hvað skráningu og ýmsa þjónustu varðar. Þau eiga það sameiginlegt að skyldur varðandi upplýsingagjöf og framtalsgerð eru með minnsta móti. Áðurnefnd félög eru síðan notuð til fjárfestinga, t.d. í fasteignum og hlutabréfum um allan heim, og hafa af þeim tekjur. Þau þjóna einnig oft sem milliliðir og móttakendur tekna eigendanna sem ekki eru gefnar upp í heimalandi þeirra. Auk skattaparadísa er skaðlega skattastarfsemi í formi skattavildarreglna einnig að finna í þróuðum löndum með annars heilbrigð skattkerfi. Mörg þeirra hafa af einhverjum ástæðum leiðst út í að lögfesta hjá sér sérreglur um skattlagningu félaga í eigu erlendra aðila eða almennar reglur um skattlagningu tekna frá öðrum löndum. Oft hafa þessar reglur verið settar til að laða að erlent fjármagn. Við slíku er ekki amast frá skattalegu sjónarmiði þótt það kunni að rekast á þær reglur um samkeppni og opinbera styrki sem kunna að vera í gildi. Þegar reglurnar þjóna eingöngu þeim tilgangi að færa tekjur frá einni skattalögsögu til annarrar til að losna undan sköttum þykir starfsemin skaðleg og hafa reglurnar sætt gagnrýni á þeim grundvelli.

Flest þeirra landa sem um ræðir tryggja eigendum þessara félaga ríkan trúnað varðandi eignarhald, stjórnendur o.s.frv. Það gerir að verkum að mjög erfitt er fyrir utanaðkomandi aðila að fá framangreindar upplýsingar. Enn fremur er bankaleynd í þessum löndum það víðtæk að opinber yfirvöld eiga takmarkaða möguleika á að fá upplýsingar um bankareikninga eða aðrar eignir sem félögin eru skráð fyrir.

9. Erlendar athuganir á umfangi skattsvika.

Þar sem ekki reyndist unnt að framkvæma úttekt á umfangi skattsvika hér á landi með sambærilegum hætti og 1986 og 1993 hefur nefndin kosið að greina frá vitneskju af þessum vettvangi í nágrannalöndum okkar þar sem athuganir hafa farið fram. Í þeim löndum sem getið verður hér á eftir eru aðstæður um margt sambærilegar og hér á landi, skattalöggjöf á svipuðum grunni og skattframkvæmd og skattastjórnsýsla með líkum hætti.

Í skýrslunni frá 1986 kom fram að talið var að umfang skattsvika hér á landi væri sambærilegt við áætlað umfang þeirra þá annars staðar á Norðurlöndunum. Síðan þá hafa farið fram sambærilegar athuganir í Svíþjóð og Noregi og í Danmörku hafa komið út fræðilegar rannsóknarskýrslur um sögulega þróun skattsvika þar í landi og samanburð á skattsvikum í Skandinavíu, Englandi og Þýskalandi. Með hliðsjón af því hve margt er líkt með þessum löndum í menningarlegu og skattalegu tilliti verður að telja að líkur séu á að þróun skattsvika hér á landi hafi verið svipuð og í þessum löndum. Verður hér gerð stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum þessara athugana.

9.1 Svíþjóð.

Í árbók ríkisskattstjóra Svíþjóðar (RSV) er reglulega greint frá áætlunum um þróun skattsvika þar í landi. Í árbókinni 2003[2] er greint frá ýmsum niðurstöðum síðustu ára, bæði um svarta vinnu (duldar atvinnutekjur), duldar erlendar tekjur og önnur skattsvik, svo sem bókhalds- og skattframtalssvik og vörugjaldasvik (tóbak, áfengi, eldsneyti).

---

[2] Riksskatteverket: Skatter i Sverige, Skattestatistisk Årsbok 2003.

Svört atvinnustarfsemi.

Í framangreindri skýrslu eru tapaðar skatttekjur vegna svartrar vinnu og af öðrum vanframtöldum tekjum áætlaðar 56 milljarðar sænskra kr. og er það talin varfærin áætlun.

Duldar eignir og tekjur erlendis.

Sænska hagstofan (SCB) metur fjárhagslegan sparnað heimilanna með tvennum hætti sem á að gefa sömu niðurstöðu, annars vegar sem mismun heildartekna og neyslu heimilanna og hins vegar aukningu peningalegra eigna þeirra í bönkum, verðbréfum, hlutabréfum, tryggingum o.fl. Frá 1990, þ.e. svipuðum tíma og fjármálasamskipti við útlönd voru gefin frjáls, hefur mismunur þessara tveggja mælinga farið vaxandi. Á árinu 2000 var uppsafnaður munur þessara stærða talinn vera um 250 milljarðar sænskra kr. án allrar ávöxtunar. Líklegt er talið að hér sé fyrst og fremst um að ræða fjármuni sem komið hefur verið í vörslu erlendis. Aðeins lítill hluti þessara eigna og tekna af þeim er talinn fram. Sé gert ráð fyrir að ávöxtun þessara eigna sé um 5% á ári má gera ráð fyrir að tapaðar skatttekjur séu 7–8 milljarðar sænskra kr.

Bókhalds- og framtalssvik önnur en vantandi tekjur.

Í Svíþjóð hefur verið lagt mat á skattundandrátt (annan en svarta vinnu) í bókhaldi og framtölum. Gerðar hafa verið reglulegar úrtakskannanir hjá fyrirtækjum og á grundvelli þeirra lagt mat á skattsvik í formi oftalins kostnaðar, greiðslna til eigenda o.fl. Samkvæmt þeim athugunum voru skattundanskot af þessum toga um 21 milljarður sænskra kr.

Skattsvik í Svíþjóð og skipting þeirra.

Samkvæmt samandregnum niðurstöðum ársskýrslu RSV 2003 voru skattundanskot þar í landi alls um 88 milljarðar sænskra kr. á árinu 2000. Þau skiptast þannig eftir helstu flokkum:

	milljarðar sænskra kr.	
Svört atvinnustarfsemi	56	64%
Erlendar fjárfestingar	7,5	9%
Bókhalds- og framtalssvik[3]	20,7	23%
Vörugjöld (áfengi, tóbak o.fl.)	3,4	4%
Samtals	**88**	

Þessar tölur svara til þess að skattsvik á árinu 2000 hafi að lágmarki verið um 4,2% vergrar landsframleiðslu. Þetta hlutfall hafði verið metið 4,7% á árinu 1997. Áætlað var að tapaðar skatttekjur á árinu 2000 hefðu samsvarað um 8% allra skatttekna ríkis og sveitarfélaga og höfðu þá lækkað úr 8,8% 1997.

Skattsvik með erlendum tengingum.

Auk greiningar á skattsvikum í ársskýrslu RSV gerði stofnunin sérstaka athugun á skattsvikum sem tengdust samskiptum við útlönd. Er greint frá þeim niðurstöðum í sérstakri skýrslu árið 2002.[4] Samkvæmt henni er áætlað að skattatap tengt samskiptum við útlönd sé alls 20–35 milljarðar sænskra kr. Þessar niðurstöður sem fengnar voru með öðrum aðferðum

---

[3] Oftalinn kostnaður, innskattsvik og önnur VSK-svik, skattfrjálsar greiðslur til eigenda o.fl.
[4] Riksskatteverket: Oroliga skattebaser, RSV Rapport 2002:3.

en þær sem áður var greint frá voru taldar samrýmanlegar hinum fyrri ef litið er á lægri mörkin en væru hærri mörkin rétt þyrfti að endurskoða áætluð heildarskattsvik til hækkunar og yrðu þau þá um 100 milljarðar sænskra kr. Það svarar til þess að tekjutapið hafi verið yfir 9% heildartekna opinberra aðila þar í landi.

9.2 Danmörk.

Á síðasta ári kom út í Danmörku doktorsritgerð sem fjallar um óframtaldar tekjur þar í landi frá 1903 til vorra daga.[5] Í riti þessu er gerð grein fyrir þróun skattsvika í Danmörku frá 1903 til 1980 með endurreikningi og samræmingu upplýsinga og mælinga frá þessum tíma og eins hefur höfundurinn gert athugun á þróun skattsvika frá 1980 til 2002.

Rannsókn þessi er áhugaverð í sögulegu samhengi og gagnleg við mat á stöðu og horfum í skattsvikamálum. Samkvæmt rannsókninni virðist mega ætla að í upphafi síðustu aldar hafi óframtaldar tekjur manna verið 26–30% af raunverulegum tekjum þeirra. Þetta hlutfall hafi síðan farið hægt lækkandi og verið komið niður í um 20% í byrjun fjórða áratugarins. Eftir 1950 lækkar þetta hlutfall ört og er komið niður í um 5% um 1980.

Stöðug lækkun skattsvika á þessu tímabili virðist ekki staðfesta tvær af algengum tilgátum til skýringar á umfangi skattsvika. Annars vegar varð sívaxandi skattbyrði ekki til að auka skattsvik eins og vænta mátti. Áhrifin af aukinni skattbyrði hafa verið vegin upp og vel það af öðrum þáttum, svo sem áhættunni af að upp um skattsvikin kæmist svo og því að með aukinni velferð hafi menn sætt sig við hærri skatta. Hins vegar virðast einstakar breytingar á skattalögum ekki hafa haft áhrif ef frá er talin sú breyting seint á fimmta áratugnum að taka upp almenna framtalsskyldu.

Á tímabilinu frá 1980 til 2002 hafa ekki orðið jafnstórfelldar breytingar og á fyrra tímabilinu. Mest af þessum tíma voru óframtaldar tekjur taldar vera 4–5% af raunverulegum tekjum en virðast hafa lækkað í um 3% um 1999. Síðan virtist lítils háttar hækkun hafa átt sér stað.

Þær skýringar sem höfundur tilvitnaðs rits telur vera á þessari þróun eru sífellt betri skattframkvæmd með aukinni tækni og ekki síst fullkomnari upplýsingum frá launagreiðendum og stofnunum en einnig fyrir tilstilli skattyfirvalda með markvissara eftirliti og aukinni fræðslustarfsemi.

Eftirtektarverð er sú ályktun höfundarins af þróuninni á síðustu árum sem rannsóknin náði til að undanskot tekna við framtal hafi nú náð því lágmarki sem gera megi ráð fyrir að náð verði án þess að gripið verði til ráðstafana sem teldust óviðunandi.

Við mat á niðurstöðum þessarar rannsóknar þarf að hafa í huga að viðfangsefni hennar er fyrst og fremst að meta óframtaldar tekjur manna. Hún er þannig sambærileg mati Svía á umfangi svartrar vinnu en tekur ekki til þátta eins bókhaldssvika og annarra svika í rekstri, svo og skattsvika í tengslum við erlend fjármálaviðskipti. Með tilliti til þess má segja að mikið samræmi sé á milli mats á skattsvikum af þessum toga í Danmörku og í Svíþjóð.

9.3 Skandinavía, Bretland og Þýskaland.

Danskur fræðimaður, Sören Pedersen, hefur gert samanburð á svartri vinnu í Skandinavíu, Bretlandi og Þýskalandi.[6] Í verki sínu gerir höfundurinn tilraun til að greina mismun eða hlið-

---

[5] Gunnar Viby Mogensen. Skattesnyderiets historie. Udviklingen i underdeklarationen i Danmark i 1900 tallet. Odense 2003.

[6] Sören Pedersen: The Shadow Economy in Germany, Great Britain and Scandinavia. Hjá höfundi tekur Skandinavía til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

stæður í umfangi og tegundum svartrar atvinnustarfsemi í þessum löndum. Rannsóknin miðast fyrst og fremst við „svarta vinnu“ einstaklinga og byggist á könnun á óskráðri atvinnuþátttöku þeirra. Er viðfangsefni rannsóknarinnar þannig þrengra en þeirra kannana sem byggjast á þjóðhagsreikningum. Niðurstöðurnar eru samt um margt líkar því sem vitnað er til hér að framan og þess sem fram kom í viðhorfskönnunum hér en þó kemur fram athyglisverður munur milli landanna sem reynt er að skýra.

Hluti einstaklinga sem tekið höfðu þátt í að skjóta undan tekjum var frá 8% í Bretlandi og upp í um 20% í Danmörku en Noregur fylgdi á eftir með um 17%. Í ljósi þessa mismunar vakti furðu hve lík skiptingin var í löndunum þegar athugað var hvernig þeir sem skutu undan tekjum skiptust eftir kyni og aldri. Í öllum löndunum sýndi sig að mest var um undandrátt hjá fólki undir tvítugu og fólki 20–29 ára. Enn fremur komu í ljós ákveðin einkenni með tilliti til starfsgreina. Þannig voru sjálfstætt starfandi menn, iðnaðarmenn og fólk án formlegrar menntunar virkustu hóparnir. Í Þýskalandi, Svíþjóð og Bretlandi voru námsmenn virkastir en iðnaðarmenn í Danmörku og Noregi.

Þegar kemur að mati á umfangi skattsvika kemst höfundurinn að þeirri niðurstöðu að svarta vinnan, metin til markaðsverðs, svari til frá 4,8% í Þýskalandi niður í 1,2% í Bretlandi með 3,8% í Danmörku, 2,6% í Noregi og 2,3% í Svíþjóð. Væri vinnan metin á því verði sem raunverulega var greitt fyrir hana verða þessar tölur einungis þriðjungur til helmingur framangreindra stærða.

Eins og að framan greinir var rannsóknin takmörkuð við „svarta vinnu“. Höfundurinn telur m.a. með hliðsjón af athugunum Gunnars Viby Mogensen, sem að framan er getið, að aðrar undanskotnar tekjur svari til um þriðjungs af umfangi „svartrar vinnu“. Þegar miðað er við það verður mat á vanframtöldum tekjum 5,5% í Danmörku, 3,7% í Noregi, 3,3% í Svíþjóð, 5,9% í Þýskalandi og 1,7% í Bretlandi. Bretland sker sig nokkuð úr í þessum samanburði sem höfundur skýrir m.a. með því að þar í landi sé hefð fyrir að telja ýmsa starfsemi ekki skattskylda þótt hún sé flokkuð með þeim hætti í hinum löndunum.

9.4 Niðurstöður erlendu úttektanna.

Við skoðun erlendu rannsóknanna vekur athygli hversu mikið samræmi er í niðurstöðum þeirra. Enn fremur eru athyglisverðar þær skýringar sem settar hafa verið fram á niðurstöðunum og þær ályktanir sem dregnar hafa verið af þeim. Í þeim löndum þar sem athuganir hafa verið gerðar í langan tíma sýnir sig ákveðinn stöðugleiki og þróun. Sé litið yfir lengra tímabil sést að vanframtaldar tekjur hafa farið minnkandi en virðast hafa náð ákveðnu lágmarki. Kemur þetta hvað gleggst fram í rannsóknum í Danmörku en svipuð niðurstaða hefur fengist í Svíþjóð.

Í framangreindum rannsóknum er skýringin á lækkun vantalinna tekna einkum talin bætt skattframkvæmd, fyrst og fremst öflugri upplýsingaöflun frá þriðja aðila, svo sem launagreiðendum og fjármálastofnunum. Enn fremur fullkomnari skattvinnslukerfi sem gera allan samanburð auðveldari. Miklu virðist og skipta hver skoðun manna er á getu skattyfirvalda til að uppgötva undanskotnar tekjur. Er það einnig í samræmi við það sem fram hefur komið í skoðanakönnunum hérlendis og erlendis.

Sú staðreynd sem virðist við blasa, að umfang vanframtalinna tekna hefur ekki lækkað sem neinu nemur á síðustu árum og virðist hafa staðnað í 3–5% af landsframleiðslunni, er túlkuð á þann veg að komið sé að þeim mörkum sem náð verður með venjulegum eftirlitsaðferðum. Þau undanskot sem eftir standa séu þess eðlis að gegn þeim verði ekki unnið nema með aðferðum sem taldar yrðu óviðunandi. Stór hluti þessara undanskota sé smár í sniðum

og mikið átak þyrfti til að draga úr þeim sem nokkru næmi. M.a. sé um að ræða eigið vinnuframlag, skiptivinnu o.fl. sem ógerlegt er að henda reiður á.

Til viðbótar við vanframtaldar tekjur má gera ráð fyrir verulegum skattsvikum í formi rangfærðs bókhalds og skattskila. Er þar um skipulagðar tilraunir til skattundanskota að ræða, yfirleitt í stærri stíl en vanframtal á tekjum einstaklinga. Þessi tegund skattsvika er fyrst og fremst háð því hversu öflug skattframkvæmdin er og hversu þung viðurlög eru.

Að lokum er augljóst að skattalegt fjármálamisferli á grundvelli alþjóðlegra fjármálaviðskipta og með notkun skattaparadísa hefur farið mjög vaxandi.

Mat á umfangi.

Ef leggja skal heildarmat á umfang skattsvika samkvæmt erlendu athugununum virðist í fyrsta lagi mega ályktа að hvað vanframtaldar tekjur varðar megi greina tilhneigingu í þá átt að þær nemi 3–5% af vergri landsframleiðslu. Ályktanir erlendu kannananna veita vísbendingar um að ekki sé mikil von til að þessi tegund skattundandráttar geti lækkað mikið frekar. Tapaðar skatttekjur vegna þessara skattsvika gætu verið á bilinu 5–8% af heildartekjum ríkis og sveitarfélaga.

Í öðru lagi má áætla að vísvitandi skattundanskot með rangfærslum á bókhaldi og öðrum slíkum hætti séu um þriðjungur þess sem að framan greinir eða milli 1 og 2% af landsframleiðslu og tekjutapið um 2%.

Í þriðja lagi er tekjutap vegna skattsvika í gegnum erlend samskipti talið að lágmarki 1% af tekjum opinberra aðila þar sem það hefur verið áætlað, sbr. athuganir Svía, en síðari áætlanir þeirra benda til jafnvel meira umfangs.

Séu þessar ályktanir um niðurstöður erlendu athugananna dregnar saman í töflu gæti hún litið þannig út:

Tapaðar skatttekjur sem hlutfall af heildarskatttekjum opinberra aðila:

Svört atvinnustarfsemi og aðrar vanframtaldar tekjur	5–8%
Bókhalds- og framtalssvik	1–2%
Skattsvik í gegnum erlend samskipti	1–1,5%
Samtals	**7–11,5%**

Hvað viðhorf til skattsvika varðar er það áþekkt í öllum löndunum sem getið er. Þátttaka í svartri vinnu virðist vera á bilinu 10–20% þótt miklu fleiri séu tilbúnir til þátttöku. Þar sem viðhorf hafa verið könnuð á mismunandi tímum virðast þau ekki hafa tekið verulegum breytingum. Þó er talið að nokkur breyting hafi orðið til batnaðar þar sem gerð hafa verið átök. Á það einkum við í Svíþjóð þar sem talið var að merkja mætti viðhorfsbreytingu hjá ungmennum eftir öflugt upplýsinga- og áróðursátak meðal þeirra. Sama er að segja um Noreg þar sem það var þakkað jákvæðari ímynd skattsins og auknu trausti á skattframkvæmd.

10. Skoðanakönnun um skattsvik.

10.1 Samanburður á skoðanakönnunum um skattsvik 1985, 1992 og 2003.

Tvívegis hafa fyrri nefndir sem kannað hafa umfang skattsvika hér á landi látið framkvæma skoðanakannanir um skattsvik. Fyrri könnunin fór fram í maí 1985 og var úrtakið 1.000 manns. Tilgangur könnunarinnar var tvíþættur, þ.e. annars vegar að afla upplýsinga fyrir nefndina sem hún gæti notað við mat sitt á umfangi skattsvika og hins vegar að afla gagna er mætti nota til samanburðar við nágrannalöndin Noreg, Danmörku og Svíþjóð. Síðari

könnunin var gerð í desember 1992. Spurningarnar þá voru í meginatriðum sambærilegar við spurningar fyrri könnunarinnar auk þess sem bætt var við einni nýrri spurningu. Til að fá samanburð við fyrri kannanir var framkvæmd enn ein skoðanakönnun um skattsvik í apríl 2003. Endanlegt úrtak í könnuninni var 1.185 manns, 242 neituðu að svara og ekki náðist í 140. Fjöldi svarenda var því 803 og svarhlutfallið 67,7%. Samanburður á niðurstöðum þessara þriggja kannana fylgir hér á eftir. Í viðauka IV er útdráttur úr skoðanakönnuninni sem fram fór í apríl 2003. Niðurstöður könnunarinnar má finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins (www.fjarmalaraduneyti.is).

Spurning		Árið 1985	Árið 1992	Árið 2003
Nr. 1	**Hefur þú á síðustu 12 mánuðum greitt einhverjum fyrir vöru eða þjónustu sem þú telur að hafi ekki eða muni ekki vera gefin upp til skatts?**			
Já		15,9%	23,1%	15,8%
Nei		84,1%	76,9%	84,2%
Nr. 2	**Þekkir þú einhvern sem á síðust 12 mánuðum hefur verið boðið upp á vöru eða þjónustu sem ekki átti að gefa upp til skatts?**			
Já		-	36,1%	28,5%
Nei		-	63,9%	71,5%
Nr. 3	**Til hvaða atvinnugreinar má telja þessi viðskipti?**			
Byggingarstarfsemi		32,4%	30,6%	42,3%
Þjónusta		-	13,9%	20,6%
Bifreiðaviðgerðir		25,1%	21,5%	15,4%
Iðnaðarvörur, framleiðsla		-	17,7%	13,9%
Annað		42,5%	16,3%	7,8%
Nr. 4	**Var greitt fyrir með lægra verði, sama verði, með vöru- og þjónustuskiptum eða á einhvern annan hátt?**			
Greitt sama verði		41,4%	18,8%	15,8%
Greitt lægra verði		54,7%	69,9%	70,0%
Með vöru- eða þjónustuskiptum / greitt á annan hátt		3,9%	11,3%	14,2%
Nr. 5	**Hversu mikið á að giska hefur þú greitt fyrir slíka þjónustu á síðastliðnum 12 mánuðum? Allar tölur á verðlagi ársins 2003.**			
Miðgildi		59.000 kr.	42.000 kr.	30.000 kr.
Meðaltal		134.000 kr.	127.000 kr.	129.286 kr.
Nr. 6	**Var auðveldara eða erfiðara að fá einhvern til að gera þetta fyrst tekjurnar voru ekki gefnar upp til skatts?**			
Auðveldara		40,0%	44,4%	54,0%
Ámóta		57,1%	51,7%	42,7%
Erfiðara		2,9%	3,9%	3,3%
Nr. 7	**Ef þú ættir kost á tekjum sem þú þyrftir ekki að gefa upp til skatts myndir þú þá þiggja þær?**			
Já		73,6%	71,2%	55,9%
Nei		14,7%	13,5%	31,5%
Fer eftir atvikum		11,7%	15,3%	12,6%
Nr. 8	**Hefur þú á síðasta ári haft tekjur sem þú hefur ekki gefið upp til skatts eða hyggst ekki gefa upp til skatts?**			
Já		11,1%	17,0%	9,0%
Nei		88,9%	83,0%	91,0%

Spurning	Árið 1985	Árið 1992	Árið 2003
Nr. 9 Telur þú að möguleikar skattyfirvalda til þess að uppgötva skattundandrátt séu almennt miklir eða litlir?			
Mjög miklir	22,0%	16,0%	13,1%
Frekar miklir	27,8%	29,1%	30,3%
Hvorki né	-	-	9,2%
Frekar litlir	37,8%	41,6%	34,7%
Mjög litlir	12,4%	13,3%	12,7%
Nr. 10 Hvaða aðgerðir telur þú að geti helst orðið til þess að draga úr skattundandrætti?			
Aukið eftirlit	49,3%	53,3%	25,3%
Lækka skatta	11,5%	24,0%	42,3%
Lækka virðisaukaskatt	-	1,6%	8,7%
Hækka laun	-	-	6,4%
Einfaldara skattkerfi	4,7%	5,9%	4,7%
Annað	34,5%	15,2%	12,6%
Nr. 11 Það er skiljanlegt að fólk vilji vinna fyrir tekjum sem það getur skotið undan skatti. Ertu sammála eða ósammála þessari fullyrðingu?			
Mjög sammála	56,8%	55,7%	34,2%
Frekar sammála	20,9%	22,6%	35,5%
Hvorki né	-	-	4,7%
Frekar ósammála	8,5%	9,4%	14,6%
Mjög ósammála	13,8%	12,3%	11,0%
Nr. 12 Það eiga að vera þung viðurlög við að skjóta tekjum undan skatti. Ertu sammála eða ósammála þessari fullyrðingu?			
Mjög sammála	68,0%	50,8%	33,9%
Frekar sammála	20,8%	26,9%	36,8%
Hvorki né	-	-	9,3%
Frekar ósammála	6,6%	13,8%	14,2%
Mjög ósammála	4,6%	8,5%	5,7%
Nr. 13 Það er nauðsynlegt að hafa skatta svo háa sem raun ber vitni til að halda uppi velferðarþjóðfélaginu sem við búum í. Ertu sammála eða ósammála þessari fullyrðingu?			
Mjög sammála	21,5%	19,9%	10,8%
Frekar sammála	13,0%	19,0%	19,3%
Hvorki né	-	-	4,0%
Frekar ósammála	20,2%	28,7%	30,7%
Mjög ósammála	45,3%	32,4%	35,2%

Helstu niðurstöður.[7]

Samanburður á þeirri könnun sem hér birtist og fyrri könnunum leiðir nokkrar athyglisverðar niðurstöður í ljós. Þannig hefur þeim fækkað sem segjast hafa greitt fyrir vöru eða þjónustu á sl. ári sem viðkomandi telur að hafi ekki verið gefin upp til skatts, eða um 7%, úr rúmum 23% í tæp 16%, sem er sambærilegt hlutfall og í könnuninni frá 1985. Þá hefur þeim sömuleiðis fækkað sem þekkja einhvern sem hefur verið boðið upp á vöru eða þjónustu sem

[7] Sjá nánar viðauka IV.

ekki átti að gefa upp til skatts. Þar hefur hlutfallið lækkað úr rúmum 36% árið 1992 í 28,5% í könnuninni nú.

Athyglisverðar breytingar koma fram frá könnuninni árið 1992 að því er varðar hlutfallslega skiptingu milli atvinnugreina þar sem undanskot hafa verið stunduð. Í könnuninni nú nefndu 42% aðspurðra byggingarstarfsemi á móti 30% í könnuninni 1992. Þá nefndu 15% bifreiðaviðskipti nú en 21% í könnuninni 1992. Þessi niðurstaða er þó ekki að öllu leyti marktæk þar sem nú mátti velja fleiri en einn svarmöguleika sem var ekki hægt í könnuninni 1992.

Einnig er umtalsverð breyting þegar spurt er hvort viðkomandi hafi haft tekjur sem hann hefði ekki gefið upp til skatts eða hyggist ekki gefa upp til skatts en þar hefur hlutfallið lækkað úr 17% árið 1992 í 9% í könnuninni.

Í könnuninni var spurt hvort viðkomandi mundi þiggja tekjur ef ekki þyrfti að gefa þær upp til skatts. Svöruðu tæp 56% játandi að þeir mundu þiggja slíkar tekjur, á móti rúmu 71% frá könnuninni 1992 og tæpum 74% í könnuninni 1985.

Miklar breytingar hafa orðið á afstöðu fólks til aðgerða til að draga úr skattundandrætti ef marka má niðurstöður könnunarinnar. Nú nefna 42% lækkun skatta á móti 24% árið 1992 en aftur á móti telja 25% aukið eftirlit hafa mest að segja á móti 53% í könnuninni 1992. Taka verður fram að í könnuninni 1992 var aðeins hægt að velja einn svarmöguleika en nú mátti velja fleiri en einn.

10.2 Norsk skýrsla um svarta atvinnustarfsemi 2002.

Til samanburðar við framangreinda skoðanakönnun er fróðlegt að bera saman við hana niðurstöðu úr miklu viðameiri skoðanakönnun um sama efni í Noregi. Árið 2002 kom út í Noregi á vegum Efnahags- og samfélagsstofnunar Ragnars Frisch skýrsla um svarta atvinnustarfsemi á árunum 1980–2001. Skýrslan byggist m.a. á skoðanakönnunum frá árunum 1980, 1989 og 2001.

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að færri svíkjast nú um að greiða skatt af vinnu sinni en áður þótt lítil sem engin breyting hafi orðið á upphæð undanskotanna. Þó var fjöldi undanskota á árinu 1989 meiri og tekjurnar hærri en á árunum 1980 og 2001, en það skýrist fyrst og fremst af umtalsverðu atvinnuleysi á árinu 1989 og slæmri skuldastöðu heimila. Í skýrslunni kemur fram að þeim sem segjast hafa svikið undan skatti á síðustu 12 mánuðum hefur fækkað á árunum 1980–2001. Sama gildir um þá sem einhvern tímann hafa svikið undan skatti og einnig þá sem segjast mundu hafa svikið undan skatti ef þeir hefðu haft tækifæri til.

Niðurstöður skoðanakannana eru í takt við útreikninga um skattsvik en það er meginniðurstaða skýrslunnar að þegar á heildina sé litið hafi á árunum 1989–2001 dregið úr því að menn greiði ekki tekjuskatt af vinnu sinni. Þá hafa undanskot fjármagnstekna einnig minnkað. Fram kemur að undanskot meðal kvenna hafa minnkað umtalsvert meðan þau hafa aukist nokkuð meðal karla.

Í skýrslunni er reynt að varpa ljósi á ástæður framangreindrar þróunar. Bent er á að skatthlutföll hafi lækkað á tímabilinu en með lægra skatthlutfalli á launa- og fjármagnstekjur minnkar ávinningur þeirra sem ekki gefa upp tekjurnar. Þá hefur aukin atvinnuþátttaka kvenna leitt til þess að færri konur sækjast eftir svörtum launum. Þá hefur hlutfall langskólagenginna hækkað á tímabilinu sem leiðir til þess að fleiri hafa atvinnu þar sem möguleikar til undanskota er litlir. Eldra vinnuafl, hræðslan við að verða staðinn að verki og aukið skattasiðferði eru einnig aðrar mikilvægar ástæður sem leitt hafa til minni undanskota.

Samkvæmt skýrslunni eru líkurnar á að svíkja undan skatti háðar kyni, aldri, menntun, möguleikanum á að vera staðinn að verki og viðhorfi til skattundandráttar. Þar að auki skiptir

atvinnugrein og starf miklu máli í þessu sambandi. Fram kemur að karlmenn eru líklegri en konur til að vinna svart. Þá er ungt fólk með litla menntun líklegra til undanskota en hinir eldri og langskólagengnu. Þó hafa áhrif menntunar minnkað nokkuð frá 1980 til 2001. Það skýrist m.a. af fjölgun menntafólks þar sem langskólagengnir voru áður mun afmarkaðri og einsleitari hópur en nú er. Samkvæmt könnuninni frá 2001 virðast sjálfstætt starfandi, ófaglærðir og atvinnulausir líklegri en aðrir til að vinna svart.

Líkurnar á að vinna svart eru minni eftir því sem hugmynd manna um að vera staðinn að verki verður sterkari. Virkni þessarar skoðunar hefur vaxið ásmegin á tímabilinu 1980–2001. Líklega skýringu má rekja til aukinnar baráttu skattyfirvalda gegn skattundandrætti.

Breytingarnar á fjölda skattsvika og umfangi eru í takt við breytingar á afstöðu fólks til svartrar atvinnustarfsemi, en á tímabilinu fækkaði þeim nokkuð sem finnst svört atvinnustarfsemi „skiljanleg". Í skoðanakönnunum var könnuð afstaða fólks til eftirfarandi fullyrðingar: *„Það er skiljanlegt að fólk dragi laun undan skatti."* Einstaklingar sem eru sammála þeirri fullyrðingu eru að mati skýrsluhöfunda með minni samfélagsvitund í skattalegu tilliti en þeir sem lýsa sig ósammála fullyrðingunni.

Í skýrslunni er bent á að jaðarskattar á launa- og fjármagnstekjur hafi lækkað frá árinu 1980. Slíkar breytingar hafa leitt til þess að ágóðinn af því að draga undan skatti hefur minnkað sem jafnframt hefur leitt til minni undanskota. Lækkun skatthlutfalla kann einnig að hafa leitt til betri skattasiðferðis þar sem færri telja undanskot skiljanleg í ljósi lægri skatta.

11. Umfang skattsvika á Íslandi.

Ekki hefur reynst unnt að fá gerða útreikninga hliðstæða þeim sem gerðir voru á sínum tíma vegna fyrri skýrslna og er því vissum erfiðleikum bundið að draga ályktanir um umfang skattsvika hér á landi. Þess er þó freistað í skýrslu þessari. Aðferðum og vinnubrögðum við mat á töpuðum skatttekjum hefur farið verulega fram á síðustu árum. Auk þeirra kannana sem nefndar hafa verið má nefna að af hálfu breskra skattyfirvalda hafa farið fram athuganir á skattsvikum þar í landi með aðferðum sem þar hafa verið þróaðar.[8] Hafa athuganir þar fyrst og fremst beinst að einstökum skatttegundum, svo sem virðisaukaskatti og vörugjöldum, en ekki er kunnugt um heildarúttekt á öllum tegundum skattsvika. Þá hefur skattadeild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þróað aðferðir og gefið út leiðbeiningar um hvernig standa megi að úttekt á umfangi skattsvika.[9]

Bættar rannsóknaraðferðir og fleiri rannsóknir erlendis hafa aukið áreiðanleika þeirra niðurstaðna sem fengist hafa. Þessar niðurstöður eru á margan hátt sambærilegar og styrkja mjög þær ágiskanir sem fram hafa komið um umfang skattsvika og þær tilgátur sem settar hafa verið fram um það hvað ráði skattsvikum og hafi áhrif á umfang þeirra.

Þrátt fyrir þær framfarir sem orðið hafa á þessum vettvangi og athyglisverðar niðurstöður í nálægum löndum fengust ekki gerðar sambærilegar úttektir hér á landi og liggja beinar niðurstöður því ekki fyrir. Ályktanir um umfang skattsvika hér á landi eru byggðar á grundvelli þeirrar þekkingar og vitneskju sem aðrir hafa aflað um eðli skattundandráttar og umfang hans.

---

[8] HM Customs and Excise: Measuring Indirect Tax Losses, November 2002.
[9] IMF: Tax Methodology Handbook.

Enn fremur má ályktа um breytingar á umfangi skattsvika með athugun á þeim þáttum sem vitað er eða talið er líklegt að hafi áhrif á umfang skattsvika, sbr. umfjöllun hér að framan um fræðilegar skýringar á skattsvikum.

11.1 Breyttir áhrifaþættir.

Hér að framan er gerð grein fyrir kenningum um ýmislegt sem talið er að hafi áhrif á umfang skattsvika. Var þar bæði um að ræða fjárhagslega, lagalega, skipulagslega og félagslega þætti. Hinar erlendu kannanir á skattsvikum vísa til ýmissa þessara þátta þegar verið er að skýra breytingar á umfangi skattsvika í áranna rás eða á milli landa. Ekki þarf að draga í efa að breytingar hafa orðið á ýmsum þessara þátta hér á landi á síðustu árum og áratugum og að þær breytingar hafi haft áhrif á skattsvik hér á landi. Verður hér á eftir gerð stutt grein fyrir breytingum á nokkrum þessara þátta. Fyrst er fjallað um þá þætti sem lítið hafa breyst eða ætla má að hafi dregið úr umfangi skattsvika og síðan hina sem kunna að hafa aukið skattsvik.

Breytingar, sem kunna að hafa dregið úr skattsvikum.

Viðhorf til skattsvika.

Viðhorf almennings til skattsvika hafa löngum verið tvíbent. Annars vegar eru skattsvik ekki litin nægilega alvarlegum augum. Hins vegar hefur einnig verið vaxandi þungi í þeirri kröfu frá almennum borgurum, samtökum þeirra og atvinnugreinasamtökum að skattareglum sé framfylgt.

Viðhorf til skattsvika er einn þeirra þátta sem talið er að hafi áhrif á umfang þeirra. Skoðanakönnunin sem nefndin gerði bendir ekki til þess að marktæk breyting hafi orðið á þeim. Er það í samræmi við það sem mælst hefur í nágrannalöndum okkar. Viðlíka stór hluti skattgreiðenda og áður lítur skattsvik, a.m.k. svarta atvinnustarfsemi, ekki alvarlegum augum og er reiðubúinn til þátttöku ef ekki er hætta á að upp komist.

Lægri skatthlutföll.

Á síðustu árum hafa skattar verið lækkaðir nokkuð hérlendis. Almennt viðhorf er að því lægri sem skattprósenta er og ásamt því að skattstofn sé breiður, þeim mun líklegra er að skattundanskot séu minni. Hérlendis hafa nokkur skref verið stigin í þessa átt, m.a. með lækkun skatthlutfalls af lögaðilum. Er talið að sú lækkun hafi eitthvað dregið úr skattsvikum.

Bætt skattframkvæmd.

Ein meginskýring þess að stórlega dró úr vanframtöldum tekjum á síðustu öld í Danmörku var talin sú að öll skattframkvæmd hefði tekið miklum framförum, ekki síst auknar upplýsingar sem skattyfirvöld hafa aðgang að frá þriðja aðila, svo sem launagreiðendum og bönkum, svo og ýmiss konar opinberum skrám. Er ekki að efa að þetta á einnig við hér á landi þó svo að við stöndum Dönum nokkuð að baki í þessum efnum.

Á síðustu árum hafa orðið ýmsar breytingar í skattframkvæmd sem gera má ráð fyrir að hafi haft jákvæð áhrif á skattskil. Upplýsingaöflun er orðin betri þótt enn megi bæta um og rafvædd kerfi til skoðunar á framtölum auka líkur á að í ljós komi misræmi og rangar upplýsingar.

Breytingar á atvinnuháttum.

Frá því að fyrri kannanir voru gerðar hafa orðið merkjanlegar breytingar á atvinnurekstri í þeim greinum sem taldar voru viðkvæmar fyrir skattundanskoti. Á það einkum við um bif-

reiðaviðgerðir og byggingarstarfsemi. Einyrkjum og smáfyrirtækjum hefur fækkað en stærri einingar tekið við. Má því gera ráð fyrir að dregið hafi úr svartri vinnu af þeim sökum þótt enn sé hún vafalaust útbreidd, einkum í viðgerða- og viðhaldsiðnaði. Aftur á móti hefur orðið mikil þensla í veitingastarfsemi sem getur hafa haft öfug áhrif. Í heild er gert ráð fyrir að þessir þættir hafi heldur haft áhrif til að draga úr skattundanskoti.

Auknar skattrannsóknir og strangari refsingar.[10]

Rannsóknir skattalagabrota hafa verið efldar mikið á síðustu árum og hefur það leitt til þess að til muna fleiri skattsvikamál koma til kasta dómstóla en áður var. Hefur það vafalítið leitt til fælingar þar sem meiri líkur eru nú en áður á að skattsvik hafi slíkar afleiðingar. Lágmarksfésektir vegna skattsvika hafa verið lögfestar. Ekki er vafi á að það ásamt aukinni upplýstrunarhættu hefur haft veruleg varnaðaráhrif og er það mikil breyting frá því sem áður var þegar fjárhagslegar afleiðingar skattsvika voru svo óverulegar að endurákvarðaðir skattar með álögum og sektum náðu ekki alltaf raungildi þess sem undan var svikið.

Í þessu samhengi má og ekki gleyma hinum félagslega og siðferðilega þætti varnaðaráhrifa sem felst í að opinber verði dómur um skattsvik.

Breytingar sem kunna að hafa aukið skattsvik.

Flóknari reglur, misræmi og fleiri möguleikar.

Skattalöggjöfin hefur breyst allmikið á sl. árum og sumar breytingarnar hafa leitt til misræmis í skattlagningu. Það leiðir alltaf til möguleika á skattundanskotum og iðulega til þess að þeir sem telja að á sig sé hallað í samanburðinum sækja réttlætingu fyrir skattundanskotum í ójafnréttið sem þeir telja að þeir búi við. Misræmi í skattlagningu og sérreglur geta aukið skattsvik og hefur án efa orðið til þess að auka þau á undanförnum árum. Sumar þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum á síðustu árum eru þess eðlis að þær hafa skapað nýja möguleika á því sviði. Má sem dæmi nefna frestun á skattlagningu söluhagnaðar, mismunandi skatthlutföll eftir tegundum tekna og mismun á skattlagningu hlutafélaga, annarra félaga og einstaklingsrekstrar.

Flóknari eignatengsl.

Eignatengsl íslenskra fyrirtækja hafa aukist stórlega og stórar fyrirtækjablokkir hafa myndast. Með því hafa m.a. skapast fleiri tækifæri en áður til að hagræða viðskiptum milli tengdra aðila þannig að komist verði hjá skattlagningu eða hún lækkuð. Stór hluti af stærstu fyrirtækjum landsins er með dreifða starfsemi í mörgum skattumdæmum og mörgum löndum. Gerir það allt skatteftirlit erfiðara.

Fjölgun einkahlutafélaga.

Gífurleg fjölgun hefur orðið á einkahlutafélögum á síðustu árum. Gerðist það annars vegar í kjölfar breyttrar löggjafar vegna aðildar Íslands að EES-samningnum en í henni var kveðið á um stofnun og starfsemi einkahlutafélaga með vægari skilyrðum m.a. um hluthafafjölda þar sem hlutafélag eins manns var nú orðið mögulegt. Hins vegar varð breytt skattlagning hlutafélaga ásamt lægra skatthlutfalli af fjármagnstekjum að skattalegum hvata til að reka starfsemi í þessu formi. Frá 1993 til 2004 hefur skattskyldum lögaðilum hér á landi fjölgað úr tæplega 10.000 í 24.000 eða meira en tvöfaldast. Fjöldi hlutafélaga hefur þrefaldast úr

[10] Sjá einnig 12. kafla.

7.000 í yfir 21.000.[11] Þar af eru einkahlutafélög yfir 20.000. Þessi fjölgun einkahlutafélaga hefur aukið við verkefni skattyfirvalda og fjölgað undanskotstækifærum og haft áhrif til aukningar á skattundanskoti bæði með færslu á tekjum frá launatekjum í arð eða vexti í þeim tilvikum þar sem ekki hefur verið farið að reglum um reiknað endurgjald og með því að færa einkaneyslu svo sem rekstur íbúðareigna til gjalda í atvinnurekstri. Þá eru of mörg dæmi um að einkahlutafélög séu rekin um hrið án þess að standa skil á gjöldum og sköttum og síðan látin fara í gjaldþrot án greiðslu lögboðinna gjalda.

Alþjóðavæðing.

Þá er að nefna hina svokölluðu alþjóðavæðingu sem m.a. felst í því að eignatengsl milli fyrirtækja þvert yfir landamæri og heimsálfa á milli hafa stóraukist. Innbyrðis viðskipti þannig tengdra fyrirtækja hafa reynst farvegur vafasamra skattalegra ráðstafana. Þessu til viðbótar kemur sú staðreynd að sum ríki bjóða upp á aðstöðu fyrir fyrirtæki sem ekki eru í raunverulegum rekstri í þeim tilgangi einum að koma tekjum undan skattlagningu í því landi þar sem þær eru upprunnar og ættu – ef allt væri eðlilegt – að sæta skattlagningu í.

Fjármagnsflutningar milli landa.

Fjármálaviðskipti, eins og önnur efnahagsleg samskipti milli landa, hafa verið gefin frjáls. Þótt sú breyting hafi vafalítið verið til bóta efnahagslega og hún leiði til aukinnar hagsældar þegar til lengri tíma er litið, er því ekki að neita að þetta frelsi hefur verið misnotað og hugsanlega var ekki nægjanlega að því hugað að fyrirbyggja misnotkun eins og unnt var. Eins og staðan er nú eru stjórnvöld hér á landi, a.m.k. skattyfirvöld, í verri aðstöðu en fyrir fáum árum til að fá upplýsingar um fjármagnshreyfingar milli landa og kunna að vera í verri aðstöðu en hliðstæð stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndunum.

Skatteftirlit.

Þegar frá eru taldar skattrannsóknir, þ.e. rannsóknir á skattalagabrotum sem upp hafa komið, hefur skatteftirlit ekki vaxið og hvað þá haldið í horfinu með tilliti til fjölgunar skattaðila, sbr. hina miklu fjölgun einkahlutafélaga, og ört vaxandi verkefna. Hefur þetta leitt til þess að aðhald er minna en áður og líkur á að upp um skattsvik komist því minni en æskilegt er.

Skattsniðgönguráðgjöf.

Ekki er vafi á að á síðustu árum hefur orðið breyting á viðhorfum og starfsháttum meðal fagmanna og þeirra fyrirtækja sem veita þjónustu og ráðgjöf í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja. Það virðist sem nú á dögum sé það viðtekið og þyki sjálfsagt að þessir aðilar veiti ráðgjöf sem beinlínis miðar að því að komast undan eðlilegri skattlagningu. Ýmsir aðilar í ráðgjafarstörfum og jafnvel fjármálastofnanir sérhæfa sig í að ráðleggja mönnum hvernig vista á fé með þeim hætti að það sé utan seilingar skattyfirvalda. Þess eru dæmi að þessi starfsemi sé kynnt og þau skilaboð séu send væntanlegum viðskiptavinum að unnt sé að leyna upplýsingum með þessum hætti. Það fer ekki á milli mála að þessi þróun hefur haft áhrif á skattsvik, umfang þeirra og eðli og hlýtur að grafa undan þeim trúnaði sem vera þarf

[11] Sjá viðauka III.

á milli skattkerfisins og þeirra aðila sem gefa sig í að þjóna almenningi og fyrirtækjum á þessum vettvangi.

Skatteftirlit og skattrannsóknir síðustu ára hafa í nokkrum tilvikum leitt í ljós skipulegt skattamisferli þar sem stjórnendur stórfyrirtækja hafa með aðstoð skattaráðgjafa reynt að haga viðskiptum sínum eða sett á svið viðskipti í þeim tilgangi einum að komast undan eðlilegum skattgreiðslum. Sömuleiðis hafa komið upp mörg dæmi þess að stofnuð eru fyrirtæki í skattaparadísum og tekjum einstaklinga og fyrirtækja beint þangað og þeim þannig komið undan skattlagningu. Fyrir skattyfirvöldum hafa verið rekin mál þar sem sýnt hefur verið fram á að hluti viðskipta með liðsinni fjármálastofnana, sem m.a. íslenskir viðskiptabankar hafa sett upp sem útibú eða dótturfyrirtæki í löndum sem bjóða upp á vafasamar vildarreglur, fer m.a. fram í því skyni að leyna upplýsingum fyrir íslenskum skattyfirvöldum. Er nefndin þeirrar skoðunar að aðilar sem þannig starfa stuðli beinlínis að því með starfsemi sinni að koma tekjum undan lögboðinni skattlagningu.

Þróun þessi er ekki bundin við Ísland en miklu fremur að angar af útbreiddri meinsemd séu að teygja sig hingað til lands og hafa skattyfirvöld annarra landa lýst áhyggjum sínum af þessari þróun. Dæmi um það er eftirfarandi sem haft er eftir Mark E. Everson yfirmanni IRS (Internal Revenue Service) í Bandaríkjunum. Þegar hann tók við stöðu sinni í mars 2003 mætti hann fyrir þingnefnd í Washington þar sem hann sagði m.a. eftirfarandi: *„Þess sjást glögg merki að grafið hefur undan faglegum stöðlum í sumum afkimum sérfræðingasamfélagsins. Lögfræðingar og endurskoðendur eiga að vera stoðir skattkerfis okkar en ekki hönnuðir að sniðgöngu á því.“*[12] Þá hefur Mark E. Everson við önnur tækifæri látið falla ummæli sem undirstrika þetta enn frekar.[13]

11.2 Áætlað umfang skattsvika hér á landi.

Með tilliti til þeirra athugana, sem raktar hafa verið hér að framan og fleiri atriða sem nánar verður vikið að, má fastlega gera ráð fyrir því að umfang skattsvika í formi svartrar atvinnustarfsemi og vanframtalinna tekna hér á landi hafi farið minnkandi en að verulegar líkur séu á að aukin skipulögð bókhaldssvik og notkun sniðgönguleiða í gegnum erlend eignarhaldsfélög og jafnvel fjármálafyrirtæki hafi þannig aukið heildarundanskot frá skattgreiðslum. Með hinum nýju sniðgönguleiðum hafa í reynd verið teknar upp nýjar skattsvikaleiðir.

Vanframtaldar tekjur og svört atvinnustarfsemi.

Skattsvik af þessum toga kunna að hafa minnkað. Rök fyrir þeirri ályktun eru m.a. þróun atvinnugreina, betri skattframkvæmd og upplýsingaöflun frá þriðja aðila, sem og auknar

---

[12] „There are clear indications that professional standards have eroded in some corners of the practitioner community. Attorneys and accountants should be the pillars of our system of taxation, not the architects of its circumvention.“ — Nomination hearing before the Senate Finance Committee, March 18, 2003.

[13] Fyrir þingnefnd í nóvember 2003: „Tax professionals are vital for our system of voluntary compliance. ... Tax professionals should assist taxpayers in navigating through this challenging landscape to determine their fair share of taxes. Instead we have seen far too many instances in which tax professionals have helped taxpayers avoid paying the taxes rightfully owed.“

„Our promoter investigations have established that organized and comprehensive marketing strategies have been utilized by professional firms to sell abusive products that have been produced.“ Prepared testimony, Permanent Subcommittee on Investigations, Senate Governmental Affairs Committee, Nov. 20, 2003.

Í viðtali við New York Times í desember 2003: „Mr. Everson said he wanted to weed out “attorneys and accountants who sacrifice their independence and integrity at the altar of higher fees.” ... Mr. Everson said that a breakdown in professional integrity at some firms was a core problem for tax law enforcement.“

skattrannsóknir og harðari refsingar sem vakið hafa athygli og hafa tvímælalaust fælingaráhrif.

Athuganir þær sem lágu til grundvallar skýrslunum frá 1986 og 1993 bentu til þess að umfang skattsvika væri um 4,5–6% af vergri landsframleiðslu.[14] Það umfang er nokkru hærra en það lágmarksumfang svartrar starfsemi sem telja má að raunhæft sé að ná með öflugu skatteftirliti, sbr. niðurstöður Gunnars Visby Mogensen, sem vitnað er til hér að framan, og mælingar Svía á umfangi hennar þar í landi sem sýnir að þróun til lækkunar virðist stöðnuð þrátt fyrir að skatteftirlit sé þar stöðugt og með virkara móti.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki óvarlegt að ætla að skattsvik í formi svartrar atvinnustarfsemi séu a.m.k. ekki meiri að umfangi en þau voru á miðjum síðasta áratug þegar þau voru talin nema allt að 6% af vergri landsframleiðslu en líklega eitthvað minni. Nefndin telur að með hliðsjón af fyrirliggjandi forsendum sé líklegt að vanframtaldar tekjur séu á bilinu 4–5,5% af landsframleiðslu. Undanskotnar tekjur gætu því verið 32–44 milljarðar kr. miðað við árið 2003. Sé svo má áætla að tekjutap ríkis og sveitarfélaga af þessum sökum sé 6–8% af heildarskatttekjum þeirra.[15] Á verðlagi ársins 2003 er sú fjárhæð 18–24 milljarðar kr. Rétt er þó að árétta að reikningsleg úttekt sambærileg við úttektir 1986 og 1993 hefur ekki farið fram.

Bókhalds- og framtalssvik.

Skattsvik sem gerð eru með rangfærslum í bókhaldi og framtölum atvinnurekstrar mælast ekki nema að hluta með þeirri aðferð sem beitt er við að meta vanframtaldar tekjur.[16] Í rannsóknum Svía sem vitnað er til hér að framan eru svik af þessum toga sem ekki eru mæld með vanframtöldum tekjum talin vera um þriðjungur þess sem mælist sem vanframtaldar tekjur. Óvíst er um umfangið hér á landi en vissar líkur eru á að ekki sé ástæða til að ætla að minna sé um slík svik hér á landi. Eru þess nokkur merki að skattsvikum af þessum toga hafi fjölgað.

Nefndin telur erfitt að áætla þennan þátt en telur þó líklegt að bókhalds- og framtalssvik leiði til tekjutaps opinberra aðila. Ef ástandið hér á landi er svipað og í Svíþjóð gætu undanskot vegna þessa svarað til 1,5–2% af skatttekjum þeirra sem eru 4,5–6 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2003.

Skattsvik í gegnum erlend samskipti.

Ekki er ástæða til að efast um að skattalegt fjármálamisferli í gegnum erlenda aðila hefur aukist mikið á síðustu árum og að það valdi nú verulegu tekjutapi opinberra aðila. Þar sem reynt hefur verið að meta þetta hefur niðurstaðan verið á þann veg. Í Svíþjóð hefur verið talið að tekjutap af skattsvikum með erlendum tengingum standi fyrir 20–30% af heildarskattsvikum þar í landi. Þótt sumt af því sem þar er talið eigi ekki við hér á landi telur nefndin að hugsanlega geti verið unnt að áætla að skattalegt fjármálamisferli og önnur skattsvik sem tengjast fjármálaviðskiptum milli landa geti verið svipuð og í Svíþjóð og numið 1–1,5% af heildarskatttekjum opinberra aðila. Svarar sú fjárhæð til 3–4,5 milljarða kr. á verðlagi ársins 2003.

---

[14] Verg landsframleiðsla 2003: 811 milljarðar kr. Heimild: Hagstofa Íslands.

[15] Heildarskatttekjur ríkis og sveitarfélaga 2003 áætlaðar um 300 milljarðar kr.

[16] Bókhalds- og framtalssvik mælast einungis að hluta til með mati á grundvelli þjóðhagsreikninga. Hér er fylgt fordæmi Svía og miðað við að um helmingur slíkra skattsvika sé utan hinna hefðbundnu mælinga.

Samandregnar niðurstöður.

Þegar framangreindar niðurstöður eru dregnar saman í eina heild og þær bornar saman við niðurstöður úr fyrri skýrslum verður að hafa í huga að ekki er um sambærilegar heildartölur að ræða. Óvíst er hvort mat á skattsvikum samkvæmt fyrri skýrslum hafi metið heildarskattsvik vegna þess að sú aðferð sem beitt var mælir hluta skattsvika, þ.e. fyrst og fremst vanframtaldar tekjur af svartri atvinnustarfsemi. Hún tekur ekki nema að hluta til skattsvika sem framin eru með bókhalds- og framtalssvikum og að mjög takmörkuðu leyti til skattsvika sem felast í tekjum og eignum sem leynt er erlendis. Þar að auki má gera ráð fyrir að síðastgreind tegund skattsvikanna væri ekki möguleg á þeim tíma nema í óverulegum mæli miðað við það sem nú er.

Samkvæmt framansögðu gætu heildarskattsvik að mati nefndarinnar verið:

Tapaðar skatttekjur sem hlutfall af heildarskatttekjum opinberra aðila:	
Svört atvinnustarfsemi og aðrar vanframtaldar tekjur	6–8%
Bókhalds- og framtalssvik	1,5–2%
Skattsvik í gegnum erlend samskipti	1–1,5%
Samtals	**8,5–11,5%**

Sé miðað við verðlag og tekjur ríkis og sveitarfélaga á árinu 2003 gætu heildarskattsvikin í fjárhæðum verið sem hér segir:

Tapaðar skatttekjur:	
	milljarðar kr.
Svört atvinnustarfsemi og aðrar vanframtaldar tekjur	18–24
Bókhalds- og framtalssvik	4,5–6
Skattsvik í gegnum erlend samskipti	3–4,5
Samtals	**25,5–34,5**

Ítrekað skal að framangreindar tölur eru byggðar á mjög grófum áætlunum og ályktunum af reynslu og rannsóknum annarra þjóða og verður að túlka þær varlega. Þær endurspegla það mat nefndarinnar að líklega hafi dregið nokkuð úr hefðbundinni svartri starfsemi og vanframtöldum tekjum. Það sem gerir að verkum að mat á heildarskattsvikum er nokkuð hærra en í fyrri úttektum er einkum að bæst hafa við nýjar tegundir skattsvika. Áður hefur komið fram að nefndin fékk ekki útreikninga sem sýndu umfang skattsvika ótvírætt og er því óvissa um mat nefndarinnar á umfangi skattsvika.

12. Aðgerðir yfirvalda gegn skattsvikum undanfarin ár.

Í kjölfar skattsvikaskýrslna fyrri ára og af öðru tilefni hafa yfirvöld gripið til ýmissa aðgerða undanfarin ár í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum. Meðal þess má nefna eftirfarandi:

Áróður gegn skattsvikum.

Árin 1994–1997 starfaði á vegum fjármálaráðuneytisins framkvæmdanefnd gegn skattsvikum sem hafði m.a. það hlutverk að gera tillögur um lagabreytingar, koma tillögum skattsvikanefndar hinnar síðari til framkvæmda og annast fræðslustarf og áróður. Framkvæmda-

nefndin lét gera bæklinga sem sendir voru öllum skattgreiðendum á landinu um leið og skattframtalseyðublöð voru borin út árin 1995–1997. Bæklingurinn bar heitið „Stöndum saman gegn skattsvikum“ og var ætlað að minna skattgreiðendur á að skattsvik væru lögbrot og á ábyrgð þeirra að haga skattskilum sínum á lögmætan hátt. Enn fremur var í bæklingnum hvatning til skattgreiðenda um að stuðla ekki að því að aðrir fremdu skattsvik. Framkvæmdanefndin lauk störfum árið 1997.

Ný lög um bókhald og ársreikninga.

Árið 1994 voru samþykkt ný lög um bókhald og ný lög um ársreikninga. Bættu þau lagaákvæði úr brýnni þörf en ekki höfðu áður verið til lagaákvæði um ársreikninga og bókhaldslög voru frá árinu 1968. Setning þessara laga tók af ýmis álitamál um bókhald og færslu þess, einkum með hliðsjón af breyttu tæknilegu umhverfi.

Reiknað endurgjald.

Hækkuð hafa verið viðmiðunarmörk um reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi aðila. Þótti tímabært að ákvæði um reiknað endurgjald skyldu tekin til endurmats en þær viðmiðunarfjárhæðir höfðu áður þótt nokkuð lágar í samanburði við launagreiðslur til launþega. Þýðing þessara ákvæða hefur reyndar nokkuð breyst með fjölgun einkahlutafélaga.

Skýrar reglur um rekstrarkostnað.

Í reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, voru skerptar mjög ýmsar reglur um rekstrarkostnað fyrirtækja. Var þar tekinn af allur vafi um fjölmörg atriði er honum tengjast. Á vissan hátt einfaldaði þetta skattframkvæmdina hvað varðar ýmiss konar jaðarkostnað fyrirtækja, svo sem starfstengdan kostnað o.fl.

Ný refsiákvæði í skattalögum og almennum hegningarlögum.

Árið 1995 voru samþykkt ný refsiákvæði skattalaga og nýtt lagaákvæði tekið í almenn hegningarlög um stórfelld skattsvik. Árið áður höfðu ný lög um bókhald verið samþykkt og sömuleiðis lög um ársreikninga. Með þessum nýju lagaákvæðum var mjög hert á því að þeir sem brotlegir gerðust við skattalög sættu þungum refsingum. Var það m.a. niðurstaða þeirrar nefndar sem kannaði framkvæmd virðisaukaskattsins að hin nýju ákvæði hefðu haft sitt að segja til þess að stemma stigu við skattsvikum.

Hin nýju lagaákvæði hafa á undanförnum árum ótvírætt sýnt að varnaðaráhrif þeirra hafa reynst meiri en vonast var til. Þannig hafa aðilar sem lent hafa í vanskilum með vörslufé í fjölmörgum tilfellum greitt upp allar eftirstöðvar til þess eins að komast hjá refsimeðferð en yfirgnæfandi meiri hluti þeirra uppgreiðslna hefði ekki verið inntur af hendi nema vegna yfirvofandi refsinga.

Efling skattrannsókna.

Undanfarin ár hefur mikill árangur náðst í meðferð skattsvikamála og mikil fjölgun orðið á dómum og öðrum refsiákvörðunum vegna skattsvika. Fyrir áratug eða svo gengu tvö til þrjú mál til dómsmeðferðar að jafnaði ár hvert en nú skipta þau tugum á hverju ári. Hin síðustu ár hafa refsiákvarðanir vegna skattsvika aukist verulega, en reikna má með að að jafnaði séu kveðnir upp árlega rösklega 20–25 refsidómar í skattsvikamálum. Sömuleiðis hefur orðið mikil aukning í sektarmálum fyrir yfirskattanefnd en ætla má að á næstu árum muni um 50–70 mál sæta sektarmeðferð árlega.

Dómar í skattsvikamálum.

Skattrannsóknir voru aðgreindar sérstaklega frá öðrum verkefnum skattyfirvalda með stofnun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra árið 1964. Var fyrsti dómur Hæstaréttar Íslands vegna þeirra starfa kveðinn upp á árinu 1970. Síðan hafa verið kveðnir upp alls 247 refsidómar í skattsvikamálum, flestir hin síðustu ár.

Af dómunum má sjá að margs konar óregla í bókhaldi og skattskilum hefur komið upp við rannsóknir á skattalagabrotum. Hefðbundin skattsvikamál, þar sem tekjur, eignir og jafnvel gjöld og skuldir eru vantaldar, eru algeng. Hin síðari ár hafa einnig vanskil á vörslu- og innheimtufé verið áberandi. Í því felst annaðhvort að vanrækt er að innheimta virðisaukaskatt eða staðgreiðslu opinberra gjalda eða þá að innheimtum virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu er ekki skilað í ríkissjóð. Hefur fjöldi þeirra mála farið vaxandi í kjölfar aukinna vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti.

Í viðauka I eru birtir nokkrir athyglisverðir dómar í skattsvikamálum.

13. Fjölþjóðlegar aðgerðir gegn skattsvikum.

Það hefur lengi verið svo að alþjóðleg viðskipti hafa skapað möguleika á skattundanskotum, bæði löglegum að formi til og ólöglegum. Með vaxandi viðskiptafrelsi og einkum óheftum fjármagnsflutningum er aukin hætta á skattsvikum og breyttust aðstæður að því leyti að til kom stóraukin fagleg aðstoð við þá sem vildu komast hjá skattgreiðslum með vafasömum hætti. Þessi aðstaða leiddi til þess að framboð af skattaskjólum af ýmsum toga jókst mikið. Annars vegar fjölgaði svokölluðum skattaparadísum, þ.e. örríkjum, einkum eyríkjum, í Karíbahafinu og víðar, sem buðu erlendum fjármagnseigendum upp á að stofna þar skúffufyrirtæki og njóta leyndar sem átti að tryggja þeim skattfrelsi í þeim löndum þar sem eigandinn var búsettur eða tekjurnar upprunnar. Hins vegar spruttu upp innan þróaðra ríkja skattalegar sérreglur fyrir erlenda fjárfesta sem að hluta til voru ætlaðar til að keppa við skattaparadísirnar og hindra brotthvarf fjármagns úr landinu.

Á tíunda áratugnum fóru vestrænar þjóðir að gera sér grein fyrir þeim skattalegu vandamálum sem vaxið höfðu í kjölfar alþjóðavæðingarinnar. Annars vegar hinum neikvæðu efnahagslegu áhrifum skattsniðgöngu sem brenglar samkeppnisaðstöðu og leiðir til rangra fjárfestinga. Hins vegar að þessi starfsemi grefur undan tekjuöflunarkerfum ríkjanna og leiddi til þess að skattbyrði þeirra sem greiddu skatta jókst. Í ljósi þessa fóru af stað aðgerðir af hálfu fjölþjóðlegra samtaka með það að markmiði að stemma stigu við þessari óheillaþróun.

13.1 Evrópusambandið: Code of Conduct.

Í árslok 1988 samþykkti Evrópusambandið siðareglur við skattlagningu fyrirtækja. Samþykkt var gerð að undangenginni úttekt á skattareglum í aðildarríkjum sambandsins sem talið var að væru skaðlegar og brytu gegn grundvallarreglum þess um jafna samkeppnisstöðu og bann við ríkisaðstoð við atvinnurekstur. Í úttektinni kom fram að á sjöunda tug skattareglna í aðildarríkjum sambandsins voru taldar skaðlegar í þessum skilningi. Til þeirra flestra hafði verið stofnað í þeim tilgangi og von að með þeim mætti örva aðstreymi atvinnustarfsemi erlendra aðila.

Í samkomulaginu „Code of Conduct“ fólst m.a. að ríkin skuldbundu sig til að afnema allar skaðlegar reglur. Skyldi það verða þegar í stað en heimilt var að gefa þeim aðilum sem þegar nutu þeirra aðlögunarfrest til ársloka 2005. Einn hluti þessa verkefnis var sérlega erfiður. Þar var um að ræða skattlagningu erlendra fjármagnstekna í Lúxemborg og víðar sem m.a. höfðu

leitt til þess að íbúar nágrannalandanna og fleiri landa höfðu komið fé sínu fyrir þar. Þar sem ströng upplýsingaleynd gilti einnig um þessa starfsemi gátu skattyfirvöld í þessum löndum ekki tryggt framkvæmd skattalaga sinna. Að lokum varð þó samkomulag um lausn sem felur í sér að öll ríkin undirgangast það að veita hvert öðru allar upplýsingar um vaxtatekjur íbúa hinna landanna. Þau ríki sem ekki töldu sig geta komið slíku á þegar í stað gátu valið þann kost að leggja staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur íbúa hinna landanna og deila með þeim skatttekjunum.

Auk þessara aðgerða hafa flest ESB-ríkin verið drífandi kraftur í starfi OECD við að berjast fyrir afnámi skaðlegra skattareglna annars staðar í heiminum.

13.2 Tilskipun ESB um skattlagningu sparnaðar í formi vaxtagreiðslna.[17]

Með setningu „Sparnaðartilskipunarinnar“, sem gekk í gildi 16. júlí 2003, má segja að ESB-ríkin hafi að mestu gert hreint innan sinna vébanda hvað skaðlega skattastarfsemi varðar. Flestar ívilnandi skattareglur sem brengla samkeppnisaðstöðu hafa verið afnumdar og þeim ríkjum sem enn iðka það að laða til sín fjármagn með ívilnandi skattlagningu og upplýsingaleynd hefur verið gert að skattleggja tekjur í eigu íbúa hinna ESB-landanna þannig að það samsvari skattlagningu í heimalandinu og stundum vel það.

Hluti af „skattapakka“ ESB sem stefnt var gegn skaðlegri skattasamkeppni var að setja lagareglur sem eyða áttu misræmi og brenglunum í skattlagningu vaxtatekna. M.a. hafði það lengi verið þyrnir í augum sumra aðildarríkjanna að önnur ríki í sambandinu buðu upp á lítt eða ekkert skattaða vörslu og ávöxtun á bankainneignum og skuldabréfum í eigu erlendra borgara og veittu ekki upplýsingar um þessar tekjur og eignir.

Vaxtatekjur eru skattskyldar í öllum ríkjum sambandsins en vegna fyrrgreindra reglna um vaxtatekjur erlendra borgara í sumum ríkjanna var unnt að komast hjá þessari skattskyldu með því að færa fé milli landa. Taldi ESB þetta ekki samrýmast lögmálum innri markaðarins auk þess sem þetta væri hvati til skattsvika og leiddi til hærri skattlagningar á vinnu í sumum ríkjanna, yki því launakostnað og drægi úr sköpun vinnutækifæra.

Nýja tilskipunin byggist á samkomulagi allra ESB-ríkjanna og felur í sér sjálfkrafa upplýsingagjöf um innstæður og vexti milli allra sambandsríkjanna nema Belgíu, Lúxemborgar og Austurríkis sem fá aðlögunartíma, en meðan á honum stendur verða þau að leggja afdráttarskatt á þær vaxtatekjur sem tilskipunin tekur til. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja að vaxtagreiðslur, hvar svo sem þær eru greiddar í sambandinu, verði skattlagðar í samræmi við skattalög þess lands þar sem hinn raunverulegi eigandi teknanna er búsettur.

Tilskipunin tekur til allra vaxtagreiðslna til raunverulegs eiganda inneignar eða kröfu sem búsettur er í öðru ESB-ríki og vaxtagreiðslur taka til hvers kyns vaxta af inneignum og skuldakröfum, söluhagnaðar af skuldakröfum svo og vaxta og söluhagnaðar af hlutum í verðbréfasjóðum með verulega skuldabréfaeign.

Meginkjarni tilskipunarinnar er upplýsingaskylda. Aðildarríkin eru með tilskipuninni skuldbundin til að safna og miðla til viðkomandi heimilisfesturíkis tilteknum lágmarksupplýsingum sem eru m.a. persónueinkenni og heimilisfang hins raunverulega eiganda, nafn og heimilisfang greiðanda vaxtanna, reikningsnúmer eigandans eða auðkenni undirliggjandi kröfu svo og upplýsingar um vaxtagreiðsluna. Samkvæmt tilskipuninni skulu ríkin miðla

---

[17] Council Directive 2003/48/EC on taxation of savings income in the form of interest payments; Official Journal L 157, 26.6.2003.

þessum upplýsingum eigi sjaldnar en einu sinni á ári og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok skattaárs í greiðsluríkinu.

Belgía, Lúxemborg og Austurríki geta í ákveðinn tíma ákveðið að veita ekki upplýsingar samkvæmt framangreindu. Þeim tíma lýkur þegar Sviss, Andorra, Lichtenstein, Mónakó og San Marínó hafa fallist á fullnægjandi tilfallandi upplýsingaskipti að beiðni annars ríkis og þegar framkvæmdastjórn ESB er sammála um að Bandaríkin hafi skuldbundið sig til tilfallandi upplýsingaskipta í samræmi við samningslíkan OECD.

Á aðlögunartímanum, sbr. framangreint, skuldbinda ríkin sig til að leggja afdráttarskatt á vaxtagreiðslur. Hann á að vera 15% fyrstu þrjú ár tímabilsins, 20% næstu þrjú ár og 35% eftir það. Þessum skatttekjum á að skipta þannig að innheimturíkið heldur eftir 25% teknanna en 75% renna til þess ríkis þar sem eigandi teknanna er búsettur.

13.3 OECD: Forum on Harmful Tax Practices.

Samhliða tiltekt ESB-ríkjanna innan sinna vébanda fór fram á vegum OECD umfangsmikil og metnaðarfull starfsemi með það að markmiði að útrýma eða a.m.k. draga verulega úr áhrifum skaðlegrar skattastarfsemi á efnahagslíf og tekjustofna aðildarríkjanna. Átak OECD var frábrugðið vinnu ESB að tvennu leyti. Vinna ESB beindist inn á við, þ.e. að aðildarríkjunum sjálfum og að allri starfsemi. Átak OECD sneri fyrst og fremst að fjármála- og þjónustustarfsemi og tók til starfsemi í öllum ríkjum og svæðum sem talið var að haft gætu neikvæð áhrif hjá aðildarríkjum OECD.

Til þess að sinna verkefni þessu stofnaði OECD sérstaka starfsnefnd, „Forum on Harmful Tax Practices“. Nefnd þessi greindi verkefni sitt í tvo þætti. Annars vegar var að greina svokallaðar skattaparadísir og fá þær til að breyta starfsháttum sínum til betri vegar. Hins vegar að greina skaðlegar skattareglur innan aðildarríkja OECD og fá þau til að afnema þær eða breyta á þann veg að þær teldust ekki lengur skaðlegar. Skilgreining á hvað teldist skaðleg skattastarfsemi fól í sér að tekjuskattur væri enginn eða óverulegur og til viðbótar að engar upplýsingar væru veittar, reglur væru ekki gagnsæjar eða engin raunveruleg starfsemi væri fyrir hendi.

Nefndin tók til athugunar 47 ríki eða landsvæði með skattalegt sjálfsforræði sem talið var að gætu fallið undir það að teljast skattaparadísir. Við athugun á þeim og nánari greiningu á skattareglum þeirra var 41 þeirra talið skaðlegt.

OECD bauð þeim skattaparadísum, sem voru samvinnufúsar og lýstu því skuldbindandi yfir að þær mundu virða meginreglur OECD um skattlagningu, aðstoð við að breyta reglum sínum í þá veru og ýmsa aðra aðstoð. Yrðu þær ekki við tilmælum um breytingar ættu þær á hættu að verða settar á lista sem birtur yrði af OECD yfir svæði með skaðlegar skattareglur og mættu búast við að sæta gagnráðstöfunum af hálfu OECD-landanna. Nokkur viðkomandi ríkja skuldbundu sig þegar í upphafi með þeim hætti sem OECD óskaði eftir og áður en yfir lauk höfðu 36 af þessum ríkjum undirgengist kröfur stofnunarinnar.

Meginefni þeirra skuldbindinga sem skattaparadísirnar voru látnar undirgangast er afnám upplýsingaleyndar. Það felst m.a. í því að þær leggja niður það fyrirkomulag að skrá megi fyrirtæki án þess að skráðir séu eigendur þess og eins því að þær eru reiðubúnar að ganga til samninga við önnur ríki um gagnkvæma miðlun skattaupplýsinga með svipuðum hætti og nú gerist milli ríkja með tvísköttunarsamninga. Með þessum breytingum og gerð samninga um upplýsingaskipti mun aðstaða til skattundandráttar minnka stórlega.

Að loknum þessum áfanga birti OECD lista yfir ósamvinnuþýðar skattaparadísir. Á honum eru þau fimm ríki sem enn neita samvinnu við OECD en þau eru Andorra, Líbería, Lichtenstein, Marshalleyjar og Mónakó. Jafnframt þessu hefur OECD unnið að tillögum um

gagnráðstafanir gagnvart þeim ríkjum sem ekki vilja samvinnu, svo sem að gera ekki eða rifta tvísköttunarsamningum við þau, takmarka skattalegar frádráttarheimildir vegna greiðslna til aðila sem þar eru búsettir o.fl.

Þegar kom að skaðlegum skattareglum í sjálfum OECD-löndunum var þeirri aðferð beitt að hvert land um sig gerði grein fyrir ívilnandi skattareglum og lagði mat á það sjálft hvort þær teldust skaðlegar í þeim skilningi sem fram kemur í skilgreiningu OECD. Auk þess gátu löndin bent á reglur í öðrum aðildarríkjum sem þá bar að gera grein fyrir og meta. Matið var síðan tekið fyrir af nefndinni (FHTP). Sýndi sig við prófun nefndarinnar að reglurnar uppfylltu ekki það sem þurfti til að þær teldust skaðlausar var eftir því leitað að þær yrðu afnumdar. Var það gert í flestum tilfellum og reyndar höfðu sum ríkin lýst því yfir í upphafi að reglur sem OECD teldi skaðlegar yrðu afnumdar. Alls voru 47 skattareglur innan OECD taldar skaðlegar. Meðal þeirra voru þær reglur sem giltu um skattlagningu alþjóðlegra viðskiptafélaga hér á landi. Voru þær að mati OECD skaðlegar. Voru þær því afnumdar í framhaldi af þeirri niðurstöðu en auk OECD hafði ESA beint að þeim sjónum og tekið þær til athugunar með tilliti til þess hvort þær stæðust EES-samninginn.

13.4 OECD: Bættur aðgangur skattyfirvalda að bankaupplýsingum.[18]

Ýmis verkefni sem OECD hefur unnið að á síðustu árum tengjast baráttunni gegn skaðlegri skattastarfsemi með einum eða öðrum hætti auk þess sem þau hafa víðtækari skírskotun og koma einnig að gagni við baráttu gegn skattsvikum í hverju landi um sig. Eitt hið merkasta frá því sjónarmiði er skýrsla um aðgang að bankaupplýsingum í skattalegum tilgangi. Í skýrslunni er gerð úttekt á aðstöðu skattyfirvalda í aðildarlöndum OECD og möguleikum þeirra á að fá upplýsingar frá bankastofnunum vegna skattframkvæmdar og skatteftirlits. Enn fremur eru í skýrslunni sett fram sameiginleg markmið ríkjanna um að bæta þennan aðgang og afnema hindranir á þeirri leið innan tiltekinna tímamarka.

Athyglisvert er í skýrslu þessari hve íslensk skattyfirvöld standa skattyfirvöldum í flestum löndum langt að baki hvað varðar möguleika á að fá og afla upplýsinga frá bönkum. Í meiri hluta aðildarríkja OECD er það svo að bankar senda skattyfirvöldum sjálfkrafa upplýsingar um bankaviðskipti einstaklinga sem fyrirtækja. Á þetta við um 20 af 30 aðildarríkjanna.[19] Þykir það sjálfsagður liður í að tryggja skattframkvæmd og í vaxandi mæli er litið á það sem sjálfsagða þjónustu sem borgararnir eiga rétt á. Í þeim löndum sem krefjast sjálfkrafa upplýsingagjafar af bönkunum er trúnaðarskylda bankanna gagnvart viðskiptavinum sínum ekki minni en hér. Því hefur verið haldið fram hér á landi að slík upplýsingagjöf stangist á við trúnaðarskyldu bankanna gagnvart viðskiptavinum sínum og að banki megi ekki afhenda skattyfirvöldum upplýsingar sem gjaldandanum sjálfum ber að láta þeim í té. Víðast hvar erlendis hafa þessi sjónarmið ekki átt upp á pallborðið og fyrir löngu orðið viðurkennt að hömlur á að bankar upplýsi skattyfirvöld þjóna engum tilgangi öðrum en þeim að auðvelda skattsvikurum iðju sína.

Í skýrslu OECD eru, auk greiningar á gildandi reglum, settar fram tillögur sem mælt er með að komið verði í framkvæmd þar sem þær eru ekki þegar fyrir hendi. Meðal þeirra eru

---

[18] OECD: Improving Access to Bank Information for Tax Purposes, DAFFE/CFA(2000)4.

[19] *Eftirtalin ríki krefjast sjálfkrafa skýrslugjafar banka til skattyfirvalda:* Ástralía, Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Japan, Kanada, Kórea, Portúgal, Noregur, Nýja-Sjáland, Spánn, Svíþjóð, Ungverjaland, Portúgal (takmarkað), Tyrkland (heimild til staðar).

Í þessum ríkjum er skylda til sjálfkrafa skýrslugjafar ekki til staðar: Austurríki, Belgía, Ísland, Lúxemborg, Mexíkó, Pólland, Sviss, Tékkland, Tyrkland (lagaheimild til staðar) og Þýskaland.

tillögur um að nafnlausir reikningar verði bannaðir og fjármálastofnanir krefjist þess að viðskiptavinir þeirra sanni á sér deili. Enn fremur er lagt fyrir aðildarríkin að tryggja að unnt sé að miðla öllum skattaupplýsingum til samningsríkja og afnema allar hindranir gegn því að afhenda megi bankaupplýsingar í sakamálum.

13.5 OECD: Fyrirmynd að samningi um upplýsingaskipti.

Eins og fram er komið eru virk upplýsingaskipti lykilatriði í baráttunni við skattundanskot. Ákvæði um upplýsingaskipti hafa lengi verið í tvísköttunarsamningum. Ljóst er að yfirleitt er lítill vilji til að gera tvísköttunarsamninga við skattaparadísir eða önnur ríki sem veita skattundanskotum atbeina. Af þeim ástæðum og í þeim tilgangi að virkja upplýsingamiðlun frá þeim skattaparadísum sem skuldbundið höfðu sig til slíks ákvað OECD að semja fyrirmynd að samningi sem eingöngu fjallar um upplýsingaskipti en ekki annað efni venjulegra tvísköttunarsamninga. Samningsfyrirmyndin er sérstaklega ætluð til nota við gerð samninga um upplýsingaskipti við skattaparadísirnar sem skuldbundið hafa sig til slíkra samninga en ætti eins að koma að gagni í öðrum tilvikum.

Samningsfyrirmyndin kveður á um til hvaða skatta og upplýsinga samningurinn tekur, skyldu aðila til að veita þær og hvernig að því skal staðið, heimildir til athugunar og rannsókna í hinu landinu, heimildir til að synja um upplýsingar og trúnaðarmeðferð upplýsinganna. Fyrirmyndin gerir ráð fyrir að ýmist geti verið um að ræða tvíhliða samninga eða marghliða en það síðarnefnda yrði mjög til að einfalda og hraða gerð samninganna. M.a. hefur komið til álita að Norðurlöndin semji sameiginlega við eitt eða fleiri önnur ríki.

14. Aðgerðir til að sporna við skattsvikum.

Ljóst er að ýmsar þær skattsvikaleiðir sem notaðar eru byggjast á möguleikum sem rekja má til tiltekinna veikleika í skattalöggjöfinni. Þarf því að endurmeta sum ákvæði núgildandi laga sem og að íhuga viðbætur við þau í ljósi þeirrar þróunar sem orðin er. Má í því efni m.a. byggja á tillögum, hugmyndum og tilmælum sem fram hafa komið á alþjóðavettvangi í tengslum við skaðlega skattastarfsemi og taka mið af löggjöf nágrannaþjóða okkar sem brugðist hafa við skattsvikahættu með ýmsum hætti og verið betur á varðbergi gagnvart skattsvikaleiðum við gerð löggjafar sinnar.

Á vegum OECD hafa á undanförnum árum komið fram skýrslur þar sem fjallað hefur verið um skattsvik og skattundanskot í tengslum við alþjóðleg fjármálasamskipti. Í skýrslum þessum er m.a. bent á ýmsar ráðstafanir til að draga úr og gera skattsvik erfiðari. Er þar bæði um að ræða breytingar á löggjöf og eflingu skattframkvæmdar. Meðal skýrslna af þessu tagi eru skýrslur sem komið hafa út um skaðlega skattastarfsemi (Harmful Tax Practices) og um aðgengi að bankaupplýsingum vegna skattamála. Er í þeim að finna margvíslegar ábendingar sem gætu komið að verulegu gagni hér á landi.

14.1 CFC-löggjöf.

Hraða þarf setningu svokallaðra CFC-ákvæða (Controlled Foreign Companies) í íslenska skattalöggjöf. Löggjöf þessi er fremur einföld í sniðum og felur það í sér að ef innlendur aðili, félag eða maður, á fjármálafyrirtæki eða ráðandi hlut í slíku fyrirtæki erlendis sé heimilt að skattleggja tekjur og eignir slíks fyrirtækis með tekjum og eignum eigandans ef raunveruleg skattlagning hins erlenda félags í því landi þar sem það er heimilisfast er verulega lægri en skattlagning eigandans hér á landi. Slíkar reglur torvelda mjög möguleika á skatt-

svikum af ýmsum þeim toga sem getið er hér að framan enda er stofnun dótturfélaga í skattaparadísum eða í skattavildarsvæðum meðal algengustu skattsvikaaðferða svo sem áður hefur komið fram. Starf OECD sem getið var hér að framan hefur m.a. skapað bættan grundvöll til að beita löggjöf af þessum toga þar sem mikill meiri hluti skattaparadísa hefur gengist undir að láta af nafnlausri skráningu félaga og að veita öðrum ríkjum upplýsingar um starfsemi félaga í eigu erlendra aðila.

14.2 Skattur á vexti úr landi.

Ísland er eitt örfárra landa sem ekki leggja skatt á vexti sem greiddir eru úr landi. Það fyrirkomulag er upplagt tilefni til skattsvikatilrauna eins og fram kemur í dæmum sem nefnd eru hér að framan. Fyrirtæki hafa sett upp eignarhaldskeðjur þar sem félag erlendis er látið lána hinum innlenda fé og taka hagnaðinn út í formi hárra vaxta sem eru frádráttarbærir hjá innlenda aðilanum og skattfrjálsir við greiðslu úr landi. Er þetta fyrirkomulag í algjöru ósamræmi við skattlagningu vaxta hér á landi hvort sem er hjá einstaklingum eða í atvinnurekstri svo og í ósamræmi við skattlagningu annarra tegunda af rekstrarhagnaði sem greiddur er erlendum aðilum þar sem arður, söluhagnaður og rekstrarhagnaður til þeirra sætir skattlagningu hér. Viss rök voru fyrir þessu fyrirkomulagi á þeim tíma þegar vextir hér voru neikvæðir og skattfrjálsir hjá mönnum hér á landi af þeim ástæðum. Hafa þarf í huga að skattur greiddur hér á landi kemur til frádráttar frá skatti hjá lánveitandanum í heimalandi hans þegar lán eru tekin í löndum sem Ísland hefur tvísköttunarsamninga við eða veita slíkan frádrátt án samninga og hefur Ísland tvísköttunarsamning við flest þau ríki sem eru uppspretta lánsfjármagns.

14.3 Aðgangur að upplýsingum banka.

Í skýrslu OECD, „Improving Access to Bank Information for Tax Purpose,“[20] kemur fram að meiri takmarkanir eru á því hér á landi en í flestum ríkjum OECD að skattyfirvöld fái upplýsingar frá bönkum og fjármálastofnunum. Algengast er í hinum aðildarríkjunum að skattyfirvöld fái upplýsingar um bankaviðskipti skattaðila sjálfkrafa. Sé ekki svo eru yfirleitt engar hömlur á því að slíkar upplýsingar séu veittar sé eftir því leitað. Hér á landi fá skattyfirvöld engar upplýsingar sjálfkrafa og ef leitað er eftir þeim er það háð umstangi og bréfaskriftum. Má því segja að þessi upplýsingalind sé nánast óvirk hvað varðar almennt skatteftirlit og skipulagningu þess. Skatteftirlit byggist í vaxandi mæli á áhættugreiningu en leynd um fjárhagsupplýsingar gerir hana torvelda og ómarkvissa. Tímabært er að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir og tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir. Enn fremur verði gerðar aðrar þær breytingar sem mælst er til í framangreindri skýrslu OECD að verði komnar í framkvæmd eigi síðar en í árslok 2005 en þær snúa m.a. að heimildum til að afla og láta samningsbundnum ríkjum í té bankaupplýsingar um skattborgara þeirra.

14.4 Frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum.

Í flestum stærri skattsvikamálum að undanförnu hefur komið í ljós að reynt er að nota heimild þessa umfram þann tilgang hennar að skattleggja ekki hagnað meðan hann er fastur í atvinnurekstri. Með tilkomu eignarhaldsfélaga eru tengsl við raunverulegan atvinnurekstur

---

[20] OECD, DAFFE/CFA(2000)4, Paris 2000.

oft nánast engin og hlutabréfaeign líkari peningalegum sparnaði þótt ávöxtun og áhætta séu með öðrum hætti.

Með tilkomu einkahlutafélaga er það orðið æ algengara að einstaklingar stofni hlutafélag í þeim tilgangi að notfæra sér frestunarheimildir sem ekki standa einstaklingum til boða auk þess sem það skapar aðra skattalega möguleika, svo sem frádrátt vegna vaxtagjalda. Með þessu skapast óæskilegt ójafnræði. Þá eru mörg dæmi þess að leitað er sniðgönguleiða til að komast hjá skattlagningu þegar að því kemur að taka hagnaðinn út úr hlutafélaginu, t.d. með því að selja hlutabréfin á undirverði til tengds aðila erlendis.

Versti ókostur þessarar reglu snýr að útlöndum. Þannig hefur verið litið á að heimild til frestunar taki einnig til þess að fjárfest sé í erlendum hlutabréfum. Með því að fjárfesta í erlendum félögum, oftar en ekki í skattaparadísum eða á skattavildarsvæðum, skapast möguleiki á því að viðkomandi komist að fullu undan skattlagningu með ólögmætum hætti. Er þessi regla mjög á skjön við það sem gerist í flestum löndum sem yfirleitt tryggja skattlagningarrétt sinn með því að krefjast uppgjörs á skatti af uppsöfnuðum ósköttuðum tekjum áður en eignin er flutt úr landi. Fullyrða má að þessi möguleiki á stóran þátt í þeim vaxandi skattsvikum með erlendu ívafi sem rætt er um hér að framan. Nefndin telur að endurskoðun á heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar ætti að vera forgangsverkefni í aðgerðum til að draga úr skattsvikum, að minnsta kosti ætti að koma í veg fyrir flutning á óskattlögðum söluhagnaði í erlend hlutabréf og hlutabréf í eigu einkahlutafélaga.

14.5 Ýmsar aðrar breytingar á skattalögum.

Auk þeirra breytinga sem að framan greinir er að mati nefndarinnar brýnt að gera ýmsar aðrar breytingar á skattalögum í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum og gera skattsniðgöngu erfiðari. Þeirra á meðal er eftirfarandi:

14.5.1 Styrkja ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um skattsniðgöngu.

Þau ákvæði tekjuskattslaganna (57. gr. laga nr. 90/2003) sem beitt er gagnvart skattsniðgöngu eru mjög almennt orðuð og hafa verið túlkuð á þann veg að þau feli í sér almenna grunnreglu sem geri ráðstafanir, sem settar eru á svið í þeim tilgangi einum að komast hjá skattlagningu, ólöglegar og að skattyfirvöldum sé þá heimilt að líta fram hjá þeim og líta til þess sem raunverulega gerðist. Regla þessi mætti vera skýrari og taka af öll tvímæli um að í skattalegu tillit beri að taka efni gjörninga umfram form þeirra. Enn fremur ætti að athuga að fella niður 2. málsl. 2. mgr. greinarinnar sem kveður á um skattlagningu mismunar á undirverði og markaðsverði hjá þeim sem þess nýtur. Sú túlkun sem fram hefur komið í sumum úrskurðum yfirskattanefndar, að einungis skuli endurmeta verðið í hendi kaupandans í þessum tilvikum, skapar réttaróvissu og opnar fyrir undanskot á skatti þegar kaupandinn er skráður erlendis.

14.5.2 Ákvæði um lága eiginfjármögnun.[21]

Nokkuð algengt er að í skattalögum séu ákvæði sem takmarki heimild til að draga vaxtagjöld frá tekjum þegar skattstofn er ákveðinn eða litið svo á að um sé að ræða arðgreiðslu ef lánveitandinn er jafnframt hluthafi í rekstrinum. Tilgangur ákvæðis af þessu tagi er að koma í veg fyrir skattundanskot þegar sami aðili á fjármálafyrirtæki í einu landi og fyrirtæki í virkri

---

[21] Lág eiginfjármögnun (thin capitalization) merkir að eigið fé eiganda að rekstri sé lítið að tiltölu við lán sem tekin hafa verið til starfseminnar.

starfsemi í öðru landi og stýrir því með lánveitingum milli fyrirtækjanna hvar hagnaðurinn kemur fram. Sé fjármögnunarfyrirtækið í skattaparadís eða á skattavildarsvæði er þetta vís leið til að koma tekjum undan skattlagningu, einkum þegar ekki er lagður afdráttarskattur á vexti sem greiddir eru úr landi eins og hér er. Athuga þarf hvort einhvers konar takmarkanir af þessum toga gætu hentað hér á landi.

14.5.3 Upplýsingaskylda fjármálastofnana, verðbréfaskráningar og -miðlunar.

Samkvæmt tekjuskattslögum ber fjármálastofnunum og öðrum sem stunda viðskipti eða annast umsýslu með hlutabréf að veita skattyfirvöldum upplýsingar um þau. Erfitt hefur verið að fá þessa aðila til að sinna skyldum sínum. Setja þarf í lög ákvæði sem tryggja þessi skil án undanbragða svo og að upplýsingaskyldan nái til verðbréfa af öllu tagi og ekki sé vafa undirorpið að upplýsingaskyldan taki einnig til aðila sem annast verðbréfaskráningu þótt henni fylgi ekki önnur umsýsla með bréfin.

14.5.4 Skattgreiðsluábyrgð ráðandi eigenda og stjórnenda.

Með tilkomu einkahlutafélaga í eigu eins manns með litlar kröfur um hlutafé og form er komin upp sú staða að einstaklingi gefst kostur á að færa skattalegar skyldur sínar yfir á annan lögaðila sem hann ber takmarkaða ábyrgð á. Dæmi eru þess að slík félög séu rekin án þess að standa skil á sköttum, þar á meðal staðgreiðslu af launum eigandans. Þegar þeim er ekki lengur vært eru þau gerð gjaldþrota og eiga þá sjaldnast fyrir skiptakostnaði hvað þá skattskuldum. Það er nú undir hælinn lagt hvort unnt er að gera eigandann ábyrgan fyrir skuldunum og ekki nema með miklum málarekstri. Nefndin telur að gera ætti í lögum ríkari kröfur um ábyrgð eigenda og stjórnenda í þessum efnum og jafnvel kveða á um tryggingar á skattgreiðslum.

14.5.5 Fyrning skattsvika.

Samkvæmt tekjuskattslögunum eru heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar á sköttum takmarkaðar við að ekki séu meira en sex ár liðin frá því tekjuári sem um ræðir. Skiptir þá engu hvort um er að ræða alvarleg skattalagabrot eða mistök. Í skattsvikamálum, einkum þeim sem byggjast á skipulegum og flóknum sniðgöngugjörningum, er því oft þannig farið að langur tími getur liðið þar til grunsemdir vakna og athugun hefst. Eins er um að ræða mál sem eru umfangsmikil og getur rannsókn þeirra tekið langan tíma. Óeðlilegt er að menn séu verndaðir fyrir afleiðingum alvarlegra lögbrota með eins þröngum tímaramma og nú er.[22]

[22] Í frumvarpi til breytinga á skattalögum sem lagt var fram í nóvember 2004 er gerð tillaga um þá breytingu að fyrningarfrestur miðist við upphaf rannsóknar.

14.6 Breytingar á öðrum lögum.

Ákvæði ýmissa laga annarra en skattalaga geta haft mikla þýðingu fyrir baráttu gegn skattsvikum, einkum ákvæði er snerta skyldur fyrirtækja til skráningar og upplýsingagjafar. Meðal úrbóta á þeim vettvangi sem ástæða er til að nefna og snerta skattsvik sérstaklega er eftirfarandi:

14.6.1 Skylda fjármálastofnana, endurskoðenda og ráðgjafarfyrirtækja til að halda skrá yfir viðskiptavini og gera hana aðgengilega fyrir skattyfirvöld.

Í Bandaríkjunum, þar sem skattyfirvöld hafa lengi glímt við skattaskjól af margvíslegum toga, var lögfest fyrir fáum árum sú kvöð á þá sem annast ráðgjöf á sviði skattamála að halda lista yfir þá viðskiptavini sína sem þeir veita ráðgjöf eða fyrirgreiðslu um stofnun félaga eða uppsetningu einhverrar fjármálaþjónustu utan Bandaríkjanna. Er þessum aðilum skylt að láta þessar upplýsingar af hendi við skattyfirvöld. Telja skattyfirvöld þar í landi þetta hafa borið mikinn árangur. Er hér um að ræða einfalda og virka leið til að styrkja stöðu skattyfirvalda í baráttu gegn skipulögðum skattsvikum, sem taka ætti til gaumgæfilegrar skoðunar.

14.6.2 Auðkenning og skráning erlendra aðila (TIN-númer).[23]

Svo sem vera ber er auðvelt fyrir erlenda aðila að stofna til viðskipta hér á landi, m.a. viðskipta við bankastofnanir. Af hálfu skattyfirvalda víða um lönd hefur það hins vegar þótt ljóður á ráði í ýmsum löndum að erfitt er að fá upplýsingar um þessi viðskipti og þegar þær fást er oft erfitt að vinna úr þeim vegna þess hve þátttakendur í þeim eru illa auðgreindir. Starfshópur[24] á vegum OECD og fleiri aðila með það hlutverk að berjast gegn peningaþvætti hefur gert ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. að við slík viðskipti verði viðskiptavinirnir krafðir um fullnægjandi persónuupplýsingar og að þeir sanni á sér deili og upplýsi um svokallað TIN-núm[25]er sitt í því landi sem þeir eru búsettir í. Kanna þarf með hvaða hætti unnt er að uppfylla þessar tillögur hér á landi.

14.6.3 Upplýsingar í ársreikningum um greiðslur til stjórnenda, eigenda og tengdra aðila.

Kannað verði hvort ekki sé rétt að gera auknar kröfur um að í ársreikningum félaga verði gerð grein fyrir öllum greiðslum og samskiptum félagsins við eigendur og stjórnendur svo og samantekt á öllum greiðslum til eða frá öðrum löndum.

14.6.4 Staða og ábyrgð endurskoðenda.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að breyttri 8. félagaréttartilskipun Evrópusambandsins. Í tillögunni felast verulegar breytingar hvað varðar störf endurskoðenda, m.a. um sjálfstæði þeirra, skil milli ráðgjafar og endurskoðunar svo og ráðstafanir til að skilgreina faglegt siðferði endurskoðenda. Fylgjast þarf með framvindu þessara tillagna og lögleiða ákvæði breyttrar tilskipunar þegar þar að kemur. Ekki eru sjáanleg rök fyrir að gera hér minni

---

[23] Taxation Identification Number.

[24] FAFT, Financial Action Task Force.

[25] Samkvæmt OECD/CTPA; Tax Administration in OECD Countries: Comparative Information Series (2004) nota 23 af 31 aðildarríkjanna einhverja tegund slíkra númera. Ísland og önnur Norðurlönd nota kennitölur einstaklinga og skráðra fyrirtækja, í sumum ríkjum eru sérstök skattanúmer, Bandaríkjamenn nota „social security number“ fyrir einstaklinga o.s.frv.

kröfur í þessum efnum en meðal annarra þjóða. Þess má geta að lögleiðing þessara reglna er meðal ráðstafana í aðgerðaáætlun norsku ríkisstjórnarinnar gegn efnahagsafbrotum.[26]

Samhliða þessu er æskilegt að gera frekari ráðstafanir til að auka ábyrgð endurskoðenda á reikningum og skattskilum sem þeir vinna. Meðal þess sem ætti að koma sterklega til álita í þeim tilgangi er að gera endurskoðendur að opinberum sýslunarmönnum eins og var fyrir nokkrum árum. Með því væri ábyrgð þeirra aukin, einkum refsiábyrgð, og skýrar afmörkuð.

14.7 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi gegn skattsvikum.

Ísland hefur lengi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi skattamála, einkum innan OECD og á vettvangi Norðurlanda, auk þess sem gerð tvísköttunarsamninga er mikilvægur þáttur í því. Samstarf þetta snertir mjög skatteftirlit og skattsvik, ekki síst að því er tekur til upplýsingaskipta og leiðbeinandi reglna um gerð samninga og ýmislegt sem snertir framkvæmd skattamála. Þetta samstarf þarf að efla og gera þátttöku Íslands virkari á þeim sviðum sem snúa að því að fyrirbyggja skattsvik. Meðal þess sem leggja þarf áherslu á í þeim efnum er eftirfarandi:

14.7.1 Virkari upplýsingaskipti.

Íslensk skattyfirvöld taki upp virkari upplýsingaskipti á grundvelli tvísköttunarsamninga og annarra samninga um sama efni. Tekið verði á móti og unnið skipulega úr upplýsingum frá öðrum löndum og upplýsingum varðandi þau safnað og miðlað til þeirra. Stefnt verði að því að samtímamiðlun skattaupplýsinga verði tekin upp við þau lönd sem til þess eru búin, svo sem Norðurlöndin.

14.7.2 Gerð samninga um upplýsingaskipti.

Mörg af þeim löndum sem getið er í átaki OECD hér fyrr í skýrslunni hafa lýst yfir vilja sínum til að gera samninga við aðildarlönd OECD um upplýsingaskipti. Þar á meðal eru svæði sem vitað er að íslenskir aðilar hafa mikið notað til skattundanskota. Eins og að framan greinir hefur OECD þróað samningsfyrirmynd sem auðveldar mjög gerð samninga um upplýsingaskipti. Hraða þarf gerð slíkra samninga og tryggja að þeir nái markmiði sínu. Æskilegt er að höfð verði samvinna við Norðurlöndin og e.t.v. fleiri ríki í þeim tilgangi að ná sem skjótustum árangri og njóta reynslu þeirra.

14.7.3 Fyrirbyggjandi ákvæði í tvísköttunarsamninga.

Grunngerð íslensku tvísköttunarsamninganna var ákveðin áður en landið varð eins opið fyrir alþjóðlegri skattsvikastarfsemi og nú er. Eru þeir fremur einfaldir að gerð og lítið um ákvæði sem koma í veg fyrir misnotkun þeirra. Æskilegt er að gera breytingar á samningslíkani Íslands á þann veg að sem mest verði komið í veg fyrir að samningana megi nota til að koma fé undan skatti hvort sem er hér á landi, í hinu samningslandinu eða í þriðja ríki. Fordæmi eru í samningum margra annarra þjóða um slík samningsákvæði og í nokkrum íslensku samninganna hefur sérstökum ákvæðum til varnar skattsvikum verið bætt inn við gerð þeirra.

---

[26] Regeringens handlingsplan mot økonomisk kriminalitet.

14.7.4 Virk þátttaka í baráttu gegn skattaparadísum.

Ísland hefur tekið þátt í starfi OECD gegn skaðlegri skattastarfsemi hvort heldur sem er í skattaparadísum eða í skattavinjum innan OECD-landanna. Æskilegt er að Ísland beiti sér ásamt öðrum löndum[27] innan OECD og annarra alþjóðlegra samtaka fyrir aðgerðum til að draga úr því að skattaparadísir séu notaðar til skattsvika, m.a. með því að gert verði kleift að komast að því hverjir eru raunverulegir eigendur félaga og annarra lögaðila sem skráðir eru í öðrum löndum. Þessu samstarfi þarf og að fylgja eftir m.a. með því að íhuga að grípa til einhverra af þeim gagnráðstöfunum sem mælt er með af hálfu OECD gagnvart þeim sem ekki hafa látið af skaðlegri starfsemi.

14.7.5 Aðlögun að sparnaðarreglugerð ESB.

Eins og lýst var hér að framan hafa aðildarríki ESB tekið upp sérstakt fyrirkomulag á skattlagningu vaxta sem felst í sjálfkrafa upplýsingagjöf og afdráttarvöxtum. Fyrirkomulag þetta þjónar þeim tvíþætta tilgangi að koma í veg fyrir undanskot frá skatti og koma í veg fyrir brenglun á samkeppnisaðstöðu sem ekki samrýmist innri markaði ESB. Með hliðsjón af því síðarnefnda má jafnvel gera ráð fyrir að sambærilegar kröfur verði gerðar til EES-ríkjanna og þarf að kanna hvaða afleiðingar þessi tilskipun kann að hafa hér á landi. Með tilliti til þess og í þeim tilgangi að draga úr möguleikum á skattundanskotum ætti að kanna hvort unnt er að koma á sambærilegu fyrirkomulagi hvað varðar samskipti Íslands við þessar þjóðir. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að nokkuð er um að íslenskir aðilar hafi komið fé fyrir í löndum eins og Belgíu, Lúxemborg og Hollandi en þessi lönd veita nú ekki upplýsingar um bankaviðskipti erlendra aðila.

14.8 Breytingar á bótakerfi.

Nefndin telur að ástæða sé til að huga að breytingum á reglum um bætur í skattkerfinu og að e.t.v. verði leitað annarra leiða til að rétta hlut einstæðra foreldra en í gegnum skattkerfið með hærri barnabótum og vaxtabótum en til sambúðarfólks. Ákaflega viðkvæmt og erfitt er að upplýsa brot af þessu tagi og gengið nokkuð nærri friðhelgi einkalífs með rannsókn á þeim. Sé staða sambúðarfólks og einstæðra foreldra gerð jöfn í skattalegu tilliti mætti veita einstæðum foreldrum þá viðbótaraðstoð sem talin er nauðsynleg með öðrum hætti, t.d. í gegnum almannatryggingakerfið eða sveitarfélög sem kunna að vera betur í stakk búin til að leggja mat á þörf og forsendur slíkrar aðstoðar en skattkerfið. Einnig mætti athuga hvort rétt væri að gera viðbótarbætur háðar sérstakri umsókn og yfirlýsingu viðkomandi aðila

14.9 Skatteftirlit og skattrannsóknir.

Nefndinni var m.a. falið að fjalla um á hvaða sviðum þurfi að efla skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum. Í umfjöllun sinni hefur nefndin því metið stöðu þessara þátta í ljósi þess sem fram hefur komið í störfum hennar og getið er í skýrslunni. Ljóst er af því að ærin ástæða er til að efla þessa þætti skattframkvæmdarinnar svo og að styrkja lagaumhverfið á ýmsan hátt.

14.9.1 Bætt skattframkvæmd.

Eins og fram hefur komið hefur orðið grundvallarbreyting á eðli og birtingarformi skattsvika á undanförnum árum. Svört atvinnustarfsemi í tiltölulega smáum stíl er talin hafa dreg-

---

[27] Regeringens handlingsplan mot økonomisk kriminalitet.

ist saman en skipulögðum og vel ráðlögðum bókhalds- og framtalssvikum ásamt undanskotum í gegnum aðila skráða erlendis hefur vaxið fiskur um hrygg. Skattyfirvöld hafa þegar brugðist við með breyttum áherslum í störfum sínum en sérstaklega mikilvægt er að stjórnvöld tryggi skattyfirvöldum góð starfsskilyrði og nægilegt fjármagn til að stemma stigu við þeim undanskotum sem nú tíðkast annars vegar og hins vegar að leita uppi nýjar undanskotsleiðir og sporna við að frekari skattsvik geti átt sér stað.

14.9.2 Eftirlitsstefna og áhættugreining.

Skatteftirlit hér á landi hefur e.t.v. um of miðast við offærðan frádrátt í skattskilum án þess að beinlínis væri horft til annarra atriða. Þá hafa skattrannsóknir einkum beinst að tekjuundanskoti og virðisaukaskattssvikum. Á allra síðustu árum hafa orðið breytingar að þessu leyti hjá skattyfirvöldum og þau meira beint sjónum sínum að skattsvikum í tengslum við erlend félög. Halda þarf áfram að bæta framkvæmdina, m.a. með endurmati á áherslum og verkefnavali. Mikilvægt verkefni í þessu skyni er að fram fari áhættugreining á að hverju undanskot beinast, hvernig þau eru framkvæmd og hvaða skattstofnar verði helst fyrir barðinu á skattsvikum. Gera þarf skattyfirvöldum kleift að byggja upp gagnasöfn og þróa aðferðir til slíkrar áhættugreiningar og leggja þær til grundvallar aðgerðum. Með slíkum aðferðum má gera ráð fyrir að öll skattframkvæmd verði markvissari og beinist að þeim atvinnugreinum og aðilum þar sem líklegast er talið að skattsvik sé að finna. Samhliða þarf einnig að efla vélræna bókhaldsskoðun með skoðunarforritum sem þróuð hafa verið til þess að finna afbrigðilegheit og veilur í bókhaldi.

14.9.3 Eftirlit með skattskilum stórfyrirtækja.

Af og til á undanförnum árum hafa komið fram vangaveltur um hvernig haga skuli skattframkvæmd gagnvart stærri aðilum. Ljóst má vera að sífellt fleiri fyrirtæki eru orðin það umsvifamikil að þau starfa í mörgum skattumdæmum og jafnvel í mörgum löndum. Þá eru fyrirtækjasamsteypur, röð hlutafélaga og einkahlutafélaga sem eru eignaraðilar fjölda annarra lögaðila þannig uppbyggð að venjubundið skatteftirlit getur tæplega tekið til slíkra svo fullnægjandi sé. Augljóst er að hættur á undanskotum og ýmiss konar skattamisferli er mun meira en ella. Mikil sérhæfing og öflug ráðgjöf sem skattsvikaaðilar hafa yfir að ráða gera það að verkum að endurmatsþörf að þessu leyti er orðin brýn. Nefndin telur því koma til álita að fyrirtæki yfir einhverri tiltekinni stærð eða umsvifum, stórfyrirtæki, ekki síst á sviði fjármálastarfsemi, og lögaðilar í tengslum við þá sem hafa með höndum erlend fjármálaviðskipti, sæti annarri framkvæmd skattlagningar en núgildandi lög gera ráð fyrir. Í öðrum löndum hefur þessi staðreynd löngu verið viðurkennd. Í 23 af 31 ríki í OECD,[28] þar á meðal á öllum hinum Norðurlöndunum, eru starfræktar sérgreindar einingar fyrir stórfyrirtæki sem ýmist taka til alls eða stórs hluta viðkomandi lands.

14.9.4 Erlend fjármálaviðskipti.

Framangreint á einnig við um erlend fjármálaviðskipti sem aukist hafa verulega á undanförnum árum en með þeim skapast nýir möguleikar til að koma fé undan skatti. Eðli þessara viðskipta og framkvæmd er með þeim hætti að núverandi fyrirkomulag skatteftirlits dugir ekki til. Bæði er að upplýsingar um brot af þessum toga er oftast ekki að finna í þeim gögnum sem skattaðili lætur skattyfirvöldum í té og liggja til grundvallar álagningu og að vinna

---

[28] OECD/CTPA; Tax Administration in OECD Countries: Comparative Information Series (2004).

við eftirlit með þessari starfsemi krefst meiri sérhæfingar en svo að hún verði byggð upp á mörgum stöðum í skattkerfinu.

14.9.5 Ábyrgðarsvið skattyfirvalda.

Nefndin hefur fjallað um hvernig er best að auka skilvirkni skattyfirvalda og hefur komist að þeirri niðurstöðu að þar á meðal sé það best tryggt að saman fari vald- og ábyrgðarsvið þeirra og þau fái heimild til að fara með mál fyrir dómstóla, bæði í því skyni að fá úrlausn dómstóla í álitamálum og að sækja menn til saka. Oft og tíðum lýkur deilumálum ekki fyrir yfirskattanefnd eða úrskurður nefndarinnar er talinn vera þess eðlis að nauðsynlegt sé að fá afstöðu dómstóla til álitaefnisins. Hið sama á við þegar aðili sætir opinberri ákæru vegna ætlaðra skattsvika. Við hvorar tveggja þessara aðstæðna þurfa skattyfirvöld nú á dögum að afhenda mál til annars aðila sem ætlað er að ljúka viðkomandi máli. Augljóst er að hjá skattyfirvöldum er sérþekking til staðar á viðkomandi deilumáli sem ekki er annars staðar. Telur nefndin að taka ætti þannig til athugunar að færa saksókn og ákæruvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknastjóra og málsforsvar í dómsmálum um ágreining í skattamálum til embættis ríkisskattstjóra. Er líklegt að breyting af þessu tagi mundi hraða mjög meðferð mála en mikilvægt er bæði frá sjónarhóli hins brotlega og hins opinbera að meðferð slíkra mála sé hröð og skilvirk.

15. Ávinningur af aðgerðum gegn skattsvikum.

Nefndinni var falið að meta hvaða ávinning það hefði í auknum skatttekjum að efla skatteftirlit og skattrannsóknir. Nefndin telur að nákvæmt mat að þessu leyti sé ekki vel framkvæmanlegt en hins vegar sé augljóst að fjárhagslegur ávinningur hins opinbera af auknu skatteftirliti og auknum skattrannsóknum er mikill auk þess sem annar ávinningur, svo sem aukið jafnræði, jafnari samkeppnisstaða, aukin varnaðaráhrif og almennt meira réttlæti í þjóðfélagsumgjörðinni, sé ekki síður mikilvægur. Er því ljóst að fjárhagslegur ávinningur af bættri skattframkvæmd er mjög mikill.

Eins og fram kemur hér að framan er það mat nefndarinnar m.a. byggt á sænskum úttektum að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna að tekjutap ríkis og sveitarfélaga af skattsvikum nemi milljörðum króna á ári hverju. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið erlendis að erfitt sé að uppræta skattsvik með öllu. Engu að síður er að mati nefndarinnar enn nokkuð í að náð hafi verið þeim árangri hér á landi sem gæti verið viðunandi að þessu leyti. Ljóst er að mikill ávinningur er fólginn í því að minnka skattsvik og auka þannig tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga og þess virði að kosta nokkru til. Nefndin telur að stjórnvöld ættu að setja sér það markmið að draga verulega úr skattsvikum með markvissu átaki á nokkrum árum sem taki til lagabreytinga og annarra breytinga á skattframkvæmd.

Viðauki I.

Athyglisverðir dómar í skattsvikamálum.

Dómur Hæstaréttar Íslands 12. júní 1997, mál nr. 121/1997:

Þ var ákærður og voru gefnar að sök stórfelldar rangfærslur í skattframtölum sínum á árunum 1990–1994, þar sem tekjur voru vantaldar um a.m.k. 133.158.685 kr., er leiddi til þess

að álagður tekjuskattur og útsvar varð 37.668.600 kr. lægri en vera átti. Enn fremur stórfelldar rangfærslur og undandráttur við virðisaukaskattsskil á árunum 1990–1994 með því að vantelja á virðisaukaskattsskýrslum sínum skattskylda veltu um a.m.k. 149.021.817 kr. sem varð til þess að hann komst hjá því að greiða til ríkissjóðs 36.510.344 kr. í útskatt, sem frá drógust 627.767 kr. vegna vantalins innskatts, þannig að vangreiddur virðisaukaskattur var 35.882.577 kr. Loks rangfærslu skjala fyrir að hafa á árunum 1990–1993 lækkað í blekkingarskyni fjárhæðir á afritum 120 sölureikninga og notað þau þannig breytt sem fylgiskjöl til tekjufærslu í bókhaldi.

Dæmd viðurlög: 12 mánaða fangelsi, þar af 9 mánuðir skilorðsbundnir. Fésekt 50.000.000 kr., vararefsing 12 mánaða fangelsi.

Héraðsdómur Reykjavíkur 6. júlí 1999, mál nr. S-1510/1998:

A, ákærður sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri X hf., gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa á árunum 1993, 1994 og 1995 ýmist afhent rangar eða engar virðisaukaskattsskýrslur með þeim afleiðingum að skattskyld velta félagsins framangreind ár var vantalin um 81.542.419 kr. sem varð til þess að félagið komst hjá að greiða 22.520.885 kr. í virðisaukaskatt. Brot gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins á árunum 1994 og 1995, samtals 547.781 kr. A var einnig gefið skjalafals og tollalagabrot að sök. B var ákærður fyrir tollalagabrot og skjalafals í opinberu starfi.

Sannað taldist að A hefði framið þau skattalagabrot sem hann var ákærður fyrir. Ákærðu voru báðir sakfelldir fyrir skjalafals og tollalagabrot.

Dæmd viðurlög: A dæmdur í 2 ára óskilorðsbundið fangelsi. Fésekt 64.000.000 kr., vararefsing 1 árs fangelsi. Ákvörðun refsingar B frestað.

Fyrir kemur að atvinnustarfsemi, og það jafnvel nokkuð umfangsmikil, sé óskráð að öllu leyti hjá skattyfirvöldum, engum skýrslum skilað eða gögnum haldið til haga vegna rekstrarins. Sem dæmi má nefna:

Dómur Hæstaréttar Íslands 27. maí 1999, mál nr. 513/1998:

Ákærðu, A sem stjórnarformanni, fyrirsvarsmanni og eiganda X hf. og B sem fyrirsvarsmanni og eiganda félagsins, voru gefin að sök brot gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki tilkynnt um virðisaukaskattsskylda starfsemi félagsins, að hafa vanrækt að gera grein fyrir virðisaukaskattsskyldri sölu vöru og þjónustu sem fram fór í starfsemi félagsins á árunum 1993, 1994 og 1995 og að hafa ekki staðið skil á innheimtum virðisaukaskatti sem innheimtur var í starfsemi félagsins, samtals a.m.k. 3.363.398 kr. Brot gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt með því að hafa látið undir höfuð leggjast að skila skattskýrslum og telja fram til skatts tekjur félagsins á árunum 1993, 1994 og 1995 sem námu að lágmarki 9.255.805 kr. sem félaginu bar að greiða af tekjuskatt og að hafa með þessari hegðun orðið þess valdandi að félagið komst undan greiðslu tekjuskatts, samtals að fjárhæð 3.045.415 kr. Brot gegn bókhaldslögum og lögum um ársreikninga með því að hafa látið undir höfuð leggjast að halda lögboðið bókhald fyrir félagið á árunum 1993, 1994 og 1995 og að gera ársreikninga fyrir það.

Í héraði var ákærði B sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu þar sem réttmætur vafi var talinn leika um þátt hans í ákvarðanatöku um þau málefni félagsins sem ákæra tók til. Talið var sannað að ákærði A hefði gerst sekur um þau brot á lögum um virðisaukaskatt

sem honum voru gefin að sök, þó þannig að vangoldinn virðisaukaskattur var talinn 1.490.410 kr. í samræmi við játningu ákærða. Hann var einnig sakfelldur fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að skila skattskýrslum og telja fram til skatts tekjur X hf. á árunum 1993 og 1994 en sýknaður hvað árið 1995 varðaði. Þá var ekki talið að ákæruvaldið hefði lagt fram gögn sem gerðu dóminum kleift að meta sjálfstætt og á grundvelli rannsóknargagna hvort tekjur félagsins hefðu numið þeirri fjárhæð sem haldið var fram í ákæru og vangreiddur tekjuskattur þar með numið þeirri fjárhæð sem þar greindi. Ákærði var því sýknaður af þeim kafla ákæru sem sneri að því. Talið var sannað að lögboðið bókhald hefði verið haldið fyrir félagið árin 1993, 1994 og 1995 og því hefði ekki verið brotið gegn lögum um bókhald. Þá var ákærði sýknaður af ákæru hvað varðaði brot á lögum um ársreikninga.

Héraðsdómi var einungis áfrýjað hvað varðaði meint brot gegn lögum um virðisaukaskatt, bókhald og ársreikninga. Niðurstaða héraðsdóms um sýknu B var staðfest í Hæstarétti. A var sakfelldur fyrir stórfelld virðisaukaskattsbrot og var miðað við að vangoldinn virðisaukaskattur næmi a.m.k. 3.363.398 kr., eins og greindi í ákæru. Brotin voru talin varða við sömu lagaákvæði og í héraðsdómi. Hann var einnig sakfelldur fyrir brot gegn lögum um bókhald samkvæmt því sem greindi í ákæru. Sú háttsemi var talin varða við 36. gr., sbr. 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995 um breytingu á þeim lögum, sbr. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995.

Dæmd viðurlög: A dæmdur í 8 mánaða fangelsi, þar af 5 mánuðir skilorðsbundnir. Fésekt 1.500.000 kr., vararefsing 3 mánaða fangelsi.

Alvarleg innskattsvik þar sem einstaklingar sækja sér fjármuni í ríkissjóð í formi ólögmætra krafna til endurgreiðslu innskatts koma fyrir með nokkuð reglulegum hætti á tímabilinu. Hér má sem dæmi nefna:

Héraðsdómur Reykjaness 31. desember 1993, mál nr. S-247/1993:

E var ákærður fyrir að tilgreina sem framkvæmdastjóri J ranglega á virðisaukaskattsskýrslu – bráðabirgðaskýrslu fiskvinnslufyrirtækis – fyrir félagið, hráefniskaup að fjárhæð 25.920.120 kr. og innskatt af þeim að fjárhæð 6.350.429 kr., afhenti þá skýrslu skattstjóranum í Reykjanesumdæmi í því skyni að félagið fengi endurgreidda innskattsfjárhæðina sem virðisaukaskatt af hráefniskaupum sem ekki höfðu verið gerð í reynd. Var synjað um þá greiðslu með úrskurði skattstjóra og fékk ákærði þannig féð ekki í hendur.

Dæmd viðurlög: 7 mánaða fangelsi, allt skilorðsbundið í þrjú ár. Fésekt 500.000 kr., vararefsing 3 mánaða fangelsi.

Dómur Hæstaréttar Íslands 23. nóvember 1995, mál nr. 244/1995:

Þ var ákærður sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður V og gefnar að sök stórfelldar rangfærslur við virðisaukaskattsskil félagsins á árunum 1992, 1993 og 1994 með því að hafa útbúið fyrir hönd félagsins alls 110 tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur þar sem tilgreindur innskattur var að meginhluta samkvæmt reikningum frá einkafyrirtæki ákærða, X, án þess að nokkur raunveruleg viðskipti hefðu átt sér stað á milli fyrirtækjanna, enda var það fyrirtæki ekki með neina starfsemi og skilaði á greindu tímabili ýmist engum virðisaukaskattsskýrslum eða skýrslum þar sem skattskyld velta var engin, og að hafa með vikulegum framvísunum á hinum röngu skýrslum svikið úr ríkissjóði að minnsta kosti 38.195.944 kr. sem endurgreiddan virðisaukaskatt.

Dæmd viðurlög: Fangelsi í 2 ár og 6 mánuði (30 mánuðir), óskilorðsbundið. Fésekt 20.000.000 kr., vararefsing 12 mánaða fangelsi. Bótakrafa samþykkt.

Dómur Hæstaréttar Íslands 26. september 1996, mál nr. 154/1996:

D var ákærður sem framkvæmdastjóri F hf., gefnar að sök stórfelldar rangfærslur við virðisaukaskattsskil félagsins á árunum 1992, 1993, 1994 og 1995, með því að útbúa og afhenda skattyfirvöldum 83 tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur þar sem innskattur félagsins var ranglega tilgreindur og að hafa á þann hátt svikið úr ríkissjóði sem endurgreiddan virðisaukaskatt 12.604.556 kr.

Dæmd viðurlög: Fangelsi í 9 mánuði, óskilorðsbundið. Fésekt 7.000.000 kr., vararefsing 12 mánaða fangelsi. Bótakrafa samþykkt.

Héraðsdómur Reykjaness 24. nóvember 1999, mál nr. S-1603/1999:

Þ var ákærður sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi X ehf., gefin að sök brot gegn lögum um virðisaukaskatt og rangfærslur upplýsinga í opinberu starfi með því að hafa útbúið fyrir félagið og afhent skattstjóra 10 tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur fyrir uppgjörstímabilin frá 19. janúar til 30. apríl 1998, þar af 9 bráðabirgðaskýrslur þar sem ranglega voru tilgreind kaup félagsins á hráefni og innskattur vegna þeirra og eina skýrslu þar sem ranglega var tilgreind undanþegin velta og innskattur. Með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður skattstofu til að skrá inn í tölvukerfi virðisaukaskatts rangar upplýsingar samkvæmt hinum innlögðu skýrslum og rangar staðfestingar á afgreiðslum þeirra, en þær færslur í tölvukerfið heimiluðu innheimtumanni ríkissjóðs að greiða félaginu innskatt sem það fékk útborgaðan, samtals 1.627.794 kr. Einnig með því að hafa án nokkurra skýrslugjafar af hálfu X ehf. fyrir 40 uppgjörstímbil frá 1. maí 1998 til 28. mars 1999 misnotað stöðu sína sem starfsmaður skattstjóra til að skrá beint inn í tölvukerfi virðisaukaskatts rangar upplýsingar í þágu félagsins, 34 sinnum um vikuleg hráefniskaup og innskatt af þeim og 6 sinnum um undanþegna veltu og innskatt á tveggja mánaða tímabilum og rangar staðfestingar um afgreiðslur þeirra, sem heimiluðu innheimtumanni ríkissjóðs útborgun á innskatti til X ehf. samtals 9.241.527 kr. Þá voru ákærða gefin að sök meiri háttar bókhaldsbrot með því að hafa í rekstri X ehf. allt árið 1998 og fyrri hluta ársins 1999 vanrækt að halda lögboðið bókhald og vanrækt að varðveita fylgiskjöl í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju og að hafa vanrækt að semja ársreikning félagsins fyrir árið 1998.

Sekt ákærða var talin sönnuð með afdráttarlausri játningu hans.

Dæmd viðurlög: 12 mánaða fangelsi. Fésekt 25.000.000 kr. in solidum með X ehf., vararefsing 12 mánaða fangelsi.

Annað tilbrigði af innskattsrangfærslum hefur mjög verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár. Þar er um að ræða þau tilvik þar sem sölureikningseyðublöð, oftar en ekki með persónuauðkennum ógæfusamra einstaklinga, sem eru heimilislausir og í óreglu, ganga kaupum og sölum og enda hjá einstaklingum og fyrirtækjum þar sem þau eru lögð til grundvallar færslu gjalda og innskatts á móti raunverulegum tekjum og innheimtum virðisaukaskatti til þess að komast hjá greiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts. Sem dæmi um mál af þessum toga má nefna:

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 2003, mál nr. 4099/2002:

Ákærða A var gefið að sök að hafa á árinu 1999 tekið við og notað til gjaldfærslu og innsköttunar í bókhaldi vegna sjálfstæðrar starfsemi hans 29 tilhæfulausa sölureikninga, samtals að fjárhæð 25.215.682 kr., sem báru með sér að vera vegna sölu á verktakaþjónustu til ákærða A án þess að nokkur slík sala hefði átt sér stað, en reikninga þessa afhenti ákærði B ákærða A gegn peningagreiðslu og hafði ákærði B milligöngu um að afla reikninganna sem ákærðu færðu fjárhæðir á, en með því komu þeir ákærða A undan að standa skil á skilaskyldum virðisaukaskatti, samtals 4.962.224 kr. Þá var ákærða A gefið að sök að hafa notað framangreinda tilhæfulausa sölureikninga, sem ákærði B afhenti honum, til gjaldfærslu í bókhaldi ákærða A, en með því hækkuðu ákærðu rekstrargjöld í rekstrarreikningi og lækkuðu tekjuskatts- og útsvarsstofn ákærða A vegna sjálfstæðrar starfsemi hans á árinu 1999 um samtals 20.253.458 kr. á skattframtali árið 2000 og komu honum undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 9.118.523 kr. Ákærðu A og B var einnig gefið að sök bókhaldsbrot með því að ákærði A oftaldi rekstrargjöld í bókhaldi sínu fyrir árið 1999 þegar hann færði fjárhæðir 29 tilhæfulausra sölureikninga til gjalda í bókhaldi sínu, sem ákærði B afhenti honum í því skyni, og hafa vantalið hagnað sem þessu nam í rekstrarreikningi fyrir árið 1999.

Þá var ákærða A gefið að sök að hafa á árinu 2000 tekið við og notað til innsköttunar í bókhaldi vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar 22 tilhæfulausa sölureikninga samtals að fjárhæð 51.468.142 kr. sem báru með sér að vera vegna sölu á verktakaþjónustu til ákærða A án þess að nokkur slík sala hefði átt sér stað, en reikninga þessa gaf ákærði C út í nafni X ehf. á ákærða A og afhenti honum gegn peningagreiðslu, en með þessu komu þeir ákærða A undan að standa skil á skilaskyldum virðisaukaskatti, samtals 10.011.118 kr. Þá var ákærðu A og C gefið að sök bókhaldsbrot með því að ákærði A oftaldi rekstrargjöld í bókhaldi sínu fyrir árið 2000 þegar hann færði fjárhæðir 22 tilhæfulausra reikninga til gjalda í bókhaldi sínu sem ákærði C afhenti honum í því skyni.

Ákærða C var jafnframt gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem hann innheimti í sjálfstæðri starfsemi sinni á árinu 2000 samkvæmt 10 sölureikningum sem hann gaf út í nafni X ehf. á Y ehf., samtals að fjárhæð 1.764.035 kr.

Dæmd viðurlög:

Ákærði A: 12 mánaða fangelsi, 9 mánuðir skilorðsbundnir til 3 ára. Fésekt 48.500.000 kr., vararefsing 12 mánaða fangelsi.

Ákærði B: 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 2 ára.

Ákærði C: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 2 ára. Fésekt 3.600.000 kr., vararefsing 3 mánuðir.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 2003, mál nr. 4098/2002:

Ákærða A, sem framkvæmdastjóra X ehf., var gefið að sök að hafa á árunum 1998, 1999, 2000 og 2001 notað til gjaldfærslu og innsköttunar í bókhaldi X ehf. sjö tilhæfulausa sölureikninga, samtals að fjárhæð 15.035.000 kr., sem báru með sér að vera vegna sölu á verktakaþjónustu þeirra til X ehf. án þess að nokkur slík sala hefði átt sér stað. Hafði ákærði B milligöngu um að afla reikninganna, en með þessu komu þeir X ehf. undan að standa skil á skilaskyldum virðisaukaskatti, samtals að fjárhæð 2.958.888 kr. Þá var ákærða A gefið að sök að hafa notað þrjá tilhæfulausa sölureikninga, af fyrrgreindum sjö sölureikningum sem ákærði B afhenti ákærða A, til gjaldfærslu í bókhaldi X ehf., en með því hækkuðu ákærðu rekstrargjöld í rekstrarreikningi og lækkuðu tekjuskattsstofn X ehf. á árunum 1998 og 1999 um samtals 6.650.496 kr. á skattframtölum árin 1999 og 2000 og komu félaginu undan greiðslu tekjuskatts, samtals 1.995.148 kr. Ákærðu var jafnframt gefið að sök bókhaldsbrot

með því að ákærði A oftaldi rekstrargjöld í bókhaldi X ehf. árin 1998, 1999, 2000 og 2001 þegar hann notaði fjárhæðir sjö tilhæfulausra reikninga til gjaldfærslu í bókhaldi X ehf., sem ákærði B afhenti honum í því skyni, og hafa á sama hátt oftalið rekstrargjöld og vantalið hagnað/tap í rekstrarreikningum X ehf. fyrir árin 1998, 1999 og 2000.

Ákærðu A og X ehf. var jafnframt gefið að sök að hafa á árunum 1998, 1999, 2000 og 2001 vantalið skattskylda veltu og útskatt á virðisaukaskattsskýrslum X ehf. og hafa með því komið X ehf. hjá því að standa skil á skilaskyldum virðisaukaskatti, samtals 2.470.048 kr. Þá var ákærðu gefið að sök bókhaldsbrot með því að hafa vantalið rekstrartekjur í bókhaldi X ehf. árin 1998, 1999, 2000 og 2001 og oftalið tekjur X ehf. árið 2000.

Þá var ákærða B gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar né staðið skil á virðisaukaskatti sem hann innheimti á árunum 1998, 1999 og 2000 samkvæmt sjö sölureikningum sem hann gaf út á X ehf., samtals 2.288.479 kr. Þá var ákærða gefið að sök bókhaldsbrot með því að hafa látið undir höfuð leggjast að halda lögboðið bókhald og varðveita fylgiskjöl bókhalds vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sinnar á árunum 1998, 1999 og 2000.

Dæmd viðurlög:

Ákærði A: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 2 ára.

Ákærðu A og X ehf.: Fésekt 13.850.000 kr., vararefsing ákærða A: 6 mánaða fangelsi.

Ákærði B: 9 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 2 ára. Fésekt 4.600.000 kr., vararefsing 3 mánuðir.

Allalgengt er að verða í framkvæmd að sömu einstaklingar hljóti refsidóma fyrir skattalagabrot í annað eða jafnvel þriðja sinn á um eða innan við áratug, sem vissulega leiðir auðveldlega til þeirrar ályktunar að sérstök varnaðaráhrif refsinga á þessu sviði séu ekki ýkja mikil oft og tíðum. Hafa þær skýringar m.a. verið nefndar að fullnusta vararefsinga sektargreiðslna, sem oftar en ekki reynir á í þessum málaflokki, sem m.a. mun vera unnt að taka út í formi samfélagsþjónustu, hafi ekki þau áhrif að fæla menn frá brotum. Hér skulu tekin tvö dæmi:

Dæmi 1. – Sami einstaklingur þrídæmdur fyrir sams konar brot sem hann hélt samfellt áfram um 11 ára skeið í sjálfstæðri starfsemi sinni.

Héraðsdómur Suðurlands 29. mars 1996, mál nr. S-12/1996:

Ákærða Þ var gefið að sök að hafa ekki staðið innheimtumönnum ríkissjóðs skil á virðisaukaskatti innheimtum á árunum 1990–1994, að fjárhæð 1.192.218 kr.

Málinu lokið með sektargerð dómara í framhaldi af játningu ákærða.

Ákvörðuð viðurlög: Fésekt 600.000 kr., vararefsing 60 daga varðhald.

Héraðsdómur Suðurlands 8. maí 2001, mál nr. S-145/2001:

Ákærða Þ var gefið að sök að hafa látið undir höfuð leggjast að standa skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna sjálfstæðrar starfsemi sinnar á uppgjörstímabilum tekjuársins 1995 og hafa með þessu komið sér undan að standa skil á virðisaukaskatti, samtals að fjárhæð 429.591 kr. Þá var honum gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti, innheimtum vegna uppgjörstímabila á tekjuárunum 1996, 1997 og 1998, samtals 1.665.785 kr.

Sannað þótti, með skýlausri játningu ákærða, að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Ákærða höfðu áður verið ákvörðuð viðurlög vegna skattalagabrota í Héraðsdómi Suðurlands 29. mars 1996.

Dæmd viðurlög: 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi. 4.500.000 kr. fésekt, vararefsing 3 mánaða fangelsi.

Héraðsdómur Suðurlands 14. september 2001, mál nr. S-435/2001:

Ákærða Þ var gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem hann hafði innheimt í sjálfstæðri starfsemi sinni á árunum 1998, 1999 og 2000, samtals að fjárhæð 1.131.092 kr.

Sök ákærða þótti sönnuð með skýlausri játningu hans.

Dæmd viðurlög: Fésekt 1.200.000 kr., vararefsing 60 daga fangelsi. Refsing ákærða var ákvörðuð sem hegningarauki, en Þ var áður dæmdur til refsingar vegna skattalagabrota með dómi Héraðsdóms Suðurlands 8. maí 2001, í máli nr. S-145/2001.

Dæmi 2. – Sami einstaklingur þrídæmdur fyrir sams konar brot sem hann hélt samfellt áfram um x ára skeið í rekstri x lögaðila.

Dómur Hæstaréttar Íslands 18. febrúar 1999, mál nr. 288/1998:

Ákærða E var sem framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Ú hf. gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem félagið hafði innheimt á árunum 1993 og 1994, samtals 1.619.229 kr. Þá voru honum gefin að sök brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki staðið skil á 3.965.173 kr. sem haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna félagsins. Honum var einnig gefinn fjárdráttur og skilasvik að sök.

Í héraði var ákærði sakfelldur fyrir þau skattalagabrot sem honum voru gefin að sök í ákæru. Hann var einnig sakfelldur fyrir fjárdrátt og skilasvik og dæmdur í 9 mánaða fangelsi, skilorðsbundið. Í Hæstarétti var sakfelling ákærða vegna brota gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og vegna skilasvika staðfest. Hins vegar var fallið frá kröfu um sakfellingu vegna fjárdráttar og þeim lið ákærunnar sem laut að brotum á lögum um virðisaukaskatt vísað frá héraðsdómi þar sem hann þótti ekki hafa verið skýrður með fullnægjandi hætti.

Dæmd viðurlög: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið. Fésekt 4.400.000 kr., vararefsing 3 mánaða fangelsi.

Héraðsdómur Vestfjarða 4. febrúar 2000, mál nr. S-188/1999:

Ákærðu, A og E sem framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum og C sem stjórnarformanni B hf., var gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa vantalið virðisaukaskattsskylda veltu og skilaskyldan virðisaukaskatt á virðisaukaskattsskýrslum félagsins á árunum 1992, 1993, 1994 og 1995 og hafa með þessu komið félaginu undan því að standa skil á virðisaukaskatti, samtals 838.939 kr. Jafnframt bókhaldsbrot með því að hafa vantalið kerfisbundið í bókhaldi B hf. tekjur þess á árunum 1992, 1993, 1994 og 1995.

Málinu lokið með sektargerð dómara í framhaldi af játningu ákærðu.

Ákvörðuð viðurlög: Hver ákærðu greiði 250.000 kr. fésekt, vararefsing 34 daga fangelsi.

Dómur Hæstaréttar Íslands 6. desember 2001, mál nr. 308/2001:

E, sem framkvæmdastjóra og stjórnarformanni V ehf., var gefið að sök að hafa brotið gegn lögum um virðisaukaskatt með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í nafni félagsins á árinu 1999, samtals að fjárhæð 434.237 kr., og brot gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með því að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna V ehf. á árunum 1998 og 1999, samtals að fjárhæð 11.592.725 kr.

Í héraði var sekt ákærða talin sönnuð með skýlausri játningu hans og hann dæmdur í 10 mánaða fangelsi, þar af 7 mánuðir skilorðsbundnir. Fésekt 30.000.000 kr., vararefsing 1 árs fangelsi. Refsingin að hluta ákveðin sem hegningarauki við dóm Hæstaréttar frá 18. febrúar 1999, í máli nr. 288/1998, þar sem ákærði var m.a. dæmdur til refsingar fyrir skattalagabrot. Skilorðsbundinn hluti þeirrar refsingar tekinn upp og hann dæmdur í einu lagi með refsingu ákærða fyrir þau brot sem hann var nú sakfelldur fyrir.

Í Hæstarétti var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða og heimfærslu til refsiákvæða staðfest. Var hann dæmdur í 10 mánaða fangelsi, þar af 7 mánuðir skilorðsbundnir. Fésekt 25.000.000 kr., vararefsing eins árs fangelsi. Refsing ákveðin sem hegningarauki við refsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 18. febrúar 1999 að því leyti sem brotin voru framin fyrir uppsögu héraðsdóms í því máli 12. júní 1998, en fyrir öll brotin sem hegningarauka við viðurlagaákvörðun Héraðsdóms Vestfjarða 4. febrúar 2000, í máli S-188/1999, þar sem ákærða voru ákvörðuð viðurlög vegna skattalagabrota.

Nokkuð hefur borið á því að skattaðilar semji um að haga réttarsambandi sínu og skattskilum með tilteknum hætti, en beri því við síðar, er á reynir, að í reynd hafi inntak réttarsambandsins verið með öðrum hætti en um var samið. Getur þetta skapað skattyfirvöldum töluverð vandkvæði í framkvæmd. Dæmi um þetta má sjá í eftirfarandi dómi:

Héraðsdómur Reykjavíkur 28. mars 2000, mál nr. S-2830/1999:

K. var ákærður fyrir brot gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um virðisaukaskatt og almennum hegningarlögum, með því að hafa vantalið tekjur samkvæmt reikningum sem gefnir voru út á árunum 1990, 1991, 1992, 1993, 1994 og 1995, að fjárhæð samtals 10.617.938 kr. og að hafa ekki staðið skil á innheimtum virðisaukaskatti samtals að fjárhæð 2.597.511 kr.

Dæmt var að brot vegna áranna 1990, 1991 og 1992 teldust fyrnd. Yfirheyrsla hjá löglærðum fulltrúa ríkislögreglustjóra taldist ekki hafa rofið fyrningarfrest þar sem ákærða var aðallega kynnt niðurstaða rannsóknar í yfirheyrslunni en sjálfstæð yfirheyrsla um sakaratriði var mjög takmörkuð. Rétt er að fram komi að Hæstiréttur Íslands dæmdi síðar (29. mars 2001, mál nr. 18/2001) að brot af þessum toga teldust framhaldsbrot, þ.e. hvert brot væri þáttur í brotahrinu; samfelldri brotastarfsemi, sem gerði það að verkum að upphaf fyrningarfrests miðaðist við síðasta brotið í brotahrinunni. Gengu dómar héraðsdóma fram að þeim tíma sitt á hvað í þessu efni, þ.e. hvort líta bæri á brot þessi sem framhaldsbrot eða ekki, sem vitaskuld var bagalegt.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þó fyrir lægri fjárhæð en ákært var fyrir þar, sbr. framangreint, og þar sem hann átti sem launþegi rétt á persónuafslætti af tekjum sínum.

Ákærði var hins vegar sýknaður af ákæru um brot á lögum um virðisaukaskatt, en í dómnum segir m.a.:

„Ákærði fékk fjárhæðir reikninganna greiddar hjá [S], samtals 10.617.938 krónur. Óumdeilt er að hann fékk einnig greiddan virðisaukaskatt þann, sem á reikningunum greinir, samtals 2.597.511 krónur. Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt segir að þeir sem undanþegnir eru skattskyldu megi hvorki tilgreina á reikningi sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð. Segir í 3. mgr. ákvæðisins að þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningi sínum, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð skuli skila skattinum í ríkissjóð. Verði leiðréttingu við komið gagnvart kaupanda falli skilaskylda niður samkvæmt þessari málsgrein.

Ákærði hefur fullyrt að þótt um það hafi verið samið að hann teldist verktaki hjá fyrirtækinu hafi hann haft tímakaup og fengið greitt mánaðarlega. Umræddir reikningar styðja þennan framburð ákærða. Þeir benda til þess að um mánaðarlegar launagreiðslur hafi verið að ræða þegar þeir eru skoðaðir í heild, þótt á þeim sé tilgreindur virðisaukaskattur.

Óumdeilt er eins og málið liggur fyrir nú að ákærði var ekki virðisaukaskattsskyldur. Hann hafði ekki með höndum starfsemi eða þjónustu er var undanþæg virðisaukaskattsskyldu. Við meðferð máls þessa er þannig lagt til grundvallar að ákærði hafi í raun ekki verið verktaki hjá fyrirtækinu [S] heldur launþegi þess. Ekki liggur fyrir hvort fyrirtækið fékk greiddan innskatt á móti „virðisaukaskattinum", þótt líklegt sé að svo hafi verið, enda greiddi fyrirtækið ákærða reikningana. Framangreint ákvæði 22. gr. laga nr. 50/1988 tekur ekki mið af launagreiðslum til launþega, heldur er þar gert ráð fyrir að um kaup og sölu í einhvers konar starfsemi eða þjónustu sé að ræða, sbr. 3. málslið. 3. mgr. ákvæðisins, en þar er við það miðað að leiðréttingu verði komið gagnvart „kaupanda". Samkvæmt þessu verður ekki talið að ákærða hafi borið að skila þeirri fjárhæð á reikningunum, sem tilgreindir eru þar sem „virðisaukaskattur". Bar því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem hann er ákærður fyrir í þessum kafla ákæru."

Dæmd viðurlög: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið. Fésekt 1.600.000 kr., vararefsing 3 mánaða fangelsi.

Viðauki II.

Ábendingar stofnana og hagsmunaaðila.

Starfshópurinn sendi í mars 2003 ýmsum stofnunum og hagsmunaaðilum bréf þar sem leitað var eftir ábendingum er vörðuðu skattsvik, skattsniðgöngu og dulda efnahagsstarfsemi og helstu ástæður skattundandráttar. Svör bárust frá nokkrum aðilum og eru svör þeirra reifuð hér á eftir:

1. Skattstjórinn í Reykjavík.

Skattstjórinn í Reykjavík fjallar í bréfi sínu um þær breytingar sem orðið hafa á skatteftirliti á síðustu 10 árum. Fram kemur að miklar breytingar hafi orðið á fjármálaumhverfi íslenskra fyrirtækja á undanförnum 10 árum. Þar megi nefna afnám takmarkana á fjármagnsflutningum milli landa, breyttan fjármagnsmarkað, hlutabréfamarkað og almenna hugarfarsbreytingu. Færst hafi í vöxt að stofnuð hafi verið félög erlendis utan um peningalegar eignir einstaklinga og fyrirtækja, en stofnun slíkra félaga sé þáttur í svokallaðri „skattalegri fyrirhyggju" (tax planning). Slík mál krefjist ítarlegrar skoðunar og geti tekið langan tíma.

Þá hafi mikið verið stofnað af einkahlutafélögum sem tekið hafi við rekstri sem áður var í höndum einstaklinga. Þá séu allar rekstrartekjur vegna starfsemi einstaklingsins sem félagið eigi látnar renna til félagsins. Þar geti verið um verulegar fjárhæðir að ræða. Dæmi séu um að aðilar noti einkahlutafélagsformið sem einhvers konar skjöld utan um skattleysi eða lágar skattgreiðslur.

Að mati skattstjóra verður svokölluð gerviverktaka sífellt stærra vandamál. Þannig séu alls kyns störf sem telja verði til almennra launastarfa unnin í verktöku. Vinnsla þessara mála sé oft flókin, en beina þurfi spjótum bæði að hinum meinta verkkaupa og hinum meinta verksala.

Tegundir skattsvikamála eru þó nokkrar að mati skattstjórans í Reykjavík, en þær helstu tengist skattlagningu atvinnurekstrartekna. Þar beri hæst útselda vinnu fyrir einstaklinga við ýmiss konar störf, oft tengt ýmiss konar viðhaldi eigna eða aðkeyptri persónulegri þjónustu. Með bréfi skattstjóra fylgir listi yfir nokkur mál sem upp hafa komið við skatteftirlit á undanförnum árum. Þar eru nefnd mál er varða vantaldar tekjur af atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi, vantaldar launatekjur, söluhagnað eigna í atvinnurekstri (frestun/verðlagning), persónulegan kostnað til frádráttar frá skattskyldum tekjum af atvinnurekstri, sölu óarðbærra eigna til rekstraraðila (svo sem íbúðarhúsnæði), reiknuð laun ungmenna, persónumerkingu (sambúð ekki skráð), ýmis virðisaukaskattssvik, vanfærð hlunnindi (svo sem bifreiðahlunnindi) og offærðar dagpeningagreiðslur.

Fram kemur í bréfi skattstjóra að af samstarfi við norræn skattyfirvöld að dæma sl. ár megi segja að á Íslandi þrífist svipaðar tegundir skattsvika. Reikna megi með að tekjutap ríkis og sveitarfélaga nemi mörgum milljörðum króna.

2. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi.

Í bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi er vikið að fjölgun einkahlutafélaga á undanförnum árum, en reynslan sýni að auðveldara sé að fela ýmsar leiðir við skattsniðgöngu í einkahlutafélagi en einstaklingsrekstri. Ástæðan fyrir því séu ógreinilegri tengsl rekstrar og einstaklings en þegar uppgjör rekstrar var með persónuframtali. Þar sem margt bendi til þess að einstaklingsrekstur færist almennt yfir í einkahlutafélagaformið sýnist óhjákvæmilegt að setja nýjar reglur sem kæmu í veg fyrir misnotkun rekstrarformsins. Slíku verði að fylgja eftir með bættu eftirliti. Þá verði að koma í veg fyrir að einstaklingar, sem eigi að baki gjaldþrotaferil eða hafa átt aðild að fjölda félaga sem lagt hafa upp laupana vegna greiðsluerfiðleika og standa aldrei skil á gjöldum til ríkissjóðs, geti sífellt stofnað ný félög. Fram kemur í bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi að eitt helsta vandamál virðisaukaskattskerfisins séu aðilar (einstaklingar og lögaðilar) sem aldrei skili virðisaukaskattsskýrslum og fá í staðinn á sig áætlun tímabil eftir tímabil. Ljóst sé að skattyfirvöld verði að fá skilvirkari og áhrifaríkari heimildir en þau búa nú við til að bregðast við þessum vanda sem árlega kosti ríkissjóð umtalsverða fjármuni.

3. Félag löggiltra endurskoðenda.

Í bréfi frá Félagi löggiltra endurskoðenda kom fram að skattanefnd félagsins hefði fjallað um erindið og að hún teldi ekki rétt að tjá sig um málið. Fram kom í bréfinu að stjórn Félags löggiltra endurskoðenda hefði fallist á þann úrskurð.

4. Samtök atvinnulífsins.

Fram kemur í umsögn samtakanna að hlutdeild skatta af ýmsum heildarstærðum í hagkerfinu bendi ekki til þess að undanskot frá helstu tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga hafi farið vaxandi. Þróun skatttekna bendi þvert á móti til hins gagnstæða. Því verði ekki séð að þörf sé róttækra áherslubreytinga í baráttunni gegn skattsvikum. Þótt skattsvik virðist fljótt á litið ekki hafa þróast til verri vegar undanfarin ár séu þau enn sem fyrr alvarlegt vandamál í tilteknum atvinnugreinum, t.d. veitingastarfsemi og byggingariðnaði. Fram kemur í bréfi SA að svo virðist sem ástandið í þessum atvinnugreinum hafi ekki batnað á síðustu árum. Þá sé stunduð óvægin samkeppni frá svörtum markaði sem hamli vexti alvöru fyrirtækja á sviði viðhalds og viðgerða fasteigna. Brýnt sé að leitað verði leiða til að draga þessi viðskipti fram í dagsljósið.

5. Samtök ferðaþjónustunnar.

Vikið er að þróun skattamála undanfarin 10 ár í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar. Það er skoðun veitingamanna að ástandið hafi víða batnað á almennum veitingastöðum sem hafi rekstrarleyfi. Stafi það fyrst og fremst af auknum rafrænum viðskiptum og viðskiptum við hópa á vegum ferðaskrifstofa, en hvort tveggja dragi úr möguleikum til undanskota. Á hinn bóginn hafi svört atvinnustarfsemi blómstrað sem aldrei fyrr í félagsheimilum, íþróttahúsum og einkasölu. Þetta sé mikið vandamál í ferðaþjónustunni, einkum á landsbyggðinni. Um ástæður skattundandráttar vísa samtökin til hárra skatthlutfalla og takmarkaðs eftirlits.

6. Bílgreinasambandið.

Bílgreinasambandið lýsir sig reiðubúið að leggja yfirvöldum lið við upprætingu skattsvika. Fram kemur í umsögn sambandsins að aukinn innflutningur á tjónabílum sé atriði sem bent hafi verið á og þó að settar hafi verið reglur um skráningu tjónabíla skorti á að eftirlit sé virkt.

7. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja.

Í bréfi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) er lýst fullum stuðningi við aðgerðir stjórnvalda til að ná sem best utan um skattsvik, en mikilvægt sé að allar aðgerðir samræmist ákvæðum stjórnsýslulaga. Fyrir fjármálafyrirtæki skipti miklu að ákvæði skattalaga séu ekki nýtt til að komast fram hjá lögskyldri bankaleynd (þagnarskylduákvæðum) umfram það sem eðlilegt skatteftirlit krefði hverju sinni.

Þá kemur fram að SBV leggi áherslu á að gera verði skýran greinarmun á skattsvikum annars vegar og því þegar skattskyldir aðilar leitist á löglegan hátt við að takmarka skattbyrði eftir því sem reglur annarra landa gefa kost á hverju sinni. Með EES-samningnum árið 1994 hafi fullt frelsi í fjármagnsflutningum á milli EES-ríkja orðið að veruleika. Frá þeim tíma hafi fjármálafyrirtæki í nokkrum mæli haft milligöngu um stofnun eignarhaldsfélaga í öðrum ríkjum fyrir einstaklinga/fyrirtæki sem skattskyld væru hér á landi. Í tengslum við þá þjónustu hefði byggst upp verðmæt þekking sérhæfðra ráðgjafa sem jafnvel hefði leitt til þess að erlendir aðilar sæju Ísland sem vænlegan kost í skattalegu tilliti í ljósi tvísköttunarsamninga sem gerðir hefðu verið milli Íslands og annarra ríkja.

Ljóst væri að ásókn hérlendra aðila í stofnun eignarhaldsfélaga erlendis og annarra sambærilegra ráðstafana hlyti að vera nátengd því samkeppnisumhverfi sem íslenskar skatta- og félagareglur byðu upp á. Þannig mætti ganga út frá því að eftir því sem hið almenna skatthlutfall væri lægra, séríslenskir skattar heyrðu sögunni til og ákvæði um afdráttarskatt og skattlagningu söluhagnaðar færðust meira í takt við það sem best gerðist í nágrannalöndunum drægi úr því að íslenskir skattþegnar leituðu eftir því að vista fjármuni sína erlendis af skattalegum ástæðum.

8. Samtök verslunar og þjónustu.

Í bréfi Samtaka verslunar og þjónustu kom fram að þau teldu afar mikilvægt að jafnræði ríkti meðal fyrirtækja á samkeppnismarkaði og fögnuðu þau því að gerð væri úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Fram kom að samtökin hefðu ekki upplýsingar um misferli að þessu leyti, en samtökunum hefðu borist ýmsar ábendingar varðandi húsgöngusölu sem menn teldu að ekki væri greiddur virðisaukaskattur af né önnur opinber gjöld. Slíkum ábendingum færi þó fækkandi.

Viðauki III.

Fjöldi lögaðila og sjálfstætt starfandi manna.

Fjöldi skattskyldra lögaðila 1992–2003.

Tekjuár	Sam-eignar-félög	Einka-hluta-félög	Hluta-félög	Alþjóðleg viðskipta-félög	Hluta-félög alls	Sam-vinnu-félög	Bankar og sparisjóðir (frá 2002)	Erlend félög, útibú	Samtals
1992	2.786	0	7.005	0	7.005	99	0	6	**9.896**
1993	2.864	0	7.512	0	7.512	94	0	10	**10.480**
1994	2.836	0	8.257	0	8.257	93	0	12	**11.198**
1995	2.796	1.367	7.375	0	8.742	93	0	13	**11.644**
1996	2.772	8.471	1.088	0	9.559	97	0	15	**12.443**
1997	2.698	9.742	1.095	0	10.837	93	0	16	**13.644**
1998	2.650	10.919	1.110	0	12.029	88	0	18	**14.785**
1999	2.608	12.413	1.142	5	13.560	84	0	32	**16.284**
2000	2.418	14.088	1.072	10	15.170	75	0	47	**17.710**
2001	2.349	15.616	1.084	9	16.709	77	24	54	**19.213**
2002	2.451	18.384	1.050	11	19.445	83	24	51	**22.054**
2003	2.585	20.299	1.017	14	21.330	81	22	61	**24.079**

Reiknað endurgjald og hreinar tekjur af rekstri, fjöldi og fjárhæðir 1992 til–2003.

Tekjuár	Laun, starfst. gr. o.fl.	Reiknað endurgj.	Hreinar tekjur af atvinnu-rekstri	Reiknað endurgj. hlutfall af launum	Hreinar tekjur af atv.rekstri hlutfall af launum	Fjöldi með laun, starfst. gr. o.fl.	Fjöldi með reiknað endurgj.	Fjöldi með tekjur af atvinnu-rekstri	Fjöldi með reiknað endurgj. hlutfall launþega	Fjöldi með tekjur af atvinnu-rekstri hlutfall launþega
1992	166.406	15.609	6.792	9,4%	4,1%	145.481	25.588	11.750	17,6%	8,1%
1993	167.088	15.671	5.580	9,4%	3,3%	145.866	25.293	11.348	17,3%	7,8%
1994	172.041	15.590	6.354	9,1%	3,7%	147.190	26.563	12.829	18,0%	8,7%
1995	181.648	15.485	6.597	8,5%	3,6%	147.225	26.779	13.475	18,2%	9,2%
1996	199.304	15.964	6.690	8,0%	3,4%	148.186	27.057	13.762	18,3%	9,3%
1997	218.657	16.170	8.147	7,4%	3,7%	150.471	26.309	15.443	17,5%	10,3%
1998	246.325	15.814	9.174	6,4%	3,7%	151.469	24.705	15.660	16,3%	10,3%
1999	272.391	16.212	9.929	6,0%	3,6%	153.012	24.176	16.030	15,8%	10,5%
2000	304.319	17.298	10.115	5,7%	3,3%	156.650	23.509	16.203	15,0%	10,3%
2001	342.802	17.857	8.812	5,2%	2,6%	157.804	22.380	15.630	14,2%	9,9%
2002	370.270	15.470	5.890	4,2%	1,6%	160.505	19.817	14.183	12,3%	8,8%
2003	391.838	15.493	5.600	4,0%	1,4%	162.767	19.080	13.802	11,7%	8,5%

Viðauki IV.

Skoðanakönnun um skattsvik 2003.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr skoðanakönnun um skattsvik sem fram fór dagana 9.–22. apríl 2003. Upphaflegt úrtak var 1.250 Íslendingar á aldrinum 16–75 ára valdir með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá. Endanlegt úrtak í könnuninni var 1.185 manns, 242 neituðu að svara og ekki náðist í 140. Fjöldi svarenda var því 803 og svarhlutfallið 67,7%. Tvívegis áður hafa nefndir sem kannað hafa umfang skattsvika hér á landi látið framkvæma slíkar skoðanakannanir um skattsvik. Fyrri könnunin fór fram í maí 1985 og var úrtakið 1.000 manns. Síðari könnunin var gerð í desember 1992. Könnunin er birt í heild sinni á heimasíðu fjármálaráðuneytisins (www.fjarmalaraduneyti.is).

Ályktanir um einstakar spurningar.

1. Hefur þú á síðastliðnu ári greitt einhverjum fyrir vöru eða þjónustu sem þú telur að hafi ekki eða muni ekki verða gefin upp til skatts?

Tæplega 16% aðspurðra svöruðu spurningunni játandi samanborið við rúm 23% í könnuninni 1992 og tæp 16% árið 1985. Talsverður munur er á svörum eftir lýðfræðilegum breytum. Þannig kváðust 20% karla hafa greitt fyrir vöru eða þjónustu sem ekki var gefin upp á móti 12% kvenna.

Í aldurshópnum 25–30 svöruðu 22% játandi á móti 17% í aldurshópnum 35–44 ára og 18% í aldurshópunum 45–54 ára. Aldurshópurinn 55–75 ára var áberandi lægstur (7%) en skýringuna má væntanlega að hluta til rekja til minni neyslu þess hóps. Búseta virðist talsverðu skipta í þessu sambandi en 20% íbúa í Reykjavík svöruðu játandi á móti 17% í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og 12% í öðrum sveitarfélögum.

Athyglisvert er að skoða svör aðspurðra eftir menntunarstigi en ákveðið samhengi virðist vera á milli menntunar og skattsvika samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Þannig svöruðu 6% þeirra sem hafa lokið grunnskólaprófi játandi, grunnskólaprófi og viðbót 13%, framhaldsskólaprófi 18% og háskólaprófi 25%. Erfitt er að alhæfa um ástæður þessa en reikna má með að tekjur og neysla hafi umtalsverð áhrif hér.

Mikill munur er á svörum manna eftir starfsstéttum. Þannig svara 33% þeirra sem vinna við faglærð iðnaðarstörf játandi á meðan 11% verkafólks, sjómanna og bænda svara játandi og 14% skrifstofufólks og faglærðra við opinbera þjónustu. Þá svara 22% þeirra er fylla hóp stjórnenda, atvinnurekenda og sérfræðinga játandi.

Fjölskyldutekjur virðast hafa talsverð áhrif á fólk í þessu sambandi. Þannig svörðuð 10% þeirra játandi sem höfðu tekjur undir 250 þús. kr., 16% þeirra sem höfðu tekjur á milli 250 og 400 þús. kr. og 24% þeirra sem höfðu 400 þús. kr. eða hærra á mánuði í fjölskyldutekjur.

2. Þekkir þú einhvern sem hefur verið boðið upp á vöru eða þjónustu sem ekki átti að gefa upp til skatts?

Þeir sem höfðu ekki greitt sjálfir fyrir vöru eða þjónustu sem ekki var gefin upp til skatts samkvæmt 1. spurningu voru spurðir þessarar spurningar. Um 29% aðspurðra svöruðu þessari spurningu játandi samanborið við 36% í könnuninni 1992. Tæplega 39% svarenda hafa samkvæmt könnuninni annaðhvort tekið þátt í skattsvikum eða þekkja einhvern sem hefur verið boðið að taka þátt í þeim.

3. Til hvaða atvinnugreinar má telja þessi viðskipti?

Flestir aðspurðra nefndu byggingarstarfsemi eða rúm 42% og hefur hlutfall byggingarstarfseminnar hækkað um 12% frá síðustu könnun. Tæplega 21% nefndu þjónustu og rúm 15% bifreiðaviðgerðir og hafa þær lækkað um 6% frá síðustu könnun. Aukin kortaviðskipti og breytingar í bifreiðaverkstæðageiranum gætu haft áhrif hér. Tæplega 14% svarenda nefndu iðnaðarvörur og framleiðslu miðað við tæp 18% í könnuninni 1992. Taka verður fram að samanburður við niðurstöður frá 1992 er ekki marktækur þar sem nú mátti velja fleiri en einn svarmöguleika.

4. Var greitt fyrir með lægra verði, sama verði, með vöru- og þjónustuskiptum eða á einhvern annan hátt?

Litlar sem engar breytingar hafa orðið á eðli óuppgefinna viðskipta miðað við síðustu könnun árið 1992. Þannig hafa enn langflestir notið afsláttar eða 70% aðspurðra, 16% hafa greitt sama verð og 14% greitt með vöru- eða þjónustuskiptum. Af síðastnefndu viðskiptunum er ríkið í flestum tilfellum að missa tvisvar af skatti, þ.e. bæði af þjónustunni/vörunni sem greitt er fyrir og þjónustunni/vörunni sem greitt er með.

5. Hversu mikið á að giska hefur þú greitt fyrir slíka þjónustu á síðastliðnum 12 mánuðum?

Meðalfjárhæð óuppgefinna viðskipta á sl. 12 mánuðum er 129 þús. kr. samkvæmt könnuninni. Talsverður munur er á fjárhæðum eftir lýðfræðilegum breytum. Þannig hafa karlar greitt meira en helmingi meira fyrir óuppgefna þjónustu en konur eða að meðaltali 165 þús. kr. á móti 70 þús. kr. Þá er aldurshópurinn á milli 45–54 langstórtækastur því þar er meðalfjárhæðin um 342 þús. kr. á móti 118 þús. kr. í aldurshópnum 55–75 ára sem næstur kemur. Þá er enn fremur mikill munur á milli Reykjavíkur þar sem meðalfjárhæðin er rétt tæpar 200 þús. kr. og landsbyggðar sem er í 64 þús. kr. Þá eru stjórnendur, atvinnurekendur og sérfræðingar langatkvæðamestir af starfshópunum en meðalfjárhæðin í þessum hópi er 258 þús. kr. Næst á eftir koma nemar með tæpar 80 þús. kr. Athygli vekur að tekjuhópurinn með fjölskyldutekjur á bilinu 250–400 þús. kr. á mánuði greiddi að meðaltali mest eða um 210 þús. kr. á meðan þeir sem voru með 400–550 þús kr. greiddu tæp 140 þús. kr. og þeir sem voru yfir 550 þús. kr. greiddu að meðaltali 110 þús. kr.

6. Var auðveldara eða erfiðara að fá einhvern til að gera þetta fyrst tekjurnar voru ekki gefnar upp til skatts?

Hér kemur fram breyting frá síðustu könnun en nú telja 54% aðspurðra auðveldara að fá einhvern til að vinna verk ef tekjurnar eru ekki gefnar upp til skatts á móti 44% í könnuninni árið 1992. Nú telja 43% það ámóta að fá einhvern til að vinna verkið hvort sem það er gefið upp til skatts eða ekki á móti 52% í könnuninni 1992.

7. Ef þú ættir kost á tekjum sem þú þyrftir ekki að gefa upp til skatts myndir þú þá þiggja þær?

Hér kemur fram umtalsverð breyting frá síðustu könnun en nú segjast 56% munu þiggja tekjur þurfi þeir ekki að gefa þær upp á móti 71% árið 1992. Að sama skapi hefur hlutfall hinna sem ekki mundu gera það hækkað úr 15% í 32%. Þeir sem segja það fara eftir atvikum eru álíka margir og síðast. Athygli vekur að hlutfall þeirra sem mundu þiggja óuppgefnar greiðslur lækkar eftir aldursflokkum. Þannig mundu 66% í aldurshópnum 16–24 ára þiggja greiðslur á móti 42% í aldurshópnum 55–57 ára.

8. Hefur þú á síðastliðnu ári haft tekjur sem þú hefur ekki gefið upp til skatts eða hyggst ekki gefa upp til skatts?

Hér hefur orðið umtalsverð breyting frá síðustu könnun þar sem 9% svara játandi nú á móti 17% í könnuninni frá 1992. Fram kemur að 26% þeirra manna sem vinna við faglærð iðnaðarstörf svara játandi.

9. Telur þú að möguleikar skattyfirvalda til þess að uppgötva skattundandrátt séu almennt miklir eða litlir?

Hér eru ekki miklar breytingar í svörum frá fyrri könnunum. Ívið fleiri telja möguleika skattyfirvalda litla en mikla eða 43% á móti 47%.

10. Hvaða aðgerðir telur þú að geti helst orðið til þess að draga úr skattundandrætti?


(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 654.

680. Lög [432. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 631.

681. Svar [293. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hilmars Gunnlaugssonar um álag á staðgreiðsluskatta og virðisaukaskatt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fékk ríkissjóður greitt á hverju ári á tímabilinu 1999–2003 vegna álags skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987?*
2. *Hvað fékk ríkissjóður greitt á hverju ári á sama tímabili vegna álags skv. 2. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988?*

Óskað er að svörin sýni greiðslur eftir umdæmum skattstjóra landsins.

1. Leitað var upplýsinga hjá embætti ríkisskattstjóra og Fjársýslu ríkisins. Frá upptöku staðgreiðslukerfisins árið 1988 fram til ársloka 2002 voru öll greiðslukerfi og greiðsluflæði í staðgreiðslunni í umsjón embættis ríkisskattstjóra. Á árunum 1997–1998 var ákveðið að frá og með árinu 1999 skyldi færa eldri eftirstöðvar til Fjársýslu ríkisins. Um áramótin 2002–2003 tók Fjársýslan að fullu við umsjón með álaginu. Því verður að skoða fyrirliggjandi upplýsingar í samræmi við þetta. Allar tölur eru í millj. kr.

Ár	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Vestmanna-eyjar	Samtals
1999	116	56	7	12	3	15	9	12	5	235
2000	165	81	11	10	3	18	11	15	6	320
2001	223	100	12	13	5	19	11	24	6	413
2002	204	98	19	15	6	20	12	29	5	408
2003	*	*	*	*	*	*	*	*	*	397
2004	*	*	*	*	*	*	*	*	*	243
Samtals	**708**	**335**	**49**	**50**	**17**	**72**	**43**	**80**	**22**	**2.016**

* Tölur liggja ekki fyrir þar sem ekki var unnt að sundurgreina samtalsgreiðslur eftir umdæmum skattstjóra landsins.

2. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra var álagt álag skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/2988, um virðisaukaskatt, miðað við stöðu í nóvember 2004 eins og kemur fram í eftirfarandi töflu:

Álagt álag vegna virðisaukaskatts.

Ár	Utan umdæmis	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Vestmannaeyjar	Samtals
1999	3	273	125	14	11	9	23	12	23	3	496
2000	6	351	165	19	16	12	28	15	33	5	650
2001	12	472	189	26	22	12	32	17	39	6	827
2002	12	539	188	32	24	11	28	16	44	5	899
2003	19	497	170	25	24	15	31	16	44	5	846
Samtals	**52**	**2.132**	**837**	**116**	**97**	**59**	**142**	**76**	**183**	**24**	**3.718**

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins var greitt álag skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, vegna virðisaukaskatts, miðað við stöðu 20. nóvember 2004, svo sem greinir hér á eftir. Ekki var mögulegt við vinnslu upplýsinga að flokka greiðslur eftir skattumdæmum landsins.

Greitt álag vegna virðisaukaskatts.

Ár	Álag VSK	Bændur	Ársskil	Skemmri skil	Samtals
1999	273	8	3	0	284
2000	352	7	2	2	363
2001	411	7	2	3	423
2002	402	8	2	8	420
2003	339	6	1	3	349
2004	137	1	0	3	141
Samtals	**1.914**	**37**	**10**	**19**	**1.980**

682. Svar [354. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Gini-stuðul.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árin 1995–2003?

Eins og fram kemur í greinargerð með fyrirspurninni er Gini-kvarðinn einn algengasti mælikvarði tölfræðinnar á tekjudreifingu. Hann tekur gildi frá 0 og upp í 1, en því hærri sem hann er þeim mun ójafnari er dreifing teknanna. Ef tekjur allra væru jafnháar tæki Gini-kvarðinn gildið 0.

Ráðstöfunartekjur hjóna og sambýlisfólks án fjármagnstekna eru heildartekjur án fjármagnstekna samkvæmt skattframtali ásamt barna- og vaxtabótum að frádregnum tekju- og eignarskatti.

Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, án fjármagnstekna, fyrir tekjuárin 1995–2003.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
0,204	0,211	0,213	0,224	0,228	0,230	0,231	0,233	0,232

Ráðstöfunartekjur hjóna og sambýlisfólks með fjármagnstekjum eru heildartekjur samkvæmt skattframtali ásamt barna- og vaxtabótum að frádregnum tekju-, eignar- og fjármagnstekjuskatti.

Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, ásamt fjármagnstekjum, fyrir tekjuárin 1995–2003.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
0,206	0,213	0,229	0,238	0,251	0,260	0,273	0,281	0,300

683. Svar [148. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um breytingar á heildarskattbyrði einstaklinga.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á heildarskattgreiðslum einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga á valdatíma ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks?*

Miðað er við heildarskattgreiðslur einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga. Þessir skattar eru útsvar, tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, eignarskattur og fasteignaskattur.

Heildarskattgreiðslur á verðlagi hvers árs, millj. kr.

Tekjuár	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**
Skattgreiðslur einstaklinga til ríkis									
Tekjuskattur	26.500	31.870	28.030	31.832	37.508	43.465	51.703	54.207	57.998
Fjármagnstekjuskattur	-	-	1.880	2.428	3.908	4.685	5.485	6.237	6.442
Eignarskattur	1.990	1.658	1.668	1.913	1.999	2.965	3.451	3.644	1.729
Samtals	*28.490*	*33.528*	*31.578*	*36.173*	*43.415*	*51.115*	*60.639*	*64.088*	*66.169*
Skattgreiðslur einstaklinga til sveitarfélaga									
Útsvar	21.154	23.063	31.653	36.866	41.437	45.965	54.148	58.212	61.883
Fasteignaskattur	2.744	2.778	2.887	3.063	3.158	3.731	3.750	4.028	4.317
Samtals	*23.898*	*25.841*	*34.540*	*39.929*	*44.595*	*49.696*	*57.898*	*62.240*	*66.200*
Skattgreiðslur einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga									
Samtals	**52.388**	**59.369**	**66.118**	**76.102**	**88.010**	**100.811**	**118.537**	**126.328**	**132.369**

Heimild: Hagstofa Íslands, Árbók sveitarfélaga og Ríkisreikningur 2003.

Heildarskattgreiðslur á verðlagi 2003, millj. kr.

Tekjuár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Skattgreiðslur einstaklinga til ríkis									
Tekjuskattur	34.777	40.904	35.337	39.473	44.966	49.621	55.330	55.352	57.998
Fjármagnstekjuskattur	-	-	2.370	3.011	4.685	5.349	5.870	6.369	6.442
Eignarskattur	2.612	2.128	2.103	2.372	2.396	3.385	3.693	3.721	1.729
Samtals	*37.389*	*43.032*	*39.809*	*44.856*	*52.048*	*58.355*	*64.893*	*65.441*	*66.169*
Skattgreiðslur einstaklinga til sveitarfélaga									
Útsvar	27.762	29.600	39.904	45.715	49.676	52.475	57.947	59.441	61.883
Fasteignaskattur	3.601	3.565	3.640	3.798	3.786	4.259	4.013	4.113	4.317
Samtals	*31.363*	*33.166*	*43.544*	*49.514*	*53.462*	*56.735*	*61.960*	*63.554*	*66.200*
Skattgreiðslur einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga									
Samtals	**68.752**	**76.197**	**83.353**	**94.370**	**105.510**	**115.090**	**126.852**	**128.995**	**132.369**

1) Bráðabirgðatölur.

2. *Hvaða breytingar verða orðnar á heildarskattgreiðslum einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga á sama tíma þegar þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur náð samkomulagi um hafa komið til framkvæmda?*

Svarið óskast einnig sundurliðað eftir eftirfarandi tekjuhópum, með mánaðartekjur innan við:

a. 100.000 kr.,
b. 200.000 kr.,
c. 300.000 kr.,
d. 400.000 kr.,
e. 500.000 kr.,
f. 700.000 kr.,
g. 1.000.000 kr.

Áætlaðar heildarskattgreiðslur einstaklinga til ríkis og sveitarfélaga fyrir árið 2007 eru á verðlagi þess árs í millj. kr.: tekjuskattur 57.600, útsvar 79.000, eignarskattur 0, samtals 136.600.

Við framreikning á tekjuskatti og útsvari til ársins 2007 er tekið mið af almennum launabreytingum í síðustu þjóðhagsspá ráðuneytis. Miðað er við hlutfall útsvars á árinu 2005, eða 12,98%. Erfitt er að áætla fjármagnstekjuskatt og fasteignaskatt sveitarfélaga fyrir árið 2007 með nægjanlegri nákvæmni.

Hlutfall tekjuskatta og útsvars af mánaðarlaunum, %.

Mánaðarlaun	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2007
100.000	16,8	16,3	15,7	14,1	13,5	12,5	12,0	11,0	10,2	9,5	3,5
200.000	29,1	28,6	27,7	25,8	25,1	24,7	24,6	24,0	23,6	23,3	18,4
300.000	33,1	32,7	31,8	29,7	29,0	28,7	28,8	28,3	28,1	27,9	23,3
400.000	35,2	34,8	33,8	31,6	31,0	30,7	30,9	30,5	30,3	30,2	25,8
500.000	36,4	36,0	35,0	32,8	32,1	32,0	32,2	31,8	31,6	31,5	27,3
700.000	37,8	37,4	36,4	34,1	33,5	33,4	33,6	33,3	33,2	33,1	29,0
1.000.000	38,9	38,4	37,4	35,1	34,5	34,4	34,7	34,4	34,3	34,3	30,2

Tekið hefur verið tillit til lágmarksiðgjalds launamanns í lífeyrissjóð.

684. Svar [344. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um eignarhluti ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

Í hvaða hlutafélögum og einkahlutafélögum eru íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sjóðir í eigu ríkisins hluthafar og hversu mikill er eignarhluturinn í hverju félagi?

Vísað er til meðfylgjandi yfirlits yfir hlutafélög og einkahlutafélög sem íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sjóðir í eigu ríkisins voru hluthafar í 1. desember 2004. Upplýsingar í yfirlitinu eru unnar upp úr ársreikningum og bókhaldsgögnum ríkissjóðs og stofnana hans, ásamt upplýsingum frá félögunum sjálfum. Eignarhlutföll geta breyst ört og verður að skoða eignarprósentur með það í huga.

Eignarhlutir í einkahlutafélögum og hlutafélögum.
Ríkissjóður og stofnanir í A-hluta.

Ríkissjóður	Eignarhluti
Auturhöfn-TR ehf.	54,0%
Baðfélag Mývatnssveitar hf.	44,0%
Barri hf.	22,4%
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	28,0%
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	58,2%
Endurvinnslan hf.	17,8%
Fljótsbær ehf.	4,7%
Flugskóli Íslands hf.	42,2%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	100,0%
Geca hf.	12,8%
Hitaveita Hjaltadals	96,0%
Hitaveita Suðurnesja hf.	15,5%
Hæðarlönd ehf	100,0%
Íslandspóstur hf	100,0%
Landskerfi bókasafna hf	55,2%
Landssími Íslands hf.	99,0%
Neyðarlínan hf.	62,5%
Orkubú Vestfjarða hf.	100,0%
Pólyolverksmiðjan ehf	12,0%
Sjúkrahúsapótekið ehf	100,0%
Skráningarstofan ehf	100,0%
Spölur ehf.	17,6%
Ståltak hf.	2,7%
Vistorka hf.	12,4%

Stofnanir í A-hluta	Eignarhluti
Eignarhaldsfélag Verðbréfaþings hf.	0,9%
Feyging ehf.	9,1%
Fiskeldi Eyjafjarðar hf.	25,4%
Flugfjarskipti ehf.	100,0%
Flugkerfi hf.	100,0%
Frumkvöðlasetur Norðurlands ehf.	5,0%
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf.	5,0%
Hafmynd hf.	25,0%
IceCod á Íslandi ehf.	25,0%
Intelscan örbylgjutækni ehf.	1,5%
Internet á Íslandi hf.	0,6%
ÍsKem hf.	10,5%
Málmís ehf.	20,0%
Máki hf.	2,6%
Nýiðn hf.	5,2%
Nýslóð ehf.	1,5%
ORF Líftækni hf.	27,7%
Pólyolverksmiðjan ehf.	0,9%
Primex ehf.	2,8%
Rannsókna-og háskólanet Ísl.hf.	100,0%
Stjörnu-Oddi hf.	3,3%
Spölur ehf.	11,6%
Stofnfiskur hf.	0,1%
Sæbýli hf.	2,7%
Tæknigarður hf.	37,6%
Tækniþróun hf.	33,3%
Varmaraf hf.	0,4%
Vistorka hf.	1,9%
Vottun hf.	8,4%

Stofnanir í B-hluta.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Eignarhluti
Endurvinnslan hf.	20,0%
Fasteignafélagið Stoðir hf. 1)	0,0%

Íslenskar orkurannsóknir	Eignarhluti
Enex hf.	4,5%

Rafmagnsveitur ríkisins	Eignarhluti
Exigo ehf.	25,0%
Héraðsvötn ehf.	50,0%
Íslensk orka ehf.	2,3%
KH hf.	0,9%
Netorka ehf.	16,3%
Sjávarorka ehf.	16,7%
Softa ehf.	4,1%
Sunnlensk orka ehf.	90,0%

Sjóðir í C-hluta.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins	Eignarhluti
ORF Líftækni hf.	2,0%

Byggðastofnun	Eignarhluti
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	20,0%
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	33,3%
Ásgarður ehf.	15,5%
Baðfélag Mývatnssveitar hf.	23,5%
Bakkavík hf.	16,6%
Bildælingur ehf.	30,0%
Bonus Ortho System Ísland hf.	5,9%
Dalagisting ehf.	16,3%
Dyngja ehf.	20,0%
Dýralíf ehf.	28,9%
Eðalís ehf.	11,1%
Eignarfélag Hallormur ehf.	20,0%
Eignarhaldsfélag Austurlands hf.	40,0%
Eignarhaldsfélag Gláma hf.	40,0%
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,0%
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	19,4%
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf.	33,8%
Eldisfóður hf.	40,0%
Feyging ehf.	10,6%
Fjallalamb ehf.	15,4%
Fjarðaraldan hf.	32,6%
Fjölnet hf.	20,6%
Forsvar ehf.	30,0%
Fóðuriðjan Ólafsdal ehf.	28,6%
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf.	23,0%
Geca hf.	2,1%
Grand hótel Mývatn ehf.	15,5%
Hagfélagið hf.	28,9%
Hextækni ehf.	7,2%
Hitaveita Dalabyggðar ehf.	26,7%
HotMobileMail ehf.	17,2%
Hótel Flúðir hf.	19,4%
Hótel Hellissands hf.	8,6%
Hótel Húsavík hf.	27,1%
Hótel Ísafjörður hf.	17,5%
Hótel Valaskjálf hf.	18,8%
Hótel Varmahlíð hf.	13,0%
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.	19,7%
Hvítt og Svart ehf.	30,1%
Íslenska Pólýolfélagið ehf.	26,2%
Ísprjón ehf.	33,1%
Langjökull ehf.	20,0%
Laugarhóll ehf.	17,2%
Lónið ehf.	28,4%
Lónshöfn ehf.	18,4%
MT bílar ehf.	18,3%
Mýflug hf.	27,6%
Mýrdælingur ehf.	23,9%
Netagerð Vestfjarða ehf.	21,1%
Norðurós ehf.	6,4%
Norðvesturbandalagið hf.	3,6%

ORF Líftækni hf.	5,9%
Óley ehf.	30,0%
P/F Smyril-line	3,2%
Primex ehf.	4,2%
Rennex ehf.	10,7%
Reykofninn ehf.	19,8%
Reynihlíð ehf.	27,5%
Saumastofan Borg ehf.	19,8%
Saxa smiðjufélag ehf.	19,6%
Sindraberg ehf.	21,1%
Skaginn hf.	3,7%
Sláturfélag Austurlands fsvf	28,0%
Sláturfélag Dalamanna ehf.	94,8%
SMS-samskipti með síma ehf.	26,8%
Snerpa ehf.	21,4%
Snorri Þorfinnsson ehf.	14,3%
Sumarbyggð ehf.	23,4%
Sæferðir ehf.	24,4%
Textill ehf.	28,9%
Transfer ehf.	67,6%
Trésmöjan Borg ehf.	23,3%
Tröllasteinn ehf.	18,9%
Tækifæri ehf.	40,0%
Vesturferðir ehf.	20,5%
Vesturland hf., eignarhaldsfélag	40,0%
Yrkjar ehf.	13,8%
Þörungarverksmiðjan hf.	32,2%

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	**Eignarhluti**
Adsoft ehf.	21,1%
AGR ehf.	5,8%
Alur - álvinnsla ehf.	11,1%
Atferlisgreining ehf.	14,1%
Auris ehf.	7,2%
Bergspá ehf.	34,1%
BonusOrtho hf.	8,4%
CanAg Diagnostics AB	10,4%
DomesticSoft Europe ehf.	34,0%
Enex hf.	6,1%
Fjölblendir ehf	2,1%
Flexilam Lda.	45,5%
Framtíðartækni hf.	26,7%
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf.	13,0%
Frumkvöðlasetur Norðurlands ehf.	12,3%
Geca hf.	33,6%
Globodent ehf.	6,1%
Hafmynd ehf.	26,9%
HSC hf.	5,9%
Icelandic Genomics Corporation	6,8%
Ilsanta UAB.	7,5%
IN-ORBIT Inc.	16,0%
IntelScan örbylgjutækni ehf.	27,1%
Interseafood á Íslandi hf.	5,7%

Ísgel ehf.	17,6%
Íshestar hf.	20,5%
Íslensk nýsköpun hf.	28,2%
Íslenska lífmassafélagið ehf.	21,4%
Íslenska Pólýolfélagið ehf.	17,2%
Íslenskur kúfiskur ehf.	1,4%
Kine ehf.	29,3%
Kná ehf.	18,4%
Knowledge Solution Group	35,5%
Latibær hf.	2,1%
LH-Tækni ehf.	6,9%
Lightspeed games Inc.	14,2%
Lífeind ehf.	24,1%
Lífhlaup ehf.	5,9%
Líftæknisjóðurinn hf.	2,7%
MarkMar ehf.	100,0%
MarSel ehf.	25,0%
Menn og mýs ehf.	9,2%
Metan hf.	14,1%
MT bílar ehf.	13,8%
Myllan Carberry's Bakery	8,2%
Nikita ehf	20,7%
Norðurís hf	35,3%
Norrænar myndir ehf	27,7%
Plötur ehf.	25,9%
Primex ehf.	13,2%
Sindraberg ehf.	25,8%
Sjávarleður hf.	34,6%
Softis hf.	1,8%
Stjörnu - Oddi ehf.	26,5%
Sæbýli hf.	32,3%
Sægull ehf.	100,0%
Sögusafnið ehf.	30,0%
Tækniþróun hf.	15,7%
Tölvumyndir ehf.	2,9%
Útgerðarfélagið Byr hf.	28,4%
Varmaraf hf.	36,2%
VistOrka hf.	64,6%
Vottun hf.	13,2%
Yellowtel A/S	4,0%
Þetta er - This.is ehf.	9,7%

685. Svar [198. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

1. *Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum árið 2003 og samkvæmt áætlun 2004, skipt eftir skattstofnum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum fyrir árið 2003 námu 3,7 milljörðum kr. Á árinu 2004 voru innheimtar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum alls tæplega 6,4 milljarðar kr. Fyrirkomulag og innheimta stimpilgjalda veldur því að erfitt er að gera sér fyllilega grein fyrir skiptingu gjaldsins. Í upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins kemur fram að stimpil-

gjöld af fasteignaviðskiptum á fyrri hluta ársins 2004 eru um 65–70% af heildarstimpilgjöldum. Hér er bæði um að ræða stimpilgjöld af skuldabréfum og kaupsamningum. Það má því gera ráð fyrir að stimpilgjöld vegna fasteignakaupa á árinu 2003 hafi verið um 2,4 milljarðar kr. Vegna breyttra aðstæðna á lánamarkaði vegna fasteignakaupa á seinni hluta ársins 2004 er erfiðara að áætla hve mikill hluti stimpilgjaldsins sé vegna fasteignakaupa. Gróf nálgun gæti numið tæpum 4 milljörðum kr.

2. *Hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga verður til við endurfjármögnun lána?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um tekjur af stimpilgjöldum vegna endurfjármögnunar lána vegna fasteignaviðskipta.

3. *Hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga er endurgreiddur í formi vaxtabóta?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga er endurgreiddur í formi vaxtabóta.

686. Svar [381. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um notkun söluandvirðis Steinullarverksmiðjunnar.

1. *Í hvaða verkefni fór helmingur söluandvirðis Steinullarverksmiðjunnar sem verja skyldi til samgöngubóta eða annarra verkefna í sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar? Hve háar fjárhæðir fóru í einstök verkefni?*

Söluverð Steinullarverksmiðjunnar var 210 millj. kr. Í 1. gr. laga nr. 57/2002, um breytingar á lögum um Steinullarverksmiðjuna, segir að iðnaðarráðherra sé heimilt að selja hlut ríkisins í verksmiðjunni og verja skuli helmingi söluandvirðisins til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Helmingi af andvirði verksmiðjunnar, 105 millj. kr., hefur verið varið til tveggja verkefna. Annars vegar voru 35 millj. kr. veittar Sægulli ehf., til að ljúka tilraunum við barraeldi í samvinnu við Nýsköpunarsjóð. Hins vegar var ákveðið að verja 70 millj. kr. til fiskeldisrannsókna við Hólaskóla.

2. *Hvaða tilraunir voru gerðar í tengslum við barraeldi, hve háar fjárhæðir fóru í einstök tilraunaverkefni og hvenær var styrkur til þess greiddur til Sægulls ehf.? Hvaða fjárhæðir höfðu áður verið veittar til fyrirtækisins frá Byggðastofnun í formi hlutafjár, styrkja eða lána?*

Eftirfarandi byggist á upplýsingum frá Nýsköpunarsjóði og Byggðastofnun.

Tilraun í tengslum við barraeldi fólst í því að ljúka eldi á ungviði sem var í stöð Máka hf. þegar fyrirtækið varð gjaldþrota í ágúst 2002. Um var að ræða alls um 150–200 þúsund seiði, 75–200 g að þyngd. Markmið tilraunarinnar var að ala seiðin í sláturstærð og afla með því upplýsinga um rekstrarforsendur, svo sem vaxtarhraða, fóðurnýtingu og annan rekstrarkostn-

að. Til þessarar tilraunar voru veittar 35 millj. kr. sem greiddar voru til Sægulls 15. janúar 2003.

Sægull hefur ekki fengið neitt fjármagn frá Byggðastofnun, hvorki í formi hlutafjár, styrkja eða lána.

3. *Hvaða fiskeldisrannsóknir voru gerðar í Hólaskóla fyrir fé það sem veitt var þangað af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar? Hve háar fjárhæðir fóru í einstök tilraunaverkefni skólans?*

Eftirfarandi svar er byggt á upplýsingum frá Hólaskóla.

Vegna umræddra fiskeldisrannsókna Hólaskóla yfirfærði iðnaðarráðuneytið 70 millj. kr. til landbúnaðarráðuneytis í tvennu lagi, annars vegar 20 millj. kr. árið 2002 og hins vegar 50 millj. kr. 2003. Landbúnaðarráðuneytið sá um ráðstöfun fjárins til Hólaskóla.

Framlagið var notað til að stuðla að auknum rannsóknum og þróunarverkefnum í fiskeldi og fiskalíffræði á vegum Hólaskóla, en sú þróun hefur verið í samráði og samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir og skóla, t.d. Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Framkvæmd verkefnisins er í nánu samstarfi við Fiskiðjuna Skagfirðing á Sauðárkróki. Meginaáherslan hefur verið á að gera skólanum kleift að efla starfsemina varðandi sjávarfiskaeldi, m.a. í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunina.

Ráðstöfun fjármagnsins er að mestu leyti tvíþætt. Annars vegar er um að ræða stofnkostnað við uppbyggingu nýrrar rannsókna- og kennsluaðstöðu skólans í svokölluðu Skjaldarhúsi við höfnina á Sauðárkróki og hins vegar kostnað við starfsemi sem stofnað var til í húsnæði þrotabús Máka ehf. á Sauðárkróki (Máki I).

Rannsókna- og kennsluaðstaða.

Fiskiðjan Skagfirðingur lagði til 1.500 fm húsnæði og stóð straum af kostnaði við að gera það tilbúið til innréttingar. Hólaskóli lagði síðan til fjármagn til innréttinga, m.a. skrifstofubúnaðar og eldisbúnaðar til rannsókna og kennslu. Fiskiðjan á húsið og unnið er að samningi fyrirtækisins og skólans um afnot skólans af því. Eftirfarandi er sundurliðun á nýtingu áðurgreinds fjármagns til þessarar uppbyggingar:

Sjávarfræðasetur Sauðárkróki 2003-2004	
Stofnkostnaður	
Rannsóknaráhöld og tæki	10.305.105
Tölvubúnaður	1.885.000
Eldisbúnaður og breytingar	21.999.339
Laun starfsmanna við breytingar	3.552.307
Stjórnunark. 10%	3.815.275
Daglegur rekstur	2.227.307
	43.784.333

Starfsemi í húsnæði Máka ehf.

Til að greiða fyrir eflingu rannsókna Hólaskóla á eldi sjávarfiska var tekin sú ákvörðun að nota aðstöðu þrotabúsins Máka ehf. í Freyjugötu á Sauðárkróki (Máki I). Um er að ræða aðstöðu sem fyrirtækið hafði komið sér upp áður en uppbygging þess hófst á Lambanesreykjum í Fljótum. Þarna er sjór endurnýttur og hægt er að vera með margvíslegar tilraunir á sjávardýrum. Hólaskóli flutti inn í byrjun árs 2003 og aðlagaði aðstöðuna rannsóknum á ýmsum tegundum sjávarfiska (annarra en barra sem þar var alinn), svo sem þorsks, ýsu,

sandhverfu og hlýra. Síðan hefur verið unnið að verkefnum sem tengjast þessum tegundum, mörgum hverjum í nánu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Ætlunin er að þessar rannsóknir verði bráðlega fluttar yfir í hina nýju aðstöðu skólans (Sjávarfræðasetur?) og notkun þessarar stöðvar hætt. Verkefnin hafa verið samofin verklegri kennslu nemenda skólans. Starfsemin á Freyjugötu hefur verið fjármögnuð af áðurgreindu framlagi. Eftirfarandi er heildaryfirlit yfir kostnað skólans vegna þessa og síðan er listi yfir rannsóknaverkefnin sem þar hefur verið unnið að.

Freyjugata 2003-2004					
	Viðhald	Verkefni	Rekstur	Stofnk.	Samtals
Þrotabú Máka				2.000.000	
Tæki og áhöld		637.604	411.400		
Rekstrarvörur	802.123	4.198.444	3.395.219		
Áhaldaleiga	804.757	594.385	125.455		
Stjórnunar og ferðak.		907.089	5.500		
Laun starfsmanna		13.365.880			
Sérfræðikostnaður		6.349.639			
Aðrir styrkir		-4.150.211			
	1.606.880	21.902.830	3.937.574	2.000.000	29.447.284

Eftirfarandi verkefni hafa verið unnin á Freyjugötu á árunum 2003–4 og eru flest í samvinnu við aðila á Íslandi.

Rannsókn á fæðu sandhverfulirfa til að losna við svokallað litabrengl. Í verkefninu var leitast við að finna rétt fóður fyrir sandhverfulirfur með tilliti til afkomu og litarfars. Verkefnið var unnið í samstarfi við Hafró og fyrirtækið Sæbýli og var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið að hluta af líffræðinema í sumarstarfi. Framlag skólans er um 2,5 millj. kr.

Rannsókn á klaki og þroska hjá lirfum ýsu og þorsks. Markmiðið með rannsókninni var að bera saman hrogn og lirfur ýsu og þorsks. Töluverður áhugi er á að ala þessar tegundir samhliða. Mikilvægt er að finna aðferðir til að draga úr afföllum á lirfustigi sem er eitt stærsta vandamálið í eldi þessara tegunda. Skoðaðir voru ýmsar gerðir af fóðri fyrir fæðudýr lirfa og einnig voru skoðaðar aðferðir við að safna hrognum frá þessum tegundum með það að markmiðið að draga úr kostnaði við hrognaöflun. Rannsóknin var unnin af starfsmönnum Hólaskóla og Brims ásamt nemendum skólans. Samstarfsaðili var Brim fiskeldi. Framlag skólans er um 6,5 millj. kr.

Notkun á ódýrum próteinum í þorskfóður. Í verkefninu er leitast við að draga úr fóðurkostnaði með því að nota ódýrari prótein. Verkefnið er unnið í samstarfi við Fóðurverksmiðjuna Laxá og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og er stutt af AVS-sjóðunum og Norræna iðnaðarsjóðnum. Verkefnið hófst 2003. Samhliða þessari rannsókn gerðu fiskeldisnemar athugun á vexti sandhverfu með sömu fóðurgerðum. Þessi verkefni hafa skilað nokkuð merkum niðurstöðum sem vakið hafa athygli. Nú er hafin rannsókn með sömu samstarfsaðilum á því hve mikil próteinþörf er hjá smáþorski. Rannsakaðar eru sex fóðurgerðir með mismunandi próteininnihaldi, frá 40 til 60%. Rannsóknin mun einnig beinast að fituþoli þorskseiða. Framlag skólans er um 5,5 millj. kr.

Rannsókn á eldi hlýra. Unnið er að því að finna út leið til að ná í svil úr hængum og hvernig best verði staðið að klaki, ásamt vaxtartilraun á hlýraseiðum. Unnið í samvinnu við Síldarvinnsluna á Neskaupstað í samvinnu við fiskeldisnema Hólaskóla. Framlag skólans er um 2,2 millj. kr.

Lífefnafræðilegir áhrifavaldar á gæði þorskhrogna og afkomu lirfa.Verkefnið er rannsóknarverkefni doktorsnema sem unnið er í samstarfi við Háskóla Íslands. Verkefnið hófst 2004. Framlag skólans er um 2,2 millj. kr.

Sumarið 2004 voru gerðar tilraunir með hrygningu og klak sólkola í samvinnu við útgerðarfélagið Auðbjörgu í Þorlákshöfn sem gaf fiskana í rannsóknina. Framlag skólans nam um 1,6 millj. kr.

Rannsókn á bætibakteríum í lirfueldi og fæðudýraeldi með Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskey ehf. Framlag skólans nam um 750 þús. kr.

Rannsókn á seltuþoli bleikju sem nemendur Hólaskóla gerðu 2004. Framlag skólans nam um 750 þús. kr.

687. Svar [406. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um veiðar á rjúpu, gæs og öndum.

1. *Hyggst ráðherra aflétta banni við veiðum á rjúpu?*

Hinn 5. október sl. ákvað umhverfisráðherra að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem hafi það að markmiði að styrkja stjórnun rjúpnaveiða, þannig að hægt verði að hefja rjúpnaveiðar haustið 2005. Mikilvægt er að tryggja að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar þegar þær hefjast á ný og að ekki þurfi að grípa til tímabundinnar friðunar. Í þessu skyni fól umhverfisráðherra nefnd, sem skipuð var í september 2003 til að gera tillögur um aðgerðir til að styrkja rjúpnastofninn í framtíðinni að loknu banni við rjúpnaveiðum, að semja frumvarp til laga um breytingu á lögunum með áðurnefnd markmið að leiðarljósi.

Nefndin skilaði tillögum til ráðherra hinn 12. nóvember þar sem lagt er til m.a. að umhverfisráðherra verði veitt heimild, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt, til að takmarka veiðar við ákveðna daga og ákveðinn tíma sólarhringsins. Enn fremur að ráðherra sé heimilt að banna sölu á afurðum þeirra fugla sem undir lögin falla, þ.e. veiðibráð og afurðum þeirra. Tillögur nefndarinnar að breyttum lögum eru til umfjöllunar í ráðuneytinu. Gert er ráð fyrir því, nái frumvarpið fram að ganga og ekkert óvænt kemur fram um ástand rjúpnastofnsins á næsta ári, að rjúpnaveiðar hefjist samkvæmt breyttum lögum haustið 2005 þannig að gildandi bann við rjúpnaveiðum standi í tvö ár en ekki þrjú.

2. *Hyggst ráðherra banna veiðar á gæsum eða öndum?*

Engin áform eru um að heimila ekki veiðar á gæsum og öndum samkvæmt áðurnefndum lögum eða takmarka, enda ekkert komið fram sem bendir til þess að þeim fuglastofnum sé ógnað með veiðum.

688. Svar [419. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um Úrvinnslusjóð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver var peningaleg staða Úrvinnslusjóðs um síðustu áramót, þ.e. 31. desember 2003?

Í ríkisreikningi fyrir árið 2003 kemur fram að handbært fé Úrvinnslusjóðs í árslok 2003 var 2,2 millj. kr. og höfuðstóll sjóðsins 260 millj. kr.

689. Svar [420. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um dvalarleyfi erlendra námsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Eru dæmi þess að erlendum námsmönnum er dvelja hérlendis í stuttan tíma sé gert að skrifa undir yfirlýsingu um að þeir reyni ekki að koma til landsins næstu 18–36 mánuði eftir að dvölinni lýkur?

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Útlendingastofnun vegna fyrirspurnarinnar og eru eftirfarandi upplýsingar byggðar á svörum hennar.

Útlendingastofnun hefur ekki krafist þess að erlendir námsmenn skrifi undir yfirlýsingu um að þeir reyni ekki að koma til landsins eftir að dvölinni lýkur. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til þess að einstaklingur sem hefur verið hér á námsmannaleyfi yfirgefi landið að námi loknu og komi ekki aftur fyrr en að ákveðnum tíma liðnum. Allalgengt er að fólk komi hingað á grundvelli námsmannaleyfis og fái svo útgefið atvinnu- og dvalarleyfi að námi loknu eða jafnvel eftir að það hefur hætt í námi.

690. Svar [302. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um hlunnindatekjur og ríkisjarðir.

1. Hverjar eru hlunnindatekjur á ríkisjörðum og hverjir njóta þeirra?

Í 2. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, eru hlunnindi skilgreind sem hvers konar auðlindir, nytjar aðrar en grasnytjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð.

Í 11. gr. ábúðarlaga, nr. 80/2004, er ákvæði um að undanskilin í leiguliðaafnotum séu vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðaafnota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga svo að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum

til eigin atvinnurekstrar. Enn fremur hefur ábúandi rétt til sölu rafmagns inn á viðkomandi dreifikerfi, allt að 2 MW. Þá á ábúandi rétt á byggingarefni til búsþarfa. Jarðareigandi og ábúandi geta samið um viðtækari afnot af réttindum.

Leitað var til landbúnaðarráðuneytisins og þar kom fram að þegar ríkisjörðum er ráðstafað til ábúenda þá fylgja önnur hlunnindi jarðarinnar með í leigu jarðarinnar. Núverandi reglur landbúnaðarráðuneytisins kveða á um að við ákvörðun árlegs afgjalds fyrir ríkisjörð skuli m.a. miða við þá matsliði í fasteignaskrá sem eru í eigu ríkisins á jörðinni. Ef einhver hlunnindi eru tíunduð í fasteignamatinu er því innheimt af þeim hlunnindum sem þar eru tilgreind í upphafi ábúðar.

Eðli málsins samkvæmt er það mjög breytilegt eftir jörðum hvaða möguleikar eru til að nýta hlunnindi, en það er einnig misjafnt hve mikla vinnu hinir einstöku ábúendur leggja í nýtingu hlunnindanna. Í sumum tilvikum krefst nýting hlunninda mikillar útsjónarsemi, en tiltölulega auðvelt er að gera sér mat úr öðrum.

2. *Hvernig skiptast tekjurnar milli helstu hlunnindaflokka, hvernig milli skattumdæma og hvernig milli tegunda embætta?*

Vegna þessa liðar fyrirspurnarinnar var leitað til embættis ríkisskattstjóra sem fór yfir öll tiltæk gögn í vörslu embættisins en taldi á grundvelli þeirra sér ekki mögulegt að veita umbeðnar upplýsingar.

691. Svar [429. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um barnabætur og barnabótaauka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint sem hér segir:

a. ótekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
b. tekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
c. barnabætur alls í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
d. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu:

Framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Milljarðar kr., á verðlagi hvers árs													
Ótekjutengdar barnabætur	3,62	2,51	2,52	2,58	2,64	2,68	2,69	0,95	0,96	1,01	1,03	1,05	1,07
Tekjutengdar barnabætur	1,20	1,79	1,82	1,88	1,96	2,10	1,88	3,06	2,82	2,58	3,39	3,41	3,93
Barnabætur alls	**4,82**	**4,29**	**4,34**	**4,47**	**4,59**	**4,79**	**4,57**	**4,01**	**3,78**	**3,60**	**4,42**	**4,47**	**5,00**
Hlutfall af VLF													
Ótekjutengdar barnabætur	0,9%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,5%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%
Tekjutengdar barnabætur	0,3%	0,5%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,5%	0,5%	0,4%	0,5%	0,4%	0,5%
Barnabætur alls	**1,2%**	**1,1%**	**1,1%**	**1,0%**	**1,0%**	**1,0%**	**0,9%**	**0,7%**	**0,6%**	**0,5%**	**0,6%**	**0,6%**	**0,6%**

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Á föstu verðlagi m.v. vísitölu neysluverðs, 2003=100													
Ótekjutengdar barnabætur	5,30	3,53	3,42	3,45	3,46	3,44	3,40	1,17	1,15	1,16	1,10	1,07	1,07
Tekjutengdar barnabætur	1,75	2,52	2,46	2,51	2,57	2,70	2,37	3,79	3,38	2,95	3,63	3,49	3,93
Barnabætur alls	**7,05**	**6,05**	**5,88**	**5,96**	**6,03**	**6,14**	**5,76**	**4,97**	**4,53**	**4,10**	**4,73**	**4,56**	**5,00**

692. Tillaga til þingsályktunar [443. mál]

um aðgerðir gegn fátækt.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Í því skyni verði gerð framkvæmdaáætlun til fimm ára sem komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006. Framkvæmdaáætlunin skal unnin í samráði við Samtök sveitarfélaga og heildarsamtök launafólks.

Sérstaklega skal höfð hliðsjón af þeim aðgerðum til að vinna bug á fátækt sem lagðar eru til í skýrslu ASÍ, *Velferð fyrir alla,* frá mars 2003 og skýrslu forsætisráðherra um fátækt á Íslandi sem lögð var fyrir 130. löggjafarþing.

Framkvæmdaáætlun ásamt nauðsynlegum lagabreytingum skal leggja fyrir Alþingi á haustþingi 2005.

Greinargerð.

Á 128. löggjafarþingi var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar. Lagt var til að félagsmálaráðherra yrði falið að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treystu öryggisnet velferðarkerfisins. Skilgreina átti lágmarksframfærslukostnað eftir fjölskyldugerð og gera tillögur til úrbóta sem miðuðu við að enginn hefði sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem þegar liggja fyrir um umfang og orsakir fátæktar á Íslandi er nú lagt til að stjórnvöld einbeiti sér strax að aðgerðum sem sporni við fátækt og treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Þrátt fyrir að stór hluti íslensku þjóðarinnar búi við bærileg efni býr alltof stór hluti hennar við sára fátækt. Laun þeirra tekjulægstu, lífeyrir eða atvinnuleysisbætur eru svo lág að þau duga ekki fyrir allra brýnustu nauðþurftum, jafnvel þótt unninn sé fullur vinnudagur og sama hversu mikið er sparað. Raunar er mörgum svo naumt skammtað að hjálparsamtök þurfa að hlaupa undir bagga með fjölda heimila í landinu og flestum er það þungbært að þurfa að leita á náðir slíkra samtaka.

Skýrsla forsætisráðherra um fátækt sýnir fram á tekjur í lægsta tekjuhópnum hafa hækkað hlutfallslega mun minna en hjá hinum efnameiri. Tekjur þeirra lægst launuðu hækkuðu á tímabilinu 1995–2002 um 17% á meðan hækkunin var 45% meðal hinna tekjuhæstu. Bilið milli ríkra og fátækra fer því sívaxandi í þjóðfélaginu. Á sama tíma eykst skattbyrði láglaunafólks. Í dag greiðir fólk með 110 þús. kr. í mánaðartekjur tæplega 14% skatt en greiddi 2–3% af samsvarandi tekjum árið 1995. Upplýsingar frá ýmsum aðilum, svo sem hjálparstofnunum, stéttarfélögum og félagsþjónustu sveitarfélaga benda einnig til þess að fátækum hafi fjölgað verulega. Stefán Ólafsson prófessor bendir í þessu sambandi á að á árunum 1995–1998 hafi dregið úr fátækt, einkum í kjölfar minnkandi atvinnuleysis. Atvinnuleysi hafi hins vegar aukist aftur og fátækt samfara því, enda séu atvinnuleysisbætur undir fátæktarmörkum. Hann telur auk þess að aðgerðir ríkisstjórnar í lífeyrismálum almannatrygginga, skattamálum og húsnæðismálum hafi stuðlað að frekari fjölgun fátækra. Tölur frá ASÍ benda til þess að hlutfall fátækra skattframteljenda hafi hækkað úr 8,8% árið 1995 í 13,2% árið 2001.

Benda má einnig á nýlega rannsókn Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings sem rannsakað hefur fátækt í íslensku þjóðfélagi. Þar kemur fram að miðað við lágmarksframfærslu vantar 40 þús. kr. mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur frá ríkinu geti framfleytt sér. Mæðrastyrksnefnd hefur upplýst að þeir sem leituðu sér aðstoðar og matargjafa hafi verið 40% fleiri árið 2003 en árið 2001, en þá fengu 1.150 fjölskyldur aðstoð í desembermánuði. Árið 2003 var þessi tala komin upp í 1.700 en auk þess var 1.000 fjölskyldum veitt aðstoð hjá nefndinni í 3.115 skipti á árinu. Fram kom líka hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík að á síðasta ári þurfti að auka fé til fjárhagsaðstoðar um 150 millj. kr. og að fjárhagsaðstoðin jókst um 43,4% milli áranna 2001 og 2002. Alls var 594 millj. kr. veitt í fjárhagsaðstoð á vegum félagsþjónustunnar árið 2001, árið 2002 var fjárhæðin komin upp í rúmar 853 millj. kr., 995 millj. kr. 2003 og áætlun fyrir árið 2004 hljóðaði upp á 993 millj. kr. Milli áranna 2001 og 2003 jókst aðstoðin því um 67,6%. Fjöldi heimila sem þegið hafa aðstoð hefur aukist úr 2.625 árið 2001 í 3.300 árið 2003. Ef skoðaður er norrænn samanburður á fátækt kemur fram að þeir sem búa við fátækt eru hlutfallslega flestir á Íslandi. Mæling 1997–98 sýndi að um 6,8% búa við fátæktarmörk á Íslandi, í Danmörku eru það 5,3%, í Finnlandi 4,1%, í Noregi 3,5% og í Svíþjóð 4,9%. Skýringin á vaxandi fátækt er m.a. sú að jöfnunarmarkmið velferðarkerfisins hafa vikið, kerfið er fullt af fátæktargildrum og mikil tekjutenging hefur breytt kerfinu nánast í ölmusukerfi.

Í áðurnefndri rannsókn, sem Harpa Njálsdóttir félagsfræðingur stóð fyrir, er til að skýra og mæla fátækt notað lágmarksframfærsluviðmið sem byggist á opinberum skilgreiningum, þ.e. lágmarkstekjum sem hið opinbera ákvarðar lífeyrisþegum og skilgreindum framfærsluþáttum sem hið opinbera telur að séu nauðsynlegir til að komast af. Harpa bendir m.a. á að í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins frá 1996 komi skýrt fram hvaða þættir séu álitnir nauðsynlegir einstaklingum til að framfleyta sér. Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að lágmarksfjárþörf fólks miðist við þann lágmarksframfærslukostnað sem ætlaður er einstaklingum eða fjölskyldum til að lifa af. Sömuleiðis er bent á að árið 2001 hafi verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem lágmarksframfærsla var ítrekuð og að hlutverk almannatrygginga væri að vera öryggisnet sem byggðist ekki á skilgreindum réttindum heldur tæki mið af framfærslu.

Á undanförnum mánuðum og missirum hefur líka komið glöggt fram að vinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita sér aðstoðar. Í hópi fátækra eru einkum öryrkjar og aldraðir, einstæðir foreldrar, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur. Það sýnir líka glöggt að öryggisnet velferðarkerfisins er brostið að stöðugt fjölgar í hópi þeirra sem ekki hafa efni á að leita

til læknis eða leysa út lyfin sín. M.a. er það orðið áberandi að læknar vísi fólki til sérfræðinga eða í rannsóknir en það skili sér ekki þangað. Svo langt hefur verið gengið að fólki sem hvorki á fyrir lyfjum né mat, t.d. mörgum þeirra sem lifa þurfa af lífeyri almannatrygginga eða sambærilegum tekjum, er gert að greiða skatt til samfélagsins sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum þeirra. Á sl. ári greiddu þeir sem eru með tekjur undir 100.000 kr. á mánuði 2 milljarða kr. í skatt.

Hér er lagt til að undirbúin verði framkvæmdaáætlun til fimm ára í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök launafólks sem hafi það verkefni að gera tillögur til úrbóta til að sporna gegn fátækt. Ástæða er einnig til að benda á að nauðsynlegt er að leita samráðs við samtök lífeyrisþega, samtök einstæðra foreldra, samtök gegn fátækt og önnur þau félagasamtök sem vel þekkja til stöðu og aðbúnaðar fátækra á Íslandi. Mikilvægt er líka að við þetta verkefni verði höfð til hliðsjónar áfangaskýrsla Alþýðusambands Íslands, *Velferð fyrir alla,* en þar er að finna áherslu og framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í velferðarmálum. Þar er að finna sérstaka greinargerð vinnuhóps um fátækt og áhersluatriði sem ASÍ telur mikilvægt að víðtæk samstaða verði um til að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi. Helstu ástæður fátæktar sem ASÍ bendir á eru eftirfarandi:

1. Hár húsnæðiskostur og skortur á félagslegu húsnæði.
2. Skortur á menntun, m.a. mikið brottfall úr framhaldsskólum. Auk þess er bent á mikinn skólakostnað.
3. Hátt verðlag á nauðsynjavörum, svo og lyfjum og heilbrigðisþjónustu.
4. Uppsafnaðan fjárhagsvanda, sem leiðir til þess að margir missa fótanna og lenda í vítahring fátæktar.
5. Lágar atvinnuleysisbætur, sérstaklega þeirra sem búa við langtímaatvinnuleysi.
6. Félagsleg staða margra einhleypra karla, en þeir eru stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, eru oft atvinnulausir og skulda margir hverjir meðlög sem eru meiri en þeir ráða við að greiða.
7. Lágar bætur og miklar tekjutengingar valda því að þeir sem að öllu eða mestu leyti þurfa að treysta á bætur sér til framfærslu, búa við mjög kröpp kjör. Kaupmáttaraukning bóta hefur verið minni en almennra launa á liðnum árum. Hluti af þeim kaupmáttarauka hefur farið í greiðslu á tekjuskatti þar sem skattleysismörk hafa ekki haldið í við hækkun bóta.

Í skýrslunni eru settar fram leiðir til úrbóta og fylgja þær hér í fylgiskjali.

Sömuleiðis er lagt til að höfð verði hliðsjón af skýrslu forsætisráðherra um fátækt á Íslandi sem lögð var fram á 130. löggjafarþingi. Í henni er einnig bent á ýmsar leiðir til úrbóta sem rétt er að nefna:

1. Barnabætur: Hækkun á skerðingarmörkum gætu komið hluta fátækra til góða en þó ekki þeim sem hafa allra lægstu tekjurnar og því ef til vill hagstæðara fyrir þann hóp að heildarkerfið verði tekið til endurskoðunar og jafnvel að öðru kerfi verði komið á.
2. Laun: Það sé meginhlutverk stjórnvalda að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi kaupmáttaraukningu lægstu launa.
3. Atvinnumál: Hægt er að leysa vanda þeirra sem tímabundið glíma við fátækt vegna atvinnuleysis með nægu starfsframboði.
4. Leikskólagjöld: Ekki er óeðlilegt að leikskóli yrði gjaldfrjáls þar sem hann er nú talinn fyrsta skólastigið en einnig gæti tekjutenging leikskólagjalda létt undir með fátæku barnafólki.
5. Íþrótta- og tómstundastarf barna: Sveitarfélög niðurgreiði þátttöku barna í slíku starfi til að börn frá efnaminni heimilum hafi sömu tækifæri og önnur til að taka þátt í því.

Á síðasta löggjafarþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um sama efni. Þá leitaði Alþingi umsagnar ýmissa fagaðila sem hafa með þessi mál að gera, BSRB, Félagsbústaða ehf., Samtaka gegn fátækt, Verslunarráðs Íslands, Alþýðusambands Íslands, Landsambands eldri borgara, Samtaka atvinnulífsins, fjölskylduráðs, Jafnréttisstofu, Félags einstæðra foreldra, Öryrkjabandalags Íslands og félagsmálaráðuneytis. Í langflestum tilfellum voru umsagnir þessara aðila jákvæðar, almennur vilji virðist til að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt þótt sumir aðilar leggi til mismunandi aðferðir og áherslur.

Von flutningsmanna er að um þessa þingsályktunartillögu geti náðst víðtæk samstaða á Alþingi. Það hlýtur að vera forgangsverkefni í þjóðfélaginu að treysta á nýjan leik öryggisnet velferðarkerfisins þannig að hægt sé að losa fólk úr fjötrum fátæktarinnar sem verður sífellt sýnilegri í þjóðfélaginu.

Með tillögunni var fylgiskjal, Velferð fyrir alla. Úr skýrslu ASÍ. (Mars 2003.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 21, 21. mál 130. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 562–564.

693. Tillaga til þingsályktunar [444. mál]

um úrbætur í málefnum barna og unglinga sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna stöðu barna og unglinga sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og gera tillögur um bætta stöðu þeirra.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu barna og unglinga sem eru þolendur kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega verði skoðuð lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig leggi nefndin fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Jafnframt verði kannað hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir eru mögulegar, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Að auki leitist nefndin við að benda á leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Ráðherra skili skýrslu með niðurstöðum og tillögum nefndarinnar til Alþingis innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Greinargerð.

Kynferðisbrot gegn börnum er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda er ljóst að kynferðislegt ofbeldi getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð.

Það er alvarlegt áfall fyrir þjóðina ef 17% barna eru misnotuð fyrir 18 ára aldur eins og kom fram í rannsókn um umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Þegar í stað þarf að bregðast við þessu, en í rannsókninni kemur fram að fjórðungur þolenda sé sex ára eða

yngri og að í 67% tilvika sé misnotkunin gróf eða mjög gróf. Jafnframt þarf að leita skýringa á því hvers vegna tölurnar eru hærri en í rannsóknum annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er því að kalla til færustu sérfræðinga í þá nefnd sem hér er gerð tillaga um að skipa.

Fyrir nokkrum árum komu fram á Alþingi upplýsingar frá félagsmálaráðherra, þegar hann svaraði fyrirspurn fyrsta flutningsmanns tillögu þessarar, um fjölda barna og unglinga sem beitt höfðu verið kynferðislegu ofbeldi. Tölurnar vekja óhug. Fram kom að á árunum 1992–1996 hefðu barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis gegn börnum og þeim tengdust 560 börn yngri en 16 ára. Í einhverjum tilvikum voru þolendur sama ofbeldismanns fleiri en einn. Athyglisvert var að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 eða í um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Á þessu ári (2005) hafa líka komið fram nýjar upplýsingar um að í rúmlega helmingi tilfella þar sem kynferðisbrot gegn barni hafa verið kærð til lögreglu er málið látið niður falla án þess að til ákæru komi þar sem ekki þykja næg sönnunargögn fyrir hendi til sakfellingar. Ástæður þessa verður að brjóta til mergjar og fara yfir allt kæruferli í réttar- og dómskerfinu allt frá því að kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir. Sömuleiðis verður að finna markvissar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Fram hefur komið að ákærum ríkissaksóknara vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað mikið sl. tvö ár. Ný rannsókn sem sýnir hve óhugnanlega mörg börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi staðfestir að stjórnvöld verða að veita meira fé til stuðnings- og meðferðarúrræða fyrir þolendur kynferðisbrota. Framtíð fjölda barna er þar í húfi.

Í fyrrnefndu svari ráðherra kom fram að búast mætti við að árlega þyrftu ekki færri en 50 börn á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Væru fjölskyldur þeirra teknar með mætti áætla að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða og áfallahjálp og langtímameðferð væri sjaldnast skipulögð af barnaverndarnefndum enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar. Búast má við að sá hópur sem þarf á sérhæfðum meðferðar- og stuðningsúrræðum að halda hafi stækkað verulega frá því að þessar upplýsingar komu fram. Fyrirspurnin leiddi til stofnunar Barnahúss en starfsemi þess hefur vakið mikla athygli erlendis.

Alþingi kemst ekki hjá því að taka upp alvarlega umræðu um herta refsingu fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og skoða sérstaklega hvernig fyrningu í þessum málum er háttað. Sérstaklega þarf að kanna réttarstöðu þeirra fjölmörgu barna og unglinga sem hafa mátt þola kynferðislegt ofbeldi. Má þar nefna atriði eins og skýrslutöku af börnum yngri en 18 ára, hvaða sérbúnaður skuli standa þeim til boða og hvort unnt sé að koma upp fjarfundabúnaði við héraðsdómstóla landsins. Rannsaka verður hvort þörf sé á að herða refsiúrræði og hverju það kunni að skila, hvort sýknudómum verði áfrýjað til Hæstaréttar í meira mæli en nú og hvernig dómstólar nýta þann refsiramma sem til staðar er í núgildandi löggjöf. Kanna þarf hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða og ber opinberum aðilum skylda til að auðvelda þolendum kæru- og dómsferlið eins og kostur er. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn auk þess sem kannaður verði möguleiki á því að skilgreina tímafresti og forgang mála við rannsókn mála hjá lögregluyfirvöldum. Jafnframt verður að telja nauðsynlegt að skoðaðar verði þær skyldur sem hvíla á barnaverndarnefndum. Sálfræðingafélag Íslands hefur til dæmis viljað leggja áherslu á að gagnkvæm tilkynningarskylda ríki á milli barnaverndarnefndar og lögreglu og að barnaverndarnefndum verði gert skylt að óska

opinberrar rannsóknar allra mála sem varða meint kynferðisbrot gegn börnum. Enn fremur verður að athuga starfshætti dómstóla, m.a. meta hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu þegar fjallað er um kynferðisbrot gegn börnum.

Ástæða er til að endurskoða lagaákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum. Í þeim er engin lágmarksrefsing en hámarksrefsing er 12 ára fangelsi allt eftir aldri barns og skyldleika geranda við barnið. Aftur á móti er ákvæði um lágmarksrefsingu fyrir nauðgun og er hún eitt ár og hámarksrefsing 16 ár, en því ákvæði er beitt ef ofbeldi eða er beitt eða því hótað burtséð frá aldri þolanda. Erfitt er að sjá af hverju ekki er sambærilegt lágmarksákvæði hérlendis vegna kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum. Í Noregi er lágmarksrefsing eitt ár og í Svíþjóð er fangelsisvist að lágmarki tvö ár í slíkum málum. Það skýrir væntanlega að einhverju leyti að dómar hér á landi skuli vera mun vægari, að hér er engin lágmarksrefsing vegna kynferðisbrota gegn börnum.

Einnig verður að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir að börn og unglingar verði þolendur kynferðisofbeldis. Í því sambandi hlýtur staða gerenda eða kynferðisbrotamanna að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á. Rannsóknir hafa sýnt að kynferðisbrotamenn hafi takmarkaða samhygð með öðrum og eigi erfitt með að setja sig í spor annarra. Þeir eiga það jafnframt til að líta á börn sem hluti (e. objects) fremur en manneskjur. Samkvæmt upplýsingum frá Stígamótum eru um 20% kynferðisbrotamanna yngri en 18 ára. Telja verður mikilvægt að unnt sé að grípa inn í hegðun þeirra og reyna að veita þeim aðstoð. Þannig gæti verið unnt að koma í veg fyrir áframhaldandi brotahegðun þeirra. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2003 kemur fram að meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi í skýrslutöku fyrir dómi hafi verið á aldrinum 15–59 ára og var meðalaldur þeirra um 30 ár, sem er um 15 árum lægri meðalaldur en á árinu 2002. Þegar tengsl geranda og þolanda eru skoðuð, kemur í ljós að í 84% tilvika þekkir gerandi til barns, er t.d. tengdur því fjölskylduböndum. Sjaldgæft er að gerendur séu barni ókunnugir með öllu.

Mikilvægt er að þeir sem koma að kynferðisbrotamálum verði meðvitaðri um hvernig bregðast eigi við. Talið er að í einungis 1,6% tilfella hafi börn leitað aðstoðar hjá starfsfólki skóla. Telja verður að átak þurfi að gera í menntun fagfólks þannig að stöðugt sé minnt á ábyrgð og skyldur þegar kynferðisbrot gegn börnum eru annars vegar. Bent hefur verið á dæmi þess að starfsfólk skóla hafi veigrað sér við að taka á alvarlegum kynferðisbrotamálum vegna óöryggis og því hafi málum ekki verið sinnt eins og best væri á kosið.

Jafnframt má benda á að mjög brýnt er orðið að gera úttekt á þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála og tóku gildi 1. maí 1999, einkum er varðar skýrslutökur dómara af börnum. Í því sambandi er ástæða til að benda á þá mismunun sem börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi búa við. Þeim börnum sem sem njóta aðstöðu Barnahúss er tryggð besta fáanlega þjónusta og tryggt er að þau fái læknisskoðun og meðferð þegar ástæða er til. Þetta er ekki unnt að tryggja ef skýrslutaka fer fram í dómhúsum, ekki er tryggt að sérfræðingar annist skýrslutöku og hvorki er trygging fyrir meðferð né læknisskoðun.

Það er líka alvarlegt að lögreglan kemur nú að rannsókn mun færri mála en áður. Skýringin er sú að lögreglan verður að kalla til dómara ef meintu kynferðisbroti er vísað til hennar og nauðsynlegt er að ræða við barn. Dómaraviðtalið er mjög viðurhlutamikil aðgerð og því eru þau mál aðeins kærð til lögreglu ef augljóst sýnist að kynferðisofbeldi hafi átt sér stað og tiltekinn einstaklingur er grunaður um verknaðinn. Meiri hluti málanna er hins vegar svo óljós að ekki þykir ástæða til að efna til eins viðurhlutamikillar athafnar eins og dómaraviðtal

er. Í þeim tilvikum einskorðast rannsókn málsins við barnaverndarnefndir með hjálp starfsfólks Barnahúss (þá eru tekin svonefnd könnunarviðtöl) og lögregla kemur þar hvergi nærri.

Á fyrstu fimm starfsárum Barnahúss komu alls 678 börn í rannsóknarviðtöl og af þeim voru einungis 203 dómaraviðtöl, eða um 30%. Þetta merkir að í 70% tilvika kom lögregla ekki að rannsókn málanna. Sjálfsagt er engin ástæða til að lögregla komi að öllum þessum málum, t.d. þegar meintur gerandi er ósakhæfur eða grunur er á mjög veikum rökum reistur. Hins vegar eru þessar tölur áhyggjuefni þar sem búast má við að í nokkrum hluta þessara mála sé full ástæða til að lögregla komi að rannsókninni.

Þegar mál er kært til lögreglu er yfirleitt fyrsta skrefið að ræða við barnið til að fá fram sögu þess. Þá er efnt til dómþings þar sem verjandi sakbornings og jafnvel sakborningur sjálfur á rétt á að vera viðstaddur. Þetta gerist áður en sakborningur er sjálfur yfirheyrður. Því er það svo að þegar skýrsla er tekin af sakborningi veit hann nákvæmlega hvað barnið hefur tjáð í rannsóknarviðtalinu. Hann getur því undirbúið sig með hjálp lögmanns áður en hann gefur framburð sinn, haft skýringar á reiðum höndum og jafnvel undirbúið framburð sem dregur trúverðugleika barnsins í efa. Þetta er afleitt og dæmi þess að þetta hafi eyðilagt mál, komið í veg fyrir sakfellingu eða að dómar hafi orðið vægari en efni standa til.

Í fyrrgreindri ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur fram að á árinu 2003 hafi verið tekin 210 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi sem er 26% aukning frá árinu 2002. Þess ber að geta að fjöldi rannsóknarviðtala felur hvorki í sér fjölda barna né fjölda mála þar sem sum börn koma í fleiri en eitt rannsóknarviðtal, önnur börn koma oftar en einu sinni vegna ólíkra mála og enn önnur greina frá fleiri en einu máli í sama viðtali. Um 51% þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal var innan við 10 ára. Alls var 110 börnum vísað í greiningar- og meðferðarviðtöl og er það 21% fjölgun frá árinu 2002. Stúlkur voru í miklum meirihluta þeirra barna sem komu í Barnahús á árinu 2003 eða um 70% þeirra sem komu í rannsóknarviðtal.

Mikilvægt er að í nefndinni, sem skipa á samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Flutningsmenn leggja áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar stéttarfélaga geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga, auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta, lögregluyfirvalda og lögfræðinga eða dómara.

Tillaga þessi var áður flutt á 125., 128. og 130. löggjafarþingi. Tillagan er nú lögð fram að nýju í örlítið breyttri mynd, þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda í umsögnum sem bárust á 125. og 130. löggjafarþingi.

Skoðun flutningsmanna er að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um úttektina, enda ætti hún að leiða til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

694. Fyrirspurn [445. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kynþroska þorsks.

Frá Einari Oddi Kristjánssyni.

1. Hvert hefur verið kynþroskahlutfall fjögurra ára þorsks á árunum 1990–2004?

2. Hvaða vísbendingar um vöxt og vaxtarhraða þorsksins gefa breytingar á kynþroskahlutfallinu?

Skriflegt svar óskast.

695. Fyrirspurn [446. mál]

til fjármálaráðherra um viðskipti við ráðningarstofur.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða ráðuneyti og ríkisstofnanir skiptu við ráðningarstofur og vinnumiðlara árin 2002 og 2003?
2. Hvað var ráðið í mörg störf með þeim hætti?
3. Hversu mikið var ráðningarstofunum greitt fyrir störf sín á þessum árum?
4. Hvaða ríkisstofnanir og ráðuneyti höfðu á þessum árum samninga við einstakar ráðningarstofur og þá hvaða ráðningarstofur?
5. Hafa slíkar ráðningar verið boðnar út á vegum ráðuneytanna eða stofnananna? Ef ekki, hvers vegna ekki?

Skriflegt svar óskast.

696. Fyrirspurn [447. mál]

til utanríkisráðherra um flutning bandarísku sendiráðsins í Reykjavík.

Frá Merði Árnasyni.

1. Telur ráðherra heppilegt að bandaríska sendiráðið í Reykjavík sé í grónu íbúðarhverfi?
2. Hafa farið fram viðræður um flutning sendiráðsins?

697. Fyrirspurn [448. mál]

til menntamálaráðherra um íslensku og íslensk fræði erlendis.

Frá Merði Árnasyni.

1. Við hvaða erlendar menntastofnanir á háskólastigi er kennd íslenska (nútímamálið) og íslensk fræði?

2. Í hvaða öðrum menntastofnunum erlendis er lögð stund á íslensku og íslensk fræði, svo kunnugt sé?
3. Í hverjum þessara menntastofnana á háskólastigi eru íslenskir kennarar („sendikennarar“) að störfum?
4. Hvernig er háttað stuðningi Íslendinga við þetta starf?
5. Hefur kennsla af þessu tagi verið lögð niður við einhverja skóla síðan 1997? Hefur slík kennsla verið tekin upp við einhverja skóla síðan 1997?
6. Hafa ráðherra borist óskir um stuðning við þetta starf frá árinu 1997? Hver hafa orðið viðbrögð ráðuneytisins við slíkum óskum?
7. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til þess arna í kjölfar nýlegs samnings við Háskóla Íslands um íslenskukennslu erlendis og önnur verkefni hjá Stofnun Sigurðar Nordals?

Greinargerð.

Miðað er við árið 1997 vegna þess að staða mála þangað til er ljós af svari ráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar á 122. löggjafarþingi (44. mál, þskj. 44 og 187).

Skriflegt svar óskast.

698. Fyrirspurn [449. mál]

til heilbrigðisráðherra um listmeðferð.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu algengt er að opinberar heilbrigðisstofnanir nýti list sem meðferðarform? Hvaða stofnanir bjóða helst slíka meðferð og hver virðist þróunin vera í þessum efnum?
2. Hvað líður vinnu við endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir með tilliti til stöðu listmeðferðarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins?

699. Fyrirspurn [450. mál]

til utanríkisráðherra um trúnaðarstörf sendiherra fyrir stjórnmálaflokka.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða núverandi sendiherrar gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokka? Átt er við t.d. opinber nefndarstörf á vegum stjórnmálaflokka, launaðan erindrekstur á þeirra vegum o.s.frv.
2. Hvaða fordæmi eru frá lýðveldisstofnun um það að sendiherrar gegni slíkum trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokka?

700. Fyrirspurn [451. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað er áætlað að ökutími verði að jafnaði langur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins, t.d. miðað við núverandi Umferðarmiðstöð í Reykjavík, eftir að Reykjanesbraut hefur verið tvöfölduð?
2. Hvaða tillögur og hugmyndir hafa verið athugaðar um að stytta frekar umræddan ökutíma?

701. Fyrirspurn [452. mál]

til samgönguráðherra um hámarkshraða á tvöfaldri Reykjanesbraut.

Frá Jóni Gunnarssyni og Merði Árnasyni.

1. Telur ráðherra eðlilegt að hækka hámarkshraða ökutækja á tvöfaldri Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar?
2. Var gert ráð fyrir hækkun hámarkshraða við hönnun brautarinnar?
3. Kemur til greina að mati ráðherra að hafa mismunandi hámarkshraða sumar og vetur?

702. Fyrirspurn [453. mál]

til viðskiptaráðherra um kennitöluflakk í atvinnurekstri.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra ástæðu til að grípa til aðgerða eða lagasetningar til að sporna við svokölluðu kennitöluflakki í atvinnurekstri?
2. Hafa aðrar Norðurlandaþjóðir gripið til sérstakra aðgerða eða lagasetningar til að koma í veg fyrir kennitöluflakk og ef svo er, hvaða?
3. Telur ráðherra koma til greina að setja lög sem banni tímabundið atvinnurekstur eða setu í stjórnum fyrirtækja hjá þeim sem uppvísir eru að kennitöluflakki?
4. Eru til upplýsingar eða vísbendingar um hve mikið vandamál kennitöluflakk er hér á landi og í hvaða atvinnugreinum helst?
5. Tekur ráðherra undir sjónarmið Samtaka iðnaðarins um að ráðast þurfi í átak til að verjast kennitöluflakki og þær tillögur sem þau hafa sett fram þar að lútandi?

Skriflegt svar óskast.

703. Fyrirspurn [454. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um neysluútgjöld fjölskyldna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á neysluútgjöldum fjölskyldna eftir fjölskyldugerð samkvæmt neysluviðmiði Hagstofu Íslands sl. fimm ár samanborið við neysluvísitölu á þessu tímabili?
2. Hvernig hafa fimm stærstu liðirnir í neysluútgjöldum breyst innbyrðis árin 2000–2004 og hvaða þættir voru það?
3. Hver voru neysluútgjöld samkvæmt neysluviðmiði Hagstofu Íslands eftir fjölskyldugerð árið 2004 sem hlutfall af:
   a. hæstu samsettu lífeyrisgreiðslum almannatrygginga,
   b. hæsta launaflokki Eflingar fyrir dagvinnu (25. flokki eftir sjö ár hjá sama vinnuveitanda),
   c. meðalatvinnutekjum árið 2004 samkvæmt útreikningum kjararannsóknarnefndar?

Skriflegt svar óskast.

704. Fyrirspurn [455. mál]

til fjármálaráðherra um viðbótarlaun og launakönnun út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru viðbrögð ráðherra við tilmælum Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu, sem fram komu í bréfi til ráðuneytisins dags. 25. nóvember sl., um að gerð yrði launakönnun og áhrif nýs launakerfis frá 1997 skoðuð með hliðsjón af kynja- og jafnréttissjónarmiðum?
2. Hafa verið gefnar út leiðbeiningarreglur um greiðslu á viðbótarlaunum í samræmi við álit Ríkisendurskoðunar og tilmæli Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu í áðurnefndu bréfi? Ef svo er, hvernig eru þær leiðbeiningar? En ef svo er ekki, hver er skýringin á því?

Skriflegt svar óskast.

705. Fyrirspurn [456. mál]

til félagsmálaráðherra um öryggismál og aðbúnað á Kárahnjúkasvæðinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í aðbúnaði starfsmanna og öryggismálum á Kárahnjúkasvæðinu á sl. ári og hafa verið veittar einhverjar undanþágur frá lögum og reglum sem gilda um aðbúnað og heilbrigðis- og öryggismál?
2. Eru aðbúnaður starfsmanna, öryggismál og eftirlit á Kárahnjúkasvæðinu í fullkomnu samræmi við lög og reglur sem um þau mál gilda? Ef ekki, hvað er ábótavant í þeim málum?
3. Hvaða athugasemdir sem lúta að öryggi og aðbúnaði á Kárahnjúkasvæðinu hafa komið fram frá lögbundnum eftirlitsaðilum eða trúnaðarmönnum á svæðinu og hefur þeim í einu og öllu verið framfylgt?
4. Hefur verið fylgt öryggisráðstöfunum í samræmi við nýtt áhættumat sem vinna átti á sl. ári?

Skriflegt svar óskast.

706. Fyrirspurn [457. mál]

til forsætisráðherra um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvenær má vænta þess að lögð verði fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun um opinbera stefnumótun í málefnum barna og unglinga í samræmi við ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 2001 en samkvæmt henni átti að leggja áætlunina fyrir Alþingi til staðfestingar á haustþingi árið 2002?
2. Hvernig skýrir ráðherra þann drátt sem orðið hefur á mótun heildstæðrar og samræmdrar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga í samræmi við framangreinda ályktun Alþingis?
3. Hvar telur ráðherra mest úrbóta þörf í málefnum barna og unglinga og hverjar verða helstu tillögur í þeirri fimm ára framkvæmdaáætlun sem í undirbúningi hefur verið um málefnið frá árinu 2001?

707. Fyrirspurn [458. mál]

til menntamálaráðherra um listaverkakaup Listasafns Íslands.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hversu mikið ráðstöfunarfé hefur Listasafn Íslands haft til listaverkakaupa árlega sl. 15 ár eða frá árinu 1989 og hvernig hefur árleg fjárhæð þróast með tilliti til verðlags?

Skriflegt svar óskast.

708. Fyrirspurn [459. mál]

til fjármálaráðherra um Lífeyrissjóð bænda.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?
2. Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?
3. Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar: 0–10 þús. kr., 10–20 þús. kr., 20–30 þús. kr., 30–40 þús. kr. 40–50 þús. kr., meira en 50 þús. kr.?
4. Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?
5. Eru fyrirhugaðar breytingar á réttindaávinnslu hjá sjóðnum eða greiðslum úr honum?

Skriflegt svar óskast.

709. Fyrirspurn [460. mál]

til menntamálaráðherra um varðveislu sjónvarpsefnis.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um það hvaða sjónvarpsefni er varðveitt?
2. Hvaða sjónvarpsefni stjórnmálalegs eðlis, sem sýnt var fyrir alþingiskosningar frá 1967–2003, er til hjá Ríkisútvarpinu?
3. Hvaða flokkakynningar eru til frá kosningunum 1971, 1974, 1978, 1979, 1983, 1987, 1991, 1995, 1999 og 2003? Óskað er eftir upplýsingum um hvaða stjórnmálaflokkar buðu fram í hverjum kosningum og hvaða efni er til um hvern og einn.

4. Hvaða stjórnmálaumræðuþættir og aðrir stjórnmálaþættir, svo sem umræður kvöldið fyrir kjördag frá þessum kosningum, eru til, flokkaðir eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

710. Fyrirspurn [461. mál]

til landbúnaðarráðherra um riðusmit og varnaraðgerðir gegn riðu.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða aðferðir eru notaðar til að koma í veg fyrir endurtekið riðusmit?
2. Eru uppi hugmyndir um að endurskoða núverandi aðferðir við:
   a. förgun,
   b. forvarnir?
3. Er vitað hve lengi riðuveira getur varðveist í jörð?
4. Hefur komið til álita að brenna hræ og heyfeng þar sem riða hefur komið upp?

711. Fyrirspurn [462. mál]

til landbúnaðarráðherra um kostnað vegna varnaraðgerða gegn riðuveiki.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hver ber kostnað af förgun fjárstofns eða heyfengs vegna riðuveiki?
2. Hver var árlegur kostnaður ríkisins vegna riðuveiki sl. fimm ár:
   a. vegna förgunar og varnaraðgerða,
   b. vegna bótagreiðslna,
   c. annar kostnaður?

Skriflegt svar óskast.

712. Fyrirspurn [463. mál]

til umhverfisráðherra um svartfugl við Norðurland.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hverjar eru skýringar sérfræðinga í stofnunum umhverfisráðuneytisins á svartfuglsdauða úti fyrir ströndum nyrðra í vetur og undanfarna vetur?
2. Eru þessir atburðir tengdir ámóta hruni svartfuglsstofns í Noregi? Getur verið að hér sé um að ræða merki um yfirvofandi loftslagsbreytingar?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstökum rannsóknum eða aðgerðum vegna þessa?

713. Fyrirspurn [464. mál]

til iðnaðarráðherra um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvaða aukaverk og viðbætur hefur þurft að vinna við Kárahnjúkavirkjun frá því að framkvæmdir hófust og hver er kostnaðurinn vegna þessa? Svar óskast sundurliðað eftir verksamningum.
2. Hvaða aðili samþykkir aukaverk vegna Kárahnjúkavirkjunar?
3. Hafa verið gerðar aukalega rannsóknir á jarðfræði Kárahnjúkasvæðisins og hafa þær leitt eitthvað nýtt í ljós?
4. Hafa stíflumannvirki verið endurhönnuð og ef svo er, hver var kostnaðurinn við það?
5. Hvernig hljóðar verkáætlun fyrir Kárahnjúkavirkjun? Hvaða verkliðir ganga samkvæmt áætlun og hverjir ekki?
6. Hefur ráðherra gert áætlun um hvernig skuli brugðist við ef svo mikill dráttur verður á gerð virkjunarinnar við Kárahnjúka að ekki takist að afhenda orku til Alcoa á umsömdum tíma?

Skriflegt svar óskast.

714. Svar [410. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um unga vímuefnaneytendur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra leysa þann vanda sem skapast af því að sjúkrahúsið Vogur getur ekki innritað sjúklinga yngri en 16 ára árið 2005 vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar?

Í gildi er þjónustusamningur við SÁÁ frá 29. október 2002 um margs konar þjónustu tengda meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga. Hefur enginn niðurskurður verið á framlagi til þeirrar starfsemi, og engar breytingar gerðar á framkvæmd þjónustusamningsins og stendur hann óbreyttur.

Árið 2005 greiðir ráðuneytið 471,3 millj. kr. í rekstur þessarar starfsemi, auk fjárfestingarstyrks að upphæð 20 millj. kr.

SÁÁ hefur tilkynnt að það muni grípa til aðhaldsaðgerða vegna rekstrarvanda á árinu, þar á meðal að innrita ekki börn yngri en 16 ára. Þessum börnum mun hér eftir sem hingað til verða sinnt á öðrum heilbrigðisstofnunum, svo og hjá Barnaverndarstofu og stofnunum á hennar vegum.

715. Svar [358. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um nýgengi krabbameins á Norðurlöndunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er munur á nýgengi og tíðni krabbameins á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum, tilgreint eftir tegundum, og ef svo er, í hverju er munurinn aðallega fólginn?

Krabbamein á Norðurlöndunum.

Hér að aftan má sjá árlegt aldursstaðlað nýgengi fyrir tíðustu mein á Norðurlöndunum árin 1995–1999. Tölur eru fengnar úr NORDCAN-gagnagrunninum sem er öllum opinn á netinu á slóðinni: http://ncu.cancer.dk/ancr/nordcan.shtml.

Árlegt aldursstaðlað nýgengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldursstaðal).

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Karlar					
Öll mein	285	269	294	296	252
Blöðruhálskrabbamein	33	72	76	70	70
Lungnakrabbamein	47	41	34	36	21
Ristil- og endaþarmskrabbamein	38	26	33	42	30
Konur					
Öll mein	284	223	280	255	242
Blöðruhálskrabbamein	84	76	80	71	80
Lungnakrabbamein	30	9	29	17	13
Ristil- og endaþarmskrabbamein	31	19	23	34	23

Ef öll krabbamein eru tekin saman má sjá að nýgengi krabbameina meðal karla á Íslandi er svipað og í Noregi og lítið eitt hærra en í Danmörku. Nýgengi blöðruhálskirtilskrabbameins er heldur hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Lágt nýgengi blöðruhálskirtilskrabbameins í Danmörku skýrist væntanlega af því að þar eru PSA-mælingar fremur sjaldgæfar, en þær leiða oft til greiningar. Hins vegar er vert að taka fram að dánartíðni er svipuð alls staðar á Norðurlöndunum.

Ef öll krabbamein eru tekin saman má sjá að nýgengi krabbameina meðal kvenna á Íslandi er svipað og í Danmörku og er nýgengi brjóstakrabbameins hátt í báðum löndunum. Einnig er nýgengi lungnakrabbameins hærra á Íslandi og í Danmörku en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta má rekja til meiri reykinga kvenna í þessum tveimur löndum og hvað Ísland varðar skiptir miklu að á síðustu öld byrjuðu íslenskar konur fyrr að reykja mikið borið saman við það sem tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum.

716. Svar [359. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um nýgengi krabbameins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg tilvik krabbameins hafa greinst hér sl. sex ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum, fjölda, tegund krabbameins, kyni sjúklings og landshlutum.

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands. Töflur og myndir í viðaukum eru úr ritinu *Krabbamein á Íslandi. Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands 50 ára* sem kom út á vegum Krabbameinsfélagsins árið 2004.

Spurt er um sex ára tímabil en svörin hér miðast við fimm ára tímabil. Ekki er mælt með því að sundurliða hvert ár fyrir sig af eftirfarandi ástæðum: Nýgengis- og fjöldatölur sem Krabbameinsskráin gefur út miðast yfirleitt við meðaltöl fimm ára tímabila. Þetta er gert til að auka áreiðanleika, með því að draga úr tilviljanasveiflum sem annars verða mjög áberandi vegna fámennis þjóðarinnar. Í viðauka I – mynd 1 má sjá tilviljunarsveiflur í nýgengi allra krabbameina á Íslandi þegar horft er á nýgengi eins árs í senn. Til samanburðar er í sama viðauka, mynd 2, nýgengi sem grundvallast á meðaltölum fimm ára tímabila þar sem tilviljanasveiflur hafa jafnast út. Viðauka I fylgir jafnframt skýring á hugtakinu *nýgengi*.
Sjá viðauka I.

Á árunum 1998–2002 greindust að meðaltali 1.146 Íslendingar á ári með krabbamein, 571 karl og 575 konur.

Meðal karla var krabbamein í blöðruhálskirtli algengast og voru 164 karlar greindir árlega að meðaltali. Næstalgengast var lungnakrabbamein sem greindist hjá 57 körlum að meðaltali á ári. Þriðja algengasta krabbameinið meðal karla var ristilkrabbamein, greint hjá 49 körlum að meðaltali á ári (ristil- og endaþarmskrabbamein samanlagt greindist hjá 64 körlum á ári).

Meðal kvenna var brjóstakrabbamein algengast og voru 164 konur greindar árlega að meðaltali. Næstalgengast var lungnakrabbamein, greint hjá 57 konum að meðaltali á ári. Þriðja algengasta krabbameinið meðal kvenna var ristilkrabbamein sem 39 konur greindust með að meðaltali á ári (ristil- og endaþarmskrabbamein samanlagt greindist hjá 53 konum á ári.

Í viðauka II – töflu 1 má sjá árlegan meðalfjölda tilfella hjá íslenskum körlum og konum fyrir tíðustu meinin. Sjá viðauka II.

Í viðauka III má sjá breytingu á fjölda greindra tilfella frá árinu 1958 til 2002 fyrir helstu mein. Tölur eru uppsafnaður fjöldi tilfella (deilt með 5 til að fá árlegan meðalfjölda). Fyrri taflan er fyrir karla og sú síðari fyrir konur. Sjá viðauka III.

Mismunandi nýgengi krabbameins eftir búsetu getur gefið vísbendingar um umhverfisþætti sem hafa áhrif á myndun krabbameina. Þó þarf að taka tillit til þess að það tekur krabbamein oftast langan tíma að myndast og því væri réttara að kanna búsetu 10–20 árum fyrir greiningu, en hún er ekki skráð í Krabbameinsskránni. Samanburður eftir búsetu við greiningu er erfiður hér á landi vegna þess hve fámenn þjóðin er og þar af leiðandi miklar tilviljanasveiflur í nýgengistölum, ekki síst ef landinu er skipt upp í minni svæði.

Vegna fámennis þjóðarinnar eru því takmarkaðir möguleikar á að greina marktækan mun á nýgengi krabbameina milli einstakra landssvæða. Þetta hefur þó verið gert með því að kanna lengri tímabil en fimm ár í senn og skipta landinu upp í nokkuð stóra hluta, eða hin átta fyrrverandi kjördæmi landsins. Upplýsingarnar sem hér fylgja ná til tveggja fimmtán ára tímabila.

Á myndum 14 og 15 í viðauka IV sést samanburður fyrir öll mein saman fyrir árabilin 1973–1987 og 1988–2002 fyrir karla. Á myndum 16 og 17 eru sömu upplýsingar fyrir konur. Þar sést að Reykjavík hefur hæsta nýgengið á báðum tímabilum og hjá báðum kynjum. Reykjanes fylgir fast í kjölfarið, enda tilheyra 75% íbúanna þar höfuðborgarsvæðinu. Þetta er í samræmi við það sem gerist hjá öðrum þjóðum, að stærstu þéttbýliskjarnarnir hafa hæsta nýgengið. Sjá viðauka IV.

Í töflu 5 í viðauka V er stjörnumerking notuð til að gefa til kynna hvort munur milli viltekins staðar og Reykjavíkur sé tölfræðilega marktækur. Í fyrsta dálki eru öll mein tekin saman. Þar sést að Reykjavík hefur tölfræðilega marktækt hærra nýgengi en aðrir staðir á landinu fyrir bæði tímabilin og hjá báðum kynjum. Sé dæmi tekið af körlum á Suðurlandi á fyrra tímabilinu er hlutfallsleg áhætta þeirra 0,77 sem þýðir að áhættan er 77% af áhættu karla í Reykjavík. Þegar horft er til nokkurra einstakra meina helst sú tilhneiging að Reykjavík hafi hæsta nýgengið, með ákveðnum undantekningum þó, en það eru magakrabbamein hjá körlum og krabbamein í eggjastokkum hjá konum. Sjá viðauka V

Viðauki I.

Skilgreining á orðinu nýgengi: Árlegt nýgengi (incidence) er skilgreint sem fjöldi krabbameina sem greinist á einu ári. Þegar deilt hefur verið með íbúafjölda gefur nýgengið til kynna meðaltalshættu á að greinast með krabbamein á hverju ári. Þar sem krabbameinstíðni er ólík milli karla og kvenna, jafnvel fyrir sömu mein, eru nýgengistölur birtar fyrir kynin hvort í sínu lagi.

Mynd 1: Árlegt aldursstaðlað nýgengi - eitt ár í senn



Mynd 2: Árlegt aldursstaðlað nýgengi



Viðauki II.

Tafla 1

Árlegur meðalfjöldi tilfella hjá íslenskum körlum og konum
Raðað eftir árlegum fjölda tilfella á árunum 1998-2002

Karlar	*1998 -2002*	*1958 -1962*
Öll mein	571	170
Krabbamein í blöðruhálskirtli	164	12
Lungnakrabbamein	57	11
Ristilkrabbamein	49	10
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	42	5
Nýrnakrabbamein	26	8
Magakrabbamein	23	57
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	22	3
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins eitilfrumuæxli)	20	3
Sortuæxli í húð	15	1
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	15	7
Endaþarmskrabbamein	15	3
Krabbamein í brisi	13	6
Krabbamein í vélinda	10	7
Krabbamein í skjaldkirtli	8	2
Krabbamein í eistum	8	1
Krabbamein í munnholi og vör	8	7

Konur	*1998 -2002*	*1958 -1962*
Öll mein	575	187
Brjóstakrabbamein	164	36
Lungnakrabbamein	58	5
Ristilkrabbamein	39	13
Sortuæxli í húð	30	1
Krabbamein í eggjastokkum	29	11
Krabbamein í legbol	24	10
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	23	3
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	19	5
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	18	4
Krabbamein í skjaldkirtli	18	7
Leghálskrabbamein	15	14
Nýrnakrabbamein	15	6
Endaþarmskrabbamein	14	4
Magakrabbamein	14	33
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins eitilfrumuæxli)	13	2
Krabbamein í brisi	11	4

Fjöldi nýrra tilfella 1958–2002, karlar.

Karlar		Uppsafnaður fjöldi tilfella á 5 árum								
ICD-10	Mein	1958-1962	1963-1967	1968-1972	1973-1977	1978-1982	1983-1987	1988-1992	1993-1997	1998-2002
C00-06,10,12-14	Krabbamein í munnholi og vör	33	39	35	31	41	40	42	37	39
C07-08	Krabbamein í munnvatnskirtlum	2	4	5	2	4	2	5	4	9
C15	Krabbamein í vélinda	33	32	25	23	30	29	50	55	49
C16	Magakrabbamein	283	251	225	204	199	207	172	140	117
C17	Krabbamein í smáþörmum	7	4	9	11	6	8	9	11	11
C18	Ristilkrabbamein	48	57	72	81	119	155	156	202	243
C19-20	Endaþarmskrabbamein	17	38	39	39	56	54	47	58	74
C18-20	Ristil- og endaþarmskrabbamein	65	95	111	120	175	209	203	260	317
C22	Lifrarkrabbamein	11	15	15	13	16	17	27	29	20
C23-24	Krabbamein í gallblöðru og gallvegum	3	6	4	7	15	11	11	12	13
C25	Krabbamein í brisi	28	40	36	71	57	75	79	63	66
C32	Krabbamein í barkakýli	5	10	11	17	26	19	27	21	29
C33-34	Lungnakrabbamein	56	66	92	120	176	248	265	309	285
C40-41,47-49	Sarkmein í mjúkvef, beinum og vöðvum	16	14	25	26	27	35	28	31	36
C43	Sortuæxli í húð	3	5	10	8	22	21	24	56	75
C44	Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	14	12	19	35	38	54	59	100	109
C50	Brjóstakrabbamein	1	1	2	2	5	7	7	9	7
C61	Krabbamein í blöðruhálskirtli	59	130	158	215	314	432	540	701	819
C62	Krabbamein í eistum	5	10	11	17	18	31	45	43	39
C64	Nýrnakrabbamein	39	57	67	55	81	77	112	131	128
C65-68	Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	25	38	59	82	132	152	175	195	209
C70-72	Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	35	33	37	48	47	57	90	81	75
C73	Krabbamein í skjaldkirtli	11	14	29	28	38	40	45	36	42
C74-75	Æxli í innkirtlum öðrum en skjaldkirtli og kynkirtlum	6	6	3	9	10	6	10	13	26
C81	Hodgkins-eitilfrumuæxli	5	20	20	21	19	12	20	20	26
C82-85	Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)	13	15	27	19	30	50	61	89	100
C90	Mergæxli	6	11	11	29	31	29	33	32	30
C91-95*	Bráðahvítblæði	17	24	27	14	42	25	34	34	26
C91-95**	Langvinnt hvítblæði	28	9	18	27	19	36	27	29	34
	Önnur æxli	41	54	49	53	65	96	96	86	120
C00-96	Krabbamein í börnum undir 15 ára	28	20	26	19	28	22	24	26	22
C00-96	Krabbamein í börnum undir 20 ára	33	33	40	26	38	38	37	44	44
C00-96	Öll mein (uppsafnaður fjöldi á 5 árum)	850	1015	1140	1307	1683	2025	2296	2627	2856
C00-96	Öll mein (árlegur meðalfjöldi)	170	203	228	261	337	405	459	525	571

* C91.0-91.2-92.0-92.2-92.4-92.5-93.0-93.2-94.0-94.2-94.4-94.5-95.0-95.2

** C91.1-91.4-91.7-91.9-92.1-92.3-92.7-92.9-93.1-93.7-93.9-94.1-94.7-95.1-95.7-95.9

Fjöldi nýrra tilfella 1958–2002, konur.

Konur		Uppsafnaður fjöldi tilfella á 5 árum								
ICD-10	Mein	1958-1962	1963-1967	1968-1972	1973-1977	1978-1982	1983-1987	1988-1992	1993-1997	1998-2002
C00-06,10,12-14	Krabbamein í munnholi og vör	6	14	10	15	18	22	18	31	29
C07-08	Krabbamein í munnvatnskirtlum	5	3	3	3	5	0	3	4	8
C15	Krabbamein í vélinda	29	35	17	22	18	25	20	26	15
C16	Magakrabbamein	166	124	116	116	101	98	111	72	71
C17	Krabbamein í smáþörmum	2	3	7	7	6	3	5	14	12
C18	Ristilkrabbamein	65	66	106	115	121	138	151	177	194
C19-20	Endaþarmskrabbamein	21	28	30	39	36	41	53	46	72
C18-20	Ristil- og endaþarmskrabbamein	86	94	136	154	157	179	204	223	266
C22	Lifrarkrabbamein	6	4	16	7	17	14	9	14	7
C23-24	Krabbamein í gallblöðru og gallvegum	11	17	15	9	16	16	20	25	18
C25	Krabbamein í brisi	21	46	40	42	59	58	72	68	55
C32	Krabbamein í barkakýli	0	1	3	8	6	8	3	3	10
C33-34	Lungnakrabbamein	27	48	68	84	155	201	233	265	289
C40-41,47-49	Sarkmein í mjúkvef, beinum og vöðvum	14	14	22	16	18	27	17	33	35
C43	Sortuæxli í húð	7	14	20	22	38	39	51	84	148
C44	Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	13	6	17	23	24	42	61	62	114
C50	Brjóstakrabbamein	178	240	253	329	409	486	576	624	821
C51-52	Krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna	7	9	8	12	8	15	15	13	15
C53	Leghálskrabbamein	70	110	106	63	66	85	60	77	74
C54	Krabbamein í legbol	50	64	56	79	85	78	106	109	119
C56	Krabbamein í eggjastokkum	53	64	75	81	92	128	134	146	145
C64	Nýrnakrabbamein	30	35	44	44	51	66	63	79	74
C65-68	Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	18	22	40	42	50	60	55	73	92
C70-72	Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	24	32	38	48	71	65	81	91	93
C73	Krabbamein í skjaldkirtli	34	52	104	89	70	62	75	99	92
C74-75	Æxli í innkirtlum öðrum en skjaldkirtli og kynkirtlum	5	6	3	4	4	4	18	20	10
C81	Hodgkins-eitilfrumuæxli	4	7	8	15	8	3	7	13	14
C82-85	Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)	8	10	10	20	27	26	40	67	66
C90	Mergæxli	8	7	12	13	22	35	26	32	28
C91-95*	Bráðahvítblæði	9	12	25	15	24	31	27	30	29
C91-95**	Langvinnt hvítblæði	8	13	16	10	14	19	21	20	16
	Önnur æxli	36	48	53	72	64	66	80	114	112
C00-96	Krabbamein í börnum undir 15 ára	10	14	22	11	22	23	15	25	19
C00-96	Krabbamein í börnum undir 20 ára	15	19	30	19	29	29	19	44	34
C00-96	Öll mein (uppsafnaður fjöldi á 5 árum)	935	1154	1341	1464	1703	1961	2211	2531	2877
C00-96	Öll mein (árlegur meðalfjöldi)	187	231	268	293	341	392	442	506	575

* C91.0-91.2-92.0-92.2-92.4-92.5-93.0-93.2-94.0-94.2-94.4-94.5-95.0-95.2

** C91.1-91.4-91.7-91.9-92.1-92.3-92.7-92.9-93.1-93.7-93.9-94.1-94.7-95.1-95.7-95.9

Viðauki IV.

Myndir 14-17

Mynd 14: Árlegt aldursstaðlað nýgengi 1973-1987
Öll mein - karlar



Mynd 15: Árlegt aldursstaðlað nýgengi 1988-2002
Öll mein - karlar



Mynd 16: Árlegt aldursstaðlað nýgengi 1973-1987
Öll mein - konur



Mynd 17: Árlegt aldursstaðlað nýgengi 1988-2002
Öll mein - konur



Viðauki V.

Tafla 5

Árlegt aldursstaðlað nýgengi eftir kjördæmum 1973-2002

Karlar 1973-1987	Öll krabbamein			Krabbamein í blöðruhálskirtli			Lungnakrabbamein			Magakrabbamein		
	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR
Allt landið	5001	247		961	42		544	29		609	30	
Reykjavík	2373	283	1,00	504	54	1,00	275	35	1,00	260	31	1,00
Reykjanes	813	251	0,89 *	123	39	0,72 *	106	34	0,97	98	32	1,05
Vesturland	259	197	0,70 *	45	29	0,55 *	21	20	0,57 *	36	26	0,86
Vestfirðir	203	215	0,76 *	42	37	0,70 *	18	25	0,71 *	35	38	1,24
Norðurland vestra	209	185	0,66 *	37	28	0,52 *	14	13	0,38 *	35	30	1,00
Norðurland eystra	510	224	0,79 *	80	28	0,52 *	56	27	0,79	56	25	0,83
Austurland	238	209	0,74 *	37	31	0,57 *	27	25	0,73 *	30	25	0,81
Suðurland	396	217	0,77 *	93	43	0,81 *	27	16	0,48 *	59	33	1,08

Karlar 1988-2002	Öll krabbamein			Krabbamein í blöðruhálskirtli			Lungnakrabbamein			Magakrabbamein		
	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR
Allt landið	7693	291		2054	73		833	33		429	15	
Reykjavík	3418	320	1,00	942	81	1,00	385	37	1,00	166	15	1,00
Reykjanes	1691	286	0,89 *	431	72	0,89	192	33	0,89	89	15	1,02
Vesturland	367	245	0,77 *	93	56	0,69 *	30	23	0,62 *	28	17	1,17
Vestfirðir	236	270	0,84 *	63	70	0,85	25	30	0,80	27	30	2,05 *
Norðurland vestra	320	266	0,83 *	85	60	0,73 *	35	33	0,88	25	17	1,17
Norðurland eystra	704	250	0,78 *	164	55	0,68 *	72	26	0,70 *	42	15	1,01
Austurland	338	248	0,78 *	87	62	0,76 *	34	24	0,64 *	23	16	1,08
Suðurland	619	280	0,87 *	189	78	0,96	60	28	0,76 *	29	12	0,84

Konur 1973-1987	Öll krabbamein			Brjóstakrabbamein			Lungnakrabbamein			Krabbamein í eggjastokkum		
	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR
Allt landið	5112	244		1220	64		436	21		296	15	
Reykjavík	2612	268	1,00	624	72	1,00	244	24	1,00	127	14	1,00
Reykjanes	864	243	0,91 *	207	61	0,84 *	81	25	1,01	56	16	1,13
Vesturland	258	214	0,80 *	68	60	0,83	19	16	0,68 *	17	16	1,15
Vestfirðir	187	244	0,91	40	61	0,85	10	14	0,57 *	13	16	1,17
Norðurland vestra	189	206	0,77 *	41	49	0,68 *	14	18	0,75	14	15	1,12
Norðurland eystra	477	211	0,79 *	110	52	0,73 *	33	14	0,58 *	40	19	1,37
Austurland	196	208	0,77 *	39	46	0,64 *	15	19	0,79	13	16	1,12
Suðurland	329	213	0,80 *	91	66	0,92	20	13	0,51 *	16	12	0,86

Konur 1988-2002	Öll krabbamein			Brjóstakrabbamein			Lungnakrabbamein			Krabbamein í eggjastokkum		
	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR	Fjöldi	Nýgengi	RR
Allt landið	7496	280		2015	81		762	28		414	17	
Reykjavík	3554	299	1,00	933	88	1,00	375	30	1,00	188	17	1,00
Reykjanes	1740	284	0,95 *	520	88	1,00	192	32	1,05	90	15	0,88
Vesturland	332	241	0,80 *	81	62	0,71 *	31	25	0,84	16	12	0,72
Vestfirðir	178	227	0,76 *	40	52	0,59 *	16	24	0,80	11	15	0,85
Norðurland vestra	227	221	0,74 *	56	62	0,71 *	23	21	0,70	22	24	1,38
Norðurland eystra	712	274	0,91 *	173	73	0,83 *	55	21	0,69 *	56	24	1,39 *
Austurland	269	241	0,81 *	75	67	0,76 *	27	26	0,86	13	14	0,79
Suðurland	484	253	0,84 *	137	76	0,87	43	21	0,71 *	18	10	0,57 *

* Marktækur munur miðað við Reykjavík, p<0,05

RR: Hlutfallsleg áhætta, sjá atriðisorðaskrá bls. 118

717. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ásta Möller.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum, einnig að kanna hvort þessi fyrirtæki hafi eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum á undanförnum árum.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2005.

Greinargerð.

Stofnunum ríkisins hefur fjölgað og rekstur þeirra orðið æ umfangsmeiri á undanförnum árum. Sökum umfangs síns hefur rekstur ríkisins mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Ýmsar vísbendingar hafa komið fram um það á síðustu missirum að ríkisstofnanir séu að teygja anga sína inn á fleiri svið sem einkafyrirtæki hafa eða geta alfarið sinnt. Stundum má rekja verkefni þessara stofnana til aukinna skyldna sem á þau eru lagðar samkvæmt lögum. Dæmi eru þó um að aukin verkefni ríkisstofnana stafi af rúmri túlkun á þeim lögum sem þær starfa eftir. Í sumum tilvikum hafa ríkisstofnanir þannig farið í beina samkeppni við einkaaðila um verkefni. Þá hefur þess gætt að ríkisstofnanir hafi í auknum mæli tekið yfir eða falið annarri ríkisstofnun verkefni sem þær hafa áður falið einkaaðilum. Ríkisstofnanir virðast jafnframt bjóða minna út en áður.

Með þessari útvíkkun á starfsemi opinberra fyrirtækja standa stjórnvöld beint eða óbeint að því að þrengja að starfsemi einkafyrirtækja í landinu í stað þess að hlúa að þeim og skapa þeim eðlilegt svigrúm til að vaxa og dafna í heilbrigðu samkeppnisumhverfi. Það gætu þau m.a. gert með því að leitast við að skipta við einkafyrirtæki sé þess nokkur kostur og efla þannig atvinnulíf á Íslandi.

Skoða þarf hvort lögbundnar skyldur stofnana kalli á sífellt meira umfang þeirra og hvort lagabreytinga sé þörf. Jafnframt þarf að skoða hvað af lögbundnum verkefnum ríkisstofnana er hægt að fela einkaaðilum. Það væri í samræmi við innkaupastefnu ríkisins. Í formála að riti fjármálaráðuneytisins *Innkaupastefna ríkisins – Hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi*, frá nóvember 2002, segir fjármálaráðherra eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á framkvæmd innkaupa, þannig að tryggt verði að öll opinber innkaup verði hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn. Tilhögun innkaupanna miði að því að efla samkeppni á markaði ... Með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni er hægt að ná fram markmiðum um hagræðingu og aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar sem byggir upp þekkingu í þjóðfélaginu og nýtist öðrum aðilum á markaði. Innkaupastefnan nær því einnig til þess að bjóða út verkefni eða rekstrarþætti sem nú eru hluti af ríkisrekstri.“

Hægt er að nefna mörg dæmi þar sem opinber fyrirtæki eru í beinni samkeppni við einkafyrirtæki.

Landmælingar Íslands eiga að sinna ákveðinni grunnvinnu eins og viðhaldi og upplýsingagjöf. Stofnunin hefur þó aukið umsvif sín m.a. í framleiðslu gagna í samkeppni við einkafyrirtæki. Verði framhald á aukinni starfsemi Landmælinga munu þau einkafyrirtæki sem hafa sérhæft sig á þessu sviði hugsanlega leggja upp laupana og fjölbreytt þekking einkaaðila hverfa.

Á vegum ríkisins eru starfandi ýmsar rannsóknastofur í samkeppni við einkaaðila. Þannig eru rannsóknastofur Landspítala – háskólasjúkrahúss í beinni samkeppni við einkareknar rannsóknastofur lækna um verkefni. Vorið 2004 lagði Heilsugæslan í Reykjavík niður rannsóknastarfsemi sína en samdi, án undangengins útboðs, við aðra ríkisstofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús, um framkvæmd rannsókna á hennar vegum. Heilsugæslan hafði um langt árabil keypt hluta af rannsóknastarfsemi sinni frá einkaaðila, sem missti því stóran hluta af viðskiptum sínum við þennan gjörning. Þessi samningur hefur verið kærður til Samkeppnisstofnunar. Að sama skapi eru ríkisreknar rannsóknastofur á sviði örveru- og efnagreiningar í þjónustu við matvæla- og fóðuriðnað í beinni samkeppni við sambærilegar einkareknar rannsóknastofur, t.d. Rannsóknarþjónustuna Sýni ehf. Það fyrirtæki hefur opinberlega gert athugasemdir við skerta samkeppnisstöðu sína gagnvart opinberum rannsóknastofum.

Siglingastofnun Íslands heyrir undir samgönguráðuneyti, sbr. lög nr. 6/1996. Stofnuninni er skipt upp í sex svið og eru starfsmenn hennar um 70. Skipurit stofnunarinnar er tiltölulega skýrt og ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að koma verkefnum hennar á annarra hendur. Verkefni stofnunarinnar eru þau helst að annast framkvæmd ýmissa laga er lúta að höfnum og sæfarendum og að hafa umsjón með ríkisstyrktum sjóvarna- og hafnarframkvæmdum. Ýmsar verklegar framkvæmdir, auk þróunarvinnu, eru því á ábyrgð stofnunarinnar að ótöldum ýmsum áætlunum um öryggismál. Rekstur hennar kostar tæpar 770 millj. kr. á ári. Mörg einkafyrirtæki geta sinnt ýmsum verkefnum Siglingastofnunar. Þannig hefur einkafyrirtæki lýst yfir áhuga á að taka að sér starfsemi hafnasviðs stofnunarinnar en sviðinu er ætlað að hafa umsjón með hafnarframkvæmdum og vinna að uppbyggingu sjóvarna og hafna.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun er stofnuninni heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að fela öðrum að annast tiltekin verkefni sín. Sú heimild hefur ekki verið nýtt til þessa nema að afar takmörkuðu leyti. Ávinningur slíkrar einkavæðingar væri einkum sá að minnka kostnað af þessum verkefnum því gera má ráð fyrir að samlegðaráhrif í einkarekstri yrðu einhver. Ekki síður mikilvægt markmið er þó það að með því að fela einkaaðilum svo tæknileg verkefni sem Siglingastofnun hefur með höndum er hin fjölbreytta þekking sem til er á einkamarkaði nýtt til hins ýtrasta og um leið væri það einkaaðilum hvatning til frekari þróunar á viðkomandi sviði. Ávinningur þjóðfélagsins af því er ótvíræður.

Vinnueftirliti ríkisins er með lögum gert að fylgjast með aðbúnaði á vinnustöðum og til að geta rækt þá skyldu sína er m.a. könnun á afstöðu starfsmanna til vinnustaðarins nauðsynlegur hluti rannsókna Vinnueftirlitsins. Slíkar kannanir væri hæglega hægt að fela einkaaðilum.

Skilgreina þarf hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss í þá veru að sjúkrahúsið sjái fyrst og fremst um sérhæfða sjúkrahússþjónustu. Bjóða þarf út rekstur sem flestra þjónustuþátta sem falla utan kjarnastarfsemi Landspítalans. Sem dæmi má nefna rekstur þvottahúss, saumastofu, eldhúss, mötuneytis, apóteks, röntgen- og rannsóknaþjónustu, framleiðslu sjúkrafæðis, ræstingu, sótthreinsun og umsjón fasteignar. Góð reynsla, bæði fagleg og fjárhagsleg, er af einkarekstri í starfsemi sem áður var eingöngu veitt á vegum heilbrigðisstofnana ríkisins. Má þar meðal annars nefna Læknisfræðilega myndgreiningu og Orkuhúsið. Frá því að starfsemi hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu hófst árið 1993 hafa sparast rúmlega 580 millj. kr., auk þess sem þjónusta við sjúklinga hefur aukist til mikilla muna.

Í nýlegu útboði Sorpu bs. vegna gámaþjónustu á þremur endurvinnslustöðvum voru meðal þátttakenda í útboðinu einkafyrirtæki með mikla og langa reynslu á viðkomandi sviði sem hafa jafnvel sérhæft sig í umræddri þjónustu. Vélamiðstöðin ehf., sem aldrei hefur stundað slíkan rekstur, tók jafnframt þátt í útboðinu. Fyrirtækið er í eigu borgarinnar og Orkuveitunnar og er stjórn fyrirtækisins skipuð m.a. borgarverkfræðingi Reykjavíkur og forstjóra Orku-

veitunnar. Vélamiðstöðin hefur notið góðs af þeirri eignaraðild með margvíslegum hætti, einkum við uppbyggingu þess með hundruð milljóna króna í heimanmund. Fyrirtækið leigir Reykjavíkurborg, Orkuveitunni og ýmsum borgarfyrirtækjum út bifreiðar og tæki og vinnur verk fyrir hundruð milljóna króna á ári án nokkurra útboða.

Fjöldi dæma um samkeppni fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga og ríkisstofnana við rekstur einkaaðila gefur vísbendingu um að til markvissra aðgerða verður að grípa til að tryggja að stefna ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og aukið samstarf ríkis og einkaaðila um framkvæmd verkefna á vegum ríkisins nái raunverulega fram að ganga á öllum sviðum. Nauðsynlegt er því að umfang rekstrar ríkis og sveitarfélaga í samkeppni liggi fyrir.

718. Fyrirspurn [466. mál]

til forsætisráðherra um ráðningu aðstoðarmanna þingmanna.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvenær og með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að til framkvæmda komi tillögur sérstakrar nefndar, sem forsætisráðherra skipaði þegar breytingar á kjördæmaskipan voru undirbúnar og lagðar fyrir þingið, um að þingmenn landsbyggðarkjördæma gætu ráðið til sín starfsmenn eftir ákveðnum reglum?

719. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um erlendar starfsmannaleigur.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um starfsemi erlendra starfsmannaleigufyrirtækja. Markmið frumvarpsins verði tvíþætt: Í fyrsta lagi að tryggja að erlendir starfsmenn sem koma á vegum starfsmannaleigna til starfa á Íslandi njóti í hvívetna sambærilegra réttinda og Íslendingar á vinnumarkaði. Í öðru lagi að koma í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum sem leigja vinnuafl gegnum starfsmannaleigur.

Ráðherra hafi við samningu frumvarpsins náið samráð við alla hluta verkalýðshreyfingarinnar. Hann skal leggja frumvarpið fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er.

Greinargerð.

Fyrirtæki með starfsemi hér á landi sækja í auknum mæli vinnuafl til erlendra starfsmannaleigufyrirtækja. Skýrasta dæmið um þetta er aðalverktakinn við Kárahnjúkavirkjun sem árið 2004 hafði að jafnaði um 500 starfsmenn undir sinni stjórn á framkvæmdasvæði virkjunarinnar, en þessir menn voru allan þann tíma á launaskrá portúgalskra starfsmannaleigufyrirtækja.

Fyrirtæki hér á landi búa að sönnu við talsvert frelsi til að leita eftir vinnuafli inn á hinn sameiginlega evrópska vinnumarkað. Þannig veita reglur EES-samningsins um frjálsa för launafólks launafólki frá öðrum EES-ríkjum rétt til að ráða sig til starfa hjá fyrirtækjum hér á landi. Í því tilviki eru starfsmenn ráðnir beint hjá fyrirtæki sem ber jafnframt ábyrgð á greiðslu launa og launatengdum gjöldum.

Þau viðskipti sem erlendar starfsmannaleigur bjóða fyrirtækjum eru hins vegar þess eðlis að slitið er á þau tengsl sem eru á milli ábyrgðar atvinnurekandans á launum og launatengdum gjöldum og þeirra afnota sem atvinnustarfsemi hans hefur af vinnuafli hlutaðeigandi starfsmanna.

Atvinnurekandinn greiðir þannig einungis uppsett verð fyrir þjónustu starfsmannaleigunnar, en varpar alfarið frá sér ábyrgð á greiðslu launa til hinna erlendu starfsmanna.

Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur verið bent á að þetta fyrirkomulag leiði til verulegrar hættu á félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Slík undirboð lýsa sér einkum í því að farið er á svig við þær leikreglur sem gilda í samskiptum fyrirtækja og launafólks á íslenskum vinnumarkaði, farið er á svig við kjarasamninga eða þeir beinlínis virtir að vettugi, lög er varða iðnréttindi er brotin, vinnu- og hvíldartímareglur ekki virtar o.s.frv. Auk þess má nefna að slík viðskipti með vinnuafl þvert á landamæri ríkja valda skattyfirvöldum ákveðnum erfiðleikum.

Það hefur verið hlutverk verkalýðshreyfingarinnar að fylgja því eftir að réttindi séu ekki brotin á umbjóðendum hennar. Í tímans rás hefur hún einnig í gegnum pólitískt afl á vettvangi stjórnmálanna beitt sér fyrir samþykkt laga sem hafa fest í sessi áunnin réttindi. Alþjóðavæðingin hefur hins vegar skapað nýjar aðstæður. Nýr hreyfanleiki vinnuafls hefur skapað glufur fyrir fyrirtæki eins og starfsmannaleigur til að flytja vinnuafl yfir landamæri frá láglaunasvæðum yfir á hálaunasvæði.

Engin lög gilda í dag um starfsmannaleigur á Íslandi. Orðið starfsmannaleiga kemur hvergi fyrir en brýnt er að lög sem reisa viðunandi skorður við starfsemi slíkra fyrirtækja verði sett hið fyrsta. Þau verða í senn að banna alla misbeitingu og skerðingar miðað við gildandi kjarasamninga í framkvæmdalandi og um leið að tryggja að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og ríkið hafi óheftan aðgang að upplýsingum sem þarf til að ganga úr skugga um að misneyting eigi sér ekki stað, réttindi séu virt, og samningar haldnir í heiðri. Það yrði tilgangur laganna sem þessi þingsályktunartillaga er vonandi upphafið að.

720. Tillaga til þingsályktunar [468. mál]

um að efla fjárhag Byggðastofnunar.

Flm.: Herdís Á. Sæmundardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita einn milljarð króna til þess að treysta fjárhag Byggðastofnunar og gera henni kleift að takast á við verkefni sín af fullum styrk. Fé þessu verði varið til að styrkja eiginfjárstöðu stofnunarinnar, fylgja eftir átaksverkefnum sem stofnunin er þegar þátttakandi í og til þátttöku í nýjum slíkum verkefnum, auk hlutafjárþátttöku í félögum sem eru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Greinargerð.

Með aukinni samkeppni á fjármagnsmarkaði undanfarna mánuði er nú svo komið að langtímavextir viðskiptabanka og sparisjóða hafa lækkað mjög verulega. Hefur þetta haft í för með sér að hinum fjárhagslega traustari úr hópi viðskiptavina stofnunarinnar bjóðast nú lægri vextir hjá viðskiptabönkunum. Þetta veldur því að tekjur stofnunarinnar dragast verulega saman. Í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar skuli vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi. Öll útlán eru flokkuð með tilliti til áhættu og er lagt í afskriftasjóð jafnharðan og ákvarðanir eru teknar. Auk þess sem tekjur Byggðastofnunar munu að óbreyttu dragast saman næstu mánuði og missiri hefur stofnunin undanfarin ár þurft að glíma við mikinn taprekstur sem einkum orsakast af miklu útlánatapi og minnkandi framlögum úr ríkissjóði til að styrkja eigið fé hennar. Hefur þetta haft þær afleiðingar að eigið fé stofnunarinnar hefur minnkað verulega og nam eiginfjárhlutfall hennar 10,85% í árslok 2003, hafði þá lækkað úr 16,45% í árslok 2001. Þetta dregur mjög úr getu stofnunarinnar til hlutafjárþátttöku í fyrirtækjum og til að veita óafturkræfa styrki, og að óbreyttu er ekki gert ráð fyrir að stofnunin veiti styrki eða kaupi hlutafé á árinu 2005. Byggðastofnun hefur síðustu ár ekki notið sérstakra framlaga úr ríkissjóði til að styrkja efnahag sinn.

Í upphafi árs 2003 ákvað ríkisstjórnin að fela Byggðastofnun að ráðstafa 500 millj. kr. af sérstakri 700 millj. kr. fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna á landsbyggðinni. Í fyrsta lagi var stofnuninni heimilað að leggja fram hlutafé í álitleg sprotafyrirtæki og fyrirtæki í skýrum vexti. Til þessa hluta voru veittar 350 millj. kr. Í öðru lagi var svo Byggðastofnun falið að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna sem væru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Til þessa hluta voru veittar 150 millj. kr. Stofnuninni bárust umsóknir fyrir margfalda þá fjárhæð sem til ráðstöfunar var. Standist allar áætlanir og verkefnin sem ákveðið var að fjárfesta í verða að veruleika munu mjög mörg ný störf verða til á landsbyggðinni í ýmsum greinum atvinnulífsins. Sá mikli fjöldi umsókna sem stofnuninni bárust er jafnframt til merkis um mikla þörf fyrir áhættufjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ljóst er að ný störf verða ekki til í hefðbundnum framleiðslugreinum heldur með nýsköpun sem krefst þolinmóðs fjármagns. Átak sem þetta þyrfti því raunverulega að vera árlegt.

721. Fyrirspurn [469. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kjör eldri borgara og öryrkja.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu margir ellilífeyrisþegar og hversu margir öryrkjar fengu greiddar óskertar bætur í desember sl.?
2. Hverjar voru raungreiðslur til þeirra eftir álagningu skatta og frádrag persónuafsláttar á sl. ári?
3. Hversu margir ellilífeyrisþegar fengu í desember sl.:
   a. óskertan grunnlífeyri,
   b. óskertan grunnlífeyri og tekjutryggingu,
   c. óskertan grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót,

   d. óskertan grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstakan tekjutryggingarauka?
4. Hvaða bætur skerðast vegna:
   a. atvinnutekna,
   b. lífeyristekna,
   c. fjármagnstekna?
5. Hversu margir fengu skerðingu í desember sl. vegna:
   a. atvinnutekna,
   b. lífeyristekna,
   c. fjármagnstekna,
   d. tekjuskatts?
6. Hversu margir eldri borgarar og hversu margir öryrkjar fengu engar greiðslur frá Tryggingastofnun í desember sl.?
7. Hversu margir voru ellilífeyrisþegar og hversu margir voru öryrkjar í desember undanfarin fimm ár?
8. Hve háar voru samsettar hámarksbætur einstaklings, annars vegar ellilífeyrisþega og hins vegar örorkulífeyrisþega eftir aldri í desember sl.?

Skriflegt svar óskast.

722. Fyrirspurn [470. mál]

til fjármálaráðherra um þróun á lóðaverði.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hver hefur þróun lóðaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu verið árin 2000–2005 og hvernig hefur verð á íbúðarhúsnæði þar þróast á sama tímabili?
2. Hver hefur þróun lóðaverðs á Akureyri verið árin 2000–2005 og hvernig hefur verð á íbúðarhúsnæði þar þróast á sama tímabili?
3. Telur ráðherra að lóðaverð íbúðarhúsnæðis hafi haft mikið að segja um þróun verðlags íbúðarhúsnæðis?

723. Fyrirspurn [471. mál]

til samgönguráðherra um lýsingu vegarins um Hellisheiði.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Eru uppi fyrirætlanir um lýsingu og breikkun vegarins um Hellisheiði?
2. Hefur ráðuneytið kynnt sér tilboð Orkuveitu Reykjavíkur um lánveitingu til að lýsa veginn og leggja snjóbræðslukerfi í hluta hans?

3. Kemur til greina að mati ráðherra að fara í samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur um þessar framkvæmdir?

724. Fyrirspurn [472. mál]

til menntamálaráðherra um námskrá grunnskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að endurskoða námskrá grunnskóla og ef svo er, með hvaða hætti?

725. Fyrirspurn [473. mál]

til menntamálaráðherra um kennslutap í kennaraverkfalli.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvaða skólar hafa sótt um viðbótarfjármagn til sveitarfélaga sinna til að bæta upp kennslutap í verkfalli kennara?
2. Mun ráðherra hafa forgöngu um að allir skólar bæti kennslutapið upp? Ef svo er, með hvaða hætti?
3. Mun ráðherra hafa afskipti af því hvernig einstök sveitarfélög bæta upp kennslutapið?
4. Lagði ráðherra til samræmdar aðgerðir til að bæta upp kennslutap? Ef svo er, hverjar eru þær og hvernig var þeim fylgt eftir?

726. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [474. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Hjörvar, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Einar Már Sigurðarson, Lúðvík Bergvinsson, Jón Gunnarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir.

1. gr.

Við 21. gr. stjórnarskrárinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samþykki Alþingis þarf að liggja fyrir áður en heitið er þátttöku eða stuðningi Íslands í stríði gegn öðru ríki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfundar stjórnarskrár lýðveldisins Íslands settu ekki í hana ákvæði um stuðning við eða aðild að stríðsrekstri. Hefur það trúlega þótt þarflaust fyrir herlausa þjóð. Síðan hefur Ísland gerst aðili að alþjóðastofnunum og undirgengist skuldbindingar í þessu efni. Má þar nefna aðild að Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum auk herstöðvarsamningsins við Bandaríkin. Þær skuldbindingar hafa hlotið umfjöllun og samþykki meiri hluta Alþingis.

Á síðustu árum hefur Ísland stutt eða komið að stríðsrekstri umfram þessar alþjóðlegu skuldbindingar. Aðgerðir í Kosovo 1999 og stuðningur við innrásina í Írak 2003 eru dæmi um þetta. Um þessar aðgerðir var ekki tekin ákvörðun á Alþingi, en þó lá fyrir að ríkur þingmeirihluti væri fyrir aðgerðunum í Kosovo. Reyndist hann verulegur, enda full samstaða innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins um aðgerðirnar, sem og hjá öllum sjö ríkjunum sem landamæri eiga að svæðinu. Engu af þessu er til að dreifa um stuðning Íslands við innrásina í Írak. Þær miklu og langvinnu deilur sem orðið hafa um þá ákvörðun og hvernig að henni var staðið eru staðfesting þess að skýra þarf lög og heimildir í þessum efnum.

Lög nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, kveða skýrt á um samráðsskyldu framkvæmdarvaldsins um meiri háttar utanríkismál við utanríkismálanefnd Alþingis. Fyrir því samráði er rík hefð og var hún ef til vill fullnægjandi fyrstu áratugi lýðveldissögunnar. Nú hafa hins vegar einn eða tveir menn skuldbundið Ísland til að styðja innrásina í Írak án samráðs við nefndina. Skilyrðislaus stuðningur ríkisstjórnarinnar við innrásina leiddi til þess að Ísland var umræðulaust sett á lista „hinna viljugu þjóða“. Með því hafa stjórnvöld brotið þingskapalög og gengið gegn vilja meiri hluta íslensku þjóðarinnar. Er af þessu ljóst að ákvæði almennra laga nægja hér ekki heldur er nauðsynlegt að takmarka valdheimildir til jafnalvarlegra aðgerða og stríðs með skýru ákvæði í stjórnarskrá.

Á svipaðan hátt hafa fjölmargar þjóðir, svo sem Danmörk, Þýskaland, Holland og Svíþjóð, takmarkað heimildir ríkisstjórna til stríðsaðgerða. Í Ungverjalandi er krafist aukins meiri hluta á þjóðþinginu til að unnt sé að heimila slíkar aðgerðir, enda talið að breið samstaða þurfi að vera um svo afdrifaríkar ákvarðanir. Leynd og á stundum skortur á lýðræði hefur víða um lönd einkennt öryggis- og varnarmál. Þau viðhorf eru arfur frá tíma einvaldskonunga sem þáðu vald sitt frá guði. Þvert á móti eiga öryggis- og varnarmál ekki aðeins að lúta leikreglum lýðræðis, þeim er ætlað að verja og varðveita lýðræðisskipan okkar. Alþjóðavæðingin hefur hér valdið nokkrum vandkvæðum, því hún kallar á að ríki framselji vald þjóðþinga til alþjóðlegra stofnana. Þeim mun mikilvægara er að ákvarðanir sem þjóðirnar taka umfram alþjóðlegar skuldbindingar séu teknar með lýðræðislegum hætti. Afar brýnt er að sem víðtækust samstaða sé um grundvallarákvarðanir af þessu tagi. Til þess er árangursríkast að opna svo sem kostur er umræðu og umfjöllun um hættur og hættumat og aðgerðir sem á því byggjast.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði í stjórnarskipunarlögum að forseti Íslands geti ekki með yfirlýsingu eða með samningi við önnur ríki lofað þátttöku eða stuðningi Íslands við stríðsrekstur gagnvart öðru ríki.

Forsetinn gerir samninga við önnur ríki, sbr. fyrri málslið 21. gr. stjórnarskrárinnar, en lætur ráðherra framkvæma það vald, sbr. 13. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta vald forseta er takmarkað að því leyti að honum er óheimilt án samþykkis Alþingis að gera samninga sem geta falið í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir geta breytt stjórnarhögum

ríkisins, sbr. núgildandi ákvæði síðari málsliðar 21. gr. stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn leggja til að vald þetta verði takmarkað frekar hvað varðar rétt forseta til að semja við önnur ríki um nokkurs konar þátttöku eða stuðning ríkisins við stríð gegn öðru ríki. Alþingi getur veitt samþykki sitt, sbr. 21. stjórnarskrárinnar, með þingsályktun.

Sérstaða Íslands í samfélagi þjóðanna markast að nokkru leyti af því að það er herlaust ríki. Ísland hefur þó tekið afstöðu til öryggis- og varnarmála með aðild að Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu og herstöðvarsamningi við Bandaríkin. Alþingi hefur fjallað um og veitt samþykki sitt fyrir þátttöku landsins í þessu samstarfi og hefði efni þessa frumvarps ekki áhrif á það. Þannig yrði ekki skylt að bera undir Alþingi ákvarðanir um stríð sem teknar væru með réttum hætti innan stofnana sem Ísland er fullgildur aðili að, svo sem skv. 5. gr. Atlantshafssamningsins eða á vegum Sameinuðu þjóðanna með samþykki öryggisráðsins. Þannig hefur Alþingi þegar skuldbundið Ísland til aðildar að átökum ef á eitt eða fleiri aðildarríki Atlantshafsbandalagsins er ráðist. Ákvörðun um stuðning eða nokkurs konar aðild Íslands að stríði sem háð væri á öðrum grundvelli yrði aftur á móti að hljóta samþykki Alþingis. Hefði ákvæði þetta verið í gildi sl. áratug hefði samþykki Alþingis þurft fyrir árásum NATO-ríkja í Júgóslavíu í tengslum við Kosovo árið 1999. Slíkt samþykki hefði hins vegar ekki þurft þegar Atlantshafsbandalagið lýsti því yfir á grundvelli 5. gr. Atlantshafssamningsins að árásirnar á Bandaríkin í september 2001 væru árásir á öll aðildarríki bandalagsins.

Ákvörðun um stríð eða stuðning ríkis við stríð getur haft veruleg áhrif á stöðu þess og því eðlilegt að vald til að taka slíka ákvörðun verði skipt þannig að samþykki Alþingis þurfi að liggja fyrir áður en loforð um stuðning Íslands er veitt af ráðherra.

Við gerð frumvarpsins hefur m.a. verið tekið mið af skipan þessara mála hjá nokkrum nágrannaríkjum okkar með þeim fyrirvara þó að sum þeirra eru hervædd konungsríki.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þar sem í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á stjórnarskránni skal fara eftir ákvæði 1. mgr. 79. gr. hennar verði frumvarpið samþykkt.

727. Frumvarp til laga [475. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Matsverð fasteigna skal ákveðið þannig: Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að setja reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um leiðréttingu á matsverði notaðra og nýrra íbúða við sérstakar aðstæður. Ef kaupverð er óeðlilega hátt miðað við brunabótamat eða fasteignamat er Íbúðalánasjóði heimilt að kveðja til matsmann til að meta verðmæti eignarinnar og skal lánveiting taka mið af því mati.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hætt verði að taka mið af brunabótamati þegar matsverð fasteigna er ákveðið. Þess í stað verði miðað við kaupverð eignar, þó þannig að hámark lánveitinga miðist við núverandi hámörk sem ákveðin voru með reglugerð nr. 959/2004, en samkvæmt 3. gr. hennar er hámarkslán Íbúðalánasjóðs vegna kaupa á notaðri íbúð jafnt sem nýrri 14,9 millj. kr.

Á umliðnum árum hafa orðið gífurlegar verðhækkanir á fasteignum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, sem fylgdu m.a. í kjölfar breytinga á húsnæðiskerfinu sem tóku gildi 1998. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins, um vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, hafa fasteignir í fjölbýli hækkað um rúm 115% frá byrjun árs 1998 til loka árs 2004, en á sama tímabili hækkuðu fasteignir í sérbýli um rúm 139%. Frá lokum árs 2003 til loka árs 2004 hafa fasteignir í fjölbýli hækkað um tæp 20% en hækkunin í sérbýli var um 35%. Með miklum lánveitingum bankanna til fasteignaviðskipta sem hófust í ágúst sl. hefur fasteignaverð einnig hækkað mikið og er því spáð að það muni halda áfram að hækka. Á síðustu mánuðum ársins 2004, frá ágúst til desember, hækkuðu fasteignir í fjölbýli um tæp 10% en fasteignir í sérbýli um tæp 17%. Til viðbótar við hækkanir á fasteignaverði breyttist brunabótamat í kjölfar lagabreytingar sem gerð var árið 1999. Á grundvelli hennar tók nýtt brunabótamat gildi og með því var heimilað að afskrifa vátryggingarverðmæti fasteigna. Afleiðingarnar urðu þær að brunabótamat lækkaði á 70 þúsund fasteignum, þar af 35 þúsund eignum sem lækkuðu meira en afskriftir, eða að meðaltali um 20%. Dæmi eru um að brunabótamat fasteigna hafi lækkað um allt að 50%. Þessi breyting á brunabótamati og miklar verðhækkanir á fasteignum hafa leitt til þess að brunabótmat er ónothæfur grundvöllur fyrir veðhæfni fasteigna því að bilið milli söluverðs eigna og brunabótamats eykst stöðugt með þeim afleiðingum að íbúðarkaupendur hafa fengið skert lán hjá Íbúðalánasjóði þrátt fyrir næga greiðslugetu.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins um kaupsamninga sem gerðir voru í desember 2004 um eignir sem voru að kaupverði 16,5 millj. kr. og þar undir, en 16,5 millj. kr. kaupverð tekur mið af 90% láni Íbúðarlánsjóðs sem er að hámarki 14,9 millj. kr., kemur þetta misræmi vel í ljós. Kaupsamningar sem gerðir voru í desember sl. og voru undir hámarkslánveitingu Íbúðalánasjóðs voru 327. Í um 70% þessara kaupsamninga var kaupverð 20% eða meira yfir brunabótamati. Í um helmingi þeirra voru kaupsamningar 20–40% yfir brunabótamati. Þónokkrir samningar voru 60–70% yfir brunabótamati og dæmi eru um allt að 100% yfir matinu. Þannig var ekki óalgengt að munurinn á kaupverði og brunabótamati lítilla og meðalstórra eigna í desember sl. væri 2–5 millj. króna. Ljóst er því að brunabótamat endurspeglar allt annað en lánshæfnismat fasteigna og er ónothæfur grundvöllur fyrir veðhæfni fasteigna.

Nýverið samþykkti Alþingi ný lög um Íbúðalánasjóð, lög nr. 120/2004, þar sem lánshlutfall var hækkað í 90% af matsvirði íbúðar og félagsmálaráðherra gaf í kjölfarið út áðurnefnda reglugerð nr. 959/2004 þar sem hámarkslánin voru hækkuð í 14,9 millj. kr. Í ljós hefur komið að vegna þessa mikla misræmis sem er milli brunabótamats og kaupverðs íbúða hafa þessir auknu lánamöguleikar hjá Íbúðalánasjóði ekki nýst sem skyldi.

Óviðunandi er að Íbúðalánasjóður þurfi í lánveitingum sínum að styðjast við ónothæfan veðhæfnisgrundvöll á sama tíma og bankarnir hafa miklu rýmri veðhæfnisskilyrði fyrir þá lántakendur sem leita með fasteignaviðskipti sín til þeirra.

Viðmið við brunabótamat hefur leitt til þess að þeir sem fá lán hjá Íbúðalánasjóði geta ekki nýtt sér að fullu þá lánamöguleika sem Íbúðalánasjóður hefur upp á að bjóða. Fjöldi

fólks sem leitað hefur til Íbúðalánasjóðs um lánafyrirgreiðslu hefur því orðið að hrökklast frá og leita til bankanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja eru veðhæfnisskilyrði eftirfarandi hjá bönkum og sparisjóðum: KB banki miðar við 100% af brunabótamati auk lóðamats fasteignar. Ef íbúð er eldri en 25 ára er heimilt að bæta allt að 30% við brunabótamatsfjárhæð gegn kaupum á viðbótartryggingu. Íslandsbanki miðar við markaðsvirði samkvæmt kauptilboði. Ef meira en 15–20% munur er á því og brunabótmati er óskað eftir að lántaki kaupi tryggingu. Landsbanki Íslands miðar við markaðsvirði samkvæmt kauptilboði. Sparisjóðirnir í samstarfi við Íbúðalánasjóð bjóða húsnæðiskaupendum lán sem geta numið allt að 90% af markaðsvirði eigna, eða 100% brunabótamati. Auk þessarar nýju leiðar býður SPRON áfram lán til húsnæðiskaupa sem geta numið allt að 100% af markaðsvirði eigna. Er þá 80% lánsins veitt til allt að 40 ára gegn fyrsta veðrétti en það sem eftir stendur gegn öðrum veðrétti til mest 15 ára. Sem fyrr mun SPRON lána allt að 80% af markaðsvirði eignar til endurfjármögnunar eldri lána.

Að óbreyttu er ekki ólíklegt að þróunin geti orðið sú að veruleg fjölgun verði á íbúðum þar sem eftirstöðvar lána verða hærri en brunabótamatið, en með því er hreinlega verið að rýra verðgildi eigna og skekkja verðmyndun þeirra.

Ástæða er líka til að vekja athygli á því að viðbótarlánin sem felld hafa verið niður tóku mið af markaðsverði íbúðar, sem er kaupverð hennar samkvæmt skilgreiningu í reglugerð. Viðbótarlánin tóku mið af tekjum og voru veitt þeim sem voru innan tilskilinna tekjumarka og bjuggu við lakari aðstæður. Staða fólks í þessum hópi hefur því versnað til muna og það hefur úr færri eignum að velja þegar lán miðast við brunabótmat í stað kaupverðs.

Samkvæmt ákvæðum laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, er brunabótamati ætlað að finna vátryggingarverðmæti húseignar á þeim tíma sem virðing fer fram. Vátryggingarfjárhæðin á að nægja til þess að byggja eign upp aftur í heild eða að hluta við brunatjón. Lagaákvæði um brunabótamat og ákvörðun vátryggingarfjárhæðar í brunatryggingum húsa eiga einungis að vera til nota í vátryggingaviðskiptum, enda hefur nú komið í ljós að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur til að ákvarða veðhæfni eigna. Segja má að það sé andstætt tilgangi laga um brunatryggingar að gera brunabótamat að grundvelli fyrir veðhæfni eigna. Benda má einnig á að í 18. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, segir að um skilyrði þess að Íbúðalánasjóður samþykki lánveitingu til umsækjanda fari eftir viðmiðunarreglum sem stjórn sjóðsins setji um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara. Síðara skilyrðið stangast hreinlega á við að brunabótamat sé grundvöllur veðhæfni eigna því að fasteignakaupandi getur haft rúma greiðslugetu til að kaupa fasteign en brunabótamat viðkomandi eignar hindrað kaupin. Rök gegn viðmiðun við brunabótamat eru líka þau að matið endurspeglar ekki verðmæti eignarinnar af því að lögin taka ekki til lands eða lóðar sem eignin stendur á né verðmætis sem felst í staðsetningu. Ljóst er líka að brunabótamat endurspeglar allt annað en lánshæfismat fasteigna. Ástæða er til að vekja athygli á því að viðskiptaráðuneytið hefur opinberlega tekið undir þau sjónarmið að brunabótamat sé ónothæfur veðhæfisgrundvöllur í fasteignaviðskiptum.

Fasteignamat ríkisins vakti athygli félagsmálaráðuneytisins í apríl 1999 á þessu misræmi milli brunabótamats og kaupverðs íbúða, m.a. vegna breytingar á lögum um brunatryggingar sem leitt hefur til verulegrar lækkunar á brunabótamati fjölda eigna í landinu, en breytingin var samþykkt á Alþingi í mars sama ár. Þá kom fram að í kjölfar hækkandi fasteignaverðs breikki stöðugt bilið milli kaupverðs notaðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu og matsverðs Íbúðalánasjóðs þar sem kaupverð notaðra íbúða, einkum 2–4 herbergja, sé í mörgum tilvikum mun hærra en brunabótamat. Ljóst er einnig að áhætta Íbúðalánasjóðs af því að hætta að miða

við brunabótamat, en taka upp viðmið við kaupverð eigna með ákveðnu hámarksþaki á lánveitingar, er lítil sem engin. Afar sjaldgæft er að veð tapist hjá Íbúðalánasjóði vegna brunatjóna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að núgildandi ákvæði 20. gr. laga um húsnæðismál verði fellt brott, en þar segir að stjórn Íbúðalánasjóðs setji reglur, sem félagsmálaráðherra staðfesti, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skuli byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Þess í stað verði fest í lagatexta hvernig matsverð fasteigna skuli ákveðið í stað þess að ákveða það í reglugerð. Við mótun ákvæðisins sem ætlað er að koma í stað núgildandi 20. gr. laganna hefur verið stuðst við texta úr reglugerð nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með reglugerð 27. ágúst 2001. Þannig er gert ráð fyrir að matsverð notaðrar íbúðar sé kaupverð hennar og matsverð nýrrar íbúðar sé samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð eftir aðstæðum hverju sinni. Með þessari breytingu er ekki lengur miðað við brunabótamat þegar veðhæfni eignar er metin, heldur kaupverð viðkomandi eignar hverju sinni. Jafnframt eru tekin upp í ákvæði 1. gr. frumvarpsins heimildarákvæði til handa Íbúðalánasjóði til að leiðrétta matsverð við ákveðnar aðstæður sem kunna að skapast, en reglur þessa efnis var að finna í 29. gr. reglugerðar nr. 157/2001. Þar sem heimild til reglusetningar er felld brott með þeim breytingum á 20. gr. laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir er talið rétt að lögfesta þessa heimild. Reglurnar gera ráð fyrir að Íbúðalánasjóði sé heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs, ef markaðsverð á viðkomandi landsvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði, og að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs. Þá segir í reglunum að Íbúðalánasjóður geti falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast fyrrgreint mat. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins öðlist strax gildi.

Stjórnvöld verða að viðurkenna þá staðreynd sem blasir við að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur til að miða lánveitingar við og hefur viðskiptaráðuneytið m.a. margbent á það. Með þessu er lagt til að miða lánveitingar Íbúðalánasjóðs við kaupverð eigna, en að þak á hámarki lánveitinga tryggi að ekki verði lánað meira en hámarkið er hverju sinni. Þessi leið er ekki aðeins eðlileg og réttlát gagnvart lántakendum heldur tryggir hún möguleika og samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs á fasteignamarkaði. Það er til samræmis við vilja Alþingis, sem breið samstaða var um við breytingar á lögum um Íbúðalánasjóð, að tryggja undirstöður sjóðsins og að hann hafi áfram mikilvægu hlutverki að gegna á fasteignamarkaði.

728. Fyrirspurn [476. mál]

til landbúnaðarráðherra um förgun sláturúrgangs.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Er til skoðunar að taka upp úrvinnslugjald á allar sláturafurðir til að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll fyrir verksmiðjur á borð við kjötmjölsverksmiðjuna í Hraungerðishreppi?

2. Er eitt af skilyrðum fyrir útflutningi lambakjöts til Evrópulanda að hér starfi verksmiðja sem fargar sláturúrgangi?
3. Er til skoðunar að heimila kjötmjölsverksmiðjum að framleiða mjöl til fóðurs fyrir loðdýr?
4. Stendur til að samræma reglur urðunarstaða sem taka á móti sláturúrgangi þannig að kjötvinnslur og sláturhús landsins sitji við sama borð hvað varðar gjaldtöku og frágang sláturúrgangs?

729. Svar [408. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um samráð við sérsambönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur verið haldinn samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ eins og ráðherra boðaði að yrði árlega í munnlegu svari við fyrirspurn á þskj. 1218 (803. mál á 130. löggjafarþingi) 31. mars sl.?*
2. *Ef sá fundur hefur verið haldinn, skilaði hann einhverjum árangri?*
3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til sérsambanda ÍSÍ við fjárlagagerð fyrir árið 2006?*

Fyrsti samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ var haldinn 19. nóvember sl. og hann sátu fulltrúar frá 21 sérsambandi ÍSÍ auk forystumanna ÍSÍ.

Fundurinn var árangursríkur. Forseti ÍSÍ, Ellert B. Schram, flutti inngang að þeim þremur erindum sem lágu fyrir fundinum. Þau voru: fjármál íþróttahreyfingarinnar, útbreiðsla og fræðsla, og afreksmál. Megintilgangur með samráðsfundi sem þessum er að forystumenn íþróttahreyfingarinnar geti komið á framfæri þeim málum sem þeir telja brýn, auk almennra upplýsinga um stöðu íþróttamála. Eru fundir sem þessir mikilvægur vettvangur fyrir frjálsar umræður og skoðanaskipti og þá ekki síst fyrir ráðherra íþróttamála. Frummælendur voru þrír formenn sérsambanda og voru erindi þeirra fræðandi og gáfu góða yfirsýn yfir stöðu sérsambandanna almennt.

Ráðherra mun áfram beita sér fyrir fjárveitingum til þeirra málaflokka sem falla undir ráðuneytið eftir því sem ástæða er til. Íþrótta- og æskulýðsmál eru þar engin undantekning.

730. Svar [317. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um stóriðju og skatta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikla skatta og þjónustugjöld greiddu alþjóðleg stóriðjufyrirtæki hérlendis til íslenska ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar árin 1995–2003, sundurliðað eftir fyrirtækjum og árum?*

2. *Hvernig er háttað samningum um mismunandi skattlagningu gagnvart nefndum fyrirtækjum?*
3. *Hverjar hefðu skatttekjur ríkis og sveitarfélaga orðið á árunum 1995–2003 ef viðkomandi fyrirtæki hefðu verið skattlögð að fullu til samræmis við skattlagningu á almenn íslensk atvinnufyrirtæki?*

Hvað varðar 1. og 3. lið fyrirspurnarinnar var leitað upplýsinga hjá embætti ríkisskattstjóra en hann lítur svo á, með tilvísun til 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að skattyfirvöldum sé ekki heimilt að veita upplýsingar um fjárhagsleg málefni einstakra skattaðila eins og hér er farið fram á. Þá eru „alþjóðleg stóriðjufyrirtæki" hér á landi það fá að ekki telst rétt með tilvísun til framangreindrar lagagreinar að birta samtölur fyrir þau.

Um 2. lið fyrirspurnarinnar er það að segja að samningar ríkisstjórnar Íslands við stóriðjufyrirtæki eru birtir í Stjórnartíðindum og má vísa til þeirra. Fyrst er til að nefna lög um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, nr. 76/1966. Vegna viðaukasamninga milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, voru sett lög nr. 19/1970, nr. 42/1976, nr. 104/1984 og nr. 111/1985. Vegna viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík voru sett lög nr. 155/1995.

Einnig skal bent á lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, lög nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, og lög nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

731. Skýrsla [477. mál]

heilbrigðisráðherra um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Samantekt.

Í kjölfar þingsályktunar um stöðu óhefðbundinna lækninga, sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002, skipaði Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, með bréfi dagsettu 12.12.2002, nefnd sem falið var að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga á Íslandi og bera saman við stöðuna í nálægum löndum.[1]

Í nefndina voru skipuð: Guðmundur Sigurðsson læknir, formaður, Ástríður Svava Magnúsdóttir heilsunuddari, Dagný E. Einarsdóttir hómópati, Einar Magnússon, yfirlyfjafræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Haraldur Ólafsson prófessor, Nanna Friðriksdóttir, lektor HÍ og hjúkrunarfræðingur LSH, Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, starfsmaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar fólst í því að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi samanborið við önnur lönd, gera tillögur um hvernig koma skuli til móts við vaxandi

[1] Fylgiskjal I. Skipunarbréf nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga.

umsvif á þessu sviði og að taka afstöðu til þess hvort viðurkenna skuli nám í óhefðbundnum lækningum með veitingu starfsréttinda. Þegar í upphafi voru nefndarmenn sammála um að heitið „óhefðbundnar lækningar“ væri af mörgum ástæðum óheppilegt. Í fyrstu notaði nefndin heitið „óhefðbundin meðferð“ en síðar var ákveðið að nota samheitið „græðarar“ um þá sem veita slíka meðferð og kalla viðfangsefnið „heilsutengda þjónustu græðara“. Nánar er fjallað um hugtakanotkun og skilgreiningar í kafla 1.3.

Í áfangaskýrslu nefndarinnar, *Staða óhefðbundinna lækninga,* sem kynnt var á Alþingi í október 2003, er gerð grein fyrir upphafsvinnu nefndarinnar sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að setja bæri starfsemi græðara ramma og koma á fót virku eftirliti með henni, til hagsbóta fyrir græðara og þá sem nýta sér þjónustu þeirra. Þetta yrði best gert með lagasetningu þar sem græðurum sjálfum yrði falið veigamikið hlutverk við aðhald og eftirlit með starfseminni í gegnum fagfélög sín og Bandalag íslenskra græðara.

Í kjölfar áfangaskýrslunnar hófst nefndin handa við undirbúning frumvarps til laga um græðara. Fyrstu drög voru send út til umsagnar um mitt sumar 2004.[2] Umsagnaraðilar voru 62 og bárust umsagnir frá 20 þeirra. Aðeins hluti þeirra gerði efnislegar athugasemdir og voru þær teknar til umfjöllunar á fundum nefndarinnar í ágúst og september.

Þegar nefnd um óhefðbundnar lækningar hóf störf stóð yfir umfangsmikil vinna við undirbúning að lagasetningu um starfsemi þeirra sem veita óhefðbundna meðferð í Noregi og Danmörku. Í Noregi tóku slík lög gildi 1. janúar 2004 (Lov om alternativ behandling av sykdom mv.) og í Danmörku 1. júní 2004 (Lov om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere). Bæði löndin fara þá leið að koma á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir þá sem veita óhefðbundna meðferð. Þetta er einnig sú leið sem lagt er til að farin verði hér á landi samkvæmt frumvarpi til laga um græðara.[3] Þess má einnig geta að Svíar undirbúa að koma á frjálsu skráningarkerfi af þessu tagi og er reiknað með að skýrsla með tillögum að fyrirkomulagi þess liggi fyrir 30. nóvember 2004.[4]

Nefndin hélt á starfstíma sínum 36 fundi og að auki lögðu allir nefndarmenn til umtalsverða vinnu milli funda sem fólst í upplýsingaöflun, lestri gagna og skrifum vegna lokaskýrslu. Á fund nefndarinnar kom fjöldi fulltrúa frá félögum, félagasamtökum og stofnunum með þekkingu á ýmsum þáttum verkefnisins.[5] Starfinu lauk með gerð þessarar skýrslu og meðfylgjandi drögum að frumvarpi um græðara og reglugerð um frjálst skráningarkerfi græðara.

Skýrsla þessi skiptist í fimm hluta. Í 1. hluta skýrslunnar er áhersla lögð á að skýra viðfangsefnið og í hverju það felst. Í kafla 1.2 er gerð grein fyrir stefnumótunarvinnu sem fram hefur farið á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á þessu sviði og fjallað er um í skýrslunni *WHO Traditional Medicine Strategy 2002–2005* (2002). Í kafla 1.3 er fjallað um hugtakið *óhefðbundnar lækningar,* hvað það felur í sér og ákvörðun nefndarinnar um að taka upp notkun orðsins græðari og að kalla starfsemi þeirra *heilsutengda þjónustu græðara.*

Í 2. hluta skýrslunnar er forsagan skoðuð frá sjónarhóli mannfræðinnar og því lýst hvernig maðurinn hefur ávallt reynt með ýmsum ráðum að bæta eða lækna sjúkdóma og önnur mein.

---

[2] Fylgiskjal II. Listi yfir umsagnaraðila um drög að frumvarpi til laga um græðara.

[3] Fylgiskjal III. Frumvarp til laga um græðara og drög að reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara.

[4] Statens offentliga utredningar. S 2004:03 AKM-Registerutredningen (skýrslan var væntanleg á netið 30. nóv. 2004).

[5] Fylgiskjal IV. Listi yfir þá sem komu á fund nefndar um óhefðbundnar lækningar.

Rakin er stuttlega saga græðara á Íslandi, rætt um áhrif læknavísindanna á starfsumhverfi þeirra og viðhorf almennings til grasalækninga og hómópatíu.

Staða græðara á Íslandi er meginviðfangsefni 3. hluta skýrslunnar og er hún einkum skýrð með hliðsjón af stöðu löggiltra heilbrigðisstétta. Í kafla 3.5 er yfirlit þar sem fjallað er um stöðu græðara í öðrum löndum. Í kafla 3.6 er fjallað um áhrif og virkni óhefðbundinna meðferða.

Í 4. hluta skýrslunnar er fjallað um viðhorf almennings til starfsemi græðara, um viðhorf heilbrigðisstétta og rætt um samþættingu heilsutengdrar þjónustu græðara og almennrar heilbrigðisþjónustu. Sagt er frá íslenskum og erlendum rannsóknum sem gerðar hafa verið á þessu sviði.

Í 5. hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir helstu tillögum sem fram koma í þessari skýrslu. Tillögurnar byggjast á því að samhliða setningu laga um græðara sé þörf á frekari stefnumótun á þessu sviði og aðgerðum til að framfylgja henni. Til þess þarf atbeina menntastofnana, heilbrigðisstofnana, heilbrigðisyfirvalda og vísinda- og fræðimanna.

Niðurstöður og tillögur.

Niðurstöður kannana hafa sýnt að almenningur leitar í síauknum mæli að leiðum utan hins almenna heilbrigðiskerfis til að bæta líðan sína og efla líkamlegt og andlegt heilbrigði. Niðurstöðurnar sýna einnig að almennt nýtir fólk sér ekki heilsutengda þjónustu græðara í stað þjónustu heilbrigðiskerfisins heldur fremur sem viðbót við það sem heilbrigðiskerfið hefur upp á að bjóða. Með aukinni eftirspurn eykst framboð heilsutengdrar þjónustu græðara jafnt og þétt. Þjónustan er fjölbreytt, aðferðirnar margvíslegar og ólíkar og menntun græðara er allt frá því að vera lítil sem engin að margra ára háskólanámi.

Almenningur á rétt á að nýta sér heilsutengda þjónustu græðara. Græðarar eiga rétt á að stunda atvinnu sína og selja almenningi þjónustu að því tilskildu að hún stefni ekki lífi eða heilsu fólks í hættu, brjóti ekki í bága við lög eða stríði gegn viðteknum og viðurkenndum siðareglum samfélagsins.

Eftir því sem eftirspurn eftir heilsutengdri þjónustu græðara eykst og framboðið sömuleiðis verður æ meiri þörf fyrir formlegt aðhald og eftirlit. Nauðsynlegt er að ríkið taki opinbera afstöðu til starfsemi græðara og taki virkan þátt í að móta umhverfi og skilyrði þessarar ört vaxandi atvinnugreinar. Markmiðið á að vera að tryggja eins og kostur er hag þeirra sem nýta sér heilsutengda þjónustu græðara með því að veita aðhald, stuðla að virku eftirliti, hvetja til ábyrgra og gagnrýninna vinnubragða, ýta undir rannsóknir á gagnsemi heilsutengdrar þjónustu græðara, bæta aðgang almennings að upplýsingum um græðara og starfsemi þeirra, hvetja til nauðsynlegrar og æskilegrar samvinnu milli græðara og heilbrigðisstarfsfólks og stuðla að gagnkvæmri þekkingu milli þessara sviða. Opinber stefnumörkun af þessu tagi er í samræmi við drög að stefnumótun sem gefin hefur verið út á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2002).

Nefnd um óhefðbundnar lækningar leggur á það áherslu að samhliða lagasetningu sé þörf á frekari stefnumótun á þessu sviði og aðgerðum til að móta slíka stefnu og framfylgja henni. Afla þarf aukinna upplýsinga um heilsutengda þjónustu græðara og auka þekkingu á starfsemi græðara meðal almennings, heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvalda. Til þess þarf atbeina menntastofnana, heilbrigðisstofnana, heilbrigðisyfirvalda og vísinda- og fræðimanna. Hér á eftir fara helstu tillögur nefndarinnar í þessu skyni. Gerð er nánari grein fyrir einstökum tillögum í 5. hluta skýrslunnar.

Lagt er til að:
- Sett verði löggjöf um starfsemi græðara sem byggist á frjálsu skráningarkerfi þeirra. Bandalag íslenskra græðara fái styrk til þess að koma á slíku skráningarkerfi.
- Reglubundnar kannanir landlæknisembættisins á notkun heilsutengdrar þjónustu græðara verði endurskoðaðar til þess að fá nákvæmari upplýsingar um heilsutengda þjónustu græðara, svo sem um útbreiðslu einstakra greina, notendur þjónustunnar og viðhorf almennings til græðara og starfsemi þeirra.
- Kennslustofnanir sem mennta heilbrigðisstéttir auki kynningu og fræðslu um heilsutengda þjónustu græðara og samspil hennar við opinbera heilbrigðisþjónustu.
- Komið verði á fót fræðasetri með aðkomu græðara og ólíkra greina á sviði hugvísinda, félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og raunvísinda þar sem fram fari þverfaglegar rannsóknir á gildi heilsutengdrar þjónustu græðara.
- Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði verði falið formlegt hlutverk í því að kynna aðferðir græðara í heilbrigðisþjónustunni og stuðla að samþættingu þessara sviða í samráði við Bandalag íslenskra græðara.
- Heilbrigðisyfirvöld beini tilmælum til heilbrigðisstofnana þar sem kveðið sé á um rétt sjúklinga til þess að nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og hvatt til þess að heilbrigðisstofnanir móti sér stefnu í þessum efnum.
- Skoðað verði hvort einfalda megi framkvæmd laga og reglna sem lúta að innflutningi og öflun náttúrulyfja, fæðubótarefna og annarra efna sem græðarar nota í starfsemi sinni. Jafnframt er lagt til að Lyfjastofnun verði falið eftirlit með aukaverkunum og verkunum þessara efna.
- Skoðað verði sérstaklega hvort heilsutengd þjónusta skráðra græðara skuli undanþegin virðisaukaskatti með tilliti til þeirra undanþáguákvæða sem kveðið er á um í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

1. HLUTI – VIÐFANGSEFNI NEFNDARINNAR

1.1 Inngangur.

Þingsályktun um stöðu óhefðbundinna lækninga fól í sér viðamikið hlutverk nefndarinnar sem stofnuð var á grundvelli hennar. Nefndinni var falið að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og bera saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Talin eru sérstaklega nokkur atriði sem nefndinni var falið að skoða sérstaklega, svo sem varðandi menntun, starfsréttindi, tengsl milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta, skattalega stöðu o.fl. Einnig skyldi nefndin safna niðurstöðum úr rannsóknum á áhrifum, virkni og áhættu af notkun óhefðbundinna lækninga og sjá til þess að gerð yrði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og í hve miklum mæli fólk nýtti sér þessa þjónustu. Loks skyldi nefndin skila tillögum til ráðherra um hvernig best yrði komið til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér á landi og meta hvort viðurkenna beri í auknum mæli nám í þessum greinum með viðurkenningu starfsréttinda.

Í áfangaskýrslu nefndarinnar var fjallað um framantalin atriði að því marki sem aðgengilegar upplýsingar leyfðu. Sum þeirra krefjast hins vegar viðamikilla rannsókna og kannana, t.d. athugunar á samvinnu heilbrigðisstétta og þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar, viðhorfum almennings til óhefðbundinna lækninga og umfangi á notkun slíkra aðferða. Það var mat nefndarinnar að ekki væri tímabært að leggja í umfangsmiklar úttektir til að svara þessum spurningum heldur væri ráðlegra að víkka út reglulegar kannanir sem gerðar hafa

verið á þessu sviði á vegum landlæknisembættisins á fimm ára fresti frá árinu 1985 og afla þannig ítarlegri upplýsinga.

Í starfi nefndarinnar hefur meginhersla verið lögð á þrjá þætti: Í fyrsta lagi að skilgreina og afmarka viðfangsefnið *óhefðbundnar lækningar* og finna því viðeigandi heiti. Í öðru lagi að móta tillögur um hvernig best verði komið til móts við vaxandi umsvif á þessu sviði og í þriðja lagi að taka afstöðu til þess hvort viðurkenna beri í auknum mæli nám í þessum greinum með viðurkenningu starfsréttinda. Afstaða nefndarinnar til þessara atriða liggur fyrir í drögum að frumvarpi til laga um græðara. Í því felst einnig sú skoðun nefndarinnar að útrýma beri notkun hugtaksins *óhefðbundnar lækningar* en taka upp samheitið *græðarar* og kalla starfsemi á þessu sviði *heilsutengda þjónusta græðara.*

Eins og umfjöllunin hér á eftir mun leiða í ljós eru þær aðferðir sem beitt er til að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði fólks utan hins almenna heilbrigðiskerfis afar fjölbreyttar og ólíkar innbyrðis. Bakgrunnur þessara aðferða er margvíslegur og rætur þeirra liggja víða, sumar þeirra byggjast á aldagömlum hefðum ólíkra menningarheima, aðrar eru nýjar af nálinni en byggjast að einhverju leyti á gömlum hefðum, enn aðrar eiga sér stutta sögu og eru því óhefðbundnar í þeim skilningi.

Ekki er til heildstætt yfirlit yfir þær greinar græðara sem stundaðar eru hér á landi. Í einhverjum tilvikum er aðeins einn einstaklingur sem hefur tileinkað sér tiltekna aðferð og sumar aðferðir eru svo áþekkar að umdeilanlegt er hvort telja skuli þær saman eða líta á þær sem sjálfstæðar greinar. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er stutt samantekt um nokkrar greinar sem nefndinni er kunnugt um að stundaðar séu hér á landi. Listinn er ekki tæmandi og tilgangurinn með þessari samantekt er fyrst og fremst að sýna hve fjölbreytnin er mikil.[6] Þess má jafnframt geta að í skýrslu norska heilbrigðismálaráðuneytisins *Om lov om alternativ behandling av sykdom mv.* eru taldar yfir áttatíu greinar græðara sem þekktar eru í Noregi, en tekið fram að listinn sé ekki tæmandi (Det kongelige helsedepartement, 2002).

Ætla má að viðhorf almennings til þess sem nefnt hefur verið óhefðbundnar lækningar séu jafnmisjöfn og aðferðirnar eru margar. Þá er ljóst að almenningur hefur ekki sameiginlegan skilning á því hvað fellur undir þessa hugtakanotkun og hvað ekki. Til marks um fjölbreytileikann má líta á hve bakgrunnur þeirra sem veita heilsutengda þjónustu utan almenna heilbrigðiskerfisins er breiður hvað varðar nám að baki kunnáttu þeirra. Í sumum greinum hafa veitendur þessarar þjónustu aflað sér kunnáttu á stuttum kvöld- og helgarnámskeiðum eða notið handleiðslu í lengri eða skemmri tíma. Í öðrum greinum eiga veitendur að baki þriggja til fimm ára nám á háskólastigi og þarna á milli er fjölbreytt framboð náms eða þjálfunar sem tekur frá nokkrum mánuðum upp í nokkur ár.

1.2 Alþjóðleg stefnumótun.

Ljóst er að þjónusta græðara hefur þróast með mismunandi hætti og er mismikið nýtt í hinum ýmsum löndum heims. Í sumum löndum, t.d. í ýmsum Asíu- og Afríkuríkjum, er forgangsmál að viðhalda og efla þjónustu græðara innan heilbrigðisþjónustunnar en í öðrum löndum er hins vegar gjarnan litið á þessa þjónustu sem viðbótar- eða jaðarþjónustu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ákvað fyrir nokkrum árum að ráðast í stefnumörkun til að freista þess að skýra og ná samstöðu um meginlínur í málaflokknum. Samin voru drög að stefnu sem stjórn WHO samþykkti fyrir sitt leyti í júlí 2001 og gaf út undir heitinu *WHO Traditional Medicine Strategy 2002–2005.* Þessi drög hafa ekki fengið formlega viður-

[6] Fylgiskjal V.

kenningu á vegum WHO og er því litið á þau sem vinnuplagg. Enn sem komið er eru drögin ekki skuldbindandi fyrir aðildarlöndin. Drögin eru engu að síður þegar farin að marka málaflokknum ákveðinn ramma auk þess sem þau eru leiðbeinandi fyrir stefnumörkun í aðildarlöndunum enda til þess fallin að stuðla að auknu öryggi og gæðum þessarar þjónustu.

Fjögur helstu markmið í drögum að stefnu WHO eru:

- Stefnumörkun um hlutverk græðara innan heilbrigðisþjónustunnar.
- Að tryggja öryggi, virkni og gæði þjónustunnar og vöru sem henni fylgir.
- Tryggður sé aðgangur að góðri og eftir atvikum ódýrri þjónustu.
- Stuðlað verði að skynsamlegri notkun þjónustunnar og þeirrar vöru sem henni fylgir.

Aðildarlönd WHO ásamt þeim fjölmörgu alþjóðasamtökum og sérfræðingum sem unnið hafa að þessari stefnumörkun munu áfram vinna að henni, jafnframt því sem aðildarlöndin vinna að þeirri stefnumörkun sem hentar hverju landi.

WHO hefur tekið saman umfangsmiklar upplýsingar um heilsutengda þjónustu græðara (Traditional medicine) víða um heim og jafnframt hefur stofnunin gefið út ýmsar leiðbeiningar um þessi efni. Rit stofnunarinnar um þessi efni eru aðgengileg á heimasíðu hennar: http://www.who.int/medicines/library/trm/trmmaterial.shtml. Meðal helstu rita sem nýjust eru má nefna:

2004: *WHO guidelines on safety monitoring of herbal medicines in pharmacovigilance systems.*
WHO guidelines on developing consumer information on proper use of traditional, complementary and alternative medicine (enn í vinnslu).
2002: *WHO Traditional Medicine Strategy 2002–2005.*
2001: *Legal status of traditional medicine and complementary/alternative medicine: a worldwide review.*
2000: *General Guidelines for Methodologies on Research and Evaluation of Traditional Medicine.*
1999: *Guidelines on Basic Training and Safety in Acupuncture.*

1.3 Hugtakið óhefðbundnar lækningar.

Hugtakið óhefðbundnar lækningar er umdeilt bæði hvað varðar vísun til þess að um óhefðbundnar aðferðir sé að ræða og eins vísunin til lækninga. Mörg rök eru gegn notkun þessa samheitis. Vegur þar þungt að margar þeirra aðferða sem teljast til óhefðbundinna lækninga byggjast einmitt á aldagömlum hefðum og einnig að rétturinn til að stunda lækningar og kalla sig lækni er lögvarinn, sbr. 1. gr. læknalaga, nr. 53/1998.

Mörgum er orðið tamt að tala um óhefðbundnar lækningar þegar átt er við ýmsar leiðir, til að efla og bæta líkamlega og andlega heilsu, sem falla utan viðurkenndrar heilbrigðisþjónustu og hins almenna heilbrigðiskerfis. Þrátt fyrir það liggur hvorki fyrir sameiginlegur skilningur né ákveðin skilgreining á því hvaða aðferðir skuli teljast til óhefðbundinna lækninga og hverjar ekki. Notkun hugtaksins bendir þó til þess að undir það geti fallið öll viðleitni til að efla heilsu og bæta líðan sem byggist á aðferðum og hugmyndafræði sem almennt er ekki notuð af viðurkenndum heilbrigðisstéttum.

Ljóst er að meðferðarform óhefðbundinna lækninga geta verið afar margvísleg. Þau geta falið í sér áþreifanlega og líkamlega íhlutun eins og t.d. nudd og nálastungur, eða verið óáþreifanleg og nær eingöngu huglæg eins og t.d. handayfirlagning eða fyrirbænir. Þau geta falist í kennslu, ráðgjöf og leiðbeiningum fremur en beinni meðferð, eins og t.d. Alexandertækni eða líföndun, og loks má nefna notkun á jurtum og jurta- og dýraafurðum til útvortis notkunar eða inntöku. Að baki sumum þessara óhefðbundnu greina liggur lengra eða

skemmra nám og skilgreindar kröfur um menntun, verklega kunnáttu og faglega þekkingu. Aðrar byggjast hvorki á skilgreindu námi né kröfum til ákveðinnar kunnáttu eða þekkingar. Til að varpa enn frekara ljósi á hve framboð óhefðbundinna meðferðargreina er fjölbreytt má geta þess að í skýrslu norska heilbrigðisráðuneytisins *Om lov om alternativ behandling av sykdom mv.* (Det kongelige helsedepartement, 2002) eru taldar yfir áttatíu greinar óhefðbundinnar meðferðar sem þekktar eru í Noregi. Tekið er fram að listinn sé ekki tæmandi.

Fleiri heiti hafa verið notuð hér á landi þegar átt er við meðferðarform sem ekki eru almennt stunduð í almenna heilbrigðiskerfinu. Má þar nefna alþýðulækningar, skottulækningar, hjálækningar, náttúrulækningar o.fl. Ýmist hafa þau heiti sem gripið hefur verið til þótt of þröng til að rúma þær ólíku aðferðir sem þau eiga að vísa til, þótt hafa neikvæða skírskotun eða gefa ranga mynd af viðfangsefninu. Þá hefur einnig verið gripið til heita þar sem vísað er til meðferðar í stað lækninga, svo sem hefðbundin meðferð, óhefðbundin meðferð, heildræn meðferð, viðbótarmeðferð, valmeðferð, stuðningsmeðferð, kjörmeðferð, sértæk meðferð og sérhæfð meðferð. Ekkert þessara heita hefur náð fótfestu þótt sú leið sé talin æskilegri að vísa fremur til meðferðar en lækninga.

Erlend hugtök sem náð hafa fótfestu sem samheiti eru einkum „complementary“ og „alternative“, og eru þau oftast notuð saman, þ.e. „Complementary and Alternative Medicine“ (CAM). Orðið „complementary“ getur þýtt uppbót eða viðbót og er notað í þeim skilningi að „óhefðbundin“ úrræði komi til viðbótar hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Með „alternative“ er átt við kost eða val á einhverju öðru en þeim lækningum sem rúmast innan hinnar almennu þjónustu.

Í Bandaríkjunum og Bretlandi er CAM það heiti sem helst er notað í opinberri umfjöllun. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) notar skammstöfunina „TCAM“, þ.e. Traditional, Complementary, Alternative Medicine en hugtakið Traditional Medicine er einnig notað. Ef litið er til nágrannaþjóða okkar nota heilbrigðisyfirvöld í Danmörku einkum hugtakið „alternativ behandling“ og vísa þar til meðferðar en ekki lækninga. Í Svíþjóð var lengi vel talað um „alternativ medicin“ í opinberri umfjöllun en á síðasta áratug var í auknum mæli farið að nota hugtakið „komplementär medicin“. Seinni liðurinn vísar í báðum tilvikum til lækninga, þ.e. „medicin“. Norska heilbrigðismálaráðuneytið hefur með skýrslunni *Om lov om alternativ behandling av sykdom mv.* (Det kongelige helsedepartement, 2002) lagt til að í stað hugtaksins „alternativ medisin“ sem áður hafði verið notað í umfjöllun ráðuneytisins verði tekið upp hugtakið „alternativ behandling“. Rökin fyrir því að varpa fyrir róða orðinu *medisin* eru einkum þau að orðið sé misvísandi, það rúmi ekki öll þau ólíku meðferðarform sem því sé ætlað að lýsa og það feli í sér vísindalega skírskotun.

Vandinn við að finna nothæft samheiti stafar að nokkru leyti af því að ekki hefur verið skilgreint nákvæmlega hvaða greinar eiga að rúmast innan þess. Þar af leiðandi liggur ekki fyrir hverju samheitinu er ætlað að lýsa og því er óljóst hvaða kröfur það þarf að uppfylla. Hins vegar er erfitt að finna samheiti yfir jafnmikinn fjölda meðferðarforma sem mörg hver eiga lítið sem ekkert sameiginlegt, eiga rætur sínar í gjörólíkri menningu, trúarbrögðum og sögu, byggjast á ólíkum aðferðum, fornum hefðum eða nýjum fræðum, eiga að baki sér skilgreint nám og kunnáttu eða engar kröfur um slíkt. Til að nálgast viðfangsefnið, skilgreina það og afmarka er ein leið sú að setja saman gróft flokkunarkerfi og aðskilja þær greinar sem eiga fátt eða ekkert sameiginlegt.

The National Institute of Health í Bandaríkjunum hefur samið flokkunarkerfi sem tekur mið af eðli meðferðarformanna, hvaða aðferðum er beitt og hugmyndafræðinni að baki. Þóra Jenný Gunnarsdóttir hefur gert grein fyrir þessum flokkum í greininni *Sérhæfð meðferð: hvað er það?* í Tímariti hjúkrunarfræðinga (2002). Flokkarnir eru þessir:

- Heildræn kerfi lækninga (alternative medical systems), t.d. kínversk læknisfræði, hómópatía.
- Meðferðarform sem byggjast á tengslum hugar og líkama (mind-body interventions), t.d. dáleiðsla, andleg heilun, hugleiðsla.
- Lífræn meðferðarúrræði (biological-based therapies), t.d. grasalækningar og jurtir.
- Aðferðir þar sem líkaminn er handleikinn eða meðhöndlaður (manipulative and body-based methods), t.d. nudd, höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, svæðanudd.
- Orkumeðferð (energy-therapies), t.d. reiki og læknandi snerting.

Nefnd um óhefðbundnar lækningar varði í upphafi starfs síns miklum tíma í umræður um skilgreiningu og heiti á viðfangsefni sínu. Fljótlega var ákveðið að nota ekki heitið óhefðbundnar lækningar, heldur óhefðbundin meðferð. Skilgreining nefndarinnar á viðfangsefninu fólst í þeirri útilokunarskilgreiningu sem þegar hefur verið nefnd og tekur til margra þeirra sem njóta ekki löggildingar sem heilbrigðisstétt en veita þjónustu af einhverju tagi með það að markmiði að efla og bæta líkamlega og andlega heilsu fólks. Á síðari stigum varð nefndin sammála um að nota samheitið græðarar yfir þá sem veita óhefðbundna meðferð. Enn frekari umræður leiddu til þess að horfið var frá því að nota heitið óhefðbundin meðferð ekki síst vegna þess að margar þeirra aðferða sem um ræðir byggjast á margra alda gömlum hefðum og ættu því frekar að kallast hefðbundnar, meðan aðrar eiga sér stutta sögu og byggjast ekki á langri hefð. Í þessu sambandi má benda á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur notað heitið hefðbundnar lækningar (e. Traditional Medicine), eins og sjá má af skýrslunni *WHO Traditional Medicine Strategy 2002–2005* (2002). Að endingu varð ákvörðun nefndarinnar sú að gefa umfjöllunarefninu heitið *heilsutengd þjónusta græðara.*

Orðið græðari er gamalkunnugt orð í íslensku máli, hefur jákvæða skírskotun, er ekki gildishlaðið og hentar vel til þess að afmarka þann fjölbreytta og sundurleita hóp sem veitir heilsutengda þjónustu eins og hún er skilgreind í frumvarpi til laga um græðara. Einnig hefur orðið græðari verið notað um skeið af bandalagi nokkurra fagfélaga sem veita heilsutengda þjónustu, þ.e. Bandalagi íslenskra græðara. Sagt er frá Bandalagi íslenskra græðara í kafla 3.1.

2. HLUTI – FORSAGAN – ALÞÝÐULÆKNINGAR

2.1 Alþýðulækningar í sögulegu ljósi.

Sjúkdómar, slys og ýmsir minni og meiri háttar kvillar hafa þjáð mannkynið frá örófi alda. Væntanlega er það hluti af því sem greinir tegundina *homo* frá öðrum dýrum að hún hefur leitast við að sigrast með einhverjum ráðum á þeim sjúkdómum sem hrella hana. Ekki er talið útilokað að frummenn hafi búið um beinbrot og næsta víst að á forsögulegum tíma hefur verið brugðist við sjúkdómum með einhverjum aðgerðum. Oft hefur farið saman að beita lyfjum og töfrum. Slys voru oft rakin til galdrakinda og sjúkdómar voru sagðir tilkomnir vegna þess að komið hefði verið fyrir einhverjum hættulegum efnum eða hlutum í líkama sjúklingsins. Lækning var þá fólgin í því að ná þessu sjúkdómsvaldandi efni úr hinum sjúka. Geðsýki var talin stafa af svipuðum ástæðum og þurfti þá oftast að fara með særingar til að lækna sjúklinginn. Það var þó ekki einhlítt að orðin ein dygðu, heldur varð að flytja þau á réttan hátt eftir atvikum, það er að segja að hrópa, söngla, hvísla og jafnframt að tjá viðeigandi texta með svipbrigðum og hreyfingum.

Meðal flestra svokallaðra frumstæðra þjóða hefur safnast saman mikil þekking á lækningamætti fjölmargra jurtategunda og býr lyfjagerð nútímans í mörgu að því sem uppgötvað hefur verið fyrir tilraunir meðal frumstæðra ættbálka. Sem dæmi má nefna að indjánar í Suður-Ameríku þekktu græðandi og læknandi eiginleika fjölda jurta, að ógleymdu því að þeir

kunna að búa til hraðvirk eiturefni úr fjölmörgum plöntum. Svipuðu máli gegnir reyndar um allar þekktar þjóðir.

Margt bendir til þess að í hinum elstu siðmenningarríkjum: Kína, Indlandi, Egyptalandi og víðar í Austurlöndum nær hafi verið notaðar jurtir til að búa til lyf. Í kínverskum ritum sem færð voru í letur þúsundum ára fyrir upphaf tímatals okkar eru leiðbeiningar um hvernig nota skuli jurtir til lækninga. Í Vedaritunum indversku er sagt frá fjölda jurta sem hafi lækningamátt og í fornum ritum í Egyptalandi eru taldar upp lækningajurtir. Í Mesópótamíu þekktu menn til lyfjagerðar fyrir fjögur þúsund árum (Vilhjálmur Skúlason, 1979, bls. 41–42).

2.2 Alþýðulækningar á Íslandi.

Jón Steffensen, prófessor í líffærafræði við læknadeild Háskóla Íslands til margra ára, skrifaði kafla um alþýðulækningar í ritið *Íslensk þjóðmenning VII.* Þar skilgreindi hann alþýðulækningar svo:

> *Með alþýðulækningum er átt við þá lækningu sem leikmaður veitir, þ.e. maður sem ekki hefur hlotið opinber réttindi þjóðfélagsins til að stunda lækningar* (Jón Steffensen, 1990, bls. 127).

Þessi skilgreining er góð svo langt sem hún nær. Þess verður þó að geta, að til lækninga teljast einnig fjölmörg húsráð og viðteknar venjur sem notast var við til að vinna bug á sjúkleika eða til að forðast ýmsa algenga kvilla. Alþýðulækningar voru ekki endilega í höndum karla og kvenna sem lögðu þær fyrir sig öðrum fremur, heldur voru þær liður í viðleitni alls þorra manna til að verjast sjúkdómum eða hafa hemil á þeim.

Samkvæmt Íslenskri orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989) merkir orðið *læknir* líklega *seiðmaður, galdraþululæknir, (græðslu) jurtasafnari.* Ekki er vitað með vissu hvaðan orðið er komið en bent hefur verið á, að það geti átt uppruna í vestgermönskum eða keltneskum málum, eða jafnvel í latínu. Uppruni orðsins skiptir auðvitað ekki máli þegar fjallað er um heiti á þeim sem hlotið hafa lögbundin réttindi til að stunda lækningar. Hins vegar er fróðlegt að orðið skuli í upphafi tengjast lyfjagerð úr jurtum eða þá töfrum og þar með einum þætti alþýðulækninga. Svipuðu máli gegnir um orðið *lyf.* Ásgeir Blöndal Magnússon segir orðið sennilega skylt orðinu *lauf.* Í flestum germönskum málum þýðir það seyði af jurtum, seyði sem senn gat verið græðandi og eitrað nema það væri notað á réttan hátt. (Ásgeir Bl. Magnússon, 1989, bls. 588 og 592.)

Hér á landi sem annars staðar í heiminum voru karlar og konur sem þekktu eiginleika margra jurta og vissu hvernig skyldi nota þær til lækninga. Stundum bregður fyrir þeirri trú að samfara notkun lyfja og algengra handlæknisaðgerða verði að hafa um hönd einhvers konar töfra og fara að með sérstökum hætti þegar lækningajurtum er safnað og þær tilreiddar til notkunar. Þegar jurtir eru tíndar verður að gera það við tiltekna afstöðu himinhnatta, oftast tunglsins, enda mikilvægt að sumum jurtum skuli safnað þegar stórstreymt er, sem þýðir venjulega að tungl skuli vera nýtt eða fullt. Tími dagsins hefur einnig áhrif á mátt jurtanna, og jafnvel ástand þess sem safnar. Vart þarf að taka fram að þetta er hluti af hugmyndum um margt annað í lífi manna og í náttúrunni sem háð er afstöðu himintungla, flóði og fjöru.

Í fyrsta þætti leikritsins *Gullna hliðið* eftir Davíð Stefánsson (1941) er Vilborg grasakona að sjóða lyf af ýmsum grösum. Orð hennar lýsa vel kjarnanum í hugmyndafræði alþýðulækna, karla og kvenna, sem þekktu vel til mismunandi eiginleika jurta og vissu hvernig skyldi fara að við söfnun þeirra og búa til úr þeim lyf. Hún segir:

Grös hafa aðskiljanlegar náttúrur. Reynslan hefur kennt mér að aðgreina þær og vita hvað best hentar hverjum krankleika. – Sum grös eyða óheilnæmum vessum og eitursýrum líkamans, önnur magna blóðsterkjuna og þar með orku tauganna. Aftur eru til grös sem aðeins draga úr óhæfilegum vindsperringi innyflanna. Sum eiga að sjóðast við hægan eld, önnur við logandi bál. Og oft skiptir það miklu máli, að notaður sé réttur eldsmatur. Eina jurtina má aðeins sjóða við hrís eða lyng, aðra við rauðviðarsprek, sem ráku á land með stórstraumsfjöru, þriðju við sauðatað úr vel öldum lambgimbrum. Og svo má blanda seyðið, sinn dropann af hverju, í einu og sömu inntöku.

En þar með er ekki allt sagt. Það verður einnig að gæta að hvar grösin eru tínd og hugfarinu við lyfjagerðina verður að haga eftir eðli sjúkdómsins.

Vilborg: Grösin sem ég gaf honum Jóni þínum seyðið af áðan, eru fátíð og vandfundin og vaxa aðeins þar, sem eldur er í jörðu, í nánd við heitar laugar og brennisteinshveri.

Þetta á þó ekki við um alla þá sem fást við grasalækningar, nema hvað enn er talið heppilegt að taka mið af ýmsu þegar leitað er lækningajurta, til dæmis hvenær á æviskeiði jurtarinnar skuli tína hana.

2.3 Lækningar á söguöld.

Í fornritunum íslensku eru mörg dæmi um lækningar, einkum sáralækningar, enda ekki vanþörf á þeim á tímum vígaferla. Sáralækningar á Íslandi voru hluti af evrópskri hefð og þekking á þeim byggðist á reynslu sem meðal annars hafði verið aflað á læknaskólum erlendis. Nægir að minna á Hrafn Sveinbjarnarson og lækniskunnáttu hans (Guðrún P. Helgadóttir, 1987).

Fyrir tíma læknaskólanna var að sjálfsögðu margt þekkt um meðferð sára og beinbrota. Töfrar í formi rúna voru algengir að því er virðist og tengjast ákveðinni læknislist. Í Egils sögu segir bæði frá krafti rúna og nútímalegri sálgæslu. Í Laxdælu og Eyrbyggju eru merkilegar frásagnir af sáralækningum og umbúnaði beinbrota. Sagt er frá konum sem stunda lækningar í Njáls sögu, Fljótsdæla sögu, Fóstbræðra sögu, Þórðar sögu hreðu og Harðar sögu, og ekki má gleyma konunni sem kannaði sár Þormóðar Kolbrúnarskálds og sagt er frá í Heimskringlu. Þátturinn um Ívar Ingimundarson segir frá harla nútímalegri sálgæslu. Um þetta og nafnkennda lækna á þjóðveldistíma segir frá í inngangi Vilmundar Jónssonar að ritinu *Læknar á Íslandi, I* (1970).

Á katólskum tíma á Íslandi voru prestar oft glúrnir við lækningar en einnig voru bænir og áheit vissulega hluti af læknisþjónustu. Jarteinabók Þorláks helga er ekki aðeins merkileg vegna þeirrar innsýnar sem hún veitir í hugsunarhátt frá því á þrettándu öld, og reyndar fram til okkar tíma, um mátt áheita, heldur er þar einnig margt fróðlegt um sjúkdóma og ráð við þeim sem talist geta til alþýðulækninga. Sama máli gegnir reyndar um aðrar biskupasögur. Föstur, fórnir og önnur yfirbótarverk voru einnig þáttur í viðleitni fólks til að leita bata við kvillum og forðast óhöpp.

Fæðingarhjálp hefur um langan aldur verið mikilvæg og ljósmæður (yfirsetukonur, nærkonur) voru mikils metnar hér á landi sem annars staðar. Fæðingarhjálpin var annars vegar bein aðstoð við fæðinguna og hins vegar töfrakenndar athafnir eins og að leysa hnút yfir konu sem átti erfitt með að fæða eða lesa kafla úr sögu heilagrar Margrétar frá Antíokkíu yfir fæðandi konu, binda lausnarstein við hana eða aðhafast eitthvað annað sem er í ætt við töfra (Jón Steffensen, 1975, bls. 208 o.áfr. Jón Steffensen, 1990:141).

Snemma á öldum fer að verða vart erlendra lækningabóka, einkum grasabóka hér á landi. Margt er tínt til úr verkum Harpestrengs allar götur síðan þau urðu þekkt hér á landi. Flestar þær grasabækur sem notast var við á Íslandi á síðari öldum eru taldar byggðar á verkum Harpestrengs (Jón Steffensen, 1975, bls. 161 og 185, Jón Steffensen, 1990, bls. 132–133, Vilmundur Jónsson, 1970, bls. 18).

Eftir siðaskiptin fjölgaði lækningabókum af erlendum uppruna og bartskerar og yfirsetukonur fengu viðurkenningu til að starfa hér á landi. Í hinum þýddu lækningabókum er margvíslegur fróðleikur um eiginleika mismunandi grasa og steina. Blóðtökur urðu æ algengari og tengdust kenningum Hippókratesar og Galens um hina fjóra vessa líkamans og eiginleika þeirra. Margs varð að gæta við blóðtökur, fyrst og fremst stöðu himintungla og minnir sumt á kenningar um söfnun grasa til lækninga, og eins hvar úr líkamanum blóð skyldi taka í hverju tilviki.

Þegar fjallað er um alþýðulækningar hér á landi verður að hafa í huga að lengst af voru lækningar annars vegar handlækningar og hins vegar lyflækningar, en í báðum tilvikum voru stundaðar jöfnum höndum reynslulækningar og töfra- eða huglækningar. Alþýðulækningar bera keim af hvoru tveggja. Ítarlegar heimildir um alþýðulækningar á Íslandi hafa ekki verið teknar saman en þar er mikill efniviður enn lítt kannaður. Í þjóðsögum og þjóðsögnum er sagt frá margvíslegum húsráðum og í ævisögum og fróðleiksgreinum segir frá ýmsu merkilegu um hvernig brugðist var við sjúkdómum og alls konar uppákomum (Jónas Jónasson, 1945, bls. 311–333).

Þar eð engir lærðir læknar störfuðu á landinu fyrr en Bjarni Pálsson varð landlæknir 1760 voru lækningar hér á landi einungis alþýðulækningar. Stöku sinnum komu þó erlendir læknar og var leitað til þeirra þá stuttu stund sem þeir flestir hverjir dvöldust í landinu.

2.4 Húsráð og hégiljur.

Þegar hugað er að alþýðulækningum á Íslandi verður ekki hjá því komist að nefna hin fjölmörgu húsráð sem fylgt hefur verið og einnig þann fjölda af hégiljum sem oft tengdust einföldum aðgerðum. Það er með fádæmum hvað mönnum hefur dottið í hug að sulla saman af alls konar óþverra og láta fólk taka inn við sjúkdómum. Sumt af því tengist þeirri hugmynd að líkt skuli með líku út drífa, eða þá að leitað var að flóknum orsakatengslum sem vart eiga sér nokkra stoð í veruleikanum (Jónas Jónasson, 1945, bls. 329–330). Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er sagt frá mörgum algengum húsráðum og tilraunum fólks til að finna ráð gegn sjúkdómum. (Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson I–II, 1943.)

2.5 Átök um lækningar.

Um miðja nítjándu öld hófst nýtt skeið alþýðulækninga á Íslandi. Þá var farið að kynna og stunda smáskammtalækningar sem höfðu þá um hálfrar aldar skeið verið tíðkaðar í Evrópu og borist til Ameríku. Þeir sem fyrstir eru taldir hafa kynnt hér á landi hugmyndafræði Hahnemanns, frumkvöðuls smáskammtalækninga, voru tveir prestar, séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað og séra Þorsteinn Pálsson á Hálsi. Kynntu þeir hugmyndafræði hans hér á landi. Báðir beittu þeir aðferðum hómópata, eins og þeir voru oftast kallaðir.

Brátt hófust miklar deilur um þessar hugmyndir, eins og reyndar hafði gerst víðast annars staðar þar sem smáskammtalækningar voru stundaðar. Jón Hjaltalín landlæknir gagnrýndi hugmyndafræði hómópata harðlega í tveimur bæklingum, einkum málflutning séra Magnúsar (Jón Hjaltalín, 1856, 1858. Vilmundur Jónsson, 1970, bls. 77–79).

Fylgjendur hugmyndafræði hómópata mæltu með því að lærðir læknar (stórskammtalæknar eins og þeir voru stundum kallaðir) og smáskammtalæknar ynnu saman í stað þess

að standa í deilum. Frá upphafi nutu hómópatar velvildar almennings og var oft leitað til þeirra. Nokkrir rituðu greinar í blöð og tímarit þar sem borið var lof á starfsemi þeirra.

Jón Hjaltalín reyndi að fá starfsemi hómópata bannaða og kærði einn þeirra. Var því máli vísað frá af dönskum yfirrétti þar eð ekki hefði verið sýnt fram á meðferð hans á sjúklingum hefði valdið skaða.

Það er ekki einsýnt hvort telja skuli smáskammtalækningar til alþýðulækninga þar eð þær byggðust á fræðilegum kenningum lærðra lækna. En þar eð það voru víðast hvar einkum leikmenn sem stunduðu smáskammtalækningar er rétt að geta þeirra í sambandi við þær.

Um miðja nítjándu öld hófst mikið framfaraskeið í flestum vísindum. Segja má að þá verði læknisfræði nútímans til. Þekking á allri líkamsstarfsemi jókst og vonir kviknuðu um að brátt mundi takast að vinna bug á flestum sjúkdómum og mannanna meinum. Hómópatar nutu góðs af þeirri bjartsýni sem ríkti og meðul þeirra voru síst talin lakari en þau sem fengust í apótekum. Samhliða jókst svo áhugi fólks á alls konar lyfjum sem áttu að vera allra meina bót: Kína-lífs-elexír, Volta kross og Brahma voru allsherjarmeðul sem margir töldu að dygðu gegn flestum kvillum. Þess má geta að Kína-lífs-elexír var framleiddur á Seyðisfirði á fyrstu árum tuttugustu aldarinnar (Smári Geirsson, 1989, bls. 140–164).

Enda þótt læknum á Íslandi fjölgaði að mun á nítjándu öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu dró síst úr áhuga á smáskammtalæknum. Yfirvöld reyndu að sporna við starfi þeirra en ekki virðist sem ætíð hafi hugur fylgt máli. Þó komu upp mál sem ollu miklu fjaðrafoki um hríð og nokkrir menn voru dæmdir fyrir ólöglega lyfjasölu.

Þekktastur hómópata hérlendis var Lárus Pálsson, oft kallaður Lárus hómópati. Var leitað til hans hvaðanæva að af landinu og fór mikið orð af hæfni hans við að greina sjúkdóma og kunna ráð við þeim (Guðrún P. Helgadóttir, 1995).

Annar nafnkenndur hómópati var Arthur Ch. Gook. Hann var enskur og kom til Íslands sem trúboði 1905. Starfaði hann jöfnum höndum að trúboði og smáskammtalækningum. Fleiri mætti nefna sem orð fór af fyrir nærfærni við að greina sjúkdóma og græða mein. Nokkur dæmi eru um að hómópatar væru ákærðir fyrir störf sín og var þeim oftast gefið að sök að hafa þegið greiðslu fyrir lyf sem þeir útbjuggu sjálfir. En nokkur dæmi eru einnig um að menn fengju leyfi yfirvalda til að stunda smáskammtalækningar (Erlingur Davíðsson, 1972).

Þeir hómópatar sem hvað bestum árangri náðu að dómi almennings, Lárus og Arthur Gook, lögðu sig eftir að læra sem mest um almennar lækningar. Þeir lásu bækur um læknisfræði og hvöttu unga menn sem leituðu til þeirra um fræðslu að kynna sér sem best allt er lýtur að líffærafræði og almennri líffræði. Svo var einnig um marga þá sem um aldir fengust við að útvega lyf og leita ráða við sjúkdómum. Eru mörg dæmi þess að menn hafi orðið sér úti um lækningabækur af ýmsu tagi. Er vafalaust að margir hafa aflað sér töluverðrar þekkingar á sjúkdómum og meðferð þeirra af erlendum fræðiritum í læknisfræði.

2.6 Grasalækningar.

Þrátt fyrir vinsældir hómópata virðist sem ekkert hafi dregið úr trausti fólks á grasalæknum. Eins og áður hefur komið fram hafði safnast mikil þekking á græðandi og læknandi eiginleikum ýmissa jurta. Þórunn Gísladóttir var alþekkt fyrir grasalækningar sínar og þekkingu á græðandi og bætandi eiginleikum jurta. Enn þann dag í dag fást afkomendur hennar við að búa til lyf úr jurtum sem þeir safna sjálfir og meðhöndla eftir fornum sið. Sonur téðrar Þórunnar var Erlingur Filippusson og starfaði hann um langt skeið að grasalækningum með góðum árangri að margra dómi. Afkomendur Grasa-Þórunnar fást enn við grasasöfnun til lyfjagerðar (Atli Magnússon, 1987; Gissur Ó. Erlingsson, 1995).

Á því leikur enginn vafi að grasalækningar voru merkilegur þáttur í sögu lækninga á liðnum öldum og enn þann dag í dag er fólk sem stundar þær af miklum áhuga og fjöldi fólks leitar til grasalækna og margir með góðum árangri að því að sagt er. Hafa þær öðlast nýjan blæ eftir að farið var að kanna á vísindalegan hátt eiginleika ýmissa jurta sem notaðar hafa verið af grasalæknum hér á landi.

2.7 Fjórir flokkar alþýðulækninga.

Alþýðulækningum má skipta í fjóra flokka sem þó skarast í sumum tilvikum. Fyrst skal þá telja grasalækningar og fjölmörg húsráð sem mörg eru enn notuð. Sumt af því ber keim af kenningunni að líkt skuli líkt út drífa. Það á þó ekki við nema hluta af grasalækningunum.

Í öðru lagi eru athafnir sem eru nánast töfrakenndar, særingar, bænir, handayfirlagningar, notkun gripa sem taldir eru búa yfir læknandi mætti sé þeim rétt beitt og jafnvel er reynt að lækna með orkustreymi frá tilteknum einstaklingum. Straum- og skjálftalækningar, sem skutu upp kollinum fyrir nær sjötíu árum hérlendis, eru af slíku tagi (Vilmundur Jónsson II, 1985, bls. 121–163; Halldór K. Laxness, 1967, bls. 171).

Í þriðja lagi eru andalækningar sem eru mjög sérstakur þáttur í baráttunni við mannanna mein. Þær byggjast á því, að talið er að látnir læknar annist sjúklinga og beiti þekkingu sinni til að gera það sem lifandi læknum hefur verið um megn. Hugsunin virðist sú, að hinir framliðnu hafi öðlast nýrri og fullkomnari þekkingu fyrir handan en þeir réðu yfir í jarðlífinu. Eru mörg dæmi um þess konar starfsemi hérlendis allt til dagsins í dag.

Í fjórða lagi eru það svo smáskammtalækningarnar, hómópatí, sem byggjast á tiltekinni hugmyndafræði Hahnemanns um eðli og virkni efna eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Það er umdeilanlegt hvort skuli telja þær til alþýðulækninga eins og þegar hefur verið minnst á. Rök fyrir því væru þá, að hér á landi voru þær stundaðar fyrst og fremst af leikmönnum, það er af fólki sem ekki hefur hlotið akademíska menntun í læknisfræði. Sama máli gegnir um ýmsar grasalækningar. Þar fór oft saman mikil þekking á eiginleikum jurta og uppsöfnuð reynsla margra kynslóða.

Enda þótt enn hafi margir mikla trú á að alls konar meðferð, lyf og andleg orka stuðli að bata þeirra sem sjúkir eru og vafalaust séu enn notuð forn húsráð við kvillum, þá hefur orðið sú breyting að nú er boðið upp á meðferð og aðgerðir við hlið hinnar akademísku læknisfræði sem byggjast á reynslu og vísindalegum aðferðum. Í mörgum tilfellum eru mörkin milli akademískrar læknisfræði og hefðbundinna aðferða orðin harla óglögg og innan læknisfræðinnar rúmast nú margt sem fyrir nokkrum áratugum naut þar lítillar virðingar. Dæmi um það eru nálastunguaðferðirnar kínversku.

Alþýðulækningar, sem einnig kallast hefðbundin meðferð, hafa verið nauðsynlegur og merkilegur þáttur í því að fást við sjúkdóma og kröm og full ástæða til þess að kanna ítarlega hlutverk þeirra og árangur á liðnum öldum og í heilbrigðisþjónustu landsmanna nú til dags, bæði til ills og góðs. Enn þann dag í dag leita sjúklingar bata á margvíslegan hátt og mikill fjöldi þeirra lætur sig litlu skipta hvaðan gott kemur. Grasalækningar, andalækningar, gömul og ný húsráð eru að margra mati jafngagnleg og flókin lyfjagjöf, gagnreyndar aðgerðir sérfræðinga og þrauthugsaðar aðferðir til að draga úr kvillum og uppákomum.

Ekki er vitað með vissu hve margir sækja til grasalækna eða þeirra sem fást við störf græðara hér á landi en nokkrar athuganir benda til að sá hópur sé allstór. Tuttugu og fjórir til fjörutíu af hundraði þeirra sem spurðir hafa verið segjast hafa leitað ráða utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Þess ber þó að geta að flestir þeirra munu einnig hafa leitað til löggiltra heilbrigðisstétta. Það er í sjálfu sér eðlilegt að þeir sem haldnir eru alvarlegum

sjúkdómi leiti allra ráða til að öðlast bata og séu þá fúsir til að reyna eitthvað sem er utan við hið viðtekna í heilbrigðisþjónustunni.

3. HLUTI – STAÐA GRÆÐARA

3.1 Bandalag íslenskra græðara.

Bandalag íslenskra græðara (BÍG) er heiti regnhlífarsamtaka sem stofnuð voru í nóvember árið 2000. Aðildarfélögin eru átta með samtals um 600 félagsmenn sem eiga það sameiginlegt að starfa við heilsutengda þjónustu. Aðildarfélögin eru: Acupunktúrfélag Íslands (5 félagsmenn), Cranio sacral félag Íslands og Cranio félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara (um 200 félagsmenn), Félag íslenskra heilsunuddara (um 200 félagsmenn), Félag lithimnufræðinga (6 félagsmenn), Organon félag hómópata (um 50 félagsmenn), Samband svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi og Svæðameðferðarfélag Íslands (um 160 félagsmenn).

Bandalagið hefur að leiðarljósi að vera hvetjandi og ráðgefandi fagbandalag fyrir íslenska græðara, stuðla að uppbyggingu og framgangi á störfum græðara almenningi til gagns, til að fyrirbyggja sjúkdóma, efla heilbrigði og bæta líðan. Markmið BÍG er að sameina græðara, vinna að viðurkenningu og framfaramálum fyrir félagsmenn aðildarfélaganna, miðla upplýsingum og vera tengiliður við stjórnvöld og fjölmiðla.

Fagfélögin og Bandalag íslenskra græðara hafa sameiginleg lög og siðareglur til að tryggja eigin framgang og öryggi almennings. Gerðar eru kröfur til félagsmanna, svo sem um:

- grunnmenntun í viðkomandi grein,
- að viðhalda menntun sinni,
- þagnarskyldu,
- árvekni og trúmennsku í starfi,
- ábyrgð á meðferð sjúklinga,
- upplýsingaskyldu gagnvart sjúklingum,
- gilda ábyrgðartryggingu.

Félög sem sækjast eftir aðild að BÍG þurfa að sækja um það skriflega til stjórnar bandalagsins, eins og segir í 2. gr. laga Bandalags íslenskra græðara (2003). Um aðild og skilyrði fyrir henni segir enn fremur í lögunum: „Allir fullgildir félagar í hverju aðildarfélagi verða sjálfkrafa fullgildir félagar í BÍG, enda hafi aðalfundur félags sem sækir um aðild samþykkt inngöngu. Hjá bandalaginu þurfa að liggja fyrir lög og siðareglur hvers aðildarfélags, ásamt lista yfir þá skóla sem hvert og eitt fagfélag viðurkennir. Hvert félag innan bandalagsins starfar algjörlega sjálfstætt.“ Stjórn BÍG er skipuð einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju aðildarfélagi.

Annars staðar á Norðurlöndum starfa samtök sambærileg BÍG sem öll eru aðilar að samnorrænum regnhlífarsamtökum: *Nordiska samarbetskommittén för icke-konventionell medicin* (NSK) sem stofnuð voru árið 2000. Markmið NSK er m.a. að vinna sameiginlega að viðurkenningu þeirra stétta sem hafa aflað sér menntunar og starfa við heilsutengda þjónustu og að auka gæði heilsutengdrar þjónustu græðara til að tryggja öryggi almennings. Í því skyni hefur NSK unnið að því að koma á fót samræmdu gæðaöryggiskerfi sem byggist á eftirtöldum þáttum:

- Samræmdri menntun.
- Sameiginlegri norrænni viðurkenningu á menntun.
- Sameiginlegum vinnumarkaði græðara.
- Atvinnuábyrgðartryggingu.

- Árangursmati og rannsóknum.
- Frjálsri skráningu græðara.

3.2 Staða græðara á Íslandi.

Eins og fram kemur í kafla 2.5 hefur afstaða stjórnvalda til græðara og starfsemi þeirra verið nokkuð blendin í gegnum tíðina. Með setningu landlæknis 1760 var fastbundið að enginn mætti stunda lækningar nema með tilskilda menntun eða opinbert leyfi. Árið 1879 samþykkti þingið lög um að heimila landshöfðingja að veita leikmönnum lækningaleyfi en konungur neitaði að staðfesta lögin. Konungur hafnaði einnig lögum frá Alþingi árið 1881 um að ekki skyldi varða við lög þótt leikmaður fengist við lækningar. Árið 1883 var staðfest á Alþingi stjórnarfrumvarp um að lögskipa refsingar við skottulækningum en jafnframt var sett það skilyrði að refsingu yrði aðeins beitt gegn þeim sem yrði „„uppvís að því að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum.“ „Þessi niðurstaða var í raun og veru viðurkenning á nauðsyn skottulækna og starfi þeirra.““ (Haukur Valdimarsson, 2002). Lög um lækningaleyfi sem samþykkt voru á Alþingi árið 1911 tóku ekki til hómópata en áfram var bönnuð öll lækningastarfsemi ólærðra manna sem ekki höfðu tilskilið leyfi. Frá árinu 1932 hefur gilt sú lögskipan sem enn er við lýði þar sem þeir einir hafa rétt til að stunda lækningar sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra, sbr. 1. gr. læknalaga, nr. 53/1988, og V. kafli sömu laga um skottulækningar.

Á Íslandi gilda lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, auk sérlaga um einstakar stéttir þar sem kveðið er á um löggildingu þeirra. Enginn hefur rétt til að starfa sem starfsmaður heilbrigðisstétta nema hafa lokið prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fengið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu námi. Alls nýtur 31 faggrein löggildingar, fimmtán þeirra samkvæmt sérlögum en sextán greinar samkvæmt lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og reglugerðum byggðum á þeim.

Atvinnufrelsi er grundvallarréttur allra. Löggilding starfsheita og starfsréttinda er frávik frá þeim grundvallarrétti þar sem hún felur í sér takmarkanir á aðra en þá sem löggildinguna hafa. Löggilding felur í sér ákveðna vernd fyrir viðkomandi starfsstéttir en leggur þeim jafnframt ákveðnar skyldur á herðar. Gerðar eru skýrar kröfur um nám og menntun og skilgreindar ýmsar reglur um starfshætti og skyldur. Brot á lögboðnum skyldum geta varðað leyfissviptingu eða haft í för með sér önnur viðurlög eftir atvikum.

Löggilding heilbrigðisstétta veitir ákveðna vernd þeim sem þurfa á þjónustu þeirra að halda eins og skýrt er kveðið á um í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, eru einnig veigamikill þáttur í þessari vernd en þau fjalla um rétt sjúklinga til bóta verði þeir fyrir tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð innan heilbrigðiskerfisins eða hjá sjálfstætt starfandi löggiltum heilbrigðisstarfsmanni. Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð nr. 763/2000 sem skyldar löggiltar heilbrigðisstéttir til að hafa í gildi vátryggingu til að mæta tjóni sem þær kunna að valda sjúklingum. Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er kveðið á um eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta og er það í höndum landlæknis.

Ætla má að löggilt starfsheiti auðveldi viðkomandi starfsgrein að skapa traust og tiltrú almennings. Löggilding heilbrigðisstétta felur í sér opinbera viðurkenningu viðkomandi greinar, jafnframt því að staðfestar eru tilteknar kröfur um menntun og færni sem til hennar eru gerðar. Löggilding felur einnig í sér gæðaeftirlit hins opinbera með starfsfólki í heilbrigðisþjónustu. Rök fyrir slíku eftirliti eru m.a. hagsmunir sjúklinga sem geta þá gengið að því vísu að starfsmenn hafi undirgengist ákveðið hæfileikamat. Krafa um starfsleyfi til handa

einstaklingum staðfestir einnig þær kröfur sem gerðar eru og sýnir að þeim er fylgt eftir af opinberum aðilum.

Lögformleg staða græðara verður best skýrð sem frávik frá stöðu löggiltra heilbrigðisstétta. Þeir njóta ekki opinberrar viðurkenningar og bera ekki formlegar skyldur. Hið opinbera gerir engar kröfur til náms vegna starfa þeirra né gerir kröfur um hvernig starfsemi þeirra skuli fara fram umfram það sem almennt gildir um atvinnustarfsemi. Engin opinber skrá er til yfir græðara og ekkert skipulagt eftirlit er með þessum aðilum. Þeir sem nýta sér heilsutengda þjónustu græðara njóta ekki sömu verndar og fylgir samskiptum við löggiltar heilbrigðisstéttir.

Strangt til tekið virðist starfsemi græðara oft vera á gráu svæði sé litið til 1. gr. læknalaga um rétt til að kalla sig lækni og sömuleiðis V. kafla laganna um skottulækningar. Gildir það einkum um notkun orðanna læknir og lækningar, sbr. grasalækningar, smáskammtalækningar, náttúrulækningar o.fl. sem samkvæmt laganna bókstaf er óheimil. Einnig má ætla að oft sé vandrataður vegur græðara sem hafa að markmiði með störfum sínum að meðhöndla fólk og stuðla að bættri heilsu þess þegar það eru skottulækningar samkvæmt lögum ef sá sem hefur ekki leyfi samkvæmt læknalögum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga eða gerir sér lækningar að atvinnu. Spyrja má hvort græðari standi réttum megin við lögin, sama hvað hann aðhefst, svo lengi sem hann kallar sig ekki lækni og býðst ekki til að lækna fólk? Hér veltur á túlkun laganna, þ.e. hvort skottulækningaákvæðið takmarkar að þessu leyti einungis notkun orðanna *læknir og lækningar* eða hvort það felur einnig í sér takmarkanir á athöfnum fólks?

Óljós staða græðara og skortur á reglum um starfsemi þeirra veldur margvíslegum vanda. Í fyrsta lagi torveldar það eftirlit stjórnvalda með starfsemi þeirra. Græðurum reynist þar með erfitt að skapa sér traust og byggja upp ímynd sína þegar ekkert gæðaeftirlit er með starfseminni og einstakir fúskarar geta komið óorði á allan hópinn. Síðast en ekki síst er óheppilegt fyrir þá sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara að geta ekki á einfaldan hátt fullvissað sig um hvort viðkomandi græðari uppfyllir ákveðnar lágmarkskröfur um menntun og fagmennsku.

3.3 Öflun aðfanga.

Lyfjastofnun (áður Lyfjaeftirlit ríkisins) hefur um áratuga langt skeið haft eftirlit með innflutningi og dreifingu á náttúruvörum og fæðubótarefnum. Um er að ræða svokölluð „borderline products“ sem eru á mörkum þess að vera lyf eða ekki lyf. Skv. 2. mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er það hlutverk Lyfjastofnunar að skera úr um hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf, leiki á því vafi. Eins og kunnugt er geta jafnt náttúruvörur sem fæðubótarefni auk vítamína og steinefna talist lyf vegna innihaldsefna eða magns innihaldsefna. Með tilskipun ESB nr. 46/2002, um samræmingu aðildarríkjanna um fæðubótarefni, er ætlunin að samræma reglur sem gilda um vítamín og steinefni. Umhverfisráðherra hefur nú sett reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, umhverfisráðuneytið, Lyfjastofnun og Umhverfisstofnun ræddu umsýslu þessa málaflokks og varð niðurstaðan sú að umhverfisráðuneytið gaf út framangreinda reglugerð. Jafnframt voru endurskoðaðar reglur tollayfirvalda um hvaða tollaflokkar þyrftu áritun Lyfjastofnunar og þeim fækkað verulega. Er nú ekki lengur krafist áritunar Lyfjastofnunar á eftirfarandi tollflokkum:

18 06 90 12	Tilreidd drykkjarvöruefni, sem ásamt kakói innihalda prótein og/eða önnur næringarefni, einnig vítamín, steinefni, jurtatrefjar, fjölómettaðar fitusýrur og bragðefni.
19 01 90 11	Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum sem ekki innihalda kakó eða innihalda kakó innan við 5% miðað við þyngd, viðbættan sykur eða sætuefni, auk annarra minniháttar efnisþátta og bragðefna.
21 06 90 25	Tilreidd drykkjarvöruefni, sem innihalda prótein og/eða önnur næringarefni, einnig vítamín, steinefni, jurtatrefjar, fjölómettaðar fitusýrur og bragðefni.
21 06 90 26	Tilreidd drykkjarvöruefni úr ginsengkjörnum, blönduðum öðrum efnisþáttum, s.s. glúkósa og laktósa. Áfengisblöndur með meira en 0,5% af vínanda að rúmmáli, sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum.
29 36	Próvítamín og vítamín, náttúruleg eða efnasmíðuð, afleiður af þeim sem aðallega eru notaðar sem vítamín og innbyrðis blöndur þessara efna, einnig í hvers konar lausn.

Framangreindar breytingar fela í sér að Umhverfisstofnun hefur nú umsjá með þessum málaflokki, þ.e. sér um að skrá umrædda vöru og hafa eftirlit á markaði. Sem fyrr metur Lyfjastofnun hvort vara sé lyf. Meginbreytingin felst í því að þessar vörur sæta ekki lengur frumathugun Lyfjastofnunar áður en þær eru fluttar inn til landsins og settar á markað. Fyrirtækjunum ber að tilkynna vöruna til Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir fylgjast með því hvort vara sem er á markaði uppfyllir kröfur um innihaldsefni og áletranir.

Í tilskipun ESB nr. 83/2001, sem gildir um lyf fyrir menn, er nú sérstaklega fjallað um „borderline products“ en það eru vörur sem eru á mörkum lyfjalöggjafar og annarrar löggjafar. Mikil umræða hefur verið um þessi mörk allan síðasta áratug bæði hér á landi og í Evrópusambandinu og víðar án þess að einhlít niðurstaða hafi fengist um þau mörk, þar á meðal hvort vara skuli teljast lyf eða ekki lyf (matvæli, snyrtivara, náttúruvara, fæðubótarefni eða annað). Skv. 2. mgr. 5. gr. lyfjalaga skal Lyfjastofnun eins og áður segir skera úr leiki vafi á hvort einstök efni eða efnasambönd skuli teljast lyf. Í tilskipun ESB nr. 83/2001 kemur fram að leiki vafi á um hvort vara falli undir skilgreininguna lyf, skuli tilskipunin gilda, jafnvel í tilvikum þar sem vara fellur einnig undir svið annarrar löggjafar. Falli vara augljóslega undir skilgreiningu annarrar löggjafar, svo sem matvæli, fæðubótarefni, lækningatæki, sæfiefni eða snyrtivörur, gildir tilskipun Evrópusambandsins ekki.

Enn sem komið er gildir tilskipun ESB nr. 46/2002 einungis um fæðubótarefni sem innihalda eingöngu vítamín og steinefni. Þorri fæðubótarefna inniheldur ýmis önnur efni, svo sem plöntur, plöntuhluta, seyti, seyði eða aðrar jurtir, önnur efni, svo sem frumefni, efni úr náttúrunni og efni sem mynduð eru með efnabreytingum eða samtengingum. Þau geta því flokkast sem lyf skv. 5. gr. lyfjalaga og heyrir það undir Lyfjastofnun að skera úr hvort einstök efni eða efnasambönd í þeim teljast lyf. Stór hluti fæðubótarefna sem Lyfjastofnun fjallar um árlega inniheldur lyfjafræðilega virk innihaldsefni.

3.4 Virðisaukaskattur.

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, skal greiða í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum og einnig af innflutningi vöru og þjónustu. Þetta er hin almenna regla. Frá henni eru þó ýmsar undantekningar og er t.d. undanþegin virðisaukaskatti þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra fær embættið fjölda fyrirspurna frá græðurum varðandi framangreint lagaákvæði um undanþágur frá virðisaukaskatti. Í þessu efni er túlkunaratriði hvað telst vera „eiginleg heilbrigðisþjónusta“ og hefur ríkisskattstjóri leitað til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um vafaatriði til að fá úr því skorið.

Niðurstaðan hefur jafnan verið sú að eingöngu löggiltar heilbrigðisstéttir njóta undanþágu á þeim forsendum að þær veiti „eiginlega heilbrigðisþjónustu". Dæmi er þó um að grein sem ekki nýtur löggildingar heilbrigðisráðherra hafi fengið undanþágu frá virðisaukaskatti á sömu forsendum. Á það við um „rolfing", sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra dags. 28. apríl 2000, en að fenginni umsögn heilbrigðisyfirvalda var það mat ríkisskattstjóra að „rolfing" teljist til eiginlegrar heilbrigðisþjónustu og skuli undanþegin virðisaukaskatti.

3.5 Staða græðara í öðrum löndum.[7]

Í kafla 1.2 hefur verið fjallað um stefnumótun á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), en stofnunin hefur tekið saman umfangsmiklar upplýsingar um heilsutengda þjónustu græðara (Traditional medicine/Complementary-alternative medicine) víða um heim og jafnframt hefur stofnunin gefið út ýmsar leiðbeiningar um þessi efni. Í því sem hér fer á eftir verður fjallað um stöðu mála hvað þetta varðar á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku. Ef ekki er getið annarra heimilda byggist þessi umfjöllun á greinargerð norska heilbrigðismálaráðuneytisins með frumvarpi til laga um óhefðbundna meðferð (Det kongelige helsedepartement, 2002).

Danmörk.

Í Danmörku eins og hér á landi leitar fólk í vaxandi mæli eftir óhefðbundinni meðferð. Árið 2000 höfðu 20,6% notfært sér slíka meðferð sl. 12 mánuði en árið 1987 var það hlutfall 10%. Konur notfærðu sér oftar óhefðbundna meðferð en karlar. Algengustu meðferðarformin voru svæðanudd, nudd, náttúrulyf og nálastungur (Kjöller, 2002).

Í Danmörku var sett á stofn árið 2000 fræða- og rannsóknasetur, Videns- og forskningscenter for alternativ behandling, VIFAB. Setrið er sjálfseignarstofnun sem heyrir undir innanríkis- og heilbrigðismálaráðuneytið. Markmið VIFAB er að auka vitneskju um og þekkingu á hinum ýmsu formum óhefðbundinnar meðferðar og virkni þeirra, stuðla að rannsóknum á slíkum meðferðum og stuðla að samræðu milli löggiltra heilbrigðisstarfsmanna og þeirra sem veita og notfæra sér óhefðbundna meðferð. Árið 2002 voru 6 stöður við setrið og fjárveiting til þess nam 8,8 milljónum danskra króna og skiptist þannig að 2,8 milljónir voru til daglegs reksturs en 6 milljónir í styrki til rannsóknarverkefna. Af öðrum aðilum í Danmörku sem fjalla um óhefðbundna meðferð má nefna Sundhedsstyrelsens Råd vedrørende alternativ behandling.

Dönsk löggjöf hvað varðar rétt annarra en löggiltra heilbrigðisstarfsmanna til þess taka sjúklinga til meðferðar er mjög áþekk og hér á landi. Ákvæðin hvað þetta varðar eru í 6. kafla dönsku læknalaganna. Meginreglan er sú að það er öllum frjálst að taka sjúklinga til meðferðar en í lögunum eru síðan vissar takmarkanir á því hvaða sjúkdóma og hvers konar meðferð má veita. Eins og hér á landi er það refsivert ef sá sem ekki hefur lækningaleyfi kallar sig lækni eða gefur til kynna á annan hátt að hann hafi slíkt leyfi. Enn fremur eru sérstök ákvæði sem setja því þröngar skorður hvernig sá sem ekki er löggiltur heilbrigðisstarfsmaður má kynna og auglýsa þá meðferð sem hann býður fram.

Það er einnig refsivert ef sá sem ekki er læknir tekur sjúklinga til meðferðar og setur með því heilsu þeirra í hættu. Viðurlögin eru strangari ef skaði hlýst af meðferðinni eða sjúklingurinn er geðsjúkur, vangefinn, yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði. Meðferð smitandi kynsjúkdóma, berkla og annarra smitnæmra sjúkdóma er ekki heimil öðrum en læknum. Það

[7] Í fylgiskjali VI eru birtar netslóðir fræðasetra í ýmsum löndum sem getið er í þessum kafla.

að viðkomandi meðferðaraðili áttaði sig ekki á eðli sjúkdóms vegna vanþekkingar firrir hann ekki ábyrgð.

Enn fremur eru það einungis læknar (og tannlæknar og ljósmæður á sínu sviði) sem mega framkvæma skurðaðgerðir, gefa deyfingu eða svæfingu og veita fæðingarhjálp. Athyglisvert er að árið 1981 komst hæstiréttur í Danmörku að þeirri niðurstöðu að líta bæri á nálastungur sem skurðaðgerð. Þrátt fyrir þetta mun Sundhedsstyrelsen hafa horft í gegnum fingur sér hvað varðar að framfylgja þessu (Statens Institut for Folkesundhed, 2002).

Læknum er einum heimilt að vísa á lyfseðilsskyld lyf, nota röntgenrannsóknir og geislameðferð og nánar skilgreinda rafmagnsmeðferð. Í dönsku læknalögunum er einnig athyglisvert ákvæði sem bannar þeim sem ekki er læknir og er ekki danskur ríkisborgari eða ríkisborgari á Evrópska efnahagssvæðinu að taka sjúklinga til meðferðar nema viðkomandi hafi haft búsetu í Danmörku í 10 ár. Heilbrigðismálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Enn fremur er það óheimilt öðrum en læknum að taka sjúklinga til meðferðar ef meðferðaraðilinn er ekki búsettur þar sem meðferðin fer fram.

Opinberar sjúkratryggingar í Danmörku taka ekki þátt í kostnaði við óhefðbundna meðferð.

Danska þjóðþingið setti 19. maí 2004 lög nr. 351 um skráningu þeirra sem veita óhefðbundna meðferð (Lov om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere). Í framhaldi af því gaf Sundhedsstyrelsen út reglugerð á grundvelli laganna (Bekendtgørelse om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere). Frumvarp til laga um græðara og drög að reglugerð um sama efni taka mjög mið af þessum dönsku reglum.

Noregur.

Í Noregi leitar fólk einnig í vaxandi mæli eftir óhefðbundinni meðferð. Í könnun árið 1977 kom fram að fimmtungur Norðmanna hefði einu sinni eða oftar á ævinni notfært sér óhefðbundna meðferð en í könnun sem gerð var af Senter for helseadministrasjon 1998 höfðu 37% notfært sér slíka meðferð. Í þessari könnun voru kírópraktorar taldir veita óhefðbundna meðferð þrátt fyrir að þeir nytu löggildingar. Konur notfærðu sér oftar óhefðbundna meðferð. Algengustu meðferðarformin voru hómópatía, nálastungur og svæðanudd (Det kongelige helsedepartement, 2002).

Í desember 1998 kom út mjög ítarleg skýrsla stjórnskipaðrar nefndar sem kennd var við formann nefndarinnar dr. med. Jarle Aarbakke, prófessor við háskólann í Tromsö (Norges offentlige utredninger, 1998:21). Nefndin lagði til að lög um skottulækningar (kvaksalveriloven) yrðu afnumin og í þeirra stað kæmu nútímalegri ákvæði sem sett yrðu í sérstakan kafla í lögum um heilbrigðisstarfsmenn (helsepersonellloven) og þar yrðu auk ákvæða um ábyrgð annarra meðferðaraðila en löggiltra heilbrigðisstarfsmanna ákvæði um þagnarskyldu og frjálst skráningarkerfi fyrir óhefðbundna meðferðaraðila.

Nefndin lagði auk þess til aðgerðir til þess að auka vitneskju almennings um óhefðbundnar meðferðir og aðgerðir til þess að stuðla að meiri samvinnu óhefðbundinna meðferðaraðila og hins almenna heilbrigðiskerfis. Meðal annars lagði nefndin til að sett yrði á stofn upplýsingasafn um óhefðbundna meðferð, hvatt var til meiri rannsókna á óhefðbundinni meðferð og aðgerða til þess að auka vitneskju og þekkingu löggiltra heilbrigðisstarfsmanna á slíkri meðferð. Einnig lagði nefndin til fjárveitingu til samstarfsverkefna um samþætta meðferð.

Rannsóknasetur fyrir óhefðbundna meðferð, NAFKAM, var sett á stofn árið 2000 að frumkvæði rannsóknaráðsins norska, Norges Forskningsråd. Setrið hefur aðsetur við læknadeild háskólans í Tromsö. NAFKAM fékk árið 2002 fjárveitingu upp á 1,6 milljónir norskra króna auk fjárveitinga frá félögum og stofnunum til einstakra rannsóknarverkefna. Árið 2004 var fjárveitingin tvöfölduð.

Skýrsla og tillögur Aarbakke-nefndarinnar voru sendar 140 aðilum til umsagnar á vegum heilbrigðismálaráðuneytisins norska og síðan samið frumvarp til laga um óhefðbundna meðferð sem lagt var fram í desember 2002 með ítarlegri greinargerð (Det kongelige helsedepartement, 2002).

Fyrsta janúar 2004 tóku gildi í Noregi lög um óhefðbundna meðferð og um leið voru lagaákvæði um skottulækningar sem gilt höfðu í 67 ár numin úr gildi. Samhliða lagasetningunni voru gefnar út tvær reglugerðir, ein um frjálst skráningarkerfi fyrir þá sem veita óhefðbundna meðferð (Forskrift om frivillig registerordning for utøvere av alternativ behandling) og önnur um markaðssetningu á óhefðbundinni meðferð (Forskrift om markedsføring av alternativ behandling av sykdom). Norðmenn urðu með þessu fyrsta Norðurlandaþjóðin til þess að setja nútímaleg lög og reglur á þessu sviði.

Opinberar sjúkratryggingar í Noregi taka ekki þátt í kostnaði við óhefðbundna meðferð.

Svíþjóð.

Í könnun meðal Stokkhólmsbúa árið 2000 kom fram að 20% þeirra höfðu notfært sér óhefðbundna meðferð síðastliðna 12 mánuði og 49% þeirra höfðu notfært sér slíka meðferð einu sinni eða oftar á ævinni (Eklöf & Tegern, 2001). Hafði fjöldi þeirra sem notfærðu sér slíka meðferð tvöfaldast frá því 1985 (Alternativ medicinkomittén, 1987). Algengustu meðferðarformin voru nudd, náttúrulyf, kírópraktik, nálastungur og naprapatía.[8]

Ýmsir aðilar, s.s. háskólar, sveitarfélög og einkaaðilar sem reka heilbrigðisþjónustu og félagasamtök, fjalla um óhefðbundna meðferð og rannsóknir á slíkum meðferðum (Eklöf & Kullberg, 2004).

Hvað varðar rétt annarra en löggiltra heilbrigðisstarfsmanna til þess að taka sjúklinga til meðferðar er sænsk löggjöf mjög áþekk íslenskri löggjöf. Ákvæði um skottulækningar frá 1960 voru árið 1999 tekin inn í lagabálk um starfsréttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

Árið 1989 var lögð fram skýrsla um óhefðbundna meðferð í Svíþjóð (Statens offentliga utredningar). Í skýrslunni var lagt til að lagaákvæðum um skottulækningar yrði breytt og sett ný lög um óhefðbundna meðferð. Lagt var til að komið yrði á skráningu þeirra sem veittu slíka meðferð og gætu með því að standast próf sýnt fram á grundvallarþekkingu í heilsu- og sjúkdómafræði. Tillagan var ekki framkvæmd, fékk ekki stuðning umsagnaraðila, og enn sem komið er hafa ekki verið sett nein lög um óhefðbundna meðferð í Svíþjóð en búist er við að þar verði farin svipuð leið og ráðgerð er hér og farin hefur verið í Danmörku og Noregi. Í lok árs 2004 er væntanleg skýrsla um þetta efni á vegum Statens offentliga utredningar sem nú er unnið að af hálfu AKM-Registerutredningen.

Í stjórnarsáttmála árið 2002 er gert ráð fyrir að stuðlað verði að meiri samræðu milli hefðbundinnar og óhefðbundinnar heilbrigðisþjónustu m.a. með því að löggiltir heilbrigðisstarfsmenn fái í námi sínu meiri fræðslu um óhefðbundna meðferð.

Opinberar sjúkratryggingar í Svíþjóð taka ekki þátt í kostnaði við óhefðbundna meðferð.

---

[8] Aðferð þar sem líkaminn er handleikinn eða meðhöndlaður, svipar til lið- og beinaskekkjumeðferðar.

Finnland.

Í Finnlandi hefur hlutfall þeirra sem notfæra sér óhefðbundna meðferð aukist frá því að vera 34% 1983 í 46% 1993. Löggjöf um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna er áþekk því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum. Opinberar sjúkratryggingar taka ekki þátt í kostnaði við óhefðbundna meðferð nema meðferðin sé veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmanni. Meðferð hjá kírópraktor, osteópata eða naprapata er greidd að hluta ef sjúklingur hefur fengið greiningu og tilvísun frá lækni og meðferðaraðilinn er í starfi hjá viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

Bretland.

Í Bretlandi er notkun óhefðbundinna meðferða útbreidd. Í könnun á vegum breska ríkisútvarpsins árið 1999 kom fram að 20% svarenda höfðu notfært sér slíka meðferð á undangengnum 12 mánuðum. Af þeim höfðu 34% notað grasalækningar, 21% ilmolíumeðferð, 17% hómópatíu, 14% nálastungur, 6% nudd, 6% svæðanudd, 4% osteópatíu og 3% kírópraktik (Ernst & White, 2000).

Óhefðbundinni meðferð er beitt á sumum opinberum sjúkrastofnunum sem kostaðar eru af sjúkratryggingakerfinu þar í landi (NHS), þessa eru sérstaklega dæmi hvað varðar krabbameinsmeðferð. Einnig eru a.m.k. fimm sjúkrastofnanir sem samtvinna smáskammtalækningar (homeopathy) og venjulega læknismeðferð.

Í Bretlandi hefur stofnunin *Prince of Wales Foundation for Integrated Health,* sem komið var á fót að frumkvæði prinsins af Wales, það hlutverk að fjármagna rannsóknir, safna saman upplýsingum, vinna að stefnumótun og samþætta óhefðbundna meðferð hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Stofnunin hefur átt þátt í opinberri stefnumótun m.a. hvað varðar eftirlit fagfélaga óhefðbundinna meðferðaraðila.

Meginreglan í breskri löggjöf er sú að það er öllum frjálst að taka sjúklinga til meðferðar en þess er krafist að sjúklingur gefi upplýst samþykki fyrir meðferðinni. Meðferð við nokkrum einstökum sjúkdómum er hins vegar ekki heimil öðrum en læknum. Þetta gildir um krabbamein, sykursýki, flogaveiki, ský á auga, berkla og kynsjúkdóma. Óhefðbundinni meðferð við krabbameini er beitt að vissu marki á sjúkrahúsum en ekki í þeim tilgangi að lækna krabbameinið sjálft heldur til þess að draga úr aukaverkunum af sjálfri krabbameinsmeðferðinni og til þess að bæta líðan sjúklinga. Læknar einir mega vísa á lyfseðilsskyld lyf og framkvæma fóstureyðingu. Skurðaðgerðir eru ekki bannaðar öðrum en læknum en aðrir eiga yfir höfði sér ákæru fyrir manndráp af gáleysi ef sjúklingur deyr í kjölfar skurðaðgerðar.

Leyfisveitingar til löggiltra heilbrigðisstarfsmanna eru í höndum sérstakra aðila, General Medical Council (GMC) fyrir lækna, Nursing and Midwifery Council (NMC) fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður, General Dental Council (GDC) fyrir tannlækna, General Optical Council (GOC) fyrir sjónfræðinga, Health Professions Council (HPC) fyrir ýmsa, þar á meðal sjúkraþjálfara. Osteópatar og kírópraktorar njóta löggildingar síðan 1993 og 1994 samkvæmt Chiropractors Act og Osteopaths Act. Um leyfisveitingar til þeirra er fjallað með sama hætti og hvað varðar lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Eru leyfisveitingar í höndum General Osteopathic Council (GOsC), og General Chiropractic Council (GCC).

Nefnd á vegum bresku lávarðadeildarinnar (Select Committee on Science and Technology) skilaði árið 1999 skýrslu um óhefðbundna meðferð og lagði fram ýmsar tillögur að stefnu stjórnvalda á þessu sviði. Nefndin flokkaði óhefðbundnar meðferðir í þrjá flokka. Í fyrsta flokknum eru osteópatía, kírópraktik, nálastungur, grasalækningar og hómópatía. Af þessum greinum eru tvær þær fyrstnefndu þegar löggiltar. Nefndin taldi að þessar fimm greinar ættu það sameiginlegt að meðferðin byggðist á sérstakri greiningu á ástandi þess sem

leitaði meðferðar. Í öðrum flokki eru ýmsar meðferðir sem er oftast beitt sem viðbót við almenna heilbrigðisþjónustu og meðferðaraðilar telja sig ekki beita sérstakri greiningaraðferð. Í þennan flokk setti nefndin Alexandertækni, ýmsar tegundir nuddmeðferðar, ráðgjöf um streitulosun, svæðanudd, innhverfa íhugun og heilun. Í þriðja flokkinn setti nefndin ýmsar meðferðir, þar sem meðferðaraðilar telja sig beita bæði greiningu og meðferð, en láta sig vísindalegar niðurstöður sem almenn heilbrigðisþjónusta byggir á litlu varða. Meðferð þessara aðila byggist enda á annarri hugmyndafræði hvað varðar orsakir og meðferð sjúkdóma. Þarna er annars vegar um að ræða Ayurvedic-læknisfræði og hefðbundna kínverska læknisfræði sem eiga sér margra alda hefð og hins vegar ýmsar meðferðir sem byggjast að áliti nefndarinnar ekki á neinum sannferðugum þekkingargrunni, svo sem kristallameðferð, lithimnufræði og kinesiologi (vöðva- og hreyfifræði) o.fl.

Skýrslunni var fylgt eftir af Department of Health (2001) og tók ráðuneytið undir flestar tillögur nefndarinnar. Bæði nefndin og ráðuneytið eru þeirrar skoðunar að viðurkenna eigi fleiri óhefðbundna meðferðaraðila með löggildingu á sama hátt og þá sem á undan eru taldir og má þar nefna bæði grasalækna og nálastunguaðila. Leyfisveitingar til þessara aðila mundu þá byggjast á Health Act frá 1999. Er gert ráð fyrir að þetta verði komið á 2005–2006 (Department of Health, 2004).

Ráðuneytið og lávarðadeildin hafa enn fremur hvatt aðra óhefðbundna meðferðaraðila til þess að skipuleggja sig í fagfélögum óski þeir eftir viðurkenningu hins opinbera. Eftirlit með þeim meðferðaraðilum sem njóta opinberrar viðurkenningar er í höndum fagfélaganna og því nátengt skráningu í félögin. Skráðir meðferðaraðilar verða að stunda fag sitt á ábyrgan hátt (good practice) og verða að gæta þess að fara ekki út fyrir verksvið sitt og færni. Eftirlitið byggist á verklagsreglum sem fagfélögin gefa út. Ströngustu viðurlögin við óábyrgri starfsemi er svipting aðildar að fagfélaginu.

Í Bretlandi er óhefðbundin meðferð að vissu marki veitt á kostnað sjúkratryggingakerfisins (NHS) og þá með tilvísun frá heimilislækni eða meðferðarlækni á sjúkrastofnun. Tilvísandi læknir ber þá nokkra ábyrgð á meðferðinni. Læknar geta einnig vísað sjúklingum til óhefðbundinnar meðferðar án þátttöku sjúkratryggingakerfisins.

Um það bil 90% af óhefðbundinni meðferð í Bretlandi er án þátttöku sjúkratryggingakerfisins. Þess munu hins vegar dæmi að einkatryggingar taki þátt í kostnaði við meðferð.

Þýskaland.

Í Þýskalandi eru það einungis læknar og svonefndir „Heilpraktiker“ sem mega taka sjúklinga til meðferðar.

Lögin um „Heilpraktiker“ (Heilpraktikergesetz) eru frá 1939 og gilda um alla óhefðbundna meðferð nema kinesiologi. Samkvæmt lögunum þurfa „Heilpraktiker“ að standast opinbert próf þar sem gerðar eru miklar kröfur og krefst í reynd þriggja ára undirbúnings. Mikið er um að hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn mennti sig sem „Heilpraktiker“. Prófuð er þekking á hefðbundinni vestrænni heilsu- og sjúkdómafræði auk óhefðbundinna meðferða („Heilpraktikerkunde“). Prófið á að stuðla að því að meðferðaraðilar skaði ekki sjúklinga.

Auk þess að standast próf verður sá sem vill fá viðurkenningu sem „Heilpraktiker“ að sýna fram á að hann sé við góða heilsu, sé ekki háður fíkniefnum og njóti góðs álits.

Lögin vernda starfsheitið „Heilpraktiker“ þannig að einungis þeir sem hafa staðist prófið mega nota það.

Eins og áður er nefnt eru það einungis læknar og „Heilpraktiker“ sem mega taka sjúklinga til meðferðar í Þýskalandi. Bæði læknar og „Heilpraktiker“ geta falið hjálparmönnum

ákveðin verkefni við meðferð sjúklinga annaðhvort inni á heilbrigðisstofnun eða með tilvísun. Í báðum tilvikum er læknirinn eða „Heilpraktiker" áfram ábyrgur fyrir meðferðinni.

„Heilpraktiker" geta ef það er talið forsvaranlegt gefið sprautur en eiga refsingu yfir höfði sér fari þeir út fyrir verksvið sitt. Þeir geta einnig vísað á tiltekin lyf.

Í Þýskalandi mega læknar einir framkvæma vissar skoðanir og meðferð, m.a. skoðun á kynfærum, vegna kynsjúkdóma, tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, ónæmisaðgerðir, fæðingarhjálp, tannlækningar, réttarlæknisfræðilegar skoðanir o.fl.

Nokkrar óhefðbundnar meðferðir eru greiddar af opinberum sjúkratryggingum í Þýskalandi. Þetta gildir þó einungis ef læknasamtökin þar í landi hafa viðurkennt að viðkomandi meðferð sé gagnreynd og meðferðin sé veitt af lækni. Meðferð veitt af „Heilpraktiker" fæst ekki greidd.

Frakkland.

Í Frakklandi er óhefðbundinni meðferð beitt í töluverðum mæli innan almennrar heilbrigðisþjónustu. Í rannsókn frá 1987 kom fram að 36% af læknunum sem flestir voru heimilislæknar beittu óhefðbundinni meðferð.

Lagaákvæði um starf heilbrigðisstétta í Frakklandi eru í „Code de la santé publique". Í Frakklandi eru það einungis læknar með gilt lækningaleyfi sem mega sjúkdómsgreina og meðhöndla sjúklinga. Aðilar sem ekki eru læknar, tannlæknar eða ljósmæður eiga því refsingu yfir höfði sér veiti þeir meðferð (Code de la santé publique, Article L4161-1). Þetta á líka við þótt slíkur aðili veiti meðferðina undir læknisfræðilegri. Flestar óhefðbundnar meðferðir í Frakklandi eru því veittar af læknum og fjöldi lækna sem veitir slíka meðferð fer vaxandi.

Sjúkratryggingar í Frakklandi taka þátt í kostnaði við nokkrar óhefðbundnar meðferðir (hómópatíu, kírópraktik og nálastungur) svo fremi meðferðin sé veitt af lækni.

Ekki munu fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglum varðandi óhefðbundna meðferð í Frakklandi.

Holland.

Meginreglan í löggjöf í Hollandi er sú að það er öllum frjálst að taka sjúklinga til meðferðar. Undantekningar frá þessari meginreglu eru þær að nokkrar læknisfræðilegar aðgerðir mega einungis þeir sem hafa hlotið til þess sérstakt leyfi framkvæma. Þessar aðgerðir eiga það sameiginlegt að þeim fylgir veruleg hætta á að sjúklingurinn geti orðið fyrir skaða samfara aðgerðinni.

Þær aðgerðir sem undantekningin gildir um eru hvers konar skurðaðgerðir, kvensjúkdóma- og fæðingarhjálparaðgerðir, þræðingar og speglanir, sýnataka og inndælingar, svæfingar, notkun geislavirkra efna, meðferð hjartsláttartruflana, þ.m.t. hjartarafstuð, raflostmeðferð, meðferð í steinbrjót og glasafrjóvgun. Þessar aðgerðir mega einungis þeir heilbrigðisstarfsmenn framkvæma sem hafa fengið til þess sérstakt leyfi og þeir sem þeir fela að framkvæma þessar aðgerðir á sína ábyrgð.

Samkvæmt lögunum geta læknar, tannlæknar og ljósmæður fengið sérstakt leyfi til þess að framkvæma þessar tilteknu aðgerðir hver á sínu sviði. Þetta leyfi gefur læknum, tannlæknum og ljósmæðrum heimild til þess að framkvæma eða láta framkvæma hinar tilteknu aðgerðir að eigin frumkvæði, þ.e.a.s. að þessir aðilar eru ábyrgir fyrir því að ákveða að til staðar sé rétt ábending fyrir tiltekinni aðgerð. Þeir mega hins vegar ekki fara út fyrir sitt verksvið og verða að vera færir um að framkvæma aðgerðirnar á forsvaranlegan hátt.

Eins og áður er nefnt mega aðrir heilbrigðisstarfsmenn, t.d. hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, framkvæma sumar þessara aðgerða þó þeir hafi ekki fengið til þess sérstakt leyfi samkvæmt lögum. Þessir starfsmenn hafa hins vegar ekki leyfi til þess að ákveða hvort ábending er fyrir aðgerð heldur þurfa að fá fyrirmæli frá þeim starfsmönnum sem hafa slíkt leyfi. Starfsmenn sem framkvæma einhverjar þær aðgerðir sem undanþága gildir um án þess að hafa slík fyrirmæli gætu þurft að sæta refsingu.

Af þessu má sjá að í Hollandi hefur verið valin sú leið að telja upp í lögum tilteknar læknisfræðilegar aðgerðir sem sérstakt leyfi þarf til þess að framkvæma í stað þess að á Norðurlöndunum hefur verið valin sú leið að setja takmarkanir út frá tilteknum sjúkdómaflokkum eða einstökum sjúkdómsgreiningum.

Evrópusambandið.

Innan Evrópusambandsins hafði Evrópuþingið frumkvæði að rannsóknum og úttekt á þekkingu um virkni óhefðbundinna meðferða innan ramma Samvinnuverkefnis um vísindi og tækni (COST B4). Stýrihópur verkefnisins gaf út skýrslu árið 1998 og komst að þeirri niðurstöðu að ekki lægju fyrir nægileg gögn til þess að skera úr um virkni neinnar slíkrar meðferðar. Evrópuráðið og Evrópuþingið hafa ályktað um nauðsyn meiri rannsókna á óhefðbundinni meðferð.

Evrópusambandið hefur enga sameiginlega löggjöf eða stefnu hvað varðar óhefðbundna meðferð heldur lætur hverju aðildarríki fyrir sig eftir að setja lög og móta slíka stefnu.

Í kafla 3.3 var greint frá tilskipunum Evrópusambandsins varðandi aðföng til starfsemi þeirra sem veita óhefðbundna meðferð, t.d. hómópata. Gerðar eru kröfur varðandi markaðssetningu, gæði og öryggi í notkun en ekki eru gerðar neinar kröfur til þess að sýnt sé fram á virkni.

Bandaríki Norður-Ameríku.

Árið 1998 birtu Eisenberg og félagar grein í JAMA, tímariti bandarísku læknasamtakanna, sem mikið hefur verið vísað til síðan (Eisenberg, Davis, Ettner, Appel, Wilkey, Van Rompay, Kessler). Þar er sagt frá niðurstöðum símakönnunar á notkun 16 tilgreindra óhefðbundinna meðferða á undangengnum 12 mánuðum og leiddi könnunin í ljós að hlutfall þeirra sem höfðu notfært sér einhverja þessara meðferða hafði aukist úr 34% 1990 í 42% 1997. Þær meðferðir sem notkunin jókst mest á voru náttúrulyf, nudd, fjölvítamín, sjálfshjálparhópar, alþýðulækningar (folk medicine), orkumeðferðir og smáskammtameðferð. Samkvæmt könnuninni leituðu svarendur oftast eftir meðferð vegna langvinnra kvilla, svo sem bakverkja, kvíða, depurðar og höfuðverkja. Aukningin virtist ekki stafa af því að sömu einstaklingar leituðu oftar eftir meðferð heldur fremur af því að fleiri einstaklingar leituðu eftir meðferð. Væru niðurstöðurnar yfirfærðar á alla bandarísku þjóðina bentu þær til þess að samskipti við óhefðbundna meðferðaraðila væru fleiri en við hefðbundna meðferðaraðila.

Rannsóknahópur Eisenbergs hefur einnig notað aðrar aðferðir til þess að kanna notkun á óhefðbundnum meðferðum og þá kannað um leið samtíma notkun á hefðbundinni læknisfræðilegri meðferð (Druss & Rosencheck, 1999). Í þessari rannsókn sem byggðist á viðtölum við um 16.000 viðmælendur var spurt um fjölda heimsókna til óhefðbundinna meðferðaraðila og hefðbundinna læknisfræðilegra aðila. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að árið 1996 notfærðu 6,5% aðspurðra sér óhefðbundna meðferð á sama tíma og hefðbundna meðferð og 1,8% eingöngu óhefðbundna meðferð. Þeir sem notfærðu sér hvort tveggja áttu fleiri samskipti við lækna en þeir sem einungis notfærðu sér hefðbundna læknisfræðilega meðferð. Af þessum niðurstöðum ályktа greinarhöfundarnir að notkun á óhefðbundnum meðferðum sé viðbót

fremur en að þær komi í stað hefðbundinnar læknisfræðilegrar meðferðar. En hvers vegna leita Bandaríkjamenn eftir óhefðbundinni meðferð? Astin kemst að þeirri niðurstöðu í grein í JAMA (1998) að það sé ekki vegna óánægju með hefðbundna læknisfræðilega meðferð heldur vegna þess að óhefðbundnu meðferðirnar samrýmdust betur viðhorfi þeirra og gildismati í tengslum við líf og heilsu.

Þær niðurstöður sem hér hafa verið raktar áttu áreiðanlega stærstan þátt í því að sett var á stofn árið 1998 rannsóknastofnun sem fæst við rannsóknir á óhefðbundinni meðferð, National Center for Complementary and Alternative Medicine (NCCAM). NCCAM er ein af þeim 27 stofnunum sem mynda Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna, National Institute of Health (NIH). NCCAM hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir á óhefðbundnum meðferðum, mennta rannsóknarmenn á þessu sviði og dreifa ábyggilegum upplýsingum til almennings og fagfólks um hvaða meðferðir virðast gagnlegar og hvers vegna. Árið 2004 nam fjárhagsáætlun NCCAM 116,2 milljónum bandaríkjadala eða u.þ.b. átta milljörðum króna og hefur ríflega tvöfaldast frá því miðstöðin tók til starfa 1999. NCCAM hefur tekið þátt í að koma á fót 21 rannsóknamiðstöð víðs vegar um Bandaríkin. Sumar þessara miðstöðva sérhæfa sig í rannsóknum á einni óhefðbundinni meðferð, t.d. náttúrumeðölum, nálastungum eða kírópraktik. Aðrar ganga út frá tilteknum heilsuvanda og kanna hvaða óhefðbundnar meðferðir gagnast við þeim vanda. Þannig eru miðstöðvar sem einbeita sér að rannsóknum á óhefðbundnum meðferðum við heilsuvanda kvenna eða aldraðra eða barna Enn aðrar einbeita sér að óhefðbundnum meðferðum við krabbameini eða taugakerfissjúkdómum svo dæmi séu tekin. Auk NCCAM má nefna marga þekkta háskóla og stofnanir sem stunda rannsóknir á óhefðbundnum meðferðum og notkun þeirra.

Institute of Medicine (IOM) var sett á stofn 1970 sem hluti af National Academy of Sciences. IOM er ráðgefandi um ýmislegt er varðar lýðheilsu í Bandaríkjunum. IOM setti árið 2003 á fót rannsóknahóp sem á að kanna notkun Bandaríkjamanna á óhefðbundnum meðferðum. IOM telur mikilvægt að kortleggja og sjá hvaða afleiðingar það hefur ef óhefðbundnar meðferðir fá almenna viðurkenningu.

Osher Center for Integrative Medicine er hluti af Kaliforníuháskóla í San Francisco. Markmið miðstöðvarinnar er að leita eftir sem virkastri meðferð sjúklinga með því að tvinna saman hefðbundna læknisfræðilega meðferð og óhefðbundnar meðferðir og reyna þannig að sameina líffræðileg, sálræn, félagsleg og andleg sjónarmið varðandi allt sem snertir heilsu og líðan fólks.

Við háskólann í Minnesota var stofnað árið 1995 fræðasetur sem fæst við rannsóknir og kennslu varðandi samþætta meðferð (Center for Spirituality and Healing). Á vegum setursins er tvinnað saman læknisfræðilegum, óhefðbundnum, fjölmenningarlegum og andlegum þáttum og er setrið í fararbroddi í kennslu og rannsóknum á þessu sviði. Rannsóknir, kennsla og nám er þverfaglegt og er markmiðið að þróa nýtt módel fyrir heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar.

Hvað varðar stöðu þeirra sem veita óhefðbundnar meðferðir í Bandaríkjunum þá getur hún verið misjöfn eftir því hvaða fylki á í hlut. Alríkisreglur um viðurkenningu starfsréttinda eru einungis til fyrir lækna, osteópata og hjúkrunarfræðinga en menntun osteópata í Bandaríkjunum er að mörgu leyti sambærileg við læknismenntun. Þess utan ákveður hvert fylki fyrir sig hvaða kröfur eru gerðar um menntun og próf til þess að aðili sem býður óhefðbundna meðferð teljist hæfur og eru þessar kröfur nokkuð mismunandi eftir fylkjum (Eisenberg o.fl., 2002). Þannig má nefna að aðilar sem veita nálastungumeðferð en eru ekki læknismenntaðir geta fengið starfsleyfi í flestum fylkjum. Í 31 fylki felur lækninga- eða ostópataleyfi í sér heimild til þess að stunda nálastungur en önnur fylki krefjast sérstakrar þjálfunar,

hafa engar reglur hvað þetta varðar eða leyfa ekki nálastungumeðferð. Einungis Hawaii gerir sömu kröfur um menntun og þjálfun til lækna og annarra sem vilja stunda nálastungumeðferð.

Kírópraktorar geta fengið starfsleyfi í öllum fylkjum og alls eru um 70.000 kírópraktorar með starfsleyfi í fylkjum Bandaríkjanna. Gerðar eru kröfur um 4–5 ára nám og próf frá National Board of Chiropractic Examiners. Fylkin hafa svo mismunandi reglur um í hve miklum mæli kírópraktorar mega beita öðrum meðferðum svo sem náttúrumeðölum, smáskammtameðferð eða nálastungum. Í þremur fylkjum er læknis- eða osteópatamenntun gerð að skilyrði fyrir því að mega beita smáskammtameðferð og þar geta læknar og osteópatar fengið sérstaka viðurkenningu sem smáskammtalæknar (homeopathic doctors). Annars er talið að það séu um 6.000 hómópatar starfandi í Bandaríkjunum án sérstakrar opinberrar viðurkenningar. Auk þeirra er mikill en óviss fjöldi annarra óhefðbundinna meðferðaraðila starfandi og njóta sumir opinberrar viðurkenningar en aðrir ekki.

3.6 Áhrif og virkni óhefðbundinna meðferða.

Aarbakke-nefndin norska komst að eftirfarandi niðurstöðu hvað varðar virkni ýmissa óhefðbundinna meðferða (Norges offentlige utredninger, 1998).

Nálastungumeðferð hefur sannanlega virkni til þess að draga úr ógleði eftir skurðaðgerðir og krabbameinslyfjameðferð og líklega virkni gegn meðgönguógleði, verkjum eftir tannaðgerðir og sem viðbótarmeðferð við áfengis- og lyfjafíkn og endurhæfingu eftir heilablóðfall og ef til vill virkni gegn verkjum eftir skurðaðgerðir, langvinnum verkjum, astma og tóbaksfíkn.

Ilmolíumeðferð: Þrátt fyrir að líffræðileg áhrif ilmolía séu þekkt liggja ekki fyrir nægileg gögn til þess að greina á milli virkni ilmolíanna sem slíkra og virkni nuddsins sem er hluti af meðferðinni og lyktaráhrifa.

Ayurveda-læknisfræði felur í sér meðferð sem kann að hafa gagnlega virkni en skilning á hvað í meðferðinni virkar skortir.

Heilun kann að virka en ekki er ljóst hvernig.

Hómópatía hefur mögulega virkni en óvíst í hvaða tilvikum.

Kinesiologi: Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn til þess að segja til um virkni.

Osteópatía: Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn til þess að segja til um virkni.

Svæðanudd: Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn til þess að segja til um virkni.

Innhverf íhugun hefur líklega virkni til slökunar og gæti haft gagnlega virkni í meðferð gegn fíkn. Hvað varðar virkni gegn t.d. hjarta- og æðasjúkdómum liggja ekki fyrir nægjanleg gögn.

Heilbrigðisstjórnin í Noregi kannaði árið 2002 tiltæk gögn í gagnagrunnum hvað varðar virkni nálastungumeðferðar, hómópatíu, grasalækninga, osteópatíu og naprapatíu og komst að svipuðum niðurstöðum og Aarbakke-nefndin (Det kongelige helsedepartement, 2002).

Cochrane-samvinnan (The Cochrane Collaboration) eru alþjóðleg samtök um læknisfræðirannsóknir kennd við forgöngumann um rannsóknir á virkni meðferðar. Markmið samvinnunnar er að auðvelda meðferðaraðilum, notendum meðferðar og stjórnmálamönnum að taka vel upplýstar ákvarðanir um heilbrigðisþjónustu og meðferð. Samvinnan byggist á því að safna og viðhalda kerfisbundnu yfirliti um virkni ýmissa aðgerða og meðferðar í heilbrigðisþjónustu og gera niðurstöðurnar aðgengilegar. Í gagnasafni Cochrane-samvinnunnar (The Cochrane Library), sem er talið besta heimildin um virkni óhefðbundinna meðferða, voru í mars 2004 145 yfirlitsgreinar um óhefðbundnar meðferðir (Manheimer, Berman, Heather og Beckner, 2004).

Manheimer og félagar könnuðu allar þessar 145 greinar með tilliti til virkni meðferðanna og flokkuðu í 6 flokka út frá virkni: *gagnleg virkni, mögulega gagnleg, tvær virkar meðferðir skila sama árangri, niðurstöður ekki afgerandi, engin virkni og skaðleg virkni.* Samkvæmt langflestum yfirlitsgreinunum voru niðurstöðurnar í flokknum ekki afgerandi (n=82, 56,6%), síðan gagnleg virkni (n=36, 24,8%), mögulega gagnleg (n=18, 12,4%), engin virkni (n=7, 4,8%). Í flokkana *tvær meðferðir skila sama árangri* og *skaðleg virkni* lentu ein yfirlitsgrein í hvorn.

Þær meðferðir sem flestar yfirlitsgreinar voru til um í gagnasafninu voru fæðubótarefni (ekki grös) með 71 grein, grös (23), raförvun (11) og nálastungur (10). Þrjár af hverjum tíu greinum um nálastungur sýndu gagnlega eða mögulega gagnlega virkni, fjórar af 71 grein um fæðubótarefni, 16 af 23 greinum um grös og 5 af 11 um raförvun.

Höfundarnir komast að þeirri niðurstöðu að það séu til staðar sterk rök fyrir virkni sumra óhefðbundinna meðferða en það sé brýn nauðsyn á frekari rannsóknum vegna þess hversu margar greinar falla í flokkinn *niðurstöður ekki afgerandi.* Þeir vekja einnig athygli á að einungis ein yfirlitsgrein af þessum 145 sem kannaðar voru benti til skaðlegrar virkni af óhefðbundnu meðferðunum sem rannsakaðar voru.

Flest lyf, þ.m.t. fæðubótarefni og náttúrumeðöl, geta valdið óæskilegum verkunum, svonefndum aukaverkunum. Sama máli gegnir um ýmsa læknismeðferð og óhefðbundna meðferð. Það að efni séu talin hafa hollustu í för með sér eða teljist náttúruleg er ekki trygging fyrir því að þau geti ekki valdið aukaverkunum. Flestar aukaverkanir eru sem betur fer meinlausar og ganga fljótt yfir, oftast á fyrstu dögum meðferðar. Í undantekningartilvikum geta aukaverkanir verið alvarlegar og jafnvel lífshættulegar.

Skaðlegar verkanir af óhefðbundinni meðferð geta verið margvíslegar. Upplýsingar um þekktar aukaverkanir má finna á ýmsum heimasíðum um óhefðbundna meðferð, t.d. hjá National Center for Complementary and Alternative Medicine (NCCAM): http://nccam.nih.gov/health/ og þá undir liðnum „Safety alerts".

Skaðlegar verkanir geta átt sér ýmsar orsakir. Þær geta beinlínis stafað af virkni meðferðarinnar sem slíkrar. Sem dæmi má nefna að nálastungumeðferð getur valdið skammvinnri og vægri syfju, yfirliðakennd, ógleði og jafnvel uppköstum og einnig getur blætt eða komið fram mar á stungustaðnum. Einnig eru dæmi um sýkingar og exem. Alvarlegar aukaverkanir af nálastungumeðferð eru hins vegar fádæma sjaldgæfar þó svo dæmi séu um alvarlegar og lífshættulegar verkanir svo sem afleiðingar ástungu í innri líffæri, alvarlegar sýkingar (lifrarbólgu), mænuskaða og skyndilega andarteppu.

Sum náttúru- og jurtalyf geta haft í för með sér milliverkanir við læknisfræðilega lyfjameðferð og annaðhvort dregið úr virkni þeirrar meðferðar eða leitt til aukaverkana. Sem dæmi má nefna að ýmis jurtalyf hafa áhrif á blóðþynningarmeðferð og einnig meðferð með hjarta- og blóðþrýstingslyfjum. Talið er að auka- og milliverkanir sem raktar hafa verið til neyslu náttúrulyfja, náttúruvara og fæðubótarefna séu vanskráðar hérlendis (Ólöf Þórhallsdóttir, Kristín Ingólfsdóttir og Magnús Jóhannsson, 2002).

Kunnáttu- og reynsluleysi óhefðbundinna meðferðaraðila getur valdið skaða (fremur en að virkni meðferðarinnar sem slíkrar geri það). Þess eru dæmi, þó fátítt sé, að óhefðbundnir meðferðaraðilar komi í veg fyrir að fólk leiti sér læknismeðferðar, hirði ekki um frábendingar fyrir meðferð, greini ekki alvarlega sjúkdóma sem þarfnast læknismeðferðar og ráðleggi fólki að hætta á lyfjum frá lækni.

Engin meðferð, hvort sem um er að ræða venjulega læknismeðferð eða óhefðbundna meðferð, er algerlega hættulaus. Því þarf ávallt að meta áhættu af meðferð með tilliti til

væntanlegs ávinnings af meðferðinni. Þetta mat er einstaklingsbundið. Mestu máli skiptir að draga úr líkum á skaða.

Mikilvægt er að almenningur sé þess meðvitandi að miklu skiptir að bæði læknar og óhefðbundnir meðferðaraðilar viti af öllum lyfjum, náttúru- og jurtalyfjum og fæðubótarefnum sem sá sem til þeirra leitar notar.

Erfitt er að alhæfa um skaðlega virkni óhefðbundinna meðferða. Þeir sem reynt hafa að meta þetta komast þó yfirleitt að þeirri niðurstöðu að á heildina litið séu líkur á skaðlegri virkni litlar sé meðferð veitt af ábyrgum aðilum sem hafa fengið menntun og þjálfun í beitingu þeirra (Cherkin, Sherman, Deyo og Shekelle, 2003).

Rannsóknir á óhefðbundinni meðferð hafa í mörgum tilvikum byggst á sömu aðferðafræði og beitt er við rannsóknir á gagnsemi lyfjameðferðar. Þessar rannsóknir beinast fyrst að því að kanna hvort nýtt lyf hefur líffræðileg áhrif og síðan að rannsaka virkni við tilgreindum sjúkdómum með svonefndri tvíblindri slembiaðferð (double blind randomized controlled trial). Bent hefur verið á að þessi aðferð henti ekki til þess að rannsaka virkni óhefðbundinna meðferða m.a. vegna þess að margir þeirra sem leita eftir óhefðbundinni meðferð eru með sjúkdóma eða ástand þar sem læknisfræðin ræður ekki yfir sértækri meðferð. Við slíkt ástand langvinnra en oft ekki lífshættulegra sjúkdóma og kvilla er nauðsyn á heildrænni nálgun sem byggist á mörgum meðferðarþáttum. Því er nauðsyn á rannsóknum sem bera saman alla þættina í heild. Slíkar rannsóknir gætu t.d. leitt til meiri skilnings á því hvaða þættir það eru í sambandi meðferðaraðila og sjúklings sem leiða til aðlögunar og bata (Hyland, 2003).

4. HLUTI – VIÐHORF TIL GRÆÐARA

4.1 Viðhorf almennings.

Áhugi almennings á notkun hvers konar óhefðbundinna aðferða virðist undanfarin ár hafa verið mikill og farið vaxandi í mörgum vestrænum þjóðfélögum. Í Bandaríkjunum jókst notkunin frá 1990 til 1995 úr 34% í 42% svarenda sem notað höfðu slíkar aðferðir sl. 12 mánuði (Eisenberg o.fl. 1998), en samkvæmt tölum frá árinu 1999 var hlutfallið 29% (Hanyu o.fl., 2002). Á Íslandi sýna helstu niðurstöður að notkun almennings á óhefðbundnum meðferðum hefur aukist mikið. Landlæknir hefur látið kanna notkun almennings á heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. þjónustu óhefðbundinna meðferðaraðila, á fimm ára fresti síðan 1985 (landlæknisembættið, 1991). Þetta hafa verið símakannanir og hafa sömu spurningar verið notaðar í öll skiptin og kannanirnar gerðar í febrúarmánuði. Spurt hefur verið hversu oft sl. þrjá mánuði svarendur hafi leitað til lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, tannlækna auk ýmissa aðila utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu sem bjóða upp á svæðanudd, hnykkmeðferð, nálastungur, nudd, huglækningu, grasalækningu náttúrulækningu og jóga. Í þessum könnunum kom í ljós að 76–80% svarenda höfðu á tímabilinu notið þjónustu löggiltra heilbrigðisstarfsmanna og 10–18% óhefðbundinna meðferðaraðila (sjá mynd 1).

Mynd 1. Hlutfall svarenda í könnunum landlæknis sem notið hafa þjónustu löggildra heilbrigðisstarfsmanna og ýmissa óhefðbundinna meðferðaraðila.



Mikil aukning hefur orðið á notkun þjónustu óhefðbundinna meðferðaraðila úr 0,3 samskiptum pr. svaranda 1985 í 1,7 samskipti 2000. Sé notkunin borin saman við notkun á þjónustu löggiltra heilbrigðisstarfsmanna má sjá að notkunin hefur vaxið verulega í samanburði við þjónustu löggiltra frá því að vera tæplega 1/10 af samskiptafjölda við löggilta árið 1985 í það að vera 1/3 árið 2000 (sjá mynd 2).

Mynd 2. Fjöldi samskipta (sl. 3 mánuði) í könnunum landlæknis.



	1985	1990	1995	2000
Löggiltir	3,3	3,7	4,7	5,3
Óhefðb.	0,3	0,3	1,2	1,7

Í eftirfarandi töflu má sjá hlutfall svarenda sem leitað höfðu (sl. þrjá mánuði) til ýmissa aðila sem veittu óhefðbundna meðferð:

	1985	1990	1995	2000
Nudd	5	6,3	8,8	10,4
Svæðanudd	2,7	2,8	3,4	5,7
Jóga	0,8	0,9	2,4	4,3
Nálastungur	0,4	0,6	2,1	2,8
Hnykking	0,3	0,3	0,7	2,4
Grasalækning	0,5	2,6	2,0	1,7
Huglækning	2,0	1,9	3,1	1,0
Náttúrulækning	0,5	0	0	0

Athyglisvert var að allflestir er leitað höfðu óhefðbundinnar meðferðar höfðu einnig leitað hefðbundinnar læknismeðferðar og höfðu góða reynslu af (landlæknisembættið, 1991).

Í rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar (1998) þar sem m.a. var spurt um notkun óhefðbundinna meðferða meðal almennings á Íslandi (n=1924, 18–75 ára) kom í ljós að 24% svarenda höfðu notað einhvers konar óhefðbundna meðferð sl. 12 mánuði. Þeir sem áttu við að stríða langvinna sjúkdóma eða sálfélagslegt álag voru líklegri en aðrir til þess að notfæra sér óhefðbundna þjónustu. Þá kom einnig í ljós jákvæð fylgni milli þessa og kvenkyns, menntunar og lítilla tekna. Í langflestum tilvikum voru óhefðbundnu meðferðirnar notaðar til viðbótar hefðbundnum lækningaaðferðum en ekki í stað þeirra.

Rannsóknir meðal sjúklinga benda enn fremur til þess að tíðnin geti verið enn hærri hjá þeim sem eru með langvinna sjúkdóma, bæði með tilliti til algengis sem og fjölda aðferða sem sjúklingar nota (Anna L. Magnúsdóttir o.fl., 2003; Elfa Þ. Grétarsdóttir o.fl., 2002; Kristín Konráðsdóttir, 2002). Sérstaka athygli vekur há tíðni notkunar náttúruefna ýmiss konar meðal krabbameinssjúklinga eða um 70% (Elfa Þ. Grétarsdóttir o.fl., 2002; Kristín Konráðsdóttir, 2002).

Þessi notkun Íslendinga virðist endurspegla jákvætt viðhorf til óhefðbundinna aðferða og í því ljósi hlýtur að teljast mikilvægt fyrir heilbrigðisstéttir sem veita gagnreynda og kostnaðarsama þjónustu að vita hvort og þá hvaða óhefðbundnar eða annars konar aðferðir sjúklingar sem til þeirra leita eru að nota, sérstaklega í þeim tilgangi að vita hvernig og hvers vegna þær eru notaðar, í hve miklum mæli og hvort þær geti haft áhrif á þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er.

4.2 Heilbrigðisstéttir.

Heilbrigðisstarfsmaður er sá sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa samkvæmt lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985. Á Íslandi nýtur 31 faggrein löggildingar, 15 samkvæmt sérlögum en 16 samkvæmt lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Umfjöllun um viðhorf íslenskra heilbrigðisstétta til óhefðbundinna aðferða hefur ekki verið mikil. Guðmundur Sigurðsson læknir kannaði viðhorf lækna til andalækninga og nokkurra óhefðbundinna meðferða (Sigurdsson, 1987) en engar aðrar rannsóknir hafa verið birtar um það efni sérstaklega. Vísbendingar eru um að heilbrigðisstéttir á sjúkrastofnunum ræði notkun óhefðbundinna aðferða sjaldan við sjúklinga og að samskipti milli hefðbundinna og óhefðbundinna meðferðaraðila séu lítil sem engin. Auk þess telst samþætting hefðbundinnar og óhefðbundinnar meðferðar vera í lágmarki hér á landi ólíkt því sem víða hefur átt sér stað í hinum vestræna heimi. Þessu til viðbótar hafa engar skriflegar ályktanir eða stefnur verið birtar frá fagfélögum löggiltra heilbrigðisstétta eða heilbrigðis- og menntastofnunum

varðandi þennan málaflokk. Vel er þekkt að einstaklingar meðal löggiltra heilbrigðisstétta hafi lokið námi eða sótt ýmis námskeið á sviði óhefðbundinna aðferða og beiti þeim í starfi innan opinberra heilbrigðisstofnana til viðbótar þeirri þjónustu sem þar er veitt eða utan þeirra í einkarekstri. Má þar nefna nudd, dáleiðslu, nálastungur og höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun. Ekki er ljóst hve hátt hlutfall löggiltra heilbrigðisstétta hefur menntað sig á sviði óhefðbundinna aðferða.

4.3 Mótun viðhorfa.

Viðhorf löggiltra heilbrigðisstarfsmanna til óhefðbundinna aðferða mótast líkt og annarra af mörgum þjóðfélagslegum og persónulegum þáttum sem og þeirri hefð sem ríkir í viðkomandi landi. Þó má ætla að sú þekking sem skapast af menntun viðkomandi ásamt gildandi lögum, reglugerðum, stefnu stjórnvalda, stefnu fagsamtaka og siðareglum leiði þau viðhorf sem ríkjandi eru hverju sinni þar sem viðmiðin um öryggi og árangur skipta mestu máli (Cassileth, 2002; Cassileth & Deng, 2004; Furnham & McGill, 2003; Kreitzer, Mitten, Harris, o.fl., 2002; Nutbeam & Harris, 2004). Í þessu samhengi er vísað til þeirrar áherslu í námi og starfi að ákvarðanir og starfshættir heilbrigðisstarfsmanna eigi að vera gagnreynd (evidence-based). Vel er þekkt að þekking og starfshættir eru misvel gagnreynd þar sem sumt byggist á vel ígrunduðum rannsóknum meðan annað byggist meira á fræðilegri þekkingu og reynslu. Viðurkennt er að gagnreynd þekking og gagnreyndir starfshættir eru ekki eingöngu byggðir á tvíblindum vísindalegum tilraunum og fer það eftir viðfangsefninu hvaða rannsóknasnið henta og duga til að réttlæta ákveðna meðferð eða hvort að klínísk reynsla og sérþekking sé nægjanleg. Við klíníska ákvarðanatöku þarf því í flestum tilvikum að taka tillit til nokkurra þátta sem endurspeglast í skilgreiningu DiCenso, Cullum og Ciliska (2002) á gagnreyndum starfsháttum, en starfshættir eru taldir gagnreyndir þegar klíníska ákvarðanir eru byggðar á bestu fáanlegu rannsóknarniðurstöðum, klínískri sérþekkingu og vali/vilja sjúklings, að teknu tilliti til mögulegra úrræða og aðstæðna.

Ljóst er að viðhorf heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga til óhefðbundinna aðferða þurfa ekki að fara saman. Í 21. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, er kveðið á um ábyrgð sjúklings á eigin heilsu. Þar kemur fram að sjúklingur beri ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Einnig segir að honum beri eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt. Í skýringum með þessari grein er bent á að sjúklingar geti leitað aðstoðar fólks sem ekki hefur viðurkennd réttindi til að sinna sjúkum og þegið ráðleggingar sem að mati heilbrigðisstarfsfólks geti skaðað heilsu þeirra. Í því sambandi beri heilbrigðisstarfsmönnum að benda sjúklingum á þá hættu sem kunni að vera slíku samfara. Það sé hins vegar sjúklingurinn sem ákveði til hverra hann leitar og eftir hvaða ráðleggingum hann fer.

Þarna getur myndast gjá milli sjúklings og heilbrigðisstarfsfólks, því að sú ákvörðun sjúklings að nota eitthvað til viðbótar þeirri meðferð sem hann þiggur af heilbrigðisstarfsmönnum byggist oft á þörf fyrir að gera eitthvað sjálfur og þeirri trú að viðbótin hljóti að gera gagn og vera hættulaus þar sem hún sé náttúruleg. Sumir sjúklingar telja því ekki þörf á að ræða slíkt við heilbrigðisstarfsfólk, eða gera það ekki af ótta við það sem af því gæti hlotist (Elfa Þ. Grétarsdóttir o.fl., 2002). Óhefðbundnu meðferðirnar sem sjúklingar nota geta verið margar og mismunandi með mismiklu inngripi. Þannig er ekki hægt að setja þær allar í sama flokk. Sumar þeirra eru gagnlegar og hættulausar en aðrar eru gagnslausar og geta jafnvel valdið skaða. Alvarlegt er einnig þegar fjármunum er eytt í gagnslausa meðferð þar sem árangri hefur verið lofað.

4.4 Viðhorf heilbrigðisstarfsfólks.

Umfjöllun um viðhorf íslenskra heilbrigðisstétta til óhefðbundinna aðferða hefur ekki verið áberandi hér á landi. Að frátalinni rannsókn Guðmundar Sigurðssonar læknis (Sigurdsson, 1987) sem áður getur hafa engar rannsóknir verið birtar sérstaklega á viðhorfum þeirra til þessa málaflokks. Í rannsókn Guðmundar (1987) kom fram að 10% lækna hér á landi trúðu á virkni huglækningar og annarra óhefðbundinna meðferða. Ekki liggur fyrir hvort þetta hafi breyst síðan.

Töluvert hefur verið birt af erlendum rannsóknum um viðhorf og þætti sem endurspegla viðhorf heilbrigðisstétta til óhefðbundinna meðferða og um notkun heilbrigðisstétta sjálfra á óhefðbundnum aðferðum (Aasland, Borchgrevink, & Fugelli, 1997; Corbin o.fl., 2002; Furnham o.fl., 2003; Kreitzer, o.fl. 2002; Norheim & Fönnebö, 1998; Pedersen, Norheim og Fönnebö, 1996; Risberg, Kolstad, Johansen & Vingerhagen, 1999; Tracy, Lindquist o.fl., 2003; Salmenpera o.fl., 1998; Weiger o.fl., 2002).

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður úr nýlegum norskum rannsóknum. Risberg o.fl. (1999) könnuðu notkun og viðhorf lækna (n=172), hjúkrunarfræðinga (n=374) og ritara (n=96) á sex sjúkrahúsum í Norður-Noregi. Í heildina var um helmingur (56%) úrtaksins með jákvætt viðhorf til óhefðbundinna aðferða, hlutfall jákvæðra lækna var þó mun lægra (16%) samanborið við hlutfall jákvæðra hjúkrunarfræðinga og ritara sem var yfir 70% í báðum hópum. Varðandi notkun óhefðbundinna aðferða höfðu 12% lækna, 32% hjúkrunarfræðinga og 46% ritara nýtt sér þær í eigin veikindum. Notkun smáskammtameðferðar (homopati) og nálastungna var algengust í öllum hópunum. Læknarnir höfðu mesta trú á nálastungum og grasalækningum (urtekurer) en litla trú á öðrum aðferðum. Hinir hóparnir tveir höfðu mikla trú á öllum aðferðum nema handaryfirlagningu og bænum. Hjúkrunarfræðingarnir álitu að óhefðbundnar aðferðir gætu gagnast við flestum sjúkdómum en læknar töldu að þær gerðu mest gagn við kvíða, vefjagigt og mígreni. Fáir töldu að óhefðbundnar aðferðir hefðu aukaverkanir í för með sér en 84% læknanna álitu að óhefðbundin meðferð gæti dregið úr trú á hefðbundinni læknisfræði og seinkað því að fólk leitaði læknis. Í þessari rannsókn töldu hjúkrunarfræðingar meiri þörf en læknar á því að opna umræðuna og hafa meiri upplýsingar handbærar um óhefðbundnar aðferðir. Þeir læknar sem voru yngri, konur og menntaðir erlendis voru almennt jákvæðari til óhefðbundinna aðferða en eldri læknar og yfirlæknar höfðu neikvæðustu viðhorfin.

Aasland o.fl. (1997) könnuðu viðhorf, þekkingu og reynslu norskra lækna (n=1271) á fimm óhefðbundnum aðferðum: nálastungum, svæðanuddi, heilun, smáskammtameðferð og náttúrulækningum. Niðurstöður sýndu að 2/3 hlutar úrtaksins töldu sig hafa góða þekkingu á nálastungum en litla sem enga þekkingu á svæðameðferð, náttúrulækningum og heilun. Flestum (80%) fannst mikilvægt að læknar þekktu algengustu aðferðirnar. Lítill munur var eftir aldri og kyni þó að konur og þeir yngri væru jákvæðari. Hins vegar voru heimilislæknar jákvæðari en sjúkrahúslæknar. Margir (2/3) töldu að sjúklingarnir fengu meiri umhyggju og athygli og yrðu vonbetri við samskipti sín við óhefðbundna meðferðaraðila. Þetta var talið jákvætt en neikvæðar hliðar sem nefndar voru tengdust fjárútlátum og því að sjúklingum væri haldið frá læknisfræðilegri meðferð. Heimilislæknar voru jákvæðari en sjúkrahúslæknar, konur jákvæðari en karlar og læknar sem höfðu menntast erlendis voru jákvæðari en læknar menntaðir í Noregi.

Árið 1996 var gerð könnun meðal norskra lækna á viðhorfum til smáskammtameðferðar (Pedersen, Norheim og Fönnebö). Um 7% læknanna höfðu átt samvinnu við smáskammtalækna, 32% sögðust hafa jákvæð viðhorf til þeirra, 18% höfðu neikvætt viðhorf og 50% töldu sig hafa of litla þekkingu á þessari meðferð til þess að geta vísað sjúklingum til smá-

skammtalækna. Um helmingur læknanna var til í að prófa smáskammtameðferð og þá aðallega við kvíða, mígreni og frjókornaofnæmi. Í heildina voru konur jákvæðari en karlar og heimilislæknar jákvæðari en sjúkrahúslæknar.

4.5 Samskipti hjúkrunarfræðinga og lækna við sjúklinga um óhefðbundnar meðferðir.

Í örfáum rannsóknum hér á landi hefur verið kannað hvernig samskiptum er háttað milli heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga um óhefðbundnar aðferðir. Í könnun Guðmundar Sigurðssonar (1987) kom fram að u.þ.b. 90% lækna hér á landi árið 1984 spurðu sjúklinga sína aldrei um notkun þeirra á huglækningu og öðrum óhefðbundnum meðferðum og sjúklingar sögðu þeim sjaldan eða aldrei frá slíkri meðferð.

Í nýlegri rannsókn á notkun viðbótarmeðferða hjá sjúklingum með krabbamein (n=121) kom í ljós að einungis 41% sjúklinga sem notuðu einhverja óhefðbundna meðferð höfðu rætt notkun þeirra við lækni sinn og enn færri (29%) höfðu rætt hana við hjúkrunarfræðing (Elfa Þ. Grétarsdóttir o.fl., 2002). Í nær öllum tilvikum átti sjúklingurinn frumkvæðið að þessari umræðu. Sjúklingar sem höfðu ekki rætt þessi mál sögðu langflestir ástæðuna vera þá að þeir hefðu ekki verið spurðir. Þessi skortur á upplýsingaöflun endurspeglast í svörum hjúkrunardeildarstjóra á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (Lovísa Baldursdóttir o.fl., 2002) en þeir voru spurðir hvort það væri hluti af upplýsingaöflun að spyrja sjúklinga um notkun óhefðbundinna meðferða þegar þeir koma inn á deild. Einungis 6% (3/52) töldu það oft vera gert og 44% (23/52) töldu það aldrei vera gert eða vissu það ekki. Þessar niðurstöður eru að hluta til í samræmi við niðurstöður rannsóknar Ólafar Þórhallsdóttur o.fl. (2002) en þar kom fram í svörum lækna (n=410) að einungis 17% sögðust alltaf/oft spyrja sjúklinga sína um neyslu náttúruefna. Hins vegar fannst helmingi svarenda skipta mjög miklu eða miklu máli að sjúklingarnir sjálfir hefðu þar frumkvæðið og nefndu sjálfir neyslu sína á náttúruefnum. Hér var hlutfall geðlækna, lyflækna og heimilislækna marktækt hærra en skurðlækna sem og þeirra sem yngri voru. Einungis um 40% læknanna fannst skipta miklu máli að sjúklingar hefðu samráð við lækni um neyslu náttúruefna. Aðrar niðurstöður sýndu að þekking flestra á náttúruefnum var oftast fengin úr auglýsingum (62%) og fagtímaritum (35%) og langflestir vildu fræðast meira um náttúruefni.

Athygli vekur áherslan á frumkvæði sjúklingsins í niðurstöðum beggja ofangreindra rannsókna sem vekur upp frekari spurningar um viðhorf og þekkingu á óhefðbundnum aðferðum sem og um upplýsingaöflun heilbrigðisstétta hjá sjúklingum um notkun þeirra á hvers konar óhefðbundnum aðferðum.

4.6 Samskipti heilbrigðisstétta og óhefðbundinna meðferðaraðila.

Í fylgiriti heilbrigðisskýrslu landlæknisembættis gerir mannfræðingurinn og læknirinn dr. Anderson (2000) grein fyrir niðurstöðum sínum um óhefðbundna og hefðbundna meðferð í greiningu og meðferð bakverkja á Íslandi. Í niðurstöðunum sem byggjast á 5 mánaða þjóðfræðilegri (ethnographiskri) rannsókn árið 1998 kemst hann að því að samþætting (integration) hefðbundinna og óhefðbundinna meðferða er engin á Íslandi ólíkt því sem hefur átt sér stað í víða í Norður-Ameríku og á meginlandi Evrópu. Þar telja margir að miðstöðvar fyrir samþætta meðferð („centers of integrated medicine“) sé æskilegt fyrirkomulag vegna þess að sjúklingurinn þurfi einungis að koma á einn stað til að fá viðeigandi meðferð úr báðum geirum. Ályktun hans er sú að á Íslandi starfi óhefðbundnir meðferðaraðilar óháðir og í engu samráði við hið opinbera heilbrigðiskerfi og sjúklingar upplýsi lækna sína yfirleitt ekki um notkun sína á óhefðbundinni meðferð.

4.7 Samþætt meðferð (integrative medicine).

Undanfarin ár hefur jákvæð umræða um samþættingu hefðbundinna og óhefðbundinna aðferða víða farið vaxandi. Markmiðið er fyrst og fremst að tryggja örugga notkun óhefðbundinna aðferða til viðbótar hefðbundinni meðferð (Cassileth, 2002; Corbin & Shapiro, 2002). Samþættingin getur verið margs konar, allt frá því að efla samskipti og samráð hefðbundinna og óhefðbundinna meðferðaraðila, til þess að koma á fót deildum innan spítala þar sem samþætt meðferð er veitt undir stjórn heilbrigðisstarfsfólks. Þeir sem taka þátt í að veita slíka meðferð hafa þá viðurkennt nám að baki, eru jafnvel heilbrigðismenntaðir og með viðbótarnám í óhefðbundinni meðferð.

Dæmi um stofnun þar sem sjúklingur á kost á óhefðbundinni meðferð sem er samþætt þeirri hefðbundnu er Integrative Medicine-deildin við Memorial Sloan-Kettering Cancer Center í New York (Cassileth, 2002). Sú deild endurspeglar það viðhorf að meðferð eins og nudd, slökun, hugleiðsla, tónlistarmeðferð, nálastungur, jóga og ráðgjöf um notkun náttúruefna geti bætt líðan og lífsgæði sjúklinganna. Þessi þjónusta er boðin undir handleiðslu löggiltra heilbrigðisstétta og af aðilum sem hafa menntun og þjálfun í viðkomandi meðferð. Í Bandaríkjunum var það samþættingunni til mikils stuðnings þegar JCAHO[9] viðurkenndi að margar hinna óhefðbundnu (CAM) aðferða gætu reynst sjúklingum gagnlegar, þar sem upphafið var samþætting ýmissa aðferða í verkjameðferð (Weeks, 2002).

Lítið af upplýsingum liggur fyrir um hvers konar samþætting hefur átt sér stað á Íslandi. Samkvæmt ályktun úr fyrrnefndri rannsókn dr. Anderson frá 1998 sem virðist fyrst og fremst byggjast á læknisfræðilegu sjónarmiði er ekki um neina samþættingu að ræða í meðferð bakverkjasjúklinga á Íslandi. Í könnun sem gerð var meðal hjúkrunardeildarstjóra (n=54) í þeim tilgangi að skoða hvaða óhefðbundnu meðferðir væru í boði á deildunum á LSH kom fram að á 20 deildum spítalans höfðu sjúklingar val um óhefðbundna meðferð í boði deildarinnar eða stofnunarinnar. Slökun og nudd var algengasta meðferðarformið og í flestum tilvikum voru hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar meðferðaraðilarnir. Meiri hlutinn taldi að meðferðaraðilinn hefði viðurkennt nám að baki (15/20) og meiri hlutinn (81%) kvaðst fylgjandi notkun óhefðbundinna meðferða á LSH í sumum tilvikum (Lovísa Baldursdóttir o.fl., 2002). Þessi svörun bendir til þess að viss samþætting hafi átt sér sem fróðlegt væri að kanna betur, ásamt viðhorfum heilbrigðisstétta.

4.8 Stefna samtaka, fagfélaga, mennta- og heilbrigðisstofnana.

Viðhorf heilbrigðisstétta endurspeglast að nokkru í ályktunum og stefnu fagfélaga og heilbrigðisstofnana. Við gerð þessarar skýrslu var meðal annars leitað eftir upplýsingum frá landlækni, Læknafélaginu, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði og heilbrigðisdeildum Háskóla Íslands.

Varðandi nám heilbrigðisstétta fengust upplýsingar frá læknadeild, lyfjafræðideild og hjúkrunarfræðideild. Samkvæmt upplýsingum frá kennslustjóra við læknadeild er lögð áhersla á gagnreynd vísindi sem og samskipti læknis við sjúkling í klínísku námi. Samkvæmt námskrá 1. árs nema skal hluti nema vinna að verkefni um óhefðbundna meðferð. Í lyfjafræði fer fram kennsla um náttúruvörur. Stefnt er að því að fylgja þessu eftir síðar í skipulagi læknanámsins. Frá lyfjafræðideild bárust upplýsingar um að hluti af lyfjafræðinámi væri tveggja eininga námskeið um náttúrulyf/náttúruvörur sem kennt er á fjórða ári. Þar er fjallað

[9] The Joint Commission on Accreditation of Healthcare Organizations.

um helstu lyf og vörur sem fást hér á landi, vísindarannsóknir á virkni, aukaverkunum, milliverkunum, mikilvægi ábyrgrar upplýsingamiðlunar til neytenda og fagfólks, gæðaeftirlit, lög og reglugerðir. Í máli fulltrúa hjúkrunarfræðideildar kom fram að um tíma hafi átt sér stað kennsla í ýmsum meðferðarformum sem teljast til „complementary therapies" og talin eru viðbót við hefðbundna meðferð hjúkrunarfræðinga. Ekki er um sérstök námskeið að ræða heldur er kennsla um þessi viðbótarform fléttuð inn í nokkur námskeið. Dæmi um þetta er ungbarnanudd, slökun og tónlistarmeðferð. Lögð er áhersla á gagnreyndar meðferðir og að þær þurfi að vera veittar af fólki með tilskilda menntun og réttindi.

Í máli fulltrúa Læknafélagsins komu fram jákvæð viðhorf til starfs nefndarinnar og mikilvægi þess að nálgast viðfangsefnið út frá sjónarmiðum neytenda og neytendaverndar. Einnig kom fram að læknar stundi stundum óhefðbundna meðferð í þröngum skilningi í þeim tilgangi að skapa eitthvað nýtt, sem sé nauðsynlegt frjálsræði til þess að koma fram með nýjungar í meðferð.

Í máli fulltrúa Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga komu einnig fram jákvæð viðhorf til starfa nefndarinnar í ljósi þess að hjúkrunarfræðingar beiti sjálfir ýmsum óhefðbundnum aðferðum og séu almennt jákvæðir gagnvart slíku, en alltaf þurfi að hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi. Fram kom að eftirlit með óhefðbundinni meðferð væri mikilvægt og hluti þess væri að mæla árangur slíkra meðferða.

Í máli fulltrúa Heilsustofnunar í Hveragerði kom m.a. fram að ýmsir þættir í starfsemi stofnunarinnar væru óhefðbundnir þótt allir starfsmenn hennar væru löggiltir heilbrigðisstarfsmenn. Fram kom að stofnunin væri kjörinn vettvangur til þess að innleiða óhefðbundin meðferðarform og til þess að samþætta óhefðbundna og hefðbundna meðferð.

Fulltrúar Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) sögðu afstöðu spítalans vera fremur hlutlausa svo lengi sem hin óhefðbundna meðferð sé sjúklingum skaðlaus og hindri ekki hefðbundna meðferð á sjúkrahúsinu. Fram kom að heilbrigðisstarfsfólk innan LSH hafi sumt tileinkað sér ákveðnar aðferðir úr óhefðbundinni meðferð.

Í skýrslu nefndar á vegum hjúkrunarforstjóra LSH (Lovísa Baldursdóttir o.fl. 2002) um „óhefðbundna" meðferð í hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi leggur nefndin til að stefna hjúkrunar á LSH um samþætta viðbótarmeðferð (óhefðbundin meðferð) í hjúkrun taki mið af eftirfarandi þáttum:

1. Lög um réttindi sjúklinga (nr. 74/1997), sérstaklega 3. gr. um gæði heilbrigðisþjónustu.
2. Viðmið um notkun óhefðbundinnar meðferðar í hjúkrun frá Royal College of Nursing í Bretlandi. Hér er um 10 viðmið að ræða og vísast í skýrslu nefndarinnar, bls. 17–18.
3. Tryggja að þeir sem bjóða viðbótarmeðferð í nafni LSH hafi viðurkennda menntun og þjálfun á því sviði.
4. Þeir sem bjóða viðbótarmeðferð leggi til grundvallar mat á þörfinni fyrir slíkt, rökstyðji gagnsemi meðferðarinnar og tilgreini hvernig árhif meðferðar skuli metin.
5. Sú viðbótarmeðferð sem nú hefur náð fótfestu á LSH verði skoðuð með tilliti til ofantaldra þátta.
6. Tryggja gæði, eftirlit og mat á viðbótarmeðferð sem boðin er í nafni LSH.
7. Í stefnu hjúkrunar á LSH komi fram skýr afstaða til þess hvaða viðbótarmeðferð sé mikilvæg og nauðsynleg á hverjum tíma, sem viðbót við hjúkrun á stofnuninni í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðingsins.
8. Haft verði samráð og samvinna við hjúkrunarfræðideild HÍ og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um þróun og notkun á viðbótarmeðferð í hjúkrun á LSH.

Ofangreind nefnd lagði til að þau viðmið og tillögur sem þarna voru settar fram yrðu kynntar öðrum starfsstéttum sem veita viðbótarmeðferð á LSH og það var von nefndarinnar

að skýrslan mundi leggja grunn að frekari þróun samþættrar viðbótarmeðferðar á LSH. Sú vinna hefur ekki enn farið í gang þegar þetta er skrifað.

Landlæknir lagði í máli sínu áherslu á að meginkröfur sem gera yrði til þeirra sem stunda óhefðbundna meðferð væru þær að halda fólki ekki frá því að leita hefðbundinna lækninga, að skaða ekki fólk og að fégletta það ekki. Einnig kom fram að meira þurfi að fjalla um óhefðbundna meðferð í námi löggiltra heilbrigðisstétta til þess að bæta samskiptin á milli þessara tveggja hópa. Þessu til viðbótar má geta þess að í inngangsorðum landlæknis í fylgiriti áðurnefndrar heilbrigðisskýrslu um rannsókn dr. Anderson (Anderson, 2000) leggur hann áherslu á mikilvægi þess að heilbrigðisstéttir leiti sér upplýsinga og þekkingar/menntunar um meginaðferðir óhefðbundinna aðferða. Mikilvægt sé að skilja á hverju þær byggjast til þess að geta betur hjálpað sjúklingum og leiðbeint þeim um notkun þeirra. Hann bendir einnig á mikilvægi þess að gera vissar kröfur sem auðveldi ákvörðun um það hvort ákveðnar aðferðir séu ásættanlegar. Kröfurnar eru eftirtaldar: (1) óhefðbundin meðferð getur ekki komið í stað viðurkenndrar meðferðar sem vitað er að skilar árangri; (2) óhefðbundin meðferð má ekki valda skaða; (3) sjúklingar þurfa að vera upplýstir um muninn á þeim aðferðum sem notaðar eru til þess að rannsaka óhefðbundnar og hefðbundnar aðferðir; (4) kostnaður má ekki vera óhóflegur; (5) skottulækningar eiga aldrei að vera ásættanlegar.

4.9 Viðhorf – samantekt.

Litlar haldbærar upplýsingar liggja fyrir um viðhorf íslenskra heilbrigðisstétta til óhefðbundinna aðferða, nám þeirra á þessu sviði virðist takmarkað og vísbendingar eru um að samskipti við sjúklinga um notkun óhefðbundinna aðferða séu lítil. Óljóst er hvort og hvernig samskiptum milli óhefðbundinna og hefðbundinna meðferðaraðila er háttað en vísbendingar eru um að löggiltir heilbrigðisstarfsmenn beiti óhefðbundnum aðferðum í meðferð sjúklinga. Engar upplýsingar liggja fyrir um samþættingu hér á landi. Heilbrigðisstarfsmönnum ber að benda sjúklingum á þá hættu sem kann að vera samfara óhefðbundnum aðferðum en sjúklingurinn hins vegar ákveður til hverra hann leitar og eftir hvaða ráðleggingum hann fer. Víða virðist þróunin vera sú að vinna að samþættingu óhefðbundinna og hefðbundinna aðferða. Sú umræða er algjörlega á frumstigi hér á landi en viðhorf margra eru jákvæð. Rannsókna er þörf á þessu sviði.

5. HLUTI – TILLÖGUR

Meginniðurstaða nefndar um óhefðbundnar lækningar felst í frumvarpi til laga um græðara, ásamt drögum að reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara. Nefndin leggur á það áherslu að samhliða lagasetningu sé þörf á frekari stefnumótun á þessu sviði og aðgerðum til að móta slíka stefnu og framfylgja henni. Nauðsynlegt er að afla aukinna upplýsinga um heilsutengda þjónustu græðara, eðli hennar og umfang. Vitað er að almenningur nýtir sér þjónustu græðara í töluverðum mæli samhliða þjónustu löggiltra heilbrigðisstétta. Sú staðreynd krefst þess að heilbrigðisstéttir kunni skil á starfsemi græðara, séu færir um að ræða við sjúklinga um notkun þeirra á þessari þjónustu og geti gert sér grein fyrir því hvort meðferð sjúklings annars vegar og notkun hans á heilsutengdri þjónustu græðara hins vegar geti farið saman eða ekki. Samhliða formlegu aðhaldi og eftirliti með starfsemi græðara sem gildistaka laga um græðara mun hafa í för með sér þarf að auka verulega þekkingu á starfsemi græðara, jafnt meðal almennings, heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvalda. Til þess þarf atbeina menntastofnana, heilbrigðisstofnana, heilbrigðisyfirvalda og vísinda- og fræðimanna.

Markmið opinberrar stefnumótunar á þessu sviði er að tryggja eins og kostur er hag þeirra sem nýta sér heilsutengda þjónustu græðara með því að veita aðhald, stuðla að virku eftirliti,

hvetja til ábyrgra og gagnrýninna vinnubragða, ýta undir rannsóknir á gagnsemi heilsutengdrar þjónustu, bæta aðgang almennings að upplýsingum um græðara og starfsemi þeirra, hvetja til nauðsynlegrar og æskilegrar samvinnu milli græðara og heilbrigðisstarfsfólks og stuðla að gagnkvæmri þekkingu milli þessara sviða. Opinber stefnumörkun af þessu tagi er í samræmi við drög að stefnumótun sem gefin hefur verið út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í ritinu *WHO Traditional Medicine Strategy 2002–2005*.

5.1 Frjálst skráningarkerfi.

Lagt er til að sett verði löggjöf um starfsemi græðara sem byggist á frjálsu skráningarkerfi þeirra. Bandalag íslenskra græðara fái styrk til þess að koma á slíku skráningarkerfi.

Samkvæmt þingsályktuninni sem starf nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga hefur byggst á var nefndinni m.a. falið að gera tillögur um hvernig koma skuli til móts við vaxandi umsvif á þessu sviði.

Tillaga nefndarinnar um að sett verði löggjöf um starfsemi græðara felur í sér meginniðurstöðu hennar. Í því skyni samdi nefndin drög að frumvarpi til laga um græðara ásamt drögum að reglugerð um frjálst skráningarkerfi þeirra. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra kynnti frumvarp til laga um græðara í ríkisstjórn þann 12. október 2004 sem samþykkti að leggja frumvarpið fyrir Alþingi. Samkvæmt frumvarpinu verður komið á frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara. Það felur í sér að þeir sem starfa á þessu sviði geta skráð sig í skráningarkerfið að uppfylltum ákveðnum menntunarlegum og faglegum skilyrðum, þótt þeim sé það ekki skylt. Þeir sem nýta sér þjónustu græðara geta gengið að því vísu að skráður græðari uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur um menntun og önnur fagleg skilyrði í þeirri grein sem hann starfar við sé hann skráður í skráningarkerfið. Þótt frumvarpið fjalli einkum um skráða græðara tekur það einnig til óskráðra græðara eftir því sem það á við.

Kannanir hafa sýnt að almenningur leitar í síauknum mæli að leiðum utan hins almenna heilbrigðiskerfis til að efla og bæta líkamlegt og andlegt heilbrigði. Niðurstöður sýna að almennt nýtir fólk sér ekki heilsutengda þjónustu græðara í stað þjónustu heilbrigðiskerfisins heldur fremur sem viðbót við það sem heilbrigðiskerfið hefur upp á að bjóða. Í samræmi við aukna eftirspurn eykst framboð heilsutengdrar þjónustu græðara jafnt og þétt. Þjónustan er fjölbreytt, aðferðirnar margvíslegar og ólíkar og menntun græðara er allt frá því að vera lítil sem engin að margra ára háskólanámi.

Nefnd um óhefðbundnar lækningar var m.a. falið að „meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í auknum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.“ Niðurstaða nefndarinnar var sú að lagasetning eins og boðuð er með frumvarpi til laga um græðara, samhliða frekari opinberri stefnumótun, væri áhrifameiri leið en veiting starfsréttinda til þess að bæta stöðu notenda heilsutengdrar þjónustu græðara og þeirra sem veita þessa þjónustu. Með lagasetningu væri hægt að ná til alls þess fjölbreytta hóps og þeirra ólíku greina sem falla undir heilsutengda þjónustu græðara. Aftur á móti mundi veiting starfsréttinda aðeins þjóna fámennum hópi. Einnig væri þekking á ólíkum starfsgreinum græðara ekki nógu mikil og fyrirsjáanlegt að erfitt yrði að skilgreina kröfur til starfsréttinda á sambærilegan hátt og gert er við veitingu starfsréttinda til heilbrigðisstétta.[10]

[10] Nefndin ákvað þó að leggja til við heilbrigðisráðherra að veita osteópötum löggildingu til samræmis við hnykkja (kírópraktora) í ljósi þess að um svipaða starfsgrein væri að ræða, sbr. bréf nefndarinnar til ráðherra, dags. 29. júní 2004.

5.2 Reglubundnar kannanir á notkun heilsutengdrar þjónustu græðara.

Lagt er til að reglubundnar kannanir landlæknisembættisins á notkun heilsutengdrar þjónustu græðara verði endurskoðaðar til þess að fá nákvæmari upplýsingar um heilsutengda þjónustu græðara, svo sem um útbreiðslu einstakra greina, notendur þjónustunnar og viðhorf almennings til græðara og starfsemi þeirra.

Frá árinu 1985 hefur landlæknisembættið kannað á fimm ára fresti notkun almennings á heilbrigðisþjónustu löggiltra heilbrigðisstétta. Í þessum könnunum hefur jafnframt verið spurt um notkun fólks á heilsutengdri þjónustu græðara (í könnunum landlæknis nefnt hjálækningar). Spurt er hvort fólk hafi nýtt sér einhverja eftirtalinna leiða í leit að heilsubót utan heilbrigðisþjónustunnar: svæðanudd, hnykklækningar, nálastungur, huglækningar (andalækningar), grasa- eða náttúrulækningar, jóga eða innhverfa íhugun.

Þessar kannanir veita mikilsverðar vísbendingar um það hvernig notkun almennings á heilsutengdri þjónustu græðara hefur þróast frá því að fyrsta könnunin var gerð árið 1985 til ársins 2000 þegar síðasta könnunin fór fram. Ekki er um að villast að áhugi almennings á leiðum til heilsubótar sem liggja utan almenna heilbrigðiskerfisins hefur aukist jafnt og þétt á þessu tímabili. Sérstaklega er athyglisvert að bera saman niðurstöður varðandi notkun almennings á heilsutengdri þjónustu græðara annars vegar og þjónustu löggiltra heilbrigðisstétta hins vegar og skoða þá breytingu sem orðið hefur á tímabilinu.

Eftir því sem áhugi og notkun á heilsutengdri þjónustu græðara eykst verður æ mikilvægara að fylgjast með þróuninni á þessu sviði, hvernig almenningur notfærir sér þjónustu græðara, hvort fólk leiti fyrst og fremst eftir henni sem viðbót við hefðbundna heilbrigðisþjónustu eða í stað hennar, hvaða væntingar fólk hefur til heilsutengdrar þjónustu græðara, hvaða greinar græðara það nýtir sér helst o.fl.

Kannanir landlæknisembættisins veita takmarkaða vitneskju um einstakar starfsgreinar græðara og fjölmargar greinar eru stundaðar á Íslandi sem kannanirnar hafa ekki tekið til. Ástæða er til að endurskoða spurningarnar sem lagðar hafa verið fyrir í könnuninni og fjölga þeim í því skyni að fá fyllri upplýsingar sem varpa ljósi á umfang heilsutengdrar þjónustu græðara, útbreiðslu ólíkra starfsgreina, í hvaða tilgangi almenningur nýtir sér heilsutengda þjónustu græðara og um viðhorf í samfélaginu til starfseminnar.

5.3 Menntun heilbrigðisstétta og fræðsla um heilsutengda þjónustu græðara.

Lagt er til að kennslustofnanir sem mennta heilbrigðisstéttir auki kynningu og fræðslu um heilsutengda þjónustu græðara og samspil hennar við opinbera heilbrigðisþjónustu.

Eins og fram kom í kafla 4.4 hefur umfjöllun um viðhorf íslenskra heilbrigðisstétta til óhefðbundinna aðferða ekki verið mikil og engar rannsóknir birtar um það efni sérstaklega. Hins vegar eru vísbendingar um það að heilbrigðisstéttir á sjúkrastofnunum ræði sjaldan við sjúklinga um notkun heilsutengdrar þjónustu græðara og samskipti heilbrigðisstétta og græðara séu lítil sem engin. Þá telst samþætting á milli þessara sviða lítil sem engin.

Í kafla 4.3 er meðal annars fjallað um rétt sjúklinga til að vera virkir þátttakendur í eigin meðferð og ákvörðunum um hvaða úrræðum skuli beitt, auk frelsis þeirra til að leita sér úrræða utan almenna heilbrigðiskerfisins. Bent er á að viðhorf sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks til heilsutengdrar þjónustu græðara fari ekki endilega saman. Þarna geti myndast gjá milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks sem jafnvel leiði til þess að sjúklingar veigri sér við að segja heilbrigðisstarfsfólki frá því að þeir nýti sér heilsutengda þjónustu græðara.

Mikilvægt er að sjúklingar eigi þess kost að nýta sér heilsutengda þjónustu græðara samhliða annarri meðferð telji þeir sig njóta góðs af henni á einhvern hátt og engin rök mæla gegn notkun hennar. Heilbrigðisstarfsfólk þarf að vera meðvitað um þennan rétt sjúklinga og vera viljugt og fært um að ræða slíka valkosti af þekkingu, virðingu og fordómaleysi. Nauðsynlegt er að heilbrigðisstarfsfólk hvetji sjúklinga til að greina frá þeim úrræðum sem þeir nýta sér eða vilja nýta sér samhliða hefðbundinni meðferð. Opin umræða um þessi efni er hluti af gagnkvæmu trúnaðartrausti sem ríkja þarf milli sjúklings og heilbrigðisstarfsfólks. Heilbrigðisstarfsfólk þarf að hafa forgöngu um að opna slíka umræðu með því að veita upplýsingar og fræðslu jafnt í ræðu og riti.

Í einhverjum tilvikum fer heilsutengd þjónusta græðara og hefðbundin læknisfræðileg meðferð ekki saman. Dæmi um slíkt eru milliverkanir ávísaðra lyfja frá læknum og náttúrulyfja eða náttúruefna. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, sem heldur skrá yfir tilkynningar um óæskilegar aukaverkanir vegna notkunar náttúrulyfja (adverse drug reactions to alternative medicines), bendir á hættu sem skapast geti ef sjúklingar upplýsa ekki lækni um notkun sína á náttúrulyfjum/efnum og nefnir dæmi um hættulegar blæðingar hjá sjúklingum við skurðaðgerðir vegna notkunar tiltekins náttúrulyfs.[11] Til að fyrirbyggja slíkt verða heilbrigðisstéttir að vera upplýstar og ríkja þarf gagnkvæmt traust milli sjúklings annars vegar og heilbrigðisstarfsfólks og græðara hins vegar.

5.4 Stofnun þverfaglegs fræðaseturs.

Lagt er til að komið verði á fót fræðasetri með aðkomu græðara og ólíkra greina á sviði hugvísinda, félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og raunvísinda þar sem fram fari þverfaglegar rannsóknir á gildi heilsutengdrar þjónustu græðara.

Í þeirri stefnumótun sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt drög að, sbr. ritið *WHO: Traditional Medicine Strategy 2002–2005*, er fjallað um mikilvægi rannsókna á þessu sviði og rætt um ýmis vandkvæði sem leysa þarf úr. Töluvert hefur verið gert af rannsóknum á gagnsemi og gæðum heilsutengdrar þjónustu græðara[12] og á náttúrulyfjum. Vandinn er hins vegar sá að rannsóknarhefð skortir á þessu sviði, rannsóknaraðferðir hafa verið umdeildar og ekki hafa verið þróaðar samræmdar aðferðir við mat á TM/CAM, hvorki alþjóðlega né meðal einstakra þjóða. Ástæðan er einkum sú að TM/CAM á sér djúpar rætur í samfélögum ólíkra þjóða og menningarheima og hefur þróast á mismunandi hátt í gegnum aldirnar. Þess má t.d. geta að í Afríku nýta hátt í 80% TM til að mæta þörfum sínum fyrir heilbrigðisþjónustu. Í Kína er talið að um 40% veittrar heilbrigðisþjónustu sé TM. Á Vesturlöndum aukast vinsældir CAM stöðugt. Samkvæmt fyrrnefndu riti WHO hafa 75% Frakka nýtt sér CAM að minnsta kosti einu sinni, 70% Kanadamanna, 48% Ástrala, 42% Bandaríkjamanna og 38% Belga.

Í ljósi þess hve menning og hugmyndafræði hverrar þjóðar virðist skipta miklu um upphaf og þróun þeirra aðferða sem græðarar nota, sem og um viðhorf almennings til græðara, má ætla að rannsóknir og fræðimennska á þessu sviði verði að einhverju leyti að taka mið af því. Þekkingaröflun á þessu sviði þarf einnig að taka mið af aðstæðum í hverju landi. Hér er því

---

[11] Fréttatilkynning frá WHO, 22. júní 2004: *New WHO guidelines to promote proper use of alternative medicines.*

[12] Í riti WHO eru notuð hugtökin *traditional medicine (TM)* og *complimentary and alternative medicine (CAM).*

lagt til að komið verði á fót fræðasetri með aðkomu græðara og ólíkra greina á sviði hugvísinda, félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og raunvísinda þar sem fram fari þverfaglegar rannsóknir á gildi heilsutengdrar þjónustu græðara í víðum skilningi. Gert er ráð fyrir að fræðasetrið gegni hlutverki við stefnumótun rannsókna á þessu sviði hér á landi, sinni rannsóknum, fylgist með framkvæmd og niðurstöðum erlendis, tengist erlendum sambærilegum fræðasetrum og þjóni almenningi og fagfólki með því að koma upplýsingum á framfæri um gildi aðferðanna.

5.5 Hlutverk Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði verði falið formlegt hlutverk við að kynna aðferðir græðara í heilbrigðisþjónustunni og stuðla að samþættingu þessara sviða í samráði við Bandalag íslenskra græðara.

Liður í því að byggja brú á milli heilbrigðisstarfsfólks, græðara og sjúklinga getur verið að fela einni stofnun það hlutverk að kanna hvort og þá hvernig heilsutengd þjónusta græðara getur nýst sjúklingum samhliða hefðbundinni heilbrigðisþjónustu. Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði gæti vel farið með slíkt hlutverk sé horft til þeirrar hugmyndafræði sem starfsemi stofnunarinnar byggist á og þeirra vandamála sem einkenna þá sem þangað sækja sér þjónustu og meðferð. Kjarninn í hugmyndafræði stofnunarinnar er að efla heilbrigði, auka vellíðan, og styrkja einstaklinginn í að bera ábyrgð á eigin heilsu og velferð. Hlutverk stofnunarinnar er tvíþætt. Annars vegar er hún almenn og sérhæfð endurhæfingarstofnun og hins vegar veitir hún hvíldar- og hressingardvöl. Áhersla er lögð á hreyfingu, mataræði, slökun og hvíld. Fræðsla og ráðgjöf er stór þáttur í starfinu og er mest áhersla lögð á heilsuvernd og bætta lífshætti. Þeir sem helst leita endurhæfingar hjá Heilsustofnuninni er fólk með stoðkerfisvandamál og verki t.d. eftir slys eða vegna sjúkdóma og þeir sem haldnir eru síþreytu og streitu eða eru að jafna sig eftir erfið veikindi svo sem krabbamein og hjartasjúkdóma.

Ef litið er til hugmyndafræði græðara byggist hún almennt á því að meðhöndlun til að bæta eða efla heilsu skuli vera heildræn, þ.e. að taka skuli mið af líkamlegum, tilfinningalegum og andlegum þáttum hvers einstaklings. Miðað við 7. gr. frumvarps til laga um græðara eru starfsemi þeirra ýmis takmörk sett þegar um er að ræða sjúkdóma en samkvæmt skilgreiningu á starfsemi þeirra miðar hún einkum að því að „efla heilsu, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun“.

Í ljósi þess sem að framan er getið leggur nefnd um óhefðbundnar lækningar til að Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands verði falið formlegt hlutverk við að kynna aðferðir græðara fyrir starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að samþættingu þessara sviða í samráði við Bandalag íslenskra græðara.

5.6 Tilmæli til heilbrigðisstofnana.

Lagt er til að heilbrigðisyfirvöld beini tilmælum til heilbrigðisstofnana þar sem kveðið sé á um rétt sjúklinga til þess að nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og hvatt til þess að heilbrigðisstofnanir móti sér stefnu í þessum efnum.

Eins og fram kemur í kafla 4.4 er lítið vitað um viðhorf íslenskra heilbrigðisstétta til heilsutengdrar þjónustu græðara. Vísbendingar eru um að heilbrigðisstéttir á sjúkrastofnunum ræði sjaldan við sjúklinga um notkun þessarar þjónustu og að samskipti heilbrigðisstétta og græðara séu lítil sem engin. Bent er á niðurstöðu íslenskrar rannsóknar þar sem fram

kom að af krabbameinssjúklingum sem nýttu sér ýmsar viðbótaraðferðir samhliða læknismeðferð höfðu aðeins 41% þeirra rætt það við lækni sinn. Þá kemur fram að samþætting hefðbundinnar og óhefðbundinnar meðferðar telst vera í lágmarki hér á landi miðað við það sem víða hefur átt sér stað í hinum vestræna heimi. Engar skriflegar ályktanir eða stefnur hafa verið birtar frá fagfélögum löggiltra heilbrigðisstétta eða heilbrigðis- og menntastofnunum varðandi þennan málaflokk. Vel er þekkt að einstaklingar meðal löggiltra heilbrigðisstétta hafi lokið námi eða sótt námskeið á sviði heilsutengdrar þjónustu græðara (svo sem nuddi, dáleiðslu, nálastungum, höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun) og beiti þeim í starfi innan opinberra heilbrigðisstofnana til viðbótar þeirri þjónustu sem þar er veitt, eða utan þeirra í einkarekstri. Ekki er vitað hve hátt hlutfall löggiltra heilbrigðisstétta hefur menntað sig á sviði heilsutengdrar þjónustu græðara.

Í kafla 4.7 um samþætta meðferð (integrative medicine) kemur fram að víða erlendis hafi jákvæð umræða um samþættingu heilsutengdrar þjónustu græðara og hefðbundinnar meðferðar aukist undanfarin ár. Tilgangurinn hefur einkum verið að tryggja örugga notkun heilsutengdrar þjónustu græðara þegar sjúklingar nýta sér hana til viðbótar hefðbundinni meðferð.

Eins og fram kemur í kafla 1.2 um stefnumótun á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hvetur stofnunin einstakar þjóðir til að marka stefnu um hlutverk græðara innan heilbrigðisþjónustunnar. Aðstæður hér á landi benda til þess að slík stefnumörkun sé tímabær og nauðsynleg. Vaxandi áhugi og notkun almennings á heilsutengdri þjónustu græðara vegur þar þyngst. Þegar er vitað að sjúklingar á heilbrigðisstofnunum nýta sér heilsutengda þjónustu græðara samhliða annarri meðferð. Eins er þekkt að heilbrigðisstarfsfólk beitir í einhverjum mæli aðferðum sem falla undir skilgreiningu á heilsutengdri þjónustu græðara.

Höfundar þessarar skýrslu telja mikilvægt að sjúklingar eigi þess kost að nýta sér heilsutengda þjónustu græðara samhliða annarri meðferð, telji þeir sig njóta góðs af henni á einhvern hátt og sérstakar aðstæður mæli ekki gegn því.

Hér er lagt til að heilbrigðisyfirvöld sendi tilmæli til allra heilbrigðisstofnana þess efnis að þær komi til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara eftir því sem kostur er. Einnig verði hvatt til þess að heilbrigðisstofnanir móti sér stefnu í þessum efnum og setji ákveðnar viðmiðunarreglur um það hvenær orðið skuli við óskum sjúklings að þessu leyti og hvenær ekki. Eðlilegt er að miða við að ekki sé staðið í vegi fyrir því að sjúklingar geti nýtt sér heilsutengda þjónustu græðara ef engin haldbær rök mæla gegn því. Taka þarf skýrt fram að heilbrigðisstofnanir muni ekki taka þátt í kostnaði vegna aðfenginnar heilsutengdrar þjónustu græðara. Þá er mikilvægt að það verði hluti af upplýsingaöflun og skráningu heilbrigðisstétta að spyrja sjúklinga um notkun óhefðbundinna aðferða, neyslu náttúruefna/lyfja og heilsutengdrar þjónustu græðara.

5.7 Öflun aðfanga og eftirlit.

Lagt er til að skoðað verði hvort einfalda megi framkvæmd laga og reglna sem lúta að innflutningi og öflun náttúrulyfja, fæðubótarefna og annarra efna sem græðarar nota í starfsemi sinni. Jafnframt er lagt til að Lyfjastofnun verði falið eftirlit með aukaverkunum og verkunum þessara efna.

Græðarar sem þurfa vegna starfsemi sinnar að nota náttúrulyf, fæðubótarefni og ýmis önnur efni hafa kvartað undan því að í ýmsum tilvikum sé erfitt og jafnvel útilokað að afla þeirra.

Með gildistöku reglugerðar umhverfisráðherra nr. 624/2004, um fæðubótarefni, varð sú breyting að umsýsla með fæðubótarefnum og ýmsum öðrum vörum sem græðarar nota við þjónustu sína færðist að hluta frá Lyfjastofnun til Umhverfisstofnunar. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru fæðubótarefni skilgreind þannig:

Matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og sem eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif. Þessi efni geta verið ein sér eða blönduð saman, og eru markaðssett í formi skammta, nánar tiltekið sem hylki, brjóstsykur, töflur, pillur og í öðru svipuðu formi, duftpokar, vökvaampúlur, dropaglös og í öðru svipuðu formi vökva og dufts sem er ætlað til inntöku í mældum, smáum skömmtum.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að skrá umrædd efni og hafa eftirlit með þeim á markaði en Lyfjastofnun metur hins vegar hvort efnin teljist lyf í skilningi lyfjalaga.

Meginbreytingin með gildistöku reglugerðarinnar felst í því að þau efni sem hún tekur til sæta ekki lengur frumathugun Lyfjastofnunar áður en þau eru flutt til landsins og sett á markað. Þess í stað verður það í höndum innflytjenda að tilkynna innflutning viðkomandi efna/vöru til Umhverfisstofnunar sem ber ábyrgð á því ásamt hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum að fylgjast með því hvort kröfum um innihaldsefni og áletranir sé fylgt. Enn er ekki fengin umtalsverð reynsla af þessu nýja fyrirkomulagi en ætla má að það auðveldi innflutning þeirra efna sem um ræðir.

Um innflutning, sölu og dreifingu smáskammtalyfja (hómópatalyfja) gildir reglugerð nr. 967/2000. Um markaðsleyfi náttúrulyfja er fjallað í reglugerð nr. 684/1997. Báðar þessar reglugerðir eru settar á grundvelli lyfjalaga og taka mið af ýmsum tilskipunum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Hómópatar, grasa„læknar“ og aðrir græðarar hafa kvartað yfir því að þeim hafi reynst erfitt að afla nauðsynlegra lyfjaefna m.a. vegna þess að skráningargjöld lyfja eru nokkuð há og áhugi lyjaheildsala á að skrá og flytja inn þessi efni takmarkaður vegna þess að veltan yrði ekki mikil. Lagt er til að skoðað verði hvort einfalda megi framkvæmd laga og reglna sem lúta að innflutningi og öflun smáskammtalyfja, náttúrulyfja og annarra efna sem græðarar nota í starfsemi sinni.

Nauðsynlegt er að huga betur að eftirliti með verkunum og aukaverkunum þeirra efna sem hér er fjallað um og sæta ekki lögbundnu lyfjaeftirliti, líkt og mælt er með í nýútkomnum leiðbeiningum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út (2004). Lagt er til að Lyfjastofnun verði falið eftirlit með aukaverkunum og verkunum þeirra vara sem græðarar nota í starfsemi sinni, með svipuðum hætti og stofnunin sinnir eftirliti með lyfjum.

5.8 Virðisaukaskattur.

Lagt er til að skoðað verði sérstaklega hvort heilsutengd þjónusta skráðra græðara skuli undanþegin virðisaukaskatti með tilliti til þeirra undanþáguákvæða sem kveðið er á um í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er í 2. gr. kveðið á um undanþágur frá virðisaukaskatti. Í 1. tölul. 3. mgr. kemur fram að undanþegin frá virðisaukaskatti skuli vera þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta. Samkvæmt lögunum er einnig

kveðið á um að félagsleg þjónusta skuli undanþegin virðisaukaskatti og það nánar skýrt með dæmum í 2. tölul. 2. gr. Í 3. tölul. sömu greinar kemur fram að rekstur skóla og menntastofnana skuli undanþegin virðisaukaskatti, „svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla."

Ríkisskattstjóri metur hvort starfsemi fellur undir undanþáguákvæði laga um virðisaukaskatt eða ekki, t.d. hvort starfsemi telst vera „eiginleg heilbrigðisþjónusta", hvort um sé að ræða kennslu í skilningi laganna eða félagslega þjónustu af því tagi sem undanþáguákvæði taka til.

Ætla má að ríkisskattstjóra sé nokkur vandi á höndum þegar kemur að því að skilgreina „eiginlega heilbrigðisþjónustu" en þar undir geta fallið einstaklingar í atvinnurekstri. Samkvæmt ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra, dags. 28. apríl 2000, er hugtakið „önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta" skilgreint í skattaframkvæmd miðað við að starfsemi þurfi að uppfylla tvö skilyrði: „1) að um sé að ræða þjónustu sem fellur undir lög nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, eða sérlög um heilbrigðismál og 2) að þjónustan felist í meðferð á líkama sjúklings til lækninga, hjúkrunar eða sambærilegrar meðferðar." Í bréfi ríkisskattstjóra segir jafnframt að í vafatilvikum hafi ríkisskattstjóri leitað álits heilbrigðisyfirvalda á því hvort viðkomandi starfsemi falli undir viðurkennda heilbrigðisþjónustu að mati heilbrigðisyfirvalda.

Benda má á tvö tilvik þar sem landlæknisembættið hefur veitt ríkisskattstjóra umsögn varðandi starfsemi sem fellur undir heilsutengda þjónustu græðara miðað við frumvarp til laga um græðara. Annars vegar var fjallað um rolfing og var niðurstaða ríkisskattstjóra sú að á grundvelli umsagnar landlæknisembættisins skyldi rolfing vera undanþegin virðisaukaskatti skv. 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Hins vegar var fjallað um osteópata og mat ríkisskattstjóri það svo á grundvelli umsagnar landlæknisembættisins að undanþága frá virðisaukaskatti ætti ekki við.

Þegar horft er til undanþáguákvæða laga um virðisaukaskatt og fyrrnefndra ákvarðana ríkisskattstjóra er ljóst að erfitt getur verið að meta í hvaða tilvikum undanþáguákvæðin eiga við, ekki síst við mat á því hvað telja skuli til eiginlegrar heilbrigðisþjónustu. Nefnd um óhefðbundnar lækningar telur að verði frumvarp til laga um græðara að lögum megi jafna stöðu skráðra græðara við stöðu löggiltra heilbrigðisstétta þegar metið er hvort starfsemi þeirra skuli undanþegin virðisaukaskatti, ekki síst í ljósi þeirra menntunarlegu og faglegu krafna og m.a. kröfu um starfsábyrgðartryggingu sem skráning græðara í skráningarkerfið mun fela í sér.

HEIMILDASKRÁ

Aasland, OG, Borchgrevink, CF, & Fugelli, P (1997). Norwegian physicians and alternative medicine. Knowledge, attitudes and experiences. *Tidsskrift for Den Norske Lægeforening,* 117 (17), 2464–2468.

Alternativmedicinkomittén (1987). *Fakta och röster om alternativ medicin. En delrapport från alternativ medicinkomittén.* Socialdepartementet. Stockholm: Almänna Förlaget.

Alþingi (2002, maí). *Þingsályktun um stöðu óhefðbundinna lækninga.*

Anderson, R (2000). *Alternative and conventional medicine in Iceland.* Heilbrigðisskýrslur, fylgirit nr. 1, 2000. Landlæknisembættið. Reykjavík.

Anna L. Magnúsdóttir, Erla S. Guðmundsdóttir, Tinna E. Knútsdóttir (2003). *Lífsgæði og endurhæfingarþarfir fólks með krabbamein: forprófun á spurningalista.* Lokaverkefni til B.Sc.-prófs í hjúkrunarfræði. Óbirt B.Sc.-ritgerð: Háskóli Íslands, hjúkrunarfræðideild.

Astin, JA (1998). *Why patients use alternative medicine: results of a national study.* JAMA 279: 1548–53.

Atli Magnússon (1987). *Ásta grasalæknir, líf hennar og lækningar og dulræn reynsla.* Reykjavík: Örn og Örlygur.

Ásgeir Blöndal Magnússon (1989). *Íslensk orðsifjabók.* Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Bekendtgørelse af lov om udøvelse af lægegerning nr. 272/2001. Aðgengileg á URL: http://www.retsinfo.dk/_GETDOCI_/ACCN/A20010027229-REGL.

Bekendtgörelse om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere. Aðgengileg á URL: http://iwww.retsinfo.dk/DELFIN/HTML/B2004/0070205.htm.

Biskupasögur, II (2001). Íslensk fornrit, XVI. Ritstjóri: Jónas Kristjánsson. Útgefandi: Ásdís Egilsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Cassileth, BR (2002). The integrative medicine service at Memorial Sloan-Kettering Cancer Center. *Seminars in Oncology,* 29 (6), 585–588.

Cassileth, BR & Deng, G (2004). Complementary and alternative therapies for cancer. *Oncologist,* 9(1), 80–89.

Cherkin, DC, Sherman, KJ, Deyo, RA, Shekelle, PG (2003). A Review of the Evidence for the Effectiveness, Safety, and Cost of Acupuncture, Massage Therapy, and Spinal Manipulation for Back Pain. *Ann Intern Med,* 138;11:898–906.

Code de la santé publique, Article L4161–1.

Corbin, W, Shapiro, H (2002). Physicians want education about complementary and alternative medicine to enhance communication with their patients. *Archives of Internal Medicine,* 162 (10), 1176–1181.

Davíð Stefánsson (1941). *Gullna hliðið.* Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson.

Department of Health (2001). *Government Response to The House of Lords Select Committee on Science and Technology's Report on Complementary and Alternativ Medicine.* Aðgengileg á URL: http://www.archive.official-documents.co.uk/document/cm51/5124/5124.htm.

Department of Health (2004). *Regulation of herbal medicine and acupuncture. Proposals for statutory regulation.* Aðgengileg á URL: http://www.dh.gov.uk/Consultations/ClosedConsultations/ClosedConsultations Article/fs/en?CONTENT_ID=4083508&chk=9dE%2B/o.

Det kongelige helsedepartement (2002). *Om lov om alternativ behandling av sykdom mv.* Ot. prp. nr. 27 (2002–2003). Aðgengileg á URL: http://odin.dep.no/hod/norsk/publ/otprp/042001-050013/index-dok000-b-n-a.html.

DiCenso, A, Cullum N, & Ciliska, D (2002). *Evidence-based nursing:* 4 years down the road. Evidence Based Nursing, 5 (1), 4–5.

Druss, BG, & Rosencheck, RA (1999). Association between use of unconventional therapies and conventional medical services. *JAMA;* 282 (7): 651–656.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1943). *Ferðabók.* (Steindór Steindórsson, Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfdánarson þýddu). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja. Helgafell.

Eisenberg DM, Cohen, MH, Hrbek, A, Grayzel, J, Van Rompay, MI, Richard AC (2002). Credentialing complementary and alternative medical providers. *Ann Intern Med,* 137: 965–73.

Eisenberg, DM, Davis RB, Ettner SL, Appel S, Wilkey S, Van Rompay M, Kessler RC (1998). Trends in alternative medicine use in the United States 1990–1997: results of a follow-up national survey. *JAMA.* Nov 11; 280 (18):1569–75.

Eklöf, M, & Kullberg, A (2004). *Komplementär medicin. Forskning, utveckling, utbildning. En rapport på uppdrag av Landstingsförbundet.* Tema Hälsa och samhälle. Linköping: Linköpings universitet och Landstingsförbundet. Aðgengileg á URL: http://www.lf.svekom.se/artikeldokument.asp?C=361&A=8725 &FileID=32939&NAME=KOMPLEMENTAR_MEDICIN_040804.pdf.

Eklöf, M. & Tegern, G (2001). *Stockholmare och den komplementära medicinen. Befolkningsstudie angående inställningen till och användning av komplementär medicin genomförd under år 2000 i Stockholms läns landsting.* (HSN rapport 12). Stockholm: Stockholms läns landsting. Aðgengileg á URL: http://www.sll.se/cs-media/w_org/xyz/000020486.pdf.

Elfa Þ. Grétarsdóttir, Guðríður K. Þórðardóttir, Sigríður Guðmundsdóttir (2002). Notkun viðbótaraðferða hjá einstaklingum í krabbameinsmeðferð. Lokaverkefni til B.Sc.-prófs í hjúkrunarfræði. Óbirt B.Sc-ritgerð: Háskóli Íslands, hjúkrunarfræðideild.

Erlingur Davíðsson (1972). Sæmundur á Sjónarhæð. *Aldnir hafa orðið I.* Reykjavík: Skjaldborg.

Ernst, E, & White, A (2000). The BBC Survey of Complementary Medicine Use in the UK. *Complement Ther Med.* 8:32–26.

Forskrift om frivillig registerordning for utøvere av alternativ behandling nr. Fastsatt av Helsedepartementet 11. desember 2003 med hjemmel i lov 27. juni 2003 nr. 64 om alternativ behandling av sykdom mv. § 3. Aðgengileg á URL: http://odin.dep.no/odinarkiv/norsk/dep/hd/p30001355/regelverk/042051-990030/dok-bn.html.

Forskrift om markedsføring av alternativ behandling av sykdom. Fastsatt av Helsedepartementet 11. desember 2003 med hjemmel i lov 27. juni 2003 nr. 64 om alternativ behandling av sykdom mv. § 8 femte ledd. Aðgengileg á URL: http://odin.dep.no/odinarkiv/norsk/dep/hd/p30001355/regelverk/042051-990028/dok-bn.html.

Furnham, A, og McGill, C (2003). Medical students' attitudes about complementary and alternative medicine. *Journal of Alternative & Complementary Medicine,* 9(2), 275–284.

Gissur Ó. Erlingsson (1995). *Erlingur grasalæknir.* Reykjavík: Skjaldborg.

Guðrún P. Helgadóttir (1987). *Hrafnssaga Sveinbjarnarsonar.* Oxford: Clarendon Press.

Guðrún P. Helgadóttir (1995). *Lárus hómópati.* Reykjavík: Skerpla.

Halldór Kiljan Laxness (1962). *Dagleið á fjöllum.* Reykjavík.

Hanyu, N, Simile, C, Hardy, A (2002). Utilization of complementary and alternative medicine by United States adults. Med Care, 40, 353–358.

Haukur Valdimarsson (2002). Af skottulæknum og öðrum. Læknablaðið 2002.

Hyland, ME (2003). Methodology for the scientific evaluation of complementary and alternative medicine. *Complement Ther Med,* 11, 146–153. Aðgengileg á URL: http://www.sciencedirect.com/science.

Jón Hjaltalín (1856). *Vísindin, reynslan og „Homöopatharnir".* Reykjavík.

Jón Hjaltalín (1858). *Íslenzka homöopathian og norlenzku prestarnir.* Reykjavík.

Jón Steffensen (1975). *Menning og meinsemdir.* Reykjavík: Sögufélagið.

Jón Steffensen (1990). *Íslensk þjóðmenning, VII. bindi.* Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Jónas Jónasson (1945). *Íslenskir þjóðhættir.* Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.

Kjöller M (2002, 19. mars). *Hvem og hvor mange benytter sig af alternative behandlingstilbud?* 7, 122–132. Statens Institut for Folkesundhed. Notat fra Teknologirådets höring om alternativ behandling. Christiansborg. (Aðgengileg á URL: http://www.tekno.dk/pdf/projekter/p02_alternativ-behandling-rapport.pdf).

Kreitzer, MJ, Mitten, D, Harris, I, & Shandeling, J (2002). Attitudes toward CAM among medical, nursing, and pharmacy faculty and students: a comparative analysis. *Alternative Therapies in Health & Medicine,* 8(6), 44–47, 50–53.

Kristín Konráðsdóttir (2002). Notkun náttúruefna meðal krabbameinssjúklinga. *Lyfjatíðindi,* 22–25.

Kulturhistorisk Lexikon for Nordisk Middelalder I. (Bartskær) XI. bindi (Lægeböger, Lægekunst, Lægemidler, Lægeplanter).

Landlæknisembættið (1991). Könnun á heilbrigðisþjónustu á Íslandi – aðsókn, lyfjanotkun og álit fólks á þjónustunni. *Upplýsingarit Landlæknisembættisins,* 1, 25–27.

Lovísa Baldursdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Cecilie Björgvinsdóttir, Hanna Karen Kristjánsdóttir og Lilja Jónasdóttir (2002). *Óhefðbundin meðferð í hjúkrun á Landspítala háskólasjúkrahúsi.* Skýrsla nefndar á vegum hjúkrunarforstjóra LSH. Reykjavík: Landspítali – háskólasjúkrahús.

Lov om alternativ behandling av sykdom mv. nr. 64/2003. Aðgengileg á URL: http://www.lovdata.no/all/nl-20030627-064.html.

Lov om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere nr. 351/2004. Aðgengileg á URL: http://iwww.retsinfo.dk/DELFIN/HTML/B2004/0070205.htm.

Lyfjalög, nr. 93/1994.

Læknalög, nr. 53/1998.

Lög Bandalags íslenskra græðara, 2003.

Lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000.

Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, nr. 24/1985.

Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1998.

Manheimer, E, Berman, B, Heather, D og Beckner, W (2004). *Cochrane reviews of complementary and alternative therapies: evaluating the strength of the evidence.* Aðgengilegt á URL: http://www.cochrane.org/colloquia/abstracts/ottawa/P-094.htm.

Nefnd um óhefðbundnar lækningar (2003). *Áfangaskýrsla nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga.* Lögð fram með skýrslu ráðherra um störf nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga, 97. mál á 130. löggjafarþingi.

Norges offentlige utredninger (1998:21). *Alternativ medisin.* Aðgengileg á URL: http://odin.dep.no/hod/norsk/dok/andre_dok/utredninger/030005-020019/dok-bn.htm.

Norheim, AJ & Fonnebo, V (1998). Doctors' attitudes to acupuncture – a Norwegian study. *Social Science & Medicine*, 47 (4), 519–523.

Nutbeam, D, & Harris, E (2004). *Theory in a nutshell. A practical guide to health promotion theories* (2nd ed.). McGraw-Hill: Australia Pty Ltd.

Ólöf Þórhallsdóttir, Kristín Ingólfsdóttir, Magnús Jóhannsson (2002). Aukaverkanir og milliverkanir náttúrulyfja, náttúruvara og fæðubótarefna. *Læknablaðið,* 88, 289–297.

Pedersen, E.J, Norheim, A.J, & Fonnebe, V (1996). Attitudes of Norwegian physicians to hemopathy. A questionnare among 2019 physicians on their cooperation with homeopathy specialists. *Tidskrift for Den Norske Lægeforening*, 116(18), 2186–2189.

Reglugerð um fæðubótarefni, nr. 624/2004.

Reglugerð um vátryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, nr. 763/2000.

Risberg, T, Kolstad, A, Johansen, A & Vingerhagen, K (1999). Opinions on and use of alternative medicine among physicians, nurses and clerks in northern Norway. *In Vivo,* 13(6), 493–498.

Ríkisskattstjóri (2000). *Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra,* dags. 28. apríl (birt á heimasíðu ríkisskattstjóra: http://www.rsk.is).

Rúnar Vilhjálmsson (1999). A national study of factors related to the use of alternative health services. Veggspjald kynnt á 15. norrænu ráðstefnunni um lýðheilsu (15. Nordic Conference on Social Medicine) sem haldin var í Reykjavík 3.–5. júní 1999.

Salmenpera, L, Suominen, T & Lauri, S (1998). Oncology nurses' attitudes towards alternative medicine. *Psycho-Oncology,* 7 (6), 453–9.

Select Committee on Science and Technology (1999). *Science and Technology – Sixth Report.* House of Lords: Publications on the internet. Aðgengileg á URL: http://www.parliament.the-stationery-office.co.uk/pa/ld199900/ldselect/ldsctech/123/12301.htm.

Sigurdsson, G (1987). *Doctors Views of Unconventional Therapies: a study of the psychic experiences of physicians in Iceland and their views of psychic healing and other unconventional therapies.* Unpublished masters thesis, University of Western Ontario, London Ontario, Canada.

Statens offentliga utredningar (1989:62). *Alternativa terapier i Sverige – en kartläggning.*

Statens Institut for Folkesundhed (2002). Teknologirådets høring om alternativ behandling. København: Statens Institut for Folkesundhed, 2002. 7:35–36. Aðgengileg á: URL: http://www.tekno.dk/pdf/projekter/p02_alternativ-behandling-rapport.pdf.

Smári Geirsson (1989). *Frá eldsmíði til eleksírs. Iðnsaga Austurlands, fyrri hluti.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

The Research Council for Complementary Medicine (2000). *A Survey of Knowledge and Understanding of Unconventional Medicine in Europe. COST B4.*

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 46/2002 (um fæðubótarefni).

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 83/2001 (um lyf fyrir menn).

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 46/2002 (um samræmingu aðildarríkjanna um fæðubótarefni).

Tracy, M, Lindquist, R, Watanuki, S, Sendelbach, S, o.fl. (2003). Nurse attitudes towards the use of complementary and alternative therapies in critical care. *Heart & Lung,* 32(3), 197–209.

Vilhjálmur Skúlason (1979). *Undir merki lífsins.* Reykjavík: Skuggsjá.

Vilmundur Jónsson (1969). *Lækningar og saga.* Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Vilmundur Jónsson (1970). *Læknar á Íslandi I–II.* Reykjavík: Læknafélag Íslands/Ísafoldarprentsmiðja.

Vilmundur Jónsson (1985). *Með huga og orði I.* Reykjavík: Iðunn.

Þóra Jenný Gunnarsdóttir (2002). Sérhæfð meðferð: hvað er það? *Tímarit hjúkrunarfræðinga,* 1 (78), 9–11.

Weeks, J (2002). C.A.M. Complementary & alternative medicine. JCAHO includes CAM therapy. *Health Forum Journal*, 45 (2), 33.

Weiger, W, Smith, M, Boon, H, Richardson, M, Kaptchuk, T, & Eisenberg, D (2002). Advising patients who seek complementary and alternative medical therapies for cancer. *Annals of Internal Medicine,* 137 (11), 889–903.

World Health Organization (2002). *Traditional Medicine Strategy 2002–2005.*

World Health Organization (2004). *WHO guidelines on safety moniroting of herbal medicines in pharmacovigilance systems.*

Fylgiskjal I.

Skipunarbréf nefndar um stöðu hefðbundinna lækninga.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Laugavegur 116, 150 Reykjavík
sími: 545 8700, bréfasími: 551 9165
postur@htr.stjr.is · www.heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 12. desember 2002
Tilvísun: HTR02120046/040/MS/--

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur að ályktun Alþingis ákveðið að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundnum lækningum er hér átt við nálastungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

- Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.
- Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.
- Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.
- Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrigðisráðherra um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér á landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í auknum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2003.

Fylgiskjal II.

Listi yfir umsagnaraðila um drög að frumvarpi til laga um græðara.

Fagfélög heilbrigðisstétta
Ljósmæðrafélag Íslands
Læknafélag Íslands
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Iðjuþjálfafélag Íslands
Lyfjafræðingafélag Íslands
Meinatæknafélag Íslands
Sjúkraliðafélag Íslands
Félag íslenskra sjúkraþjálfara
Lyfjatæknafélag Íslands
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands
Sjúkranuddarafélag Íslands
Félag matartækna
Félag íslenskra kírópraktora
Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga
Félag íslenskra náttúrufræðinga
Félag matarfræðinga
Samtök heilbrigðisstétta

Deildir HÍ
Læknadeild
Hjúkrunarfræðideild
Lyfjafræðideild
Raunvísindadeild (matvælafræðiskor)
Endurmenntunarstofnun

Aðrar kennslustofnanir
Tækniháskóli Íslands, heilbrigðisdeild
Háskólinn á Akureyri, heilbrigðisdeild
Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Heilbrigðisstofnanir o.fl.
Heilbrigðisstofnunin Akranesi
Heilbrigðisstofnun Austurlands
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
Landspítali – háskólasjúkrahús
Heilsugæslan í Reykjavík
Landssamtök sjúkrahúsa
Landssamtök heilsugæslustöðva

Hagsmunasamtök
BHM – Bandalag háskólamanna
BSRB – Bandalag starfsmanna ríkis og bæja

Aðrir
Landlæknir
Tryggingastofnun ríkisins
Menntamálaráðuneytið
Dómsmálaráðuneytið
Lyfjastofnun
Lýðheilsustöð
Persónuvernd
Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Ríkisskattstjóri
Starfsgreinaráð um heilbrigðis- og félagsgreinar
Heilsustofnun NLFÍ
Samband íslenskra tryggingafélaga
Osteópatar (Haraldur Magnússon)
Bandalag íslenskra græðara – og aðildarfélög:
- Acupunktúrfélag Íslands
- Cranio sacral félag Íslands
- Cranio félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara
- Félag íslenskra nuddara
- Félag lithimnufræðinga
- Organon félag hómópata
- Samband svæða- og viðbragðsfræðinga
- Svæðameðferðarfélag Íslands

Fylgiskjal III.

Frumvarp til laga um græðara ásamt drögum að reglugerð um frjálst skráningarkerfi fyrir græðara.

FRUMVARP TIL LAGA UM GRÆÐARA
(Þskj. 257, 246. mál á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir eða nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og að tryggja gæði þjónustunnar eftir því sem kostur er. Markmiði þessu skal m.a. náð með því að koma á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara.

Lögin taka til skráðra græðara og eftir því sem við á annarra græðara, þótt óskráðir séu.

2. gr.
Skilgreiningar.

Með orðinu *græðari* í lögum þessum er átt við þá sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis.

Með *heilsutengdri þjónustu græðara* er átt við þjónustu sem einkum tíðkast utan hins almenna heilbrigðiskerfis og byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Slík þjónusta felur meðal annars í sér meðferð á líkama einstaklings með það að markmiði að efla heilsu hans, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun.

3. gr.
Skráningarkerfi.

Komið skal á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara. Skráningarkerfið skal vera í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Bandalaginu er heimilt að innheimta skráningargjald sem standa skal undir kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Bandalagið ákveður fjárhæð skráningargjalds og skal hún staðfest af ráðherra. Bandalagið skal tryggja að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um það hvaða græðarar eru skráðir á hverjum tíma og hver sé starfsgrein þeirra.

Skráðum græðara er skylt að hafa skráningarskírteini sitt á áberandi stað á starfsstöð sinni þannig að það sé örugglega sýnilegt þeim sem sækja sér þjónustu viðkomandi græðara.

Heimilt er að skrá græðara sem eru félagar í fagfélagi sem á aðild að skráningarkerfinu. Óski græðari sem ekki á aðild að fagfélagi eftir skráningu er skráning hans heimil að því tilskildu að hann uppfylli menntunarkröfur þess fagfélags sem hann ella ætti að tilheyra og önnur skilyrði skráningar og sæti eftirliti Bandalags íslenskra græðara og landlæknis.

Ráðherra ákveður að fenginni umsögn landlæknis og Bandalags íslenskra græðara hvort fagfélag fær aðild að frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara.

Ráðherra skal með reglugerð kveða á um þær kröfur sem fagfélög þurfa að uppfylla til að eiga aðild að skráningarkerfinu. Þar skal einnig kveðið á um fyrirkomulag skráningar, þær upplýsingar sem fram þurfa að koma um starfsgrein græðara, vistun skráningarkerfisins, eftirlit með viðhaldi þess og þær kröfur sem græðarar þurfa að uppfylla til að fá skráningu.

Nú uppfyllir fagfélag ekki lengur þær kröfur sem reglugerð kveður á um og getur ráðherra þá ógilt aðild þess að skráningarkerfinu.

4. gr.

Ábyrgðartrygging.

Græðari ber bótaábyrgð á störfum sínum eftir almennum reglum.

Skráðum græðurum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna tjóns sem leitt getur af mistökum eða gáleysi í störfum þeirra. Í stað vátryggingar skal græðara þó heimilt að leggja fram ábyrgð sem veitt er af viðskiptabanka eða sparisjóði, enda veiti hún sambærilega vernd. Ráðherra setur reglugerð um lágmark vátryggingarfjárhæðar og framkvæmd vátryggingarskyldunnar. Hann skal hafa samráð við Bandalag íslenskra græðara og landlækni um ákvörðun vátryggingarfjárhæðarinnar.

5. gr.

Trúnaðar- og þagnarskylda.

Græðurum er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu nema lög bjóði annað. Þagnarskylda helst þótt græðari láti af störfum og einnig þótt sá sem notið hefur þjónustu viðkomandi græðara sé fallinn frá. Um vitnaskyldu græðara gilda ákvæði læknalaga.

6. gr.

Skráning upplýsinga um heilsutengda þjónustu græðara.

Að höfðu samráði við landlækni og Bandalag íslenskra græðara setur ráðherra með reglugerð skilyrði um skráningu og meðferð upplýsinga vegna heilsutengdrar þjónustu græðara sem veitt er utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Að öðru leyti fer um meðferð upplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.

Takmarkanir á heilsutengdri þjónustu græðara.

Meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma skal einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum. Þetta gildir þó ekki ef sjúklingur óskar eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni. Græðari skal í slíkum tilvikum fullvissa sig um að samráð hafi átt sér stað.

Græðurum er óheimilt að gera aðgerðir eða veita meðferð sem fylgir alvarleg áhætta fyrir heilsu sjúklings. Sama máli gegnir um meðferð sjúkdóma sem falla undir ákvæði sóttvarnalaga um smitsjúkdóma og hafa í för með sér hættu fyrir almenning.

Græðurum er óheimilt að ráðleggja fólki að hætta lyfjameðferð eða annarri meðferð sem það hefur hafið hjá löggiltu heilbrigðisstarfsfólki.

Verði græðari þess var að skjólstæðingur sé með vandamál sem fellur utan starfssviðs græðara eða að meðferðin hafi ekki borið tilætlaðan árangur ber honum að vísa skjólstæðingi til læknis.

Heilbrigðisstofnunum er heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara þar sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar.

Ráðherra getur með reglugerð, að höfðu samráði við Bandalag íslenskra græðara og landlækni, kveðið nánar á um þá sjúkdóma, aðgerðir og meðferð sem getið er í 1. og 2. mgr.

8. gr.

Starfsheiti og kynning.

Einungis sá sem er skráður græðari skv. 3. gr. hefur rétt til þess að nota heitið skráður í tengslum við starfsgrein sína.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem takmarkar kynningar og auglýsingar á starfsemi þeirra sem stunda heilsutengda þjónustu með hliðsjón af þeim ákvæðum laga sem gilda um heilbrigðisstéttir.

9. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, framin af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um hlutdeild fer eftir ákvæðum 22. gr. almennra hegningarlaga.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.
Endurskoðun.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

REGLUGERÐ UM FRJÁLST SKRÁNINGARKERFI FYRIR GRÆÐARA. (DRÖG 11. OKTÓBER 2004.)

1. gr.
Tilgangur.

Skráningarkerfi fyrir græðara er ætlað að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir eða nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og tryggja gæði þjónustunnar eftir því sem kostur er. Auk þess á skráningarkerfið að stuðla að ábyrgri þjónustu og viðskipaháttum græðara.

2. gr.
Frjáls skráning.

Bandalag íslenskra græðara kemur á fót og rekur skráningarkerfi þar sem græðarar eiga þess kost að óska eftir skráningu. Til þess að geta látið skrá sig verður viðkomandi græðari að vera félagi í fagfélagi sem hefur hlotið aðild að skráningarkerfinu samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar, og uppfylla að auki þær kröfur sem gerðar eru í 5. gr.

Óski græðari sem ekki á aðild að fagfélagi eftir skráningu er skráning hans heimil að því tilskildu að hann uppfylli menntunarkröfur þess fagfélags sem hann ætti að tilheyra, hafi undirgengist samþykktir sem mælt er fyrir um í 1.–7. tölul. 3. gr. þessarar reglugerðar og uppfylli jafnframt þær kröfur sem gerðar eru í 5. gr.

Bandalag íslenskra græðara skal jafnan sjá til þess að almenningur hafi greiðan aðgang að réttum upplýsingum um hvaða græðarar eru skráðir í skráningarkerfi græðara á hverjum tíma og hver sé starfsgrein þeirra.

3. gr.

Skilyrði fyrir aðild fagfélags að skráningarkerfinu.

Að fenginni umsókn og umsögnum landlæknis og Bandalags íslenskra græðara getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilað að fagfélög fái aðild að frjálsa skráningarkerfinu sem nefnt er í 2. gr. svo fremi að félagið hafi staðfest:

1. samþykktir þar sem gerðar eru menntunarlegar og faglegar kröfur til þess einstaklings sem óskar eftir því að gerast félagi,
2. samþykktir sem mæla fyrir um siðareglur sem félagar eru skuldbundnir til að hlíta í starfi sínu,
3. samþykktir þar sem félagar skuldbinda sig til þess að reka ábyrga starfsemi,
4. samþykktir þar sem félagar skuldbinda sig til þess að gefa skjólstæðingum allar nauðsynlegar upplýsingar er varða starfsemi þeirra,
5. samþykktir þar sem félagar skuldbinda sig til þess að gæta trúnaðar um allar upplýsingar er varða skjólstæðinginn og heilsu hans,
6. fagfélög hafi í samþykktum sínum ákvæði um skráningu upplýsinga um heilsutengda þjónustu sem veitt er einstaklingum,
7. samþykktir þar sem kæruréttur skjólstæðinga gagnvart faglegu starfi félagsmanna er tryggður; fjallað skal um slíkar kærur í siðanefnd fagfélagsins eða sérstakri kærunefnd sem sett er á stofn;
8. samþykktir sem gera kleift að víkja félagsmönnum úr félaginu í samræmi við frekari starfsreglur sem settar eru þar um,
9. að fagfélagið sé skráð með kennitölu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilkynnir Bandalagi íslenskra græðara um fagfélög sem fengið hafa aðild að skráningarkerfinu í samræmi við ákvæði þessarar gr.

4. gr.

Skyldur fagfélaga sem fengið hafa aðild að skráningarkerfinu.

Fagfélagi sem hlotið hefur aðild að skráningarkerfinu í samræmi við 3. gr. ber skylda til að senda þegar í stað tilkynningu til Bandalags íslenskra græðara ef skráður félagsmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir því að vera á skrá.

5. gr.

Skilyrði fyrir skráningu græðara.

Bandalag íslenskra græðara skráir græðara sem veitir heilsutengda þjónustu ef:

1. Viðkomandi græðari hefur lokið námi sem svarar að lágmarki til 6 eininga í líffæra- og lífeðlisfræði, 5 eininga í heilbrigðis- og sjúkdómafræði og 2 eininga í siðfræði og heilbrigðislöggjöf. Hér er átt við einingar á framhaldsskólastigi. Viðkomandi þarf jafnframt að hafa lokið starfsnámi undir handleiðslu viðurkennds leiðbeinanda í samræmi við kröfur þess fagfélags sem grein hans tilheyrir.
2. a) Skjalfest er að græðarinn er fullgildur félagi í fagfélagi sem hlotið hefur staðfestingu í samræmi við 3. gr. og félagið mælir með skráningu hans.

Eða

b) að fyrir liggur skjalfest staðfesting á því að hann hafi undirgengist þær samþykktir sem mælt er fyrir um í 1.–7. gr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Landlæknisembættið og Bandalag íslenskra græðara mæli með skráningu hans og viðkomandi hefur undirritað yfirlýsingu þess efni að hann mun sæta eftirliti landlæknis og Bandalags íslenskra græðara.

3. Viðkomandi græðari hefur lagt fram staðfestingu á því að hann hafi gilda tryggingu vegna þeirrar fjárhagsábyrgðar sem kann að skapast gagnvart skjólstæðingum vegna starfa hans sem græðari.
4. Græðarinn hefur gefið upp kennitölu sína, nafn, lögheimili og starfsstöð.
5. Græðarinn hefur gefið upp starfsgrein sem hann óskar eftir að fá skráða.

Unnt er að kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins ef græðara er synjað um skráningu.

6. gr.

Skyldur skráðra græðara.

Skráðum græðara er skylt:

1. að senda árlega staðfestingu til Bandalags íslenskra græðara um að hann hafi gilda ábyrgðartryggingu í samræmi við ákvæði 3. tölul. 5. gr.
2. að senda Bandalagi íslenskra græðara þegar í stað tilkynningu ef skilyrði skráningar, eins og þau koma fram í 5. gr. eru ekki lengur fyrir hendi eða ef viðkomandi óskar ekki eftir því að vera áfram á skrá.

7. gr.

Skráningargjald.

Við skráningu skal græðari greiða Bandalagi íslenskra græðara sérstakt skráningargjald til að standa undir kostnaði af rekstri skráningarkerfisins.

8. gr.

Afturköllun skráningar.

Ef græðari uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir skráningu í samræmi við reglugerð þessa skal Bandalag íslenskra græðara taka hann af skrá. Afskráning er kæranleg til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að fengnum tilmælum landlæknis eða Bandalags íslenskra græðara, ákveðið að græðari skuli tekinn af skrá, enda þótt skilyrðum fyrir skráningu sé fullnægt. Þetta getur átt við ef græðari brýtur gegn lögum um græðara eða aðhefst eitthvað annað í starfi sem er andstætt góðum starfsháttum.

Gefa skal hinum skráða kost á að tjá sig um afskráningu sbr. 1. og 2. mgr. áður en hún er ákveðin.

Græðari sem tekinn hefur verið af skrá í samræmi við 1. mgr. getur fengið sig skráðan aftur sýni hann fram á að hann uppfylli að nýju skilyrði fyrir skráningu. Greiðir hann þá skráningargjald að nýju, sbr. 7. gr.

Græðari sem tekinn hefur verið af skrá í samræmi við 2. mgr. getur fengið sig skráðan aftur að fenginni umsögn landlæknis og Bandalags íslenskra græðara, sýni hann fram á að ástæður afskráningar eigi ekki lengur við.

9. gr

Upplýsingar skráningarkerfisins og upplýsingagjöf.

Skráningarkerfi fyrir græðara skal innihalda upplýsingar um:

1. nafn, heimilisfang og kennitölu græðara sem skráður er, sbr. 5.gr.,
2. dagsetningu sem segir til um hvenær græðari var fyrst skráður í skráningarkerfið,

3. skráningarnúmer, nafn og heimilisfang á viðurkenndum fagfélögum sem hafa skráða félagsmenn í skráningarkerfinu, sbr. 3. gr.,
4. starfsgrein hins skráða, ásamt starfsstöð og skráningarnúmeri viðurkennds fagfélags sem hann er félagi í, sbr. 5. gr. ef það á við.
5. náms- og starfsferil.

Allir hafa rétt til þess að kynna sér hverjir eru skráðir græðarar sbr. 1.–5. tölul.

10. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 3. gr. laga nr. xx um græðara, öðlast gildi nú þegar.

Fylgiskjal IV.

Listi yfir þá sem komu á fund nefndar um óhefðbundnar lækningar.

Nefnd um óhefðbundnar lækningar óskaði eftir að fá fulltrúa frá eftirtöldum félögum og stofnunum til fundar við sig:

Acupunktúrfélag Íslands
Bandalag íslenskra græðara
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra sjúkraþjálfara
Félag sjúkranuddara
Heilsustofnun NLFÍ
Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands
Landlæknisembættið
Landspítali – háskólasjúkrahús
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Lyfjafræðingafélag Íslands
Lyfjastofnun
Læknafélag Íslands
Læknadeild Háskóla Íslands
Ríkisskattstjóri
Samband íslenskra tryggingafélaga
Starfsgreinaráð um heilbrigðis- og félagsgreinar

Eftirtaldir fulltrúar komu til fundar við nefndina:
Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri, Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
Auður Ólafsdóttir, formaður Félags íslenskra sjúkraþjálfara.
Birna Konráðsdóttir, formaður Félags sjúkranuddara.
Eggert Eggertsson, starfsgreinaráði um heilbrigðis- og félagsgreinar.
Elsa Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Guðmundur Pétursson, lögfræðingur, Lyfjastofnun.
Gunnar Árnason, framkvæmdastjóri Læknafélags Íslands.
Haraldur Matthíasson, osteópati.
Helga Jónsdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.
Hlöðvar Bjargmundsson, Lánasjóði íslenskra námsmanna.
Hulda Þórðardóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri, Heilsustofnun NLFÍ.
Ingunn Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfjafræðingafélags Íslands.
Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri, Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
Kristján Erlendsson, kennslustjóri, læknadeild Háskóla Íslands.

Kristján Guðmundsson, yfirlæknir Heilsustofnunar NLFÍ.
Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir.
Ríkharður Jósafatsson, formaður Acupunktúrfélags Íslands.
Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga.
Sigríður Pálína Arnardóttir, formaður Lyfjafræðingafélags Íslands.
Sigrún Sól Sólmundsdóttir, forseti Bandalags íslenskra græðara.
Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands.
Sigurður Guðmundsson, landlæknir.
Sigurjón Högnason, yfirmaður virðisaukaskattsmála, ríkisskattstjóra.
Þorbjörg Kjartansdóttir, lyfjafræðingur.
Þóra Jenný Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og nuddari.

Fylgiskjal V.

Nokkrar greinar græðara sem stundaðar eru á Íslandi.

Acupunktúr/nálastungur
Akupunktúr er grein sem fellur undir hefðbundnar kínverskar lækningar. Nálum er stungið í tiltekna punkta á líkamanum í því skyni að jafna orkuflæði milli hinna tveggja mótverkandi hliða, svokallað yin og yang. Nálastungum hefur verið beitt í lækningaskyni í Kína í meira en 4000 ár. Nálastungur eru töluvert nýttar í hefðbundnum nútímalækningum, fyrst og fremst til verkjameðferðar.

Alexandertækni
Alexandertækni felst í því að kenna fólki líkamsbeitingu, að endurheimta góða líkamsstöðu og hreyfingar í samræmi við það sem líkamanum er eðlilegast. Einnig er kennd sérstök slökunartækni.

Blómadroparáðgjöf
Blómadropar eru margvíslegar blöndur sem unnar eru úr blómstrum jurta. Blómadropar eru ýmist teknir inn eða notaðir útvortis. Þeim er ætlað að styrkja tilfinningalegt og andlegt jafnvægi. Blómadropar eru oft notaðir samhliða annars konar meðferðarformum græðara.

Bowentækni
Bowentækni er einkum notuð sem verkjameðferð, t.d. vegna tognana og álagsmeiðsla. Tæknin felst í því að beita titrunarhreyfingum á vöðva, sinar og tengivefi líkamans eftir ákveðnum reglum.

Eyrnastungur
Eyrnastungur eru n.k. undirgrein acupunktúr/nálastungna. Byggt er á þeirri hugmynd að eyrun séu spegilmynd líkamans. Kortlagðir hafa verið um 120 punktar sem hver um sig samsvarar ákveðnum líffærum. Margir þekkja eyrnastungur sem veittar eru í því skyni að lækna fíkn, t.d. tóbaksfíkn.

Grasagræðingar/grasalækningar
Grasagræðingar byggjast á notkun jurta til að efla og bæta heilsu fólks. Grasagræðarinn aflar upplýsinga hjá skjólstæðingi sínum um líkamlegt og andlegt ástand hans, upplýsinga um mataræði o.fl. Á grundvelli þessa metur hann hvaða jurtir eða jurtablöndur geta hjálpað viðkomandi og eru þær gefnar sem seyði, te, eða í hylkjum til inntöku.

Heilun
Margar ólíkar aðferðir falla undir hugtakið heilun. Sameiginleg hugmynd að baki þessum aðferðum er sú að hver einstaklingur eigi sér orkulíkama eða árur og ójafnvægi í orkuflæðinu geti valdið ýmsum kvillum. Hlutverk heilarans er að veita orku á rétta staði og losa um orkustíflur. *Reiki* er grein af þessum meiði.

Hómópatía (smáskammtalækningar)
Grundvallarhugmynd hómópatíu er sú að líkt bæti líkt. Þannig sé mögulegt að ráða bót á sjúkdómi með því að gefa hinum sjúka *remedíur* sem innihalda efni sem kalla fram sem líkust einkenni þeim einkennum sem ætlunin er að ráða bót á. Þau efni sem hómópatar nota í remedíur eru ýmist tekin úr jurta-, dýra- eða steinaríkinu. Efnið í remedíunni er þynnt svo mikið að það er vart greinanlegt.

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð (CranioSacral therapy)
Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð byggist á þeirri hugsun að umhverfis miðtaugakerfið séu himnur með beinfestu á höfuðbeinum og spjaldhrygg. Ef spjaldbein sitji t.d. ekki rétt í mjaðmagrindinni geti það skapað álag á himnurnar sem hafi áhrif á miðtaugakerfið. Sama máli gegni um höfuðbein. Meðferð felst í léttri snertingu og hreyfingu til að liðka fyrir hreyfingum höfuðbeina og spjaldhryggjar.

Ilmkjarnaolíumeðferð
Ilmkjarnaolíur eru unnar úr plöntum eða blómum þeirra, ávöxtum, rótum og berki. Olíurnar eru notaðar samhliða nuddi. Olíurnar hafa ólíka eiginleika og eru notaðar með hliðsjón af því hvaða áhrifa er leitað.

Kinesiologi (vöðva- og hreyfifræði)
Kenningin að baki kinesiologi er komin úr kínverskri læknisfræði en greiningaraðferðin var þróuð á fjórða áratugnum af amerískum liðlækni. Kinesiologi er meðferðarform þar sem vöðvapróf er notað til að greina ójafnvægi á orkuflæði líkamans. Ójafnvægi getur leitt til sjúkdóma ef ekkert er að gert. Vöðvapróf eru notuð til að athuga styrk einstakra vöðva með tilliti til orkuflæðis. Leitast er við að jafna orkuflæði 14 orkubrauta líkamans, en hverri orkubraut tengjast vissir vöðvar og líffæri. Ójafnvægið er leiðrétt með nuddi eða þrýstingi á áhrifasvæði á líkamanum. Kinesiologi er hægt að nota á margan annan hátt, t.d. til að greina mataróþol og bætiefnaþörf hjá einstaklingum.

Líföndun
Sérstök öndunartækni sem byggist á djúpöndun í því skyni að finna spennu, losa um hana og stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan.

Lithimnufræði
Lithimnufræðingar fást við að lesa úr lithimnum augna fólks upplýsingar um heilsufarsástand viðkomandi. Fræðin byggjast á því að hver einstaklingur hafi einstakt mynstur í lithimnu augans, rétt eins og hver hefur sitt einstaka fingrafar. Með því að lesa í lithimnu augans í samræmi við það sem lithimnufræðin kennir sé unnt að sjá ástæður ýmissa kvilla. Á þessum grunni veita lithimnufræðingar ráð t.d. um æskilegar breytingar á mataræði og lífsstíl.

Nudd
Nuddaðferðir eru margar til, þótt flestar eigi þær mjög margt sameiginlegt. Nuddi er í grófum dráttum ætlað að mýkja vöðva, draga úr vöðvaspennu og bæta blóðflæði. Nefna má *klassískt sænskt nudd, sogæðanudd, heitsteinanudd* o.fl.

NLP-ráðgjöf
NLP er aðferð sem þróuð var af John Grinder og Richard Bandler til að vinna með undirmeðvitund og mannlega hegðun. Með æfingum er reynt að finna og virkja ómeðvitaða hæfileika hjá einstaklingum sem unnt er að nýta á jákvæðan hátt.

Pólunarmeðferð
Byggist á hugmyndum um orkustreymi milli fimm orkumiðstöðva í likamanum sem nefnast chakra og að jafnvægi milli þessara orkustöðva sé forsenda heilbrigðis. Þrýstingi beitt með fingrum og teygjuæfingar notaðar til að losa um spennu og auka jafnvægi. Stuðlar að djúpri slökun og líkamlegri kyrrð.

Rolfing
Rolfing felst að verulegu leyti í kennslu líkamsbeitingar. Áhersla er á djúpnudd vöðva og tengivefja til að losa um tilfinningalega og líkamlega spennu og skapa samhæfingu allra líkamshluta.

Shiatsu
Orðið shiatsu er japanska og þýðir fingraþrýstingur. Aðferðin telst til austurlenskra fræða. Þrýst er með fingrum á ákveðna punkta á líkamanum til að jafna orkuflæði, líkt og gert er með nálastungum (acupunktúr).

Svæða- og viðbragðsnudd
Svæða- og viðbragðsnudd felst aðallega í nuddi á höndum og fótum. Byggt er á þeirri kenningu að ákveðin svæði eða viðbragðspunktar hafi áhrif á líffæri, stoðkerfi, innkirtla og alla aðra starfsemi líkamans. Með því að nudda eða þrýsta á þessa viðbragðspunkta geti nuddari dregið verulega úr líkamlegri spennu og lagað þannig t.d. höfuðverk, svefntruflanir og marga aðra kvilla.

Triggerpunktar og vöðvateygjur
Hér er byggt á þeirri hugmynd að svokallaðir triggerpunktar myndist vegna áverka eða mikils álags á vöðva. Þetta valdi sársauka og hamli hreyfigetu. Með sérstöku nuddi eða þrýstingi á þessi svæði, ásamt vöðvateygjum, megi losa um þessa punkta, teygja á vöðvum og auka blóðstreymi til þeirra. Þessari aðferð er oft beitt samhliða annarri meðferð, t.d. nuddi.

Yoga
Yoga er ein grein indverskrar heimspeki. Orðið yoga er úr sanskrít og merking þess vísar til einhvers sem er sameinað. Átt er við samruna eða sameiningu líkama, vitsmunalífs og sálarinnar/andans. Yoga er til í að minnsta kosti 200 ólíkum greinum sem allar byggjast á ólíkum æfingakerfum þar sem markmiðið er að ná valdi á líkama og huga sínum.

Þrýstipunktanudd
Byggt er á sömu hugmyndum og við nálastungur nema hvað beitt er þrýstingi með fingrum í stað nála. Markmiðið er að ná jafnvægi á orkuflæði líkamans og gera hann hæfari til sjálfshjálpar.

Fylgiskjal VI.

Netslóðir.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)
Á meðfylgjandi slóð er aðgangur að fjölmörgum skýrslum sem unnar hafa verið á vegum WHO um TM/CAM (Traditional medicine / complimentary and alternative medicine). Þar á meðal er skýrslan *WHO: Traditional Medicine Strategy 2002–2005.*
http://www.who.int/medicines/library/trm/trmmaterial.shtml.

Cochrane Collaboration (alþjóðleg samtök um læknisfræðirannsóknir)
http://www.cochrane.org/index0.htm.

Evrópusambandið (Samvinnuverkefni um vísindi og tækni, COST B4)
The Research Council for Complementary Medicine
http://www.rccm.org.uk/static/Report_COST_survey.aspx.

Erlend fræðasetur:
Bandaríkin
Center for Spirituality and Healing
http://www.csh.umn.edu/csh/about/home.html.

CFIM: Center for Integrative Medicine
http://www.compmed.umm.edu/.

Institute of Medicine
http://www.iom.edu.

NCCAM: National Center for Complementary and Alternative Medicine
http://nccam.nih.gov/.

The Richard and Hinda Rosenthal Center for Complementary and Alternative Medicine
http://www.rosenthal.hs.columbia.edu/.

Osher Center for Integrative Medicine
http://www.ucsf.edu/ocim/about/index.htm.

Bretland
Prince of Wales Foundation for Integrated Health
http://www.fihealth.org.uk.

Danmörk
Sundhedsstyrelsens Råd vedrörende alternativ behandling
http://www.sst.dk/Borgerinfo/Behandling/Alternativ_behandling.aspx?lang=da.

VIFAB: Videns- og Forskningscenter for Alternativ Behandling
http://www.vifab.dk/.

Noregur
NAFKAM: Nasjonalt forskningssenter innen komplementær og alternativ medisin
http://uit.no/nafkam/omnafkam/.

Græðarar á Norðurlöndunum:
NSK: Nordisk samarbeidskomite for ikke-konvensjonell medisin
http://www.nsk-center.org/.

Aðildarfélög NSK
Danmörk: Landsorganisationen Natur Sundhedsrådet
http://www.l-n-s.dk/.

Finnland: VLKL – Vaihtoehtoisen Lääketjenteen Keskusliitto ry
www.vlkl.net.

Ísland: BÍG – Bandalag íslenskra græðara
http://www.big.is/.

Noregur: NNH – Norske Naturterapeuters hovedorganisasjon
http://www.nnh.no/.

Svíþjóð: KAM – Kommittén för Alternativ Medicin
http://www.kam.se/.

Undirbúningur að lagasetningu í Noregi, Danmörku og Svíþjóð:
Noregur
Lov om alternativ behandling av sykdom mv.
http://www.lovdata.no/all/nl-20030627-064.html.

Forskrift om frivillig registerordning for utøvere av alternativ behandling.
http://odin.dep.no/odinarkiv/norsk/dep/hd/p30001355/regelverk/042051-990030/dok-bn.html.

Norges offentlige utredninger. NOU 1998:21 Alternativ medisin
http://odin.dep.no/hod/norsk/publ/utredninger/NOU/030005-020019/dok-bn.html.

Ot.prp. nr. 27(2002-2003) Om lov om alternativ behandling av sykdom mv.
http://odin.dep.no/hod/norsk/publ/otprp/042001-050013/index-dok000-b-n-a.html.

Danmörk
Lov om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere nr. 351/2004
http://www.retsinfo.dk/DELFIN/HTML/A2004/0035130.htm.

Bekendtgørelse om en brancheadministreret registreringsordning for alternative behandlere
http://iwww.retsinfo.dk/DELFIN/HTML/B2004/0070205.htm.

Svíþjóð
Statens offentliga utredningar.
S 2004:03 AKM-Registerutredningen (skýrslan var væntanleg á netið 30. nóv. 2004).
http://www.sou.gov.se/utredningar/departementsordning/social/index.htm.

732. Frumvarp til laga [478. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „hlutafélög“ í 1. tölul. kemur: einkahlutafélög.
b. 4. tölul. orðast svo: sparisjóðir.

2. gr.

Í stað orðanna „góða bókhalds- og reikningsskilavenju“ í 4. gr. laganna kemur: settar reikningsskilareglur.

3. gr.

Í stað orðanna „bókhalds- og reikningsskilavenju“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: góða bókhaldsvenju og settar reikningsskilareglur.

4. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur sett reglur um færslu rafræns bókhalds, þar á meðal um hugbúnað vegna gagnaflutninga milli gagnaflutningskerfa, og um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að rafrænt bókhald sé fært í samræmi við lög og reglugerðir.

5. gr.

Í stað orðanna „skjölum sem flutt eru milli tölvukerfa“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: rafrænum skjölum.

6. gr.

Í stað orðsins „tölvutæku“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: rafrænu.

7. gr.

2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur. Við upphaf eða lok rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en fimmtán mánuðir.

Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

8. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Á efnahagsreikning eru færðar á kerfisbundinn hátt eignir, skuldir, þ.m.t. skuldbindingar, og eigið fé, sem er mismunur eigna og skulda.

Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Skuld skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Efnahagsreikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við lög þessi og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á.

9. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Allar tekjur og öll gjöld reikningsársins skulu koma fram á rekstrarreikningi nema lög þessi eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við lög þessi og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á.

10. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

Texti ársreiknings skal vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

11. gr.

3. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Ef birgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum. Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra. Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru. Dreifingarkostnað má ekki telja til kostnaðarverðs birgða.

12. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Ef markaðsverð fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt.

13. gr.

30. gr. laganna orðast svo með fyrirsögn:

Beiting reikningsskilareglna.

Bókhaldsskyldum aðilum sem falla ekki undir ákvæði annarra laga um samningu ársreikninga er heimilt að beita settum reikningsskilareglum við samningu ársreikninga sinna. Í skýringum skal gera grein fyrir beitingu slíkra reglna.

14. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Félagsmenn í félögum skv. 7. tölul. 1. gr., sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða í félagi, geta á fundi krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi, endurskoðunarfélag eða skoðunarmaður.

Skoðunarmenn skv. 1. mgr. skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Hæfisskilyrði 9. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

Uppfylli endurskoðandi eða skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ákvæði laga um endurskoðendur gilda um starf endurskoðanda sem kosinn er skv. 1. mgr.

15. gr.

Í stað orðsins „Skoðunarmenn“ í 33. gr. laganna kemur: Endurskoðendur og skoðunarmenn.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef kosinn er skoðunarmaður, eða skoðunarmenn, úr hópi félagsmanna jafnframt endurskoðanda eða skoðunarmanni skv. 1. mgr. 32. gr. í samræmi við samþykktir félagsins, skulu þeir árita ársreikninginn.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:
   Skoðunarmenn samkvæmt þessari málsgrein mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skoðunarmenn“ í 1. mgr. kemur: Endurskoðendur og skoðunarmenn.
b. Í stað orðsins „Skoðunarmönnum“ í 2. mgr. kemur: Endurskoðendum og skoðunarmönnum.

18. gr.

Í stað orðanna „góða reikningsskilavenju“ í 5. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: lög þessi og settar reikningsskilareglur.

19. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknarlögregla ríkisins“ í 1. mgr. 41. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóri.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um færslu bókhalds og samningu ársreikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða lagafrumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga. Lög um bókhald hafa að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu og bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga annarra félaga en þeirra sem falla undir lög um ársreikninga, þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög, auk tiltekinna sameignarfélaga og samlaga. Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga. Félög, sjóðir og stofnanir, flest sameignarfélög og samlög, svo og bókhaldsskyldir einstaklingar, falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði annarra laga um reikningsskil. Þessir aðilar skulu semja ársreikninga sína í samræmi við ákvæði III. kafla laga um bókhald en þeim er þó heimilt að fara eftir ákvæðum laga um ársreikninga sem eru öllu ítarlegri og kröfuharðari um framsetningu og mat eigna og skulda og fleiri atriða en III. kafli í lögum um bókhald.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að þeim félögum sem ekki eru skyld til að semja ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga, svo og einstaklingum með atvinnurekstur, ber að semja ársreikninga í samræmi við III. kafla laga um bókhald. Samkvæmt 23. gr. laganna skal efnahagsreikningur þannig sundurliðaður að hann gefi *skýra mynd* af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við góða reikningsskilavenju. Sömuleiðis skal rekstrarreikningur gefa *skýra mynd* af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju. Í lögum um ársreikninga er gerð krafa um *glögga mynd*. Sú skýring er á þessum mismun í orðavali laganna um „glögga mynd“ og „skýra mynd“ að með „skýrri mynd“ í bókhaldslögunum eru gerðar sömu kröfur til trúverðugleika rekstrar- og efnahagsreikninga sem samdir eru samkvæmt þeim lögum og samkvæmt lögum um ársreikninga en tekið er tillit til þess að um ólíka hagsmuni er að ræða hjá semjendum, eigendum og hugsanlegum lesendum reikningsskila þessara aðila og því er ekki ástæða til að gera sömu kröfur og til „glöggrar myndar“ ársreikningslaganna án þess að fallið sé frá kröfunni um að ársreikningarnir greini á sem réttastan hátt frá rekstrarafkomunni og eigin fé.

Þá er lagt til að aðilar sem semja ársreikninga sína samkvæmt III. kafla laganna um bókhald hafi almenna heimild til að beita settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða reikningsskilastöðlum Reikningsskilaráðs við samningu reikningsskila sinna í stað reglna samkvæmt lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á upptalningu félaga í 1. tölul. 1. mgr. laganna, þ.e. að tiltaka sérstaklega einkahlutafélög sem falla undir skilgreiningu félaga með takmarkaða ábyrgð félagsaðila. Er það í samræmi við aðrar breytingar á lögum um ársreikninga.

Í b-lið er lagt til að fella út úr upptalningu í 4. tölul. málsgreinarinnar banka, verðbréfasjóði og önnur fyrirtæki þar sem þessi fyrirtæki falla undir 1. tölul. 1. mgr., þ.e. sem hlutafélög. Sparisjóðir standa þá einir eftir í upptalningunni.

Um 2. og 3. gr.

Þessar breytingar eru í samræmi við breytingu sem lögð er til í 5. gr. og fleiri greinum frumvarps til laga um breytingar á lögum um ársreikninga sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 4. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna hefur ráðherra heimild til að gefa út reglur um lágmarkskröfur til bókhaldskerfa fyrir tölvur (rafrænna bókhaldskerfa) og veita þeim opinbera viðurkenningu. Erfiðleikum er bundið að veita slíkum kerfum opinberar viðurkenningar, m.a. vegna þess að þau eru í sífelldri þróun. Er því lagt til að ábyrgðinni sé velt yfir á hugbúnaðarfyrirtækin og ráðherra setji aðeins reglur um þau skilyrði sem hugbúnaður þarf að uppfylla til að bókhald teljist fært í samræmi við lög um bókhald. Reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lámarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa, hefur að geyma slík ákvæði.

Um 5. og 6. gr.

Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar.

Um 7. gr.

Þessi breyting er í samræmi við breytingu sem lögð er til í 4. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum um ársreikninga.

Um 8. gr.

Hér er lögð til breyting í samræmi við 12. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum um ársreikninga.

Um 9. og 10. gr.

Hér er lagt til að flytja í 24. gr. laganna efnisákvæði 25. gr., sem fjalla um rekstrarreikning, og koma þau þá á eftir grein sem fjallar um efnahagsreikning. Efnisákvæði 24. gr., sem fjalla um sameiginleg ákvæði efnahagsreiknings og rekstrarreiknings, eru flutt í 25. gr.

Um 11. gr.

Hér eru lagðar til breytingar í samræmi við 27. gr. laga um ársreikninga eins og henni var breytt með 16. gr. laga nr. 56/2003.

Um 12. gr.

Hér er lögð til breyting í samræmi við 22. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum um ársreikninga.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að heimila bókhaldsskyldum aðilum sem ekki falla undir önnur lög um reikningsskil að beita settum reikningsskilareglum hvort sem um er að ræða reglur sem Reikningsskilaráð gefur út í samræmi við lög um ársreikninga eða setta alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. 51. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum um ársreikninga. Hafa þá umræddir aðilar heimildir til að semja ársreikninga sína eftir sömu reglum og önnur félög sem ber að fara eftir lögum um ársreikninga, í stað þeirra reglna sem fram koma í III. kafla laga um bókhald.

Um 14. gr.

Grein þessi fjallar um endurskoðun reikningsskila hjá þeim aðilum sem ekki falla undir ákvæði laga um ársreikninga. Það nýmæli er í 1. mgr. að lagt er til að félagsmenn sem fara með tuttugu prósent atkvæða í tilteknum félögum, sjóðum og stofnunum geti krafist þess á fundi að kosinn verði endurskoðandi, endurskoðunarfélag eða skoðunarmaður utan raða félagsmanna. Fyrirmynd að ákvæðinu er 4. mgr. 59. gr. laga um ársreikninga. Kosning félagsmanns sem skoðunarmanns verður eftir sem áður heimil og er gerð grein fyrir verkaskiptingu milli þessara aðila í 34. gr. laganna.

Samkvæmt 7. tölul. 1. gr. laganna teljast bókhaldsskyld hvers konar félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru annars staðar talin í greininni, hvort sem þau stunda atvinnurekstur eða ekki. Mörg þessara félaga, sjóða og stofnana hafa með höndum fjármuni og velta milljónum króna árlega. Þau þurfa að gera félagsaðilum sínum og öðrum grein fyrir öflun og ráðstöfun þeirra. Telja verður eðlilegt að hagsmunir félagsaðila í slíkum félagsskap séu tryggðir með bókhaldsskyldu þeirra og samning ársreiknings en nú bætist við að tiltekinn fjöldi félagsaðila geti krafist að utanaðkomandi aðili, endurskoðandi eða skoðunarmaður annist endurskoðunina. Undir þennan tölul. 1. gr. laganna falla margvísleg félög og hagsmunasambönd sem stofnsett eru og starfrækt um ýmis áhuga- og hagsmunamál félagsaðila, svo sem stéttar- og fagfélög og sjóðir undir þeim með sjálfstæðan fjárhag og stjórn, íþróttafélög og sambönd þeirra, kvenfélög, kirkju- og safnaðarsjóðir, minningarsjóðir, menningar- og styrktarsjóðir, stjórnmálafélög og -samtök, líknarfélög, sjálfseignarstofnanir og sjálfseignarfélög, húsfélög og veiðifélög. Kosning endurskoðenda eða skoðunarmanna var ekki gerð að skyldu í lögum um bókhald hjá þeim enda var ekki talin þörf á slíku hjá aðilum sem stunda óverulegan atvinnurekstur eða ef um fámenn félagasamtök er að ræða. Yfirleitt er í samþykktum félaga, sjóða og stofnana ákvæði um skoðunarmenn ársreikninga og er þá oft á tíðum um félagskjörinna skoðunarmenn að ræða, þ.e. valda úr hópi félagsaðila.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 58. gr. laga um ársreikninga.

Efnisákvæði 3. og 4. mgr. eru óbreytt frá 2. og 3. mgr. 32. gr. laganna.

Um 15. gr.

Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar sem leiðir af því að lagt er að jöfnu hvort valinn er endurskoðandi eða skoðunarmaður.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um hlutverk félagskjörinna skoðunarmanna og er um orðalagsbreytingu að ræða á fyrsta málslið. Félagskjörinn skoðunarmaður er í reynd fulltrúi félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Ekki er gerð krafa til sérstakrar bókhaldskunnáttu en áður en félagskjörinn skoðunarmaður áritar ársreikninginn ber honum að yfirfara hann og fullvissa sig um að eignir þær sem þar eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi og farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar. Þannig getur skoðunarmaður t.d. sannreynt bankainnstæður, verðbréfaeign og tilvist varanlegra eigna. Sama á við um tilgreindar skuldir.

Um 17. gr.

Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar sem leiðir af því að lagt er að jöfnu hvort valinn er endurskoðandi eða skoðunarmaður.

Um 18. gr.

Þessar breyting er í samræmi við breytingu sem lögð er til í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Breyting þessi er í samræmi við lögreglulög, nr. 90/1996, þar sem stofnað var embætti ríkislögreglustjóra í stað Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um bókhald í samræmi við lagafrumvarp um breytingar á lögum um ársreikninga sem flutt er samhliða. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

733. Frumvarp til laga [479. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga, sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris. Viðmiðunarlaun skulu ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 2004, skulu eiga rétt til aðildar að sjóðnum á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun. Sama á við um hjúkrunarfræðinga, sem starfa við hjúkrun á heilbrigðisstofnun, sem viðurkennd er

af heilbrigðisstjórninni, og rekin er sem sjálfseignarstofnun eða alfarið á vegum styrktar- eða líknarfélaga.

Aðrir launagreiðendur en um er getið í 1. mgr., sem fengið höfðu heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í árslok 2004, hafa heimild til að greiða fyrir þá starfsmenn sína sem þeir greiddu fyrir í árslok 2004 og þá hjúkrunarfræðinga sem heimild hafa til aðildar að sjóðnum og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og greitt hafa samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004.

Stjórn sjóðsins getur samþykkt aðild að sjóðnum fyrir þá hjúkrunarfræðinga, sem aðild áttu að sjóðnum í árslok 2004 og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og höfðu greitt samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004, enda starfi þeir hjá heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er að skilyrða aðild samkvæmt þessari málsgrein við að lífeyrisskuldbindingar séu gerðar upp skv. 3.–5. mgr. 20. gr.

3. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi, sbr. 1. mgr., og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 5. mgr. 7. gr., skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af. Viðmiðunarlaun skulu ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær efnisbreytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Í fyrsta lagi er lagt til að stjórn lífeyrissjóðsins geti ákveðið þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæðum um skilyrði til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga verði breytt. Þær breytingar eru að hluta til samhljóða breytingum í frumvarpi frá síðasta þingi. Þær tillögur náðu náðu hins vegar ekki fram að ganga, en í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis kom fram að heildstæða skoðun þyrfti að gera á aðildarskilyrðum sjóðsins áður en gerðar yrðu breytingar á þeim. Slík skoðun hefur nú farið fram af hálfu fjármálaráðuneytisins í samvinnu við hagsmunaaðila.

Lagt er til í frumvarpi þessu að stjórn sjóðsins verði eftirleiðis gert að ákveða þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Viðmiðunarlaunin skulu ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í einhverjum tilvikum hafa launagreiðendur, sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, greitt þeim laun sem ekki eru í sam-

ræmi við laun í kjarasamningum opinberra starfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfdæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, svo fremi þau séu kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi milli starfsmanna hjá þessum launagreiðendum og almennra sjóðfélaga. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi. Í lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er að finna sambærileg ákvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. geta sjóðfélagar í þar tilgreindum tilvikum valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Þegar sjóðfélagi nýtir sér val samkvæmt þessari reglu og lífeyrir hans á samkvæmt því að taka breytingum sem verða á launum sem greidd eru fyrir viðmiðunarstarfið er nýja ákvæðinu ætlað að taka af tvímæli um að ekki er heimilt að sækja lífeyrisviðmið til starfs sem launað er með þeim hætti að stjórninni bæri að ákveða viðmiðunarlaun sem iðgjöld til sjóðsins væru greidd af fyrir starfið skv. 5. mgr. 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skulu allir hjúkrunarfræðingar, sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, eiga rétt til aðildar að sjóðnum. Þá hafa enn fremur aðrir hjúkrunarfræðingar, sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996, heimild til aðildar á meðan þeir starfa að hjúkrun, svo og þeir hjúkrunarfræðingar er starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Framangreind ákvæði um aðild að sjóðnum hafa hins vegar ekki þótt nægilega skýr. Þannig hefur komið upp ágreiningur um hvort aðrir en þeir sem starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga eigi rétt á aðild að sjóðnum. Hefur einkum verið litið til ákvæða um bakábyrgð ríkisins á ábyrgðarskuldbindingu launagreiðenda í því sambandi.

Til að taka af öll tvímæli um skilyrði til aðildar að sjóðnum er með frumvarpi þessu lögð til breyting á 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna. Samkvæmt frumvarpinu skulu hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 2004, eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun. Þá skal sama eiga við um hjúkrunarfræðinga, sem starfa við hjúkrun á heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni, sem rekin er sem sjálfseignarstofnun eða alfarið á vegum styrktar- eða líknarfélaga. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að aðrir launagreiðendur en um er getið í 1. mgr, og sem fengið hafa heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í árslok 2004, hafi heimild til að greiða áfram fyrir þá starfsmenn sína sem þeir greiddu fyrir í árslok 2004, en einnig nýja hjúkrunarfræðinga sem greiddu í sjóðinn í árslok 2004, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um aldur og ávinnslutíma. Þannig þurfa nýir hjúkrunarfræðingar að vera fæddir á árinu 1950 eða fyrr og hafa greitt iðgjald í sjóðinn í samtals 21 ár.

Þá er í 3. mgr. greinarinnar lagt til að stjórn sjóðsins geti samþykkt aðild að sjóðnum fyrir þá hjúkrunarfræðinga, sem aðild áttu að sjóðnum í árslok 2004 og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og höfðu greitt a.m.k. samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004, enda starfi þeir hjá heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni.

Samkvæmt 18. gr. laganna ábyrgjast ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóðnum, hver fyrir sinn hóp, greiðslur úr sjóðnum. Samkvæmt sömu grein er

ríkissjóður hins vegar bakábyrgur reynist sá aðili sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína. Skv. 1. mgr. 20. gr. laganna skal ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, endurgreiða sjóðnum hækkun á lífeyrisgreiðslum vegna almennra launahækkana.

Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að eftirleiðis verði sjóðurinn aðeins opinn hjúkrunarfræðingum sem starfa á vegum opinberra stofnana, þ.e. hjá stofnunum sem eru alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga, með örfáum undantekningum. Áfram gilda þau skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi starfi við hjúkrun, hafi greitt iðgjald til sjóðsins við árslok 2004 og sé ráðinn með föst mánaðarlaun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins og verður það 5. mgr. 7. gr. laganna. Samkvæmt því skal stjórn lífeyrissjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessi viðmiðunarlaun skulu vera ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða í vissum tilvikum laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfdæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, svo fremi þau séu kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi eins og áður er bent á. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.

Um 2. gr.

Til að taka af öll tvímæli um skilyrði til aðildar að sjóðnum er með frumvarpi þessu lögð til breyting á 1. og 2. mgr. 17. gr. gildandi laga. Samkvæmt frumvarpinu skulu hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 2004, eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun. Sama gildir um hjúkrunarfræðinga sem starfa við hjúkrun á heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisyfirvöldum og rekin er sem sjálfseignarstofnun eða alfarið á vegum styrktar- eða líknarfélaga.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að aðrir launagreiðendur en um er getið í 1. mgr, og sem fengið höfðu heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í árslok 2004, hafi heimild til að greiða fyrir þá starfsmenn sína sem þeir greiddu fyrir í árslok 2004 og þá hjúkrunarfræðinga sem heimild hafa til aðildar að sjóðnum og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og greitt hafa í samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004.

Þá er í 3. mgr. greinarinnar lagt til að stjórn sjóðsins geti samþykkt aðild að sjóðnum fyrir þá hjúkrunarfræðinga, sem aðild áttu að sjóðnum í árslok 2004 og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og höfðu greitt a.m.k. samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004, enda starfi þeir hjá heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni. Í því tilviki er það gert að skilyrði að viðkomandi launagreiðandi geri upp lífeyrisskuldbindingarnar árlega.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. geta sjóðfélagar í þar tilgreindum tilvikum valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Þegar sjóðfélagi nýtir sér val samkvæmt þessari reglu og lífeyrir hans á samkvæmt því að taka breytingum sem verða á launum sem greidd eru fyrir viðmiðunarstarfið er nýja ákvæðinu ætlað að taka af tvímæli um að ekki er heimilt að sækja lífeyrisviðmið til starfs sem launað er með þeim hætti að stjórninni bæri að ákveða viðmiðunarlaun sem sjóðnum væru greidd iðgjöld af fyrir starfið skv. 5. mgr. 7. gr. laganna.

Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa í þeim efnum að ekki sé lagaheimild til að miða lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við laun fyrir starf sem ekki er heimilt að greiða iðgjöld af til sjóðsins. Vilji sjóðfélagi sem á val skv. 1. mgr. 21. gr. nýta sér valið og starfið er ekki tækt til viðmiðunar á greiðslu lífeyris úr sjóðnum skal stjórn sjóðsins ákveða honum viðmiðunarlaun sem lífeyrisgreiðslur taka mið af og skulu þau þá ákveðin með sama hætti og þegar um er að ræða iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og laun fyrir það starf eru ekki samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 5. mgr. 7. gr. Ef viðmiðunarstarfinu gegnir aðili sem greiðir iðgjöld í sjóðinn og stjórn sjóðsins hefur ákveðið þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, sbr. 5. mgr. 7. gr., skal nota sama viðmið til greiðslu á lífeyri til þess sem hefur það starf til viðmiðunar á greiðslu lífeyris. Þegar ekki liggur fyrir ákvörðun skv. 5. mgr. 7. gr. um greiðslu iðgjalda til sjóðsins þarf stjórnin að taka sjálfstæða ákvörðun um viðmiðunarlaun sem greiða ber lífeyri af.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um aðildarskilyrði að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga verði breytt á þá leið að frá og með 1. janúar 2005 geti launagreiðendur, sem ekki eru að fullu í eigu ríkis eða sveitarfélags og höfðu ekki fengið heimild til að greiða til sjóðsins fyrir starfsmenn sína fyrir árslok 2004, ekki óskað eftir því að greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Þetta felur t.d. í sér að hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá einkareknum hjúkrunarheimilum og læknastofum munu ekki fá aðild að sjóðnum, enda óeðlilegt að ríkissjóður taki almennt á sig bakábyrgð á lífeyrisskuldbindingum gagnvart öðrum en opinberum aðilum. Með frumvarpinu er kveðið skýrar á um að lífeyrissjóðurinn taki ekki á sig nýjar skuldbindingar með bakábyrgð ríkissjóðs fyrir aðra en opinbera aðila en ekki er unnt að segja fyrir um í hvaða mæli annars mundi reyna á slíka ábyrgð. Í frumvarpinu er einnig ákvæði um

að stjórn sjóðsins geti ákveðið viðmiðunarlaun fyrir greiðslu lífeyris í þeim tilvikum þegar laun sjóðfélaga eru ekki samkvæmt kjörum opinberra starfsmanna. Þannig verði komið í veg fyrir að lífeyrir sjóðfélaga hjá einkaaðilum verði í misræmi við lífeyri þeirra sem starfa hjá opinberum aðilum.

734. Frumvarp til laga [480. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gildissvið.

Lög þessi gilda um félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila eins og greinir í 1.–3. tölul., svo og félög með ótakmarkaða ábyrgð félagsaðila eins og greinir í 4. tölul.:

1. Hlutafélög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og dótturfélög sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum þeirra.
2. Hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnufélög og samvinnusambönd og gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðarfélög ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:
   a. eignir nema 230.000.000 kr.,
   b. rekstrartekjur nema 460.000.000 kr.,
   c. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.
3. Öll önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila sem stunda atvinnurekstur sem falla ekki undir 1. og 2. tölul., svo og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sbr. lög nr. 33/1999.
4. Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1.–3. tölul. Enn fremur gilda lög þessi um sameignarfélög, og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, enda skráð í firmaskrá, ef félögin fara fram úr stærðarmörkum 2. tölul.

Ef félag skv. 2. málsl. 4. tölul. 1. mgr., sem uppfyllt hefur framangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 4. tölul. 1. mgr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna.

Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda byggist þau á ákvæðum tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins um ársreikninga tiltekinna félaga með takmarkaða ábyrgð.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *félag:* fyrirtæki skv. 1. gr. sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum;
2. *félagsaðili:* hluthafa í hlutafélagi og eiganda eignarhluta í öðru félagi sem lög þessi taka til;
3. *eignarhluti:* hlutdeild félagsaðila í hlutafélögum, einkahlutafélögum og eigin fé annarra félaga;
4. *hlutdeildarfélag:* félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhluta í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi;
5. *móðurfélag:* félag sem:
   a. á meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
   b. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess, eða
   c. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það, eða
   d. er félagsaðili að öðru félagi og ræður yfir meiri hluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa, eða
   e. á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess;

   við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:
   a. leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga í viðkomandi félagi,
   b. draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og
   c. draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðisréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðisréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna;
6. *dótturfélag:* félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul.;
7. *samstæða:* móðurfélag og dótturfélög þess;
8. *samstæðureikningur:* reikningsskil þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt;
9. *ársreikningaskrá:* skrá sem starfrækt er í því skyni að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga og hafa eftirlit með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu reikningsskila;
10. *verðbréf:* verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti;
11. *skipulegur verðbréfamarkaður:* markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða;
12. *alþjóðlegir reikningsskilastaðlar:* reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Samning ársreiknings.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skal ársreikningurinn hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Jafnframt skal fylgja ársreikningnum áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ársreikningurinn með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal mynda eina heild.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og ef um er að ræða móðurfélag skulu þau undirrita samstæðureikninginn. Í undirrituninni felst að ársreikningurinn er saminn í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, ber honum skylda til að gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í samræmi við samþykktir félaganna en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Reikningsár.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur. Við stofnun og slit félags eða þegar verið er að breyta reikningsári getur reikningsárið verið skemmra en tólf mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum með fyrsta ársreikningi eftir breytinguna og breytingin tilkynnt til ársreikningaskrár innan fimm mánaða frá lokum síðasta reikningsárs á undan breytingunni ella tekur hún ekki gildi. Reikningsár frá lokum fyrra reikningsárs að upphafi hins breytta reikningsárs getur þó verið allt að 15 mánuðir ef það er nauðsynlegt til að breyta reikningsári til samræmis við reikningsár samstæðu sem félagið er hluti af eða rekstrarári samrekstrarfélags sem það er eigandi að, sbr. 3. mgr. 35. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ársreikningar skulu samdir í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á, og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

b. Á undan greininni kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Glögg mynd.*

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við hvern lið í efnahags- og rekstrarreikningi er sýnd samsvarandi fjárhæð fyrir fyrra reikningsár til samanburðar. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við færslur frá fyrra ári skal aðlaga þær síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanburðarfjárhæðir ef breyting á starfsemi félagsins orsakar það að liðir eru ekki fyllilega sambærilegir.

Liðir í efnahags- og rekstrarreikningi sem innihalda ekki neina fjárhæð skal aðeins taka með ef slíkur liður var í reikningsskilum fyrra reikningsárs.

Samsvarandi upplýsingar um fjárhæðir fyrra árs skal gefa í skýringum eftir því sem við á, sbr. 4. og 5. mgr.

b. Á undan greininni kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Flokkun og uppsetning.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Texti ársreiknings og samstæðureiknings, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum, sbr. þó 2. mgr.

b. 3. mgr. fellur brott.

c. Á undan greininni kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Gjaldmiðill.*

8. gr.

3. og 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. A laganna orðast svo:

3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.
4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

9. gr.

Á eftir 11. gr. B laganna kemur ný grein, 11. gr. C, svohljóðandi:

Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A, skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gilti þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.

10. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Grunnforsendur ársreiknings,** með þremur nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (12. gr. A.)

Semja skal ársreikning miðað við eftirfarandi grunnforsendur:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram. Leggist starfsemi niður að hluta skal taka tillit til þess varðandi mat og framsetningu ársreiknings.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a.:

a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs;
b. taka tillit til allra skulda sem myndast kunna á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn. Enn fremur er heimilt taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skulda og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
c. sýna í reikningsskilum allar matsbreytingar sem taka til skerðingar á verðgildi einstakra eigna, sbr. 24. gr., án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á eigið fé og afkomu.

4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.
5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Reikningsár, uppröðun og flokkun, aðferð við sameiningu í samstæðureikningsskilum, aðferðir við útreikninga, matsgrunnur og gjaldmiðill sem notaður er má ekki breytast frá ári til árs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef með breytingunni má fá gleggri mynd eða ef breytingin er nauðsynleg til að taka upp nýjar reglur í samræmi við breytingar á lögum eða nýjum eða breyttum reikningsskilareglum. Skal þá geta um frávikin í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður þeirra, svo og mat á áhrifum þeirra á eignir og skuldir, tekjur og gjöld.

b. (12. gr. B.)

Ef vikið er frá 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. A skal hinni nýju aðferð beitt við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð. Í skýringum skal geta um heildaráhrif breytingarinnar á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins ef breytingin er veruleg.

c. (12. gr. C.)

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á efnahagsreikning eru færðar eignir og skuldir, þ.m.t. skuldbindingar og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda.

Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Skuld skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Við útreikning og mat á eignum og skuldum skal taka tillit til allra aðstæðna, þ.m.t. áhættu og taps, sem í ljós koma áður en ársreikningur er saminn. Jafnframt er heimilt að taka tillit til fyrirsjáanlegrar áhættu og taps sem í ljós kemur áður en ársreikningur er saminn.

13. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir.

Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

Kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir, sem falla til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár, skulu færast sem fastafjármunir eða langtímaskuldir eftir því sem við á.

Aðrar kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir færast sem veltufjármunir eða skammtímaskuldir eftir því sem við á.

14. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Félög sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu telja til eignar þróunarkostnað og óefnisleg réttindi, svo sem einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og þess háttar réttindi, ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Félög sem falla undir 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. eru undanþegin skyldunni skv. 1. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa tillögur stjórnar um arð til skuldar og skal þá gera grein fyrir því í skýringum.

16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Kostnað við stofnun félags eða hækkun hlutafjár má ekki færa til eignar.

17. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum má færa í efnahagsreikning og skulu þá færð til gjalda eða tekna með reglubundum hætti á lánstímanum. Gera skal grein fyrir eftirstöðvum af þessari dreifingu í skýringum.

18. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti í hlutafélögum, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

19. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Efnahagsreikningur, rekstrarreikningur og sjóðstreymi.**

20. gr.

Í stað 20.–22. gr. laganna koma níu nýjar greinar og verða þær jafnframt aftast í II. kafla:

a. (20. gr.)

Allar tekjur og öll gjöld reikningsársins skulu koma fram á rekstrarreikningi nema lög þessi eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað.

b. (21. gr.)
Hrein velta samanstendur af tekjum af sölu á vörum og þjónustu í reglulegri starfsemi, að frádregnum afslætti og sköttum sem tengjast sölunni beint.

c. (21. gr. A.)
Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Tekjur og gjöld sem varða fyrri reikningsár skulu færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðarfjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.

d. (21. gr. B.)
Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar eða slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 25. gr. ber að hækka afskriftarstofn þeirra um þá endurmatshækkun. Þetta á þó ekki við um eignir sem færðar eru á gangviröi skv. 29. gr. C.
Afskrift skal reikna með hliðsjón af væntanlegu lokaviröi eftir að notkunartíma lýkur.

e. (21. gr. C.)
Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda eða þróunar er eignfærður, sbr. 15. gr., skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma skulu þær ekki afskrifast heldur metnar árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.
Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal gera grein fyrir ástæðum þess í skýringum.

f. (21. gr. D.)
Áætlaður hagnaður af samningi um langtímaverkefni skal innleystur hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar. Áætlað tap á samningi um langtímaverkefni skal gjaldfært strax.
Þegar ekki er hægt að áætla hagnað eða tap á samningi um langtímaverkefni af nægilegri nákvæmni skulu tekjur af samningnum aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið. Kostnaður skal gjaldfærður þegar hann fellur til.

g. (21. gr. E.)
Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddan kostnað. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.
Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, skal færa til eignar í efnahagsreikningi. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

h. (21. gr. F.)

Færa skal til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga, svo sem skattskuldbindinga og eftirlaunaskuldbindinga, sem varða reikningsárið eða fyrri ár og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn. Þær skulu ekki nema hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið.

Skuldbindingar skv. 1. mgr. má eigi nota til matsbreytinga á eignum eða jafna á móti eignum.

i. (22. gr.)

Sjóðstreymi.

Í yfirliti um sjóðstreymi skal færa inn- og útgreiðslur á árinu, án tillits til þess hvenær færslan fer fram á rekstrar- og efnahagsreikningi.

Yfirlitið skal að minnsta kosti sýna sjóðstreymið á tímabilinu eftir rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarstarfsemi. Enn fremur skal yfirlitið sýna sérstaklega breytingar á handbæru fé og handbært fé við upphaf og lok reikningsárs.

Tilgreina skal samsvarandi fjárhæðir vegna liðanna á fyrra reikningsári. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við liði á fyrra ári skal aðlaga þá síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanburðarfjárhæðir ef þær eru ósambærilegar vegna breytinga á starfsemi. Liðir á sjóðstreymisyfirliti sem innihalda ekki neina fjárhæð skal aðeins taka með ef slíkur liður var í reikningsskilum fyrra reikningsárs.

21. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við hærra verði en kostnaðarverði, sbr. þó ákvæði 25. gr., 29. gr., 29. gr. C og 35. gr.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna, svo og vinnuafls að viðbættum kostnaðarauka sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu fjármunanna.

Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum.

Eignarleigusamningar skulu í samræmi við samningsákvæði og settar reikningsskilareglur færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.

22. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ef markaðsverð varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 21. gr. B eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt settum reikningsskilareglum.

Áhættufjármunir og langtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef markaðsverð þessara eigna er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

23. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Ef markaðsverð fastafjármuna, sem ekki eru metnir til gangvirðis, sbr. 29. gr. og 29. gr. C, er talið verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

24. gr.

Í stað tilvísunarinnar „22. gr.“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: 23. gr.

25. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. A, svohljóðandi:

Við umreikning á liðum í efnahagsreikningi sem byggjast á erlendum gjaldmiðli skal miðað við lokagengi reikningsskiladagsins þegar um er að ræða peningalegar eignir og skuldir. Í öðrum liðum efnahagsreiknings skal miðað við lokagengi viðskiptadagsins.

26. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef raunvirði þeirra er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 24. gr. gilda um þetta eftir því sem við á.

27. gr.

Í stað orðsins „alþjóðlegra“ í lokamálslið 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: settra.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. A laganna:

a. Í stað orðsins „alþjóðlegar“ í 1. mgr. kemur: settar.
b. Í stað tilvísunarinnar „22. gr.“ í 3. mgr. kemur: 23. gr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. B laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 20. gr.“ í 1. mgr. kemur: 1. mgr. 12. gr. A.
b. Í stað orðsins „alþjóðlegra“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: settra.

30. gr.

Á eftir 29. gr. B laganna kemur ný grein, 29. gr. C, svohljóðandi:

Félög sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingareignum mega meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingareign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félags.

Ákvæði 1. mgr. tekur til fjárfestinga í fjárfestingareignum eða hluta þeirra, svo sem fasteigna og annarra efnislegra eigna ásamt skuldbindingum þeim tengdum.

Félög, sem stunda eldi á lifandi dýrum eða rækta plöntur, í þeim tilgangi að selja þau eða afurðir þeirra, með úrvinnslu eða framleiðslu í huga, mega meta þær eignir á gangvirði.

Við mat á eignum og skuldbindingum þeim tengdum, sbr. 1.–3. mgr., skulu ákvæði 29. gr. A gilda.

Breyting á virði eigna og skuldbindinga sem tengjast þeim, sbr. 2. og 3. mgr., skal færð á rekstrarreikning.

31. gr.

33. og 34. gr. laganna falla brott.

32. gr.

Á undan 35. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Tengd félög.*

33. gr.

Á eftir 35. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (35. gr. A.)

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélagsins. Hlutdeild þess í rekstrarárangri skal færa til tekna eða gjalda sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikningi. Hlutdeild í endurmatsbreytingum dóttur- eða hlutdeildarfélagsins skal færa á endurmatsreikning.

Hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn undir tilgreindar eignir ef það er unnt, ella telst hann viðskiptavild. Mismun þennan ber að endurmeta og afskrifa með sama hætti og þær eignir. Ef mismunurinn telst viðskiptavild skal hann endurmetinn og afskrifaður að fullu í samræmi við ákvæði 21. gr. C. Gjaldfærsla á framangreindum mismun skal færð sem áhrif dóttur- eða hlutdeildarfélags í rekstrarreikningi. Hafi félag hins vegar greitt minna fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn á sama hátt og að framan greinir en með öfugum formerkjum.

Móttekinn arður vegna eignarhluta í félagi sem meðhöndlað er samkvæmt hlutdeildaraðferð skal færður til lækkunar á eignarhluta í því.

Taka skal tillit til hagnaðar af viðskiptum milli félaga innan sömu samstæðu, sem ekki hefur verið innleystur með sölu til aðila utan samstæðunnar, við mat á verðmæti eignarhluta í dótturfélagi.

b. (35. gr. B.)

Breyting á reikningsskilaaðferð, reikningshaldslegu mati og skekkjur.

Breyti félag um reikningsskilaaðferð á grundvelli ákvæða laga, reglugerða eða reikningsskilastaðla um slíka breytingu skulu þeir liðir í ársreikningnum sem það hefur áhrif á breytast í samræmi við nýja aðferð. Mismunurinn færist á eigið fé. Breytast samanburðarfjárhæðir til samræmis við hina nýju aðferð. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

Ef reikningshaldslegu mati er breytt frá fyrra reikningsári skulu áhrifin koma fram á rekstrarreikningi á því tímabili sem matsbreytingin er gerð og á síðari tímabilum, ef við á. Samanburðarfjárhæðir fyrri ára haldast óbreyttar.

Ef óljóst er hvort um breytingu á reikningshaldslegu mati eða reikningsskilaaðferð er að ræða skal flokka breytinguna sem matsbreytingu.

Ef ársreikningur fyrra reikningsárs hefur verið rangur í þeim mæli að hann hefur ekki gefið glögga mynd skulu áhrif af leiðréttingunni færast á eigið fé í ársbyrjun og samanburðarfjárhæðir leiðréttast samsvarandi. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

34. gr.

Í stað tilvísunarinnar „37.–51. gr.“ í 36. gr. laganna kemur: 37.–51. gr. B.

35. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Veita skal upplýsingar um mat á einstökum liðum ársreiknings, þar á meðal þær aðferðir sem beitt er við sérstakt endurmat fastafjármuna og afskriftir þeirra.

Ef fjárhæðir í ársreikningi eru byggðar á erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi skal tilgreina það gengi sem við er miðað og til samanburðar gengi sem við var miðað í reikningsskilum fyrra árs.

36. gr.

Í stað orðanna „þá fjármálagerninga“ í 1. mgr. 37. gr. B laganna kemur: afleidda fjármálagerninga.

37. gr.

Á eftir 37. gr. B laganna kemur ný grein, 37. gr. C, svohljóðandi:

Ef samsetning á starfsemi félags breytist á reikningsárinu skal veita upplýsingar um það. Ef ekki er hægt að aðlaga fjárhæðir ársreiknings fyrra árs skal gera grein fyrir því á fullnægjandi hátt í skýringum.

38. gr.

Orðin „eða þær geta valdið félaginu verulegu tjóni enda sé ástæðunnar getið“ 1. mgr. 38. gr. laganna falla brott.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi félagið gert leigusamninga til lengri tíma en eins árs, sem nema verulegum fjárhæðum og ekki koma fram í efnahagsreikningi, skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega.

40. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Upplýsa skal um hvernig hagnaður af langtímaverkefnum er innleystur í rekstrarreikningi.

41. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu upplýsa um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félaganna.

42. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Upplýsa skal um heildarlaunakostnað og fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.

43. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, 48. gr. A, svohljóðandi:

Félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu veita upplýsingar um starfsmannakostnað, þ.m.t. launakostnað, eftirlaun, iðgjöld til lífeyrissjóða og annan launatengdan kostnað. Veita skal enn fremur upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til núverandi og fyrrverandi stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess. Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun og tilgreina heildarskuldbindingar. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.

44. gr.

Á eftir 51. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (51. gr. A.)

Félag skal gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast. Með tengdum aðila er m.a. átt við móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Sleppa má þessum upplýsingum við samstæðureikningsskil vegna viðskipta innan samstæðunnar.

b. (51. gr. B.)

Félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu upplýsa um starfsemi sem er lögð niður, lokað eða hætt á reikningsárinu eða samkvæmt áætlun skal láta af hendi, loka eða hætta, að því tilskildu að hægt sé að skilja hana frá annarri starfsemi. Í því felst m.a. að tilgreina, að svo miklu leyti sem unnt er, hagnað eða tap af aflagðri starfsemi ásamt skattalegum áhrifum og áhrif hennar á flokka yfirlits um sjóðstreymi.

45. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um:

1. aðalstarfsemi félagsins,
2. atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim,
3. mögulega óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna hafa áhrif á það, og eftir því sem við á, tilgreina fjárhæðir,
4. þróunina í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess, og
5. markverða atburði sem hafa gerst eftir að reikningsárinu lauk.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Ef atkvæðagildi hluta er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra

skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% allra atkvæða í félaginu. Við útreikning þennan telst samstæða einn aðili.

Í samvinnufélögum, sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um samstæðuna í heild.

46. gr.

Á eftir 52. gr. laganna kemur ný grein, 52. gr. A, svohljóðandi:

Í skýrslu stjórna félaga skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu, enda geti breytingar á virði fjármálagerninga haft veruleg áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu. Upplýsa skal sérstaklega með hvaða hætti mat á einstökum liðum í reikningsskilum, svo sem afleiðusamningum, byggist á slíkri markmiðssetningu í áhættustýringu og þeim áhættuþáttum sem máli geta skipt við mat á eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu. Gera skal grein fyrir markaðsáhættu, þ.e. vaxta-, gjaldeyris- og hlutabréfaáhættu, sem og útlánaáhættu og lausafjáráhættu í rekstri félagsins. Enn fremur skal í skýrslu stjórnar fjallað um eftir því sem við á:

1. væntanlega þróun félagsins, að meðtöldum sérstökum forsendum og óvissuþáttum sem stjórnin hefur lagt til grundvallar í skýrslunni;
2. sérstaka áhættu umfram venjulega áhættu í starfsgrein félagsins, þ.m.t. viðskiptaleg og fjármálaleg áhætta sem kann að hafa áhrif á félagið,
3. áhrif ytra umhverfis á félagið og ráðstafanir sem hindra, draga úr eða bæta tjón sem það verður fyrir,
4. rannsókna- og þróunarstarfsemi í félaginu eða fyrir það,
5. mikilvægar vísbendingar um ófjárhagslegan árangur, þ.m.t. upplýsingar um umhverfis- og starfsmannamál og þekkingarforða félagsins ef hann skiptir verulegu máli fyrir tekjuöflun í framtíðinni;
6. útibú félagsins erlendis ef einhver eru.

Í skýrslu stjórna félaga skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal enn fremur gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki“ í 1. mgr. kemur: skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. Í stað orðanna „1. mgr. 1. gr.“ í 2. mgr. kemur: 1. gr.; og í stað orðanna „5. tölul. 2. mgr. 1. gr.“ í sömu málsgrein kemur: 5. tölul. 1. mgr. 2. gr.

48. gr.

Í stað fjárhæðanna „200.000.000 kr.“ og „400.000.000 kr.“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. A laganna kemur: 230.000.000 kr.; og: 460.000.000 kr.

49. gr.

Fyrirsögn 54. gr. laganna orðast svo: *Reikningsár samstæðu.*

50. gr.

Í stað tilvísunarinnar „52. gr.“ í 2. mgr. 56. gr. C laganna kemur: 52. gr. og 52. gr. A.

51. gr.

Á eftir 56. gr. E laganna kemur kemur nýr kafli, VI. kafli A, **Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar,** með fjórtán nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (56. gr. F.)

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

b. (56. gr. G.)

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um félög sem falla undir lög þessi eins og nánar greinir í 56. gr. H og 56. gr. J.

c. (56. gr. H.)

Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings og ársreiknings.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings síns.

Félagi skv. 1. mgr., sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, er skylt að beita þeim einnig við samningu ársreiknings síns. Sama gildir um ársreikninga dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilunum, svo og um félög skv. 1. málsl. 4. tölul 1. mgr. 1. gr. sem eru í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem ekki er skylt að semja samstæðureikning, skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings síns.

d. (56. gr. I.)

Félag, sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 56. gr. H og uppfyllir ekki lengur skráningu á skipulögðum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal beita stöðlunum við samningu ársreiknings fyrir það sama ár og það næsta á eftir. Þetta ákvæði á þó ekki við um dótturfélög sem eru ekki lengur hluti af samstæðunni.

e. (56. gr. J.)

Heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Félagi skv. 2. tölul. 1. mgr. og 2. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. er heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings síns og samstæðureiknings.

Félagi skv. 1. mgr., sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings, er skylt að beita þeim einnig við samningu samstæðureiknings sem því er skylt að semja. Félagi skv. 1. mgr., sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings, er einnig skylt að beita þeim við samningu ársreiknings síns. Sama

gildir um ársreikninga dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum svo og um ársreikninga félaga skv. 1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem eru í meirihlutaeigu félaga skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Félag samkvæmt þessari grein skal tilkynna ársreikningaskrá fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs ákvörðun sína um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðum samkvæmt þessum kafla. Félag skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í fimm ár samfleytt hið minnsta.

Ársreikningaskrá skal birta reglulega með rafrænum og aðgengilegum hætti lista yfir félög sem skyld eru til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild samkvæmt þessari grein.

f. (56. gr. K.)

Um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Félag, sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýtir sér heimild 56. gr. J, skal fylgja þeim að öllu leyti. Þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og ákvæði annarra kafla laga þessara mæla fyrir um sama atriði ganga alþjóðlegir reikningsskilastaðlar framar.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, gilda önnur ákvæði laga þessara.

g. (56. gr. L.)

Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að félög, sem heyra undir eftirlit þess og skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra skv. 56. gr. J, beiti stöðlunum á réttan hátt. Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með öllum öðrum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J.

Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið geta krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, þ.m.t. vinnuskjöl endurskoðenda félaganna. Eftirlitið nær jafnframt til árshlutareikninga sem félög semja og birta almenningi.

Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið skulu hafa samstarf um verklag við eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Ársreikningskrá og Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kalla aðila með sérfræðiþekkingu til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein.

h. (56. gr. M.)

Eftirlitsgjald.

Eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu með greiðslu eftirlitsgjalds standa straum af kostnaði við opinbert eftirlit með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Um eftirlitsgjald þeirra aðila sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ársreikningaskrá sér um álagningu og innheimtu eftirlitsgjalds með þeim félögum sem heyra undir eftirlit hennar eins og nánar er kveðið á um í 3.–7. mgr. og renna tekjur af gjaldinu í ríkissjóð.

Álagningarstofn eftirlitsgjalds er heildareignir eftirlitsskylds aðila samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár. Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast skal miða álagningu við samanlagðar heildareignir samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir næstliðið ár.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða árlegt eftirlitsgjald í þeim hlutföllum og stærðum sem hér greinir:

1. Móðurfélög skulu greiða 0,005% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 1.000.000 kr.
2. Eftirlitsgjald dótturfélaga innan samstæðu skal vera 150.000 kr. með hverju félagi.

Álagning eftirlitsgjalds skv. 4. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Ársreikningaskrá skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi. Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar.

Sé eftirlitsgjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Heimilt er eftirlitsskyldum aðila að kæra ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds ársreikningaskrár til fjármálaráðuneytisins. Kæra skal vera skrifleg. Kærufrestur er 30 dagar frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 57. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „viðkomandi félagaskrár“ í 1. málsl. kemur: ársreikningaskrár.
b. Í stað orðsins „félagaskráin“ í 2. málsl. kemur: ársreikningaskráin.

53. gr.

Í stað tilvísunarinnar „11. gr. laga nr. 67/1976“ í 2. mgr. 58. gr. laganna kemur: 9. gr. laga nr. 18/1997.

54. gr.

1. og 2. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Í félögum, sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda eða endurskoðunarfélag:

1. eignir nema 120.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema 240.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 25.

Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð skal regla þessarar málsgreinar gilda frá þeim tíma.

Félög, sem hafa hlutabréf eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
b. 5. málsl 1. mgr. orðast svo: Í félögum, sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal þegar í stað senda tilkynningu um starfslok endurskoðanda til viðkomandi verðbréfamarkaðar.
c. Í stað orðanna „opinberu verðbréfaþingi“ í 3. mgr. kemur: skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

56. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

57. gr.

4. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:

Ef kosinn er skoðunarmaður úr hópi félagsaðila, í samræmi við samþykktir félagsins, skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandi eða skoðunarmaður, sbr. 57. gr., annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr. en skoðunarmenn kjörnir úr hópi félagsaðila skulu fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.

58. gr.

Í stað orðanna „góða reikningsskilavenju“ í 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: settar reikningsskilareglur.

59. gr.

Á eftir 66. gr. laganna kemur ný grein, 66. gr. A, svohljóðandi:

Endurskoðendur og skoðunarmenn skulu gera skýrslu um endurskoðunarvinnu sem að minnsta kosti inniheldur:

1. inngang þar sem fram kemur hvaða ársreikning er verið að endurskoða og hvaða reikningsskilareglum hefur verið beitt við samningu ársreiknings við endurskoðunina,
2. lýsingu á umfangi endurskoðunar þar sem fram koma a.m.k. þeir endurskoðunarstaðlar sem notaðir voru við endurskoðunina,
3. áritun þar sem skýrt kemur fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna um hvort ársreikningurinn gefur glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum og, eftir því sem við á, hvort ársreikningurinn uppfyllir lögboðnar kröfur; áritunin skal vera án fyrirvara, með fyrirvara, neikvæð eða ef þeir geta ekki gefið álit skal gerð grein fyrir því,
4. tilvísun til mála sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,
5. álit um það hvort skýrsla stjórnar hefur að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og skulu endurskoðendur og skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni ef svo er ekki.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu skrifa undir og dagsetja skýrsluna.

60. gr.

Í stað orðanna „opinberu verðbréfaþingi“ í 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Orðin „skýrslu stjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „opinberu verðbréfaþingi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.
c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sama gildir um ársreikninga félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt heimild í 56. gr. J.
d. Orðin „skýrslu stjórnar og“ í 4. málsl. 1. mgr. falla brott.

e. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 4. málsl. og orðast svo: Skil á ársreikningi í tölvutæku formi eru heimil í samræmi við reglur sem ársreikningaskrá setur.
f. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 2. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
g. Orðin „skýrslu stjórnar“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
h. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og ekki heldur til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína eða félaga sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 2. mgr. 56. gr. J.

62. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

63. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 1.–3. mgr. 76. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

64. gr.

Í stað fjárhæðanna „500 milljónum kr.“ og „1.000 milljónum kr.“ í 1. mgr. 77. gr. laganna kemur: 575.000.000 kr.; og: 1.150.000.000 kr.

65. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

66. gr.

Í stað orðanna „góðrar reikningsskilavenju“ í 1. mgr. 80. gr. laganna kemur: settra reikningsskilareglna; og í stað orðanna „telst góð reikningsskilavenja“ í sömu málsgrein kemur: teljast settar reikningsskilareglur.

67. gr.

81. gr. laganna fellur brott.

68. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna orðast svo: **Reikningsskilaráð og reikningsskilareglur.**

69. gr.

Í stað orðanna „góða reikningsskilavenju“ í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: settar reikningsskilareglur.

70. gr.

2. mgr. 89. gr. laganna orðast svo:

Viðmiðunarmörkin í a- og b-lið 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 53. gr. A, svo og a- og b-lið 1. mgr. 59. gr. og a- og b-lið 77. gr., eru grunnfjárhæðir sem miðast við gengi í evru 31. desember 2004. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á fjárhæðum í tilskipun nr. 78/660/EBE eða ef verulegar breytingar verða á gengi evru.

71. gr.

90. gr. laganna fellur brott.

72. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félögum, sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureikninga sinna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og hafa eingöngu skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings eða ársreiknings fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Félögum, sem skyld eru til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreikninga sinna skv. 2. og 3. mgr. 56. gr. H, er ekki skylt að beita þeim fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Félögum, sem nýta sér heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureikninga eða ársreikninga, sbr. 1. mgr. 56. gr. J, er ekki skylt að beita þeim við samningu ársreikninga eða samstæðureikninga, sbr. 2. mgr. 56. gr. J, fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

73. gr.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og reglugerðar nr. 2002/1606/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningsskil þeirra.

74. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu, kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða og stafliða.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1606/2002

frá 19. júlí 2002

um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráðið áherslu á að brýnt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu verði komið á og ákvað að veita frest til 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka samanburðarhæfi reikningsskila félaga sem eru skráð í kauphöllum.

2) Til þess að bæta starfsemi innri markaðarins skal þess krafist að félög, sem eru skráð í kauphöllum, beiti einu safni afar vandaðra alþjóðlegra reikningsskilastaðla þegar þau semja samstæðureikningsskil sín. Enn fremur er mikilvægt að reikningsskilastaðlar sem félög í bandalaginu, sem eru aðilar að fjármálamörkuðum, fara eftir séu alþjóðlega viðurkenndir og eigi við alls staðar í heiminum. Þetta felur í sér aukna samræmingu reikningsskilastaðla, sem eru nú í notkun á alþjóðavettvangi, og lokatakmarkið er að setja fram eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

3) Tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([4]), tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([5]), tilskipun ráðsins 86/635/ EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([6]) og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([7]) beinast einnig að félögum innan bandalagsins sem eru skráð í kauphöllum. Kröfur um upplýsingar í reikningsskilum, sem settar eru fram í þessum tilskipunum, geta ekki tryggt mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna frá öllum félögum í bandalaginu, sem skráð eru í kauphöllum, en það er nauðsynlegt skilyrði fyrir uppbyggingu óskipts fjármagnsmarkaðar sem er árangursríkur, hnökralaus og skilvirkur. Því er nauðsynlegt að bæta við lagarammann um félög sem skráð eru í kauphöllum.

4) Markmiðið með þessari reglugerð er að stuðla að því að fjármagnsmarkaðurinn sé skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur. Annar mikilvægur þáttur með tilkomu innri markaðarins á þessu sviði er að vernda fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Með þessari reglugerð er stuðlað að frjálsum flutningi fjármagns á innri markaðnum og því að félög í bandalaginu standi jafnt að vígi í samkeppni að því er varðar fjármagn á fjármagnsmörkuðum í bandalaginu og einnig á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

5) Til þess að fjármagnsmarkaðir í bandalaginu séu samkeppnishæfir er mikilvægt að samræma staðlana, sem notaðir eru í Evrópu til að semja reikningsskil, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem nota má um heim allan í viðskiptum yfir landamæri eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamarkaði.

([1]) Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 285.

([2]) Stjtíð. EB C 260, 17.9.2001, bls. 86.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2002.

([4]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

([5]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.

([6]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.

([7]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

6) Framkvæmdastjórnin birti, 13. júní 2000, orðsendingu sína um „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: leiðin fram á við“ en í henni er lagt til að öll félög í bandalaginu, sem eru skráð í kauphöllum, gangi frá samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e.a.s. alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS-staðlana), í síðasta lagi 2005.

7) IAS-staðlarnir eru þróaðir af Alþjóðareikningsskilanefndinni (IASC) en tilgangur hennar er að þróa eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í framhaldi af endurskipulagningu Alþjóðareikningsskilanefndarinnar var ein af fyrstu ákvörðunum nýja ráðsins 1. apríl 2001 að breyta nafni þess í Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) og að því er varðar ókomna alþjóðlega reikningsskilastaðla að auðkenna þá sem IFRS-staðla í stað IAS-staðla. Notkun þessara staðla skal, alls staðar þar sem því verður við komið og að því gefnu að þeir tryggi mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna í bandalaginu, vera skyldubundin hjá öllum félögum í bandalaginu sem skráð eru í kauphöllum.

8) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari reglugerð í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([8]) og taka skal tilhlýðilegt tillit til yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar á Evrópuþinginu 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu.

9) Við samþykki á notkun á alþjóðlegum reikningsskilastaðli í bandalaginu er í fyrsta lagi nauðsynlegt að hann uppfylli grunnskilyrði í framangreindum tilskipunum ráðsins, þ.e.a.s. að notkun hans gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstri fyrirtækja, og skal þá skoða þessa meginreglu í ljósi téðra tilskipana ráðsins án þess þó að gera ráð fyrir að farið sé að fullu og öllu að öllum ákvæðum þeirra. Í öðru lagi að hann þjóni hagsmunum almennings í Evrópu í samræmi við niðurstöður ráðsins 17. júlí 2000 og að síðustu að hann uppfylli grundvallarskilyrði um gæði upplýsinga sem nauðsynleg eru til þess að reikningsskil komi notendum að gagni.

10) Tækninefnd um reikningsskil skal veita framkvæmdastjórninni stuðning og sérfræðiálit þegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru metnir.

11) Það ferli sem leiðir til samþykktar á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum skal gera kleift að bregðast skjótt við nýjum stöðlum, sem fyrirhugaðir eru, og einnig að helstu aðilar, sem hlut eiga að máli, fái rætt, hugleitt og skipst á upplýsingum um alþjóðlega reikningsskilastaðla, einkum innlendar stofnanir sem ákveða reikningsskilastaðla, eftirlitsyfirvöld á sviði verðbréfa, banka og trygginga, seðlabankar, m.a. Seðlabanki Evrópu, fagfólk á sviði endurskoðunar og reikningsskila og þeir sem nota og semja reikninga. Með ferlinu er stuðlað að því að skilningur, að því er varðar samþykkta alþjóðlega reikningsskilastaðla, sé á einn og sama veg í bandalaginu.

12) Í samræmi við meðalhófsregluna eru ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þar sem sett eru fram skilyrði um að eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla sé notað fyrir félög skráð í kauphöllum, nauðsynlegar til þess að ná því markmiði að skapa skilvirka og kostnaðarhagkvæma fjármagnsmarkaði í bandalaginu og stuðla þannig að tilkomu innri markaðarins.

13) Í samræmi við sömu meginreglu er nauðsynlegt, að því er varðar ársreikninga, að aðildarríkin hafi það val að heimila eða krefjast þess af félögum skráðum í kauphöllum að þau semji reikningana í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða og einnig að rýmka þessa heimild eða leyfi og láta hana/það ná til annarra félaga að því er varðar samningu samstæðureikninga og/eða ársreikninga.

14) Í því skyni að auðvelda skoðanaskipti og gera aðildarríkjunum kleift að samræma stöðu sína skal framkvæmdastjórnin tilkynna stýrinefndinni um reikningsskil reglulega um verkefni sem unnið er að, umræðuskjöl, sérstakar skýrslur og drög að stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út og um tæknivinnu sem fylgir í kjölfarið og er í höndum tækninefndar um reikningsskil. Einnig er brýnt að stýrinefndinni um reikningsskil sé snemma tilkynnt um það ef framkvæmdastjórnin hyggst ekki leggja til að alþjóðlegur reikningsskilastaðall verði samþykktur.

([8]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

15) Í umfjöllun sinni um, og í nánari skýringum á, afstöðu sem taka skal varðandi hvers kyns skjöl sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út í tengslum við þróun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS og SIC-IFRIC) skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess að mikilvægt er að forðast samkeppni sem er evrópskum félögum, sem starfa á heimsmarkaðnum, í óhag og, að svo miklu leyti sem unnt er, til sjónarmiða fulltrúa í stýrinefndinni um reikningsskil. Framkvæmdastjórnin mun eiga fulltrúa í þeim nefndum sem heyra undir Alþjóðareikningsskilaráðið.

16) Forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum er að koma á viðeigandi og ströngu kerfi til að framfylgja gildandi reglum. Aðildarríkjum er skylt, skv. 10. gr. sáttmálans, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Framkvæmdastjórnin hyggst vinna með aðildarríkjunum, einkum á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR), að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja þessum stöðlum.

17) Auk þess er nauðsynlegt að gefa aðildarríkjunum færi á að slá beitingu tiltekinna ákvæða á frest til 2007 í tilviki félaga, sem eru skráð í kauphöllum bæði í bandalaginu og á skipulegum mörkuðum í þriðju löndum, sem þegar nota annað safn alþjóðlega viðurkenndra staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína og einnig fyrir þau félög sem hafa einungis aflað fjár á almennum skuldabréfamarkaði. Engu að síður hefur það úrslitaþýðingu að í síðasta lagi 2007 muni eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS-staðla, gilda um öll félög í bandalaginu sem eru skráð á skipulegum markaði í bandalaginu.

18) Í því skyni að gera aðildarríkjunum og félögum kleift að koma í framkvæmd nauðsynlegum aðlögunum vegna notkunar alþjóðlegra reikningsstaðla er nauðsynlegt að beita vissum ákvæðum aðeins á árinu 2005. Setja skal viðeigandi ákvæði um það þegar félög beita IAS-stöðlunum í fyrsta sinn eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Slík ákvæði skulu samin á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja alþjóðlega viðurkenningu á þeim lausnum sem teknar eru upp.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að taka upp og beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í bandalaginu í því augnamiði að samræma fjárhagsupplýsingar, sem félög sem getið er í 4. gr. setja fram, til að tryggja mikið gagnsæi og samanburðarhæfi reikningsskila og þar með skilvirka starfsemi fjármagnsmarkaðar bandalagsins og innri markaðarins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“ IAS-staðla, IFRS-staðla og túlkanir sem tengjast þeim (SIC-IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomna staðla og túlkanir sem tengjast þeim og gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu.

3. gr.

Samþykki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og notkun þeirra

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., skal framkvæmdastjórnin ákveða notkun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna í bandalaginu.

2. Einungis er unnt að samþykkja alþjóðlegu reikningsskilastaðlana ef þeir:

— ganga ekki þvert á meginregluna, sem sett er fram í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/660/EBE og í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 83/349/EBE, og þeir þjóna hagsmunum almennings í Evrópu,

— uppfylla skilyrðin um skiljanleika, mikilvægi, áreiðanleika og samanburðarhæfi sem nauðsynlegt er að sé til staðar í þeim fjárhagsupplýsingum sem þarf til að taka ákvarðanir varðandi efnahag og til að meta hvernig stjórnendum félags tekst til með stjórnun.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, eigi síðar en 31. desember 2002, í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., að hve miklu leyti unnt er að nota þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla í bandalaginu sem til staðar eru við gildistöku þessarar reglugerðar.

4. Samþykktir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skulu birtir í heild sinni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.

4. gr.

Samstæðureikningar félaga sem eru skráð í kauphöllum

Fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar skulu félög, sem lúta lögum aðildarríkis, semja samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr., ef heimilt er, á uppgjörsdegi þeirra, að eiga viðskipti með verðbréf þeirra á skipulögðum markaði í einhverju aðildarríki, í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (9).

5. gr.

Val í tengslum við ársreikninga og félög sem ekki eru skráð í kauphöllum

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess:

a) að félögin, sem um getur í 4. gr., semji ársreikninga sína,

b) að önnur félög en þau sem um getur í 4. gr. semji samstæðureikninga sína og/eða ársreikninga sína,

í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.

6. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stýrinefndar um reikningsskil sem nefnist hér á eftir „nefndin".

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Skýrslur og samræming

1. Framkvæmdastjórnin skal, með reglulegu millibili, hafa samráð við nefndina um stöðu verkefna Alþjóðareikningsskilaráðsins sem unnið er að og öll skjöl tengd þeim, sem gefin eru út af Alþjóðareikningsskilaráðinu um reikningsskil, í því skyni að samræma afstöðuna til og auðvelda umræður varðandi samþykkt staðla sem gætu átt sér stað í kjölfar þessara verkefna og skjala.

2. Framkvæmdastjórnin skal skila skýrslu til nefndarinnar tímanlega ef hún hyggst ekki leggja til að staðallinn verði samþykktur.

8. gr.

Tilkynning

Þegar aðildarríki gera ráðstafanir skv. 5. gr. skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.

9. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að skilyrði 4. gr. gildi einungis um þau fjárhagsár sem hefjast í janúar 2007 eða síðar gagnvart félögum:

a) ef skuldabréf þeirra eru eingöngu á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE, eða

b) ef verðbréf þeirra eru boðin almenningi í löndum utan bandalagsins og þau hafa, í þeim tilgangi, notað alþjóðlega viðurkennda staðla allt frá fjárhagsári sem hófst áður en þessi reglugerð var birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

(9) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

10. gr.

Upplýsingar og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvernig beitingu þessarar reglugerðar miðar og skila skýrslu um það til Evrópuþingsins og ráðsins fyrir 1. júlí 2007.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	T. PEDERSEN
forseti.	*forseti.*

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frá því að lög um ársreikninga voru sett í árslok 1994 á grundvelli tveggja félagatilskipana Evrópusambandsins, ESB, nr. 4 um ársreikninga tiltekinna félaga og nr. 7 um samstæðureikningsskil hafa verið gerðar fjórar veigamikla breytingar á þeim. Fyrsta breytingin var um afnám verðbólgureikningsskila, lög nr. 133/2001, önnur var um heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, lög nr. 25/2002, og þriðja breytingin var um samstæðureikningsskil og einnig breytingar á öðrum ákvæðum vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA, lög nr. 56/2003. Fjórða breytingin varð í mars 2004 og fjallaði hún um heimild félaga til að meta tiltekna fjármálagerninga til gangvirðis í samræmi við tilskipun ESB nr. 65/2001 um gangvirði (fair value), lög nr. 28/2004. Með frumvarpi þessu er verið að færa í lög reglugerð ESB nr. 1606/2002, um innleiðingu reikningsskilastaðla alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar IASB, og ákvarða gildissvið hennar fyrir íslensk félög, enn fremur að leiða í lög ákvæði tilskipunar nr. 51/2003, um breytingu á fyrrnefndum tilskipunum nr. 4 og 7, svo og tilskipunum nr. 674/1991 og 635/1986 um reikningsskil banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga. Munur á tilskipunum og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins er að færa ber ákvæði tilskipunar í lagabúning í hverju aðildarríki en með innleiðingu reglugerðar öðlast texti hennar í heild lagagildi í hverju aðildarríki.

Á leiðtogafundi í Lissabon 23. og 24. mars 2000 staðfesti leiðtogaráð Evrópusambandsins vilja sinn að samanburðarhæfni reikningsskila félaga sem skráð væru á skipulögðum verðbréfamörkuðum væri aukin. Í framhaldi af því birti framkvæmdastjórn ESB 13. júní 2000 skýrslu sína „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: Leiðin fram á við“ (e. The EU's Financial Reporting Strategy: The Way Forward). Um haustið sama ár ákvað fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 144/1994, um ársreikninga, með hliðsjón af þessari umræðu á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB um reikningsskil félaga með takmarkaða ábyrgð. Fljótt varð ljóst að langur vegur var að Evrópusambandið mundi ljúka umfjöllun sinni um breytingar á tilskipunum og hrinda þeim í framkvæmd. Nefndin samdi aðeins eitt frumvarp um heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Síðan hefur starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins unnið að undirbúningi þeirra frumvarpa sem hafa orðið að lögum og talin eru upp hér að framan.

Að loknum ítarlegum umræðum í nefndum á vegum framkvæmdastjórnar ESB þar sem var krufið til mergjar í hverju væri fólginn mismunur á milli einstakra ákvæða tilskipanna og IAS-staðlanna samþykkti leiðtogaráð Evrópusambandsins á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 eins og fyrr segir að leggja áherslu á að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka

samanburðarhæfni reikningsskila félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum innan aðildarríkjanna eigi síðar en 2005. Þar með var stefnan skýr og framkvæmdastjórnin gat haldið áfram undirbúningi að innleiðingu staðlanna. Það kom í ljós á þessum tíma að margir töldu hér á landi að með yfirlýsingu þessari væri ESB búið að samþykkja innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og okkur bæri að taka þá upp í löggjöf okkar án frekari tafa. En það er langur gangur þar frá. Framkvæmdastjórn ESB hófst nú handa við að vinna að útfærslu og undirbúningi að því að innleiða alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem þegar höfðu verið útgefnir af alþjóðlegu reikningsskilanefndinni og að innleiðingu framtíðarreikningsskilastaðla sem þá yrði í höndum endurskipulagðrar nefndar, alþjóðlega reikningsskilaráðsins IASB. Í framhaldi af því birti framkvæmdanefndin fyrrnefnda skýrslu 13. júní 2000 „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: Leiðin fram á við". Í henni er lagt til að öllum félögum innan ESB, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríkjum ESB, verði skylt að semja samstæðureikningsskil sín í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e. alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS/IFRS-staðla, e. International Accounting Standards/International Financial Reporting Standards), í síðasta lagi árið 2005.

Ein meginhugmynd ESB er að hafa samræmda löggjöf á sem flestum sviðum þjóðlífsins og er samning ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga, engin undantekning. Allt frá gildistöku fjórðu tilskipunar á árinu 1978 og sjöundu tilskipunar á árinu 1983 hafa aðildarríki ESB og síðar EES-ríkja orðið að haga samningu ársreikninga og samstæðureikninga í samræmi við þær tilskipanir hvað sem líður álitum annarra stofnanna utan ESB um einstaka þætti reikningsskila. Telur ESB það vera pólítíska ákvörðun og þar með á vettvangi löggjafarvalds hvernig félögum með takmarkaða ábyrgð eigenda beri að haga reikningsskilum sínum, sem og um stofnun og rekstur og upplýsingagjöf slíkra félaga til almennings. Löggjöf hér á landi um hlutafélög og einkahlutafélög byggist á tilteknum tilskipunum ESB um málefni þessara félagaforma. Með reikningsskilum er verið að sýna efnahag og afkomu félaga sem m.a. er lagt til grundvallar ákvörðun um útgreiðslu arðs til eigenda og telur ESB sig varða um það hvernig staðið er að slíkum reikningsskilum.

Reikningsskil félaga sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum eftir 1. janúar 2005 samkvæmt tilskipun 51/2003/EB (Modernisation).

Jafnframt því að rætt var um innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna fyrir félög á skipulegum verðbréfamörkuðum fóru fram umræður um reikningsskil annarra félaga sem tilskipanirnar náðu til. Eins og fram hefur komið varð það niðurstaða þeirrar umræðu að láta aðildarríkjunum eftir að ákvarða gildissvið reglugerðarinnar fyrir önnur félög en þau sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir gera töluvert meiri kröfur til reikningsskila félaga en gildandi reglur og ber að fara eftir þeim í öllum atriðum. Það var ekki talið stætt á því að gera kröfur til allra félaga og síst þeirra minni að leggja í þann kostnað sem því óhjákvæmilega fylgir að taka upp reikningsskil samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum. Framkvæmdastjórnin lagði því til breytingar á 4. og 7. tilskipun til að samræma ákvæði þeirra að reglum alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna og framtíðarreikningsskilastöðum. Tilskipun þessi fékk vinnuheitið Modernisation eða nútímavæðing og var samþykkt af Evrópuþinginu og ráðinu sem tilskipun 2003/51/EBE.

Með ályktun sinni 27. apríl 2004 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og

ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE, um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Markmið tilskipunarinnar um nútímavæðingu (e. modernisation) er þríþætt:

1. Að afnema þau ákvæði tilskipana sem stangast á við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla,
2. að tryggja að allir valkostir reikningsskila sem tiltækir eru samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum séu til staðar fyrir félög sem ber að halda áfram að fara eftir lögum um ársreikninga í hverju aðildarríki og
3. að færa undirstöðuatriði formgerðar ársreikningslaga til nútímahorfs þannig að rammi reikningsskila veiti hvort tveggja samræmi við nútímaframkvæmd reikningsskila og nægjanlegan sveigjanleika til að leyfa frekari þróun þeirra.

Til að ná þessum tilgangi er aðildarríkjunum ætlað að breyta ákvæðum landslaga um ársreikninga sem eiga að gilda fyrir þau félög sem fara eftir þeim í stað alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Þessu er náð með því að taka upp kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla án þess að fella niður gildandi valkosti sem eru fyrir í tilskipunum og landslögum. Hafa ber í huga að það er ekki verið að setja þessa tilskipun til að félög taki upp reikningsskil alþjóðlega reikningsskilaráðsins, það gerir reglugerðin, heldur er tilgangurinn að heimila öðrum félögum að nota einstaka innleidda reikningsskilastaðla.

Er því sá munur á þessari tilskipun og reglugerð 1606/2002 að á meðan reglugerðin felur í sér að tiltekin félög eru beinlínis skylduð til að haga reikningsskilum sínum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla er tilskipuninni ætlað að tryggja að öðrum félögum sé heimilt að semja reikningsskil sín í samræmi við slíka staðla, kjósi þau það á annað borð, ásamt þeim reikningsskilareglum sem kveðið er á um í lögum um ársreikninga. Þannig geta þau notið þeirra gæða sem alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir veita án þess að taka á sig þá kvöð sem skyldan hefur í för með sér, að beita þeim á alla þætti reikningsskila.

Er þessi tilskipun hliðstæð tilskipun um gangvirðisreikningsskil fjármálagerninga sem var samþykkt af Evrópuþinginu og ráðinu árið 2001, nr. 65/2001, þ.e. ári áður en reglugerðin var samþykkt. Ákvæði hennar voru lögtekin hér á landi með lögum nr. 28/2004 og heimila þau félögum að nota gangvirði (fair value) við mat á fjármálagerningum í stað kostnaðarverðs frá og með yfirstandandi reikningsári. Ákvæðið er heimildarákvæði í lögunum en tekið fram í athugasemdum við frumvarpið að gert hafi verið ráð fyrir að um skylduákvæði yrði að ræða hjá skráðum félögum, a.m.k. samstæðureikningum þeirra, við lögleiðingu reglugerðar nr. 1606/2002.

Við samningu þessa frumvarps var þrennt haft í huga:

1. Að reglugerð Evrópuráðsins og þingsins (EB) nr. 1606/2002, frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verði veitt lagagildi hér á landi.
2. Að taka upp ákvæði tilskipunar nr. 51/2003/ESB, en markmið hennar er að nútímavæða reikningsskil annarra félaga en þeirra sem taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla.
3. Að færa ársreikningalögin til nútímalegs horfs, á sama hátt og Danir gerðu við endurútgáfu ársreikningalaga sinna, sbr. dönsk lög nr. 448/2001. Þegar frumvarp til laga um ársreikninga var samið á árunum 1993–1994 var framsetning þágildandi dönsku ársreikningalaganna höfð til hliðsjónar og þykir því efni til að beita þeirri fyrirmynd enn og aftur.

Sem dæmi um aðlögun tilskipana að reikningsskilastöðlum má nefna breytingu á 31. gr. 4. tilskipunar sem er í samræmi við reikningsskilastaðal nr. 37, um áætlaðar skuldir, óvissar skuldbindingar og óvissar eignir. Samkvæmt staðlinum skal taka til greina allar skuldir sem

myndast kunna á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár en þar að auki verður áfram í gildi fyrir þessi félög heimild til að taka einnig tillit til fyrirsjáanlegra skulda og allt tap sem myndast kann á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár, sbr. 20. gr. gildandi ársreikningalaga. Enn fremur verður leyfilegt að endurmeta alla fastafjármuni, þ.m.t. óefnislega fastafjármuni, í samræmi við reikningsskilastaðal nr. 38, um óáþreifanlegar eignir. Þá verður heimilt að meta fjárfestingareignir til gangvirðis í samræmi við reikningsskilastaðal nr. 40, um fjárfestingareignir, og nr. 41, um landbúnað. Einnig verður heimilt að breyta framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings í samræmi við alþjóðlega þróun sem fram kemur í reikningsskilastöðlum alþjóðareikningsskilaráðsins. Nauðsynlegar breytingar á framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings verða gerðar með reglugerð samkvæmt heimild í lögunum.

Tilskipun nr. 51/2003/ESB mælir fyrir um strangari kröfur til þess að skýrsla stjórnar félags eða samstæðu sé í samræmi við bestu viðteknu starfsvenjur. Til að skýrslan gefi glöggt yfirlit yfir þróun í rekstri og stöðu félags eða samstæðu í samræmi við umfang reksturs er gert ráð fyrir að upplýsingar takmarkist ekki aðeins við fjárhagslega þætti heldur nái þær einnig til greiningar á umhverfis- og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félags. Þá er aukið samræmi í gerð og framsetningu á endurskoðunarskýrslum með breytingum á kröfum sem gerðar eru til forms og efni þeirra. Er það gert til að gera þessa mikilvægu þætti í reikningsskilum aðgengilegri og auðvelda jafnframt samanburð við önnur félög. Lagt er til í frumvarpinu að hinar auknu kröfur nái aðeins til félaga sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og stærri félaga.

Tilgangur nútímavæðingar tilskipunarinnar er þess vegna að auðvelda öðrum félögum sem falla undir lög um ársreikninga notkun á settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum því lög um ársreikninga verða áfram grundvöllur reikningsskila þessara félaga, svo og grundvöllur reikningsskila á þeim þáttum sem settar alþjóðlegar reikningsskilareglur fást ekki við, svo sem um skýrslu stjórnar og endurskoðun og birtingu ársreikninga.

Auk framangreindra breytinga í samræmi við tilskipunina eru lagðar til töluverðar breytingar á uppsetningu laganna og jafnframt eru mörg ákvæðanna gerð ítarlegri.

1. Í þeim þætti frumvarpsins sem varðar I. kafla laganna, 1.–10. gr. þess, er framsetning 1. gr. laganna stokkuð upp með því að flokka félögin í félög skráð á opinberum markaði, stór félög, lítil félög og sameignarfélög, til þess að auðvelda tilvísanir í lögunum til þessara hópa. Þá er verið að færa allar skilgreiningar í 2. mgr. 1. gr. laganna í 2. gr. þeirra og bætt við skilgreiningum vegna innleiðinga IAS-staðlana og ákvæði 2. gr. um sameignarfélög færast í 1. gr. Aðrar greinar I. kafla laganna eru gerðar ítarlegri, þó án efnisbreytinga.
2. Í nýjum I. kafla A frumvarpsins, 11. gr. frumvarpsins, er verið að færa greinar úr III. kafla laganna í nýjan kafla, Grunnforsendur ársreiknings, en það eru ákvæði sem frekar teljast til grunnforsendna ársreiknings en efnisákvæða rekstrar- og efnahagsreiknings.
3. Í II. kafla, 12.–20. gr. frumvarpsins, um efnahagsreikning, rekstrarreikning og sjóðstreymi, er verið að endurraða greinum og bæta við fyllri efnisákvæðum. Í 20. gr. frumvarpsins eru sett inn grundvallaratriði um hvað færa ber á efnahagsreikning, í rekstrarreikning og í sjóðstreymi, sem annaðhvort höfðu komið fram í ýmsum greinum eða hafði vantað í lögin. Jafnframt er verið að færa í lagabúning almennar óskráðar reglur sem eðlilegt þykir að séu í lagatexta.
4. Í nýjum III. kafla, 21.–35. gr. frumvarpsins, um matsbreytingar, er á sama hátt verið að bæta við fyllri efnisákvæðum og innleiða ákvæði úr tilskipuninni, í 30. gr. frumvarpsins. Þar er verið að heimila félögum að meta fjárfestingareignir til gangvirðis, á sama hátt

og heimilt er nú að gera við fjármálagerninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Einnig er verið að færa reglu um hlutdeildaraðferð sem hefur verið í reglugerð nr. 696/1996 inn í lagatexta þar sem það fer betur á því.

5. Sama gildir um IV. kafla laganna, 34.–44. gr. frumvarpsins, um skýringar, að verið er að bæta við fyllri efnisákvæðum um skýringar við ársreikning.
6. V. kafla laganna, 45.–46. gr. frumvarpsins, um skýrslu stjórnar, er breytt vegna ákvæða í tilskipun nr. 51/2003 og kaflinn er gerður að tveimur greinum, en hann er nú ein grein. Efnisbreytingin nær aðeins til skráðra og stærri félaga, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins. Þar er verið að gera frekari kröfur til upplýsingaskyldu þessara félaga.
7. Í VI. kafla laganna, 47.–50. gr. frumvarpsins, um samstæðureikninga, er verið að gera óverulegar orðalagsbreytingar.
8. Í nýjum VI. kafla A, 51. gr. frumvarpsins (56. gr. F – 56. gr. M), er verið að bæta inn ákvæðum um innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Þar er m.a. kveðið á um skyldu og heimildir félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, svo og eftirlit með því að stöðlum sé beitt á réttan hátt. Jafnframt kemur fram hvernig eftirlitinu verður skipt milli ársreikningaskrár og Fjármálaeftirlitsins. Auk þess eru ákvæði um heimildir til þess að leggja á sérstakt eftirlitsgjald vegna eftirlits ársreikningaskrár og Fjármálaeftirlits með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
9. Í VII. kafla laganna, 52.–60. gr. frumvarpsins, um endurskoðun, eru gerðar efnisbreytingar á grundvelli tilskipunarinnar nr. 51/2003. Efnisbreytingin varðar lágmarkskröfur um skýrslu endurskoðunarvinnunnar.
10. Í VIII. kafla laganna, 61.–65. gr. frumvarpsins, um birtingu ársreiknings, er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða sem leiðir af 3. gr. frumvarpsins og innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
11. Í IX. kafla laganna, 66.–68. gr. frumvarpsins, um reikningsskilaráð og góða reikningsskilavenju, er lagt til að felld verði niður 81. gr. laganna sem fjallar um skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs þar sem skiptingin hefur ekki verið virk frá upphafi. Auk þess er heiti kaflans breytt í Reikningsskilaráð og reikningsskilareglur.
12. Í 70. gr. frumvarpsins eru allar grunnfjárhæðir í frumvarpinu, sem heimilt er að breyta með reglugerð, miðaðar við gengi evru í árslok 2004. Þannig eru fjárhæðir sem ákvarðaðar hafa verið með reglugerð nr. 242/2000 núllstilltar og ekki er lagt til að þeim verði breytt frá reglugerðinni.
13. Í 74. gr. frumvarpsins er lagt til að lögin verði endurútgefin, svo breytt.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Með ályktun sinni 23. febrúar 2004 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Á 130. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga, um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, til kynningar, mál nr. 973, þskj. 1524.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu, m.a. vegna framkominna athugasemda frá umsagnaraðilum, er lúta að gildissviði og tímafrestum.

Forsaga.

Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráð Evrópusambandsins áherslu á að brýnt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu yrði komið á og ákvað að veita frest til ársins 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar ESB í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka samanburðarhæfni reikningsskila félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum innan aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórn ESB birti 13. júní 2000 skýrslu sína „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: Leiðin fram á við“ (e. The EU's Financial Reporting Strategy: The Way Forward). Í henni er lagt til að öllum félögum innan ESB, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríkjum ESB, verði skylt að gera samstæðureikningsskil sín í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e. alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla, e. International Accounting Standards), í síðasta lagi árið 2005.

IAS-staðlarnir eru þróaðir af Alþjóðareikningsskilanefndinni (IASC – International Accounting Standards Committee). Nafni nefndarinnar hefur nú verið breytt í Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB – International Accounting Standards Board) og ókomnir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar verða auðkenndir sem IFRS-staðlar (e. International Financial Reporting Standards) í stað IAS.

Evrópuþingið og ráðið samþykktu 19. júlí 2002 reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Til þess að bæta starfsemi innri markaðarins er þess krafist samkvæmt reglugerðinni að félög sem eru með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkjanna beiti einu heildstæðu safni alþjóðlegra reikningsskilastaðla við gerð samstæðureikningsskila sinna. Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 1606/2002 er að auka samanburðarhæfni reikningsskila innan ESB og þar með gegnsæi á innri markaðnum. Með reglugerðinni er stefnt að því að fjármagnsmarkaðurinn verði skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur. Mikilvægur þáttur með tilkomu innri markaðar á sviði fjármálaþjónustu er að vernda hagsmuni fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Með reglugerðinni er jafnframt stuðlað að frjálsum fjármagnsflutningum á innri markaðnum og bættri samkeppnishæfni félaga innan aðildarríkja ESB varðandi fjármagn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Til þess að fjármagnsmarkaðir innan ESB séu samkeppnishæfir við alþjóðlega fjármagnsmarkaði er mikilvægt að samræma þá reikningsskilastaðla sem notaðir eru innan ESB alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem nota má um heim allan í alþjóðlegum viðskiptum eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum.

Almennt um efni innleiðingar alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna.

Með frumvarpi þessu er leidd í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í samræmi við reglugerðina eru í frumvarpi þessu jafnframt sett fram nánari ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og verður sérstakur kafli í lögum um ársreikninga. Við innleiðingu reglugerðarinnar hér á landi öðlast texti hennar lagagildi í heild sinni. Af bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) leiðir að reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefur víðtækara gildissvið en samkvæmt beinu orðalagi hennar. Reglugerðin tekur samkvæmt orðalagi sínu til aðildarríkja

ESB, en eftir að hún var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 14. mars 2003 tekur hún til allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er í þessu sambandi átt við þá reikningsskilastaðla sem IASC hefur þróað og gefið út og þá reikningsskilastaðla sem síðar verða gefnir út af IASB og framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt með formlegum hætti og birt samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Að auki inniheldur reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ákvæði sem hverju aðildarríki er heimilt að útfæra með ákveðnum hætti í löggjöf sinni. Skv. a-lið 5. gr. reglugerðarinnar er hverju aðildarríki heimilt að leyfa eða krefjast þess að skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum nái einnig til ársreikningsgerðar félaganna, en grunnskyldan samkvæmt reglugerðinni nær aðeins til samstæðureikninga. Jafnframt er aðildarríkjum heimilt skv. b-lið 5. gr. reglugerðarinnar að leyfa eða krefjast þess að önnur félög, þ.e. félög sem ekki eru með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, beiti stöðlunum við gerð samstæðureikninga og/eða ársreikninga. Í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er síðan heimild fyrir aðildarríkin til að fresta gildistöku skyldu skv. 4. gr. reglugerðarinnar, um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga, gagnvart tilteknum félögum, fram til reikningsárs sem hefst í janúar 2007 eða síðar. Annars vegar er þar um að ræða félög sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES og hins vegar félög sem eru með verðbréf skráð á verðbréfamörkuðum utan EES, og þau hafa í þeim tilgangi notað aðra alþjóðlega viðurkennda staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína allt frá reikningsári sem hófst fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Heimildarákvæði 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er í frumvarpi þessu sett fram með þeim hætti að þeim félögum sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Heimildarákvæði a-liðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er í frumvarpi þessu sett fram með þeim hætti að félögum sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga sinna, hvort sem félögin gera samstæðureikninga eða ekki, en skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga hefst þó ekki fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Félögum sem eingöngu hafa önnur verðbréf en hlutabréf skráð verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við

gerð ársreikninga sinna fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Meginröksemdin að baki því að heimila félögum að bíða til 2007 með að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna er sú að tillit er tekið til þeirra félaga sem ekki gera samstæðureikninga. Fyrir slík félög kann skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum strax fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar að vera íþyngjandi og hafa í för með sér aukinn kostnað. Með tilliti til þess að skammur tími er fram að reikningsári 2005 og að um er að ræða lítinn hluta þeirra viðskipta sem eiga sér stað á verðbréfamarkaði hérlendis þykir rétt að veita félögum þessum aukið svigrúm til að aðlaga sig breyttu umhverfi reikningsskila sem beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefur í för með sér.

Með því að gera kröfu um að félög með skráð hlutabréf, sem eingöngu gera eigin ársreikning, beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við reikningsskil sín er þeim félögum gert að standa jafnfætis félögum sem gera samstæðureikninga, að því er varðar möguleika fjárfesta til að meta fjárhagslega afkomu félagsins, og gæti slíkt átt þátt í að gera viðkomandi félag að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. Lögð er áhersla á það sjónarmið fjárfesta að þeir megi treysta því að félög, sem lúta íslenskum lögum og hafa hlutabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, geri reikningsskil sín eftir sömu reglum. Óæskilegt teljist að fjárfestirinn þurfi að afla sérstakra upplýsinga um uppgjörsaðferðir eða hvort viðkomandi félag geri samstæðureikning eða ekki. Með því að gera kröfu um að sömu reikningsskilaaðferðum skuli beitt við gerð ársreiknings og samstæðureiknings er tryggt ákveðið samræmi í fjárhagslegum upplýsingum og aðstaða fjárfesta er bætt.

Ljóst er að ákvæði frumvarps þessa um skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ganga lengra en ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Í því sambandi er rétt að fram komi að tvö ólík sjónarmið eru aðallega uppi hvað þetta varðar. Annars vegar er það sjónarmið að hagsmunir fjárfesta séu í fyrirrúmi, að þeir eigi kröfu á að öll reikningsskil skráðra félaga séu gerð samkvæmt sömu reglum. Hins vegar er það sjónarmið að ekki sé ástæða til að gera ríkari kröfur í lögum en reglugerð (EB) nr. 1606/2002 sjálf gerir. Slíkt geti leitt til kostnaðarauka fyrir þau félög sem um ræðir, auk þess sem skipulegur verðbréfamarkaður geti sett sínar eigin reglur varðandi þá aðila sem fá verðbréf sín skráð. Niðurstaðan varð sú samkvæmt frumvarpi þessu að sjónarmið um samræmi í reikningsskilum skráðra félaga og um vernd hagsmuna fjárfesta þykir vega þyngra.

Þeim félögum sem ekki hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við reikningsskil sín, hvorki við gerð samstæðureiknings né ársreiknings, heldur verður þeim heimilt að beita stöðlunum samkvæmt eigin ákvörðun að uppfylltum tilgreindum stærðarmörkum sem fram koma í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpi þessu mun félögum verða skylt og/eða heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við reikningsskil sín með eftirfarandi hætti:

	Notkun IAS/IFRS við gerð samstæðureikninga	*Notkun IAS/IFRS við gerð ársreikninga*
Félög með skráð hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.
Félög sem eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar, ef félagið gerir samstæðureikning. HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.
Félög sem ekki hafa verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES.	HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Stöðlunum skal þá beitt bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.	HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Stöðlunum skal þá beitt bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er upphaf skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga miðað við „reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar“. Í þessu felst að reglan tekur gildi 1. janúar 2005 og tekur til félaga sem gera reikningsskil vegna uppgjörstíma sem hefst eftir það tímamark. Þannig væri skráðu félagi, sem hefði reikningsárið 1. janúar til 31. desember, skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings síns fyrir reikningsárið 1. janúar 2005 til 31. desember 2005. Á sama hátt væri skráðu félagi, sem hefði reikningsárið 1. ágúst til 31. júlí, skylt að beita stöðlunum við gerð samstæðureiknings síns fyrir reikningsárið 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2006. Lagt er til í frumvarpi þessu að sama orðalag verði notað við tímasetningar í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins varðandi útfærslu á heimildarákvæðum 5. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Ber því að leggja sama skilning í ákvæði frumvarps þessa, sem miða við reikningsár sem hefjast „1. janúar 2005 eða síðar“ og „1. janúar 2007 eða síðar“, og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Orðalag þetta er að finna í enskum frumtexta alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna og verður einnig að finna í íslenskri þýðingu á þeim. Danir, sem nýverið samþykktu lög er útfæra heimildarákvæði 5. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, nota einnig sama orðalag. Um er að ræða sérfræðilega orðnotkun sem hefur unnið sér sess á sviði alþjóðlegra reikningsskila.

Skylda skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga hvílir á félögum sem lúta lögum aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins og hafa verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES. Samkvæmt túlkun framkvæmdastjórnar ESB er hugtakið félag (e. company) í 4. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 ekki eingöngu bundið við hlutafélög, heldur tekur hugtakið einnig til sameignarfélaga og annarra félagsforma sem stunda atvinnurekstur í hagnaðar-

skyni. Í 2. mgr. 48. gr. Rómarsáttmálans (2. mgr. 34. gr. EES-samningsins) segir: „Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.“ Þessi skilgreining endurspeglast í gildissviði eftirtalinna tilskipana Evrópusambandsins, sem sækja lagastoð sína í g-lið 2. mgr. 44. gr. Rómarsáttmálans, er vísar til skilgreiningar 2. mgr. 48. gr. sáttmálans:

- fjórða tilskipun ráðsins nr. 78/660/EB um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda),
- sjöunda tilskipun nr. 83/349/EB, um samstæðureikningsskil,
- tilskipun nr. 86/635/EB um reikningsskil banka og annarra fjármálastofnana og
- tilskipun nr. 91/674/EB, um reikningsskil vátryggingafélaga.

Með reglugerð (EB) nr. 1725/2003 frá 29. september 2003 voru gefnir út og birtir í Stjórnartíðindum EB þeir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og lagðir verða til grundvallar 1. janúar 2005. Reglugerð (EB) nr. 1725/2003 mun því verða innleidd hér á landi með setningu reglugerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á 1. gr. laganna með því að flokka félög, í félög á markaði, stór félög og lítil félög, jafnframt því að færa í greinina ákvæði 2. gr. laganna um hvaða sameignarfélögum og samlögum beri að fara eftir lögum um ársreikninga. Er það gert til að auðvelda frekari tilvísun til félaganna í lögunum. Fjárhæðum í 2. tölul. 1. mgr. er breytt til samræmis við reglugerð nr. 242/2000.

Um 2. gr.

Lagt er til að skilgreiningar 2. mgr. 1. gr. laganna verði í 2. gr. þeirra. 10.–12. tölul. 1. mgr. eru nýmæli vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Í 10. tölul. 1. mgr. segir að með verðbréfum sé átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, byggjast á skilgreiningu tilskipunar 93/22/EB, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, á hugtakinu verðbréf (e. securities). Í a-lið 2. tölul. 2. gr. laga nr. 33/2003 er hugtakið verðbréf skilgreint þannig að um sé að ræða hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf. Samkvæmt lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, falla hins vegar afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl og framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé utan verðbréfahugtaksins. Sé skylda eða undanþága frá skyldu samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa bundin við ákveðnar tegundir verðbréfa er slíkt tekið sérstaklega fram, t.d. í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis í 72. gr. frumvarpsins varðandi skuldabréf.

Í 11. tölul. 1. mgr. segir að með skipulegum verðbréfamarkaði sé átt við markað með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er með skipulegum markaði (e. regulated market) átt við skipulegan verðbréfamarkað í skilningi 13. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EB, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Er þar um að ræða kauphallir og skipulega til-

boðsmarkaði samkvæmt skilgreiningu 2. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sem byggjast á tilskipun 93/22/EB.

Í 12. tölul. 1. mgr. er gerð grein fyrir þeim alþjóðlegu reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) sem ber að leggja til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og hvernig staðlarnir öðlast gildi.

Skv. 2. gr. reglugerðarinnar er með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum átt við IAS-staðla, IFRS-staðla og túlkanir sem tengjast þeim (SIC- IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomna staðla og túlkanir sem tengjast þeim og gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB). Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eru það eingöngu þeir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt, í samræmi við þá málsmeðferð sem fram kemur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/ 2002, sem lagðir verða til grundvallar. Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eru talin upp þau skilyrði sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) þurfa að uppfylla til að hljóta samþykki framkvæmdastjórnar ESB og hvernig samþykktir staðlar öðlast gildi. Almennt má vænta þess að langflestir þeir staðlar sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út eða þær breytingar sem gerðar verða á eldri stöðlum muni uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Að mati Evrópusambandsins er þó nauðsynlegt að viðhafa þessa formlegu málsmeðferð áður en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) verða lagðir til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/ 2002, m.a. til að hafa yfirsýn yfir regluverkið og til að fyrirbyggja að staðlar, sem uppfylla ekki þau skilyrði sem talin eru upp í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, taki gildi innan ESB (EES eftir upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn). Ákvæði 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 stuðla að því að aðildarríki EES beiti öll samsvarandi stöðlum og gera mögulegt það samræmi í reikningsskilum sem stefnt er að með reglugerð (EB) nr. 1606/ 2002.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 3. gr. gildandi laga en kveðið er á um það að skýrsla stjórnar sé hluti af ársreikningi og ársreikningurinn með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna myndi eina heild.

Í 2. mgr. er kveðið nánar um að í undirritun stjórnar felist að ársreikningur sé saminn í samræmi við lögin, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á. Í lögunum er á nokkrum stöðum vísað til góðra reikningsskilavenja. Lagt er til að notuð verði orðin settar reikningsskilareglur og er þá átt við reglur sem Reikningsskilaráð hefur sett eða á eftir að setja og alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sbr. VI. kafla A eins og hann verður samþykktur samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Í greininni er nánari skilgreining á reikningsári og lagt til að í undantekningartilvikum geti það orðið allt að 15 mánuðir í stað 12 mánaða. Enn fremur er lagt til að breyting á reikningsári verði tilkynnt ársreikningakrá. Jafnframt eru félögin tilkynningarskyld til hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár, eftir því sem við á.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það að auk þess sem ársreikningur skuli saminn í samræmi við lög og reglugerðir skuli settar reikningsskilareglur, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins. Með

frumvarpi þessu er verið að innleiða heimild eða skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem settir verða á formlegan hátt með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu varðandi samanburðarfjárhæðir frá fyrra reikningsári.

Um 7. gr.

Gert er ótvírætt að texti ársreiknings sé á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum nema heimild sé að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli. 3. mgr. er felld brott en samsvarandi ákvæði er í 37. gr. laganna.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að skerpa á því hvaða félög falli undir það að geta farið fram á að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli og hvaða kröfur eigi að gera til tengsla félags við tiltekinn gjaldmiðil. Fyrst og fremst verði að líta til þess að viðskipti félagsins tengist erlendu viðskiptaumhverfi. Þá er einnig tekið tillit til þess hvort fjárfestingarkostnaður félags er að meginefni af kaupum á fjárfestingavörum erlendis frá og hvort í tengslum við þau eru tekin lán í erlendum gjaldmiðli.

Um 9. gr.

Ákvæðið er flutt úr 90. gr. laganna.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að 12. gr. laganna verði felld brott og ákvæði hennar flutt í nýja grein, 12. gr. C, sem verður í I. kafla A í lögunum.

Um 11. gr.

Lagt er til að við bætist nýr kafli, **Grunnforsendur ársreiknings,** með þremur nýjum greinum.

Um a-lið (12. gr. A).

Ákvæði þessarar greinar er flutt úr 20. gr. laganna með breytingum. Í greininni er fjallað um grunnforsendur varðandi samningu ársreiknings. Í b-lið 3. tölul. er það ákvæði tekið upp að taka skuli tillit til allra skulda sem myndast kunna á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár og er það ákvæði í samræmi við tilskipun ESB nr. 51/2003. Auk þess er áfram heimilt að taka tillit til fyrirsjáanlegra skulda og tapa sem myndast kunna á fyrri reikningsárum og er það ákvæði í samræmi við 4. tilskipun ESB.

Í 2. mgr. er áréttuð sú meginregla að ekki skuli víkja frá framsetningu ársreiknings, m.a. aðferðum við útreikning og matsgrunn, frá fyrra ári nema í undantekningartilvikum.

Í 3. mgr. eru ítarlegri ákvæði hvenær megi víkja frá ákvæðum 1. mgr.

Um b-lið (12. gr. B).

Ákvæði þetta er flutt úr 21. gr. laganna.

Um c-lið (12. gr. C).

Ákvæði þetta er flutt úr 12. gr. laganna.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða nýtt ákvæði í lögunum um hvað skal færa á efnahagsreikning. Annars vegar er um að ræða fjárhagslegar ráðstafanir sem félag telur sig hafa fjárhagslegan ávinning af í framtíðinni og meta má með áreiðanlegum hætti, hins vegar skuldir eða skuldbindingar sem líklegt er að til greiðslu komi í framtíðinni vegna reksturs félagsins á yfirstandandi ári eða vegna liðinna ára.

Um 13. gr.

1. og 2. mgr. eru samhljóða 13. gr. núgildandi laga en í 3. og 4. mgr. eru skilgreiningar á því hvenær kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir falla undir fastafjármuni, veltufjármuni, langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar er breytt þannig að ekki er lengur skylt að færa rannsóknarkostnað til eignar. Stór félög eins og þau eru skilgreind í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu telja óefnisleg réttindi til eignar, sem aflað er gegn greiðslu, en önnur félög, samkvæmt skilgreiningu 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., verði það heimilt, en ekki skylt. Félögum skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. ber að fara eftir ákvæðum 1. mgr. í samræmi við settan alþjóðlegan reikningsskilastaðal varðandi þetta efni, IAS 38.

Um 15. gr.

Með ákvæði þessu er heimilað að færa til skuldar í reikningsskilum tillögu stjórnar til aðalfundar um greiðslu arðs á næsta ári.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta er fært úr 30. gr. núgildandi laga. Jafnframt er krafan um að gerð verði grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps felld brott úr greininni þar sem sömu upplýsingar eiga að koma fram í skýrslu stjórnar, sbr. 52. gr. laganna eins og henni verður breytt með 45. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta er fært úr 32. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er fært úr 34. gr. núgildandi laga en nær nú aðeins til hlutafélaga.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að fyrirsögn II. kafla laganna verði breytt.

Um 20. gr.

Um a-lið (20. gr.).

Hér er um að ræða nýtt ákvæði en eðlilegt þykir að fram komi í lagatexta hvað skuli færa í rekstrarreikning. Í einstökum greinum er síðan tilgreint nánar hvenær færslur koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi.

Um b-lið (21. gr.).

Ákvæði þetta er fært úr 18. gr. núgildandi laga.

Um c-lið (21. gr. A).

Ákvæði þetta er fært úr 19. gr. núgildandi laga.

Um d-lið (21. gr. B).

Ákvæði þetta er fært úr 23. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu að eignir sem færðar eru á gangvirði skv. 29. gr. C eru ekki afskrifaðar. Áréttað er í 2. mgr. að taka skuli tillit til lokavirðis við ákvörðun afskrifta.

Um e-lið (21. gr. C).

Ákvæði þetta fært úr 31. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu að óefnislegar eignir sem ekki hafa ákveðinn líftíma skuli ekki afskrifaðar heldur metnar árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Um f-lið (21. gr. D).

Ákvæði þetta er fært úr 45. gr. núgildandi laga.

Um g-lið (21. gr. E).

Ákvæði þetta er fært úr 14. gr. núgildandi laga.

Um h-lið (21. gr. F).

Ákvæði þetta er fært úr 16. gr. núgildandi laga en áréttað er að færa skuli skuldbindingar sem varða reikningsárið jafnvel þótt þær komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn.

Um i-lið (22. gr.).

Í þessari grein eru tekin upp efnisatriði úr reglu reikningsskilaráðs nr. 3, um innihald og framsetningu sjóðstreymis. Sjóðstreymisyfirlit er hluti ársreiknings, sbr. 3. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar er fært úr 22. gr. núgildandi laga.

Um 22. gr.

Í 1. mgr er áréttað að færa skuli niður matsvirði varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna ef markaðsverð þeirra er lægra en bókfært verð af ástæðum sem ekki verða taldar skammvinnar.

Í 2. mgr. er gert að skyldu að færa niður áhættufjármuni og langtímakröfur við ákveðnar aðstæður en í núgildandi lögum er heimildarákvæði.

Um 23. gr.

Hér er lagt til að aðeins megi hækka bókfært verð fastafjármuna, sem ekki eru metnir til gangvirðis, ef markaðsverð þeirra er hærra en bókfært verð af ástæðum sem eru ekki eru taldar skammvinnar.

Um 24. gr.

Hér er um að ræða breytingu á millivísun í samræmi við frumvarp þetta.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að meta skuli efnahagsliði sem byggjast á erlendum gjaldmiðli á lokagengi þess dags sem viðskiptin fara fram á, nema peningalegar eignir og skuldir sem metast á lokagengi reikningsskiladags. Hér er átt við síðasta skráða gengi dagsins þar sem gengi getur breyst yfir daginn. Almenna reglan er sú að eignir eru metnar á kaupgengi en skuldir á sölugengi.

Um 26. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða. Það er áréttað að skammtímakröfur skuli sæta niðurfærslu þegar hætta er á að þær innheimtist ekki eða virði þeirra hefur lækkað af öðrum ástæðum.

Um 27.–29. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða, sbr. skýringar við 5. gr. frumvarpsins, svo og leiðréttingar á millivísunum.

Um 30. gr.

Í 1. og 2. mgr. er verið að heimila félögum sem fjárfesta í fjárfestingareignum að meta þær til gangvirðis á sama hátt og heimilt er að meta fjármálagerningar, sbr. 29. gr. laganna. Fjárfestingareignir eru eignir sem ætlaðar eru til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en eru ekki til notkunar í rekstri.

Í 3. mgr. er verið að heimila félögum, sem stunda eldi á lifandi dýrum og rækta plöntur, að meta þær eignir og afurðir þeirra til gangvirðis.

Skv. 4. og 5. mgr. skal við mat á þessum eignum og skuldbindingum þeim tengdum gilda sömu ákvæði og gilda um mat fjármálagerninga skv. 29. gr. A.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á tilskipun nr. 51/2003/ESB, sbr. IAS 40.

Um 31. gr.

Efnisákvæði 33. og 34. gr. laganna eru flutt í aðrar greinar frumvarpsins, en lagt er til að felld verði niður heimild í 33. gr. laganna til að hafa óbreytt mat milli ára á óverulegum birgðum af rekstrarvörum o.þ.h.

Um 32. gr.

Lagt er til að sett verði fyrirsögn á greinina.

Um 33. gr.

Um a-lið (35. gr. A).

Lagt er til að ákvæði í reglugerð nr. 696/1996, um skilgreiningu á hlutdeildaraðferð sem rætt er um í 35. gr. laganna, verði færð inn í lögin.

Um b-lið (35. gr. B).

Í þessari grein eru tekin upp efnisatriði úr reglu reikningsskilaráðs nr. 5 sem fjalla um breytingu á reikningsskilaaðferðum, reikningshaldslegu mati og skekkjum.

Um 34. gr.

Hér er um að ræða breytingu á millivísun í samræmi við frumvarp þetta.

Um 35. gr.

Í 1. mgr. er verið að árétta að veita skuli upplýsingar um þær aðferðir sem beitt er við sérstakt endurmat fastafjármuna, sbr. 25. gr. laganna, og afskriftir þeirra.

2. mgr. var 2. málsl. greinarinnar og er ákvæðið óbreytt að öðru leyti en því að samanburðarfjárhæð fyrra árs skal birta.

Um 36. gr.

Með þessari breytingu er verið að gera það ótvírætt að eingöngu er átt við upplýsingar um afleidda fjármálagerninga.

Um 37. gr.

Hér er lagt til að veita skuli upplýsingar ef samsetning á starfsemi félags breytist á reikningsárinu.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 39. gr.

Hér er lagt til að 2. málsl. 3. mgr. verði sjálfstæð málsgrein, 4. mgr., með þeirri breytingu að tiltaka árafjöldann sem miða skal upplýsingarnar við.

Um 40. gr.

Hér er lagt til að upplýsa skuli um þá aðferð sem notuð er við innlausn á hagnaði af langtímaverkefnum, sbr. f-lið 20. gr. frumvarpsins (21. gr. D).

Um 41. gr.

Hér er lagt til að upplýsingar um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum nái aðeins til stærri félaga og félaga á opinberum markaði.

Um 42. og 43. gr.

Annars vegar er verið að skylda öll félög til að veita upplýsingar um heildarlaunakostnað og fjölda starfsmanna og hins vegar er kveðið á um að félög á opinberum markaði og önnur stærri félög skuli veita viðbótarupplýsingar um laun og launakjör.

Um 44. gr.

Um a-lið (51. gr. A).

Hér er lagt til að félög veiti upplýsingar í skýringum með ársreikningum sínum um viðskipti við tengda aðila. Slíkum upplýsingum má sleppa í skýringum við samstæðureikningsskil.

Um b-lið (51. gr. B).

Hér er lagt til að félög á opinberum markaði og önnur stærri félög upplýsi um starfsemi sem látin er af hendi eða er hætt á reikningsárinu.

Um 45. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að tekin verði upp ákvæði tilskipunar nr. 51/2003 um hvaða upplýsingar eiga að vera í skýrslu stjórnar. Í 2.–5. mgr. eru óbreytt ákvæði frá 3. og 5.–7. mgr. 52. gr. núgildandi laga.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. eru tekin upp ákvæði 2. mgr. 52. gr., eins og henni var breytt með lögum nr. 28/2004, sem fjalla um að gerð sé grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu. Ákvæði þessu er eingöngu beint að félögum á opinberum markaði og stærri félögum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarps þessa. Enn fremur er bætt við ákvæðum samkvæmt til-

skipun nr. 51/2003 þar sem þessum félögum er gert að gera sérstaka grein fyrir væntanlegri þróun félagsins, sérstakri áhættu umfram venjulega áhættu í starfsemi félagsins, áhrifum í ytra umhverfi félagsins, rannsóknar og þróunarstarfsemi í félaginu og upplýsingum um starfsmannamál o.fl. Loks skulu félög á opinberum markaði gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega.

Um 47. gr.

Hér er um að ræða breytingu á tilvísun til lagaákvæða í samræmi við frumvarp þetta og samræmingu á orðalagi.

Um 48. gr.

Fjárhæðum er breytt í samræmi við reglugerð nr. 242/2000.

Um 49. gr.

Hér er lögð til breyting á fyrirsögn 54. gr. laganna.

Um 50. gr.

Hér er um að ræða breytingu á millivísun í samræmi við frumvarp þetta.

Um 51. gr.

Um a-lið (56. gr. F).

Með ákvæði þessu er reglugerð Evrópuráðsins og þingsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, veitt lagagildi hér á landi.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð með upptöku í EES-samninginn, skulu þau félög, sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES, beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar nær aðeins til samstæðureikningsskila félaga með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES. Það er ekki skilyrði skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 að félag hafi verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríki, hvers lögum félagið lýtur, heldur er nægjanlegt að félagið hafi verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES. Um skyldu félaga til að semja samstæðureikninga fer samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga. Heimild er í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að fresta gildistöku þessa ákvæðis gagnvart tilteknum félögum og er gerð nánari grein fyrir útfærslu á þeirri heimild í athugasemdum við 72. gr. frumvarpsins um nýtt bráðabirgðaákvæði.

Um b-lið (56. gr. G).

Í ákvæði þessu er kveðið á um gildissvið þess kafla sem samkvæmt frumvarpi þessu verður nýr kafli, VI. kafli A, í lögum um ársreikninga. Í frumvarpi þessu er kveðið nánar á um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, m.a. um útfærslu á heimildarákvæðum 5. og 9. gr reglugerðarinnar, og taka ákvæði frumvarpsins aðeins til þeirra félaga sem nánar eru skilgreind í 56. gr. H og 56. gr. J. Um er að ræða annars vegar félög sem eru með verðbréf skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES og dótturfélög þeirra og hins vegar verður stórum félögum eins og þau eru skilgreind í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna og dótturfélög þeirra sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga og samstæðureikninga.

Um c-lið (56. gr. H).

Í ákvæði þessu er kveðið á um skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna.

Í 1. mgr. er tekið fram að félögum með skráð verðbréf beri að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna. Rétt þykir að skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga komi einnig skýrt fram í greininni þó að hér sé um endurtekningu að ræða á ákvæði 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber þeim félögum, sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 tekur til allra félaga sem hafa verðbréf sín skráð og gera samstæðureikning og er óundanþæg, sbr. þó ákvæði 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 sem heimilar aðildarríkjum að fresta skyldu tiltekinna félaga til reikningsárs sem hefst í janúar 2007 eða síðar, og gerð er grein fyrir í athugasemdum við 1. mgr. nýs bráðabirgðaákvæðis í 72. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tekið fram að félögum sem sé skylt skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/ 2002 að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga beri einnig að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna. Gildir þetta bæði um félög með skráð hlutabréf og skráð skuldabréf. Einnig þykir rétt að þessi skylda nái einnig til samningar ársreikninga dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningi samstæðunnar án tillit til stærðar þeirra, svo og sameignarfélaga sem falla undir lögin. Eins og fram kemur í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis sem bætt verður við lögin með 72. gr. frumvarpsins tekur skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga ekki gildi fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Félögum verður þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga er umfram það sem leiðir beint af reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem tekur samkvæmt efni sínu aðeins til samstæðureikninga. Skv. a-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er aðildarríkjum þó heimilt að krefjast þess að skráð félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga sinna. Að baki 2. mgr. búa sjónarmið um að samræmi skuli vera í heildarreikningsskilum þeirra félaga sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna.

Í 3. mgr. er félögum gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilasstöðlum ef þau eru með verðbréf, hvort sem er hlutabréf eða skuldabréf, skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES, þó svo að þeim sé ekki skylt að semja samstæðureikning. Sama gildir um sameignarfélög sem eru í meirihlutaeigu slíkra félaga og eru í sameign félaga með takmarkaða ábyrgð. Samkvæmt a-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða krefjast þess að skráð félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna.

Af 2. mgr. fyrrnefnds bráðabirgðaákvæðis í 72. gr. frumvarpsins leiðir að skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga tekur gildi fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Félögum verður þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Um d-lið (56. gr. I).

Í þessari grein er lagt til að félag sem hefur verið skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en fellir niður skráningu á skipulögðum markaði skuli á því ári og hinu næsta beita þeim. Þykir eðlilegt að ekki sé horfið frá beitingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðum um leið og afskráning á sér stað. Ákvæðið nær þó ekki til dótturfélaga sem ekki heyra lengur undir samstæðureikningsskil vegna breyttra eignatengsla við móðurfélagið.

Um e-lið (56. gr. J).

Samkvæmt a- og b-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er aðildarríki heimilt að kveða á um í löggjöf sinni að félögum skuli heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð reikningsskila sinna. Félögum sem ekki eru með verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður ekki gert skylt samkvæmt frumvarpi þessu að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð reikningsskila sinna, hvorki við gerð samstæðureikninga né ársreikninga. Hér eiga síður við sjónarmið um vernd fjárfesta og þörf innri markaðarins fyrir samræmdar upplýsingar um fjárhagslega afkomu þeirra félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild félaga sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og falla undir skilgreiningu 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, eins og henni er breytt með 1. gr. frumvarps þessa, sé heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga og samstæðureikninga. Samkvæmt ákvæðinu verður þessum flokki félaga sem ekki eru á skráðum markaði þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) samkvæmt eigin ákvörðun ef þau uppfylla tvenn af tilgreindum þrennum stærðarmörkum sem fram koma í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarps þessa. Þess má vænta að það verði fyrst og fremst félög yfir ákveðinni stærð sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum sem kjósi að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, en þó gætu önnur sjónarmið einnig haft þar áhrif. Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi kann að gera slíka kröfu til ákveðinna félaga og beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla kann í þeim tilvikum að auka samkeppnishæfni félaganna á alþjóðavísu. Á þessu stigi málsins þykir ekki rétt að opna algerlega fyrir þessa heimild til minni félaga en það útilokar ekki að þau geti beitt við reikningsskil sín settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við útfærslu ákvæða ársreikningslaga, t.d. við mat á fjármálagerningum. Hér kemur einnig til að eftirlit skal haft með beitingu félags á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þegar þeim er beitt að öllu leyti í samræmi við VI. kafla A. Jafnframt kemur til gjaldtaka af þeim félögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að félag sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 1. mgr. skuli beita þeim bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings. Tekur 2. mgr. samkvæmt efni sínu til móðurfélaga sem gera samstæðureikninga. Að baki 2. mgr. búa sjónarmið um að samræmi skuli vera í heildarreikningsskilum félaga, annaðhvort samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga. Af 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis í 72. gr. frumvarpsins leiðir að skylda þeirra félaga sem kjósa að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum til að beita stöðlunum einnig við gerð samstæðureikninga tekur ekki gildi fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Félögum verður þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga eða ársreikninga fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um að félög sem kjósa að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum tilkynni það til ársreikningaskrár. Áskilið er að eftirlit sé með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla hjá félögum hvort sem þau eru skyld til að beita þeim eða kjósa að beita

þeim. Hjá ársreikningskrá verður því á aðgengilegan hátt hægt að sjá hvaða félög eru undir eftirliti með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Um f-lið (56. gr. K).

Í ákvæði þessu er gerð nánari grein fyrir beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IAS/IFRS) og um skil gagnvart ákvæðum annarra kafla laga um ársreikninga.

Í 1. mgr. er tekið fram að þeim félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS), hvort sem er á grundvelli skyldu eða heimildar, beri að fylgja stöðlunum í einu og öllu. Kröfu þessa leiðir beint af ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Félög sem skyld eru eða nýta sér heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum geta því ekki valið að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að hluta og ákvæðum laga um ársreikninga að því er varðar önnur atriði og þannig hugsanlega fengið út hagrædda mynd af fjárhagslegri afkomu sinni. Gerð er skýr krafa um að félög haldi sig innan einnar og sömu reikningsskilaaðferðar. Þeim félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ber því að fylgja öllum þeim reglum sem fram koma í stöðlunum. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS), sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt, og ákvæði laga um ársreikninga mæla fyrir um sama atriði gangi alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir framar þegar félög beita þeim.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði annarra kafla laga um ársreikninga gildi við gerð reikningsskila samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í stöðlunum. Núgildandi lög um ársreikninga taka til ýmissa atriða sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) gera ekki og hafa að geyma ýmsar grunnreglur. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) hafa t.d. ekki að geyma reglur varðandi skýrslu stjórnar, um endurskoðun reikninga og um birtingu og skil reikningsskila. Að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum eru ákvæði annarra kafla laga um ársreikninga stöðlunum til fyllingar. Félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín ber því áfram að fylgja þeim ákvæðum annarra kafla laga um ársreikninga sem ekki er tekið efnislega á í stöðlunum.

Um g-lið (56. gr. L).

Í ákvæði þessu er kveðið á um að annars vegar hafi Fjármálaeftirlitið og hins vegar ársreikningaskrá eftirlit með að félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Með þessu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir skörun á milli Fjármálaeftirlits og ársreikningaskrár. Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með þeim félögum sem það hefur eftirlit með samkvæmt lögum nr. 87/1998 en ársreikningaskrá með öðrum skráðum sem óskráðum félögum. Samkvæmt 1. mgr. 78. gr. núgildandi laga nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. og 9. gr. reglugerðar nr. 319/2003, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, skal ársreikningaskrá gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Samkvæmt frumvarpi þessu mun eftirlitshlutverk ársreikningaskrár breytast frá því sem verið hefur. Með þessu er lögð áhersla á að heildareftirlit með ársreikningum og samstæðureikningum sé í höndum tveggja aðila sem skulu hafa samstarf um verklag við eftirlitið gagnvart öllum félögum hér á landi sem falla undir gildissvið þessa kafla um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla auk þess sem ársreikningaskrá hefur eftirlit með almennum ákvæðum laga um ársreikninga.

Gert er ráð fyrir að endurmat fari fram á framkvæmd eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningum félaga. Skipta má eftirlitsþættinum í flokka eftir áherslum. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að þeim félögum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en

þar þarf að gera ráð fyrir mun ítarlegri eftirlitsframkvæmd en gagnvart óskráðum félögum. Leggja þarf áherslu á að endanlegt fyrirkomulag eftirlitsþáttarins sé hagkvæmt í alla staði.

Í 16. lið inngangsorða reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 segir að forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum sé að koma á viðeigandi og ströngu eftirlitskerfi til að framfylgja gildandi reglum. Samkvæmt 3. gr. EES-samningsins (10. gr. Rómarsáttmálans) er aðildarríkjum skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Framkvæmdastjórn ESB hyggst vinna með aðildarríkjunum, einkum á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, CESR (e. Committee of European Securities Regulators), að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS). CESR er sjálfstæð nefnd sem stofnuð var á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB 6. júní 2001. Hlutverk CESR er að stuðla að samvinnu og samræmingu meðal eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, veita framkvæmdastjórn ESB sérfræðiaðstoð á sviði fjármálamarkaða og stuðla að skilvirkri upptöku löggjafar ESB á því sviði í aðildarríkjunum. CESR gefur út grunnreglur um innleiðingu og framkvæmd reikningsskilastaðlanna og er Fjármálaeftirlitið, sem er aðili að CESR, skuldbundið til að koma slíkum grunnreglum til framkvæmda hérlendis.

Í reglugerð (EB) nr. 1606/2002 er talað um þörf fyrir sérstakt eftirlitskerfi að því er varðar reikningsskil skráðra félaga. CESR gaf út í mars 2003 Staðal nr. 1 um fjárhagslegar upplýsingar – Eftirlit með stöðlum um fjárhagslegar upplýsingar í Evrópu (e. Standard No. 1 on Financial Information – Enforcement of Standards on Financial Information in Europe). Jafnframt birti CESR í október 2003 drög að staðli nr. 2 (e. Draft Standard No. 2 on Financial Information – Coordination of Enforcement Activities), en sá staðall hefur ekki enn verið gefinn út í sinni endanlegu mynd. Hvernig þessu eftirliti verður háttað í framkvæmd, á eftir að útfæra á samræmdan hátt meðal aðildarríkjanna. Það mun þannig verða nánar skilgreint, áður en félögum verður skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, að hvaða marki verði nauðsynlegt að setja sérstakar reglur til að uppfylla kröfur hinna samræmdu staðla CESR um eftirlit með reikningsskilum. Að sama skapi verði þá endurmetið hvernig eftirlitið skuli fjármagnað.

Gert er ráð fyrir að settar verði reglur varðandi ákvarðanir félaga um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, umfram það sem leiðir af skyldu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að ákvarðanir um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla verði bundnar ákveðnum tímamörkum, sbr. 56. gr. I og 3. mgr. 56. gr. J. Samkvæmt því verði félög að halda sig við ákveðna reikningsskilaaðferð í tilskilinn lágmarkstíma og verði þeim því ekki heimilt að skipta um reikningsskilaaðferð frá einu ári til annars. Er slíkt í samræmi við það meginsjónarmið sem liggur að baki reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og frumvarpi þessu, að sem mest samræmi ríki við gerð reikningsskila innan EES.

Á þessu stigi er ekki gerð tillaga um viðurlagaheimildir í tengslum við eftirlitið, en skv. 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. laga um ársreikninga telst það til refsiverðra brota sem sætir fésektum ef gerð ársreiknings eða samstæðureiknings er andstæð lögunum þannig að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd í samræmi við góða reikningsskilavenju („settar reikningsskilareglur“, sbr. 69. gr. frumvarpsins). CESR hefur lagt ríka áherslu á að eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga og með viðskiptum á verðbréfamarkaði almennt verði framkvæmt með samræmdum hætti meðal aðildarríkjanna. Hér á landi verður því unnið að tillögum um framkvæmd eftirlits með hliðsjón af þeirri sameiginlegu stefnu sem mörkuð verður innan EES á næstu mánuðum og þeim reglum sem settar verða hjá EES-ríkjunum.

Í 5. mgr. er lagt til að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa straum af kostnaði við eftirlitið.

Breytingar á samþykktum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nýir staðlar (IFRS) sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út verða ekki lagðir til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 fyrr en að undangengnu formlegu samþykki ESB og með birtingu reglugerðar í Stjórnartíðindum EB þar sem breyttir eða nýir staðlar eru birtir í heild.

Um h-lið (56. gr. M).

Gert er ráð fyrir að eftirlitsskyldir aðilar standi straum af þeim kostnaði sem ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlit hafa af eftirlitinu. Miðað er við að ákvæði um eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum verði í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvæði 3.–7. mgr. þessarar greinar eiga því einungis við um álagningu og innheimtu eftirlitsgjalds til ársreikningaskrár.

Lagt er til að gjaldstofn eftirlitsgjalds til ársreikningaskrár verði heildareignir eftirlitsskylds aðila samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár. Gjaldhlutfall móðurfélaga verði 0,005% af eignum, en þó ekki lægra en 150.000 kr. og ekki hærra en 1.000.000 kr. Að því er varðar dótturfélög er gert ráð fyrir að þau greiði fast gjald sem er 150.000 kr. fyrir hvert félag.

Álagning gjaldsins sem rennur í ríkissjóð skal fara fram einu sinni á ári, í síðasta lagi 15. janúar með gjalddaga 1. febrúar og eindaga 15. febrúar.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 53. gr.

Hér er um að ræða leiðréttingu á tilvísun vegna breytinga á lögum um endurskoðendur.

Um 54. gr.

Hér er lagt til að samræmd verði framsetning stærðarmarka til samræmis við viðmiðanir í 1. gr. frumvarpsins, en þó eru stærðarmörkin í reynd nær óbreytt frá núgildandi stærðarmörkum ákvæðisins. Einnig er hér samræming á orðalagi í 2. mgr.

Um 55. gr. og 56. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting á ákvæði um verkaskiptingu á milli félagskjörinna skoðunarmanna annars vegar og endurskoðenda eða skoðunarmanna hins vegar, sem eru kjörnir skv. 57. gr. laganna.

Um 58. gr.

Í stað hugtaksins „góð reikningsskilavenja“ er lagt til að notað verði hugtakið „sett reikningsskilaregla“, sbr. skýringar við 5. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Hér eru sett fram ákvæði varðandi þau atriði sem skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna skal innihalda að lágmarki, í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 51/2003. Um er að ræða upplýsingar um reikningsskilareglur, lýsingu á umfangi endurskoðunar og álit um hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd og uppfylli lögboðnar kröfur. Auk þess skulu endurskoð-

endur eða skoðunarmenn vísa til mála sem þeir vilja vekja sérstaka athygli á, svo og gefa álit um það hvort skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita.

Um 60. gr.

Í greininni er lögð til samræming á orðalagi.

Um. 61. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á orðalagi með því að fella brott úr upptalningu skýrslu stjórnar þar sem hún er nú hluti ársreiknings, sbr. skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins á ársreikningi. Þá er felld niður sérstök krafa um upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps þar sem þær eiga að koma fram í skýrslu stjórnar. Lagt er til að heimiluð verði skil ársreiknings til ársreikningaskrár í tölvutæku formi. Jafnframt eru þrengd skilyrði félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum til að leggja fram samandregna ársreikninga eða samstæðureikninga.

Um 62. og 63. gr.

Hér er um að ræða breytingar á millivísunum í samræmi við frumvarp þetta.

Um 64. gr.

Fjárhæðum er breytt til samræmis við reglugerð nr. 242/2000.

Um 65. gr.

Hér er um að ræða breytingu á millivísun í samræmi við frumvarp þetta.

Um 66. gr.

Þessi breyting er í samræmi við breytingu sem lögð er til í 5. gr.

Um 67. gr.

Lagt er til að greinin falli niður þar sem kostnaðarskipting á milli aðila hefur ekki verið framkvæmd.

Um 68. og 69. gr.

Þessar breytingar eru í samræmi við breytingu sem lögð er til í 5. gr.

Um 70. gr.

Viðmiðunarmörkin í lögunum, sem eru í samræmi við reglugerð nr. 242/2000, verða grunnfjárhæðir sem ráðherra er heimilt að breyta til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi evru.

Um 71. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru færð í 11. gr. C, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 72. gr.

Með ákvæði þessu, sem verður nýtt bráðabirgðaákvæði laganna, er kveðið á um gildistöku skyldu annarra skráðra félaga en þeirra sem falla beint undir 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Í 1. mgr. er lögfest sú heimild sem aðildarríkin hafa skv. a-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að ákveða að félögum, sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, verði ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga og ársreikninga fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Heimild þessi á eingöngu við um skuldabréf. Meginhersla er lögð á að samstæðureikningar þeirra félaga sem hafa hlutabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði séu gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, enda eru markaðsviðskipti almennust með hlutabréf. Sjálfsagt er talið að nýta þetta heimildarákvæði reglugerðarinnar, enda ekki talin þörf á að gera jafnríkar kröfur til þeirra félaga sem eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði. Er þetta í samræmi við sjónarmið annarra Norðurlandaþjóða um reglur á þessu sviði.

Í 2. mgr. er kveðið á um að félögum sem semja samstæðureikninga verði ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Sama gildir um dótturfélög þeirra. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið þykir rétt að gefa félögunum svigrúm til að aðlaga sig breyttum reikningsskilaaðferðum og er þá jafnframt tekið tillit til þeirra félaga sem ekki gera samstæðureikninga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að félög sem nýta sé heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga, eða ef þau kjósa að beita þeim við gerð ársreikninga, verði ekki skylt að beita þeim við gerð ársreikninga sinna eða samstæðureikninga fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Sama gildir um dótturfélög þeirra.

Um 73. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 74. gr.

1. mgr. geymir gildistökuákvæði en 2. mgr. heimilar að fella megi meginmál laganna inn í lög um ársreikninga og gefa þau út svo breytt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er leidd í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS/IFRS-staðla. Að auki eru í frumvarpinu sett fram nánari ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og er meðal annars gert ráð fyrir að ársreikningaskrá annist eftirlit með reikningsskilum þeirra félaga sem beita stöðlunum við gerð reikningsskila sinna og að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með þeim félögum sem heyra undir eftirlit þess.

Á vettvangi ESB hefur stefna um samræmda framkvæmd eftirlits með beitingu staðlanna verið í mótun en er ekki lokið. Meðal atriða sem á eftir að útfæra af ESB er hversu ítarlegt eftirlitið eigi að vera og hver skuli bera kostnað af eftirlitinu. Líklegt má teljast að aukið

eftirlitshlutverk kalli á einhverja fjölgun starfsmanna hjá ársreikningaskrá og fjármálaeftirlitinu. Þar sem nánari útfærsla á framkvæmd eftirlitsins liggur ekki fyrir er þó ekki hægt á þessu stigi að fullyrða um hversu mikil sú fjölgun þarf að vera. Kostnaðarauka verður mætt með sérstöku eftirlitsgjaldi samkvæmt frumvarpinu.

735. Frumvarp til laga [481. mál]

um breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32 14. maí 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gististarfsemi og tengd þjónusta, starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleigna, svo og starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum þar sem a.m.k. ⅔ hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði hinn 1. júní 2004 til að ræða álitaefni er snerta lög um helgidagafrið, nr. 32 14. maí 1997. Nefndin var skipuð í tilefni umræðna sem hafa verið um þróun helgidagahalds, og þá sérstaklega um afgreiðslutíma verslana á hvítasunnudag. Nefndarmenn voru séra Kristján Valur Ingólfsson, tilnefndur af Biskupsstofu, Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, tilnefndur af þeim samtökum, og Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og var hún jafnframt formaður nefndarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að matvöruverslunum, sem uppfylla ákveðin skilyrði, verði heimilt að hafa opið föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag.

Lög um helgidagafrið frá 1997 komu í stað laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926. Í lögunum er starfsemi markaða og verslunarstarfsemi bönnuð föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag, sbr. b-lið 2. tölul. 4. gr. laganna. Undantekningar frá þessu banni má finna í 1. mgr. 5. gr. laganna, og voru það nýmæli. Þannig er heimil þessa daga starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleigna, svo og gististarfsemi og tengd þjónusta, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna. Með þessu ákvæði var leitast við, sbr. það sem fram kemur í greinargerð í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 32/1997, að koma til móts við það sjónarmið að unnt yrði að bjóða ferðamönnum ýmsa nauðsynlega þjónustu án tillits til helgidagafriðar. Markmiðið væri eingöngu að þjónustuaðilum yrði gert mögulegt að sinna ýmissi grunnþjónustu, þar með talið við ferðamenn, á þessum hátíðardögum. Ákvæðinu yrði ekki beitt til að hafa almennar verslanir eða þjónustustarfsemi opna þessa daga, svo sem matvöruverslanir, fataverslanir o.s.frv.

Verslunarrekstur er í örri þróun og verða skilin á milli einstakra tegunda verslana æ óskýrari. Þannig er matvara nú á boðstólum í bensínstöðvum og jafnvel blómabúðum og lyfjaverslanir selja varning af ýmsu tagi. Á landsbyggðinni eru þónokkrir staðir þar sem margar tegundir verslunarstarfsemi sameinast undir einu þaki: Bensínstöð, matvöruverslun, söluturn og jafnvel myndbandaleiga. Þessar þjónustumiðstöðvar starfa í senn í þágu heimafólks og ferðamanna. Sömu ferðamenn geta hins vegar ekki keypt matvöru í verslunum í þéttbýli á umræddum helgidögum og gildir hið sama um heimafólk í þéttbýli. Ljóst er að ekki ríkir við núverandi aðstæður jafnræði meðal þeirra sem bjóða til sölu matvöru eða vilja kaupa hana og miðar frumvarpið að því að hindra að aðsetur verslana eða þjónustumiðstöðva leiði til þessa ójafnræðis. Frumvarpið raskar á engan hátt meginreglu laga um helgidagafrið. Markmið þess er einungis að jafna stöðu þeirra sem selja og kaupa matvöru á fyrrnefndum helgidögum. Til að ná því markmiði eru þrjár leiðir: að banna sölu matvöru föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag; heimila alla verslunarstarfsemi á þessum dögum, eða leið frumvarpsins, að heimila verslunum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, að selja matvöru án tillits til þess, hvar þær eru á landinu.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er lögð rík áhersla á að ekki eigi að draga úr helgi hvítasunnudags eða setja hann í annan flokk samkvæmt helgidagalöggjöfinni.

Kirkjuþing hefur fjallað um frumvarpið og gerir engar athugasemdir við það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að starfsemi matvöruverslana, sem uppfylla ákveðin skilyrði, verði heimiluð föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Sú viðmiðun, sem hér er lögð til, þ.e. að undanþágan nái til starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum þar sem að minnsta kosti tveir þriðju hlutar veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki, byggist að stofni til á skilgreiningu flokks 52.11.2 í Íslenskri atvinnugreinaflokkun (ÍSAT), gefinni út af Hagstofunni, að fermetrafjölda verslunarrýmis undantöldum. Tekið skal fram að með hugtakinu verslunarrými er átt við sjálft sölurýmið, en ekki lager, skrifstofu o.fl.

Markmið reglunnar er að verslanir, þar sem helsti söluvarningur er matvörur, geti verið opnar umræddra helgidaga á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem rakin eru í almennum athugasemdum hér að framan. Undanþágan nái ekki til stórmarkaða, enda mundu slíkar verslanir ekki uppfylla skilyrði þau sem að framan getur.

Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli reyndist ekki unnt að fá lista yfir þær verslanir sem munu uppfylla skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna til að mega hafa opið, ef frumvarpið verður að lögum, en samkvæmt upplýsingum frá Samtökum verslunar og þjónustu mundi undanþágan ná til helstu matvöruverslana í þéttbýli, sem ekki eru stórmarkaðir.

Hvað varðar þau skilyrði sem hér eru tiltekin skal tekið fram að slíkar takmarkanir eru alls ekki óþekktar meðal nágrannaríkjanna. Í Noregi er gengið lengra en lagt er til í frumvarpi þessu og sett skilyrði um að söluturn eða matvöruverslun, sem sé heimilt að hafa opið á helgidögum, hafi ekki sölurými yfir 100 fermetrum, sbr. breytingu sem gerð var árið 2003 á lögum um helgidaga og helgidagafrið (lov om helligdager og helligdagsfred, 1995).

Í Danmörku er einnig meginreglan sú að verslanir skulu hafa lokað á helgidögum, sbr. lov om butikstid frá árinu 2000. Undanþegin er sala á nánar tilteknum vöruflokkum og búðir sem þjóna ferðamönnum. Það gildir einnig um verslanir þar sem heildarveltan fer ekki yfir tiltekin mörk (23 millj. dkr.). Þá er heimilt að veita sérstaka undanþágu fyrir matvöruverslanir í dreifbýli.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32/1997, um helgidagafrið.

Í frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi matvöruverslana sem uppfylla tiltekin skilyrði, svo sem að verslunarrými sé undir 600 fermetrum, verði ekki lengur bönnuð föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

736. Frumvarp til laga [482. mál]

um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu og markaðssetningu sem miðar að slíkum samningum.

2. gr.
Takmörkun á gildissviði.

Nú eru framkvæmdar aðgerðir á grundvelli samnings um fjármálaþjónustu og í kjölfar hans og gilda þá lög þessi ekki um þær aðgerðir.

Ef sömu aðilar gera með sér samninga um sömu tegund fjármálaþjónustu með innan við árs millibili er þjónustuveitanda einungis skylt að veita upplýsingar skv. 5.–10. gr. í tengslum við fyrsta samninginn.

3. gr.
Ófrávíkjanleiki.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu neytanda.

4. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Neytandi:* einstaklingur sem gerir samning um fjármálaþjónustu, enda sé samningurinn óviðkomandi starfi hans.
2. *Þjónustuveitandi:* einstaklingur eða lögaðili sem veitir fjármálaþjónustu í atvinnuskyni.

3. *Fjarskiptaaðferð:* samskiptaaðferð sem er nothæf til þess að markaðssetja fjármálaþjónustu eða stofna til fjarsölusamnings án þess að aðilar hans hittist.
4. *Fjármálaþjónusta:* móttaka endurgreiðanlegra fjármuna, útlánastarfsemi, greiðsluþjónusta, gjaldeyrisþjónusta, eignaleiga, útgáfa og umsýsla greiðslukorta, útgáfa og umsýsla rafeyris, viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga, samningar um vátryggingar, samningar um lífeyri og önnur fjármálaþjónusta.
5. *Fjarsölusamningur:* samningur á milli neytanda og þjónustuveitanda um fjármálaþjónustu, sem er liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda og þar sem eingöngu er notuð fjarskiptaaðferð fram að og við stofnun samningsins.
6. *Varanlegur miðill:* tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar, þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma.

II. KAFLI
Upplýsingaskylda.

5. gr.
Upplýsingar um þjónustuveitanda.

Eftirfarandi upplýsingar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Nafn, kennitölu, aðalstarfsemi og heimilisfang þjónustuveitanda þar sem hann hefur staðfestu og hvert það heimilisfang annað sem máli skiptir varðandi tengsl viðskiptavinarins við þjónustuveitandann.
2. Nafn, kennitölu og heimilisfang fulltrúa þjónustuveitanda í því ríki sem neytandi hefur búsetu.
3. Nafn, kennitölu og heimilisfang miðlara, umboðsmanns eða annars milliliðar sem kemur fram fyrir hönd þjónustuveitanda og tengsl hans við þjónustuveitanda.
4. Þá opinberu skrá sem þjónustuveitandi er skráður í, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, firmaskrá eða skrár Fjármálaeftirlitsins.
5. Eftirlitsstjórnvald ef starfsemi þjónustuveitanda er háð leyfi.

6. gr.
Upplýsingar um fjármálaþjónustu.

Eftirfarandi upplýsingar og tilkynningar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Lýsingu á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar.
2. Tilkynningu um sérstaka áhættu sem tengist fjármálaþjónustunni, þar með talið að verð sé háð sveiflum á fjármálamörkuðum og að upplýsingar um fyrri verðþróun eða árangur gefi ekki vísbendingu um þróun til framtíðar.
3. Heildarverð sem neytanda ber að greiða fyrir fjármálaþjónustuna til þjónustuveitanda, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum. Ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal gefa upp grundvöll fyrir útreikningi verðs.
4. Tilkynningu um að mögulegt sé að neytandi þurfi að greiða aðra skatta og kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda né lagðir á af honum.
5. Sérstakan viðbótarkostnað vegna notkunar fjarskiptaaðferðar.
6. Fyrirkomulag greiðslu og samningsefnda.
7. Takmarkanir á gildistíma veittra upplýsinga.

7. gr.

Upplýsingar um fjarsölusamning.

Eftirfarandi upplýsingar og tilkynningar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Hvort réttur til að falla frá samningi sé fyrir hendi.
2. Frest til að nýta sér rétt til að falla frá samningi, fjárhæðina sem neytandi getur þurft að greiða við nýtingu réttarins og önnur skilyrði fyrir að nýta sér réttinn, afleiðingar þess að rétturinn er ekki nýttur auk hagnýtra leiðbeininga um hvernig megi nýta rétt til að falla frá samningi.
3. Lágmarksgildistími fjarsölusamnings þegar um er að ræða samning um fjármálaþjónustu sem veita á til frambúðar eða ítrekað.
4. Mögulegan rétt aðila til að segja upp samningum samkvæmt ákvæðum samningsins og afleiðingar uppsagnar.
5. Lög hvaða lands liggja til grundvallar tengslum þjónustuveitanda við neytanda.
6. Hvort og þá hvaða ákvæði eru fyrir hendi í samningnum um hvaða lög gilda um fjarsölusamninginn og varnarþing.
7. Á hvaða tungumáli upplýsingar og samningsskilmálar verða sendir á varanlegum miðli, sbr. 10. gr., og á hvaða tungumáli þjónustuveitandi mun hafa samskipti við neytanda.

8. gr.

Upplýsingar um réttarúrræði.

Eftirfarandi upplýsingar og tilkynningar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Hvort neytandi hafi aðgang að réttarúrræðum, öðrum en málshöfðun fyrir dómstólum, og þá hvernig neytandi getur nýtt sér þau.
2. Hvort fyrir hendi séu tryggingakerfi til hagsbóta fyrir neytendur, önnur en Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

9. gr.

Upplýsingar við sölu eða markaðssetningu í síma.

Við sölu eða markaðssetningu í síma skal nafn þess sem hefur samband við neytanda koma skýrt fram í upphafi símtals, ásamt upplýsingum um hver þjónustuveitandi er og að tilgangur símtalsins sé viðskiptalegs eðlis.

Ef neytandi gefur skýrt samþykki sitt þarf þjónustuveitandi einungis að veita eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn þess sem hefur samband við neytandann og tengsl hans við þjónustuveitanda.
2. Lýsingu á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar.
3. Heildarverð sem neytanda ber að greiða fyrir fjármálaþjónustuna til þjónustuveitanda, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum. Ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal gefa upp grundvöll fyrir útreikningi verðs.
4. Tilkynningu um að mögulegt sé að neytandi þurfi að greiða aðra skatta og kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda né lagðir á af honum.
5. Rétt til að falla frá samningi, þ.e. frest til að nýta sér réttinn, fjárhæðina sem neytandi getur þurft að greiða við nýtingu réttarins, önnur skilyrði fyrir að nýta sér réttinn og leiðbeiningar um hvernig að því skuli staðið.

Þjónustuveitandi skal tilkynna neytanda að frekari upplýsingar séu fyrirliggjandi sé um þær beðið og hvers eðlis þær upplýsingar eru.

10. gr.

Hvernig upplýsingar eru veittar.

Þjónustuveitandi skal veita neytanda upplýsingar um samningsskilmála, ásamt upplýsingum skv. 5.–9. gr., á pappír eða öðrum varanlegum miðli með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi er bundinn af samningi eða tilboði.

Ef neytandi hefur óskað eftir að fjarsölusamningur sé gerður með fjarskiptaaðferð sem veitir ekki möguleika á að láta upplýsingar skv. 1. mgr. í té á varanlegum miðli skal þjónustuveitandi uppfylla upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. þegar í stað eftir gerð samnings.

Neytandi á rétt á að fá, ef hann fer fram á það, samningsskilmála í pappírsformi hvenær sem er á samningstíma fjarsölusamnings. Enn fremur á neytandi rétt á að breyta um fjarskiptaaðferð á samningstíma, nema breytingin samræmist ekki fjarsölusamningi eða eðli fjármálaþjónustunnar.

III. KAFLI

Réttur til að falla frá fjarsölusamningi.

11. gr.

Almenn regla.

Neytandi hefur rétt til að falla frá fjarsölusamningi, án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til þjónustuveitanda innan 14 daga frá þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður eða frá þeim degi þegar neytanda berast upplýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. 10. gr. ef þær upplýsingar berast eftir að fjarsölusamningur var gerður. Ef um er að ræða fjarsölusamning um kaup á líftryggingu hefur neytandi 30 daga frest til að falla frá samningnum.

Ef neytandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skal hann innan frestsins og með sannanlegum aðferðum tilkynna þjónustuveitanda um það. Tilkynningin skal vera í samræmi við þær leiðbeiningar sem þjónustuveitanda ber að veita neytanda á grundvelli 2. tölul. 7. gr. Neytandi telst hafa virt frestinn samkvæmt grein þessari ef tilkynning á pappír eða öðrum varanlegum miðli er send áður en fresturinn rennur út.

12. gr.

Takmörkun.

Rétturinn til að falla frá fjarsölusamningi gildir ekki um:

a. þá fjármálaþjónustu sem getur sveiflast í verði innan frestsins skv. 10. gr., eftir verðbreytingum á fjármálamörkuðum, án þess að þjónustuveitandi hafi stjórn þar á,
b. ferða- og farangurstryggingar eða aðrar sambærilegar vátryggingar sem hafa skemmri gildisstíma en einn mánuð,
c. þá samninga sem hafa verið efndir að fullu af báðum samningsaðilum að ósk neytanda.

13. gr.

Tengdir samningar.

Nú er fjarsölusamningur tengdur öðrum fjarsölusamningi um vöru eða þjónustu á milli neytanda og þjónustuveitanda og fellur þá síðarnefndi samningurinn úr gildi án nokkurra afleiðinga fyrir neytanda ef hann nýtir sér rétt til að falla frá fyrrnefnda fjarsölusamningnum. Sama gildir ef fjarsölusamningur er tengdur öðrum fjarsölusamningi um vöru eða þjónustu á milli neytanda og þriðja manns sem þriðji maður er aðili að á grundvelli samnings á milli hans og þjónustuveitanda.

14. gr.

Greiðsla fyrir veitta þjónustu.

Ef neytandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi getur þjónustuveitandi krafið neytanda um greiðslu fyrir þá þjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi, enda hafi hún verið innt af hendi að ósk neytanda áður en liðinn var frestur til að nýta rétt til að falla frá samningi og neytandi hefur sannanlega fengið í hendur upplýsingar um fjárhæðina sem hann gæti þurft að greiða við að nýta sér réttinn, sbr. 2. tölul. 7. gr.

Fjárhæðin sem krafist er skv. 1. mgr. skal vera í sanngjörnu hlutfalli við þá þjónustu sem innt er af hendi, miðað við heildarfjárhæð fjarsölusamningsins.

15. gr.

Endurgreiðsla.

Nú nýtir neytandi sér rétt til að falla frá samningi og skal hann þá, án tafar og eigi síðar en 30 dögum eftir að hann sendi tilkynningu þar að lútandi, endurgreiða þjónustuveitanda allt það fé og framselja öll þau eignarréttindi sem hann hefur fengið frá þjónustuveitanda á grundvelli fjarsölusamnings.

Nú hefur neytandi greitt þjónustuveitanda á grundvelli fjarsölusamnings og nýtir sér rétt til að falla frá samningi og skal þá þjónustuveitandi endurgreiða honum að frádreginni fjárhæð skv. 14. gr. Endurgreiðslan skal fara fram án tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að tilkynning um að réttur til að falla frá samningi verði nýttur er komin til þjónustuveitanda.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Greiðsla með greiðslukorti.

Fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skulu setja skýrar reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings sem ákvæði þessara laga taka til. Jafnframt skal þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans.

17. gr.

Óumbeðin þjónusta.

Nú veitir þjónustuveitandi neytanda fjármálaþjónustu án beiðni þar að lútandi frá neytanda og er neytanda þá ekki skylt að greiða fyrir þjónustuna. Tómlæti neytanda verður ekki túlkað sem samþykki fyrir þjónustu.

18. gr.

Bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða.

Þjónustuveitanda er óheimilt að nota símbréf eða sjálfvirk upphringitæki við þá starfsemi sem lög þessi taka til, nema neytandi hafi sérstaklega veitt samþykki sitt fyrir notkun slíkra fjarskiptaaðferða.

19. gr.

Ákvæði um val á löggjöf í samningum.

Ekki er heimilt að semja um að lög ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi um fjarsölusamning sem er nátengdur yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ef það leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

V. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

20. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Um eftirlitið gilda ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

21. gr.
Viðurlög.

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara um upplýsingaskyldu skv. II. kafla, greiðslu með korti skv. 16. gr. og bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða skv. 18. gr.

VI. KAFLI
Innleiðing, gildistaka og breyting á öðrum lögum.

22. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn frá 16. maí 2003 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.
Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verður 12. tölul., svohljóðandi: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/65/EB frá 23. september 2002 um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, þann 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn.

Hinn 25. febrúar 2004 skipaði viðskiptaráðherra nefnd um innleiðingu á tilskipun um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Í nefndina voru skipuð Jónína S. Lárusdóttir f.h. viðskiptaráðuneytis, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, f.h. Neytendasamtakanna, Andrés Magnússon, f.h. hóps vátryggingamiðlara innan Félags íslenskra stórkaupmanna, Sigmar Ármannsson, f.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga, og Hermann Jónasson, f.h. Samtaka banka og verð-

bréfafyrirtækja. Í forföllum formanns sumarið 2004 komu Þóra Margrét Hjaltested og Áslaug Árnadóttir, lögfræðingar í viðskiptaráðuneyti, að starfi nefndarinnar og unnu með nefndinni að lokagerð frumvarpsins.

Viðskiptaráðuneytið tók einnig þátt í norrænu samstarfi ráðuneyta um lögleiðingu tilskipunarinnar, en það miðaði að því að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um túlkun tilskipunarinnar og hvernig innleiðingu hennar yrði best háttað. Við samningu frumvarpsins hefur einnig verið höfð hliðsjón af skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar „Konsumentkrav på genomförande av EU:s direktiv om distansavtal för finansiella tjänster“ (TemaNord 2203:544).

Fjármálaþjónusta og neytendavernd.

Þróunin á fjármálasviðinu hefur verið hröð á undanförnum árum og hafa lög og reglur á sviðinu tekið miklum breytingum. Breytingarnar hafa m.a. aukið valfrelsi neytenda auk þess sem þær hafa leitt til aukinnar samkeppni milli fjármálafyrirtækja og oft á tíðum betri kjara fyrir neytendur. Fjarskiptatæknin auðveldar neytendum enn frekar aðgang að fjármálaþjónustu og geta neytendur nú á auðveldan hátt kynnt sér framboð á fjármálaþjónustu án tillits til landfræðilegra takmarkanna og fengið þjónustu með aðstoð t.d. internets og síma.

Út frá neytendaverndarsjónarmiðum hafa breytingarnar sem hafa orðið á fjármálasviðinu einnig neikvæðar hliðar. Neytendum getur reynst erfitt að hafa yfirsýn yfir fjármálamarkaðinn og ekki er alltaf auðvelt fyrir hinn almenna neytanda að skilja samningsskilmála og áhættu sem ákveðin viðskipti geta haft í för með sér. Því kallar þróunin á fjármálasviðinu á nýjar reglur um neytendavernd.

Tilskipuninni um fjarsölu á fjármálaþjónstu er ætlað að fylla í tómarúm í regluverki Evrópusambandsins sem hefur orðið vegna þess að fjármálaþjónusta fellur ekki innan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/7 frá 20. maí 1997, um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga. EES-ríkin eru skyldug til að innleiða tilskipunina í innlendan rétt sinn. Tilskipunin er ekki svokölluð lágmarkstilskipun, sem heimilar það að þau ríki sem innleiða hana setji strangari reglur um efnið, heldur stefnir tilskipunin að mestu leyti að algjörri samræmingu á reglum um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Í tilskipuninni koma fram reglur um neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu, þ.e. þegar neytandi og söluaðili hittast ekki þegar fjármálaþjónusta er markaðssett og gengið er frá samningum. Fjarsala getur t.d. farið fram í síma, með bréfaskiptum, símbréfum, tölvupósti, á netinu og með aðstoð útvarps og sjónvarps.

Helstu ákvæði tilskipunar um fjarsölu á fjármálaþjónstu.

Tilgangurinn með tilskipuninni um fjarsölu á fjármálaþjónustu er að samræma löggjöf og reglur um fjarsölu á fjármálaþjónstu til neytenda. Þá er tilskipuninni ætlað að styrkja innri markaðinn og auka neytendavernd.

Ákvæði tilskipunarinnar gilda um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu sem gerðir eru á milli þjónustuveitanda og neytanda og markaðssetningu sem ætlað er að leiða til slíkra samninga. Með fjármálaþjónustu er í tilskipuninni átt við alla bankaþjónustu og lánveitingar, vátryggingar, lífeyri, fjárfestingar og greiðslur. Gildissviðið er því rúmt og ætlað að ná til allra tegunda af fjármálaþjónustu sem unnt er að veita með fjarsölu. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er gildissviðið þó takmarkað því að ákvæðin gilda ekki um samninga um fjármálaþjónstu sem fela í sér upphaflega þjónustusamninga og aðgerðir sem koma í kjölfarið, t.d. samninga um stofnun bankareiknings og samninga um greiðsluþjónustu. Í slíkum tilvikum er ákvæðum tilskipunarinnar einungis ætlað að ná til upphaflega samningsins.

Samkvæmt tilskipuninni hvílir upplýsingaskylda á þjónustuveitandanum gagnvart neytandanum. Upplýsingaskyldan samkvæmt tilskipuninni er víðtækari en samkvæmt almennu tilskipuninni um fjarsölu. Munurinn felst einnig í að veita skal upplýsingarnar áður en gengið er frá samningi. Þannig ber þjónustuveitanda að upplýsa neytanda um ýmis atriði áður en hann verður bundinn af samningnum. Nokkrar formkröfur eru gerðar til upplýsinganna. Í þeim skal m.a. greina nafn og heimilisfang þjónustuveitanda, lýsa helstu einkennum fjármálaþjónustunnar sem veita á, verð, möguleika á að falla frá samningi, skilyrði fyrir því og upphæð sem neytandi gæti þurft að greiða ef hann nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi.

Tilskipunin kveður einnig á um að neytandi skuli hafa a.m.k. fjórtán daga til að falla frá samningi án viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Fresturinn er þó 30 dagar þegar um er að ræða fjarsölusamninga um líftryggingar. Fresturinn byrjar ekki að líða fyrr en neytandi hefur fengið í hendur samninginn og nauðsynlegar upplýsingar. Þjónustuveitandi getur þó krafið neytanda um greiðslu fyrir þann hluta þjónustunnar sem hann hefur þegar veitt þegar neytandi fellur frá samningnum. Samkvæmt tilskipuninni eru undantekningar frá réttinum til að falla frá samningi, m.a. í þeim tilvikum þar sem samið er um fjármálaþjónustu sem er háð sveiflum á fjármálamarkaði, sem þjónustuveitandi hefur ekki stjórn á, þegar um er að ræða vátryggingar sem ætlað er að gilda í stuttan tíma og þegar báðir aðilar hafa staðið við samning að fullu að beiðni neytanda áður en hann beitir rétti sínum til að falla frá samningi. Tilgangur þessa er að koma í veg fyrir misnotkun á réttinum til að falla frá samningi.

Í tilskipuninni eru einnig ákvæði um það þegar neytandi greiðir fyrir fjármálaþjónustu með greiðslukorti og um óumbeðna þjónustu.

Samkvæmt tilskipuninni skal í lögum aðildarríkjanna kveða á um hæfileg viðurlög í þeim tilvikum þegar þjónustuveitandi uppfyllir ekki skilyrði laga sem sett hafa verið samkvæmt tilskipuninni. Þá ber aðildarríkjunum að sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar í þágu neytenda.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um gildissvið laganna og takmörkun á gildissviði þeirra í 1. og 2. gr. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögin séu ófrávíkjanleg og í 4. gr. eru ýmis grundvallarhugtök skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Þar kemur fram að lögunum er ætlað að gilda um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu og markaðssetningu sem miðar að slíkum samningum. Greinin styðst við 1. gr. tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Í 4. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu fjármálaþjónusta.

Í 2. tölul. 3. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, kemur fram að lögin gildi ekki um kaup á verðbréfum, vátryggingum eða annars konar fjármálaþjónustu. Því mun frumvarp þetta, ef að lögum verður, taka við þar sem lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga sleppir.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um takmörkun á gildissviði laganna og styðst greinin við 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að þegar um er að ræða samninga um fjármálaþjónustu sem fela í sér upphaflegan þjónustusamning og í kjölfarið aðgerðir sem koma hver á fætur annarri eða röð

stakra aðgerða af sama toga sem ná yfir tiltekið tímabil, skuli lögin einungis gilda um upphaflega samninginn, en ekki þær aðgerðir sem koma í kjölfarið. Sem dæmi má nefna að lögunum er ætlað að gilda um samning um stofnun bankareiknings, útgáfu greiðslukorts eða stjórnun verðbréfasamvals, en ekki um aðgerðir sem fylgja í kjölfarið, svo sem millifærslur af bankareikningi, færslur á greiðslukortið eða viðskipti innan ramma samnings um stjórnun verðbréfasamvals. Þjónustuveitendur þurfa einungis að uppfylla upplýsingaskyldu sína og gefa neytanda kost á að falla frá samningi þegar stofnað er til hins upphaflega samnings, en ekki þegar um er að ræða síðari aðgerðir sem byggjast á hinum upphaflega samningi. Þegar nýir þættir bætast við upphaflega þjónustusamninginn fellur það ekki undir takmörkunarákvæðið, heldur telst slíkur samningur sérstakur fjarsölusamningur um fjármálaþjónustu og fer um hann samkvæmt almennum ákvæðum laganna. Sem dæmi um slíkan samning má nefna það þegar síðar er samið um að nota rafrænt greiðsluform vegna bankareiknings sem þegar hefur verið stofnaður.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef sömu aðilar gera með sér samning um sömu tegund fjármálaþjónustu með innan við árs millibili er þjónustuveitanda einungis skylt að veita þær upplýsingar, sem kveðið er á um að veita skuli í 5.–10. gr. frumvarpsins, í tengslum við gerð fyrsta samningsins. Í þeim tilvikum sem falla undir 2. mgr. hefur ekki verið gerður neinn upphaflegur þjónstusamningur eins og gert er ráð fyrir í 1. mgr. Sem dæmi um fjarsölusamninga um sömu tegund fjármálaþjónustu má nefna samninga um áskrift að nýjum hlutdeildarskírteinum í sama fjárfestingarsjóðnum. Þegar samningar falla undir 2. mgr. ber þjónustuveitanda ekki skylda til að uppfylla kröfur laganna um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda við gerð þeirra, en hins vegar gilda önnur ákvæði laganna. Ákvæðið er ekki bindandi að því leyti að þjónustuveitandi getur að sjálfsögðu veitt neytanda upplýsingar við gerð hvers samnings, t.d. í þeim tilvikum þar sem neytandi óskar sérstaklega eftir upplýsingunum. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að gerðar séu óhæfilegar kröfur til þjónustuveitenda um veitingu upplýsinga þegar sömu aðilar gera með stuttu millibili samning um sams konar þjónustu.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ekki verði vikið frá ákvæðum laganna neytendum til tjóns. Ákvæðið byggist á tilskipuninni um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Reglan sem kemur fram í 3. gr. kemur í veg fyrir að þjónustuveitandi byggi t.d. á venju sem er neytanda óhagstæðari en ákvæði frumvarpsins. Það leiðir hins vegar af ákvæðum greinarinnar að aðilum er heimilt að semja um kjör sem eru neytendum hagstæðari en vera mundi samkvæmt lögunum.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna orðskýringar á grundvallarhugtökum frumvarpsins, þ.e. þeim hugtökum sem koma ítrekað fyrir í frumvarpstextanum.

Í 1. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *neytandi* og byggist skilgreiningin á d-lið 2. gr. tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Í skilgreiningunni er miðað við að til neytenda teljist þeir einstaklingar sem gera samninga um fjármálaþjónstu óviðkomandi starfi sínu. Ef einstaklingur gerir samning um fjármálaþjónustu í starfi sínu telst hann ekki neytandi í skilningi frumvarpsins. Sambærileg skilgreining á hugtakinu neytandi hefur birst í öðrum tilskipunun og verið innleidd á sambærilegan hátt í íslenskan rétt. Má nefna sem dæmi 1. tölul. 2. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, og 3. mgr. 1. gr. laga um neytendakaup, nr. 48/2003.

Í 2. tölul. er hugtakið *þjónustuveitandi* skilgreint. Skilgreiningin er byggt á c-lið 2. gr. tilskipunarinnar þar sem hugtakið er skilgreint sem „einstaklingur eða lögaðili, opinber eða einkaaðili, sem í hlutaðeigandi viðskiptum er samningsbundinn þjónustuveitandi samkvæmt fjarsölusamningi“. Skilgreining frumvarpsins er orðuð á nokkuð annan hátt, en samkvæmt frumvarpinu merkir þjónustuveitandi einstaklingur eða lögaðili, sem veitir fjármálaþjónustu í atvinnuskyni. Byggist skilgreining frumvarpsins á því að ekki er talið nauðsynlegt að taka það fram að þjónustuveitandi geti verið hvort sem er opinber eða einkaaðili, þar sem hvoru tveggja er talið felast í orðskýringunni. Skilgreiningin gerir það ekki að skilyrði að þjónustuveitandi hafi það að aðalstarfsemi að veita fjármálaþjónustu og því getur aðili fallið undir lögin þrátt fyrir að fjármálaþjónusta sé aðeins lítill hluti af starfsemi hans, ef hann gerir fjarsölusamning um fjármálaþjónustu. Það ber þó að athuga að milliliðir við fjármálaþjónustu teljast ekki þjónustuveitendur í skilningi frumvarpsins og gilda ákvæði frumvarpsins því ekki um þá. Í upphaflegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar að tilskipuninni var gert ráð fyrir að milliliðir gætu talist til þjónustuveitenda, en frá því var horfið (sjá nánar COM (1998) 468 final, c-lið 1. gr.).

Í 3. tölul. greinarinnar er hugtakið *fjarskiptaaðferð* skilgreint og byggist skilgreiningin á skýringu á hugtakinu fjarskiptamiðill í e-lið 2. gr. tilskipunarinnar. Lagt er til að fjarskiptaaðferð verði skilgreind sem samskiptaaðferð sem er nothæf til þess að markaðssetja fjármálaþjónustu eða stofna til fjarsölusamnings án þess að aðilar hans hittist. Sambærileg orðskýring er í 4. tölul. 2. gr. tilskipunar um fjarsölu sem innleidd var með 5. tölul. 2. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000.

Í 4. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *fjármálaþjónusta*. Orðskýringin er byggð á b-lið 2. gr. tilskipunarinnar og markar gildissvið frumvarpsins auk þess sem hún markar skil á milli gildissviða frumvarpsins og laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, en í 2. tölul. 3. gr. þeirra laga er kveðið á um að ákvæði laganna taki ekki til samninga um kaup á verðbréfum, vátryggingum eða annars konar fjármálaþjónustu. Síðastnefnda ákvæðið er innleiðing á 1. mgr. 3. gr. almennu tilskipunarinnar um fjarsölu og d- og e-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar um húsgöngur, nr. 85/577.

Eins og hugtakið bendir til hefur fjármálaþjónusta með fjármuni að gera. Þannig er dæmigerð fjármálaþjónusta innlán, útlán, útgáfa ábyrgða, vátryggingar, greiðsluþjónusta, skipting gjaldeyris og verðbréfaviðskipti. Með fjármálaþjónustu í frumvarpinu er átt við móttöku endurgreiðanlegra fjármuna, útlán, greiðsluþjónustu, gjaldeyrisþjónustu, eignaleigu, útgáfu og umsýslu greiðslukorta, útgáfu og umsýslu rafeyris, viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga, samninga um vátryggingar, samninga um lífeyri og lífeyrissparnað og aðra fjármálaþjónustu. Ákvæðið hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu. Við túlkun þess er rétt að hafa í huga að ný lög um vátryggingarsamninga hafa verið samþykkt og munu koma til framkvæmda 1. janúar 2006. Þau eru ófrávíkjanleg nema annað sé sérstaklega tekið fram og er það breyting frá núgildandi lögum.

Upphaflegu tillögunni að tilskipuninni frá 14. október 1998 (sjá COM 1998/468) fylgdu leiðbeiningar um það hvað teldist til fjármálaþjónustu. Var þar vísað til starfsemi lánastofnana, vátryggingafélaga og fjárfestingafyrirtækja og vísað til tilskipanna nr. 89/646/EBE, 93/22/EBE, 73/239/EBE, 73/239/EBE og 79/267/EBE. Þá var í viðauka við tilskipunina upptalning í 16 liðum þar sem fram komu leiðbeiningar um það hvað gæti talist til fjármálaþjónustu. Upptalningin er eftirfarandi í óopinberri þýðingu:

1. móttaka innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna,
2. útlánastarfsemi, sérstaklega neytendalán og veðlán,
3. eignaleiga,

4. greiðslumiðlun, útgáfa og umsýsla á greiðslumiðlum,
5. gjaldeyrisþjónusta,
6. ábyrgðir í atvinnuskyni,
7. móttaka, millifærsla og/eða stjórnun á pöntunum tengdum eftirfarandi fjármálatækjum, auk þjónustu sem tengist útgáfu eftirfarandi fjármálagerninga:
   a. peningamarkaðsbréfum,
   b. framseljanlegum verðbréfum,
   c. hlutum í verðbréfasjóðum og öðrum sameiginlegum fjárfestingaráætlunum,
   d. fjármálalegum framvirkum samningum og valrétti/kauprétti,
   e. gjaldeyris- og vaxtatækjum,
8. stjórnun verðbréfasafna og fjárfestingaráðgjöf sem tengd eru þeim atriðum sem talin eru upp í 7. tölul.
9. varðveisla og umsýsla verðbréfa,
10. bankahólfaþjónusta,
11. vátryggingar, aðrar en líftryggingar,
12. líftryggingar,
13. líftryggingar tengdar fjárfestingasjóðum,
14. varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar,
15. endurfjármögnun og
16. lífeyristryggingar einstaklinga.

Í þessu sambandi má einnig nefna að í viðauka með almennu tilskipuninni er upptalning á hvað teljist til fjármálaþjónustu samkvæmt þeirri tilskipun.

Endanlega tilskipunin um fjarsölu á fjármálaþjónustu hefur ekki að geyma upptalningu á hvað teljist til fjármálaþjónustu. Ekki ber að túlka þá stefnubreytingu sem varð frá fyrstu drögum til lokaútgáfu sem vísbendingu um að þrengja hafi átt skilgreiningu á fjármálaþjónustu. Þvert á móti bendir orðalag breytingartillögu á 2. gr. tilskipunarinnar (sjá COM 1999/385) til þess að breytingin hafi verið gerð til að skilgreining á fjármálaþjónustu yrði sveigjanlegri og gæti betur fylgt hinni hröðu þróun á sviði fjarsölu á fjármálaþjónustu og að túlka eigi skilgreiningu á fjármálaþjónustu enn rýmra en upptalningin í upphaflegu tillögunni gefur tilefni til. Það sem kemur fram í 14. tölul. formálans með tilskipuninni bendir einnig til þess að túlka eigi hugtakið fjármálaþjónusta rúmt, en þar segir m.a. að tilskipunin taki til allrar fjármálaþjónustu, sem veita má sem fjarþjónustu.

Í ákvæðinu eru notuð þau hugtök sem fyrir eru í íslenskri löggjöf, t.d. um þá starfsemi sem talin hefur verið starfsleyfisskyld hér á landi, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, lög um vátryggingarstarfsemi, nr. 60/1994 og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Þó verður að gera þann fyrirvara að hugtakið fjármálaþjónusta samkvæmt tilskipuninni er mjög vítt og því getur fjármálaþjónusta í skilningi frumvarpsins verið víðtækara en starfsemi sem þarfnast starfsleyfis samkvæmt íslenskum rétti. Þannig verður t.d. að telja að öll starfsemi sem fellur undir verðbréfaviðskipti, sbr. 1. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, þ.m.t. ráðgjöf á því sviði, geti talist fjármálaþjónusta, þótt ekki þurfi starfsleyfi til að stunda hana eina sér samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Við túlkun á því hvað telst fjármálaþjónusta ber að líta til eiginleika þjónustunnar en ekki hver býður hana fram. Það er því ekki úrslitaatriði hvort sá aðili sem býður fram lán til neytenda með fjarskiptaaðferð hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar getur sú staðreynd að þjónusta er veitt af fjármálafyrirtæki með starfsleyfi bent til þess að um fjármálaþjónustu sé að ræða.

Telja verður að til þess að um samning um fjármálaþjónustu sé að ræða í skilningi frumvarpsins verði aðalinnihald samningsins að snerta fjármálaþjónustu. Ef samningur inniheldur aðalskyldu sem er ótengd fjármálaþjónustu eru líkur til þess að samningurinn falli ekki undir gildissvið frumvarpsins. Sem dæmi má nefna sölu á vöru þar sem seljandi veitir greiðslufrest. Þar tengist aðalskylda samningsins sölu á vöru og samningurinn telst því ekki samningur um fjármálaþjónustu. Hins vegar ef seljandi selur vöru en útvegar neytanda jafnframt lán frá þriðja aðila, verður að telja að samningur á milli þriðja aðila og neytanda um lánið teljist til fjármálaþjónustu, en samningur á milli seljanda vörunnar og neytanda teljist sala á vöru og falli því ekki undir gildissvið frumvarpsins. Því verður þriðji aðili í slíkum tilfellum að uppfylla skyldur frumvarpsins um upplýsingagjöf til neytandans.

Ef meginefni samningsins er miðlun á fjármálaþjónustu, svo sem láni, fellur sá samningur undir gildissvið frumvarpsins. Ef samningur um miðlun og samningur um lán teljast báðir fjarsölusamningar á neytandinn rétt á að fá upplýsingar annars vegar um miðlunarsamninginn og hins vegar samninginn um lán. Í slíkum tilvikum ber miðlari upplýsingaskyldu um miðlunarsamninginn en þriðji aðili sem veitir lán ber upplýsingaskyldu um þann samning. Vitanlega er honum unnt að semja við miðlarann um að veita upplýsingar, en ábyrgðin á að neytandi fái réttar upplýsingar hvílir á lánveitanda í fyrrgreindum dæmum. Aðrar reglur geta gilt um miðlun vátrygginga.

Ef megininnihald samnings er ráðgjöf um fjármálaþjónustu getur hann talist sjálfstæður samningur um fjármálaþjónustu, sbr. upprunalegu tillöguna að tilskipuninni. Þannig getur samningur um ráðgjöf um verðbréfaviðskipti eða vátryggingar fallið undir gildissvið frumvarpsins, enda sé öðrum skilyrðum þess fullnægt. Þjónustuveitanda ber í slíkum tilvikum að veita neytanda upplýsingar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ráðgjafarsamningar eru þó í mörgum tilfellum aukaefni samnings, t.d. veita starfsmenn banka og verðbréfafyrirtækja oft viðskiptavinum sínum ráðgjöf áður en þeir ganga til samninga. Einnig mundi ráðgjöf lögmanna um fjármálaþjónustu oft teljast aukaefni samnings á milli þeirra og neytanda um lögfræðilega ráðgjöf og teljast þannig ekki sjáfstæðir samningar um fjármálaþjónustu.

Að því er varðar hópvátryggingar verður að athuga í hverju tilfelli hvort skilyrðum frumvarpsins sé fullnægt. Þannig verður að telja að hópvátryggingar geti fallið undir gildissvið frumvarpsins, t.d. ef samningur stofnast á milli neytanda og þjónustuveitanda með hjálp fjarskiptaaðferðar, óháð því hvort fyrir hendi sé rammasamningur sem er grundvöllur samningsins milli neytanda og þjónustuveitanda.

Í 5. tölul. 4. gr. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *fjarsölusamningur*. Skilgreiningin er byggð á a-lið 2. gr. tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónstu, en það ákvæði er sambærilegt við 1. lið 2. gr. almennu tilskipunarinnar um fjarsölu, sem innleidd var hérlendis með 7. tölul. 2. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000. Í 15. tölul. formála tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu segir að fjarsölusamningar séu þeir samningar þar sem tilboð, samningaviðræður og samningsgerð fer fram í fjarlægð, þar sem þjónustuveitandinn og neytandinn eru ekki viðstaddir samtímis. Lagt er til að hugtakið fjarsölusamningur verði skilgreint þannig í frumvarpinu að um sé að ræða samning á milli neytanda og þjónustuveitanda um fjármálaþjónustu, sem sé liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda. Þá er það skilyrði sett að fram að og við stofnun samningsins sé einungis notuð fjarskiptaaðferð.

Við mat á því hvort um fjarsölusamning er að ræða skiptir ekki máli hvers konar fjarskiptaaðferð er notuð. Þannig er möguleiki að tilboð sé sett fram með einni fjarskiptaaðferð, t.d. með símbréfi, en tilboði tekið með notkun annarrar fjarskiptatækni, t.d. með tölvupósti. Athygli er hins vegar vakin á því að til þess að um fjarsölusamning sé að ræða verður samn-

ingur að hafa stofnast með hjálp fjarskiptaaðferðar. Þannig telst það ekki fjarsölusamningur ef samningaviðræður hafa farið fram í síma en samningur hefur stofnast með því að samningsaðilar hittast og rita undir samninginn. Einnig verður að telja að ekki sé um fjarsölusamning að ræða ef neytandi hefur komið á afgreiðslustað þjónustuveitanda og fengið ráðgjöf um þá þjónustu sem í boði er, þó svo að hann hafi hringt síðar og gengið frá samningi um viðkomandi þjónustu. Um fjarsölusamning getur hins vegar verið að ræða þó svo að neytandi komi á afgreiðslustað þjónustuveitanda og fái upplýsingabæklinga án þess að eiga samskipti við starfsfólk þjónustuveitanda, ef samningur hefur síðar tekist með hjálp fjarsöluaðferðar og skilyrðum frumvarpsins eru að öðru leyti fullnægt.

Fram kemur í orðskýringunni að skilyrði fjarsölusamnings sé að samningurinn sé liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda. Ekki þarf mikið til að því skilyrði sé fullnægt. Í sumum tilfellum er augljóst að samningur er liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda, t.d. þegar hann veitir möguleika á fjarsölu á netinu. Einnig verður að telja að umræddu skilyrði sé fullnægt ef þjónustveitandi gefur upp símanúmer eða vefslóð í auglýsingum sínum, þar sem unnt er að ganga til samninga við hann. Þannig þarf þjónustuveitandi einungis að veita möguleika á að samningur sé gerður með fjarskiptaaðferð til þess að litið verði svo á að um skipulega fjarsölu sé að ræða. Ekki skiptir máli hvort hann býður einnig upp á þann möguleika að samningar séu gerðir með viðveru samningsaðila eða hversu stór hluti fjarsölusamningar eru af heildarsamningafjölda þjónustuveitanda. Í framkvæmd munu flestir þeir sem bjóða upp á þann möguleika að gera samninga með hjálp fjarskiptaaðferða falla undir lögin, þar sem þeir kynna almennt þann möguleika. Ef þjónustuveitandi veitir hins vegar upplýsingar um símanúmer sitt í auglýsingum án þess að tilgangur þess sé að fá viðskiptavini til að ganga til samninga í gegn um síma eru líkur til að ekki verði talið að um skipulega fjarsölu væri að ræða, enda hefði þjónustuveitandi ekki að öðru leyti ekki í hyggju að ganga til samninga í gegnum síma eða með annarri fjarskiptaaðferð og slíkir samningar væru afar fáir þegar litið væri til heildarstarfsemi hans.

Í 6. tölul. er hugtakið *varanlegur miðill* skilgreint og byggist skilgreiningin á f-lið 2. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu merkir varanlegur miðill, auk pappírs, tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar, þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma. Samkvæmt 20. tölul. í formála tilskipunarinnar geta varanlegir miðlar einkum verið disklingar, geisladiskar, stafrænir mynddiskar (DVD) og harðir diskar í tölvu neytandans þar sem tölvupóstur er vistaður. Vefsetur á netinu teljast hins vegar ekki til varanlegra miðla, nema þau uppfylli viðmiðanir sem er að finna í skilgreiningu hugtaksins, þar sem hægt er að breyta upplýsingum á vefsíðum og þær uppfylla almennt ekki kröfurnar um að vera beint sérstaklega til einstaks neytanda. Venjulegur gsm-sími telst heldur ekki til varanlegs miðils þar sem í þeim er ekki nægilegt pláss til að geyma upplýsingar. Það má því ætla að til að upplýsingar teljist uppgefnar á varanlegum miðli verði þær að vera þannig að neytanda sé kleift að kynna sér þær með því að lesa þær. Símbréf, tölvupóstur, upplýsingar á disklingi, geisladiski eða stafrænum mynddiski (DVD) uppfylla þessar kröfur, sem og tölvupóstur, en hann vistast yfirleitt á harða disk neytandans og er hægt að prenta út á pappír.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda við gerð fjarsölusamnings. Í 5. gr. er fjallað um upplýsingar um þjónustuveitanda. Í 6. gr. er kveðið á um hvaða upplýsingar þjónustuveitandi skal gefa neytanda um fjármálaþjónustuna. Í 7. gr. kemur fram hvaða upplýsingar þjónustuveitanda ber að veita neytanda um fjarsölusamning. Í 8. gr. er kveðið

á um hvaða upplýsingar þjónustuveitanda ber að veita neytanda um réttarúrræði sem hann hefur aðgang að. Í 9. gr. frumvarpsins er að finna sérreglu sem gildir um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda við sölu eða markaðssetningu í síma. Þá er í 10. gr. fjallað um það á hvaða hátt þjónustuveitandi skal veita neytanda upplýsingar þær sem frumvarpið skyldar hann til að veita.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um það hvaða upplýsingar skal veita neytanda um þjónustuveitanda. Greinin er í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, en í 3. gr. er kveðið á um fjórþætta upplýsingaskyldu þjónustuveitanda og er upplýsingaskyldan samkvæmt tilskipuninni um fjarsölu á fjármálaþjónustu ítarlegri en upplýsingaskylda samkvæmt almennu fjarsölutilskipuninni.

Ákvæði tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda eru eitt af meginatriðum tilskipunarinnar, en tilgangur reglnanna er að neytandi fái nægilegar upplýsingar áður en samningur er gerður til að hann geti metið þá fjármálaþjónustu sem boðin er og þar með tekið upplýsta ákvörðun.

Líkt og í 6., 7. og 8. gr. frumvarpsins ber þjónustuveitanda að veita neytanda upplýsingar með hæfilegum fyrirvara áður en hann verður bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði. Það er hins vegar ekki kveðið á um það í tilskipuninni eða þessu frumvarpi hvenær neytandi verður bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði heldur fer um það eftir reglum samningaréttarins. Tilskipunin er þó mótuð út frá aukinni notkun netsins við neytendakaup, en það getur t.d. valdið vafa hvort túlka á tilboð sem birt er á heimasíðu fyrirtækis sem eiginlegt tilboð og þá hvort að neytandi verður bundinn ef hann svarar tilboðinu. Líkur eru þó til þess að slíkar upplýsingar á heimasíðu yrðu ekki túlkaðar sem beint tilboð.

Það að veita þurfi upplýsingarnar með hæfilegum fyrirvara felur í sér kröfu um að þjónustuveitandi verður að veita neytanda upplýsingar áður en neytandi verður bundinn af tilboði. Sambærilegt skilyrði er í 4. gr. almennu fjarsölutilskipunarinnar. Ákvæðið um hæfilegan fyrirvara hefur fyrst og fremst þýðingu í þeim tilvikum þar sem það er ætlun þjónustuveitanda að markaðssetning leiði til að samningur komist á nær samstundis, t.d. við símasölu. Í slíkum tilvikum verður þjónustuveitandi samkvæmt frumvarpinu að veita neytanda upplýsingar þær sem frumvarpið kveður á um með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi verður bundinn af samningnum, auk þess sem gefa verður neytanda möguleika á að kynna sér upplýsingarnar og skilmálana áður en hann er krafinn um að taka afstöðu til tilboðsins. Það uppfyllir því ekki skilyrði laganna að veita neytanda upplýsingarnar rétt áður en samningurinn er gerður.

Þá má einnig velta því fyrir sér hvaða markaðssetningaraðgerðir falla undir ákvæði frumvarpsins um upplýsingaskyldu. Ljóst er að ákvæðin um upplýsingaskyldu eiga ekki við um þá markaðssetningu sem einungis er ætlað að auka áhuga almennt á fyrirtæki eða þjónustu þess. Þá ber einnig að hafa í huga að upplýsingaskyldan verður virk með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi verður bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði, og á því ekki við fyrr en markaðssetningaraðgerðir þjónustuveitanda eru komnar svo langt að líklegt sé að samningar náist. Til viðmiðunar má segja að þjónustuveitandi sé skyldugur til að veita neytanda upplýsingar samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa ef hann við markaðssetninguna gerir neytanda tilboð sem hann getur svarað án frekari viðræðna eða samningaumleitana.

Í þeim tilvikum þar sem neytandi og þjónustuveitandi koma frá löndum þar sem mismunandi kröfur eru gerðar til upplýsingaskyldu í lögum geta vaknað spurningar um lög hvaða lands eigi að leggja til grundvallar mati á því hvort ákvæði um upplýsingaskyldu hafi verið

uppfyllt. Í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar skulu þær upplýsingar, sem gefnar eru áður en samningur eða tilboð verða bindandi, vera í samræmi við samningsskyldur sem leiðir af lögum sem gilda munu um samninginn ef hann verður gerður. Þjónustuveitanda ber þannig að veita upplýsingar í samræmi við löggjöf þess lands sem gilda mun um samninginn til að hann teljist hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína.

Þær upplýsingar sem veita skal neytanda um þjónustuveitanda skv. 5. gr. frumvarpsins eru í fyrsta lagi upplýsingar um nafn, kennitölu, aðalstarfsemi og heimilisfang þjónustuveitanda þar sem hann hefur staðfestu. Í öðru lagi skal veita neytanda upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang fulltrúa þjónustuveitanda í því ríki þar sem neytandi hefur búsetu. Í þriðja lagi skal þjónustuveitandi upplýsa neytanda um nafn, kennitölu og heimilisfang miðlara, umboðsmanns eða annars milliliðar sem kemur fram fyrir hönd þjónustuveitanda og tengsl hans við þjónustuveitanda. Í fjórða lagi skal veita neytanda upplýsingar um þá opinberu skrá sem þjónustuveitandi er skráður í og loks skal neytandi fá upplýsingar um eftirlitsstjórnvald, ef starfsemi þjónustuveitanda er háð leyfi.

Það skal með öðrum orðum vera skýrt hvaða fyrirtæki eða aðili það er sem neytandi gerir samning við og hverjir það eru sem koma fram fyrir hans hönd. Einnig er mikilvægt fyrir neytendavernd að fram komi í hverju aðalstarfsemi þjónustuveitanda felst og hvar hann hefur aðsetur sitt. Í því sambandi verður ekki talið að það nægi að gefa einungis upp pósthólf.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um hvaða upplýsingar þjónustuveitandi skal gefa neytanda um fjármálaþjónustuna. Ákvæðið byggist á 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Eins og í 5., 7. og 8. gr. frumvarpsins er gerð krafa um það í ákvæðinu að upplýsingar skuli veittar með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi verður bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði.

Samkvæmt ákvæðinu skal þjónustuveitandi í fyrsta lagi lýsa helstu einkennum fjármálaþjónustunnar. Í öðru lagi skal hann tilkynna neytanda um sérstaka áhættu sem tengist fjármálaþjónustunni, t.d. að verð sé háð sveiflum á fjármálamörkuðum. Þá bannar ákvæðið þjónustuveitanda að nota upplýsingar um fyrri verðþróun eða árangur til að gefa vísbendingar um framtíðarþróun. Í þriðja lagi skal þjónustuveitandi gefa neytanda upplýsingar um heildarverð það sem neytanda ber að greiða þjónustuveitanda fyrir fjármálaþjónustuna. Þar skulu með taldar allar þóknanir, kostnaður, útgjöld og skattar, að meðtöldum þeim sköttum og kostnaði sem neytandi getur þurft að greiða öðrum en þjónustuveitanda. Í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal gefa upp grundvöll fyrir útreikning verðs þannig að neytandi geti kynnt sér það. Í fjórða lagi skal þjónustuveitandi tilkynna neytanda að mögulegt sé að hann þurfi að greiða aðra skatta og kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda né lagðir á af honum. Í fimmta lagi skal veita neytanda upplýsingar um sérstakan viðbótarkostnað sem hann getur þurft að greiða vegna notkunar fjarskiptaaðferðar. Í því felst að skýrt skal koma fram hvað það kostar neytandann að notast við ákveðna fjarskiptatækni í viðskiptum sínum við þjónustuveitanda. Upplýsingar um þennan viðbótarkostnað þarf þó bara að gefa þegar þjónustuveitandi vísar neytanda á sérstaka fjarskiptaaðferð sem er frábrugðin því sem venja er. Sem dæmi má nefna að ef neytandi gerir pöntun um fjármálaþjónustu í síma getur verið erfitt að veita upplýsingar um hvað símtalið kostar, þar sem kostnaðurinn byggist á því hvar neytandinn og þjónustuveitandinn eru og hvaða símafyrirtæki þeir nota. Hins vegar ber þjónustuveitanda að veita neytanda upplýsingar um símtalskostnað ef hann notar sérstaka gjaldskrá fyrir símtalið. Í sjötta lagi skal þjónustuveitandi gefa neytanda upplýsingar um hvernig hátta skuli fyrirkomulagi greiðslu og samningsefnda. Þjónustuveitandi getur t.d. kveðið á um það að neytandi skuli greiða með greiðslukorti

eða greiðsluseðli, en auk þess skal hann samkvæmt þessu veita upplýsingar um hvar og hvernig þjónustan sem samið hefur verið um verður veitt. Loks ber þjónustuveitanda að veita neytanda upplýsingar um það hvort og þá hvaða takmarkanir eru á gildistíma veittra upplýsinga.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvaða upplýsingar þjónustuveitanda ber að veita neytanda um fjarsölusamning. Ákvæðið byggist á 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Eins og í 5., 6. og 8. gr. frumvarpsins ber að veita upplýsingarnar með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi verður bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði.

Í 1. tölul. ákvæðisins er kveðið á um að þjónustuveitandi skuli upplýsa neytanda um það hvort réttur til að falla frá samningi sé fyrir hendi. Samkvæmt 2. tölul. greinarinnar skal einnig veita neytanda almennar upplýsingar um réttinn til að falla frá samningi. Þar með talið hvaða frest neytandi hefur til að nýta sér rétt sinn til að falla frá samningi, hvaða fjárhæðir neytandi getur þurft að greiða þegar hann nýtir sér réttinn og önnur skilyrði þess að neytandi geti nýtt sér réttinn. Þá skal veita neytanda upplýsingar um hvaða afleiðingar það hefur ef hann nýtir ekki réttinn til að falla frá samningi, auk þess sem þjónustuveitanda ber að gefa neytanda hagnýtar leiðbeiningar um hvernig hann skuli bera sig að þegar hann hyggst nýta rétt sinn til að falla frá samningi, en þar skal m.a. koma fram heimilisfang þangað sem senda skal tilkynningu um að fallið sé frá samningi.

Í 3. tölul. segir að í þeim tilvikum þar sem um er að ræða samning um fjármálaþjónustu sem veita á til frambúðar eða ítrekað, skuli gefa neytanda upplýsingar um lágmarksgildistíma samnings. Samkvæmt 4. tölul. skal þjónustuveitandi gefa upplýsingar um mögulegan rétt aðila til að segja upp samningnum og hverjar afleiðingar uppsögn hefur. Á grundvelli 5. tölul. skal þjónustuveitandi veita upplýsingar um lög hvaða lands liggja til grundvallar tengslum við neytanda áður en gengið er frá samningi. Í 6. tölul. er kveðið á um að þjónustuveitandi skuli gefa upplýsingar um það hvort ákvæði eru í samningnum um hvaða lög gilda um fjarsölusamning um fjármálaþjónustu og varnarþing. Ef slík ákvæði eru fyrir hendi skal gera grein fyrir efni þeirra. Í 7. tölul. greinarinnar er loks kveðið á um að þjónustuveitandi skuli gefa neytanda upplýsingar um það á hvaða tungumáli upplýsingar og samningsskilmálar verða sendir á varanlegum miðli og á hvaða tungumáli þjónustuveitandi mun hafa samskipti við neytanda. Tilskipunin um fjarsölu á fjármálaþjónustu gerir ekki sérstakar kröfur til þess hvaða tungumál þjónustuveitandi má nota, en einstaka löndum er frjálst að setja inn kröfur um þetta efni við innleiðingu tilskipunarinnar. Við innleiðingu ákvæða almennu fjarsölutilskipunarinnar í íslenskan rétt með lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga var ákveðið að gera það að skilyrði að þegar húsgöngu- og fjarsölu sem fellur undir lögin er beint að íslenskum neytendum eða markaðssókn seljanda fer að öðru leyti fram á Íslandi og á íslensku beri að veita neytendum upplýsingar samkvæmt ákvæðum laganna á íslensku, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna Hér er hins vegar bent er á almenn ákvæði samkeppnislaga um hvaða tungumál er heimilt að nota, en ekki lagt til að lögfestar verði sérstakar kröfur um að upplýsingarnar séu á íslensku, enda nægileg neytendavernd talin felast í því að neytandi fái upplýsingar um það á hvaða tungumáli samskipti og upplýsingar verða á, áður en hann verður bundinn af samningi eða tilboði. Því er mikilvægt fyrir neytendur að ganga úr skugga um á hvaða tungumáli upplýsingar, skilmálar og samskipti verða, áður en hann verður bundinn af samningi.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða upplýsingar þjónustuveitanda ber að veita neytanda um réttarúrræði sem hann hefur aðgang að. Ákvæðið byggist á 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Eins og í 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins ber að veita upplýsingarnar með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi verður bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði.

Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um að þjónustuveitandi skuli gefa neytanda upplýsingar um hvort neytandi hafi aðgang að réttarúrræðum, öðrum en málshöfðun fyrir dómstólum og ef svo er hvernig neytandi geti nýtt sér þau. Á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum hafa neytendur aðgang að réttarúrræðum utan dómstóla. Sem dæmi um réttarúrræði sem íslenskum neytendum standa til boða önnur en málshöfðun fyrir dómstólum má nefna úrskurðarnefndir Neytendasamtakanna og samstarfsaðila þeirra, m.a. á sviði vátrygginga, fjármálamarkaðar, efnalauga og þvottahúsa, tannlækninga, ferðalaga og þjónustu iðnaðarmanna.

Í öðru lagi ber þjónustuveitanda að gefa neytanda upplýsingar um hvort fyrir hendi séu tryggingarkerfi til hagsbóta fyrir neytendur, önnur en tryggingasjóður innistæðueigenda og fjárfesta.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er að finna sérreglu sem gildir um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda við sölu eða markaðssetningu í síma. Greinin er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Í 1. mgr. er að finna almenna reglu um símasölu. Samkvæmt ákvæðinu skal, við sölu eða markaðssetningu í gegnum síma, í upphafi símtals greina nafn þess sem hringir og nafn þjónustuveitanda og veita upplýsingar um að tilgangur símtalsins sé viðskiptalegs eðlis.

Í 2. mgr. segir að neytandi geti samþykkt að þjónustuveitandi þurfi aðeins að veita upplýsingar um ákveðin atriði, sem eru talin upp í málsgreininni. Upplýsingarnar snúa í fyrsta lagi að nafni þess sem hefur samband við neytandann og tengslum hans við þjónustuveitanda. Í öðru lagi ber þjónustuveitanda ávallt að lýsa helstu einkennum fjármálaþjónustunnar. Þá ber þjónustuveitanda að gefa upplýsingar um heildarverð að meðtöldum öllum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum, eða ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal gefa upp grundvöll fyrir útreikning verðs. Í fjórða lagi skal tilkynna neytanda að mögulegt sé að hann þurfi að greiða aðra skatta og kostnað, sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda né lagðir á af honum. Loks skal upplýsa um rétt til að falla frá samningi og allt sem nýtingu slíks réttar tengist.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þjónustuveitanda beri skylda til að upplýsa neytanda að frekari upplýsingar liggi fyrir ef hann óskar eftir þeim. Skal þjónustuveitandi upplýsa neytanda hvers eðlis þær upplýsingar eru.

Um 10. gr.

Í greininni eru reglur um það á hvaða hátt þjónustuveitandi skal veita neytanda upplýsingar þær sem lög þessi skylda hann til að veita. Ákvæði greinarinnar eru byggð á 5. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þjónustuveitanda beri að gefa neytanda upplýsingar um samningsskilmála og skilyrði auk þeirra upplýsinga sem kveðið er á um að hann skuli veita neytanda í 5.–9. gr. frumvarpsins. Upplýsingarnar skulu veittar á pappír eða öðrum varanlegum miðli, en samkvæmt skilgreiningu í 4. gr. frumvarpsins er varanlegur miðill sérhvert tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar sem beint er til hans persónulega, á þann hátt

að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem geymdar eru, óbreyttar og vísast í umfjöllun í athugasemdum við 4. gr. Ef þjónustuveitandi vill veita upplýsingarnar á öðru formi en á pappír, t.d. með tölvupósti, verður hann að ganga úr skugga um að neytandinn hafi aðgang að tölvu þar sem hann getur náð í upplýsingarnar.

2. mgr. fjallar um þau tilvik þar sem neytandi hefur óskað eftir því að fjarsölusamningur sé gerður með fjarskiptaaðferð sem veitir ekki möguleika á að láta upplýsingar skv. 1. mgr. í té á varanlegum miðli. Í slíkum tilvikum ber þjónustuveitanda að gefa neytanda upplýsingar þær sem honum ber skylda til að veita sbr. 1. mgr. þegar í stað eftir gerð samnings.

Í 3. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði þess efnis að neytandi geti beðið um samningsskilmála á pappírsformi hvenær sem er á tíma fjarsölusamnings. Samkvæmt ákvæðinu á neytandi einnig rétt á að breyta um fjarskiptaaðferð á samningstímanum, nema í þeim tilvikum þar sem breytingin samræmist ekki fjarsölusamningi eða eðli fjármálaþjónstunnar. Við túlkun á því hvort breyting á fjarskiptaaðferð samræmist fjarsölusamningi eða ekki ber að líta til samningaréttarins. Meginreglan er að aðilarnir hafa samningsfrelsi, en ef ekki næst samkomulag um málið ber að líta til þess hvort samningurinn sjálfur gefur vísbendingar um niðurstöðu.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um rétt neytenda til að falla frá fjarsölusamningi. Í 11. gr. er að finna almenna reglu um heimild neytenda, en í 12. gr. er hins vegar kveðið á um takmarkanir á gildissviði almennu reglunnar. Í 13. gr. er að finna upptalningu á þeim tilvikum þar sem réttur til að falla frá fjarsölusamningi er ekki fyrir hendi. Ákvæði 14. gr. hafa að geyma reglur um rétt þjónustuveitanda til að krefja neytanda um greiðslu í þeim tilvikum þar sem neytandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi. Loks er í 15. gr. frumvarpsins kveðið á um skyldu til endurgreiðslu þegar neytandi hefur fallið frá samningi.

Um 11. gr.

Hér er að finna almennt ákvæði um rétt neytanda til að falla frá fjarsölusamningi. Fjallað er um rétt neytanda til að falla frá samningi í 6. gr. tilskipunarinnar og er það eitt af grundvallarákvæðum hennar. Ákvæðið miðast, líkt og ákvæði almennu tilskipunarinnar um fjarsölu, við það að neytandi geti fallið frá samningnum án viðurlaga og án þess að gefa fyrir því nokkrar ástæður. Rökstuðningurinn fyrir þessum rétti neytandans er að gefa beri honum ráðrúm til að vega og meta samninginn og þar með taka upplýsta ákvörðun.

Í 1. mgr., sem er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, er kveðið á um að neytandi skuli senda þjónustuveitanda tilkynningu um að hann falli frá fjarsölusamningi innan 14 daga. Fjórtán daga fresturinn byrjar að líða á þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður, eða á þeim degi þegar neytanda berast upplýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. 10. gr. ef upplýsingarnar berast eftir að fjarsölusamningur er gerður. Neytandi verður þannig aldrei bundinn af samningi fyrr en honum hafa borist upplýsingarnar. Dagurinn þegar samningur er gerður eða sá dagur þegar neytanda berast lögmæltar upplýsingar teljast með í 14 daga frestinum.

Fresturinn til að falla frá fjarsölusamningi er þó lengri þegar um er að ræða fjarsölusamninga um líftryggingar, eða 30 dagar. Gildir ákvæðið um líftryggingar sem falla undir ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/619/EBE og er sambærilega reglu nú þegar að finna í 60. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Ákvæðið fellur úr gildi 1. janúar 2006, en sambærilegt ákvæði er að finna í 65. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga, en þau lög taka gildi 1. janúar 2006. Varðandi líftryggingar byrjar 30 daga fresturinn að líða þegar

fjarsölusamningur hefur komist á, eða í þeim tilvikum þar sem nauðsynlegar upplýsingar hafa ekki verið gefnar fyrirfram, frá þeim tíma þegar þær eru veittar.

Í þeim tilvikum þar sem þjónustuveitandi hefur ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína hefur neytandi rétt á að falla frá samningnum. Það að þjónustuveitandi sinni ekki lögbundinni upplýsingaskyldu hefur hins vegar ekki í för með sér að samningurinn verði sjálfkrafa ógildur.

Í 2. mgr. er að finna reglu sem er í samræmi við 6. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, þar sem kveðið er á um hvernig neytandi eigi að bera sig að þegar hann hyggst nýta sér rétt sinn til að falla frá samningi. Segir í ákvæðinu að neytanda beri að tilkynna þjónustuveitanda um að hann hyggist nýta sér rétt sinn til að falla frá samningi. Tilkynningin skal gerð áður en fresturinn rennur út og skal hún gerð með sannanlegum hætti. Telst það skilyrði væntanlega uppfyllt með því að senda tilkynningu til þjónustuveitanda í ábyrgðarpósti, símbréfi með kvittun eða tölvupósti, sem síðan er prentaður út, en neytandi á að geta nýtt sér nýjar fjarskiptaaðferðir þegar hann nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi. Munnleg tilkynning uppfyllir væntanlega einnig skilyrði frumvarpsins, en getur leitt til nokkurra sönnunarerfiðleika. Tilkynning neytanda til þjónustuveitanda á að vera í samræmi við þær leiðbeiningar sem felast eiga í upplýsingum sem þjónustuveitandi veitir neytanda áður en samningur eða tilboð verða bindandi fyrir neytanda, sbr. 2. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Í lokamálslið ákvæðisins er loks kveðið á um að neytandi teljist hafa virt frestinn samkvæmt greininni ef tilkynning á pappír eða öðrum varanlegum miðli er send áður en fresturinn rennur út. Því er ljóst að áhættan af sendingu tilkynningar liggur hjá þjónustuveitanda, ef neytandi getur sannað að hún hafi verið send af stað innan frestsins.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um takmarkanir á gildissviði almennu reglunnar í 11. gr., um heimild neytanda til að falla frá fjarsölusamningi. Greinin er í samræmi við ákvæði 2. mgr. tilskipunarinnar.

Takmarkanir á réttinum til að falla frá fjarsölusamningi eru þríþættar. Í fyrsta lagi er réttur til að falla frá fjarsölusamningi um fjármálaþjónustu ekki fyrir hendi þegar um er að ræða fjármálaþjónustu sem getur sveiflast í verði inn frestsins til að falla frá samningi, sbr. 10. gr., eftir verðbreytingum á fjármálamörkuðum, án þess að þjónustuveitandi hafi stjórn á því. Undir ákvæðið fellur þannig þjónusta tengd erlendum gjaldmiðlum, peningamarkaðsskjölum, framseljanlegum verðbréfum, hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, stöðluðum, framvirkum viðskiptasamningum, framvirkum vaxtasamningum, vaxtaskipta-, gjaldmiðlaskipta- og hlutabréfaskiptasamningum og valrétti til að afla eða ráðstafa öllum framangreindum skjölum, einkum valrétti varðandi gjaldeyri og vexti. Sem dæmi um tilvik sem fellur undir ákvæðið má nefna það þegar þjónustuveitandi hefur símasamband við neytanda og býður honum að kaupa hluti í hlutabréfa- og gjaldeyrissjóðum. Neytandinn fellst á samninginn í símtalinu og færir peninga til þjónustuveitanda um netið. Í þessu tilviki hefur neytandi því ekki rétt til að falla frá samningi.

Í öðru lagi hefur neytandi ekki rétt til að falla frá fjarsölusamningi um ferða- og farangurstryggingar eða aðrar sambærilegar vátryggingar, sem hafa styttri gildisstíma en einn mánuð. Rökin á bak við ákvæðið eru stuttur gildistími vátrygginganna og möguleikar neytandans til að nýta sér þjónustuna.

Þriðja tilvikið þar sem almenna ákvæðið um rétt neytanda til að falla frá fjarsölusamningi gildir ekki varðar samninga sem hafa verið efndir að fullu af báðum aðilum, að beiðni neytanda, áður en neytandi beitir rétti sínum til að falla frá samningi. Sem dæmi um tilvik sem falla undir ákvæðið má nefna millifærslur á milli reikninga. Efndir samningsins eru tengdar

samþykki neytandans og væri því ekki sanngjarnt gagnvart þjónustuveitandanum að neytandi gæti fallið frá samningnum eftir að hann hefur verið efndur. Undanþága þessi gildir hvort sem neytandi hefur fengið viðeigandi upplýsingar eða ekki.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvernig fer með fjarsölusamninga sem eru tengdir öðrum fjarsölusamningi þegar neytandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá fjarsölusamningi um fjármálaþjónustu. Ákvæðið byggist á 2. málsl. 7. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Í greininni er kveðið á um að ef fjarsölusamningur um fjármálaþjónustu er tengdur öðrum fjarsölusamningi þá fellur síðarnefndi fjarsölusamningurinn úr gildi án nokkurra afleiðinga fyrir neytanda, ef neytandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá fyrrnefnda fjarsölusamningnum. Þetta gildir annars vegar um fjarsölusamninga sem tengdir eru öðrum fjarsölusamningi á milli þjónustuveitanda og neytanda og hins vegar um það ef fjarsölusamningur er tengdur öðrum fjarsölusamningi milli neytanda og þriðja manns, sem þriðji maður er aðili að á grundvelli samnings milli hans og þjónustuveitanda. Ekki þarf að segja fylgisamningi upp sérstaklega, heldur fellur hann sjálfkrafa úr gildi. Skilyrði fyrir því að ákvæðið eigi við er að beint samband sé á milli fjarsölusamninganna. Sem dæmi um fjarsölusamning sem tengdur er öðrum fjarsölusamningi má nefna samning sem neytandi gerir um lán sem gerður er til að fjármagna kaup á fjármálaþjónustu. t.d. kaup á verðbréfum með fjarsölusamningi. Það að fjarsölusamningur, sem tengdur er fjarsölusamningi um fjármálaþjónustu, falli úr gildi má ekki hafa afleiðingar í för með sér fyrir neytandann.

Um 14. gr.

Í greininni er að finna reglur um rétt þjónustuveitanda til að krefja neytanda um greiðslu í þeim tilvikum þar sem neytandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi. Greinin er byggð á 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. greinarinnar koma fram skilyrði þess að þjónustuveitandi geti krafið neytanda um greiðslu samkvæmt ákvæðinu. Í fyrsta lagi er það skilyrði fyrir því að þjónustuveitandi geti krafið neytanda um greiðslu að þjónustuveitandi hafi innt þjónustu af hendi áður en frestur neytanda til að falla frá samningi var liðinn. Í öðru lagi þarf þjónustan að hafa verið innt af hendi að ósk neytandans og í þriðja lagi þarf neytandi að hafa sannanlega fengið í hendur, áður en hann varð bundinn af samningi eða tilboði, upplýsingar frá þjónustuveitanda um þá fjárhæð sem hann kynni að þurfa að greiða við nýtingu réttarins til að falla frá samningi, sbr. 2. tölul. 7. gr. frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu er þjónustuveitanda því ekki heimilt að hefja efndir samningsins fyrr en neytandi hefur samþykkt það. Það að neytandi samþykki að þjónustuveitandi hefji efndir samnings hefur hins vegar ekki í för með sér að neytandi missi rétt sinn til að falla frá samningi.

Í 2. mgr. er ákvæði um fjárhæðina sem neytandi getur þurft að greiða fyrir veitta þjónustu. Ljóst er að fjárhæðin verður að vera í sanngjörnu hlutfalli við þá þjónustu sem þjónustuveitandi hefur innt af hendi í samanburði við heildarfjárhæð fjarsölusamnings. Fjárhæðin má ekki vera svo há að líta megi á hana sem viðurlög fyrir nýtingu réttar til að falla frá samningi. Ekki er kveðið á um það í ákvæðinu hvernig reikna á fjárhæðina út, en þjónustuveitandi skal, áður en neytandi verður bundinn af samningi eða tilboði, veita honum upplýsingar um heildarverð fjármálaþjónustunnar, þ.m.t. upplýsingar um þóknanir, kostnað, útgjöld og skatta, sbr. 3. tölul. 6. gr. frumvarpsins. Ef þjónustuveitandi getur ekki gefið upp nákvæmt verð, ber honum að gefa neytanda upp grundvöll fyrir útreikning verðs. Á grundvelli þessa verður þjónustuveitandi að sýna fram á hversu mikils virði þjónustan er sem hefur verið innt af hendi

áður en neytandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi. Einnig verður að túlka ákvæðið með hliðsjón af ákvæði 2. tölul. 7. gr. þar sem m.a. er kveðið á um að þjónustuveitandi skuli upplýsa neytanda um þá fjárhæð sem hann kynni að þurfa að greiða ef hann nýtti sér rétt sinn til að falla frá samningi.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um hvernig fara skuli með endurgreiðslur bæði neytanda og þjónustuveitanda þegar neytandi hefur nýtt sér rétt sinn til að falla frá samningi. Ákvæðið byggist á 4. og 5. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að neytandi sem nýtir sér rétt til að falla frá samningi skuli endurgreiða þjónustuveitanda allar þær fjárhæðir og framselja öll þau eignarréttindi sem hann hefur fengið frá honum á grundvelli fjarsölusamningsins. Neytanda ber að inna greiðslurnar af hendi án tafar og aldrei síðar en 30 dögum eftir að hann tilkynnir þjónustuveitanda um að hann hyggist falla frá samningnum. Þrjátíu daga fresturinn byrjar að líða daginn sem neytandi sendir þjónustuveitanda tilkynningu um að hann ætli sér að nýta rétt sinn til að falla frá samningi.

Í 2. mgr. er fjallað um engurgreiðsluskyldu þjónustuveitanda, en honum ber að endurgreiða neytanda þær fjárhæðir sem neytandi hefur greitt þjónustuveitanda, þó að frádreginni fjárhæðinni sem kveðið er á um í 14. gr. frumvarpsins. Þjónustuveitanda ber að inna greiðslurnar af hendi án tafar og aldrei síðar en 30 dögum eftir að hann fær tilkynningu neytanda um að hann hyggist falla frá samningnum. Fresturinn skv. 2. mgr. byrjar að líða daginn sem þjónustuveitanda berst tilkynning neytanda um að hann hyggist falla frá samningi.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins er að finna ýmis ákvæði. Í 16. gr. er kveðið á um notkun greiðslukorta. Í 17. gr. er fjallað um það þegar þjónustuveitandi veitir neytanda óumbeðna fjármálaþjónustu. 18. gr. kveður á um bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða og í 19. gr. eru ákvæði um val á löggjöf.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er mælt fyrir um að fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skuli setja reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu ef greiðslukort hans hefur verið misnotað við gerð fjarsölusamnings um fjármálaþjónustu. Þá skulu reglurnar einnig hafa að geyma ákvæði um hvernig fara skuli með endurgreiðslu til neytanda vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans. Ákvæðið á við um allar tegundir greiðslukorta, þ.m.t. debetkort og kreditkort.

Greiðsla með greiðslukorti er algengasti greiðslumátinn þegar um fjarsölu er að ræða. Því er nauðsynlegt að neytandi hafi aðgang að skýrum reglum fyrirtækja sem gefa út greiðslukort um það hvernig fara skuli með mál þar sem kort hefur verið misnotað, bæði hvað varðar afturköllun greiðslna og endurgreiðslu og leiðréttingar á færslum. Ákvæðið er í samræmi við 8. gr. tilskipunarinnar.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um það þegar þjónustuveitandi veitir neytanda óumbeðna fjármálaþjónustu. Ákvæðið byggir á 9. gr. tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Samkvæmt ákvæðinu er neytanda ekki skylt að greiða fyrir þá þjónustu sem þjónustuveitandi veitir honum án beiðni neytanda og er sérstaklega tekið fram að tómlæti neytanda

verði ekki túlkað sem samþykki fyrir veitingu þjónustu. Það felur því í raun ekki í sér bann við veitingu þjónustu án beiðni, heldur er einungis bannað að leggja nokkrar skyldur á neytandann í tengslum við veitingu slíkrar óumbeðinnar þjónustu. Framlenging samnings telst ekki óumbeðin þjónusta í skilningi ákvæðisins þegar kveðið hefur verið á um sjálfvirka framlengingu í upphaflegum samningi ef neytandi segir honum ekki upp.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða við fjarsölu á fjármálaþjónustu. Greinin er í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæðið bannar þjónustuveitanda að nota símbréf eða sjálfvirk upphringitæki við fjarsölu á fjármálaþjónustu, nema neytandi hafi sérstaklega veitt samþykki sitt fyrir notkun slíkra fjarskiptaaðferða.

Um 19. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um val á löggjöf í fjarsölusamningum um fjármálaþjónustu. Þar er kveðið á um að bannað sé að semja um að lög ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi um fjarsölusamning sem er nátengdur við yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ef slíkt leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagstæðari en ákvæði frumvarpsins.

Markmið ákvæðisins er að tryggja að neytendur séu ekki sviptir þeirri vernd sem kveðið er á um í tilskipuninni um fjarsölu á fjármálaþjónustu sem afleiðingu af því að hafa kosið að setja samninginn undir lög þriðja lands þegar hann hefur nána tengingu við yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Ákvæðið er talið nauðsynlegt í ljósi þess að mjög hefur aukist að neytendur geri samninga yfir landamæri, t.d. í gegnum símasölu eða þegar neytendum er í sjónvarpsauglýsingum á alþjóðlegum sjónvarpsstöðvum boðið að kaupa ýmsar tegundir fjármálaþjónustu með því að hringja í símanúmer sem gefin eru upp.

Nokkrir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir um lagaskil á sviði samningaréttar, m.a. undirrituðu aðildarríki Evrópubandalagsins slíkan samning 19. júní 1980, svonefndan Rómarsamning. Rómarsamningurinn hefur að geyma lagaskilareglur varðandi samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar á það reynir hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna sem af honum kunna að rísa. Hann gildir um flestar tegundir samninga og einhliða skuldbindingar af samningaréttarlegum toga. Þá er þar að finna reglur um hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna sem tengjast samningsgerð. Aðildarríkjum Evrópubandalagsins er skylt að vera aðilar að samningnum og því eru Finnland, Danmörk og Svíþjóð aðilar að honum. Í kjölfar aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa viðskipti íslenskra aðila við aðila í öðrum ríkjum EES aukist og reikna má með að þau eigi eftir að verða enn meiri í framtíðinni. Því var talið mikilvægt að íslenskar lagaskilareglur um samningnsskuldbindingar yrðu samræmdar þeim reglum sem gilda um þetta í ríkjum Evrópusambandsins. Talið var að aðild Íslands að samningnum væri of þung í vöfum, en að unnt væri að tryggja með sérstakri lagasetningu hér á landi að í innlendan rétt væru settar reglur sem væru samhliða ákvæðum Rómarsamningsins. Var það gert með setningu laga nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar.

Um V. kafla.

Í 20. og 21. gr. frumvarpsins eru ákvæði um eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög við brotum gegn þeim.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvernig eftirliti með framkvæmd laganna skuli háttað. Eðlilegast er talið að Fjármálaeftirlitið hefði eftirlit með framkvæmd þeirra og að ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi um eftirlitið.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um viðurlög við brotum gegn ákveðnum ákvæðum frumvarpsins. Ákvæðið byggist að nokkru á 13. gr. tilskipunarinnar um fjarsölu á fjármálaþjónustu, en í 1. mgr. greinarinnar segir að aðildarríkin skuli sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar í þágu neytenda. Í tilskipuninni er ekki kveðið á um hvaða leiðir skuli velja.

Út frá neytendaverndarsjónarmiðum er mjög mikilvægt að þjónustuveitendur fylgi ákvæðum frumvarpsins. Því var ákveðið að leggja til að brot á ákveðnum ákvæðum laganna verði gerð refsiverð. Í samræmi við það er í 21. gr. kveðið á um að það varði sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gróflega og ítrekað gegn ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu, greiðslu með greiðslukorti og bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um innleiðingu, gildistöku og breytingu á öðrum lögum.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001. Nauðsynlegt er að gera breytinguna við gildistöku laga þessara. Í 1. gr. laga nr. 141/2001 er kveðið á um að stjórnvöld eða samtök, sem falla undir 2. og 3. gr. laganna, geti leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr. laganna til að vernda hagsmuni neytenda þótt hvorki þau sjálf né félagsmenn í samtökunum hafi orðið fyrir röskun réttinda, enda snúi beiðnin um aðgerðirnar að því að stöðva eða koma á annan hátt í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn tilskipunum sem þar gilda sem leiddar hafa verið í íslensk lög. Í 1. gr. er síðan upptalning í ellefu töluliðum á tilskipunum sem falla undir ákvæðið. Í frumvarpsgreininni er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við upptalninguna í 1. gr. laganna, þannig að tilskipunin um fjarsölu á fjármálaþjónustu bætist við listan yfir tilskipanir þær sem lögin ná til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Lög þessi hafa það að markmiði að samræma lög og reglur um fjarsölu á fjármálaþjónustu til neytenda. Þá er lögum þessum ætlað að styrkja innri markaðinn og auka neytendavernd. Í frumvarpinu felst innleiðing á ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/65/EB og breytingu á tilskipun ráðsins nr. 90/619/EBE og á tilskipunum nr. 97/7/EB og 98/27/EB. Fjármálaeftirlitið mun hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

737. Svar [173. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

1. *Hvernig hafa útgjöld stærstu sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar þróast árin 2000–2004, sundurliðað eftir sveitarfélögum og tegund aðstoðar, og hversu hátt hlutfall er aðstoðin af tekjum einstakra sveitarfélaga? Óskað er eftir áætlunum um útgjöld á árinu 2004.*

Óskað var eftir upplýsingum frá fjölmennustu sveitarfélögunum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Reykjanesbæ og Garðabæ. Óskað var eftir því við félagsþjónustuna að fjárhæðir væru sundurliðaðar með tilliti til þess um hvers konar aðstoð var að ræða, annars vegar lágmarksfjárhagsaðstoð, sem víða er nefnd grunnaðstoð og felur í sér aðstoð til brýnustu nauðsynja, og hins vegar aðstoð vegna sérstakra aðstæðna. Ekki gátu öll sveitarfélögin sundurliðað þessar fjárhæðir og birtast því fyrst heildartölurnar í töflu 1. Í töflu 2 má sjá fjárhæðina sundurliðaða í grunngreiðslur og aðra fjárhagsaðstoð. Í töflu 3 koma fram útgjöld sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum.

Tafla 1. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar, þús. kr.

	2000	2001	2002	2003	Áætlun 2004
Reykjavík	610.910	680.583	965.824	1.085.421	1.201.981
Kópavogur	37.750	34.875	68.996	70.249	68.000
Hafnarfjörður	45.300	38.500	50.300	73.000	70.600
Akureyri	26.252	37.384	44.621	47.114	47.000
Reykjanesbær	16.812	24.130	29.285	35.862	27.000
Garðabær	2.300	4.816	10.500	11.630	10.300
Samtals	**739.324**	**820.288**	**1.169.526**	**1.323.276**	**1.424.881**

Í töflu 2 birtast sundurliðaðar fjárhæðir hjá Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Frá Kópavogi bárust ekki nánari upplýsingar fyrir árið 2000 og áætlunin fyrir árið 2004 er ekki sundurliðuð. Hin sveitarfélögin gerðu ekki nánari grein fyrir aðstoðinni. Með grunnaðstoð

er átt við greiðslur til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa tekjur undir lágmarksviðmiðum sem tilgreind eru í reglum hvers og eins sveitarfélags. Önnur fjárhagsaðstoð er greiðslur samkvæmt heimildum til að veita einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna, svo sem óvæntra áfalla eða sérstaks kostnaðar vegna barna. Þessar heimildir geta verið mismunandi milli sveitarfélaga.

Tafla 2. Sundurliðuð útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar, þús. kr.

	2000	2001	2002	2003	Áætlun 2004
Reykjavík					
Grunnaðstoð	442.747	470.678	630.297	699.058	828.250
Önnur fjárhagsaðstoð	150.838	198.536	323.800	372.560	363.731
Samtals	**610.910**	**680.583**	**965.824**	**1.085.421**	**1.201.981**
Kópavogur					
Grunnaðstoð		25.853	40.164	41.378	
Önnur fjárhagsaðstoð	37.750	9.022	28.832	28.871	68.000
Samtals	**37.750**	**34.875**	**68.996**	**70.249**	**68.000**
Hafnarfjörður					
Grunnaðstoð	40.800	35.500	45.200	65.100	66.900
Önnur fjárhagsaðstoð	4.500	3.000	5.100	7.900	3.700
Samtals	**45.300**	**38.500**	**50.300**	**73.000**	**70.600**

Í töflu 3 kemur fram hversu hátt hlutfall aðstoðin er af skatttekjum einstakra sveitarfélaga.

Tafla 3. Fjárhagsaðstoð sem hlutfall af skatttekjum.

	2000	2001	2002	2003
Reykjavík	2,9%	2,7%	3,5%	3,7%
Kópavogur	0,9%	0,7%	1,2%	1,1%
Hafnarfjörður	1,2%	0,9%	1,0%	1,3%
Akureyri	1,0%	1,1%	1,2%	1,2%
Reykjanesbær	0,8%	1,0%	1,2%	1,4%
Garðabær	0,1%	0,2%	0,5%	0,5%
Samtals	**2,1%**	**1,9%**	**2,5%**	**2,7%**

2. *Hversu margir nutu fjárhagsaðstoðar stærstu sveitarfélaganna á sama tímabili, sundurliðað eftir sveitarfélögum, kyni og fjölskylduaðstæðum?*

Í töflu 4 kemur fram að tæplega 6 þúsund fjölskyldur nutu aðstoðar árið 2002. Ekki eru fyrir hendi nýrri tölur yfir allt landið. Í töflu 5 er að finna fjölda fjölskyldna sundurliðað eftir fjölskyldugerð í einstökum sveitarfélögum á árabilinu 2000 til 2003. Hafa ber í huga að með barnlausu fólki er hér átt við þá sem ekki eru með börn á sínu framfæri, engu að síður getur verið um að ræða fólk sem greiðir meðlag með börnum sínum.

Tafla 4. Fjöldi íbúa sem naut fjárhagsaðstoðar árin 2000–2003, sundurliðað eftir kyni og fjölskyldugerð.

Samtals öll sveitarfélög á landinu	2000	2001	2002
Einstæðir karlar með börn	69	99	107
Einstæðir karlar, barnlausir	1.596	1.686	2.113

Samtals öll sveitarfélög á landinu	2000	2001	2002
Einstæðar konur með börn	1.541	1.743	1.994
Einstæðar konur, barnlausar	777	839	1.031
Hjón/sambúðarfólk með börn	405	356	479
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	224	203	206
Fjöldi fjölskyldna/heimila	4.612	4.926	5.930

Heimild: Landshagir 2004. Undanskilin eru sveitarfélög með færri en 250 íbúa.

Tafla 5. Fjöldi íbúa sem naut fjárhagsaðstoðar árin 2000–2003, sundurliðað eftir sveitarfélögum, kyni og fjölskyldugerð.

	2000	2001	2002	2003
Reykjavík				
Einstæðir karlar með börn	28	43	50	62
Einstæðir karlar, barnlausir	1.055	1.215	1.441	1.541
Einstæðar konur með börn	829	970	1.092	1.132
Einstæðar konur, barnlausar	471	548	701	753
Hjón/sambúðarfólk með börn	159	116	191	188
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	138	88	125	126
Fjöldi fjölskyldna/heimila	2.680	2.980	3.600	3.802
Kópavogur				
Einstæðir karlar með börn		0	0	
Einstæðir karlar, barnlausir		92	109	
Einstæðar konur með börn		130	138	
Einstæðar konur, barnlausar		52	63	
Hjón/sambúðarfólk með börn		25	26	
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus		6	10	
Fjöldi fjölskyldna/heimila		305	346	
Hafnarfjörður				
Einstæðir karlar með börn	4	4	7	9
Einstæðir karlar, barnlausir	67	68	83	102
Einstæðar konur með börn	102	107	125	134
Einstæðar konur, barnlausar	33	41	46	52
Hjón/sambúðarfólk með börn	16	12	10	21
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	4	1	3	6
Fjöldi fjölskyldna/heimila	226	233	274	324
Akureyri				
Einstæðir karlar með börn	6	10	15	12
Einstæðir karlar, barnlausir	74	84	83	90
Einstæðar konur með börn	115	135	140	134
Einstæðar konur, barnlausar	58	58	58	52
Hjón/sambúðarfólk með börn	22	28	32	37
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	4	11	10	5
Fjöldi fjölskyldna/heimila	279	326	338	330

	2000	2001	2002	2003
Reykjanesbær				
Einstæðir karlar með börn	3	0	0	0
Einstæðir karlar, barnlausir	41	40	89	98
Einstæðar konur með börn	75	58	104	106
Einstæðar konur, barnlausar	39	28	50	52
Hjón/sambúðarfólk með börn	31	42	56	11
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	0	45	0	11
Fjöldi fjölskyldna/heimila	189	213	299	278
Garðabær				
Einstæðir karlar með börn	0	1	3	1
Einstæðir karlar, barnlausir	10	13	33	39
Einstæðar konur með börn	7	15	17	22
Einstæðar konur, barnlausar	4	13	6	8
Hjón/sambúðarfólk með börn	4	3	7	2
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	1	2	2	5
Fjöldi fjölskyldna/heimila	26	47	68	77

Upplýsingar í töflu 5 eru fengnar frá viðkomandi sveitarfélögum. Frá Kópavogi bárust einungis sundurliðaðar upplýsingar fyrir árin 2001 og 2002.

3. *Telur ráðherra að öll sveitarfélög hafi sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem uppfylli skyldur þeirra í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga?*

Í 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, er kveðið á um sveitarfélög skuli sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögunum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Í VI. kafla laganna er fjallað um fjárhagsaðstoð og skal sveitarstjórn hver um sig setja sér reglur um fjárhagsaðstoð. Ekki er kveðið á um lágmarksfjárhæð til framfærslu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Árið 2003 samdi ráðuneytið nýjar leiðbeiningar til sveitarfélaganna um reglur um fjárhagsaðstoð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök félagsmálastjóra á Íslandi. Þar er lagt til að lágmarksfjárhæð til einstaklings sé 84.245 kr. og er miðað við ákveðnar fjárhæðir bóta Tryggingastofnunar ríkisins[1]. Enn fremur er lagt til að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna hjá tekjulágum heimilum, svo sem vegna þarfa ungra barna, kostnaðar við skólasókn ungmenna sem þurfa að sækja framhaldsskóla fjarri heimabyggð og óvæntra áfalla. Gerð reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er á hinn bóginn í höndum hvers og eins sveitarfélags. Reglurnar skulu vera í samræmi við skyldur sveitarfélaganna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í þessu felst meðal annars að í reglunum skal viðunandi lágmarksfjárhæð tilgreind sem félagsmálanefnd noti við mat á fjárþörf.

Sveitarfélögin hafa valið mismunandi leiðir við mat á fjárþörf. Tvær leiðir eru tilgreindar í leiðbeiningum ráðuneytisins. Annars vegar að fjárþörf sé miðuð við alla fjölskylduna og framfærsla barna talin með í útreikningi, ef þau eru á heimili, og hins vegar að einungis sé tekið mið af fjárþörf fullorðinna og samhliða séu greiðslur hins opinbera með börnum og meðlög með þeim ekki talin til tekna. Varðandi barnlausar fjölskyldur og einhleypa er sama

[1] Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka almannatrygginga, janúar 2005: Örorkulífeyrir 21,993 kr., tekjutrygging örorkulífeyrisþega 44.172, kr. og óskert heimilisuppbót 18.080 kr., samtals 84.245 kr.

hvor leiðin er valin, niðurstaðan verður sú sama. Ljóst er að nokkur munur getur því reynst á fjárhagsaðstoð milli sveitarfélaga. Leiðbeiningar ráðuneytisins um fjárhagsaðstoð sveitar félaga og reglur flestra sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Það er mat ráðuneytisins að langflest sveitarfélögin hafi sett sér reglur sem uppfylla skyldur þeirra í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta atriði þarf þrátt fyrir það að kanna nánar og verður það gert um leið framkvæmd laganna verður rannsökuð í heild sinni. Má geta þess hér að ákveðið hefur verið í ráðuneytinu að gera á næstu mánuðum könnun hjá sveitarfélögunum á framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, einkum með tilliti til fjárhagsaðstoðar, félagslegrar ráðgjafar og félagslegrar heimaþjónustu.

4. *Telur ráðherra réttlætanlegt að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að sú skattlagning verði afnumin?*

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er staðgreiðsluskyld. Aðstoðin kemur iðulega í stað tekjutaps vegna áfalla, svo sem atvinnumissis eða heilsubrests. Oftast er um tímabundna aðstoð að ræða til einstaklinga og fjölskyldna vegna framfærslu og nauðþurfta.

Langflestar greiðslur almannatrygginga eru skattlagðar og sama á við um atvinnuleysisbætur. Þessar greiðslur eru meðhöndlaðar eins og tekjur og koma í stað tekna til framfærslu einstaklinga og í sumum tilvikum fjölskyldna. Til fróðleiks má benda á að fullar atvinnuleysisbætur einstaklings að frádreginni staðgreiðslu skatta, stéttarfélagsgjaldi og lífeyrissjóðsgreiðslu nema nánast sömu fjárhæð og fjárhagsaðstoð sveitarfélags eftir skatt ef miðað er við grunnfjárhæðina sem fram kemur í leiðbeiningum ráðuneytisins og mörg sveitarfélög miða við.

Að undanskilja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna frá skattlagningu felur í sér mismunun gagnvart öðrum tekjulágum hópum, svo sem bótaþegum almannatrygginga, þeim sem fá atvinnuleysisbætur og þeim sem fá lægstu launin. Í þessu ljósi er erfitt að færa rök fyrir því að skattlagning á fjárhagsaðstoð verði afnumin og er félagsmálaráðherra ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir slíku.

738. Fyrirspurn [483. mál]

til dómsmálaráðherra um brottvísun útlendinga úr landi.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu mörgum erlendum einstaklingum undir 24 ára aldri hefur verið vísað úr landi á grundvelli 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, síðan breytingar á þeim tóku gildi sl. vor?
2. Hversu margir þessara einstaklinga voru konur og hversu margir karlar?
3. Hversu margir þessara einstaklinga eiga börn hér á landi?

739. Svar [422. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur heildareign Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta þróast sl. fimm ár, annars vegar innstæðudeildar og hins vegar verðbréfadeildar? Hve oft hefur komið til greiðslu úr sjóðnum, hve háar greiðslur voru inntar af hendi og í hvaða tilvikum?*
2. *Hve mikið hafa bankar og sparisjóðir greitt inn til sjóðsins sl. fimm ár og er þar um tilskilin framlög samkvæmt lögum að ræða?*
3. *Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við stöðu sjóðsins með tilliti til tryggingaverndar eða áhættustýringar eða annarra þátta sem lúta að fjárhagslegri stöðu sjóðsins út frá öryggi innstæðueigenda og hafa komið fram tillögur frá eftirlitinu til að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins eða eftirlit með honum?*

Um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta gilda lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Þá hefur verið sett reglugerð nr. 120/2000, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999. Samþykktir sjóðsins eru frá sama tíma. Samkvæmt lögum og reglugerð um sjóðinn og samþykktum hans er sjóðurinn sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild.

1. Við stofnun Tryggingarsjóðs 28. desember 1999 yfirtók sjóðurinn eignir og skuldbindingar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða. Á árinu 2000 hófst innheimta árgjalda. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig heildareign Tryggingarsjóðs hefur þróast til ársloka 2003. Allar fjárhæðir í töflunni eru í þús. kr.

Heildareign (þús kr.)					
Ár	**1.1.2000**	**31.12.2000**	**31.12.2001**	**31.12.2002**	**31.12.2003**
Verðbréfadeild	0	21.340	43.880	65.117	59.982
Innstæðudeild	2.875.319	2.963.030	3.342.694	3.233.070	3.801.252
Samtals	**2.875.319**	**2.984.370**	**3.386.574**	**3.298.187**	**3.861.234**

Frá stofnun Tryggingarsjóðs hafa engar kröfur verið gerðar á innstæðudeild. Eitt aðildarfélaga verðbréfadeildar varð gjaldþrota seint árið 2001. Í ársreikningi vegna ársins 2003 eru gjaldfærðar 31 millj. kr. vegna málsins en til þessa hefur ekkert verið greitt vegna þess. Ekki liggur fyrir ársuppgjör Tryggingarsjóðs vegna ársins 2004 en ætla má að heildareign sjóðsins (hrein eign) í árslok 2004 hafi verið um 4,6 ma. kr. Skipting milli deilda liggur ekki fyrir.

2. Í eftirfarandi töflu er yfirlit um greiðslur til Tryggingarsjóðs. Ekki liggur fyrir hversu greiðslur til sjóðsins verða háar á þessu ári vegna síðasta árs. Allar fjárhæðir í töflunni eru í þús. kr.

Greiðslur til sjóðsins (þús kr.)

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Verðbréfadeild	20.000	20.000	20.000	20.000	19.950	**99.950**
Innstæðudeild	0	0	0	366.415	459.371	**825.786**
Samtals	**20.000**	**20.000**	**20.000**	**386.415**	**479.321**	**925.736**

Eins og fram kemur í töflunni hafa aðildarfyrirtæki Tryggingarsjóðs greitt til sjóðsins samtals 925.736 þús. kr. sem skiptast þannig að vegna verðbréfadeildar hafa verið greiddar 99.950 þús. kr. og vegna innstæðudeildar 825.786 þús. kr. Í báðum tilvikum er um lögbundin framlög að ræða.

3. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með að starfsemi Tryggingarsjóðs sé í samræmi við lög, reglugerð og samþykktir fyrir sjóðinn. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tryggingarsjóður hefur auk þess leitast við að upplýsa Fjármálaeftirlitið með reglubundnum hætti um störf stjórnar sjóðsins, sem og starfsemi og fjárhagsstöðu hans.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki gert athugasemdir gagnvart Tryggingarsjóði við stöðu sjóðsins með tilliti til tryggingaverndar eða áhættustýringar eða annarra þátta sem lúta að fjárhagslegri stöðu sjóðsins út frá öryggi innstæðueigenda.

Fjármálaeftirlitið hefur heldur ekki sett fram tillögur gagnvart Tryggingarsjóði til að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins eða eftirlit með honum. Rétt er þó að geta þess að á síðasta ársfundi Fjármálaeftirlitisns 3. nóvember 2004 ræddi forstjóri eftirlitsins um að huga þyrfti að styrkingu tryggingaverndar innstæðueigenda og fjárfesta. Í ræðu forstjórans kom eftirfarandi fram um þetta atriði: „Í fyrsta lagi mætti huga að því hvort þörf sé á að styrkja þá tryggingavernd sem komið hefur verið á með lögum nr. 98/1999, um innstæðustæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samkvæmt þeim skal heildareign innstæðudeildar tryggingasjóðsins [sic] að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins sem stendur til tryggingar fjármunum í fjárvörslu skal að lágmarki nema 100 m.kr. Tímabært er að huga að því hvort styrkja þurfi þetta tryggingakerfi með hliðsjón af auknu mikilvægi fjármálafyrirtækja og þeim breytingum sem orðið hafa á eignarhaldi þessara fyrirtækja frá því þetta kerfi var síðast endurskoðað. Þannig má velta því upp hvort fjármálafyrirtæki sem eru aðilar að sjóðnum, og þar með virkir eigendur óbeint, eigi að leggja meira til sjóðsins. Nefna má að á vegum Evrópusambandsins er nú verið að huga að tryggingakerfi (guarantee schemes) fyrir vátryggjendur.“

740. Frumvarp til laga [484. mál]

um breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 2. gr. laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skilyrði 1. tölul. 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

Við 2. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skilyrði a-liðar 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið er í dómsmálaráðuneytinu miðar að því að laga ákvæði laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og laga um sölu fasteigna fyrirtækja og skipa að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið á rætur að rekja til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA um að skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1938 um að löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skuli hafa lögheimili hér á landi og skilyrði a-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/2004 um að maður verði að hafa lögheimili hér á landi til að fá löggildingu ráðherra sem fasteignasali samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt. Samkvæmt 31. gr. samningsins skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkjanna til að setjast að og stofna til atvinnurekstrar hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Litið hefur verið svo á að skilyrði um lögheimili til að mega stunda atvinnurekstur feli í sér höft og óbeina mismunun sem fái ekki án réttlætingar samrýmst 31. gr. samningsins um staðfesturétt. Með vísan til þessa er lagt til að lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa verði breytt þannig að skilyrði laganna um lögheimili hér á landi gildi ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Jafnframt er lagt til að skilyrðið gildi ekki um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og er þörf á þeirri breytingu vegna nýs stofnsamnings samtakanna, Vaduz-samningsins, sem tók gildi 1. júní 2002.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, og lögum nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Frumvarp þetta miðar að því að samræma ákvæði laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

741. Fyrirspurn [485. mál]

til landbúnaðarráðherra um eignarhald á bújörðum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hversu margar bújarðir með greiðslumarki skiptu um eigendur á árunum 1995–2004?
2. Hversu margir voru skráðir eigendur lögbýla árið 1995 og árið 2004?
3. Hversu mikið var um að sömu eigendur væru að:
   a. 2–4 jörðum,
   b. 5–7 jörðum,
   c. 8 eða fleiri jörðum í árslok 1995, 1999 og 2004?
4. Hversu mikið var um að sömu eigendur væru að:
   a. 2–4 lögbýlum,
   b. 5–7 lögbýlum,
   c. 8 eða fleiri lögbýlum í árslok 1995, 1999 og 2004?

Skriflegt svar óskast.

742. Fyrirspurn [486. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskmarkaði.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hefur ráðherra áform um að taka lög og reglur um fiskmarkaði til endurskoðunar?

743. Fyrirspurn [487. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stöðu íslenskra fiskkaupenda.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hefur ráðherra í hyggju að leggja til breytingar á lögum og reglum sem tryggja að íslenskir fiskkaupendur geti boðið í fisk sem nú er fluttur óunninn úr landi á markað erlendis?

744. Fyrirspurn [488. mál]

til félagsmálaráðherra um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja tillögum nefndar um aðgerðir til að bæta stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, sbr. skýrslu nefndarinnar til ráðherra frá nóvember sl.?
2. Verður framfylgt þeirri fimm ára áætlun um aðgerðir sem nefndin lagði til? Ef svo er, hvenær mun það átak hefjast?
3. Mun ráðherra leggja til að innleidd verði í íslensk lög tilskipun Evrópusambandsins 2000/78/EB og er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir rammalöggjöf gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði vegna aldurs eins og m.a. fulltrúar ASÍ og BSRB í nefndinni lögðu til?
4. Hversu miklu fé verður varið til þessa verkefnis, þar á meðal áðurnefndrar fimm ára áætlunar? Verður lagt sérstakt fjármagn til Starfsmenntasjóðs sem renni til átaks í starfs- og endurmenntunarmálum miðaldra og eldri starfsmanna á vinnumarkaði?

745. Tillaga til þingsályktunar [489. mál]

um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að koma á opinberri lögfræðiaðstoð með það að markmiði að tryggja að efnalítið fólk geti leitað réttar síns. Aðstoðin taki til lausnar á lögfræðilegum álitaefnum og til mála sem lögð eru fyrir dómstóla og falla ekki undir ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð vegna gjafsóknar.

Dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á haustþingi 2005.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að tryggja að réttur þeirra sem hafa þörf fyrir lögfræðiaðstoð verði ekki fyrir borð borinn sökum fátæktar eða vanefna.

Frá 1989 hafa þrívegis verið lögð fram stjórnarfrumvörp um opinbera lögfræðiaðstoð sem greidd yrði úr ríkissjóði að hluta eða að fullu til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Síðast var slíkt frumvarp lagt fram á 118. löggjafarþingi en áður á 112. og 113. löggjafarþingi. Einnig má nefna að árið 1974 var lögð fram tillaga á Alþingi frá þingmönnum um sama efni sem ekki náði fram að ganga. Af umræðum um fyrrgreind stjórnarfrumvörp á sínum tíma er ljóst að mikill vilji var fyrir framgangi málsins og má í því sambandi nefna að á 113. löggjafarþingi var málið afgreitt samhljóða úr allsherjarnefnd en náði þó ekki fram að ganga.

Full ástæða er til að láta reyna á framgang þessa máls á nýjan leik. Samfélagið er sífellt að verða flóknara og tæknivæddara og miklar breytingar hafa orðið á réttindum og skyldum fólks, m.a. með aukinni alþjóðavæðingu. Oft er það því ekki á færi hins almenna borgara að fylgjast með réttindum sínum eða leita réttar síns nema með lögfræðilegri aðstoð. Einnig verður sífellt dýrara að leita sér slíkrar aðstoðar í lögfræðilegum málum og að reka mál fyrir dómstólum. Mál þetta snýst því að verulegu leyti um það að allir séu jafnir fyrir lögum og hafi sömu möguleika á að leita réttar síns í þjóðfélaginu. Að öðrum kosti er hætta á að efnalítið fólk glati réttindum sem það hefur.

Álitaefni sem tengjast löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk eru t.d. á hvaða réttarsviðum lögfræðiaðstoðin eigi að vera, hverjir eigi að njóta hennar, t.d. hvaða tekjuhópar, hverjir eiga að hafa á hendi ákvörðun og úrskurð í álitaefnum sem upp kunna að koma og hverjir eiga að veita þjónustuna. Í grein sem Gunnar Eydal hdl. og Ragnar Aðalsteinsson hdl. skrifuðu í Úlfljót (32. árg., 3. tbl., 1979) kemur fram að við úrlausn þessa máls þurfi að skoða eftirfarandi:

a. Hverjir skulu eiga rétt til slíkrar lögfræðiaðstoðar og hversu mikil á hún að vera?
b. Hvaða aðili á að ákveða hverjir skuli eiga rétt til aðstoðar?
c. Á hvaða réttarsviðum á að veita aðstoðina?
d. Hverjir eiga að veita lögfræðiþjónustuna?

Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu telur framangreint helstu viðfangsefni sem taka þurfi á í löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk. Í tilvitnaðri grein Gunnars Eydal og Ragnars Aðalsteinssonar koma fram afar fróðlegar upplýsingar um stöðu þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi. Þar kemur m.a. fram að í Noregi er langalgengast að leitað sé eftir lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk í hjúskaparmálefnum, þau eru tæplega 59% allra tilvika, en næstalgengust eru erfðamál.

Athyglisvert er að Ísland sker sig nokkuð úr varðandi löggjöf um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, en í flestum nágrannaríkja okkar er að finna reglur og löggjöf um réttaraðstoð við tekjulítið fólk og lögfræðiaðstoð við almenning. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa slíkar reglur verið í gildi í 30–40 ár. Aðstoðin er að öllu jöfnu tekju- og eignatengd, en mörkin eru mismunandi eftir ríkjum. Auk þess er ekki óalgengt að þeir sem leita sér þessarar aðstoðar taki einhvern þátt í kostnaðinum. Mismunandi er hver annast þjónustuna, það virðist ýmist vera ríkisvald eða ríki og sveitarfélög sameiginlega. Einnig er það breytilegt eftir löndum hvort lögfræðiaðstoðin er veitt af sjálfstætt starfandi lögmönnum gegn greiðslu frá hinu opinbera eða af sérstökum skrifstofum hins opinbera þar sem lögmenn starfa á föstum launum.

Réttaraðstoðin er oft takmörkuð við ákveðna málaflokka, en algengustu málaflokkar sem óskað er aðstoðar við eru sifja- og erfðamál. Í Danmörku nær lögfræðiaðstoðin til eftirtalinna málaflokka:

a. persónu-, sifja- og erfðaréttarmálefna,
b. skaðabóta utan samninga,

c. vátryggingarmálefna,
d. lausaurakaupa eða samninga um verkleigu, þ.m.t. verk- og viðgerðarsamninga, þó ekki í atvinnuskyni,
e. leigu á íbúðarhúsnæði og ágreinings í sambandi við öflun íbúðarhúsnæðis,
f. vinnusamninga og orlofs,
g. mála sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kæra út af ákvörðunum þessara stjórnvalda.

Einnig tekur aðstoðin til samningar umsókna um gjafsókn.

Þótt ekki hafi verið sett lög hér á landi um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk hefur lögfræðiaðstoð Orators, félags laganema, og Lögmannafélags Íslands gegnt veigamiklu hlutverki í að aðstoða fólk í lögfræðilegum málefnum og við að leita réttar síns. Einnig ber að geta þess að ýmis önnur félagasamtök hafa verið með lögfræðilega leiðbeiningarþjónustu fyrir félagsmenn sína. Slík aðstoð kemur þó aldrei í stað þeirrar lögfræðiaðstoðar sem efnalítið fólk hefur áratugum saman átt rétt á í nágrannaríkjum okkar enda felst þjónusta þessara félaga fyrst og fremst í ráðgjöf um réttarstöðu þeirra sem þangað leita og hugsanlega framvindu máls þeirra. Ef frekari aðstoðar er þörf verður viðkomandi að leita annað og þá greiða fyrir þá þjónustu.

Þá er í lögum um meðferð einkamála að finna ákvæði um gjafsóknarheimildir. Samkvæmt þeim getur gjafsóknarnefnd mælt með því að gjafsókn verði veitt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi verður málstaður umsækjanda gjafsóknar að gefa nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarna en auk þess verður að fullnægja skilyrðum um annaðhvort efnahag eða hagsmuni umsækjanda. Við mat á efnahag er höfð hliðsjón af skattleysismörkum tekju- og eignarskatts á hverjum tíma en einnig er litið til tekna maka eða sambúðarmanns, framfærslubyrðar, vaxtagjalda af skuldum vegna eigin íbúðar umsækjanda, fjármagnstekna o.fl. Þannig fer fram heildstætt mat á efnahag umsækjanda. Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum frá gjafsóknarnefnd bárust nefndinni 2.534 umsóknir á árunum 1992–2001 og mælti nefndin með 1.687 þeirra eða um 66,6%. Í 1.155 tilvikum taldi nefndin að skilyrðum um efnahag væri fullnægt. Í þessu sambandi skal jafnframt nefnt að nú er til meðferðar hjá allsherjarnefnd frumvarp til laga um breyting á einkamálalögum og þjóðlendulögum (190. mál á 131. löggjafarþingi). Þar er gert ráð fyrir að gjafsóknarheimildum verði breytt á þann veg að felld verði niður heimild 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga til að veita gjafsókn þegar úrlausn máls hefur verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd mun því eingöngu standa eftir heimild til að veita einstaklingi gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður við gæslu hagsmuna hans í dómsmáli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að málsóknin sé kostuð af almannafé.

Ljóst er að með flóknara þjóðfélagi og flóknara réttarkerfi verður sífellt erfiðara fyrir efnalítið fólk að leita réttar síns. Það er markmið þessarar tillögu að fela stjórnvöldum að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga á haustþingi 2005 sem tryggi að efnalítið fólk hér á landi eigi rétt á sambærilegri lögfræðiaðstoð og tíðkast hjá helstu nágrannaþjóðum okkar.

Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

746. Svar [304. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um úttektir á ríkisstofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar úttektir á starfsemi ríkisstofnana hafa verið unnar á vegum ríkisstjórnar, einstakra ráðuneyta eða nefnda á vegum þeirra frá og með árinu 2000? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir ári og stofnun eða ráðuneyti.*
2. *Hvaða aðilar voru fengnir til að vinna úttektirnar? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir stofnun eða ráðuneyti.*
3. *Hver var kostnaðurinn við hvert þessara verkefna?*

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum varðandi úttektir á ríkisstofnunum á þeirra vegum. Fjárhæðir og upplýsingar um fjölda úttekta og framkvæmd þeirra í svari þessu eru byggðar á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum ásamt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun. Litið er svo á að rétt sé að sleppa hefðbundnum úttektum eða skýrslum sem teljast eðlilegur hluti af reglubundinni starfsemi og fjárhagsendurskoðun.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytin hafa látið í té voru gerðar alls 53 úttektir á ríkisstofnunum á vegum þeirra árin 2000–2004. Því til viðbótar gerði Ríkisendurskoðun 44 úttektir á ríkisstofnunum, þar af var skýrslubeiðandi annar en Ríkisendurskoðun í 14 tilvikum. Eftirfarandi eru svör einstakra ráðuneyta ásamt samantekt Ríkisendurskoðunar en stofnunin tók saman yfirlit um skýrslur og úttektir á sviði stjórnsýsluendurskoðunar og hagsýslu ýmiss konar á umræddu tímabili. Í fylgiskjali I má finna samantekt á svörum ráðuneyta á töfluformi.

Forsætisráðuneyti.

Þrjár úttektir voru unnar á vegum forsætisráðuneytisins á árunum 2000–2004.

Árið 2001 skipaði forsætisráðherra samstarfshóp til að undirbúa tilfærslu verkefna Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana og skoða endurskipulagningu breyttrar verkaskiptingar stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála. Hópinn skipuðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins, Þjóðhagsstofnunar, Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins var formaður hópsins. Samstarfshópurinn skilaði áliti til ráðherra í mars 2002. Engin þóknun var greidd fyrir þetta starf.

Árið 2002 lét forsætisráðuneytið gera úttekt á verkefninu um íslenska upplýsingasamfélagið. Meðal helstu atriða sem litið var til í úttektinni voru eftirfarandi:

Hvernig hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í stefnunni um upplýsingasamfélagið?

Hvernig hefur það fé sem veitt hefur verið til upplýsingatækniverkefna nýst?

Hvernig hefur verkefnisstjórnin og einstök ráðuneyti staðið sig við framkvæmd stefnunnar?

Hvernig hefur tekist til með samráð við ólíka aðila?

Ísland í samanburði við önnur lönd, samanburður á tölfræðigögnum.

Hvernig hefur það skipulag sem viðhaft hefur verið reynst?

Úttektina framkvæmdi PWC Consulting og nam kostnaður 3.217.030 kr.

Forsætisráðherra skipaði árið 2004 starfshóp sem var ætlað að kanna mögulega samþættingu eða sameiningu matvælarannsókna í eina stofnun eða fyrirtæki. Starfshópurinn lagði til að sem mest af matvælarannsóknum á Íslandi yrðu stundaðar hjá einni matvælarannsókna-

stofnun í nánu samstarfi og samþættingu við menntun í fagskólum og á háskólastigi, svo og við atvinnufyrirtæki. Sjávarútvegsráðherra, menntamálaráðherra, landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra tilnefndu fulltrúa í hópinn sem var undir forystu Þorkels Sigurlaugssonar. Kostnaður við starfshópinn nam alls 200.000 kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur verið unnið að ýmsum úttektum, má þar m.a. nefna reglulegar embættisúttektir í kjölfar sýslumannaskipta. Einnig hefur verið unnið að úttektum á eintökum stofnunum. Frá og með árinu 2000 hefur á vegum ráðuneytisins verið unnið að eftirfarandi úttektum:

Ár	Embætti	Eðli úttektar	Úttektaraðili	Kostnaður
2000	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
2000	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2000	Útlendingastofnun	Stjórnunar og fjárhagsleg	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Ótilgreindur
2000	Sýslumannsembættin í Borgarnesi, Búðardal, Vík og Keflavík, á Stykkishólmi, Sauðárkróki, Höfn, Hvolsvelli og Selfossi	Hagkvæmnisúttekt	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2001	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
2001	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2001	Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Nefnd	Ótilgreindur
2002	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2002	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	IBM Consulting ehf.	604.247
2003	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2003	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Stjórnunar og fjárhagsleg	Stjórnunarráðgjöf ehf.	484.750
2003	Héraðsdómstólar	Fjárhagsleg	Jón Magnússon	323.700
2004	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2004	Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Starfshópur skipaður af dómsmálaráðherra	1.915.772

Félagsmálaráðuneyti.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti lét ráðuneytið gera eina úttekt á umræddu tímabili. Í byrjun árs 2003 skipaði félagsmálaráðherra vinnuhóp til að gera úttekt á rekstri og starfsemi Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík, auk þess að hefja vinnu við endurskoðun á málefnum fatlaðra á landsvísu. Skýrsla vinnuhópsins lá fyrir um mitt ár 2004. Í vinnuhópnum sátu Þór G. Þórarinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, Björn Arnar Magnússon, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, og Jón Heiðar Ríkharðsson, verkfræðingur og MBA. Björn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar, starfaði með hópnum. Meginhluta greiningarvinnu og úttektar á svæðisskrifstofunni vann Jón Heiðar Ríkharðsson.

Kostnaður við þann hluta verkefnisins sem varðaði svæðisskrifstofuna beint nam um 2.000.000 kr.

Fjármálaráðuneyti.

Fjármálaráðuneytið lét gera eina úttekt á starfsemi ríkisstofnunar sem undir ráðuneytið heyrir á þessu tímabili. Var þar um að ræða embætti ríkisskattstjóra á árinu 2003. Ráðgjafafyrirtækið IMG Deloitte var fengið til þess að gera úttekt á rekstrarkostnaði embættisins annars vegar og greina verkefni þess hins vegar. Heildarkostnaður við þetta verkefni nam 1.705.650 kr. með virðisaukaskatti. Verkefnið stóð yfir allt árið 2003.

Hagstofa Íslands.

Engri úttekt er til að dreifa hvað snertir Hagstofu Íslands enda hefur Hagstofan engar undirstofnanir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í eftirfarandi yfirliti koma fram þær úttektir á starfsemi stofnana heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem gerðar voru á tímabilinu 2000–2004, hverjir unnu að þeim og hvað var greitt fyrir þær.

Ár	Stofnun	Verktaki	Kostnaður, þús. kr.
2000	Landlæknisembættið	PriceWatherhouseCoopers	1.984
2000	Heyrnar- og talmeinastöð	Ráðgarður hf.	124
2001	Landlæknisembættið	PriceWatherhouseCoopers	3.269
2001	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	669
2002	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	603
2004	Sólvangur, Hafnarfirði	Pétur Jónsson viðskiptafræðingur	1.361

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Eftirfarandi úttektir voru unnar á vegum ráðuneytisins á árunum 2000–2004:

Árið 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar. Formaður nefndarinnar var Páll Hreinsson lögfræðingur, en auk hans áttu sæti í nefndinni starfsmenn ráðuneytisins og Orkustofnunar. Kostnaður vegna nefndarinnar nam 55.000 kr.

Árið 2003 voru Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur og Tryggvi Axelsson, settur forstjóri Löggildingarstofu, fengnir til að vinna úttekt á stofnuninni. Kostnaður við verkefnið nam 715.000 kr.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði starfshóp árið 2004 til að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag tæknirannsókna. Niðurstaða starfshópsins er að efling tæknirannsókna byggist á sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfshópurinn var undir forystu Sveins Þorgrímssonar, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneyti. Enginn kostnaður féll til, utan fasts launakostnaðar.

Landbúnaðarráðuneyti.

Landbúnaðarráðuneytið lét gera eftirfarandi úttektir á ríkisstofnunum á tímabilinu 2000–2004:

Skógrækt ríkisins.
Skýrsla, dags. 26. júní 2000, um rekstur Skógræktar ríkisins. Skýrslan var unnin af Ólafi Friðrikssyni landbúnaðarráðuneyti og Jóni Magnússyni fjármálaráðuneyti. Enginn beinn kostnaður var við vinnslu skýrslunnar, utan fasts launakostnaðar.

Hólaskóli.
Úttekt, dags. 10. júlí 2002, um skil á virðisaukaskatti og almenn fjárhagsmálefni Hólaskóla. Eftirtaldir aðilar unnu að gerð úttektarinnar: Ingimar Jóhannsson landbúnaðarráðuneyti, Jón Magnússon fjármálaráðuneyti og Skúli Skúlason Hólaskóla. Enginn beinn kostnaður var við úttektina, utan fasts launakostnaðar.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.
Skýrsla, dags. í febrúar 2002, um breytt skipulag Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Skýrslan var unnin af PricewaterhouseCoopers. Kostnaður við gerð hennar var 1.367.000 kr.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.
Skýrsla, dags. í júní 2003, um rekstrarumhverfi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Skýrsla unnin af Jóni Magnússyni fjármálaráðuneyti, Ingimar Jóhannssyni og Hákoni Sigurgrímssyni landbúnaðarráðuneyti og Magnúsi B. Jónssyni rektor LBH. Enginn beinn kostnaður var við vinnslu skýrslunnar, utan fasts launakostnaðar.

Menntamálaráðuneyti.
Menntamálaráðuneytið lét gera eftirfarandi úttektir á ríkisstofnunum á tímabilinu 2000–2004:

Skrifstofa menntamála – Háskólastig.
Árið 2000.
Úttekt á íslenskukennslu á vegum Stofnunar Sigurðar Norðdals. Úttektina önnuðust Guðmundur Hálfdánarson, prófessor við Háskóla Íslands, og Þorleifur Hauksson. Kostnaður var 473.376 kr.

Árið 2001.
Úttekt á hjúkrunarfræðimenntun við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Formaður matshópsins var Carolyn F. Waltz, deildarforseti Academic Affairs, University of Maryland. Aðrir sem sæti áttu í hópnum voru Sólveig Jakobsdóttir, dósent við KHÍ í fjarkennslufræði, Pia Ramhöj, rektor Hovedstadens sygeplejerskeuddannelse, Kaupmannahöfn, og Sigríður Snæbjörnsdóttir, hjúkrunarfræðingur og fyrrverandi hjúkrunarforstjóri við Sjúkrahús Reykjavíkur, en hún starfaði einnig sem ritari hópsins. Kostnaður var 1.660.000 kr.

Árið 2003.
Úttekt á rekstri og stjórnun Háskólans í Reykjavík. Úttektin var í höndum KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 1.850.000 kr.
Úttekt á rekstri og stjórnun Viðskiptaháskólans á Bifröst. Úttektin var í höndum IMG Deloitte. Kostnaður var 2.000.000 kr.

Árið 2004.

Úttekt á Lagadeild Háskóla Íslands. Formaður matshópsins var Bjarni Benediktsson hdl. Aðrir sem sæti áttu í hópnum voru: Svali H. Björgvinsson, starfsmannastjóri hjá KB banka, Dermot Walsh, prófessor við Háskólann í Limerick, Írlandi, og Thomas Wilhelmsson, prófessor og aðstoðarrektor við Háskólann í Helsinki. Ritari hópsins var Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 2.823.480 kr.

Skrifstofa menntamála – Framhaldsskólastig.

Árið 2000.

Mat á starfi Menntaskólans á Ísafirði. Úttektina önnuðust Stefanía Arnórsdóttir verkefnisstjóri og Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður var 655.000 kr.

Árið 2002.

Úttekt á Fjölbrautaskóla Suðurlands. Úttektina önnuðust Stefanía Arnórsdóttir verkefnisstjóri og Haraldur Á. Hjaltason frá H2H Rágjöf ehf. Kostnaður var 622.000 kr.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla. Úttektirnar gerðu Háskólinn á Akureyri og KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 3.895.670 kr.

Árið 2003.

Mat á UT-braut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Úttektin var gerð af Salvöru Gissurardóttur, lektor við Kennaraháskóla Íslands, og Lovísu Kristjánsdóttur, Menntaskólanum við Hamrahlíð. Kostnaður var 500.000 kr.

Mat á forvarnarstarfi í framhaldsskólum: Skýrsla um framkvæmd og niðurstöður samnings menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum. Úttektin var gerð af Ingibjörgu Þórhallsdóttur hjá Liðsinni. Kostnaður var 406.585 kr.

Úttekt á fjarkennslu við Fjölbrautaskólann við Ármúla 2001–2003. Úttektina önnuðust Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður var 579.800 kr.

Úttekt á fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri 2001–2003. Úttektina önnuðust Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands. Kostnaður var 581.122 kr.

Snyrtiskóli Íslands – Úttekt fyrir menntamálaráðuneytið. Úttektina gerði Deloitte&-Touche. Kostnaður var 897.533 kr.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla. Úttektirnar annaðist KPMG Ráðgjöf ehf. Kostnaður var 400.000 kr.

Fjármálasvið.

Árið 2003.

Rekstur framhaldsskóla 2002 – Sérúttekt á sjö skólum. Starfshópur með fulltrúum frá menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti var settur til að fara yfir rekstur framhaldsskóla vegna ársins 2002 og sérúttekt á sjö skólum. Ekki var sérgreindur kostnaður vegna þessa verkefnis þar sem verkið var unnið af starfsmönnum ráðuneytisins. Starfshópurinn skilaði skýrslu í júní 2003.

Vísindaskrifstofa.
Árið 2004.

Verið er að ljúka úttekt á rannsóknum við Háskóla Íslands á vegum menntamálaráðuneytisins. Fyrirhugað er að framkvæma reglubundnar úttektir á rannsóknum við háskólana í landinu.

Samgönguráðuneyti.

Eftirfarandi úttektir voru gerðar á stofnunum ráðuneytisins á tímabilinu 2000–2004:

Árið 2003 lét Vegagerðin gera úttekt á starfsemi sinni í tengslum við breytingar á skipulagi stofnunarinnar. Úttektina annaðist fyrirtækið IBM Business Consulting Services samkvæmt samningi. Hún var hluti af stærra verkefni sem fyrirtækið vann fyrir stofnunina og því er ekki unnt að tilgreina kostnað við hana sérstaklega.

Persónuvernd lét gera úttekt á Umferðastofu. Úttektina annaðist fyrirtækið Dómbær samkvæmt samningi við Persónuvernd. Boðað var til úttektar árið 2003 en hún framkvæmd 2004. Kostnaður var 642.420 kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Engar úttektir hafa farið fram á vegum sjávarútvegsráðuneytis á umræddu tímabili.

Umhverfisráðuneyti.

Í eftirfarandi yfirliti koma fram þær úttektir á starfsemi stofnana umhverfisráðuneytisins sem gerðar voru á tímabilinu 2000–2004, hverjir unnu að þeim og hvað var greitt fyrir þær.

Stofnun	Ár	Úttektaraðili	Kostnaður	Efni
Hollustuvernd ríkisins	2001	TGT-stofan	2.057.268	Stjórnsýsluúttekt
Náttúrufræðistofnun Íslands	2002	VA-arkitektar og Framkvæmdasýslan	1.907.486	Skýrsla um húsnæðismál og starfsemi NÍ
Náttúrufræðistofnun Íslands	2004	Ríkisendurskoðun	0	Stjórnsýsluúttekt
Veðurstofa Íslands	2003	Ríkisendurskoðun	0	Stjórnsýsluúttekt

Utanríkisráðuneyti.

Utanríkisráðuneytið lét árið 2003 fara fram úttekt á Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Úttektin var unnin af Hermanni Ingólfssyni og Jónasi H. Haralz. Kostnaður nam um 1.300.000 kr.

Ríkisendurskoðun.

Eftirfarandi er yfirlit um skýrslur og úttektir sem Ríkisendurskoðun hefur gert á liðnum árum á sviði stjórnsýsluendurskoðunar og hagsýslu ýmiss konar, ásamt upplýsingum um hver hafi óskað eftir skýrslunni eða átt hugmyndina að henni. Í yfirlitinu er hvorki að finna fræðsluefni, leiðbeiningar né skýrslur um fjárhagsendurskoðun ríkissjóðs eða framkvæmd fjárlaga.

	Skýrslubeiðandi
2000	
Greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 2000	Ríkisendurskoðun
Rafræn viðskipti	Ríkisendurskoðun
Reynslusveitarfélög. Samningar við Akureyrarbæ	Ríkisendurskoðun

	Skýrslubeiðandi
Sérfræðiþjónusta. Kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónusta	Ríkisendurskoðun
Rammasamningar Ríkiskaupa	Ríkisendurskoðun
Áform – átaksverkefni. Stjórnsýsluendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Umhverfisstefna í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun
2001	
Tölvukerfi í framhaldsskólum. Úttekt á uppýsingakerfum	Ríkisendurskoðun
Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins	Ríkisendurskoðun
Tollaframkvæmd. Stjórnsýsluendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði heilbrigðisstofnana	Margrét Frímannsdóttir alþingismaður
Greiðslur opinberra aðila til lækna á árinu 2000	Heilbrigðisráðuneyti
Skattsvikamál. Ferli, fjöldi og afgreiðsla 1997–1999	Ríkisendurskoðun
Ferliverk á sjúkrahúsum 1999–2000	Heilbrigðisráðuneyti
Framkvæmdir á vegum Alþingis við Austurstræti 8–10	Forseti Alþingis
Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Greinargerð	Fjármálaráðuneyti
Fjárlagaferlið. Um útgjaldastýringu ríkisins	Ríkisendurskoðun
Samingur um hjúkrunarheimili að Sóltúni 2	Ögmundur Jónasson alþingismaður
Landhelgisgæsla Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun árslok 2002	Ríkisendurskoðun
Náttúrufræðistofnun, rekstrar- og fjárhagsvandi	Ríkisendurskoðun
Starfsemi meðferðarheimilisins á Torfastöðum	Félagsmálaráðuneytið
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	Ríkisendurskoðun
Háskólamenntun. Námsframboð og nemendafjöldi	Ríkisendurskoðun
Viðbótarlaun	Ríkisendurskoðun
Ísland og Ospar. Umhverfisendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Lyfjakostnaður	Ríkisendurskoðun
Launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana 2000–2002	Heilbrigðisráðuneytið
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	Dvalarheimilið Höfði
Rekstur og fjárhagsstaða árin 2000–2002	Heilbrigðisráðuneyti
2002	
Útboð á fjörðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf.	Forsætisráðuneytið
„Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu“. Stjórnsýsluúttekt á rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík	Ríkisendurskoðun
Samningur Tryggingarstofnar vegna sérfræðilækna 1998–2001	Ríkisendurskoðun
Sólheimar í Grímsnesi	Ríkisendurskoðun
Sjúkraþjálfun. Stjórnsýsluendurskoðun á sjúkratryggingarsviði TR	Ríkisendurskoðun
Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000	Ríkisendurskoðun
Framkvæmd búvörulaga. Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða 1995–2000	Landbúnaðaráðuneyti
2003	
Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003	Þingflokkur VG
Sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík. Mat á árangri	Stjórnarnefnd LSH
Grunnskólakennarar. Fjöldi og menntun	Ríkisendurskoðun
Veðurstofa Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun	Ríkisendurskoðun
Náðist árangur. Úttekt á árangursstjórnun í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun
Flugmálastjórn Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun	Samgöngunefnd Alþingis og samgönguráðuneyti

	Skýrslubeiðandi
Sólheimar í Grímsnesi 1996–1999	Ríkisendurskoðun
Tölvukerfi sýslumannsembætta. Úttekt á upplýsingakerfum	Ríkisendurskoðun
Kennitölur um umsvif og árangur. Stefnumiðað árangursmat í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun

Fylgiskjal.

Úttektir á ríkisstofnunum.

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
Forsætisráðuneyti			
2002			
Þjóðhagstofnun	Tilfærsla verkefna Þjóðhagsstofnunar	Samstarfshópur skipaður af forsætisráðherra	Ekki sérgreindur
Forsætisráðuneyti – íslenska upplýsingasamfélagið	Framgangur verkefnisins	PWC Consulting	3.217.030
2004			
Stofnanir á sviði matvælarannsókna	Samþætting eða sameining á matvælarannsóknum	Starfshópur skipaður af forsætisráðherra	150.000
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti			
2000			
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Útlendingastofnun	Stjórnunar og fjárhagsleg	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Ótilgreindur
Sýslumannsembættin í Borgarnesi, Búðardal, Vík og Keflavík, á Stykkishólmi, Sauðárkróki, Höfn, Hvolsvelli og Selfossi	Hagkvæmnisúttekt	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
2001			
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ráðuneytið ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Nefnd	Ótilgreindur
2002			
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	IBM Consulting ehf.	604.247
2003			
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	Athugun	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Stjórnunar og fjárhagsleg	Stjórnunarráðgjöf ehf.	484.750
Héraðsdómstólar	Fjárhagsleg	Jón Magnússon	323.700

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
2004			
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	Stjórnunar og fjárhagsleg	Ríkislögreglustjóri	Ótilgreindur
Landhelgisgæslan	Stjórnunar og fjárhagsleg	Starfshópur skipaður af dómsmálaráðherra	1.915.772
Félagsmálaráðuneyti			
2004			
Svæðisskrifstofa fatlaðra í Reykjavík	Rekstur og starfsemi	Vinnuhópur skipaður af félagsmálaráðherra	2.000.000
Fjármálaráðuneyti			
2003			
Ríkisskattstjóri	Rekstrarkostnaður og greining verkefna	IMG Deloitte	1.705.650
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
2000			
Landlæknisembættið		PricewatherhouseCoopers	1.984.000
Heyrnar- og talmeinastöð		Ráðgarður hf.	124.000
2001			
Landlæknisembættið		PricewatherhouseCoopers	3.269.000
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja		Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	669.000
2002			
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja		Guðlaug Björnsdóttir viðskiptafræðingur	603.000
2004			
Sólvangur, Hafnarfirði		Pétur Jónsson viðskiptafræðingur	1.361.000
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
2001			
Orkustofnun	Skipulag yfirfarið	Nefnd skipuð af iðnaðarráðherra	55.000
2003			
Löggildingarstofa		Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur og Tryggvi Axelsson forstjóri	715.000
2004			
Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins	Framtíðarfyrirkomulag tæknirannsókna	Starfshópur skipaður af iðnaðar- og viðskiptaráðherra	Enginn kostnaður
Landbúnaðarráðuneyti			
2000			
Skógrækt ríkisins	Rekstur	Ólafur Friðriksson, landbúnaðarráðueyti, og Jón Magnússon, fjármálaráðuneyti	Enginn beinn kostnaður
2002			
Hólaskóli	Skil á virðisaukaskatti og almenn fjárhagsmálefni	Ingimar Jóhannsson, landbúnaðarráðuneyti, Jón Magnússon, fjármálaráðuneyti, og Skúli Skúlason, Hólaskóla	Enginn beinn kostnaður
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Breytt skipulag	PricewaterhouseCoopers	1.367.000

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
2003			
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Rekstrarumhverfi	Jón Magnússon, fjármálaráðuneyti, Ingimar Jóhannson og Hákon Sigurgrímsson, landbúnaðarráðuneyti, og Magnús B. Jónsson, rektor LBH	Enginn beinn kostnaður
Menntamálaráðuneyti			
2000			
Stofnun Sigurðar Norðdals	Úttekt á íslenskukennslu	Guðmundur Hálfdánarson, prófessor við HÍ, og Þorleifur Hauksson	473.376
Menntaskólinn á Ísafirði	Mat á starfsemi	Stefanía Anrórsdóttir verkefnisstjóri og Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við KHÍ	655.000
2001			
Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri	Úttekt á hjúkrunarfræðimenntun	Hópur innlenndra og erlendra sérfræðinga, formaður Carolyn F. Waltz, deildarforseti	1.660.000
2002			
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Úttekt á skólanum	Stefnía Arnórsdóttir verkefnisstjóri og Haraldur Á. Hjaltason, H2H Ráðgjöf ehf.	622.000
Framhaldsskólar	Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla	Háskólinn á Akureyri og KPMG Ráðgjöf ehf.	3.895.670
2003			
Háskólinn í Reykjavík	Úttekt á rekstri og stjórnun	KPMG Ráðgjöf ehf.	1.850.000
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	Úttekt á rekstri og stjórnun	IMG Deloitte	2.000.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Mat á UT-braut skólans	Salvör Gissurardóttir, lektor við KHÍ, og Lovísa Kristjánsdóttir, MH	500.000
Framhaldsskólar	Mat á forvarnarstarfi í framhaldsskólum	Ingibjörg Þórhallsdóttir, Liðsinni	406.585
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Úttekt á fjarkennslu við skólann 2001–2003	Unnar Hermannsson, KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við KHÍ	579.800
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Úttekt á fjarkennslu við skólann 2001–2003	Unnar Hermannsson, KPMG Ráðgjöf ehf., og Ásrún Matthíasdóttir, dósent við KHÍ	581.122
Snyrtiskóli Íslands	Úttekt fyrir menntamálaráðuneytið	Deloitte&Touche	897.533
Framhaldsskólar	Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla	KPMG Ráðgjöf ehf.	400.000
Framhaldsskólar	Rekstur framhaldsskóla 2002 – Sérúttekt á sjö skólum	Starfshópur skipaður fulltrúum menntamálarneytis og fjármálaráðuneytis	Ekki sérgreindur
2004			
Háskóli Íslands	Úttekt á Lagadeild HÍ	Hópur innlenndra og erlendra sérfræðinga, formaður Bjarni Benediktsson hdl.	2.823.480
Háskóli Íslands	Úttekt á rannsóknum við HÍ		Ekki tilgreindur

Stofnun/embætti	Úttekt	Úttektaraðili	Kostnaður
Samgönguráðuneyti			
2003			
Vegagerðin	Úttekt á starfsemi í tengslum við skipulagsbreytingar	IBM Business Consulting Services	Ekki unnt að greina sérstaklega
2004			
Umferðarstofa		Dómbær samkvæmt samningi við Persónuvernd	642.420
Umhverfisráðuneyti			
2001			
Hollustuvernd ríkisins	Stjórnsýsluúttekt	TGT Stofan	2.057.268
2002			
Náttúrurfræðistofnun Íslands	Skýrsla um húsnæðismál og starfsemi NÍ	VA Arkitektar og Framkvæmdasýslan	1.907.486
Utanríkisráðuneyti			
2003			
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Um þróunarsamvinnu Íslands	Hermann Ingólfsson og Jónas H. Haralz	1.300.000

747. Fyrirspurn [490. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur fjármálafyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjir voru álagðir skattar (tekjuskattur og eignarskattur) banka á árunum 2003 og 2004? Hver var hagnaður, skattskyldar tekjur, yfirfæranlegt tap í árslok og úthlutaður arður vegna sömu tekjuára (2002 og 2003)?
2. Hverjar eru með sama hætti umbeðnar upplýsingar fyrir önnur fjármálafyrirtæki svo sem sparisjóði, verðbréfafyrirtæki, tryggingafélög og önnur fyrirtæki sem veita fjármálaþjónustu, flokkað eftir tegund þjónustunnar?
3. Hvað leiddi yfirfæranlegt tap til mikillar lækkunar á skattstofni framangreindra fyrirtækja og hverjar hefðu skattgreiðslurnar orðið án þessarar lækkunar á tekjuskattsstofni?

Framangreindar upplýsingar óskast aðgreindar í hverjum flokki eftir því hvort viðkomandi félög sýndu rekstrarlegan hagnað árunum 2002 og 2003 eða ekki.

Skriflegt svar óskast.

748. Fyrirspurn [491. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við lögfræðiálit.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað greiddi forsætisráðuneytið fyrir lögfræðiálit Eiríks Tómassonar frá 23. janúar sl., sem samið var fyrir ráðuneytið, um lögmæti ákvörðunar um að styðja tafarlausa afvopnun Íraks?

Skriflegt svar óskast.

749. Tillaga til þingsályktunar [492. mál]

um að heimila auglýsingar á heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa lagabreytingar sem heimila læknum, tannlæknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, svo og heilbrigðisstofnunum, að auglýsa þjónustu sína og starfsemi. Við undirbúning slíkrar löggjafar hafi ráðherra samráð við helstu hagsmunaaðila og fagfélög heilbrigðisstétta.

Greinargerð.

Bætt þjónusta við almenning.

Nú er flestum heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum óheimilt samkvæmt lögum að auglýsa starfsemi sína. Með afnámi á takmörkunum á auglýsingum heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana er hins vegar ljóst að almenningur fær betri upplýsingar um þjónustu lækna, tannlækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna þar sem þessum aðilum verður þá heimiluð eðlileg upplýsingagjöf um þjónustu sína. Með nauðsynlegum lagabreytingum í þessa átt þarf almenningur því ekki lengur að treysta orðrómi og umtali þegar kemur að vali á heilbrigðisþjónustu.

Í auglýsingum er að finna margvíslegar upplýsingar til almennings. Auglýsingar hjálpa almenningi að átta sig á hvað er í boði og með hvaða hætti. Með því að heimila auglýsingar lækna, tannlækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, svo og sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, er því fyrst og fremst komið til móts við almenning í landinu og þar á meðal aldraða sem e.t.v. eru ekki allir vanir því að sækja sér upplýsingar um heilbrigðisþjónustu sem nú þegar er að finna á heimasíðum.

Gjörbreyttar aðstæður eru nú víða í heilbrigðisþjónustunni. Starfsemi og þjónusta heilbrigðisstétta hefur breyst mikið og orðið fjölbreytilegri. Ýmsir fagaðilar í heilbrigðisgeiranum hafa heimasíður og kynningarefni með margs konar upplýsingum um hvað viðkomandi aðili eða stofnun býður upp á.

Með auglýsingabanni er komið í veg fyrir að heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir geti kynnt þjónustu sína með fullnægjandi hætti. Svo virðist sem sjúklingar verði að treysta á umtal eða ímynd þegar þeir velja sér heilbrigðisþjónustu. Með brottfellingu á auglýsingabanni lækna mun einnig losna um hömlur á auglýsingum hinna ýmsu heilbrigðisstétta þar sem viðkomandi sérlög eða siðareglur vísa til læknalaga.

Almenningur á í mörgum tilfellum fjölbreytilega valkosti um lækna og fleiri heilbrigðisstarfsmenn sem keppa um þjónustu og aðstöðu þrátt fyrir að í flestum tilvikum sé það hið opinbera sem greiði fyrir þjónustuna.

Í þessu sambandi má nefna sérstaklega þjónustu tannlækna. Tannlæknar starfa á frjálsum og opnum markaði þar sem gjaldskrá þeirra er frjáls. Eins og með aðra þjónustu er það almenningi í hag að vita hvar bestu og hagkvæmustu þjónustuna er að fá. Samkvæmt núgildandi lögum getur hins vegar verið erfitt að finna bestu tannlæknaþjónustuna þar sem tannlæknum er óheimilt að auglýsa starfsemi sína með eðlilegum hætti. Þetta á víða við í heilbrigðisþjónustunni og má þar t.d. nefna þjónustu lýtalækna, bæklunarlækna og augnlækna. Svo virðist sem almenningur verði að treysta á orðróm þegar kemur að því að sækja sér heilbrigðisþjónustu.

Röksemdir fyrir banni.

Þegar litið er til þeirra röksemda sem lágu að baki banni á auglýsingum lækna á sínum tíma, og sjá má í frumvarpi til læknalaga, nr. 53/1988, sést að ákvæði um auglýsingabann um starfsemi lækna voru lögfest árið 1932 í því skyni að halda uppi aga innan stéttarinnar og var auglýsingabann talið nauðsynlegt vegna fámennis í landinu og kunningsskapar (Alþt. 1987–1988, 110. lögþ., þskj. 120, bls. 816).

Í frumvarpi til laga nr. 38/1985, um tannlækningar, eru hins vegar ekki tilgreindar sérstakar röksemdir sem mæli með því að tannlæknum sé óheimilt að auglýsa starfsemi sína. Vísað er til þess að ákvæðið sé tekið upp úr læknalögum, auk þess sem tekið er fram að ekki sé nægilegt að hafa slíkt ákvæði í siðareglum stéttarfélags tannlækna (Alþt. 1984–1985, 107. lögþ., þskj. 110, bls. 761).

Þau rök sem tilgreind eru í lögskýringargögnum snúa því annars vegar að því að halda uppi aga innan stéttarinnar og hins vegar að því að auglýsingabann helgist af fólksfæð og kunningsskap. Flutningsmaður telur að þessi rök eigi ekki við í dag, hafi þau einhvern tímann átt við.

Auglýsingar eru sömuleiðis ekki einungis upplýsingar heldur einnig eitt form tjáningar sem þarf veigamikil rök fyrir ef það á að takmarka á einhvern hátt. Flutningsmaður telur að það þurfi því sérstakar röksemdir og réttlætingar fyrir lagalegum takmörkunum eða bönnum í samfélaginu. Þessar sérstöku röksemdir telur flutningsmaður að séu ekki fyrir hendi þegar kemur að takmörkun og hömlum á rétti lækna, tannlækna og annarra heilbrigðisstétta ásamt heilbrigðisstofnunum til að kynna sig og auglýsa þjónustu sína og starfsemi.

Núverandi löggjöf er flókin og umdeild.

Núverandi takmarkanir á upplýsingagjöf heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana geta verið erfiðar og flóknar í framkvæmd. Mörkin milli upplýsingagjafar t.d. á heimasíðu annars vegar og hefðbundinna auglýsinga hins vegar geta verið óljós. Upp hafa komið álitamál hvort umfjöllun í fjölmiðlum, svo sem í viðtali, teljist auglýsing eða ekki. Eins er það oft á gráu svæði hvort um sé að ræða auglýsingu eða almenna umfjöllun um þjónustu, tækni, getu, tæki eða ákveðna læknisaðferð. Mörk heilsuræktar og forvarna annars vegar og

læknisþjónustu hins vegar geta jafnvel í sumum tilfellum skarast. Núgildandi lagaumhverfi er því bæði umdeilt meðal heilbrigðisstétta og jafnframt flókið í framkvæmd.

Í 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, segir t.d. að lækni sé einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er þó heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum. Í 2. mgr. 23. gr. laganna eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir bannaðar fram yfir nafn og stað.

Í 11. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, má finna svipað ákvæði og er í 17. gr. læknalaga. Það getur hins vegar verið erfitt matsatriði hvað sé efnisleg og látlaus auglýsing. Sömuleiðis hafa komið upp álitamál hvort einkenni eða kennileiti lækna- eða tannlæknastofu, svo sem skilti, samræmist núgildandi lögum. Í siðareglum tannlækna er t.d. nákvæm útlistun á hvað skilti við tannlæknastofu megi vera stór (40 cm á lengd og 15 cm á hæð) og hvar þau eigi að vera (við inngang, anddyri og hurð stofu).

Með lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, voru gerðar breytingar vegna skuldbindinga EES-samningsins í þá átt að afnumdar voru tálmanir lækna og tannlækna til að geta nýtt sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar. Flutningsmaður telur hins vegar að læknum, tannlæknum og öðrum heilbrigðisstéttum ásamt heilbrigðisstofnunum eigi almennt séð að vera heimilað að auglýsa starfsemi sína og þjónustu. Þannig er komið til móts við ríka almannahagsmuni af því að vita hvar bestu og hagkvæmustu þjónustuna er að finna.

Aðrar heilbrigðisstéttir.

Sé litið til annarra heilbrigðisstétta er ýmist vísað til læknalaga eða ekkert bann er að finna þegar kemur að auglýsingum. Siðareglur sumra fagfélaga geta þó takmarkað auglýsingar.

Auglýsingar um starfsemi hjúkrunarfræðinga eru ekki bannaðar samkvæmt hjúkrunarlögum, nr. 8/1974. Hins vegar segir í 7. gr. siðareglna hjúkrunarfræðinga að hjúkrunarfræðingi beri að haga svo störfum sínum að hann sé stétt sinni til sóma. Hann skal varast að nota starfsheiti sitt í auglýsingaskyni og skal ekki njóta hlunninda frá skjólstæðingi sínum. Í 11. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, kemur fram að um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa. Sambærilegt gildir um iðjuþjálfa samkvæmt lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, og þroskaþjálfa samkvæmt lögum um þroskaþjálfa, nr. 18/1978. Í 8. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, kemur einnig fram að um ljósmæður gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga.

Þar sem ekki eru sérstakar takmarkanir á auglýsingum þessara stétta í sérlögum mun brottfelling 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, einnig ná til þeirra. Sama má segja um aðrar heilbrigðisstéttir sem hafa svipaða skírskotun til læknalaga.

Auglýsingar sjúkraliða eru hins vegar hvorki bannaðar samkvæmt lögum um sjúkraliða, nr. 58/1976, né í siðareglum sjúkraliða. Sama er að segja um sálfræðinga samkvæmt lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976. Hins vegar er í lið 3.2 í siðareglum sálfræðinga að finna athugasemdir varðandi upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingar til almennings eiga m.a. að innihalda upplýsingar um siðferðilegar skyldur sálfræðinga.

Auglýsingar heilbrigðisstofnana.

Í 23. gr. læknalaga, nr. 53/1988, er að finna bann við auglýsingum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana umfram nafn og stað.

Framangreindar röksemdir um afnám auglýsingabanns eiga hins vegar einnig við um sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir bjóða margs konar þjónustu sem aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisfyrirtæki og almenningur kaupa. Í því sambandi má minnast á aukinn áhuga og getu íslenskra heilbrigðisstofnana til að sinna útlendingum á sérhæfðu sviði heilbrigðisþjónustunnar. Upplýsingar og auglýsingar um viðkomandi þjónustu og starfsemi eru því að mati flutningsmanns fullkomlega eðlilegar.

Frjálslegri lagasetning í nágrannaríkjum.

Í nágrannaríkjum er lagasetning um auglýsingar heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana mun frjálslegri en hér á landi. Auglýsingar heilbrigðisstétta eru heimilaðar í Svíþjóð, Noregi og í Danmörku en þó er að sums staðar að finna takmarkanir á auglýsingum í ákveðnum miðlum, svo sem sjónvarpi og kvikmyndum.

Í kjölfar tilskipunar Evrópusambandsins 2000/31/EB hefur Fastanefnd evrópskra lækna (CPME) samþykkt leiðbeiningar um góða starfshætti við markaðssetningu og kynningu á faglegri heilbrigðisþjónustu um netið. Þar kemur m.a. fram að þeir læknar sem gefa út upplýsingar um þjónustu sína á netinu skuli tryggja að upplýsingar séu réttar og sannanlegar og í samræmi við leiðbeiningar um góða starfshætti. Áhersla er lögð á það að öll markaðssetning læknisþjónustu verði að vera nákvæm hvað innihald varðar, viðeigandi í framsetningu og í samræmi við reglur hjá viðkomandi þjóð. Markmiðið er m.a. að koma skipulagi á markaðssetningu lækna í samræmi við góða starfshætti og tryggja að viðeigandi upplýsingar berist til almennings og auki öryggi lækna.

Ekki markaðsvæðing heilbrigðisþjónustu.

Flutningsmaður leggur ríka áherslu á það að afnám auglýsingabanns heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana lúti einungis að því að auka upplýsingaflæði til almennings með auglýsingum en ekki að einhvers konar markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Heilbrigðisþjónusta skal áfram vera óháð efnahag, búsetu eða félagslegri stöðu að öðru leyti. Til eru mörg dæmi þess að gjaldfrjáls almannaþjónusta auglýsi starfsemi sína og má þar nefna t.d. framhaldsskóla.

Að sjálfsögðu er það síðan viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni eða stofnun í sjálfsvald sett hvort auglýst er eða ekki. Það getur vel verið að fjárráð viðkomandi stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings veiti ekki svigrúm til auglýsinga eða það sé í sumum tilfellum fullkomlega óþarfi. Hins vegar er mikilvægt að þessir aðilar hafi rétt á að fara þessa leið til að kynna starfsemi sína.

Lengi vel komu siðareglur lögmanna í veg fyrir auglýsingar lögmanna en nú hefur því verið breytt. Þrátt fyrir það hafa lögmenn ekki séð ríka ástæðu til að auglýsa starfsemi sína mikið. En aðalatriðið er að þeir hafa rétt á því og almenningur nýtur góðs af betri upplýsingum um þjónustuna og jafnvel verð þar sem það á við.

Auglýsingar heilbrigðisstétta uppfylli samkeppnislög.

Rétt er að taka fram að verði lögunum breytt í þessa átt munu auglýsingar þessara aðila að sjálfsögðu vera bundnar almennum reglum samkeppnislaga, nr. 8/1993, svo sem VI. kafla laganna um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum sem kemur nú þegar m.a. í veg fyrir að rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar birtist í auglýsingum.

Auglýsandi verður að geta staðið við þær fullyrðingar sem koma fram í auglýsingunni og eru nú þegar takmarkanir í lögum um svokallaðar samanburðarauglýsingar. Upplýsingar í viðkomandi auglýsingum þurfa því að vera réttar, ábyrgar og málefnalegar og er að finna í

samkeppnislögum margs konar önnur skilyrði og kröfur til auglýsinga. Samkeppnisstofnun mun því hafa ríkt eftirlitshlutverk með framkvæmd viðkomandi auglýsinga.

Flutningsmaður telur einnig að fullkomlega sé hægt að treysta heilbrigðisstéttum að standa faglega að upplýsingagjöf sinni svo að sómi sé að og siðareglur virtar.

Enn takmarkanir í siðareglum.

Áhersla er lögð á að heilbrigðisstarfsmenn eru sem fyrr bundnir af siðareglum sínum sem m.a. setja þeim ýmis skilyrði. Má þar nefna 18. gr. siðareglna lækna en þar segir að læknir megi ekki gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir sem ekki séu á vitorði lækna almennt. Læknir skal og forðast ummæli sem geti skapað óþarfan eða óréttlætanlegan ótta við sjúkdóma eða órökstudda vantrú á læknisstarfi. Skv. 20. gr. siðareglnanna má læknir síðan ekki leyfa notkun á nafni sínu, aðstöðu eða lærdómstitli í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni. Ummæli um lyf eða sjúkravörur í faglegu sambandi, greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki til auglýsinga, enda sé þar ekki ágóðavon. Þessar kröfur til lækna samkvæmt siðareglum þeirra gera það að verkum að ekki er hætta að læknar séu „keyptir“ með einhverjum hætti, t.d. af lyfjaframleiðendum til að auglýsa þeirra vörur. Lagabreytingin lyti einungis að því að heimila læknum og öðrum heilbrigðisstéttum ásamt heilbrigðisstofnunum að auglýsa starfsemi sína. Í þessu sambandi má einnig minna á 29. gr. siðareglna lækna þar sem lækni er gert skylt að auðsýna öðrum læknum drengskap og háttvísi jafnt í viðtali sem umtali, ráðum sem gerðum og hann skal forðast að kasta rýrð á þekkingu eða störf annarra lækna. Lækni er ósæmandi að eiga þátt í eða stuðla að ráðstöfunum, sem leitt geta til skerðingar á atvinnuöryggi annars læknis. Telji læknir að ástæða sé til íhlutunar vegna brots á siðareglum þessum eða vanhæfni læknis í starfi skal hann snúa sér til landlæknis og stjórnar viðkomandi svæðafélags Læknafélags Íslands. Svipað ákvæði er í siðareglum tannlækna.

Séu takmarkanir hins vegar á auglýsingum í siðareglum ákveðinna heilbrigðisstétta, eins og í tilviki Tannlæknafélags Íslands, sem með beinum hætti byggjast á umræddu lagaákvæði sem þarf að fella á brott, mælist flutningsmaður til að viðkomandi fagfélag endurskoði þann hluta siðareglna. Flutningsmaður vill einnig hvetja fagfélög heilbrigðisstétta til að endurskoða þær siðareglur sem takmarka um of rétt félagsmanna á upplýsingagjöf, tjáningu og auglýsingum til almennings. Þó er alveg sjálfsagt að fagfélög viðkomandi heilbrigðisstétta meti það hvort þörf sé á einhverjum íþyngjandi takmörkunum á þessum rétti félagsmanna sinna með hliðsjón af siðferði og tilhlýðilegri hegðun stéttarinnar. Siðareglur viðkomandi stétta leggja því margs konar skyldur á viðkomandi einstaklinga sem tryggja að auglýsingar séu hvað eðlilegastar og sanngjarnastar.

Sé litið til regluumhverfis lögmanna til samanburðar kemur í ljós að í lögum um lögmenn, nr. 77/1998, er ekki að finna ákvæði um bann við auglýsingum. Hins vegar kemur fram í 1. mgr. 42. gr. siðareglna (codex ethicus) Lögmannafélags Íslands að lögmaður megi auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem samrýmist góðum lögmannsháttum. Fjallað er um góða lögmannshætti í I. kafla siðareglnanna, en þar er fjallað á fremur almennum nótum um að lögmanni beri að efla rétt og hindra órétt, að lögmaður skuli vera óháður í störfum sínum, að lögmanni beri að virða óskir skjólstæðings síns um að ekki sé fjallað um mál hans á opinberum vettvangi o.s.frv. Í 2. mgr. 42. gr. siðareglna lögmanna kemur auk þess fram að lögmanni sé óheimilt að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, svo og að afla sér viðskipta með öðrum aðferðum sem séu sama marki

brenndar. Lögmenn hafa því rétt á að auglýsa þjónustu sína og starfsemi bæði samkvæmt lögum og samkvæmt siðareglum Lögmannafélags Íslands sem þeir eru félagsskyldir að.

Breytingar á 17. gr. læknalaga um auglýsingar lækna.

Til ná fram markmiðinu um afnám takmarkana á upplýsingagjöf heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana þarf að huga að nokkrum lagabreytingum.

Í 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, sem yrði að fella á brott, segir í 1. mgr. að lækni sé einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum. Skv. 2. mgr. 17. gr. ber læknum og stéttarfélögum þeirra að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. laganna var breytt með 24. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Þessi lagabreyting var gerð vegna tilskipunar 2000/31/EB frá 8. júní 2000. Ákvæðið var áður m.a. þannig að lækni var einungis heimilt að auglýsa starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar sinnum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Markmið breytingarinnar var það að ekki skyldi leggja tálmanir við því að læknar nýti sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar eins og segir í athugasemdum þess frumvarps. Það þarf því að fella á brott 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en með því verður læknum heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína. Í 17. gr. siðareglna lækna (codex ethicus) segir að læknir megi auglýsa starfsemi sína að því marki sem landslög leyfa. Siðareglur lækna koma því ekki í veg fyrir auglýsingar lækna þótt þar megi finna takmarkanir á þeim eins og áður hefur verið fjallað um. Við brottfall 17. gr. læknalaga opnast sömuleiðis fyrir auglýsingar þeirra heilbrigðisstétta sem vísa til læknalaga í sérlögum sínum eða siðareglum.

Breytingar á 23. gr. læknalaga um auglýsingar heilbrigðisstofnana.

Með sömu röksemdum og reifuð eru hér að framan þyrfti að fella brott 2. mgr. 23. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en í ákvæðinu segir að bannaðar séu auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað. 3. mgr. 23. gr. laganna hljóðar þannig að auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir. Þetta er undantekningarregla frá 2. mgr. 23. gr. sömu laga. En þar sem lagt er til að 2. mgr. 23.gr. laganna verði felld brott er óþarfi að minnast á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir í undantekningarreglu 3. mgr. 23. gr. laganna.

Breytingar á 11. gr. tannlæknalaga.

Hið sama gildir um tannlækna og um lækna þegar kemur að réttinum til auglýsinga. Hins vegar er ekki gengið eins langt og í læknalögum þar sem það er ekki óheimilt að stuðla að því að sjúklingur leiti til tiltekins tannlæknis.

Flutningsmaður telur sömu röksemdir vera fyrir afnámi auglýsingabanns tannlækna og fyrir afnámi á auglýsingabanni hjá læknum. Reyndar eru ríkari röksemdir fyrir rétti tannlækna til auglýsinga þar sem gjaldskrá þeirra er frjáls og samkeppni ríkir gagnvart þeirra

þjónustu. Það eru því ríkir almannahagsmunir í húfi að almenningur geti fengið upplýsingar hvar sé að finna bestu og hagkvæmustu þjónustuna.

Það þarf því að huga að breytingum á tannlæknalögum, nr. 38/1985. Fella þyrfti brott 11. gr. laganna en þar segir að tannlæknum séu óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið segir í 11. gr.

Í 9. gr. laga Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) er að finna reglu þess efnis að félagið samþykki siðareglur (codex ethicus) fyrir stéttina og er hver félagsmaður skyldur til að fylgja ákvæðum þeirra. Reglan um bann við auglýsingum er svo útfærð nánar í siðareglunum í kafla sem ber yfirskriftina reglur um auglýsingar í handbók TFÍ.

Hið sama gildir um lög um tannlækningar og á við um læknalög, þ.e. að þeim var breytt með lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti, en lögum um tannlækningar var breytt með 25. gr. laga nr. 30/2002. Ákvæðið var m.a. áður þannig að tannlæknum voru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu mátti þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest mátti birta þrisvar sinnum. Þessi lagabreyting með lögum nr. 30/2002 var gerð í þeim tilgangi að ekki væru tálmanir við því að tannlæknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar eins og fram kemur í athugasemdum þess frumvarps.

Ríkt samráð við hagsmunaaðila.

Flutningsmaður leggur ríka áherslu á að við gerð lagafrumvarps skuli heilbrigðisráðherra hafa ríkt samráð við helstu hagsmunaaðila, svo sem Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Þroskaþjálfafélag Íslands, Sjúkraliðafélag Íslands, Neytendasamtökin og landlækni. Einnig skal leitast við að hafa samráð við aðra sem láta sig þessi mál varða, svo sem samtök sjúklinga og Samkeppnisstofnun.

750. Svar [322. mál]

Tollstjóri varðveitir öll tollskjöl vegna tollafgreiðslu sendinga sem aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir, flytja til landsins.

30. gr.

Upplýsingaskylda.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollstjóra leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind. Tollstjóri hefur aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Öllum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tollstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er hann fer fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum sem annast gjaldeyrisviðskipti er skylt að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur sem þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

31. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð sett almenn skilyrði sem innflytjendur og aðrir þurfa að uppfylla vegna skýrslugjafar samkvæmt þessum kafla. Þar skal m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfum til SMT- og VEF-tollafgreiðslu, tryggingar fyrir aðflutningsgjöldum á greiðslufresti, uppgjörstímabil, gjalddaga og skil aðflutningsgjalda, varðveislu gagna sem snerta tollmeðferð og innflutning vara, endurskoðun aðflutningsgjalda, tolleftirlit og önnur atriði eftir því sem nauðsyn ber til.

VIII. KAFLI
Ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum.

32. gr.
Ábyrgð innflytjanda.

Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.

Sá sem undirritar og lætur tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar.

33. gr.
Ábyrgð tollmiðlara.

Tollmiðlari, sem hefur sent aðflutningsskýrslu til tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, ber ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.

Tollmiðlara er skylt að fá í hendur öll viðeigandi fylgiskjöl skv. 29. gr. áður en hann sendir tollstjóra rammaskeyti vegna SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjanda. Tollmiðlari skal að lokinni tollafgreiðslu vöru afhenda bókhaldsskyldum innflytjanda, sbr. 2. mgr. 29. gr., eða tollstjóra í þeim tilvikum þegar innflytjandi er ekki bókhaldsskyldur, sbr. 3. mgr. 29. gr., öll skrifleg gögn skv. 28. gr.

Tollmiðlara ber skylda til þess að leggja sjálfstætt mat á hvort þau fylgiskjöl sem umbjóðandi hans leggur fram til grundvallar aðflutningsskýrslu fullnægja ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla. Telji hann svo ekki vera skal hann kalla eftir þeim gögnum sem á vantar eða nýjum gögnum í stað þeirra sem kunna að vera ófullnægjandi. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu til tollstjóra með rammaskeyti í þeim tilvikum þegar fylgiskjöl, sem liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu, uppfylla skilyrði laga þessara með ótvíræðum hætti.

IX. KAFLI
Tollmeðferð vöru.

34. gr.
Upphaf tollmeðferðar.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika á við:

1. Tollstjóri hefur tekið við aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem skulu látin í té vegna tollmeðferðar vöru, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum laga þessara til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru þegar í stað. Rafræn aðflutningsskýrsla, sem send er við SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, telst móttekin hjá tollstjóra við skráningu skýrslunnar í tölvukerfi tollyfirvalda..
2. Tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
3. Tollstjóri hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld nauðungarsölu eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru nauðungarsölu ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 128. og 129. gr.

35. gr.

Frestun ákvörðunar um tollverð.

Reynist við tollafgreiðslu nauðsynlegt að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru samkvæmt ákvæðum 14.–17. gr. eða önnur atriði sem lög þessi taka til skal innflytjanda engu að síður heimilt að leysa til sín vöruna, að því tilskildu að hann setji fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem kunna að verða lögð á vöruna, tollstjóri telji ekki ástæðu til að halda vörunni vegna endanlegrar ákvörðunar um þau atriði sem upplýsingar skortir um eða ágreiningur er um og ákvæði annarra laga séu því ekki til fyrirstöðu.

36. gr.

Bráðabirgðatollafgreiðsla.

Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 28. gr. tekur til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollstjóri veita heimild til afhendingar vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollstjóri tiltekur. Við ákvörðun tryggingar getur tollstjóri lagt allt að 25% álag á áætluð aðflutningsgjöld. Ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda má tollstjóri ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

Ráðherra setur nánari reglur um bráðabirgðatollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

37. gr.

Neyðarleyfi.

Heimila má farmflytjendum eða öðrum aðilum, sem geyma ótollafgreiddar vörur, að afhenda á eigin ábyrgð vörusendingar, enda sé afhending þeirra brýn. Handhafi neyðarleyfis er ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda vegna vörusendingar ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum.

Ráðherra setur nánari reglur um útgáfu neyðarleyfa samkvæmt þessari grein.

X. KAFLI

Æðsta stjórn og skipulag tollyfirvalda.

38. gr.

Æðsta stjórn tollamála.

Fjármálaráðherra fer með æðstu stjórn tollamála í landinu. Tollstjórar fara með tollamálefni í umboði ráðherra með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þessum.

Ráðherra hefur eftirlit með því að tollstjórar ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar tollskjöl aðila og gögn varðandi þau og krefja tollstjóra skýringa á öllu því er varðar framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkistollanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

39. gr.

Tollumdæmi.

Landið skiptist í tollumdæmi með sama hætti og stjórnsýsluumdæmi sýslumanna eru mörkuð hverju sinni. Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.

40. gr.

Tollstjórar.

Tollstjórar eru tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum, sbr. lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

41. gr.

Tollhafnir.

Tollhöfn er staður, höfn eða flugvöllur, þar sem heimilt er að ferma og afferma för og geyma og tollafgreiða vörur úr þeim án sérstakrar heimildar tollyfirvalda.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvar tollhafnir skuli vera. Við þá ákvörðun skal ráðherra taka mið af þörfum atvinnulífs á viðkomandi stöðum. Ráðherra skal um önnur atriði leita umsagnar tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi, sbr. 3. mgr.

Í umsögn tollstjóra skal gerð úttekt á því hvort eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Í tollhöfn skal vera fullnægjandi aðstaða til fermingar og affermingar fara.
2. Í tollhöfn skal vera fullnægjandi aðstaða til tolleftirlits.
3. Í tollhöfn skulu vera fullnægjandi geymsluhús, geymslusvæði og önnur aðstaða til vörslu á ótollafgreiddum vörum.

Ráðherra getur með sama hætti afturkallað ákvörðun um að tiltekin höfn skuli vera tollhöfn ef ekki er talin þörf á tollhöfn á viðkomandi stað eða skilyrði 3. mgr. eru ekki lengur uppfyllt.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum skulu sveitarfélög og hafnarstjórnir hafa samráð við viðkomandi tollstjóra.

42. gr.

Hlutverk tollstjóra.

Hlutverk tollstjóra í sínu umdæmi er:

1. Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
2. Eftirlit á landamærum með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.
3. Eftirlit með flutningi og geymslu á ótollafgreiddum varningi innan lands.
4. Uppljóstran brota gegn lögum þessum, stöðvun ólögmætrar háttsemi og eftirfylgni mála í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum þessum, lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum.
5. Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfsemi tollyfirvalda.
6. Að veita almennar upplýsingar og leiðbeiningar um tollflokkun vöru, ákvörðun tollverðs, útfyllingu aðflutningsskýrslu, álagningu aðflutningsgjalda, kæruleiðir og hvaðeina sem lýtur að tollmeðferð vöru.
7. Önnur verkefni sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eða sem leiðir af venju.

43. gr.

Sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík.

Auk þeirra verkefna sem tollstjórum eru falin skv. 42. gr. skal tollstjórinn í Reykjavík annast eftirtalin verkefni sem lúta að samræmingu tollframkvæmdar:

1. Þróun og rekstur tölvu- og upplýsingakerfa sem notuð eru af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslu og tolleftirlit samkvæmt lögum þessum.
2. Gerð samskiptareglna fyrir innflytjendur, útflytjendur, farmflytjendur og aðra sem senda tollyfirvöldum upplýsingar með rafrænum hætti vegna tollafgreiðslu vöru.
3. Gerð verklagsreglna fyrir tollstjóra varðandi tollframkvæmdina.
4. Ákvörðun um form tollskjala og eyðublaða sem notuð eru við tollframkvæmdina og um atriði sem skal tilgreina þar.
5. Bindandi ákvarðanir um tollflokkun vöru skv. 21. gr.
6. Miðlun upplýsinga til annarra tollstjóra um atriði sem snerta starfsemi tollyfirvalda með einum eða öðrum hætti, þar á meðal miðlun upplýsinga um úrskurði og bindandi álit um tollflokkun vöru, verklagsreglur, samskiptareglur og útgáfu eyðublaða.
7. Aðstoð og stuðningur við aðra tollstjóra í störfum á sviði tollamála, þar á meðal við túlkun löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla og skipulagningu einstakra verkefna.
8. Tollendurskoðun á landsvísu.
9. Alþjóðasamskipti á sviði tollamála að svo miklu leyti sem ráðherra ákveður.
10. Skipulag áhættugreiningar á sviði tollamála á landsvísu og gerð eftirlitsáætlunar á grundvelli hennar fyrir landið allt.
11. Stjórn einstakra verkefna tollstjóra sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku starfsmanna tollstjóra úr fleiri en einu umdæmi að fengnu samþykki ráðherra. Tollstjóri skal tilkynna hlutaðeigandi tollstjóra eða tollstjórum ákvörðun sína varðandi stjórn verkefnis með hæfilegum fyrirvara.
12. Starfræksla Tollskóla ríkisins sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

44. gr.

Ríkistollanefnd.

Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokkun og annað sem lög þessi mæla fyrir um.

Ráðherra skipar ríkistollanefnd. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera formaður og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollyfirvöldum og hagsmunaaðilum.

Um kærur til ríkistollanefndar fer eftir ákvæðum 118. gr.

45. gr.

Samvinna tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir.

Tollstjóri skal aðstoða lögreglu og ákæruvald við störf þeirra vegna brota á lögum þessum.

Tollyfirvöld og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast tollheimtu og tolleftirliti, svo sem upplýsingagjöf og forvarnir.

46. gr.

Veiting starfa hjá tollyfirvöldum.

Ráðherra skipar tollstjórann í Reykjavík til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti.

Tollstjóri skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjóri ræður aðra starfsmenn við embætti sitt. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá Tollskóla ríkisins eða hlotið sambærilega menntun. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

Tollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 3. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

XI. KAFLI
Tollmiðlarar.

47. gr.
Starfsemi tollmiðlara.

Tollmiðlara er heimilt að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda og hafa með höndum eftirtalda þjónustu í tengslum við tollafgreiðslu vöru:

1. Ráðgjöf við gerð tollskjala, svo sem tollflokkun og útreikning aðflutningsgjalda.
2. Tollskýrslugerð vegna inn- og útflutnings.
3. Beiðni um tollafgreiðslu vöru.
4. Greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjanda.

48. gr.
Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Ráðherra veitir starfsleyfi til tollmiðlunar að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi fríverslunarsamtaka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í ríki sem er aðili að öðrum hvorum áðurnefndra samninga. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
3. Daglegur stjórnandi tollmiðlunar skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Starfsmenn tollmiðlara, sem annast gerð tollskýrslna og samskipti við tollyfirvöld vegna þeirra, skulu hafa sótt sérstakt námskeið hjá Tollskóla ríkisins til þess að öðlast fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara, þar á meðal tollflokkun, tollskýrslugerð, meðferð ótollafgreiddra vara, ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og upplýsingum sem veittar eru tollyfirvöldum, og reglum um greiðslufrest aðflutningsgjalda.
5. Umsækjandi skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.
6. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

Ráðherra skal halda skrá yfir tollmiðlara. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollmiðlun, kalla sig tollmiðlara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi tollmiðlun ekki veitt þjónustu sem henni er heimilt samkvæmt lögum þessum, samfellt í tólf mánuði.

49. gr.

Skyldur tollmiðlara.

Starfsmenn tollmiðlara skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra.

Verði tollmiðlari þess var að umbjóðandi hans leggi vísvitandi fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn skal hann þegar í stað tilkynna um það til tollstjóra.

50. gr.

Eftirlit með tollmiðlurum.

Tollmiðlarar lúta eftirliti tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjóranum í Reykjavík ber að tilkynna ráðherra um ætluð brot tollmiðlara á lögum þessum eða öðrum lögum sem varða tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi tollmiðlara uppfylli hann ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

XII. KAFLI

För í utanlandsferðum, skýrslugjafir farmflytjenda, ferming, afferming o.fl.

51. gr.

Tilkynning um komu og brottför fara í utanlandsferðum.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollstjóra komu fars inn á tollsvæði ríkisins og brottför með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðarstjórn skal veita tollstjóra upplýsingar um komu og brottför flugfara í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið.

Landhelgisgæslan skal veita tollstjóra upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmenn hafna og skipaðir leiðsögumenn svo og starfsmenn flugvalla skulu veita tollstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa og flugfara.

Ráðherra getur sett nánari reglur um tilkynningar samkvæmt þessari grein.

52. gr.

Fyrsta og síðasta viðkoma í tollhöfn.

Fari er skylt að að hafa fyrstu og síðustu viðkomu hér á landi í tollhöfn. Skal ferming eða afferming fars fara þar fram og mönnum hleypt þar frá borði eða teknir um borð.

53. gr.

Undantekningar.

Þegar sérstaklega stendur á getur tollstjóri veitt leyfi til þess að far hafi fyrstu eða síðustu viðkomu hér á landi utan tollhafnar. Þeim sem slíkt leyfi fær er skylt að hlíta þeim skilyrðum

sem tollstjóri setur fyrir undanþágunni, m.a. varðandi fermingu og affermingu fars, og greiða allan kostnað sem af henni leiðir.

Fari, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er ekki skylt að hafa fyrstu viðkomu í tollhöfn hér á landi en stjórnandi farsins skal tilkynna tollstjóra komu fars svo fljótt sem verða má og ástæður þess að leitað var hafnar í skyndi.

Fiskiskipi sem siglir með afla til útlanda beint af veiðum er ekki skylt að hafa viðkomu í tollhöfn við upphaf ferðar. Skipstjóra er skylt að gefa tollstjóra upplýsingar, með hæfilegum fyrirvara, um fyrirhugaða siglingu með afla til útlanda.

54. gr.

Afgreiðslustaður fars.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollstjóra sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og skipstjóra hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugvélar skulu afgreiddar þar á flugvelli sem tollstjóri ákveður í samráði við flugvallarstjóra.

55. gr.

Fyrirmæli um að skip megi eingöngu hafast við í tollhöfnum.

Tollstjóra er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðis ríkisins nema í tollhöfnum.

56. gr.

Skylda stjórnanda fars til að aðstoða tollverði.

Stjórnanda fars ber að veita tollstjóra allar upplýsingar sem þörf er á um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrými svo og geymslur og aðra staði þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Ef tollvörður óskar að komast um borð eða frá borði er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

57. gr.

Meðferð forða.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd og öðrum lagafyrirmælum fullnægt um innflutning.

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram hæfilegan forða sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að allt fari undir lás sem þar skal vera og ekkert hverfi undan lás.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til landsins ber stjórnanda þess, ef innsigli skv. 169. gr. hafa verið rofin eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollstjóri hefur gefið leyfi til þess.

Stjórnandi fars skal gera skrá yfir vörur skv. 1. mgr. við komu fars inn á tollsvæði ríkisins. Stjórnandi fars skal afhenda tollstjóra skrána við komu til landsins.

Tollstjóra er heimilt að undanþiggja skemmtiferðaskip, sem koma hingað til lands, ákvæðum 2. mgr. og 4. mgr.

58. gr.

Farmskrá.

Allar vörur, sem far flytur frá útlöndum eða til útlanda, skulu færðar á farmskrá. Þó er ekki áskilið að upplýsingar um vörur í forða fars og farangur farþega og áhafnar séu skráðar á farmskrá. Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæslu og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu.

Tilgreina skal í farmskrá tollhöfn sem er ákvörðunarstaður vöru.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um farmskrá samkvæmt þessari grein, m.a. þær vörur sem færðar skulu í skrána, breytingar og leiðréttingar skrárinnar og ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

59. gr.

Hættuleg efni.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að tilteknar hættulegar vörur, svo sem eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

60. gr.

Geymsla bannvöru.

Ef vara er flutt til landsins andstætt fyrirmælum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla, sem banna innflutning hennar, skal tollstjóri mæla fyrir um hvar og með hvaða hætti hún skuli geymd þar til ákvörðun hefur verið tekin um frekari meðhöndlun hennar af þar til bærum stjórnvöldum, svo sem um förgun eða flutning úr landi.

61. gr.

Aðkomuafgreiðsla fars.

Afferming fars er háð leyfi tollstjóra. Slíkt leyfi skal ekki veitt fyrr en aðkomuskýrsla, farmskrá og önnur þau skjöl sem lög og reglur áskilja hafa verið afhent tollstjóra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er afferming fars heimil án leyfis tollstjóra ef neyð steðjar að og afferming er nauðsynleg til þess að takmarka tjón á farmi fars. Stjórnanda fars ber að tilkynna tollstjóra um affermingu strax og auðið er og tilgreina ástæður hennar.

62. gr.

Skrá yfir affermdar vörur.

Að lokinni affermingu í hverri höfn er stjórnanda fars skylt að láta tollstjóra í té nákvæma skrá yfir vörur sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning ekki framkvæmd getur tollstjóri látið gera hana á kostnað farmflytjanda.

63. gr.

Skrá um vöntun og skemmdir á vörum.

Að lokinni affermingu í hverri höfn ber stjórnanda fars að afhenda tollstjóra skrá yfir vöntun og skemmdir á vörum sem komið hafa í ljós við affermingunа. Tollstjóri getur látið fara fram rannsókn á vöntun og skemmdum vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðun gjalda af henni.

64. gr.

Brottfararafgreiðsla fars.

Ferming fars er háð leyfi tollstjóra að undanskildum afla sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

Sé vara flutt í far án samþykkis tollstjóra ber stjórnanda fars að afferma það aftur ef tollstjóri telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni.

65. gr.

Far frá innanlandshöfn.

Tollstjóri getur ákveðið að með far sem kemur frá innanlandshöfnum eða af veiðum skuli farið sem aðkomufar að því er tolleftirlit varðar.

66. gr.

Aðstaða til tolleftirlits í flugstöð eða höfn.

Eigendum eða umráðamönnum fara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, er skylt að leggja tollstjóra til án endurgjalds nægilegt húsrými eða aðra aðstöðu til tolleftirlits með farþegum, áhöfnum og vörum, sé þess krafist.

67. gr.

Úrræði tollstjóra sinni stjórnandi fars ekki skyldum sínum.

Hafi farmskrá og önnur gögn samkvæmt ákvæðum þessa kafla ekki verið afhent tollstjóra er honum heimilt að taka í sína vörslu þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnaskrá og önnur viðeigandi skjöl. Tollstjóra ber að skila stjórnanda fars skjölum þessum þegar viðeigandi gögn hafa verið afhent tollstjóra.

68. gr.

Herskip og herflugvélar.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa og herflugvéla sem leita hér hafnar. Stjórnendum þeirra er þó skylt að gera tollstjóra fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða og má krefjast þess að slík greinargerð sé gefin skriflega.

Með þeim undantekningum sem leiðir af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku eru för skv. 1. mgr. undanþegin innsiglun vista, birgða og annars varnings um borð.

Áður en tollskyldar vörur eru fluttar úr fari sem um ræðir í 1. mgr. ber stjórnanda fars að afhenda tollstjóra skrá yfir vörurnar. Tollstjóri hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með þeim vörum og öðrum varningi sem fluttur er til landsins.

XIII. KAFLI

Meðferð og varsla ótollafgreiddrar vöru.

69. gr.

Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.

Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur á eftirtöldum geymslusvæðum:

1. Afgreiðslugeymslum farmflytjenda og viðurkenndra tollmiðlara, sbr. 88.–90. gr.
2. Tollvörugeymslum, sbr. 91.–95. gr.
3. Tollfrjálsum forðageymslum, sbr. 96.–100. gr.
4. Tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, sbr. 101.–104. gr.
5. Frísvæði, sbr. 105.–108. gr.

Óheimilt að geyma ótollafgreiddar vörur utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að veita leyfi til geymslu ótollafgreiddrar vöru utan geymslusvæða skv. 1. mgr. Leyfi skal veitt með skriflegum eða rafrænum hætti. Tollstjóri getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg. Leyfishafi skal greiða allan kostnað sem hlýst af nauðsynlegu eftirliti með vörunni.

Tollstjóra er heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörslur á kostnað farmflytjanda eða innflytjanda til geymslu eða tollafgreiðslu ef nauðsyn krefur.

70. gr.

Geymslutími.

Vörur, sem settar hafa verið í afgreiðslugeymslu skv. 1. tölul. 69. gr., skal tollafgreiða innan sex mánaða frá komu flutningsfars vöru til landsins nema tollstjóri hafi veitt leyfi til flutnings þeirra í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða á frísvæði. Ef sérstaklega stendur á getur tollstjóri heimilað, að fengnu samþykki leyfishafa, að vörur skuli tollafgreiða innan 18 mánaða frá komu flutningsfars til landsins.

Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur á geymslusvæðum skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr. án tímatakmarkana.

71. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um meðferð og vörslu ótollafgreiddra vara samkvæmt þessum kafla.

72. gr.

Athafnasvæði og húsnæði til geymslu ótollafgreiddra vara.

Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skal vera afmarkað rými, hús eða afgirt svæði eftir eðli vörunnar og undir lás leyfishafa. Skal það vera að öllu leyti með þeim hætti að það henti til tryggrar vörslu þeirra vara sem þar eiga að vera.

Tollstjóri skal viðurkenna athafnasvæði og húsnæði sem ætlað er til geymslu ótollafgreiddra vara og eru breytingar á því óheimilar nema að fengnu leyfi hans.

Leyfishafi geymslusvæðis ábyrgist að geymslusvæðið uppfylli á hverjum tíma þau skilyrði sem sett eru um ásigkomulag þess.

Ef geymslusvæði er ekki í fullkomnu ásigkomulagi og leyfishafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollstjóri tiltekur getur tollstjóri látið bæta úr ágöllum á kostnað leyfishafa eða svipt hann rétti til þess að nota húsnæðið eða svæðið.

Meðferð vara á geymslusvæðum.

73. gr.

Einkaneysla, afnot eða sýning á vörum sem fluttar hafa verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur er óheimil nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Iðnaður og aðvinnsla á vörum er óheimil á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

74. gr.

Hættuleg efni.

Tollstjóri getur sett sérstök skilyrði fyrir geymslu hættulegra efna á geymslusvæðum, t.d. um eftirlit, geymslustað eða meðferð þeirra að öðru leyti, eða bannað geymslu þeirra á geymslusvæðum ef nauðsyn ber til.

Ábyrgð vörsluhafa.

75. gr.

Farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða skv. 69. gr. bera ábyrgð á að geymsla og flutningur ótollafgreiddrar vöru sé í samræmi við ákvæði þessa kafla.

76. gr.

Skráning vöru inn á geymslusvæði.

Við flutning vara á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr. skal leyfishafi skrá þær á nafn innflytjanda sendingar og tilgreina heiti og tegund vara í sendingu ásamt magni, þyngd og verðmæti þeirra. Leyfishafi skal jafnframt skrá númer sendingar.

Aðflutningsgjöld af sendingu miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum 1. mgr., sbr. þó ákvæði 87. gr. um umframmagn vöru.

77. gr.

Afhending vöru út af geymslusvæði til notkunar innan lands.

Þeim sem hafa ótollafgreiddar vörur í sinni vörslu til flutnings eða geymslu er óheimilt að láta þær af hendi án leyfis tollstjóra. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsum verslunum.

78. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Farmflytjendur, leyfishafar geymslusvæða skv. 73. gr. og eftir atvikum umboðsmenn erlendra aðila, sem flytja vörur hingað til lands, ábyrgjast greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem þeir hafa afhent eða tekið í notkun án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara.

Um áætlun aðflutningsgjalda í þeim tilvikum sem um ræðir í 1. mgr. fer eftir ákvæðum 115. gr.

Gera má fjárnám í eignum þeirra sem bera ábyrgð á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði án undangengins dóms eða dómsáttar.

79. gr.

Afhending vöru úr fari eða afgreiðslugeymslu.

Áður en vara er flutt úr fari eða afgreiðslugeymslu í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða á frísvæði, sbr. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr., skal leyfishafi tilkynna tollstjóra í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er um fyrirhugaðan flutning. Sama gildir þegar vara er afhent úr vörslu farmflytjanda í afgreiðslugeymslu tollmiðlara eða annars farmflytjanda. Tollstjóri skal lýsa því yfir hvort flutningur sé heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar án tafar en þó eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning berst honum með sannanlegum hætti.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða fars.

80. gr.

Flutningur ótollafgreiddrar vöru milli geymslusvæða.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á milli geymslusvæða skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr. án sérstaks leyfis tollstjóra. Vörsluhafi skal tilkynna tollstjóra um flutning vöru áður en flutningur á sér stað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að flytja vöru úr tollfrjálsri forðageymslu eða tollfrjálsri verslun á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur nema að fengnu sérstöku leyfi tollstjóra.

81. gr.

Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa.

Flutningur ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur, sbr. 82. og 83. gr., hefur í för með sér yfirfærslu ábyrgðar frá einum vörsluhafa til annars þegar leyfishafi, sem tekur við vöru, staðfestir móttöku hennar.

Til sönnunar á yfirfærslu vörsluábyrgðar samkvæmt þessari grein skal farið eftir reglum 85. og 86. gr. eftir því sem við á.

82. gr.

Geymsluband.

Við flutning á ótollafgreiddum vörum á milli geymslusvæða, sem ekki eru á ábyrgð sama leyfishafa, skal farið eftir eftirfarandi formreglum um flutning er kallast geymsluband: Skal leyfishafi geymslusvæðis á sendingarstað gefa út fylgibréf með vörunni á eyðublað sem tollstjórinn í Reykjavík lætur útbúa. Fylgibréfið skal vera í þríriti. Leyfishafi geymslusvæðis sem afhendir ótollafgreidda vöru til leyfishafa geymslusvæðis skv. 2. og 5. tölul. 1. mgr. 69. gr. skal halda eftir einu eintaki fylgibréfsins árituðu af viðkomandi leyfishafa geymslusvæðis á ákvörðunarstað um móttöku vöru til flutnings. Annað eintak tilheyrir leyfishafa þess geymslusvæðis sem tekur á móti ótollafgreiddri vöru til geymslu. Þriðja eintakið skal sent tollstjóra á sendingarstað með áritun um að flutningi sé lokið.

Áritað eintak leyfishafa geymslusvæðis sem afhendir ótollafgreidda vöru er sönnun þess að vörsluábyrgð hans sé lokið.

Vara á geymslubandi skal afhent á nýtt geymslusvæði eigi síðar en innan 24 tíma frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að í stað fylgibréfs og áritunar á það skv. 1. og 2. mgr. komi rafrænar tilkynningar.

83. gr.

Tollband.

Við flutning á ótollafgreiddum vörum í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli skal farið eftir eftirfarandi formreglum um flutning er kallast tollband: Tollstjóri á sendingarstað skal gefa út fylgibréf (tollseðil) með vörunni til ákvörðunarstaðar. Fylgibréfið skal vera í tvíriti. Eitt eintak tilheyrir leyfishafa geymslusvæðis sem afhendir vöru til flutnings til áðurnefndra staða. Annað eintak tilheyrir tollstjóra á ákvörðunarstað. Bæði eintökin skulu árituð af tollstjóra um að vara hafi verið afhent til flutnings. Þau skulu einnig árituð af tollstjóra þegar vara er afhent á ákvörðunarstað.

Eintak fylgibréfs, sem hefur verið áritað af tollstjóra, er sönnun leyfishafa geymslusvæðis um að vörsluábyrgð hans sé lokið.

Vara á tollbandi skal afhent á nýtt geymslusvæði eigi síðar en innan 24 tíma frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að í stað fylgibréfs og áritunar á það skv. 1. og 2. mgr. komi rafrænar tilkynningar.

Vöntun og umframbirgðir.

84. gr.

Vörutalning.

Tollstjóri getur hvenær sem er gert vörutalningu á geymslusvæðum.

Leyfishafi geymslusvæðis skal gæta þess að meðferð og varsla vara á geymslusvæði sé jafnan með þeim hætti að aðgengilegt sé að framkvæma þar vörutalningu. Er hann skyldur til að gefa tollstjóra hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir um vörur á geymslusvæðinu og veita hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf tollstjóra.

Leyfishafi skal hafa ábyrgðarmann viðstaddan vörutalningu.

85. gr.

Sýnileg vöntun.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða toll ef fram kemur sýnileg vöntun í vörusendingu, í heild eða að hluta, við affermingu fars. Vöruvöntun telst sýnileg komi vörusending ekki fram við affermingu eða ef ljóst er af ytri umbúðum að um vöntun er að ræða.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli færa sönnur á vöntun í vörusendingu og fresti til þess að tilkynna tollstjóra um vöntun í vörusendingu.

86. gr.

Leynd vöntun.

Komi fram vöntun í vörusendingu, sem ekki var sýnileg við affermingu fars, í heild eða að hluta, sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 69. gr. eða geymd er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr. er leyfishafa skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð er skv. 76. gr., að viðbættu 20% álagi á toll og önnur aðflutningsgjöld, nema leyfishafi geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en sendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skal færa sönnur á vöntun í vörusendingu og fresti til þess að tilkynna tollstjóra um vöntun í vörusendingu.

87. gr.

Umframbirgðir.

Leyfishafi geymslusvæðis skal skrá allar umframbirgðir á geymslusvæði samkvæmt ákvæði 76. gr. um leið og hann verður þeirra var. Leyfishafi skal tilkynna tollstjóra um allar skráningar samkvæmt þessari grein.

Komi fram, við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, vörumagn umfram það magn sem skráð er inn á hlutaðeigandi geymslusvæði skv. 76. gr. er leyfishafa geymslusvæðis skylt að greiða toll af því vörumagni þegar þess verður vart.

Afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara.

88. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 5.–7. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur tollstjórinn í Reykjavík heimilað farmflytjendum, sem flytja vörur til og frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur á milli tollumdæma innan lands, að reka afgreiðslugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur. Tollstjóranum í Reykjavík er heimilt að veita tollmiðlurum leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu að uppfylltum sömu skilyrðum.

Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. og ekki reka afgreiðslugeymslur í eigin nafni skulu eiga nægan aðgang að geymslum sem reknar eru á grundvelli leyfis skv. 1. mgr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal halda skrá yfir leyfishafa skv. 1. mgr. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja afgreiðslugeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt úr gildi hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

89. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Tollstjórinn í Reykjavík getur afturkallað starfsleyfi skv. 88. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

90. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í afgreiðslugeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í afgreiðslugeymslu úr fari eða milli afgreiðslugeymslna. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í afgreiðslugeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Tollvörugeymslur.

91. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Að fenginni skriflegri umsókn getur ráðherra veitt leyfi til reksturs tollvörugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur í tollhöfn. Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri tollvörugeymslu, en leyfishöfum sjálfum er óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar aðvinnslu á vörum, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru að öðru leyti sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa hlotið dóm vegna brota á tollalögum fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi fríverslunarsamtaka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í ríki sem er aðili að öðrum hvorum áðurnefndra samninga. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

3. Daglegur stjórnandi geymslusvæðis skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Leyfishafi skal setja tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem fyrirtækið kann að verða ábyrgt fyrir vegna starfseminnar. Við ákvörðun á fjárhæð tryggingarinnar skal m.a. höfð hliðsjón af umfangi starfseminnar og gjöldum af þeim vörum sem ætla má að geymdar verði í geymslunni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.
5. Geymslusvæði skal hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra skv. 2. mgr. 72. gr. og liggja vel við affermingu og eftirliti. Upplýsingar um staðsetningu geymslusvæðis og mannvirki tengd því skulu liggja fyrir. Gengið skal þannig frá geymslum að þær verði auðveldlega settar undir lás tollgæslunnar ef nauðsyn ber til vegna tolleftirlits.
6. Leyfishafa geymslusvæðis er skylt að láta tollstjóra í té án endurgjalds fullnægjandi aðstöðu á geymslusvæðinu til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur einföld áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.
7. Vél- og hugbúnaður fyrir birgðabókhald skal þannig úr garði gerður að unnt sé á hverjum tíma að staðreyna viðtökudag sendingar, magn í sendingu, staðsetningu hennar, meðferð og ráðstöfun. Jafnframt skal tryggt að tollstjóri eigi ætíð aðgang að birgðabókhaldi geymslusvæðis. Vél- og hugbúnaður skal samþykktur af tollstjóranum í Reykjavík. Honum er heimilt að gera að skilyrði að tollyfirvöld hafi beinlínuaðgang að upplýsingum úr birgðabókhaldi.
8. Leyfishafi skal hafa á að skipa starfsfólki sem hefur fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um meðferð ótollafgreiddra vara. Sýnt skal fram á að skjalagerð vegna tollmeðferðar, stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna starfseminnar verði með traustum hætti.
9. Hagkvæmniútreikningur vegna reksturs geymslunnar skal liggja fyrir.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollvörugeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til reksturs geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur.

92. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 91. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

93. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í tollvörugeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í tollvörugeymslu úr fari eða afgreiðslugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í tollvörugeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur í tollvörugeymslu ef þær eru ætlaðar til nota við aðvinnslu sem heimil er í geymslunni samkvæmt ákvæðum 95. gr.

Heimilt er að flytja innlenda framleiðsluvöru til útflutnings í tollvörugeymslu þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv.

85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Í þessum tilvikum skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollvörugeymslu.

94. gr.

Tollafgreiddar vörur í tollvörugeymslu.

Ráðherra getur ákveðið, að fenginni umsókn leyfishafa tollvörugeymslu, að heimila geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými í tollvörugeymslu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tollafgreiddar vörur skulu vera skýrt aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum í birgðabókhaldi tollvörugeymslu. Tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja vél- og hugbúnað tollvörugeymslu til þess að tryggja að þessu skilyrði sé fullnægt.
2. Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja fullnægjandi tolleftirlit.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað leyfi samkvæmt þessari grein uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr.

Ráðherra getur kveðið nánar á um skilyrði heimildar skv. 1. mgr. með reglugerð.

95. gr.

Aðvinnsla í tollvörugeymslu.

Iðnaðarframleiðsla og önnur aðvinnsla vöru er óheimil í tollvörugeymslu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óveruleg aðvinnsla á vörum heimil í tollvörugeymslu, svo sem skipting sendinga, einföld umpökkun, merking, samsetning, prófun og þrif.

Tollstjóri sker úr ef óljóst er hvort aðvinnsla falli undir 2. mgr.

Tollstjóra er heimilt að takmarka aðvinnslu skv. 2. mgr. ef það telst nauðsynlegt vegna tolleftirlits.

Tollfrjálsar forðageymslur.

96. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–8. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur ráðherra heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar forðageymslur í tollhöfn þar sem geyma má vistir, útbúnað og annan forða fyrir för í utanlandsferðum auk varnings sem boðinn er til sölu um borð.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollfrjálsa forðageymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

97. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 96. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

98. gr.

Vörur sem flytja má í tollfrjálsa forðageymslu.

Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldar vörur:

1. Ótollafgreiddar vörur.
2. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla.
3. Innlendar framleiðsluvörur. Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollfrjálsa forðageymslu.

99. gr.

Flutningur vara úr tollfrjálsri forðageymslu.

Úr tollfrjálsri forðageymslu má aðeins selja og flytja vörur sem hæfilegan birgðaforða í far sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis til neyslu eða sölu í því fari. Ef sérstaklega stendur á, t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, má tollstjóri heimila tollafgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innan lands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

Við mat á því hvað telst hæfilegur forði skal tollstjóri taka mið af stærð fars og gerð þess, fjölda farþega og stærð áhafnar og lengd ferðar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur samkvæmt þessari grein.

100. gr.

Forði sendur í veg fyrir far.

Vörur úr tollfrjálsri forðageymslu má senda til annarra tollhafna í veg fyrir skip og önnur farartæki í utanlandsferðum ef fylgt er þeim skilyrðum sem tollstjóri setur um flutninginn. Tollstjóri getur undanskilið tiltekna vöruflokka slíkum flutningi.

Tollfrjálsar verslanir.

101. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 6.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr. og að fenginni skriflegri umsókn getur ráðherra heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum eða höfnum.

Leyfi skv. 1. mgr. nær jafnframt til reksturs tollfrjálsrar birgðageymslu fyrir vörur til sölu í verslun leyfishafa.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollfrjálsa verslun.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

102. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 101. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

103. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í tollfrjálsa verslun.

Í tollfrjálsa verslun má setja eftirtaldar vörur:

1. Ótollafgreiddar vörur.
2. Tollafgreiddar vörur þegar endurgreiðsla tolls er heimil skv. 6. tölul. 1. mgr. 7. gr.
3. Innlendar framleiðsluvörur. Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollfrjálsa verslun.

104. gr.

Sala úr tollfrjálsri verslun.

Eingöngu er heimilt að selja farþegum og áhöfnum millilandafara á leið úr landi vörur úr tollfrjálsri verslun. Sala skal eingöngu heimil gegn framvísun brottfararspjalds.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað leyfishafa að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun. Slík verslun skal sérstaklega afmörkuð og eingöngu aðgengileg fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur er heimilt að selja í tollfrjálsri verslun skv. 2. mgr.

Frísvæði.

105. gr.

Frísvæði.

Að fenginni skriflegri umsókn og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 91. gr. laga þessara getur ráðherra heimilað lögaðilum að reka frísvæði þar sem ótollafgreiddar vörur og innlendar framleiðsluvörur hljóta aðvinnslu umfram þá aðvinnslu sem heimil er í tollvörugeymslu, sbr. 95. gr.

Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri frísvæðis. Leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að stunda iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu á frísvæðinu.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja frísvæði.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

106. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 106. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

107. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja á frísvæði.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á frísvæði úr fari, afgreiðslugeymslu eða tollvörugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja á frísvæði enda

þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur á frísvæði ef þær eru ætlaðar til nota við iðnaðarframleiðslu sem heimil er á frísvæðinu.

Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt á frísvæði.

108. gr.

Tollverðsákvörðun.

Aðflutningsgjöld af vöru á frísvæði, sem tekin er til tollmeðferðar vegna afhendingar hennar til notkunar innan lands, miðast við tollverð hennar eins og það er ákveðið samkvæmt reglum um tollverð og tollverðsákvörðun við upphaf tollmeðferðar hennar, sbr. 34. gr.

Tollverð vöru á frísvæði sem flutt er til útlanda er það sem greitt er eða greiða ber fyrir hana samkvæmt ákvæðum V. kafla.

XIV. KAFLI
Álagning, kærur o.fl.

109. gr.

Álagning aðflutningsgjalda.

Tollstjórar annast álagningu aðflutningsgjalda. Álagning aðflutningsgjalda skal byggð á þeim upplýsingum sem koma fram í aðflutningsskýrslu skv. VII. kafla. Þó skal tollstjóri leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té.

Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests skv. 22. gr. skal tollstjóri áætla tollverð vöru skv. 115. gr.

110. gr.

Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu fyrir tollafgreiðslu.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla ásamt fylgiskjölum hefur verið látin tollstjóra í té og áður en afhendingarheimild er veitt að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt, undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á.

Áskorun skv. 1. mgr. getur hvort heldur sem er verið skrifleg eða rafræn, á því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Fái tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests skv. 1. mgr. leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 123. gr.

111. gr.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir rafræna tollafgreiðslu.

Tollstjóri skal endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld, ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 1. mgr. 114. gr.

112. gr.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir skriflega tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu, skal tollstjóri endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Tollstjóra er heimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld á grundvelli 1. mgr. vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 114. gr. um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té réttar og fullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu og fylgiskjölum er þó eigi heimilt að endurákvarða honum aðflutningsgjöld nema vegna sendinga sem hann hefur fengið tollafgreiddar á síðustu 60 dögum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun. Hafi heimild verið veitt til tímabundins innflutnings vöru skal tollstjóra þó heimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld í 60 daga talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld vegna sendinga, sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 114. gr. um fyrirhugaða endurákvörðun, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru.

113. gr.

Aðrar endurákvarðanir.

Komi í ljós eftir tollafgreiðslu vöru að tollstjóra hafi verið látnar í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar en fjárhæð aðflutningsgjalda er engu að síður rétt ákvörðuð skal tollstjóri tilkynna innflytjanda um fyrirhugaðar breytingar á aðflutningsskjölum. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Um endurákvarðanir skv. 1. mgr. gilda ákvæði 114. gr. eftir því sem við á.

114. gr.

Málsmeðferðarreglur við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Ef fyrirhuguð er endurákvörðun tollstjóra skv. 111.–113. gr. skal tollstjóri senda innflytjanda tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun með sannanlegum hætti.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tollstjóri lýsa í meginatriðum þeim atvikum sem hann telur að eigi að leiða til endurákvörðunar.

Tollstjóri skal veita innflytjanda a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningardegi tilkynningar

um fyrirhugaða endurákvörðun, til þess að tjá sig skriflega um efni máls og, eftir atvikum, leggja fram gögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp.

Úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan 30 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi.

115. gr.

Heimildir tollstjóra til áætlunar aðflutningsgjalda.

Í þeim tilvikum þegar tollstjóra ber að áætla fjárhæð aðflutningsgjalda skal hann áætla tollverð vöru svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun. Við áætlunina skal tollstjóri hafa hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöruna, þar á meðal farmskrá, framlögðum gögnum ef einhver eru og gögnum Hagstofu Íslands yfir innfluttar vörur.

116. gr.

Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu.

Verði innflytjandi þess var innan sex ára talið frá tollafgreiðsludegi vöru að upplýsingar, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, voru rangar eða ófullnægjandi skal hann leggja fram beiðni hjá tollstjóra um viðeigandi leiðréttingar, sbr. 2. mgr.

Beiðni skv. 1. mgr. um leiðréttingu skal afhent tollstjóra á formi leiðréttrar skriflegrar aðflutningsskýrslu ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Ákvæði VII. kafla um skriflegar skýrslugjafir gilda um leiðréttar aðflutningsskýrslur samkvæmt þessari málsgrein.

Innflytjandi ber sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda.

Tollstjóri kveður upp úrskurð vegna beiðni um leiðréttingu innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 117. gr.

117. gr.

Kærur til tollstjóra.

Nú telur tollskyldur aðili ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriði sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum til tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur þegar verið tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi.

Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgiskjöl séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varðar vanreifun frávísun kæru.

Úrskurða skal svo fjótt sem verða má og eigi síðar en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og tollskyldum aðila skal bent á heimild til þess að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Úrskurður skal sendur innflytjanda með sannanlegum hætti. Samrit úrskurðar skal þegar í stað sent tollstjóranum í Reykjavík.

118. gr.

Kærur til ríkistollanefndar.

Tollskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 111.–113. gr., sbr. 114. gr., úrskurði tollstjóra um leiðréttingu skv. 116. gr., kæruúrskurði skv. 117. gr. og

ákvörðun tollstjórans í Reykjavík skv. 21. gr. og 2. mgr. 145. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga frá póstlagningardegi úrskurðar eða ákvörðunar.

Tollstjórinn í Reykjavík getur skotið úrskurðum annarra tollstjóra um endurákvörðun skv. 111.–113. gr., sbr. 114. gr., úrskurðum þeirra um leiðréttingu skv. 116. gr. og kæruúrskurðum þeirra skv. 117. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávísun. Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kæruna til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

Tollstjórinn í Reykjavík skal koma fram gagnvart ríkistollanefnd fyrir hönd tollyfirvalda.

Nefndin skal tafarlaust senda tollstjóranum í Reykjavík endurrit eða ljósrit af kæru tollskylds aðila og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Hafi tollstjórinn í Reykjavík skotið úrskurði eða ákvörðun annars tollstjóra til nefndarinnar skv. 2. mgr. skal nefndin tafarlaust senda innflytjanda endurrit kæru ásamt gögnum sem henni fylgdu. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga málinu til skýringar.

Ríkistollanefnd er heimilt að kveðja sérfróða menn sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl. eftir því sem við á.

Nefndin skal úrskurða um kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 60 dögum eftir að gagnaöflun er lokið. Sé munnlegur málflutningur viðhafður skal úrskurður kveðinn upp innan 60 daga frá lokum málflutnings. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir.

Kæra til ríkistollanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi. Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðu hennar fyrr en dómur er genginn.

119. gr.

Tollendurskoðun.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur á hendi tollendurskoðun á landinu öllu.

Tollendurskoðun tekur til hvers konar könnunar tollstjórans á réttmæti upplýsinga sem lagðar voru fram við lögboðna skýrslugjöf til tollstjóra og hvers konar könnunar á réttmæti skila á aðflutningsgjöldum eftir álagningu þeirra. Í tollendurskoðun felst m.a. samanburður á upplýsingum sem tollstjórum eru veittar með rafrænum hætti við bókhaldsgögn, þar á meðal viðeigandi fylgigögn sem eiga að ligga til grundvallar skýrslugjöf til tollstjóra samkvæmt ákvæðum laga þessara. Tollendurskoðun tekur einnig til öflunar frekari gagna frá tollskyldum aðilum eða öðrum.

Lögreglu er skylt að veita tollstjóranum nauðsynlega aðstoð í þágu tollendurskoðunar ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna.

Þegar tollendurskoðun gefur tilefni til endurákvörðunar aðflutningsgjalda skv. 111.–112. gr. eða endurákvörðunar skv. 113. gr. skal tollstjóri, í því umdæmi þar sem vara var tollafgreidd, annast endurákvörðun. Leiði tollendurskoðun í ljós ætluð brot gegn refsiákvæðum XXII. kafla laga þessara skal tollstjórinn í Reykjavík annast rannsóknina sjálfur eða fela hana tollstjóra í því umdæmi þar sem vara var tollafgreidd eftir því sem hann telur hentara.

XV. KAFLI
Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður aðflutningsgjalda.

120. gr.
Gjalddagi aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem ráðstafað hefur verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr., falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands enda sé flutningsfar þegar komið til landsins. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins nema tollstjóri hafi heimilað lengri geymslutíma í afgreiðslugeymslu, sbr. 1. mgr. 70. gr. Í þeim tilvikum skulu aðflutningsgjöld falla í gjalddaga við lok þess frests sem tollstjóri tiltekur. Um gjalddaga aðflutningsgjalda þegar greiðslufrestur er veittur fer eftir ákvæði 2. mgr. 122. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum sem ráðstafað hefur verið í tollvörugeymslu eða á frísvæði falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands. Sama gildir um þær vörur sem óskast tollafgreiddar úr tollfrjálsum forðageymslum og tollfrjálsum verslunum til notkunar innan lands.

Ef neyðarleyfi eða leyfi til bráðabirgðatollafgreiðslu er veitt skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar uppgjör aðflutningsgjalda skal eiga sér stað samkvæmt ákvörðun tollstjóra, sbr. 37. og 36. gr. Ef tímabundinn tollfrjáls innflutningur er heimilaður skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar leyfi til tímabundins innflutnings fellur úr gildi. Aðflutningsgjöld skulu ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á tollafgreiðsludegi.

Ef um hraðsendingu er að ræða skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sjö dögum eftir tollafgreiðslu sendingar.

Ef vara er afhent úr vörslu farmflytjanda eða af geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur án tilskilins leyfis tollstjóra skulu aðflutningsgjöld þegar gjaldfelld.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 5. mgr. og vara hefur verið í vörslu farmflytjanda, tollmiðlara eða innflytjanda samkvæmt sérstöku leyfi tollstjóra, sbr. 3. mgr. 73. gr., skal gjalddagi vera komudagur flutningsfars og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á þeim degi. Ef vara hefur verið flutt í tollvörugeymslu eða á frísvæði skal gjalddagi vera þegar tollstjóra barst tilkynning skv. 79. gr. og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á þeim degi, nema sannað sé með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að óheimil afhending vöru til notkunar innan lands hafi átt sér stað síðar.

Ef aðflutningsgjöld innflytjanda eru endurákvörðuð skv. 111. eða 112. gr., sbr. 114. gr., fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga á tollafgreiðsludegi vöru.

121. gr.
Réttur til greiðslufrests.

Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá skulu njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Réttur til greiðslufrests tekur til aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn í atvinnuskyni.

Óheimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar neyðarleyfi er veitt eða bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram svo og við uppgjör aðflutningsgjalda í þessum tilvikum.

122. gr.

Uppgjörstímabil og gjalddagi við skuldfærslu.

Þegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil tolls og annarra aðflutningsgjalda tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

Gjalddagi skuldfærðra aðflutningsgjalda er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

123. gr.

Synjun um heimild til skuldfærslu.

Tollstjóri skal synja þeim sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda um frekari greiðslufrest á aðflutningsgjöldum ef hann gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Jafnframt er tollstjóra heimilt að synja um frekari greiðslufrest ef sá sem hans nýtur gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma.

Ef bú innflytjanda er tekið til gjaldþrotaskipta eða opinberra skipta eftir lát hans og erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

124. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

125. gr.

Vextir.

Dráttarvextir skulu reiknaðir á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda gilda ákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

126. gr.

Greiðslustaður.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr fari sem hana flytur til landsins samkvæmt farmskrá. Ef ótollafgreidd vara er framsend í annað tollumdæmi skal þó greiða aðflutningsgjöld í því tollumdæmi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal sá sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda greiða aðflutningsgjöld til tollstjóra í því umdæmi þar sem hann á lögheimili.

XVI. KAFLI

Innheimta og ábyrgð.

127. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda vöru.

Nú kemur tollmiðlari fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd innflytjanda vegna tollmeð-

ferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð tollmiðlara fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda, enda hafi tollmiðlari haft heimild innflytjanda til þess, nema tollmiðlari hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar í aðflutningsskjölum væru rangar eða ófullnægjandi, sbr. 33. gr.

128. gr.

Fullnusta aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, eru tryggð með lögveði í innfluttri vöru. Lögveðsréttur er óháður grandleysi eigenda og helst þrátt fyrir eigendaskipti.

Tollstjóri getur krafist nauðungarsölu á uppboði á ótollafgreiddri vöru án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 129. gr., til lúkningar á gjaldföllnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Tollstjóri getur jafnframt boðið vöru til sölu á almennum markaði.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að selja vöru nauðungarsölu vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta farga henni á kostnað innflytjanda.

Verði vara ekki seld nauðungarsölu má gera fjárnám til tryggingar greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta, sekta og kostnaðar hjá tollskyldum aðila án undangengins dóms eða sáttar.

129. gr.

Nauðungarsala á uppboði og uppgjör söluandvirðis.

Tollstjóri skal fá birta auglýsingu um uppboð skv. 2. mgr. 128. gr. með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal tollstjóri tilkynna innflytjanda vöru bréflega um hvar og hvenær uppboð fer fram. Verði tilkynningu ekki við komið vegna þess að innflytjandi er ekki þekktur eða finnst ekki stendur það ekki í vegi fyrir uppboði.

Um mótmæli gegn nauðungarsölu gilda ákvæði XI. og XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Aðflutningsgjöld greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir sölukostnaði vörunnar og gjöldum vegna geymslu hennar hjá farmflytjanda í einn mánuð frá því að hún kom til landsins. Sé söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangs er samkvæmt framangreindu innan árs frá söludegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd nauðungarsölu með uppboði.

XVII. KAFLI
Stöðvun tollafgreiðslu.

130. gr.

Tollstjóri skal stöðva tollafgreiðslu sendingar ef innflutningur vöru sem sending inniheldur er háður skilyrðum samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt. Sama gildir ef innflutningur er háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað.

131. gr.

Tollstjóra er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda:

1. sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað,
2. sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests,
3. sem sinnir ekki upplýsingaskyldu gagnvart tollstjóra, sbr. 30. gr., eða tregðast við að veita aðstoð sem honum ber að veita tollstjóra samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Stöðvun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. skal koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans vegna þeirra atvika sem um getur í 1. mgr.

132. gr.

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

1. að rétthafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiðir af aðgerðum tollyfirvalda,
2. að rétthafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,
3. að rétthafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að bæta rétthafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða þann kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að tíu virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði rétthafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi rétthafi eigi innan framangreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að framlengja framangreindan frest um tíu virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum fullnægjandi gögn þess efnis að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann tilkynna rétthafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í þrjá virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri rétthafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

Ef beiðni um bráðabirgðaaðgerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákvörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dóminum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti rétthafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undan-

skildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af rétthafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert rétthafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.

XVIII. KAFLI
Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

133. gr.
Álagning undirboðs- og jöfnunartolla.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur og þess háttar erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

Ráðherra er enn fremur heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á erlend þjónustuviðskipti að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um vöruviðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvarðanir ráðherra um þetta efni gilda frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum og skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

Ráðherra getur skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning vara á undirboðskjörum eða með styrkjum og gera tillögur til ráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla. Um störf nefndarinnar, réttindi og skyldur, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

134. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram:

1. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
2. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   a. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   b. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

135. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

136. gr.

Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgðatolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en tólf mánaða.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 128. gr.

137. gr.

Undirboðs- og jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

1. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innan lands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á undirboðskjörum.
2. Þegar vara, sem notið hefur útflutningsverðlauna, uppbóta, endurgreiðslna og þess háttar, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
3. Þegar loforð um að hætta innflutningi, sem fellur undir 1.–3. mgr. 133. gr., hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar, sem lagðir eru á með afturvirkum hætti, geta náð til vöru sem flutt hefur verið til landsins allt að 90 dögum áður en kæra barst fjármálaráðuneytinu um innflutning sem fellur undir 1.–3. mgr. 133. gr.

138. gr.

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

1. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,
2. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað,

skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 5. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollbindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.

139. gr.

Verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur.

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um

Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 128. gr.

XIX. KAFLI
Útflutningur.

140. gr.
Skylda til að skila útflutningsskýrslu.

Þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara er flutt úr landi, senda viðkomandi tollstjóra með rafrænum hætti þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara.

141. gr.
Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Einstaklingar og lögaðilar sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga geta sótt um leyfi tollstjórans í Reykjavík til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum sem láta má tollstjóra í té eftir að útflutningur hefur átt sér stað.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um skilyrði fyrir heimild til einfaldaðrar skýrslugjafar við útflutning skv. 1. mgr.

142. gr.

Útflutningsskilyrðum skal fullnægt og útflutningsgjöld skulu greidd í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda. Ráðherra getur með reglugerð vikið frá þessu ákvæði.

143. gr.
Aflaskýrslur íslenskra veiðiskipa.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi taki skipið ekki höfn áður en það flytur afla á erlendan markað. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað þar sem það er gert út ber að senda skýrslu þessa til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útgerðarstaður skipsins er.

144. gr.

Ákvæði laga þessara um innflutning gilda um útflutning og umflutning eftir því sem við getur átt nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum kafla.

XX. KAFLI
Uppruni vöru.

145. gr.

Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru. Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

1. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.
2. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.
3. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluaðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. Tollstjórinn í Reykjavík veitir innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 60 dögum eftir að beiðni er lögð fram.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum skal tollstjóri að beiðni útflytjenda veita upplýsingar um skilyrði tollfríðinda, þar á meðal útgáfu upprunasannana o.fl.

Ef útflytjandi framleiðsluvara er annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. og 3. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið er af ráðherra.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. og 3. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. vegna útfluttra vara til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn og eru þá atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tollyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tollyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útfluttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

XXI. KAFLI
Tollgæsla.

146. gr.
Tollgæsluvald.

Í tollgæsluvaldi felst heimild til þess að beita úrræðum samkvæmt þessum kafla til þess að tryggja að farið sé eftir þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem tollstjórar bera ábyrgð á að framfylgja.

147. gr.
Handhafar tollgæsluvalds.

Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum tollstjóra tollgæsluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

Lögreglumenn fara með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu.

Skipshafnir varðskipa fara með tollgæsluvald þegar þær annast eða aðstoða við tollgæslu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslunni til aðstoðar lögum samkvæmt fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu.

Skyldur tollgæslu og framkvæmd tollgæslustarfa.

148. gr.
Almennar reglur.

Handhöfum tollgæsluvalds ber að sýna árvekni í starfi og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

Handhöfum tollgæsluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

149. gr.
Einkenni tollvarða.

Við framkvæmd starfa sinna skulu tollverðir að jafnaði vera einkennisklæddir og ávallt bera á sér og sýna ef með þarf einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands“ auk nafns þeirra og stöðu, ásamt mynd.

Ráðherra setur nánari reglur um einkennisfatnað og skilríki tollvarða með reglugerð.

150. gr.
Frjáls og óhindraður aðgangur tollgæslu.

Tollgæslu er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli.

151. gr.
Valdbeiting.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt ef brýna nauðsyn ber til að nota handjárn og gasvopn við skyldustörf. Ráðherra skal að höfðu samráði við dómsmálaráðherra setja reglur um hvaða tollvörðum verði heimilað að bera og beita slíkum búnaði, um notkun hans og þjálfun tollvarða.

152. gr.

Heimild til að fela lögreglu og landhelgisgæslu tollgæslustörf.

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lögreglumenn gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum.

Tollstjóri getur falið starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tollgæslu.

153. gr.

Heimild til að fela tollvörðum löggæslustörf.

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli tollverðir gegna löggæslustörfum jafnframt öðrum tollgæslustörfum.

Handtaka, leit og hald á munum.

154. gr.

Handtaka.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt að handtaka mann sem staðinn er að eða grunaður er um brot gegn lögum þessum og yfirheyra eða fá hann lögreglunni í hendur.

155. gr.

Leit í förum og farartækjum.

Tollgæslu er heimilt að leita alls staðar í förum sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er heimilt að leita í farartækjum sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæslu er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum sem hún hefur rökstuddan grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

156. gr.

Skoðun og rannsókn á vörum sem fluttar eru til landsins.

Tollgæslu er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur sem fluttar eru til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsakynni tollstjóra eða á annan tiltekinn stað þar sem tolleftirlit fer fram og þeim framvísað þar til skoðunar.

Tollgæslu er heimilt að taka farangur farþega og áhafnar í sínar vörslur til skoðunar síðar. Getur viðkomandi krafist þess að farangurinn verði innsiglaður þar til skoðun fer fram. Skal hlutaðeigandi gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Enn fremur skal honum látin í té fullnægjandi kvittun ef hann óskar þess.

157. gr.

Leit á geymslustöðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Tollgæsla skal hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á ótollafgreiddum vörum sem geymdar eru á geymslusvæðum skv. 69. gr., svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur

er tollgæslu heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð.

158. gr.

Húsleit í framhaldi af beinni eftirför.

Tollgæslu er heimilt að veita þeim mönnum eftirför sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur. Framkvæma má leit í húsum þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

159. gr.

Leit á mönnum.

Tollgæslu er heimilt að leita á mönnum sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum, förum, húsum eða svæðum þar sem tollvörðum er heimil rannsókn og skoðun á vörum.

Leit á manni má aðeins framkvæma samkvæmt skipun æðsta tollvarðar sem er viðstaddur þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana af svo mikilli tillitssemi sem unnt er og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins.

Sá sem leita skal á skal eiga rétt á því að ákveðið vitni sé tilkvatt til að vera viðstatt þegar leit fer fram ef þess er kostur. Ber tollverði að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt.

Nákvæm leit á manni skal framkvæmd af persónu af sama kyni.

160. gr.

Leit á ólögráða einstaklingum.

Ef fyrirhuguð er leit á einstaklingi sem er ólögráða vegna aldurs skal þá þegar hafa samband við forsjáraðila hans og fulltrúa barnaverndarnefndar, í því umdæmi þar sem leit skal fara fram, og gefa þeim kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram.

Ef fyrirhuguð er leit á einstaklingi sem er ólögráða af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr. skal þá þegar gera lögráðamanni viðvart og gefa honum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddur þegar leit fer fram.

161. gr.

Hald á munum.

Tollgæsla skal leggja hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir, vegna brota á lögum þessum eða öðrum lögum.

162. gr.

Hafi ferðamaður eða farmaður meðferðis hærri fjárhæð í reiðufé en sem nemur 15.000 evrum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, meðferðis við komu til landsins eða brottför frá landinu er handhöfum tollgæsluvalds heimilt að leggja hald á fjármunina ef grunur leikur á um að þeir verði notaðir við framkvæmd brots gegn refsiákvæðum almennra hegningarlaga.

Tollstjóri skal þegar tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um haldlagningu skv. 1. mgr. sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

163. gr.

Málsmeðferðarreglur laga um meðferð opinberra mála.

Um leit, hald á munum, handtöku og aðra málsmeðferð gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum kafla.

Um rannsókn, yfirheyrslu grunaðra manna og skýrslutökur gilda ákvæði 191.–193. gr. laga þessara.

Innsigli og aðrar takmarkanir.

164. gr.

Innsigli.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæslu fyrir farmrými og vistageymslur fara og farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur er heimilt að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum fara og farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tollgæslu aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæslu á þeim stöðum þar sem innsiglun eða læsing kemur ekki að haldi.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður gerð innsigla og setur reglur um notkun þeirra.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið getur tollstjóri krafist þess að varsla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörsluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli og læsingar tollgæslu má enginn nema tollvörður rjúfa innan tollsvæðis ríkisins eða í fari eða farartæki á leið milli staða á tollsvæðinu.

165. gr.

Far einangrað.

Tollgæsla getur kvíað af far sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Tollgæsla getur ákveðið að farþegar eða aðrir megi einungis fara frá borði eða stíga um borð á ákveðnum stað eða á ákveðnum tíma. Einnig getur tollgæsla ákveðið, í samráði við hafnar- eða flugvallaryfirvöld, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað sem hentugastur þykir til eftirlits hverju sinni.

Skylda til að aðstoða tollgæslu og hlýða fyrirmælum.

166. gr.

Skylda til að aðstoða tollgæslu.

Ef nauðsyn ber til getur tollgæsla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu tollgæslu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslu til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og tollverðir.

167. gr.

Skylda til að aðstoða við tollskoðun.

Innflytjendum og vörsluhöfum ótollafgreiddrar vöru er skylt að aðstoða við tollskoðun með því að framvísa vöru að beiðni tollgæslu, opna töskur og aðrar umbúðir, taka upp úr þeim, loka þeim aftur að skoðun lokinni og veita alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Sinni innflytjandi eða vörsluhafi ekki skyldu sinni til að aðstoða við tollskoðun er tollstjóra heimilt að fela tollvörðum eða öðrum starfsmönnum tollstjóra að vinna verkið eða ráða

menn til starfsins og innheimta hjá innflytjanda eða vörsluhafa þóknun er nemur kostnaði.

Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollvörður gefur um það merki.

Stjórnendum fara og farartækja er skylt að veita tollgæslu alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæslu sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

168. gr.

Bann við að tálma tollgæslu í störfum sínum.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni tollgæslustörfum eða óhlýðnast fyrirmælum sem tollgæslan gefur í því skyni að vinna að framkvæmd laga þessara.

XXII. KAFLI
Refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð.
Refsiábyrgð og refsingar.

169. gr.

Refsa skal fyrir þau brot á lögunum er falla undir verknaðarlýsingar ákvæða í kafla þessum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Brotin varða refsingu ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Gera má lögaðila fésekt, einum sér eða ásamt einstaklingum honum tengdum, eftir því sem nánar er kveðið á um í einstökum ákvæðum kaflans. Sama gildir um greiðsluábyrgð lögaðila á sekt sem fyrirsvarsmanni hans eða öðrum starfsmönnum kann að vera gerð.

170. gr.

Það er ólöglegur innflutningur, sem varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, er varðar sömu refsingu, ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Verði eigandi vörunnar ekki fundinn skal refsa stjórnanda farsins fyrir saknæmt brot eða ábyrgðaraðila farsins, lögaðila eða einstaklingi, óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar starfsmanns ábyrgðaraðilans eða ábyrgðaraðilans sjálfs ef hann er einstaklingur. Ábyrgðaraðila farsins verður eingöngu gerð sekt.

Það varðar sektum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

171. gr.

Hver sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, þótt hann viti eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Meðferð ávinnings af brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

172. gr.

Hver sem veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru eða vanrækir að leggja fram tilskilin gögn samkvæmt lögum þessum vegna innflutnings vöru skal sæta sektum sem að lágmarki nema tvöföldum en að hámarki tíföldum aðflutningsgjöldum af því tollverði sem dregið var undan álagningu aðflutningsgjalda. Álag á toll og önnur aðflutningsgjöld skv. 86. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Hver sem veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru eða vanrækir að leggja fram tilskilin gögn samkvæmt lögum þessum vegna útflutnings vöru skal sæta sektum.

Tollmiðlari sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf eða veitir rangar eða villandi upplýsingar við tollskýrslugerð vegna inn- eða útflutnings, beiðnir um tollafgreiðslu vöru eða við greiðslu aðflutningsgjalda skal sæta refsingu skv. 1. mgr.

Hafi brot gegn 1. eða 3. mgr. verið framið af ásetningi varðar það auk sekta fangelsi allt að sex árum ef brotið er ítrekað eða miklar sakir að öðru leyti.

173. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar, að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða teljist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga.

Nú hefur ráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í 1. mgr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, og má þá gera viðkomandi leyfishafa sekt ef hann er einstaklingur og hefur ekki sýnt nægilega varkárni um meðferð eða vörslu skjalanna. Sama gildir um forsvarsmann lögaðila ef lögaðilinn er leyfishafi.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

174. gr.

5. Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytispjöld, stungur, þrykk eða steinprent skulu flokkaðir með þessum vörum, enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þær. Rammar sem ekki eru að gerð eða verðmæti í eðlilegu samræmi við vörur þær, sem vitnað er til í þessari athugasemd, skulu flokkaðir sérstaklega.

			A %	E %
9701		**Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki teikningar í nr. 4906 og handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir; klippimyndir og áþekk veggskreytispjöld:**		
	9701.1000	– Málverk, teikningar og pastelmyndir	0	
	9701.9000	– Annað	10	0
9702	9702.0000	**Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti**	0	
9703	9703.0000	**Frumverk af höggmyndum og myndastyttum, úr hvers konar efni**	0	

			A %	E %
9704	9704.0000	**Frímerki eða stimpilmerki, póststimpilmerki, fyrstadagsumslög og póststimpilmerki (stimpluð skjöl), og þess háttar, notuð eða ónotuð, þó ekki vörur í nr. 4907**	0	
9705	9705.0000	**Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg eða myntfræðileg söfn og safnmunir**	0	
9706	9706.0000	**Forngripir eldri en 100 ára**	0	

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Á árinu 2001 fól fjármálaráðherra sérstakri nefnd að endurskoða gildandi tollalög. Þeirri vinnu lauk snemma árs 2004 með því að nefndin skilaði ráðherra drögum að frumvarpi til tollalaga. Í tollalaganefnd áttu sæti Jóna Björk Guðnadóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, formaður, Lilja Sturludóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður tollgæslusviðs tollstjórans í Reykjavík, og Guðrún Sigtryggsdóttir, forstöðumaður tollheimtusviðs tollstjórans í Reykjavík. Ritari nefndarinnar var Svana M. Davíðsdóttir, lögfræðingur hjá tollstjóranum í Reykjavík.

Frumvarpið byggist meginatriðum á frumvarpi til tollalaga sem var lagt fram til kynningar á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Að lokinni kynningu á Alþingi var frumvarpið sent til umsagnar fjölmargra aðila. Þær athugasemdir sem bárust hafa verið yfirfarnar í fjármálaráðuneytinu og þónokkrar breytingar hafa verið gerðar á því frumvarpi sem var lagt fram til kynningar. Helsta breytingin lýtur að skiptingu landsins í tollumdæmi. Í þessu frumvarpi er horfið frá hugmyndum um fækkun tollumdæma og lagt til að afmörkun þeirra verði óbreytt frá gildandi lögum, m.a. í ljósi þess að tillögur um breytta skipan lögreglustjórnar á landsvísu liggja ekki fyrir. Komi til breytinga á skipulagi lögreglustjórnar á landsvísu er óhjákvæmilegt að taka skipan tollumdæma til endurskoðunar. Þá voru gerðar nokkrar breytingar á verkaskiptingu á milli tollstjóra og lögregluyfirvalda. Aðrar breytingar voru minni í sniðum og verður ekki drepið á þær hér.

Gildandi tollalög eru nr. 55/1987, með síðari breytingum. Um er að ræða lagabálk sem hvílir á gömlum merg þar sem hann var byggður á þrennum eldri lögum sem fjölluðu um tollamálefni. Skal þar fyrst telja lög nr. 43/1960, um tollvörugeymslur o.fl., lög nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og loks lög nr. 120/1976, um tollskrá o.fl. Við setningu gildandi tollalaga árið 1987 var markmiðið að búa til ein heildarlög sem tækju til allra meginþátta tollheimtu og tolleftirlits. Var áðurnefndum þrennum lögum því steypt saman í ein heildarlög í því skyni að hafa í einum lagabálki ákvæði sem snerta tollmeðferð og tollheimtu við innflutning og útflutning á vörum. Á þeim 17 árum sem liðin eru frá gildistöku núgildandi tollalaga hafa miklar breytingar orðið í starfsumhverfi tollyfirvalda sem kalla á heildarendurskoðun laganna. Gerð er grein fyrir þessum breytingum hér á eftir.

Frá því að gildandi tollalög tóku gildi hefur hlutfall tolla af skatttekjum ríkissjóðs farið lækkandi. Árið 1986 voru tollar 8% af skatttekjum ríkissjóðs. Tíu árum síðar hafði hlutfallið lækkað í 3% og árið 2003 var hlutfallið komið niður í 1%. Ástæða lækkunarinnar er að gjaldtaka í formi tolla hefur verið á undanhaldi, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Auk tolla eru ýmis gjöld lögð á og innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum. Þau eru eftirfarandi:

1. Tollar samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987.
2. Virðisaukaskattur samkvæmt virðisaukaskattslögum, nr. 50/1988.
3. Almenn vörugjöld samkvæmt lögum um vörugjald, nr. 97/1987.
4. Vörugjöld af ökutækjum og eldsneyti samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.
5. Áfengisgjald og tóbaksgjald samkvæmt lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.
6. Úrvinnslugjald samkvæmt lögum nr. 162/2002.

7. Skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plasti samkvæmt lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.
8. Höfundarréttargjald á bönd, diska, plötur o.fl. samkvæmt höfundalögum, nr. 73/1972,
9. Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur samkvæmt lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.
10. Eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
11. Eftirlitsgjald af fóðri, áburði og sáðvöru samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.
12. Eftirlitsgjald vegna innflutnings plantna samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Þau aðflutningsgjöld sem skila ríkissjóði mestum tekjum auk tolla eru margvísleg vörugjöld, einkum á bifreiðar og bensín, svo og áfengisgjald.

Frá því að gildandi tollalög tóku gildi 1987 hefur íslenskt viðskiptaumhverfi breyst mikið. Aukinn hraði í viðskiptum í kjölfar örra framfara á sviði tölvutækni og stórauknar samgöngur til annarra landa hafa leitt til þess að viðskiptalífið krefst aukinnar skilvirkni í því skyni að vöruviðskipti milli Íslands og annarra landa gangi greiðlega fyrir sig. Tollyfirvöld hafa á undanförnum árum brugðist við kröfum viðskiptalífsins með nýjum lausnum og í því sambandi má nefna að Ísland tók fyrst Norðurlanda upp rafræna tollafgreiðslu með skeytamiðlun árið 1991. VEF-tollafgreiðsla hófst síðan árið 2001 og var Ísland með fyrstu ríkjum til þess að taka upp almenna gagnvirka tollafgreiðslu á vefnum. Með því varð bylting í vinnuaðferðum tollyfirvalda sem leiddi m.a. af sér styttri tollafgreiðslutíma en áður. Jafnframt hafði breytingin í för með sér að breyta varð aðferðum við tolleftirlit þar sem tollskýrslur eru í sumum tilfellum ekki skoðaðar fyrr en eftir að vara hefur verið tollafgreidd. Endurskoðun tollalaga miðar að því að vöruviðskipti milli Íslands og annarra landa verði sem greiðust en um leið verði búið svo um hnútana að tollyfirvöld geti sinnt því hlutverki sínu að tryggja eftirlit með því að ólöglegur varningur berist ekki til landsins jafnframt því að álagning aðflutningsgjalda sé rétt.

Þar til á allra síðustu árum hefur hefðbundið hlutverk tollgæslunnar verið að hafa eftirlit með innflutningi til landsins en nýverið hefur alþjóðasamfélagið sett fram kröfur um að tollgæslan annist einnig eftirlit með útflutningi. Árásir hryðjuverkamanna á borgirnar New York og Washington 11. september 2001 urðu til þess að yfirvöld í Bandaríkjunum, Evrópusambandið og ýmsar alþjóðastofnanir hafa lagt aukna áherslu á eftirlit tollyfirvalda með útflutningi til þess að tryggja vernd skipa og flugvéla, áhafna, farþega, farms, hafnarsvæða og flugvalla í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hryðjuverk og greina vopn og annan hættulegan varning í farmi skipa og flugvéla. Gera má ráð fyrir að þetta breytta umhverfi leiði í náinni framtíð til verulegra breytinga á starfsemi íslenskra tollyfirvalda varðandi eftirlit með vörum til útflutnings.

Þótt ljóst væri í upphafi endurskoðunar tollalaga að huga þyrfti að fjölmörgum þáttum var óljóst hversu víðtækar breytingar yrðu lagðar til og hvort samið yrði frumvarp til breytinga á tollalögum eða frumvarp til nýrra tollalaga. Eftir því sem störfum nefndarinnar vatt fram kom æ betur í ljós að best færi á því að sett yrðu ný tollalög, enda lá fyrir að lögð yrðu til mörg nýmæli og fjölmargar breytingar á gildandi lögum. Þegar fyrir lá að lagt yrði fram frumvarp til nýrra tollalaga þótti ástæða til að huga sérstaklega að uppbyggingu frumvarpsins, með það fyrir augum að gera það eins aðgengilegt og skýrt og unnt væri. Sú athugun leiddi til uppstokkunar á greina- og kaflaskipan frumvarpsins, miðað við gildandi tollalög,

og þykir hin nýja framsetning mun gleggri en hin eldri. Miðast framsetning frumvarpsins við það að unnt sé að fylgja ferli vöru frá því að hún berst til landsins þar til hún er tollafgreidd og ekki lengur háð eftirliti tollyfirvalda. Þannig er leitast við að hafa fremst í frumvarpinu þau atriði sem fyrst koma til athugunar við innflutning vöru, síðan er fjallað um það sem næst ber að skoða í ferlinu og svo koll af kolli. Þar sem efni frumvarpsins er mjög yfirgripsmikið er ekki unnt að halda þessari meginlínu algerlega hreinni þar sem í frumvarpinu eru einnig ákvæði um skipulag tollyfirvalda, veitingu starfa hjá tollyfirvöldum og margt fleira.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er að finna mörg nýmæli. Rétt þykir að gefa yfirlit yfir þau helstu til glöggvunar en umfjöllun um þau er einnig að finna í athugasemdum við hvern kafla og einstakar greinar, eftir því sem við á. Nýmælanna er hér getið í sem næst þeirri röð sem þau koma fyrir í frumvarpinu.

1. *Heimild til að fella niður toll af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda.*

Mjög hefur færst í vöxt að ýmis erlend fyrirtæki og stofnanir komi hingað til lands til funda- og ráðstefnuhalds. Lagt er til að slíkum aðilum verði gert kleift að koma með tæki og búnað til landsins vegna slíkra funda. Undir heimildina geta t.d. fallið vörur eins og dúkar og borðbúnaður sem t.d. ber merki fyrirtækisins eða stærri tæki og öryggisbúnaður til að gæta að öryggi ráðstefnugesta. Þá getur verið um að ræða gjafir til starfsmanna eða annarra ráðstefnugesta sem þeir taka með sér úr landi að fundi loknum.

2. *Heimild til að fella niður toll af vöru vegna galla.*

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fella niður toll af endurinnfluttri vöru, sem send er til útlanda til viðgerðar á ábyrgðartíma, enda séu færðar sönnur á að viðgerð sé eiganda vörunnar að kostnaðarlausu og ábyrgð falin í upphaflegu tollverði vörunnar. Sama á við ef erlendur seljandi gallaðrar vöru í ábyrgð ákveður að senda nýja vöru í stað gallaðrar vöru. Þá getur kaupandi gallaðrar vöru með ákveðnum skilyrðum flutt inn án tolla nýja vöru í stað þeirrar gölluðu áður en hin gallaða vara hefur verið send úr landi eða henni fargað. Breyttir viðskiptahættir með lausafé milli landa (netviðskipti o.fl.) kalla á rýmri reglur en nú gilda að þessu leyti. Örar tækniframfarir og fjöldaframleiðsla kalla einnig á rýmkun þessara reglna, sér í lagi vegna þess að rafeindatæki eru oft þess eðlis að ekki svarar kostnaði að gera við þau og kýs framleiðandi þá gjarnan að senda kaupanda nýjan söluhlut í stað gallaðs.

3. *Skylda inn- og útflytjenda til að tollflokka vöru í tollskjölum samkvæmt almennun reglum um túlkun tollskrárinnar.*

Í gildandi tollalögum er ekki að finna sérstaka grein sem leggur með beinum hætti þessa skyldu á herðar inn- og útflytjendum heldur hefur mátt leiða hana af ákvæðum sem skylda þá til þess að fylla tollskjöl út með fullnægjandi hætti. Meginreglu þessari hefur verið fylgt í framkvæmd þótt hún hafi ekki verið orðuð með skýrum hætti í tollalögum fram að þessu en rétt þykir að það verði gert.

4. *Frestur til að láta tollstjóra í té aðflutningsskjöl styttur úr tólf mánuðum í sex mánuði.*

Rökin fyrir breytingunni eru þau að æskilegt er að fá viðeigandi upplýsingar um vörur í afgreiðslugeymslu (almennri geymslu farmflytjanda og tollmiðlara) sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars til landsins. Dæmi eru um að vörur sem eigendur

hirða ekki um dagi uppi í slíkum geymslum sem getur leitt til þess að nauðsynlegt reynist að bjóða vörurnar upp til fullnustu aðflutningsgjalda. Í einhverjum tilvikum hefur þurft að farga vörum sem seldust ekki á uppboði. Veldur þetta óhagræði og kostnaði bæði fyrir tollyfirvöld og farmflytjendur. Með því að stytta skilafrest aðflutningsskjala er þess vænst að álagning og innheimta aðflutningsgjalda verði markvissari og minna verði um að vörur safnist upp í geymslum farmflytjenda.

5. *Hlutverk tollstjórans í Reykjavík.*

Í frumvarpinu er í tveimur greinum fjallað um hlutverk tollstjóra. Í fyrra ákvæðinu eru skilgreind helstu verkefni tollstjóra. Í síðara ákvæðinu er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem tollstjórinn í Reykjavík annast fyrir landið allt. Með þessu er m.a. leitast við að draga fram með skýrum hætti mikilvægt stefnumótunar- og samræmingarhlutverk tollstjórans í Reykjavík í tollamálum á landsvísu, auk þeirra verkefna sem tollstjóranum í Reykjavík er falið að annast á landsvísu, t.d. áhættugreiningu og tollendurskoðun.

6. *Tollmiðlarar.*

Í frumvarpinu er tekið upp nýtt hugtak, tollmiðlari, yfir þá aðila sem taka að sér í atvinnuskyni að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda. Sett eru fram ítarleg ákvæði um starfsemi tollmiðlara og starfsemi þeirra gerð leyfisskyld. Með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu hefur starfsemi umboðsmanna inn- og útflytjenda aukist verulega. Samkvæmt ákvæðum núgildandi tollalaga bera þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda ábyrgð á því að upplýsingar sem veittar eru tollyfirvöldum séu réttar og fullnægjandi að öllu leyti. Jafnframt bera umboðsmaður innflytjanda og innflytjandi sjálfur óskipta ábyrgð (sólidaríska) á greiðslu aðflutningsgjalda. Tollmiðlarar gegna þess vegna veigamiklu hlutverki við tollmeðferð vöru og er mikilvægt að kveða á um réttindi þeirra og skyldur með skýrari hætti en nú er gert í tollalögum.

7. *Skylda tollmiðlara til að kalla eftir gögnum.*

Í frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um að tollmiðlara er skylt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum sem liggja skulu til grundvallar aðflutningsskýrslu áður en hann sendir rammaskeyti í tölvukerfi tollyfirvalda vegna SMT-tollafgreiðslu. Frá því að SMT-tollafgreiðsla var tekin upp árið 1991 hefur verið gengið út frá þessari reglu í framkvæmd en texti núgildandi laga hefur ekki verið fyllilega skýr að þessu leyti.

8. *Geymsla gagna sem liggja til grundvallar rafrænni aðflutningsskýrslu.*

Þegar rafræn tollafgreiðsla fer fram er mikilvægt að skrifleg gögn sem veita upplýsingar um þau atriði sem eiga að liggja til grundvallar tollskýrslu séu varðveitt með öruggum hætti. Í frumvarpinu eru dregnar skýrar línur varðandi það hverjir geyma hvaða gögn á hverjum tíma og hversu lengi. Það nýmæli er lagt til að tollmiðlari varðveiti viðeigandi skrifleg gögn í þrjá mánuði frá tollafgreiðsludegi. Þetta er lagt til í því skyni að gera tollstjórum hægara um vik að nálgast gögnin og annast lögboðna tollendurskoðun. Til þess að lágmarka óhagræði tollmiðlara af geymslu gagna er lagt til að geymslutími sé þrír mánuðir en eftir þann tíma hefur tollstjóri aðgang að viðkomandi gögnum hjá bókhaldsskyldum innflytjanda, sem er skylt að geyma gögnin í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Þegar tollmiðlari annast rafræna tollafgreiðslu fyrir aðila sem ekki er bókhaldsskyldur er honum skylt að afhenda tollstjóra öll skrifleg gögn er varða tollafgreiðsluna að loknum þriggja mánaða geymslutíma.

9. *Skilgreining farmskrár lögfest.*

Í frumvarpinu er að finna lagaákvæði sem hefur að geyma nýmæli sem með almennum hætti gerir grein fyrir farmskrá og skyldu til að skrá inn- og útfluttar vörur á farmskrá. Rétt þykir að skilgreining farmskrár komi fram í tollalögum en svo er ekki í núgildandi lögum.

10. *Ótvíræður aðgangur tollstjóra að starfsstöðvum tollskyldra aðila.*

Í frumvarpinu er sett fram heimild tollstjóra til ótvíræðs aðgangs að gögnum tollskyldra aðila og aðgangs að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum. Þá er tollstjóra jafnframt veitt heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta við tolleftirlit. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um virðisaukaskatt.

11. *Skipun tollvarða í höndum tollstjóra.*

Sú breyting er lögð til í frumvarpinu að tollstjórar skipi aðaldeildarstjóra og deildarstjóra í tollgæslu. Samkvæmt gildandi lögum fer ráðherra með þetta hlutverk en eðlilegt þykir að tollstjóri skipi sína starfsmenn.

12. *Skylda Landhelgisgæslu til að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í ferðum til og frá landinu.*

Sú skylda er lögð á herðar Landhelgisgæslunnar að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið. Landhelgisgæslan sinnir nú þegar upplýsingagjöf til lögreglu um komu og brottför skipa í utanlandsferðum í þeim tilgangi að hafa eftirlit með ferðum fólks til og frá landinu. Tollstjóri hefur eftirlit með inn- og útflutningi á vörum og hefur því verulega hagsmuni af því að fá upplýsingar frá Landhelgisgæslunni um komu og brottför skipa til að geta sinnt því eftirliti. Þykir eðlilegt að lögfesta ákvæði þar sem mælt er fyrir um að Landhelgisgæslan skuli láta tollstjóra umræddar upplýsingar í té. Ákvæðið felur í sér staðfestingu á núverandi framkvæmd þar sem tollstjórinn í Reykjavík hefur nú þegar aðgang að upplýsingum frá Landhelgisgæslu um komu og brottför skipa.

13. *Ótvíræð heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður.*

Í frumvarpinu er mælt fyrir um ótvíræða heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður. Í sumum tilvikum getur verið um að ræða vöru sem hætta stafar af eða aðrar ástæður mæla með sérstökum öryggisráðstöfunum varðandi geymslu hennar.

14. *Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.*

Í frumvarpinu er viðamikill kafli um geymslu á ótollafgreiddum vörum. Ákvæðin í þessum kafla frumvarpsins hafa tekið talsverðum breytingum frá samsvarandi ákvæðum í gildandi tollalögum. Í kaflanum er leitast við að færa hugtakanotkun til samræmis við þær málvenjur sem myndast hafa í tollframkvæmdinni. Helstu nýmæli sem sett eru fram í kaflanum eru eftirfarandi:

a. Lögfest er sú regla að við flutning vöru á frísvæði, í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu eða tollfrjálsa verslun skuli skrá vöruna inn á geymslusvæðið með nánar tilgreindum hætti. Við skráningu skal tilgreina nafn innflytjanda og skráningarnúmer, heiti og tegund vöru auk magns, þyngdar og verðmætis vöru. Þessi háttur hefur verið við-

hafður í tíð núgildandi tollalaga en rétt þykir að kveða á um þessa skráningu í tollalögum.

b. Sett eru fram ákvæði um flutning ótollafgreiddra vara og skyldu þeirra sem reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur að tilkynna flutninginn. Í ákvæðunum er gerður greinarmunur annars vegar á flutningi úr fari eða afgreiðslugeymslu yfir á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur og hins vegar á flutningi á milli geymslusvæða annarra en afgreiðslugeymslna. Í fyrrnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að tollstjóri gefi til kynna innan 24 klukkustunda frá því að tilkynning um fyrirhugaðan flutning berst, hvort flutningur sé heimill eða varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Í síðarnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að flutningur sé heimill án sérstaks leyfis tollstjóra en sú skylda er lögð á herðar leyfishafa geymslusvæðis að tilkynna tollstjóra um flutninginn áður en hann fer fram til þess að tollyfirvöld geti nálgast vöruna vegna tolleftirlits ef þörf krefur.

c. Mælt er fyrir um nákvæmar reglur um vörsluábyrgð leyfishafa viðurkenndra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur. Jafnframt eru settar fram nákvæmar formreglur um með hvaða hætti vörsluábyrgð flyst á milli leyfishafa geymslusvæða við flutning ótollafgreiddrar vöru frá einu geymslusvæði til annars.

d. Fjallað er með nákvæmum hætti um greiðsluskyldu aðflutningsgjalda þegar vörur vantar í vörusendingu í fari eða á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Einnig er mælt fyrir um hvernig fara skal með birgðir á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur sem eru umfram þær birgðir sem skráðar eru í geymsluna. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi tollalögum.

e. Leyfilegum geymslutíma ótollafgreiddra vara á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur er breytt í tveimur tilvikum. Geymslutími í afgreiðslugeymslu (geymslu farmflytjanda og tollmiðlara) er styttur úr einu ári í sex mánuði. Geymslutími í tollvörugeymslu er lengdur úr þremur árum í ótímabundinn geymslutíma.

f. Skýrt er kveðið á um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta öðlast starfsleyfi til að reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.

g. Heimilt verður að geyma saman tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur í tollvörugeymslu. Í gildandi tollalögum er ekki gert ráð fyrir blöndun tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í tollvörugeymslum.

h. Gert er að skilyrði að kaupandi framvísi brottfararspjaldi þegar kaup eru gerð í tollfrjálsri verslun við brottför úr landi.

i. Sett er fram lagaákvæði sem heimilar rekstur tollfrjálsrar komuverslunar í fríhöfn og allur vafi þar með tekinn af um lagagrundvöll fyrir rekstri komuverslunar.

15. *Áætlun aðflutningsgjalda.*

Í frumvarpinu er sett fram viðmiðunarregla er veitir tollstjóra leiðbeiningar um hvernig honum ber að áætla fjárhæð aðflutningsgjalda í þeim tilvikum lögin leggja slíka skyldu á hann. Ber honum að áætla tollverð vöru svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun. Við áætlunina skal tollstjóri hafa hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöruna, þar á meðal farmskrá, framlögðum gögnum ef einhver eru og meðaltalstölum Hagstofu yfir innfluttar vörur. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í sambærileg ákvæði í skattalögum.

16. *Viðmiðunarreglur um magn forða í skip eða flugvél í millilandaferðum.*

Í frumvarpinu er ákvæði sem felur í sér leiðbeiningar til tollstjóra þegar hann metur hver telst hæfilegur forði fars í millilandaferðum. Nauðsynlegt þykir að tollalög hafi að geyma viðmiðun um þetta atriði þar sem dæmi eru um að tollstjóri hafi afgreitt svo ríflegt magn áfengis og tóbaks um borð að fullvíst hefur verið talið að varningnum yrði smyglað inn í landið aftur eða inn í annað viðkomuland skipsins. Sett eru fram ákveðin viðmið, þ.e. stærð skips, gerð þess, fjöldi farþega, stærð áhafnar og lengd ferðar. Ólík viðmið skulu sett um hæfilegan forða eftir því hvort um er að ræða farþegafar eða annars konar far, svo sem fiskiskip. Þá skal litið sérstaklega til þess hvort hlutaðeigandi far er að staðaldri í förum á milli Íslands og annarra landa. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að til þess að far geti keypt tollfrjálsan forða þarf það að eiga viðkomu í erlendri höfn.

17. *Einfaldaðar útflutningsskýrslur.*

Sett er fram ákvæði sem heimilar að þeir sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga, t.d. netverslun, geti sótt um leyfi tollstjórans í Reykjavík til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum. Með þessu er tekið tillit til þess að nokkur íslensk fyrirtæki hafa sett á fót póstverslun með ýmsar vörur og selt til einstaklinga erlendis með góðum árangri. Atvinnustarfsemi af þessu tagi er vaxtarbroddur í verslun hér á landi sem rétt er að taka tillit til í tollalögum. Oftast er um litlar og ódýrar sendingar að ræða og er fyrirtækjunum hagræði að því að geta skilað útflutningsskýrslum fyrir ákveðið tímabil, t.d. á tveggja mánaða fresti, þrátt fyrir að útflutningur hafi þegar átt sér stað. Engin gjöld eru greidd af vörum við útflutning en mikilvægt er fyrir stjórnvöld að fá upplýsingar um hagtölur vegna útflutnings.

18. *Stöðvun tollafgreiðslu.*

Í frumvarpinu eru tvö ákvæði sem kveða á um rétt tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu í ákveðnum tilvikum. Í gildandi lögum eru ekki nægilega skýr ákvæði um þetta atriði. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að tollstjóri skuli stöðva tollafgreiðslu sendingar ef inn- eða útflutningur vöru er samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum háður skilyrðum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt eða háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að í eftirlitshlutverki tollstjóra með inn- og útflutningi felist að honum beri að stöðva inn- og útflutning sem ekki fullnægir settum reglum. Þetta hlutverk tollstjóra hefur ekki verið orðað með beinum hætti í tollalögum. Þá er í frumvarpinu einnig mælt fyrir um heimild tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað og til innflytjanda sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests. Stöðvun tollafgreiðslu skal þá koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans.

19. *Heimild tollstjóra til að leiðrétta smávægilegar villur í aðflutningsskýrslum.*

Lagt er til að lögfest verði heimild tollstjóra til þess að leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té. Til þess að leiðrétting sé heimil verður hún að vera smávægileg og óyggjandi. Það kemur ekki til þess að tollstjóri leiðrétti augljósar og smávægilegar villur í rafrænum aðflutningsskýrslum enda sá háttur hafður á að skýrsla er ekki lesin inn í tölvukerfi tollyfirvalda og móttekin fyrr en tiltekin grundvallaratriði liggja fyrir. Komi til leiðréttingar rafrænna aðflutningsskjala er litið

svo á að ekki geti verið um smávægilega villu að ræða og ber tollstjóra því að skora á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma.

20. *Heimild tollstjóra til endurákvörðunar án þess að það hafi í för með sér breytingu á álagningu aðflutningsgjalda.*

Kveðið er á um heimild tollstjóra til að leiðrétta rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskjölum sem honum hafa verið látin í té þrátt fyrir að leiðréttingar leiði ekki til breyttrar ákvörðunar aðflutningsgjalda. Slík endurákvörðunarheimild er ekki í gildandi lögum. Það er afar mikilvægt að afla eins áreiðanlegra upplýsinga og mögulegt er um inn- og útfluttar vörur, þar á meðal réttra upplýsinga um tollflokkun vöru. Upplýsingar úr tölvukerfi tollyfirvalda eru notaðar við ýmsar greiningar á inn- og útfluttum vörum, í hagtölum og verslunarskýrslum og fleira. Einnig geta aðflutningsgjöld á vörum í tilteknum tollskrárnúmerum breyst og þá er mikilvægt að lagt hafi verið fyrir innflytjanda að tollafgreiða vöruna í réttu tollskrárnúmeri til að tryggja rétta álagningu gjalda í framtíðinni.

21. *Leit á ólögráða einstaklingum.*

Kveðið er á um sérstakar reglur um leit tollgæslu á ólögráða einstaklingum. Eftir hækkun lögræðisaldurs barna úr 16 árum í 18 ár og með auknum ferðalögum á milli landa má telja næsta víst að færst hafi í vöxt að börn og ungmenni sem ekki hafa náð sjálfræðisaldri séu á ferð án foreldra eða forsjáraðila sinna. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að fjalla sérstaklega í frumvarpinu um réttarstöðu barna við leit. Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmi tollgæsla líkamsleit á barni, þ.e. ólögráða einstaklingi yngri en 18 ára, skuli þá þegar hafa samband við þann sem fer með forsjá barnsins og fulltrúa barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem leit skal fara fram og gefa báðum aðilum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram. Ef um er að ræða leit á einstaklingi sem er ólögráða af öðrum orsökum en vegna ungs aldurs skal þá þegar gefa lögráðamanni kost á að vera viðstaddur leit.

22. *Bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu.*

Lagt er til að lögfest verði bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu. Slíkt brot getur varðað sektum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

23. *Einföldun kæruleiða.*

Í frumvarpinu er lagt til að allir úrskurðir tollstjóra sæti kæru til ríkistollanefndar. Samkvæmt gildandi tollalögum sæta sumir úrskurðir tollstjóra málskoti til fjármálaráðuneytis en aðrir eru kæranlegir til ríkistollanefndar. Með breytingunni eru kæruleiðir tollalaga einfaldaðar verulega til hagsbóta fyrir þá sem vilja nýta sér heimild til stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds. Ríkistollanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og verður úrskurðum hennar ekki skotið til ráðherra.

24. *Afbrigðileg refsiákvæði afnumin.*

Ýmsar breytingar eru gerðar á þeim kafla gildandi laga sem fjallar um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. Öll refsiákvæði kaflans hafa að geyma sjálfstæðar verknaðarlýsingar sem marka refsinæmi verknaðar auk annarra skilyrða refsiábyrgðar. Lögð er til grundvallar hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða þannig að flest afbrigðileg refsiákvæði í gildandi tollalögum eru látin víkja, t.d. um hlutræna refsiábyrgð einstaklinga, öfuga sönnunarbyrði og óskipta (sólidariska) refsiábyrgð.

25. *Aðstoð lögreglu við að færa mann til skýrslugjafar.*

Lagt er til í frumvarpinu að lögreglu verði gert skylt að veita tollstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar með því að færa mann til skýrslugjafar hjá tollstjóra ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

26. *Álag á toll dregið frá sektafjárhæð.*

Það nýmæli er tekið upp í refsikafla frumvarpsins að gert er ráð fyrir að hafi álag verið lagt ofan á tollverð samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins skuli álag á toll dregið frá sektarfjárhæð. Sambærilegt ákvæði er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

27. *Beiðnir erlendra tollyfirvalda um aðstoð í tollamálum.*

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að beiðnum erlendra tollyfirvalda um aðstoð við rannsókn mála sem hlutaðeigandi tollyfirvöld annast skuli beina til tollstjórans í Reykjavík. Fer tollstjórinn í Reykjavík með rannsókn málsins nema rannsóknin heyri undir lögreglu. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um að tollstjórinn í Reykjavík annast samskipti og aðstoð við erlend tollyfirvöld berist beiðnir um aðstoð við rannsókn tollamála samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í kaflanum er aðeins eitt ákvæði er afmarkar tollsvæði ríkisins.

Um 2. gr.

Grein þessi er samhljóða 26. gr. gildandi tollalaga.

Um III. kafla.

Kaflinn ber heitið Tollskyldir aðilar. Í kaflanum er tilgreint hvenær almenn tollskylda myndast. Þá eru taldir upp aðilar sem bera takmarkaða tollskyldu, þ.e. skulu í tilteknum tilvikum ekki greiða toll af innfluttum vörum.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi tollalaga. Smávægilegar breytingar eru gerðar á orðalagi.

Um 4. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. gildandi tollalaga.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um hvaða vörur eru tollskyldar. Flest ákvæði kaflans varða frávik frá tollskyldu. Í 6. gr. er mælt fyrir um hvaða vörur skuli vera tollfrjálsar og í 7. gr. er fjallað um tilvik þar sem heimiluð er niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls. Í 8.–11. gr. er fjallað um sérstök frávik frá tollskyldu þegar vara er send úr landi til aðvinnslu eða viðgerðar. Loks eru í kaflanum ákvæði um tollkvóta.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. gildandi tollalaga.

Um 6. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að lagt er til að í 4. tölul. komi orðið „búslóð“ í stað orðsins „heimilismunir“ til samræmis við málvenju. Þá er lagt til að verðmæti tollfrjálsra gjafa verði hækkað úr 7.000 kr. í 10.000 kr. í a-lið 8. tölul. Einnig er lagt til að a-liður 8. tölul. gildi einnig um gjafir sem aðilar búsettir erlendis hafa meðferðis hingað til lands af sérstöku tilefni. Samsvarandi ákvæði gildandi tollalaga hefur verið skýrt með þessum hætti í framkvæmd.

Um 7. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. gildandi tollalaga í flestum atriðum. Eftirtaldar breytingar hafa þó verið gerðar á greininni.

Það er lagt til að 1. tölul. 6. gr. gildandi laga verði breytt með þeim hætti að ríki sem eru skilgreind sem fátækustu ríki heims verði ekki skilgreind í lagatextanum líkt og gert er í V. viðauka við gildandi tollalög. Í stað þess er lagt til að fjármálaráðuneytið tilgreini í reglugerð þau ríki sem um er að ræða hverju sinni með vísan til ákvarðana nefndar Sameinuðu þjóðanna um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál (UNCTAD/Committee on Enterprise, Business Facilitation and Development). Með því móti er unnt að komast hjá því að breyta tollalögum í hvert sinn sem listi yfir fátækustu ríkin sætir breytingum í meðförum nefndarinnar. Í þessu sambandi skal tekið fram að Ísland gaf í maí árið 2000 út yfirlýsingu á vettvangi Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar (World Trade Organisation/WTO) um að Ísland mundi veita fátækustu ríkjum heims betri aðgang að markaði sínum með einhliða tollalækkunum.

Í b-lið 2. tölul. kemur orðið „verktakar“ í stað orðanna „verkfræðingar, iðnaðarmenn“. Þykir rétt að vísa til verktaka í ákvæðinu en ekki til einstakra starfsstétta.

Gert er ráð fyrir að nýr stafliður, e-liður, bætist við 2. mgr. þar sem mælt er fyrir um að tollur falli niður af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda. Er þetta talið nauðsynlegt þar sem mjög hefur færst í vöxt að fulltrúar ýmissa erlendra fyrirtækja og stofnana komi hingað til lands til funda- og ráðstefnuhalds. Lagt er til að slíkum aðilum verði gert kleift að koma tímabundið með tæki og búnað til landsins vegna slíkra funda. Vörur þessar geta verið allt frá því að vera dúkar og borðbúnaður sem t.d. ber merki fyrirtækisins eða stærri tæki og öryggisbúnaður til að gæta að öryggi ráðstefnugesta. Þá getur verið um að ræða gjafir til starfsmanna eða annarra ráðstefnugesta sem þeir taka með sér úr landi að fundi loknum. Einnig er lagt til að orðunum „tollfrjálsa forðageymslu eða frísvæði“ verði bætt inn í upptalningu í 6. tölul. Ekki er um breytingu að ræða frá gildandi rétti þar sem tollalög hafa verið skýrð á þann veg að heimilt sé að fella niður eða endurgreiða toll af vörum sem seldar eru í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði. Lagt er til að kveðið verði á um þetta atriði með afdráttarlausum hætti.

Það er lagt til að skilyrði um lágmarksbúsetutíma erlendis í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. verði fellt brott. Samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga er það skilyrði niðurfellingar að viðkomandi ökutæki sé flutt til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) er skilyrðið um búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár andsætt ákvæðum 28. og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið fjallar um frelsi

launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til flutninga innan svæðisins. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum ESB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Ákvæði 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kveður á um að engin höft skuli vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð. Með greininni er lagt til að afnumið verði skilyrðið um búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár. Með því er komið í veg fyrir mismunun að því er varðar rétt aðila sem hafa búsetu erlendis óháð því hversu lengi sú búseta hefur varað. Eftir sem áður er gerð sú krafa að viðkomandi aðili hafi búsetu erlendis og hafi ekki lögheimili hér á landi. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar málsgreinar í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Í 5. tölul. er lögð til afmörkuð undantekning frá því skilyrði sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna er varðar búsetu erlendis. Lagt er til að sama undanþága og kveðið er á um í 1. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna eigi við þegar um er að ræða ökutæki sem skráð er erlendis og er í eigu, eða leigu, erlends fyrirtækis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og viðkomandi ökutæki er tímabundið flutt til landsins af starfsmanni fyrirtækisins, jafnvel þótt viðkomandi starfsmaður sé með búsetu hérlendis. Er þetta lagt til eftir ábendingar frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og með hliðsjón af dómafordæmum Evrópudómstólsins, sbr. 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í því ákvæði er kveðið á um að ekki megi mismuna launþegum að þessu leyti eftir því hvort þeir eru með búsetu hér á landi eða erlendis. Er það mat ESA að með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verði að tryggja að þessi réttur, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, nái einnig til starfsmanns erlends fyrirtækis sem er með búsetu hér á landi.

Um 8.–11. gr.

Ákvæði 8.–11. gr. koma í stað 7. gr. gildandi tollalaga. Skv. 7. gr. þeirra gildir sú regla að sé vara send til útlanda til viðgerðar skal aðeins greiða toll af viðgerðarkostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins. Komi ný vara í stað vöru sem send er utan til viðgerðar skal greiða toll af nýju vörunni eftir tollskrá. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar reglur verði áfram meginreglur en lagt er til að rýmkaðar verði reglur um tollfrelsi ef vara í ábyrgð er send utan til viðgerðar og seljandi gerir við vöruna eða sendir nýja vöru í stað þeirrar gölluðu.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. og 9. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 7. gr. gildandi tollalaga sem tekur til vara sem sendar eru utan til viðgerðar eða aðvinnslu. Lagt er til að fjallað verði um aðvinnslu hlutar sem sendur er utan í sérstakri grein, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Í 7. gr. gildandi laga er fjallað um viðgerð sem eitt form aðvinnslu. Í frumvarpinu er litið á viðgerð sem þá aðgerð sem til þarf til þess að koma hlut í upphaflegt ástand. Um viðgerð hlutar er fjallað sérstaklega í 9. og 10. gr. frumvarpsins. Í 8. gr. er hins vegar fjallað um aðrar aðgerðir en þær sem lúta að viðgerð hlutar, svo sem þvott, bleikjun, litun og málmhúðun.

Um 9. gr.

Í greininni eru almennar reglur um greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er send úr landi til viðgerðar en í 10. gr. er sérregla um vörur í ábyrgð sem eru sendar utan til viðgerðar. Ákvæði 9. gr., eins og þau birtast í frumvarpinu, komu fyrst inn í tollalög með lögum nr. 55/1987 og í greinargerð með þeim kom fram að rétt þætti að taka tillit til örra breytinga við

framleiðslu á tölvum og öðrum rafeindabúnaði og skipulagi viðgerðarþjónustu. Þannig væru rafeindahlutir sendir í sérstakar þjónustumiðstöðvar til viðgerðar sem síðan senda notaðan hlut um hæl í stað hlutar sem er til viðgerðar, gegn ákveðnu þjónustugjaldi. Þessi háttur er hafður á til þess að forðast stöðvun atvinnutækja um lengri eða skemmri tíma á meðan hlutur er til viðgerðar í útlöndum. Þótt aðstæður hafi breyst töluvert frá því að gildandi tollalög tóku gildi og nú séu nýir hlutir en ekki notaðir yfirleitt sendir í stað gallaðra eða bilaðra hluta og slík þjónusta er iðulega innifalin í ábyrgð framleiðanda á vörunni þykir rétt að halda heimild 4. mgr. 7. gr. núgildandi tollalaga í tollalögum, sbr. 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins. 10. gr. fjallar hins vegar um hluti sem eru sendir utan til viðgerðar á ábyrgðartíma.

Um 10. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að vara sem send er utan til viðgerðar vegna galla skuli við innflutning undanþegin tolli séu færðar fullnægjandi sönnur á að mati tollstjóra að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð falin í upphaflegu tollverði vörunnar. Í 2. mgr. er erlendum seljanda gallaðrar vöru gefinn kostur á að afhenda nýja vöru í stað gallaðrar vöru og skal tollur þá falla niður að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum 3. mgr. Skilyrðum þessum er ætlað að tryggja að ný vara sé í raun afhent vegna ábyrgðarskuldbindinga hins erlenda seljanda og nýja varan hafi alla sömu eiginleika og upphaflega varan átti að hafa og enga að auki. Það er meginregla að gölluð vara skuli send utan til hins erlenda seljanda en ef ljóst er að það svarar ekki kostnaði eða seljandi telur það óþarft af öðrum ástæðum er seljanda heimilt að fallast á að vörunni verði fargað undir tolleftirliti þannig að sýnt þyki að hin nýja vara komi algerlega í stað þeirrar gölluðu. Í 3. mgr. er lagt til að kaupandi gallaðrar vöru geti flutt inn nýja vöru í stað þeirrar gölluðu áður en gallaða varan hefur verið send úr landi eða henni fargað gegn því að hann leggi fram fjártryggingu til greiðslu aðflutningsgjalda. Hin gallaða vara skal flutt úr landi eða henni fargað innan 60 daga frá tollafgreiðslu vöru sem kemur í stað gallaðrar vöru. Að öðrum kosti skal gengið að fjártryggingunni. Þessi heimild er m.a. lögð til vegna þarfa atvinnulífsins um að nýr hlutur komi í stað gallaðs með hraði. Tveir mánuðir eru taldir nægilegt ráðrúm fyrir kaupandann til þess að ljúka málinu með því að flytja gölluðu vöruna úr landi eða farga henni.

Nýmæli 10. gr. er sett fram vegna þess að breyttir viðskiptahættir með lausafé milli landa (netviðskipti o.fl.) kalla á rýmri reglur en nú gilda að þessu leyti samkvæmt tollalögum. Örar tækniframfarir og fjöldaframleiðsla kalla einnig á þessa rýmkun reglna, sér í lagi vegna þess að rafeindatækni nú á dögum er með þeim hætti að oft svarar ekki kostnaði að gera við söluhlut sem er gallaður og kýs framleiðandi þá gjarnan að senda kaupanda nýjan söluhlut í stað gallaðs.

Fyrirmynd að 10. gr. frumvarpsins er sótt í 152.–158. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. A gildandi tollalaga.

Um 13. gr.

Ákvæðið kom inn í tollalög með lögum nr. 146/2001 og er tekið upp í frumvarpið að mestu leyti óbreytt frá 6. gr. B gildandi laga. Með ákvæðinu fékk fjármálaráðherra heimild til þess að úthluta tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum, að því leyti sem innfluttar vörur falla ekki undir viðauka tollalaga um landbúnaðarvörur. Tilefni breytingarinnar var tvíhliða samningur Íslands og Noregs, sem gerður var í mars árið 2000, um gagnkvæma tollfrjálsa tollkvóta á íslenskum hestum annars vegar og á norskum kartöfluflögum og ostum hins vegar. Í 12. gr. frumvarpins (6. gr. A gildandi tollalaga) er að finna reglur um hvernig skuli standa að úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarvörur sem veittir eru samkvæmt samningnum um viðskipti með landbúnaðarvörur hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (oft nefndur WTO-samningurinn/GATT-samningurinn) og er viðauki við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Í þeim tilvikum skal tollkvótum úthlutað samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og er úthlutun á forræði landbúnaðarráðherra. Þar sem ostar falla undir áðurnefndan samning um landbúnaðarvörur heyrir úthlutun tollkvóta fyrir norsku ostana undir landbúnaðarráðherra en úthlutun tollkvóta fyrir norskar kartöfluflögur heyrir undir fjármálaráðherra.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 4. mgr. ákvæðisins. Auk þess sem málsgreininni er skipt upp í tvær málsgreinar er felld niður heimild fjármálaráðherra til að leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum. Þykir sú heimild óþörf þar sem það tíðkast ekki að stjórnvöld leiti tilboða í tollkvóta á öðrum vörum en landbúnaðarvörum. Þess í stað er bætt inn heimild til handa fjármálaráðherra til að úthluta tollkvóta á grundvelli sögulegra forsendna, þ.e. úthlutun tollkvóta má miða við hlutfall innflutnings umsækjanda um tollkvóta af heildarinnflutningi allra umsækjenda um kvótann á næstliðnu ári fyrir úthlutun. Að öðru leyti er greinin samhljóða 6. gr. B í gildandi tollalögum.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði er skilgreina tollverð og lúta að því hvernig tollverð vöru er ákvarðað. Þá er í síðasta ákvæði kaflans mælt fyrir um tollafgreiðslugengi sem nota skal við umreikning tollverðs vöru yfir í íslenskar krónur. Ákvæði kaflans eru í aðalatriðum efnislega óbreytt frá sambærilegum ákvæðum í gildandi tollalögum. Þó hefur númerakerfi töluliða og stafliða verið breytt í samræmi við uppsetningu annarra ákvæða frumvarpsins.

Um 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. gildandi tollalaga.

Um 15. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. gildandi tollalaga.

Um 16. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. gildandi tollalaga.

Um 17. gr.

Grein þessi er í aðalatriðum samhljóða 11. gr. gildandi tollalaga. Þó er lagt til að heimild innflytjanda til þess að leggja fram sundurliðaðan reikning vegna vara sem sendar eru á einu farmskrárnúmeri og flokkast í mismundandi tollskrárnúmer verði felld brott.

Um 18. gr.

Grein þessi er samhljóða 12. gr. gildandi tollalaga.

Um 19. gr.

Greinin kemur í stað 13. gr. gildandi tollalaga.

Í 1. málsl. 1. mgr. er sett fram meginregla um að tollafgreiðslugengi skuli miðað við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands 28. hvers mánaðar. Seðlabanki Íslands skráir hins vegar einvörðungu gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Þess vegna er lagt til í 1. málsl. 1. mgr. að tollstjóranum í Reykjavík verði veitt heimild til þess að ákvarða, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, tollafgreiðslugengi annarra gjaldmiðla en þeirra sem Seðlabanki Íslands skráir opinberri skráningu.

Í 2. mgr. er skýrar kveðið að orði varðandi gildistíma tollafgreiðslugengis. Lagt er til að fráviksregla 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. gildandi laga verði felld brott.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til þess að setja nánari reglur um ákvörðun tollafgreiðslugengis og önnur atriði sem lúta að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu með reglugerð.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði er mæla fyrir um skyldu inn- og útflytjenda til að tollflokka vöru. Þá er fjallað um bindandi álit um tollflokkun vöru ef vafi leikur á um hana.

Um 20. gr.

Ákvæði 20. gr. skyldar inn- og útflytjendur til þess að tollflokka vöru í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar. Í gildandi tollalögum er ekki að finna sérstaka grein sem leggur með beinum hætti þessa skyldu á herðar inn- og útflytjendum heldur hefur mátt leiða þá skyldu þeirra af ákvæðum sem skylda þá til þess að fylla tollskjöl út með fullnægjandi hætti. Rétt þykir að þessi regla sé orðuð með nákvæmari hætti í tollalögum. Jafnframt þykir rétt að vísa til almennra reglna um túlkun tollskrárinnar í þessu sambandi. Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar hafa lagagildi og eru birtar í tollskrá sem er í viðauka I við tollalög.

Í 1. mgr. er allur vafi tekinn af um að það eru inn- og útflytjendur eða eftir atvikum umboðsmenn þeirra sem bera ábyrgð á réttri tollflokkun vöru. Þeir eiga þess þó kost að leita bindandi álits tollstjóra um tollflokkun viðkomandi vöru, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Grein þessi er í aðalatriðum samhljóða 142. gr. gildandi tollalaga. Þó er lagt til að heimild innflytjanda og annarra sem njóta réttar samkvæmt ákvæðinu til þess að biðja um bindandi álit verði rýmkuð. Þess vegna er lagt til að 1. málsl. 2. mgr. 142. gr. verði felldur brott. Það er lagt til að heimild til þess að leita bindandi álits verði ekki bundin við vöru sem er ókomin til landsins, heldur nái hún til allra vara hvort sem þær hafa verið fluttar til landsins eða ekki. Það er rétt að geta þess í þessu sambandi að kærufrestur tollskylds aðila vegna afgreiðslu tiltekinnar sendingar skv. 117. gr. frumvarpsins rofnar ekki við framlagningu beiðni um bindandi álit um tollflokkun vöru og ekki verður litið á beiðni um bindandi álit samkvæmt þessari grein sem beiðni um endurupptöku tiltekins máls þannig að kærufrestur rofni með vísan til 4. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þá er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík veiti bindandi álit um tollflokkun vöru á landsvísu til þess að samræmi við tollflokkun verði sem best tryggt. Sífellt verður mikilvægara að innflytjendur leiti bindandi álits vegna tollflokk-

unar vöru vegna þess að með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu er vara oft tollafgreidd áður en tollendurskoðun fer fram og getur tollstjóri því í mörgum tilvikum ekki komið athugasemdum að um tollflokkun vöru fyrr en eftir að vara hefur verið tollafgreidd. Þá skal í þessu samhengi tekið fram að það er innflytjandi sem ber ábyrgð á réttri tollflokkun vöru, sbr. 20. gr., og því er mjög mikilvægt að hann leiti bindandi álits í fleiri tilvikum en færri. Að fengnu bindandi áliti eru tollyfirvöld og fyrirspyrjandi bundin af því áliti, nema það sé afturkallað af tollstjóra eða því breytt eftir kæru til ríkistollanefndar. Á meðan bindandi álit er í gildi er fyrirspyrjandi í góðri trú um tollflokkun. Álit er eingöngu bindandi fyrir tollyfirvöld á meðan viðkomandi vara er óbreytt. Breytist samsetning eða eiginleikar vöru með einhverjum hætti er nauðsynlegt fyrir fyrirspyrjanda að leita álits tollstjóra að nýju.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir. Samkvæmt frumvarpinu er meginregla að vöru skuli tollafgreiða með rafrænum hætti. Þess vegna er ákvæðum um SMT- og VEF-aðflutningsskýrslur ætlaður staður á undan reglum um skriflegar aðflutningsskýrslur. Í gildandi tollalögum er eitt ákvæði um SMT-tollafgreiðslu og þá þætti sem henni koma við. Í frumvarpinu er þeirri grein skipt upp og afmarkaðir hlutar hennar staðsettir í viðeigandi köflum frumvarpsins. Jafnframt eru í frumvarpinu ný ákvæði um VEF-tollafgreiðslu.

Um 22. gr.

Lagt er til að frestur innflytjanda til að láta tollstjóra aðflutningsskjöl í té styttist úr tólf mánuðum í sex mánuði til samræmis við geymslutíma vöru í afgreiðslugeymslu skv. 1. mgr. 70. gr. Æskilegt er að tollstjóri fái viðeigandi upplýsingar um vörur í afgreiðslugeymslu sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars til landsins. Nokkuð hefur borið á því á undanförnum árum að vörur dagi uppi í geymslum farmflytjenda og hefur það leitt til þess að nauðsynlegt hefur reynst að bjóða vörurnar upp til fullnustu aðflutningsgjalda. Í einhverjum tilvikum hefur þurft að farga vörum. Veldur þetta óhagræði og kostnaði bæði fyrir tollyfirvöld og farmflytjanda. Með því að stytta skilafrest aðflutningsskjala er þess vænst að álagning og innheimta aðflutningsgjalda verði markvissari og minna verði um að vörur sem eigendur hirða ekki um safnist upp í geymslum farmflytjenda.

Um 23. gr.

Kveðið er á um hverjum er skylt að láta tollyfirvöldum í té tollskjöl með rafrænum hætti. Skv. 1. og 3. mgr. er tollmiðlurum, þ.e. þeim sem hafa atvinnu af því að koma fram fyrir hönd innflytjenda við tollafgreiðslu vöru, og öðrum sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, skylt að afhenda aðflutningsskjöl með rafrænum hætti. Í 2. og 4. mgr. koma fram undantekningar frá þessari meginreglu. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík geti gefið fyrirmæli um að skriflegar aðflutningsskýrslur skuli látnar tollstjórum í té vegna innfluttra vara sem þarfnast sérstaks eftirlits, svo sem ýmsar landbúnaðarvörur, notaðir bílar og notuð landbúnaðartæki. Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar aukins eftirlits við tollafgreiðslu og skila skriflegrar aðflutningsskýrslu geta verið margvísleg, svo sem heilbrigðissjónarmið og krafa um aukið eftirlit með hágjaldavöru. Þá er í annan stað lagt til að þeir sem uppfylla ekki skilyrði 2. málsl. 2. tölul. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins um lágmarksfjölda sendinga á ári geti skilað inn skriflegum skýrslum. Þeir eiga þá um tvo kosti að velja. Þeir geta leitað til tollmiðlara og fengið honum umboð til að annast rafræna tollafgreiðslu fyrir sína hönd eða skilað sjálfir inn skriflegri skýrslu. Það er mikilvægt að þeir sem annast rafræna tollaf-

greiðslu hafi nægilega þekkingu á öllum þeim atriðum sem hún byggist á og þess vegna þykir nauðsynlegt að setja skilyrði um lágmarksfjölda sendinga á ári til þess að innflytjandi geti hlotið leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 24. gr.

Mælt er fyrir um ýmis tækniatriði varðandi SMT- og VEF-tollafgreiðslu í 14. gr. gildandi tollalaga. Í 7. mgr. er lagt til að þessi atriði verði skilgreind með reglugerð.

Um 24. gr.

Í 24. gr. er kveðið á um að leyfi til rafrænnar tollafgreiðslu (SMT- og VEF-tollafgreiðslu) sé háð leyfi tollstjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili. Rétt þykir að ákvarða lágmarksskilyrði fyrir leyfum til SMT- og VEF-tollafgreiðslu í lögum. Skilyrðunum er ætlað að tryggja að umsækjandi sé raunverulega í atvinnurekstri og hafi nægilega þekkingu á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um tollmeðferð vara til þess að geta framkvæmt rafræna tollafgreiðslu.

Um 25. og 26. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

1. mgr. 27. gr. er aðalatriðum samhljóða 1. og 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. gildandi laga. Þó hefur orðinu „ótilkvaddir“ verið bætt inn í 1. mgr. greinarinnar til áhersluauka þannig að ljóst sé að farþegar og farmenn skuli að eigin frumkvæði upplýsa tollgæslu um tollskyldan varning sem þeir hafa í fórum sínum við komu til landsins.

Í 2. mgr. er nýmæli. Í ákvæðinu er ferðamönnum og farmönnum, sem koma til landsins eða fara frá landinu, gert skylt að greina ótilkvaddir frá hærri fjárhæðum en sem nemur 15.000 evrum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sem þeir hafa meðferðis í reiðufé. Upphæðin er ákveðin 15.000 evrur að teknu tilliti til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, með áorðnum breytingum. Á undanförnum árum hafa ýmsar aðgerðir stjórnvalda beinst að því að efla baráttu gegn hryðjuverkum, ólöglegri verslun með fíkniefni og annarri ógn sem fer þvert á landamæri. Sú tillaga sem er sett fram hér heyrir til þeirra aðgerða og henni er ætlað að gera tollgæslunni kleift að fylgjast með flæði fjármuna til og frá landinu. Vakni grunur um að féð sé ætlað til framkvæmdar refsiverðs verknaðar er lagt til að tollstjóra verði heimilt að gera féð upptækt, sbr. 162. gr. frumvarpsins. Hugtakið reiðufé nær yfir peninga og handhafabréf, þ.m.t ferðatékka. Fyrirmynd að málsgreininni er sótt í 4. mgr. 23. gr. dönsku tollalaganna, nr. 113 frá 27. febrúar 1996.

3. mgr. er í aðalatriðum samhljóða 2. mgr. 20. gr. gildandi tollalaga. Þó er lagt til að notað verði hugtakið tollafgreiðsluhlið í stað hugtaksins tollafgreiðsla til samræmis við viðteknar málvenjur um rautt og grænt hlið.

Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. 20. gr. gildandi laga eru færð í XXI. kafla frumvarpsins um tollgæsluheimildir. Skilgreining á farmönnum og ferðamönnum í 4. mgr. 20. gr. gildandi tollalaga er sett fram í 2. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Í greininni eru talin upp helstu fylgiskjöl með aðflutningsskýrslu. Í núgildandi tollalögum eru þessi skjöl talin upp í fleiri en einu ákvæði. Skýrara þykir að telja þau öll upp í einu og sama ákvæðinu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 29. gr.

Í greininni er eingöngu fjallað um varðveislu gagna vegna rafrænnar tollafgreiðslu. Í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er gerð skriflega eru viðeigandi fylgigögn afhent tollstjóra um leið og aðflutningsskýrsla, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er kveðið á um varðveislu gagna sem eru send til tollstjóra og móttekin frá tollstjóra vegna rafrænnar tollafgreiðslu. Jafnframt er kveðið á um varðveislu skriflegra fylgiskjala sem eiga að liggja til gundvallar tollskýrslu, sbr. 28. gr. frumvarpsins. Þegar rafræn tollafgreiðsla fer fram er mikilvægt að skrifleg gögn, sem veita upplýsingar um þau atriði sem skipta máli við tollafgreiðslu, séu varðveitt með öruggum hætti. Í greininni eru dregnar skýrar línur varðandi það hverjir geyma hvaða gögn á hverjum tíma og hversu lengi.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að innflytjendur, sem eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum laga um bókhald, skuli varðveita öll tollskjöl í samræmi við ákvæði laga um bókhald. Að auki er kveðið á um að innflytjendur, sem senda tollstjóra upplýsingar með skjalasendingum á milli tölva, skuli varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi með tilteknum hætti. Hliðstæð ákvæði eru í 6. og 7. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er annars vegar kveðið á um skyldur tollmiðlara til þess að varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu með hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr., í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Hliðstætt ákvæði er í 6. mgr. 14. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er jafnframt kveðið á um skyldu tollmiðlara til þess að varðveita afrit tollskjala sem liggja að baki tollskýrslu. Ákvæðið er nýmæli. Tollmiðlari ber ríka ábyrgð á þeim upplýsingum sem tollstjórum eru látnar í té með rafrænum aðflutningsskýrslum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 34. gr. þess. Þess vegna er lögð sú skylda á tollmiðlara að hann varðveiti afrit þeirra tollskjala sem honum ber að fá í hendur áður en hann hefur rafræn samskipti við tollstjóra, sbr. 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins. Tollmiðlara er selt sjálfdæmi um nánara fyrirkomulag við geymslu afrita. Rafræn geymsla eða geymsla á örfilmum jafngildir geymslu á pappírsformi í þessu tilliti. Að lokinni tollafgreiðslu ber tollmiðlara að afhenda innflytjanda frumgögnin ef innflytjandi er bókhaldsskyldur samkvæmt ákvæðum um bókhald. Tollmiðlara ber hins vegar að afhenda tollstjóra fylgiskjölin ef innflytjandi er ekki bókhaldsskyldur, sbr. 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að tollstjóri annist varðveislu tollskjala vegana sendinga sem aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir, flytja til landsins eða til útlanda og tollafgreiddar eru með rafrænni tollafgreiðslu. Hliðstætt ákvæði er í 7. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 2. og 3. mgr. 24. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að bætt er við 1. mgr. heimild tollstjóra til ótvíræðs aðgangs að gögnum tollskyldra aðila og aðgangs að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum. Þá er tollstjóra jafnframt veitt heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta við tolleftirlit. Fyrirmynd breytinga ákvæðisins er sótt til 2. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, og 3. mgr. 38. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Um heimild tollstjóra til haldlagningar gagna vegna tollrannsóknar er vísað til 167. gr. frumvarpsins.

3. mgr. er í meginatriðum samhljóða 3. mgr. 50. gr. gildandi tollalaga. Það er lagt til að orðin viðskiptabankar og sparisjóðir komi í stað orðsins gjaldeyrisstofnun.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað sérstaklega um ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum. Annars vegar er fjallað um ábyrgð innflytjanda á slíkri skýrslugjöf og hins vegar um ábyrgð tollmiðlara á skýrslugjöf fyrir hönd innflytjanda.

Um 32. gr.

Í greininni er mælt fyrir um ábyrgð innflytjanda á upplýsingagjöf til tollstjóra. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 16. gr. gildandi tollalaga en þó er kveðið skýrar að orði um að í ábyrgð á upplýsingum, sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, felist ábyrgð á því að upplýsingar sem þar eru veittar séu réttar og að allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar komi fram.

Í 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. gildandi tollalaga er mælt fyrir um að komi annar aðili fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd innflytjanda beri umboðsmaðurinn sömu ábyrgð á réttum og fullnægjandi upplýsingum og innflytjandi. Ákvæðið er ekki tekið upp í þessa grein frumvarpsins og vísað er til almennra reglna kröfuréttar um réttindi og skyldur umboðsmanna í þessu sambandi.

Í 16. gr. gildandi tollalaga er mælt fyrir um ábyrgð innflytjanda og þeirra sem koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum í sama í ákvæðinu. Í frumvarpinu er fjallað um ábyrgð þessara aðila, þ.e. innflytjanda annars vegar og tollmiðlara hins vegar, í tveimur greinum. Fjallað er um ábyrgð tollmiðlara í 33. gr. frumvarpsins.

Um 33. gr.

Í greininni er mælt fyrir um ábyrgð tollmiðlara á upplýsingagjöf til tollstjóra. Um slíka ábyrgð er fjallað í 3. máls. 1. mgr. og 3. mgr. 16. gr. núgildandi laga. Í greininni eru tekin af öll tvímæli um að tollmiðlara er skylt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum sem liggja skulu til grundvallar aðflutningsskýrslu áður en hann sendir rammaskeyti í tölvukerfi tollyfirvalda vegna SMT-tollafgreiðslu. Frá því að SMT-tollafgreiðsla var tekin upp árið 1991 hefur verið gengið út frá þessari reglu í framkvæmd en texti 3. mgr. 16. gr. núgildandi laga hefur ekki verið nægilega skýr að þessu leyti.

Um IX. kafla.

IX. kafli frumvarpsins ber heitið tollmeðferð vöru. Í kaflanum er skilgreindur sá tímapunktur þegar tollmeðferð vöru hefst. Þá er mælt fyrir um hvað teljist vera almenn tollmeðferð vöru og sérstök tollmeðferð vöru.

Um 34. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. mgr. 1. gr. núgildandi tollalaga. Orðalagi hefur verið breytt lítillega. Með orðalaginu „að láta tollstjóra í té aðflutningsskjöl“ er átt við afhendingu tollskjala, hvort sem er með rafrænum hætti eða með afhendingu skriflegrar aðflutningsskýrslu. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 1. gr. núgildandi tollalaga er fellt brott vegna þess að 2. tölul. 34. gr. frumvarpsins nær yfir efni hans.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 21. gr. gildandi tollalaga.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um bráðabirgðatollafgreiðslu. Greinin er að mestu samhljóða 1. mgr. 21. gr. núgildandi tollalaga. Heimild tollstjóra til að áætla og innheimta kostnað er felld brott. Tollstjóra er samkvæmt greininni heimilt við ákvörðun fjárhæðar tryggingar að áætla aðflutningsgjöld með 25% álagi. Vera má að aðflutningsgjöld af vörunni reynist önnur en áætlað var við bráðabirgðatollafgreiðslu og er álaginu ætlað að koma í veg fyrir að framlögð trygging reynist of lág.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 21. gr. núgildandi tollalaga að öðru leyti en því að felld er brott skylda farmflytjanda til að taka tryggingu fyrir kaupverði og aðflutningsgjöldum. Hvorki þykir rétt að farmflytjandi sé skyldur til að taka tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs vöru né að hann sé skyldur til að taka tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum. Rétt þykir að farmflytjandi og eigandi vörusendingar hafi samningsfrelsi um hvernig viðskiptum þeirra er háttað að þessu leyti.

Um X. kafla.

Í X. kafla frumvarpsins eru ákvæði er skilgreina hlutverk einstakra stofnana hjá tollyfirvöldum, svo sem hlutverk ráðherra, hlutverk tollstjóra og hlutverk ríkistollanefndar. Að þessu leyti eru ekki lagðar til efnislegar grundvallarbreytingar á ákvæðum gildandi tollalaga en leitast er við í frumvarpinu að tilgreina hlutverk tollstjóra með skýrari hætti með því að telja upp í einni grein helstu verkefni tollstjóra. Þá er kveðið skýrar á um hlutverk tollstjórans í Reykjavík á landsvísu en gert er í gildandi lögum. Er það m.a. gert með því að telja upp sérstök verkefni tollstjórans í Reykjavík í sérstöku ákvæði.

Sú breyting er lögð til í kaflanum að tollstjórar skipi deildarstjóra og aðaldeildarstjóra í tollgæslu í stað ráðherra samkvæmt gildandi lögum.

Fjallað er um tollhafnir í kaflanum. Gert er ráð fyrir að hugtakið aðaltollhöfn verði fellt brott úr tollalögum.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Grein þessi er samhljóða 27. gr. gildandi tollalaga.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 31. gr. gildandi tollalaga.

Um 41. gr.

Í gildandi tollalögum er höfnum skipt í þrjá flokka: aðaltollhafnir, tollhafnir og aðrar hafnir. Skv. 1. gr. gildandi tollalaga er aðaltollhöfn staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Aðaltollhafnir eru taldar upp í 1. mgr. 28. gr. laganna. Tollhöfn er samkvæmt lögunum staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar. Samkvæmt gildandi lögum er staðsetning tollhafna ákveðin með reglugerð, sbr. 2. mgr. 28. gr. tollalaga. Í framkvæmd hefur lítill sem enginn munur ver-

ið á starfsemi tollyfirvalda í aðaltollhöfnum og tollhöfnum. Þess vegna er lagt til í 41. gr. frumvarpsins að höfnum verði eingöngu skipt í tvo flokka: tollhafnir og aðrar hafnir.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tollhöfn skuli vera staður, höfn eða flugvöllur þar sem heimilt er að ferma og afferma för og geyma og tollafgreiða vörur úr þeim, án sérstakrar heimildar tollyfirvalda.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða staðir skuli vera tollhafnir. Gert er ráð fyrir að ráðherra taki mið af þörfum atvinnulífs við staðsetningu tollhafna. Þykir rétt að styrkja starfsemi tollstjóra á þeim stöðum þar sem atvinnulíf byggist á inn- og útflutningi vöru og ferðalögum fólks á milli landa. Önnur sjónarmið geta einnig komið til skoðunar, svo sem jöfn dreifing tollhafna um landið til þess að tryggja sem besta þjónustu við fólk og fyrirtæki á landinu.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi hliðsjón af þeim atriðum sem talin eru upp í 3. mgr. 41. gr. þegar hann metur hvort staður eigi að hljóta tollhafnarréttindi. Kveðið er á um að ráðherra skuli leita umsagnar viðkomandi tollstjóra um þessi atriði. Þau lúta öll að aðstöðu við meðferð ótollafgreiddra vara og eru sett fram til þess að tryggja að tollmeðferð og tollafgreiðsla fari fram með sem öruggustum hætti. Í þessu sambandi er rétt að tollstjóri leggi mat á allar aðstæður á viðkomandi stað og dragi ályktanir um hvernig tolleftirliti verði komið við á staðnum. Miða ákvæðin að því að geymslustaðir verði öruggari en nú.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti með sama hætti, þ.e. með reglugerðarbreytingu, afturkallað tollhafnarréttindi hafnar eða flugvallar ef ekki er talin þörf á tollhöfn á viðkomandi stað eða skilyrði 3. mgr. eru ekki lengur uppfyllt. Ákvæðið er að mestu samhljóða ákvæði 4. mgr. 28. gr. núgildandi tollalaga. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti afturkallað tollhafnarréttindi hafnar eða flugvallar ef þarfir atvinnulífs kalla ekki á tollhöfn á staðnum, þrátt fyrir að aðstaða sé fullnægjandi að öðru leyti.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða 3. mgr. 28. gr. gildandi tollalaga.

Um 42. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk tollstjóra í umdæmi sínu.

1.–3. tölul. eru að mestu samhljóða 3. mgr. 31. núgildandi laga ef frá er talið að í gildandi lögum er mælt fyrir um að tollstjórar skuli hafa eftirlit með fólki sem ferðast yfir landamæri. Með tilkomu Schengen-samstarfsins fer lögreglan með það eftirlit.

Í 4. tölul. er kveðið á um rannsóknarhlutverk tollstjóra og skyldu hans til þess að stöðva ólögmæta hegðun ef því er að skipta. Þá er einnig kveðið á um skyldu tollstjóra til þess að fylgja málum eftir. Hér er m.a. til vísað heimilda tollstjóra til að rannsaka mál skv. XXII. kafla frumvarpsins eða til að afgreiða það með öðrum hætti, t.d. að ljúka því með sektargerð skv. 187. gr. eða vísa því til lögreglu til frekari meðferðar skv. 186. gr.

Í 5. tölul. er kveðið á um skyldu tollstjóra til samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir að því marki sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eru því ekki til fyrirstöðu.

Í 6. tölul. er mælt fyrir um almenna upplýsingaskyldu tollstjóra. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 24. gr. gildandi tollalaga.

Loks kemur fram í 7. tölul. skylda tollstjóra til þess að annast önnur verkefni sem honum eru falin í ýmsum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða byggjast á venju.

Um 43. gr.

Í 43. gr. er kveðið á um sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík. Í greininni er fjallað um þau verkefni sem honum eru falin umfram þau verkefni sem tollstjórum eru falin í 42. gr.

Gert er ráð fyrir að hjá tollstjóranum í Reykjavík verði til staðar fagþekking varðandi tollaframkvæmdina fyrir landið allt.

Í 1. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík annist þróun og rekstur tölvukerfis tollyfirvalda ásamt öðrum upplýsingakerfum sem tollyfirvöld nýta í starfsemi sinni. Það er mikilvægt að hann veiti öðrum tollstjórum viðeigandi upplýsingar um uppbyggingu og notkun tölvukerfis tollyfirvalda, sbr. 9. tölul. greinarinnar. Með tölvukerfi tollyfirvalda er átt við tölvukerfi sem notað er til að halda utan um álagningu og innheimtu opinberra gjalda sem tollstjórum er falið að innheimta. Með öðrum upplýsingakerfum er m.a. átt við kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn sem nota má til áhættugreiningar.

Í 2. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli annast gerð samskiptareglna fyrir inn- og útflytjendur, farmflytjendur og aðra sem senda upplýsingar með rafrænum hætti vegna tollafgreiðslu vöru.

Í 3. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík annist gerð verklagsreglna fyrir tollstjóra um tollframkvæmdina.

Í 4. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli ákveða form tollskjala og eyðublaða, rafrænna og skriflegra, sem notuð eru við tollframkvæmdina og atriði sem skal tilgreina þar. Í mörgum tilvikum er mælt fyrir um í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða atriði skuli koma fram á slíkum eyðublöðum. Í 15. gr. gildandi tollalaga er kveðið á um að ráðherra gefi út eyðublöð vegna tollframkvæmdarinnar og tók ráðherra við því hlutverki af ríkistollstjóra eftir að embætti hans var fellt niður. Í framkvæmd hefur ráðherra falið tollstjóranum í Reykjavík útgáfu slíkra eyðublaða. Rétt þykir að skýrt komi fram í lögum að tollstjórinn í Reykjavík hafi þetta hlutverk.

Í 5. tölul. er lagt til að bindandi ákvarðandir um tollflokkun vöru skv. 21. gr. frumvarpsins verði sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík. Mikilvægt er að samræmis sé gætt þegar ákvarðanir eru teknar um bindandi álit um tollflokkun vöru og þess vegna er lagt til að útgáfa álita verði á hendi þess tollstjóra sem hefur á að skipa sérhæfðasta starfsliðinu.

Í 6. tölul. er kveðið á um upplýsingahlutverk tollstjórans í Reykjavík gagnvart öðrum tollstjórum. Meðal sérstakra verkefna tollstjórans í Reykjavík samkvæmt ákvæðinu má nefna að hann skal veita öðrum tollstjórum nauðsynlegar upplýsingar um tölvukerfi tollyfirvalda og skyld atriði. Þá skal tollstjórinn í Reykjavík tilkynna öðrum tollstjórum um útgáfu eyðublaða og bindandi álita um tollflokkun vöru.

Í 7. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli veita öðrum tollstjórum á landinu aðstoð og stuðning á sviði tollamála þegar eftir því er leitað. Stuðningur eða aðstoð tollstjórans í Reykjavík getur falist í upplýsingamiðlun einni eða veitingu liðstyrks. Þar getur komið til aðstoð sérhæfðra tollvarða eða sérhæfðra tollstarfsmanna, t.d. í málefnum fríverslunarsamninga og tollskrár. Þá er tollstjóra falið að semja verklagsreglur um tollframkvæmdina á landsvísu, sbr. 3. tölul. þessarar greinar.

Í 8. tölul. er tollstjóranum í Reykjavík falin tollendurskoðun fyrir landið allt. Vísað er til athugasemda við 119. gr. frumvarpsins.

Með alþjóðasamskiptum í 9. tölul. er átt við samskipti innan alþjóðasamtaka, svo sem Alþjóðatollastofnunarinnar, en einnig er embætti tollstjórans í Reykjavík ætlað að vera tengiliður tollyfirvalda í samstarfi íslenskra tollyfirvalda við tollyfirvöld í öðrum ríkjum. Dæmi um slíkt samstarf er samstarf tollyfirvalda á Norðurlöndum á ýmsum sviðum. Einnig er átt við milliríkjasamstarf við rannsókn og meðferð einstakra mála vegna tollalagabrota hér á landi eða erlendis, sbr. 3. mgr. 187. gr. frumvarpsins.

Í 10. tölul. er kveðið á um að tollstjórinn í Reykjavík skuli vinna að áhættugreiningu fyrir landið allt í samvinnu við aðra tollstjóra eftir því sem þurfa þykir. Inntak áhættustjórnunar

(e. risk management) er að finna, greina og takast á við áhættuþætti, einkum ólöglegan innflutning til landsins og undanskot aðflutningsgjalda, til þess að draga úr líkum á að þeir valdi tjóni eða hafi skaðleg áhrif í þjóðfélaginu. Tollstjóranum í Reykjavík er falið það hlutverk að hafa yfirumsjón með áhættugreiningu á landvísu. Afar mikilvægt er að greina áhættuþætti á hverjum tíma og skipuleggja tolleftirlit á grundvelli þeirra. Það er einnig mikilvægt að allar ákvarðanir um þróun tölvukerfis tollyfirvalda byggist á traustri þarfa- og áhættugreiningu. Við greiningu áhættuþátta er nauðsynlegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi samráð við aðra aðila, t.d. lögreglu, yfirvöld landbúnaðarmála, svo sem landbúnaðarráðuneyti eða yfirdýralækni, heilbrigðisyfirvöld, svo sem Lyfjastofnun, eða SÁÁ, siglingayfirvöld og flugmálayfirvöld. Í 10. tölul. er tollstjóranum í Reykjavík einnig falið að vinna eftilitsáætlun fyrir landið allt á grundvelli áhættugreiningar. Við gerð eftirlitsáætlunar skal tollstjóri gæta samræmis á milli tollumdæma.

Í 11. tölul. er mælt fyrir um heimildir tollstjórans í Reykjavík til þess að stjórna einstökum verkefnum í umdæmi annars tollstjóra. Rétt þykir að tollstjórinn í Reykjavík hafi möguleika á því að annast stjórn einstakra verkefna við tolleftirlit eða rannsókn tollalagabrota. Í þessu sambandi eru einkum höfð í huga verkefni sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku starfsmanna tollstjóra úr fleiri en einu umdæmi. Þar sem ákvæðið er undantekning frá þeirri meginreglu að tollstjórar annist tolleftirlit og rannsókn tollalagabrota hver í sínu umdæmi þykir rétt að samþykkis fjármálaráðherra verði leitað hverju sinni þegar heimildum þessa töluliðar er beitt. Tollstjórinn í Reykjavík skal síðan tilkynna viðkomandi tollstjóra eða tollstjórum um ákvörðun sína varðandi stjórn verkefnis, að fengnu samþykki ráðherra, með hæfilegum fyrirvara.

Í 12. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík starfræki Tollskóla ríkisins. Skólinn var fram til ársins 2001 starfræktur af ríkistollstjóra. Í byrjun árs 2001 tók tollstjórinn í Reykjavík við rekstri skólans, sbr. 35. gr. gildandi tollalaga. Tollskólinn annast grunnmenntun tollvarða og annarra tollstarfsmanna. Tollskólinn getur einnig staðið fyrir símenntunarnámskeiðum fyrir starfandi tollverði og aðra tollstarfsmenn og námskeiðum fyrir tollmiðlara og inn- og útflytjendur. Nánar verður kveðið á um starfsemi skólans í reglugerð.

Um 44. gr.

Ákvæði greinarinnar er í höfuðatriðum samhljóða 38. gr. gildandi laga. Í greininni er vísað til 118. gr. frumvarpsins en þar er sú breyting gerð frá gildandi rétti að ákvarðanir tollstjóra sem samkvæmt gildandi tollalögum sæta kæru til fjármálaráðuneytis verði kæranlegar til ríkistollanefndar.

Um 45. gr.

Í greininni er mælt fyrir um samvinnu tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir. Mikilvægt er að tollyfirvöld og önnur stjórnvöld vinni saman að verkefnum sem tengjast starfsemi tollyfirvalda. Í þessu sambandi má nefna samstarf við lögreglu, ákæruvaldið og skattyfirvöld. Er þetta samstarf í sumum tilvikum lögbundið, sbr. 4. tölul. 9. gr. og 26. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Í 1. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um að tollstjóri skuli aðstoða ákæruvaldið við störf þess.

Í 2. mgr. er lögfest ákvæði um gagnkvæma samvinnu tollyfirvalda við önnur stjórnvöld varðandi verkefni á sviði tollgæslu og tollheimtu. Það getur verið samstarf við skattyfirvöld, flugmálayfirvöld, hafnaryfirvöld, landhelgisgæslu, félagsmálayfirvöld, heilbrigðisyfirvöld, menntamálayfirvöld og lögregluyfirvöld. Slík samvinna getur verið á ýmsum sviðum, t.d. á

sviði forvarna. Mikilvægt er að þessir aðilar vinni saman að forvörnum til þess að sem bestur árangur náist. Með forvörnum er hér átt við baráttu gegn neyslu og ólöglegum innflutningi á áfengi og ólöglegum vímuefnum og hvers kyns aðrar afbrotavarnir.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um veitingu starfa hjá tollyfirvöldum. Í núgildandi tollalögum er fjallað um þessi málefni í tveimur greinum, 31. og 39. gr. Í frumvarpinu er ákvæðum um þetta efni steypt saman í eina grein til þess að auðveldara verði að glöggva sig á þeim reglum sem um skipun og ráðningu gilda. Sú breyting er lögð til að tollstjórar skipi alla tollverði, þar á meðal aðaldeildarstjóra og deildarstjóra sem ráðherra skipar samkvæmt gildandi lögum. Eðlilegt þykir að tollstjóri sem fer með boðvaldið fari jafnframt með veitingarvaldið.

Um XI. kafla.

Ákvæði kaflans eru nýmæli. Kaflinn ber heitið „Tollmiðlarar“ sem er nýtt hugtak í tollalögum. Kaflinn hefur að geyma ákvæði er varða afmarkaðan þátt í starfsemi flutningsmiðlara og er lagt til að sá þáttur starfsemi þeirra verði nefndur tollmiðlun.

Á undanförnum árum, sérstaklega með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu, hefur starfsemi umboðsmanna inn- og útflytjenda, sem oft eru kallaðir flutningsmiðlarar, aukist verulega. Svo dæmi sé tekið önnuðust slíkir umboðsmenn gerð 56% allra tollskýrslna sem afgreiddar voru árið 2002. Samkvæmt ákvæðum núgildandi tollalaga bera þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda ábyrgð á því að upplýsingar sem veittar eru tollyfirvöldum séu réttar og fullnægjandi að öllu leyti, sbr. 16. gr. gildandi laga. Jafnframt ber umboðsmaður innflytjanda og innflytjandi sjálfur óskipta (sólidariska) ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 111. gr. laganna. Þessir umboðsaðilar gegna þess vegna veigamiklu hlutverki við tollmeðferð vöru eins og málum er nú háttað og er mikilvægt að kveða á um réttindi þeirra og skyldur með skýrari hætti en gert er í gildandi tollalögum. Því er lagt til í frumvarpinu að starfsemi þeirra verði háð leyfi fjármálaráðherra til þess að tryggja megi faglega þjónustu og trausta starfsemi þessa mikilvæga hlekks í inn- og útflutningsferlinu.

Í kaflanum er kveðið á um að fjármálaráðherra veiti starfsleyfi til tollmiðlunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ástæða þess að hugtakið „tollmiðlari“ er lagt til er sú að hugtakið „flutningsmiðlari“, sem notað er í daglegu tali, tekur samkvæmt málvenju til þátta sem ekki er talin ástæða til að gera leyfisskylda samkvæmt tollalögum. Sem dæmi má nefna að flutningsmiðlun tekur til starfsemi sem sér um skipulag flutnings vöru heimshorna á milli, annast framkvæmd vöruflæðis af einum stað á annan og metur hvaða leiðir og aðferðir eru hagkvæmastar við flutning vörunnar miðað við forsendur umbjóðandans. Flutningsmiðlarinn tekur þannig að sér að vera milliliður á milli flutningsfyrirtækis og eiganda farms. Á síðari árum hefur flutningsmiðlun tekið á sig flóknari mynd en áður og flutningsmiðlanir í dag kappkosta að bjóða fram heildarlausnir fyrir umbjóðendur sína, þar á meðal vörugeymslu, öflun aðfanga, birgðahald og dreifingu og tollmiðlun eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Tollmiðlun er samkvæmt framansögðu aðeins einn afmarkaður þáttur í starfsemi flutningsmiðlara og eini þátturinn í starfsemi þeirra sem er leyfisskyldur samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 47. gr.

Í 47. gr. er kveðið á um starfsemi tollmiðlara. Lagt er til að sú starfsemi sem talin er í greininni verði háð starfsleyfi fjármálaráðherra, sbr. 48. gr. frumvarpsins. Þjónusta tollmiðlara við umbjóðendur getur verið fólgin í einfaldri ráðgjöf um ýmis atriði í tengslum við gerð tollskýrslna. Veitt þjónusta tollmiðlara er þó yfirleitt víðtækari. Í flestum tilvikum kemur

tollmiðlari fram fyrir hönd inn- eða útflytjenda gagnvart tollyfirvöldum með því að annast tollskýrslugerð og framlagningu tollskjala. Í einhverjum tilvikum annast tollmiðlari greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjanda með þeim hætti að aðflutningsgjöld eru skuldfærð á nafn tollmiðlarans. Í öllum þessum tilvikum veitir tollmiðlarinn sérhæfða þjónustu gegn gjaldi og þess vegna er talið nauðsynlegt að gera starfsleyfi fjármálaráðherra að skilyrði fyrir því að viðkomandi sé heimilt að veita þá þjónustu sem ákvæðið tekur til, hvort sem hún er fólgin í einfaldri ráðgjöf eða umfangsmeira fyrirsvari.

Um 48. gr.

Tollmiðlari ber ríka ábyrgð samkvæmt gildandi tollalögum og sú ábyrgð er gerð skýrari í ákvæðum þessa frumvarps. Þess vegna er talið rétt að binda starfsleyfi tollmiðlara þeim skilyrðum sem talin eru upp í greininni. Vísað er til þess sem áður sagði í athugasemdum við 47. gr. um rök til þess að gera starfsemi tollmiðlara háða leyfi ráðherra.

Í 1. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að umsækjandi skuli vera lögaðili, þ.e. félag starfrækt á viðurkenndu félagaformi.

Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn tollmiðlara skulu a.m.k. vera tveir. Í ákvæðinu eru sett fram ítarleg almenn hæfisskilyrði um stjórnarmenn í samræmi við ákvæði um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um það efni. Til viðbótar þykir rétt að gera þá kröfu til stjórnarmanna að þeir hafi ekki gerst sekir um brot á tollalögum og fíkniefnalöggjöf. Verður að telja þau hæfisskilyrði sem hér eru sett fram eðlileg um stjórnendur tollmiðlara sem annast mikilvægt hlutverk við tollafgreiðslu vöru.

Í 3. tölul. er kveðið á um að daglegur stjórnandi uppfylli skilyrði 2. tölul. um hæfi stjórnarmanna. Með orðunum „daglegur stjórnandi“ er átt við þann sem er hæstráðandi í fyrirtækinu í daglegum rekstri þess, t.d. forstjóri eða framkvæmdastjóri.

Í 4. tölul. er það gert að skilyrði að starfsmenn tollmiðlara hafi haldgóða þekkingu á tollalögum og viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum á sviði tollamála. Mikilvægt er að starfsmenn tollmiðlara kunni skil á lögum og reglum sem gilda um tollafgreiðslu vöru og tengd atriði.

Í 5. tölul. er áskilið að sýnt þyki að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti. Í þessu tilliti er m.a. óskað eftir upplýsingum um bókhalds- og skjalavörslukerfi umsækjanda.

Í 6. tölul. er mælt fyrir um að umsókn um starfsleyfi skuli vera skrifleg. Eðli máls samkvæmt skulu fylgja henni viðeigandi gögn til staðfestingar því að umsækjandi uppfylli skilyrði 1.–6. tölul. fyrir veitingu starfsleyfis.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálaráðherra haldi skrá yfir tollmiðlara. Jafnframt er mælt fyrir um að öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá sé óheimilt að kalla sig tollmiðlara eða gefa með öðrum hætti til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt greininni. Mikilvægt er að inn- og útflytjendur geti nálgast upplýsingar um það hverjir hafi starfsleyfi til tollmiðlunar með öruggum hætti. Eingöngu þeim sem hafa starfsleyfi samkvæmt þessari grein er veitt heimild til þess að nota orðið tollmiðlari í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir hættu á ruglingi og einnig að aðilar sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. til þess að stunda þá starfsemi sem 47. gr. tekur til villi á sér heimildir. Ákvæði 3. mgr. stuðlar að því að skapa nægilegt traust þeirra sem hyggjast leita sérfræðiþjónustu tollmiðlara í tengslum við inn- og útflutning vöru.

Í 4. mgr. er kveðið á um að starfsleyfi falli sjálfkrafa niður hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis. Eðlilegt þykir að ákvæði af þessu tagi sé sett enda nauðsynlegt að á hverjum tíma sé tryggt að öruggar upplýsingar liggi

fyrir um þá leyfishafa sem raunverulega starfa sem tollmiðlarar. Jafnframt er óeðlilegt að aðilar geti geymt starfsleyfi ótímabundið og hafið síðar starfsemi á grundvelli þess, jafnvel þegar langt er um liðið frá leyfisveitingu og óvíst er hvort leyfishafi uppfyllir í raun kröfur sem þá eru gerðar til leyfishafa.

Um 49. gr.

Ákvæði 1. mgr. 49. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að verði tollmiðlari þess var að umbjóðandi hans leggi vísvitandi fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn skuli hann þegar í stað tilkynna það til tollstjóra. Meginreglan samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 33. gr., er að tollmiðlara ber að leggja sjálfstætt mat á þau gögn sem umbjóðandi hans leggur fyrir hann til grundvallar tollskýrslu. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu af stað til tollstjóra með rammaskeyti í þeim tilvikum þegar hann telur að fylgiskjöl, sem liggja til grundvallar aðflutnings- eða útflutningsskýrslu, uppfylli skilyrði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla. Í þessari grein er lögð skylda á herðar tollmiðlara sem gengur lengra en þær skyldur sem hann ber skv. 33. gr. frumvarpsins. Honum er gert skylt að gera tollstjóra viðvart í þeim tilvikum þegar umbjóðandi hans hefur vísvitandi, að hans mati, lagt fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn. Í þeim tilvikum sem hér er um rætt hefur tollmiðlari grun um að framlögð gögn séu röng eða ófullnægjandi en getur hins vegar ekki sannreynt það með óyggjandi hætti. Í þessum tilvikum þykir rétt að sú skylda sé lögð á herðar honum að gera tollstjóra viðvart þannig að til þess bær yfirvöld geti kannað málið til hlítar.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

Ákvæði kaflans fjalla um tollmeðferð vara í förum í utanlandsferðum, skýrslugjafir farmflytjenda, fermingu og affermingu fara o.fl. Flest ákvæði kaflans byggjast á ákvæðum gildandi tollalaga eða gildandi lagaframkvæmd. Í kaflanum er nýtt ákvæði er mælir fyrir um skyldu Landhelgisgæslunnar til að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum. Þá er í kaflanum nýtt ákvæði er lögfestir skilgreiningu farmskrár.

Um 51. gr.

Ákvæði 1. mgr. 51. gr. er að mestu samhljóða 1. mgr. 52. gr. núgildandi tollalaga. Aukið er við skyldu stjórnanda fars til tilkynna tollstjóra um brottför fars.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 52. gr. núgildandi tollalaga.

Í 3. mgr. 51. gr. er nýmæli þar sem segir að Landhelgisgæslan skuli veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið. Skv. 5. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003, skal stjórnandi skips á leið til landsins tilkynna Landhelgisgæslunni um komu a.m.k. 24 klst. áður en siglt er inn í íslenska landhelgi. Staðfestingu á brottför úr höfn skal tilkynna Landhelgisgæslunni a.m.k. sex klst. fyrir brottför. Reglugerðin er sett með stoð í lögum um útlendinga, nr. 96/2002. Tilkynningarskylda skipa til Landhelgisgæslunnar samkvæmt þeim lögum og áðurnefndri reglugerð helgast af eftirliti lögreglu með komu og för fólks til og frá landinu. Tollstjóri hefur eftirlit með inn- og útflutningi á vörum og hefur því verulega hagsmuni af því að fá upplýsingar frá Landhelgisgæslunni um komu og brottför skipa til að geta sinnt því eftirliti. Þykir eðlilegt að lögfesta ákvæði þar sem mælt er fyrir um að Landhelgisgæslan skuli láta tollstjóra í té þessar upplýs-

ingar. Ákvæði 3. mgr. 51. gr. felur í sér staðfestingu á núverandi framkvæmd þar sem tollstjórinn í Reykjavík hefur nú þegar aðgang að upplýsingum frá Landhelgisgæslu um komu og brottför skipa. Í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um beina tilkynningarskyldu heldur skyldu til að veita upplýsingar. Þannig er því haldið opnu hvernig umrædd upplýsingagjöf fer fram en hún getur verið í formi aðgangs tollstjóra að tölvukerfi Landhelgisgæslunnar um upplýsingar um komu og brottför skipa.

Ákvæði 4. mgr. 51. gr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 3. mgr. 52. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 52. gr. gildandi tollalaga, þar sem starfsmönnum hafna og flugvalla og skipuðum leiðsögumönnum er gert skylt að gera tollstjóra viðvart um brot eða fyrirhuguð brot á tollalögum, er fellt brott. Enda þótt ákvæðið sé ekki tekið upp í frumvarpið þykir sú almenna skylda hvíla á þessum aðilum og öðrum stjórnvöldum og stofnunum að tilkynna réttum yfirvöldum um fyrirhuguð eða hafin brot á tollalöggjöfinni, sbr. 45. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um samvinnu tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir.

Í 5. mgr. 51. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari reglur um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu vegna komu og brottfarar skipa og flugvéla til landsins.

Um 52. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. mgr. 51. gr. gildandi tollalaga með þeirri undantekningu að hugtakið „aðaltollhöfn“ er fellt niður. Hugtakið „tollhöfn“ er látið taka yfir þau tilvik þar sem talað er um aðaltollhöfn í gildandi lögum. Um þetta atriði er vísað til athugasemda við 41. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. 53. gr. er mælt fyrir um að stjórnandi fars geti leitað eftir sérstakri heimild tollstjóra til þess að hafa fyrstu eða síðustu viðkomu á tollsvæði ríkisins utan tollhafnar. Gert er ráð fyrir að umferð skipa og flugvéla í millilandaferðum fari að mestu leyti í gegnum tollhafnir. Þó er gert ráð fyrir því að unnt sé að sækja heimild til tollstjóra til viðkomu utan tollhafnar þegar sérstaklega stendur á. Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 1. mgr. 29. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 7. mgr. 51. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða síðari málsgrein 59. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 51. gr. núgildandi laga.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 6. mgr. 51. gr. núgildandi laga.

Um 56. gr.

Ákvæði 1. mgr. 56. gr. er samhljóða 2. mgr. 53. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 5. mgr. 51. gr. gildandi laga.

Um 57. gr.

Í greininni eru ýmis ákvæði um meðferð forða fars. Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 55. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 55. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að 2. mgr. 55. gr. gildandi laga verði felld brott vegna þess að hún þykir óþörf þegar litið er til almennar heimildar tollgæslu til innsiglunar í 164. gr. frumvarpsins. Þá hefur framkvæmdin verið með þeim hætti að stjórnandi fars heldur skrá

yfir forða fars en tollgæsla annast ekki slíka skráningu. Tollgæslan yfirfer hins vegar og staðfestir skráningu stjórnanda fars og er þess vegna mælt fyrir um að skráin sé afhent tollstjóra við komuna til landsins, sbr. 4. mgr. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að 4. mgr. 55. gr. núgildandi laga, þar sem mælt er fyrir um að setja megi í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars svo og venjulegan farangur áhafnar, verði felld niður vegna þess að þessum atriðum þykir gerð viðeigandi skil í 6. gr. frumvarpsins. Varðandi hæfilegan forða fars og farangur áhafnar vísast til b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um tollfrelsi hæfilegra vista og annarra nauðsynja í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega. Einnig er vísað til a-liðar 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. þar sem kveðið er á um tollfrelsi venjulegs farangurs áhafnar fars. Það er mælt fyrir um að ráðherra kveði nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt tilvitnuðum greinum í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, líkt og gert er í 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga.

3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 55. gr. núgildandi tollalaga.

4. mgr. er í aðalatriðum samhljóða 3. mgr. 55. gr. núgildandi laga. Sú viðbót er gerð að tekið er fram að stjórnanda fars sé skylt að afhenda tollstjóra skrá yfir vörur í forða fars. Þessi breyting er lögð til samræmis við núverandi framkvæmd tollgæslunnar.

Í 5. mgr. er lagt til að tollstjóri geti undanþegið skemmtiferðaskip ákvæðum 2. og 4. mgr. þessarar greinar. Það gildir óháð því hvort þau taka eða setja í land farþega eða vöru. Ákvæðið er því nokkuð rýmra en samsvarandi ákvæði 5. mgr. 62. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæðið er heimildarákvæði til þess að tryggja að tollstjóri geti beitt almennum reglum telji hann það nauðsynlegt. Einnig er lagt til að orðin „enda greiði þau kostnað af tolleftirliti um borð“ verði felld brott. Ekki þykir rétt að greiðsla kostnaðar af tolleftirliti um borð sé skilyrði undanþágu samkvæmt málsgreininni. Þykir rétt að tollstjóri meti hverju sinni hvernig tolleftirliti verði best fyrir komið.

Um 58. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli sem með almennum hætti gerir grein fyrir farmskrá og skyldu til að skrá vörur sem koma frá útlöndum á farmskrá. Ákvæðið er byggt á 34. gr. reglugerðar nr. 41/1957, um tollheimtu og tolleftirlit, en rétt þykir að skilgreining farmskrár komi einnig fram í tollalögum. Svo er ekki í núgildandi tollalögum. Varðandi hæfilegan forða fars og farangur áhafnar vísast til b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. athugasemdir við 99. gr. Varðandi farangur ferðamanna og farmanna er vísað til 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins og reglugerðarheimildar 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um farmskrá í reglugerð, svo sem nánari reglur um þær vörur sem færðar skulu í skrána, reglur um breytingar og leiðréttingar skrárinnar og ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar koma fram, með svipuðum hætti og nú er gert í áðurnefndri reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 54. gr. núgildandi tollalaga.

Um 59. gr.

Ákvæði 59. gr. er að hluta til samhljóða 2. mgr. 29. gr. núgildandi laga. Tilvísun til vara sem njóta tollívilnana hefur verið felld niður þar sem ekki þykir ástæða til að einskorða tollafgreiðslu þeirra vara sem tollívilnana njóta við ákveðna staði. Hins vegar getur reynst nauðsynlegt að beina hættulegum efnum um eina tiltekna tollhöfn vegna þess að sérstakra öryggisráðstafana getur verið þörf við meðhöndlun þeirra og vörslu.

Um 60. gr.

Ákvæði 63. gr. er nýmæli. Þykir ástæða til að mæla fyrir um ótvíræða heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður. Í sumum tilvikum getur verið um að ræða vöru sem hætta stafar af eða aðrar ástæður mæla með sérstökum öryggisráðstöfunum varðandi geymslu hennar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 61. gr.

Í 61. gr. er kveðið á um að afferming fars skuli háð leyfi tollstjóra og að leyfi tollstjóra skuli ekki veitt fyrr en tiltekin gögn liggja fyrir. Upptalningin er ekki tæmandi þar sem það kann að leiða af ýmsum öðrum lögum að leyfi eða vottorð vegna vöru skuli afhent tollstjóra fyrir affermingu fars, t.d. má nefna lög um innflutning dýra og lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

2. mgr. 61. gr. er í meginatriðum samhljóða 2. mgr. 56. gr. núgildandi tollalaga. Það felur í sér undantekningu frá meginreglu 1. mgr. 61. gr. um að eingöngu megi afferma far að fengnu leyfi tollstjóra. Leitast er við að setja ákvæðið fram með skýrari hætti en gert er í gildandi tollalögum. Þá er lagt til að stjórnanda fars beri að tilkynna í þessum tilvikum um nákvæmar ástæður affermingarinnar til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort skilyrðum affermingar án leyfis tollstjóra sé fullnægt. Slíkur áskilnaður er ekki gerður í gildandi lögum.

Um 62. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 56. gr. núgildandi tollalaga.

Um 63. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 60. gr. núgildandi tollalaga.

Um 64. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 58. gr. núgildandi tollalaga.

Um 65. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 57. gr. núgildandi tollalaga.

Um 66. gr.

Ákvæði 66. gr. er í meginatriðum samhljóða 1. mgr. 61. gr. gildandi tollalaga. Þó hafa áherslur breyst lítillega. Ákvæðið veitir tollstjóra heimild til þess að krefjast þess að eigendur og umráðamenn skipa og flugvéla leggi tollstjóra til fullnægjandi aðstöðu til tolleftirlits án endurgjalds. Ákvæðinu er eingöngu ætlað að koma til móts við þarfir tollstjóra til þess að hafa aðstöðu til tolleftirlits með farþegum og áhöfnum fara og affermingu og fermingu vara. Þegar vöru hefur verið komið fyrir í geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur skv. XIII. kafla frumvarpsins gilda ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 91. gr. um aðstöðu tollstjóra. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 61. gr. gildandi tollalaga er fellt brott þar sem það er talið óþarft.

Um 67. gr.

Í 67. gr. er mælt fyrir um úrræði tollstjóra til þess að knýja á um skil á viðeigandi gögnum, svo sem farmskrá og skrá yfir vörur sem fluttar hafa verið úr eða í skip í hverri tollhöfn fyrir sig, skrá yfir forða fars og skrá yfir vöntun og skemmdir á vörum, sem komið hafa í ljós við affermingu. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 5. mgr. 53. gr. núgildandi tollalaga.

Um 68. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. 68. gr. eru efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 62. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 4. mgr. 62. gr. gildandi laga er fellt brott þar sem það er talið óþarft.

Um XIII. kafla.

Í ákvæðum kaflans eru lagðar til umtalsverðar breytingar á ákvæðum tollalaga um meðferð og vörslu ótollafgreiddra vara. Um þetta efni er fjallað í 63.–96. gr. gildandi tollalaga. Í tilvitnuðum ákvæðum gildandi laga er mælt fyrir um að ráðherra og eftir atvikum tollstjórar veiti leyfi til reksturs eftirtalinna geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur: geymslur fyrir farmflytjendur skv. 64. gr. laganna, tollfrjáls svæði (frísvæði) skv. IX. kafla laganna og tollvörugeymslur skv. VIII. kafla laganna. Hugtakið „tollvörugeymsla“ er notað í gildandi lögum sem yfirheiti almennra tollvörugeymslna skv. 73. og 74. gr., tollfrjálsra forðageymslna skv. 75.–78. gr. og tollfrjálsra verslana skv. 79. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sami háttur verði viðhafður við veitingu leyfa til reksturs geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur, þ.e. að veitingarvaldið hvíli hjá ráðherra og tollstjórum í einhverjum tilvikum. Hins vegar eru lagðar til umtalsverðar breytingar á framsetningu ákvæða um vörslu ótollafgreiddra vara og hugtakanotkun er breytt að teknu tilliti til þeirrar framkvæmdar sem skapast hefur á undanförnum árum við útgáfu leyfa til reksturs almennra tollvörugeymslna og frísvæða. Geymslusvæðin eru skilgreind í upphafsákvæði XIII. kafla frumvarpsins undir yfirheitinu „geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur“. Þá er lagt til að hugtakið „tollvörugeymsla“ breyti um merkingu þannig að það nái eingöngu yfir þær geymslur sem kallast almennar tollvörugeymslur í gildandi tollalögum til samræmis við málvenju. Í daglegu tali og framkvæmd hefur hugtakið tollvörugeymsla nær eingöngu verið notað yfir almennar tollvörugeymslur. Jafnframt er lagt til að hugtakið „afgreiðslugeymsla“ verði tekið upp sem heiti yfir geymslur farmflytjenda og tollmiðlara.

Uppbyggingu kaflans er breytt á þann veg að almennum ákvæðum, sem eiga í grundvallaratriðum við um öll þau geymslusvæði sem talin eru í 69. gr. frumvarpsins, er raðað í nokkra kafla. Fyrst koma þrír undirkaflar á eftir almennum ákvæðum 69.–72. gr. og á undan sérstökum undirköflum um einstök geymslusvæði. Þessir almennu kaflar eru: Kafli um meðferð vara á geymslusvæðum, kafli um ábyrgð vörsluhafa og loks kafli um vöntun og umframbirgðir. Næst koma sérstakir undirkaflar sem hafa að geyma sérákvæði um einstakar tegundir geymslusvæða. Þessir kaflar eru: Kafli um afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara (88.–90. gr.), kafli um tollvörugeymslur (91.–95. gr.), kafli um tollfrjálsar forðageymslur (96.–100. gr.), kafli um tollfrjálsar verslanir (101.–104. gr.) og loks kafli um frísvæði (105.–108. gr.). Þessi uppbygging kaflans er einkum valin til þess að forðast endurtekningar en þykir jafnframt vera til skýringarauka.

Að öðru leyti eru lagðar til eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi einstakra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur:

a. *Afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara.* Lagt er til að sérstök ákvæði um afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara komi í stað ákvæða 64. gr. gildandi tollalaga, þar sem mælt er fyrir um að eigendur eða umráðamenn faratækja, sem flytja vörur

frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur innan lands, skuli hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur. Í þeirri grein er mælt fyrir um að tollstjórar viðurkenni geymslu- og afgreiðslustaði samkvæmt greininni en nokkuð hefur skort á að sá háttur hafi verið viðhafður. Í framkvæmd hefur að einhverju marki tíðkast að geyma ótollafgreiddar vörur á stöðum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra samkvæmt greininni. Í frumvarpinu er leitast við að setja ákvæðin fram með skýrari hætti en nú í þeim tilgangi að óyggjandi sé að þeim sem hyggjast reka geymslur af þessu tagi ber að sækja um leyfi til reksturs þeirra til tollstjóra. Þá er lagt til að heitið „afgreiðslugeymslur“ verði notað um þessar geymslur.

b. *Tollvörugeymslur.* Á undanförnum árum hafa verið gefin út fleiri leyfi til reksturs frísvæða en almennra tollvörugeymslna. Það á rót að rekja til þess að reglur um geymslu og meðferð vöru á frísvæðum eru rýmri og sveigjanlegri en samsvarandi reglur um tollvörugeymslur. Heimildir til aðvinnslu vöru eru rýmri á frísvæðum auk þess sem geymslutími vöru á frísvæðum er ótakmarkaður. Þá eru heimildir til þess að tollafgreiða sendingu í hlutum (smátt og smátt) mun rýmri á frísvæðum en í almennum tollvörugeymslum. Þess skal þó getið að þau leyfi til reksturs frísvæða, sem hafa verið gefin út, eru takmörkuð við geymslu og aðvinnslu á vörum, skv. 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 527/1991, um frísvæði, sem fjalla um einfalda aðvinnslu, svo sem skiptingu sendinga, umpökkun, samsetningu, blöndun, prófun og þrif.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að atvinnulífið þarfnast reglna sem bjóða upp á ákveðinn sveigjanleika við birgðahald og dreifingu vara. Það er til hagsbóta fyrir atvinnulífið að innflytjendur geti geymt vörur á viðeigandi geymslusvæði, undirbúið þær til dreifingar og fengið þær tollafgreiddar að teknu tilliti til þarfa markaðarins hverju sinni. Þá er einnig mikilvægt frá sjónarhóli markaðarins að unnt sé að geyma ótollafgreiddar vörur án tímatakmarkana á geymslusvæði.

Að teknu tilliti til þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð við útgáfu leyfa til reksturs frísvæða og tollvörugeymslna er lagt til í frumvarpinu að ákvæði um tollvörugeymslur verði rýmkuð í þá veru að þau nái til starfsemi frísvæða eins og hún er nú, þar á meðal einfaldrar aðvinnslu, sem ekki telst til iðnaðar, svo sem skiptingar sendingar, umpökkunar, samsetningar, blöndunar, prófunar og þrifa. Rökin að baki tillögunni eru m.a. þau að rétt þykir að nota hugtakið „tollvörugeymsla“ yfir það geymslusvæði sem almennt er notað við geymslu á ótollafgreiddum vörum í öllum venjulegum tilvikum. Ákvæði frumvarpsins gera með öðrum orðum ráð fyrir að ákvæði núgildandi tollalaga um almennar tollvörugeymslur verði afnumin og í stað þeirra komi ný ákvæði um tollvörugeymslur sem samsvara gildandi ákvæðum tollalaga og reglna um frísvæði í flestum atriðum að því undanskyldu að iðnaður og verslun með vörur verður með öllu óheimil í tollvörugeymslu. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að hugtakið „frísvæði“ verði eingöngu notað yfir afmarkað svæði þar sem heimilt er að stunda iðnaðarstarfsemi með ótollafgreiddar vörur.

c. *Tollfrjálsar forðageymslur.* Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að rekstur tollfrjálsra forðageymslna verði með svipuðum hætti og nú er tíðkaður. Þó er lagt til að aðrir en skipa- og flugfélög geti sótt um leyfi til þess að reka tollfrjálsa forðageymslu en í núgildandi lögum er heimildin bundin við skipa- og flugfélög.

d. *Tollfrjálsar verslanir.* Ákvæði um tollfrjálsar verslanir í frumvarpinu eru áþekk þeim sem nú gilda um rekstur tollfrjálsra verslana. Þó er gert ráð fyrir því að sérstaklega verði kveðið á um heimild til reksturs tollfrjálsrar komuverslunar í tollalögum en slíkt ákvæði er ekki í gildandi tollalögum þrátt fyrir að áratuga löng hefð sé fyrir rekstri slíkrar versl-

unar. Þá er kveðið á um að skýr skil skuli gerð á milli brottfarar- og komuverslunar með þeim hætti að kaup í brottfararverslun verða einvörðungu heimil gegn framvísun brottfararspjalds og vöruúrval í komuverslun verður takmarkað við ákveðna vöruflokka sem tilgreindir verða í reglugerð.

e. *Frísvæði.* Eins og áður sagði er lagt til að leyfi til reksturs frísvæðis verði eingöngu veitt þeim er hyggjast starfrækja eiginlega iðnaðarstarfsemi.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar XIII. kafla.

Um 69. gr.

Greinin er almennt ákvæði sem fjallar um þá staði þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur.

Í 1. mgr. eru tæmandi talin geymslusvæði þar sem heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur að lokinni affermingu fars. Upptalning skilgreindra geymslusvæða er tekin upp í fyrsta ákvæði XIII. kafla frumvarpsins en ákvæðinu er ætlað að veita yfirsýn yfir geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Sambærilegt yfirlitsákvæði er ekki í gildandi tollalögum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu að óheimilt sé að geyma vörur utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr. Samsvarandi ákvæði er í 65. gr. gildandi tollalaga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að tollstjóri geti veitt sérstakar undanþágur frá meginreglu 2. mgr. um að óheimilt sé að geyma vörur utan viðurkenndra geymslusvæða. Leyfi skal veitt með skriflegum eða rafrænum hætti. Þetta ákvæði svarar til 65. gr. gildandi tollalaga. Í almennum athugasemdum við XIII. kafla frumvarpsins kemur fram að tíðkast hafi að nokkru marki í tíð gildandi tollalaga að geyma ótollafgreiddar vörur utan viðurkenndra geymslusvæða án samþykkis tollstjóra. Reynslan hefur leitt í ljós að afar erfitt er að hafa eftirlit með vörum sem geymdar eru utan viðurkenndra geymslusvæða. Þess vegna er gert ráð fyrir að leyfi tollstjóra til þess að geyma vörur utan skilgreindra geymslusvæða verði eingöngu veitt í undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður mæla með því, svo sem þegar sérstakar aðstæður eru nauðsynlegar við geymslu eða meðhöndlun vöru.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 1. mgr. 63. gr. núgildandi tollalaga.

Um 70. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar um geymslutíma ótollafgreiddra vara í afgreiðslugeymslu fela í sér nokkrar breytingar frá samsvarandi ákvæði í gildandi tollalögum þar sem fram kemur að aðflutningsgjöld skuli falla í eindaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars, sbr. 103. gr. tollalaga og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum. Ástæða þykir til að stytta þennan tíma vegna þess að á meðan vara er til vörslu í geymslu farmflytjanda liggja engar upplýsingar fyrir um hana aðrar en þær sem koma fram í farmskrá. Þá hefur borið á því að vörur hafi dagað uppi í geymslum farmflytjenda. Því er lagt til að vörum skuli ráðstafað úr afgreiðslugeymslu innan sex mánaða talið frá komudegi flutningsfars til landsins nema tollstjóri hafi veitt leyfi til flutnings þeirra í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða á frísvæði. Það er mikilvægt að sem gleggstar upplýsingar um vöruna og innflytjanda hennar liggi fyrir fyrr en nú er. Ástæða þess er m.a. að ýmsar breytingar á högum innflytjanda geta orðið á einu ári á meðan eingöngu ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir um hina ótollafgreiddu vöru.

Tollstjóri getur samkvæmt beiðni eiganda vörunnar heimilað að undantekning verði gerð frá sex mánaða frestinum ef sérstaklega stendur á og leyfishafi geymslusvæðis samþykkir að geyma hinar ótollafgreiddu vörur lengur. Geymslutími ótollafgreiddra vara í afgreiðslu-

geymslu skal þó aldrei verða lengri en 18 mánuðir frá komudegi flutningsfars. Þótt áhersla sé lögð á það í frumvarpinu að stytta geymslutíma í afgreiðslugeymslu þykir rétt að leggja til að unnt sé að veita undanþágur frá sex mánaða frestinum ef sérstaklega stendur á. Það er fyrirséð að slíkir frestir verði einkum veittir vegna vara sem henta illa til geymslu í tollvörugeymslu, svo sem bifreiða og stærri tækja. Þá er lagt til að leyfishafi geymslusvæðis verði hafður með í ráðum þegar beiðni um aukinn geymslutíma er til skoðunar vegna þess að hann hefur verulegra hagsmuna að gæta vegna útleigu á geymslurými.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að heimilt verði að geyma vörur á geymslusvæðum skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr. án tímatakmarkana. Í 3. mgr. 74. gr. gildandi tollalaga er mælt fyrir um að vörur megi geyma í allt að þrjú ár í almennri tollvörugeymslu. Hins vegar er geymslutími á frísvæðum, í tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum forðageymslum ótakmarkaður samkvæmt gildandi tollalögum. Nær öll geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, sem starfrækt eru á grundvelli gildandi tollalaga, eru rekin sem frísvæði. Eins og áður hefur komið fram er það lagt til í frumvarpinu að ákvæði um tollvörugeymslur verði rýmkuð í þá veru að þau nái til starfsemi frísvæða eins og hún er í dag. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að geyma vörur án tímatakmarkana í tollvörugeymslu en rýmri reglur um geymslutíma eru afar mikilvægar séð frá sjónarhóli atvinnulífsins. Um þetta efni er að öðru leyti vísað til almennra athugasemda við XIII. kafla frumvarpsins.

Um 71. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 2. og 4. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga.

Um 73. gr.

Í greininni eru settar fram nokkrar meginreglur um meðferð vöru á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Í 1. mgr. er tekið fram að einkaneysla, afnot eða sýning á vörum sem fluttar hafa verið á geymslusvæði er óheimil nema annað sé tekið fram. Ákvæðið samsvarar 84. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að í upptalningu þeirra atriða sem óheimil eru er bætt sýningu á vörum á geymslusvæði. Tilgangur banns við sýningu er að koma í veg fyrir umferð óviðkomandi fólks á geymslusvæði í þeim tilgangi að sýna eða skoða varning sem þar er geymdur. Gengið er út frá þeirri meginreglu að aðgang að svæðinu hafi aðeins starfsmenn geymslusvæðis, starfsmenn tollstjóra eða þeir sem þangað eiga sérstaklega erindi til að flytja þangað vörur eða sækja. Undantekning frá banni við sýningu og neyslu varnings á geymslusvæði er eðli máls samkvæmt gerð í verslunum fyrir ótollafgreiddar vörur (fríhöfnum).

Í 2. mgr. er sett fram meginregla um að iðnaður og önnur aðvinnsla á vörum á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur sé óheimil nema annað sé tekið fram í frumvarpinu. Tvær mikilvægar undantekningar eru gerðar frá meginreglunni. Annars vegar er gert ráð fyrir að einföld aðvinnsla, sem ekki telst til iðnaðar, svo sem skipting sendinga, umpökkun, samsetning, blöndun, prófun og þrif, verði heimil í tollvörugeymslu. Hins vegar veita reglur frumvarpsins um frísvæði mikilvæga undantekningu frá meginreglu 2. mgr. 76. gr.

Um 74. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 75.–83. gr.

Ákvæði 75.–83. gr. tilheyra undirkafla er ber heitið Ábyrgð vörsluhafa. Þar er fjallað um vörsluábyrgð farmflytjenda, leyfishafa geymslusvæða og viðurkenndra flutningsaðila fyrir ótollafgreiddar vörur. Hugtakið „vörsluábyrgð“ kemur ekki fyrir í núgildandi tollalögum. Hugtakið hefur þó verið notað í framkvæmd sem samheiti yfir þær skyldur sem þessir aðilar bera samkvæmt tollalögum. Hugtakið þykir lýsandi og þess vegna er lagt til að það verði notað í tollalögum sem yfirheiti um skyldur sem hvíla á þeim sem hafa ótollafgreiddar vörum í sinni vörslu.

Í kaflanum er jafnframt kveðið skýrar að orði um heimildir til flutnings og framkvæmd við flutning vörsluábyrgðar frá einum vörslumanni til annars. Nokkuð hefur borið á því í tíð gildandi laga að ótollafgreiddar vörur hafi verið afhentar úr vörslu eins vörsluaðila til annars án þess að viðeigandi sannanir liggi fyrir um afhendinguna og staðsetningu vöru. Það hefur þess vegna oft og tíðum verið vandkvæðum háð að ákveða að hverjum krafa um greiðslu aðflutningsgjalda skuli beinast. Í frumvarpinu er þess vegna lagt á herðar vörslumanns ótollafgreiddar vöru að sanna að vara hafi verið afhent öðrum vörslumanni. Um þessi atriði er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Um 75. gr.

Í greininni er tekið fram að farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða og viðurkenndir flutningsaðilar fyrir ótollafgreiddar vörur beri ábyrgð á því að meðferð þeirra við geymslu og flutning ótollafgreiddrar vöru sé í samræmi við ákvæði XIII. kafla frumvarpsins. Með ákvæðinu er lögð áhersla á vörsluábyrgð þeirra aðila sem hafa fengið heimild til þess að hafa vörslur ótollafgreiddra vara.

Um 76. gr.

Ákvæði 1. mgr. 76. gr. er nýmæli þar sem tekið er fram að við flutning vöru á frísvæði, tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu eða tollfrjálsa verslun skuli skrá vöruna inn á geymslusvæðið með nánar tilgreindum hætti. Við skráningu skal tilgreina nafn innflytjanda og skráningarnúmer. Þá skal tilgreina heiti og tegund vöru auk þess sem tilgreina skal magn, þyngd og verðmæti vöru. Þessi háttur hefur verið viðhafður í framkvæmd en rétt þykir að kveða á um þetta atriði í tollalögum. Þessi skráning er afar mikilvæg vegna þess að aðflutningsgjöld af vörusendingu miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, sbr. 2. mgr. Jafnframt er rétt skráning afar mikilvæg í ljósi ákvæða 86. og 87. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að komi fram vöntun eða umframmagn í vörusendingu eftir að sendingunni hefur verið komið fyrir á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skuli gripið til tiltekinna úrræða. Við þær aðstæður getur tollstjóri í ákveðnum tilvikum innheimt aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð var inn á geymslusvæðið samkvæmt fyrirmælum 76. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að aðflutningsgjöld af vörusendingu skuli miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Greinin á sér fyrirmynd í 1. mgr. 85. gr. gildandi tollalaga en þar kemur fram að aðflutningsgjöld miðist við það vörumagn sem sett var í tollvörugeymslu. Í frumvarpinu er sú orðalagsbreyting gerð að aðflutningsgjöld miðast við skráð vörumagn, með þeim undantekningum sem leiðir af sérreglum um umframmagn vöru. Efnisbreyting er ekki fólgin í ákvæðinu að öðru leyti en því að vísað er í sérreglur 87. gr. um skráningu umframbirgða á geymslusvæði sem eru nýmæli.

Um 77. gr.

Í 77. gr. er kveðið á um að þeim sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu er óheimilt að afhenda þær til notkunar innan lands án leyfis tollstjóra. Ákvæðið á eðli málsins samkvæmt ekki við um vörur í tollfrjálsum verslunum, þar sem sala á ótollafgreiddum vörum er heimil, eða tollfrjálsum forðageymslum, þar sem afhending eða sala á ótollafgreiddum vörum um borð í för í millilandaferðum er heimil. Greinin á sér fyrirmynd í 66. gr. gildandi tollalaga.

Um 78. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að þeir sem flytja vörur til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða til eigin nota séu tollskyldir. Þessir aðilar bera ábyrgð á að upplýsingar sem þeir gefa tollstjóra með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum séu réttar og skulu jafnframt standa skil á tollum og öðrum aðflutningsgjöldum af tollskyldum vörum. Þá er í 3. gr. gert ráð fyrir að unnt sé að leggja tollskyldu á aðra en innflytjendur vöru. Þannig er mælt fyrir um í 1. mgr. 78. gr. að farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur verði ábyrgir fyrir greiðslu tolla af vörum sem þeir hafa afhent eða tekið í notkun án þessa að farið hafi verið að ákvæðum frumvarpsins, m.a. um meðferð og vörslur ótollafgreiddra vara. Með öðrum orðum flyst tollskyldan yfir á þessa aðila þegar atvik eru með þeim hætti sem segir í ákvæðinu. Er ábyrgðin lögð á þessa aðila vegna þess að þeir hafa stöðu sinnar vegna heimild til þess að meðhöndla og geyma ótollafgreiddar vörur og ber þeim, sem fagaðilum við meðferð ótollafgreiddra vara, að tryggja að meðferð þeirra sé í hvívetna í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að í þeim tilvikum þegar vara er afhent eða tekin í notkun án viðeigandi afhendingarheimildar fari um áætlun aðflutningsgjalda eftir 115. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. 78. gr. kveður á um heimild til aðfarar án undangengins dóms eða sáttar fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði í eignum þeirra sem eru tollskyldir skv. 1. mgr. Ákvæðið, sem samsvarar 67. gr. núgildandi tollalaga, þarfnast ekki skýringa.

Um 79.–83. gr.

Í 79. og 80. gr. eru sett fram ákvæði um flutning ótollafgreiddra vara og skyldu þeirra sem með þær höndla um að tilkynna flutninginn. Í ákvæðunum er gerður greinarmunur annars vegar á flutningi úr fari eða afgreiðslugeymslu yfir á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur og hins vegar á flutningi á milli geymslusvæða annarra en afgreiðslugeymslna. Í fyrrnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að tollstjóri gefi til kynna innan 24 klukkustunda frá því að tilkynning um fyrirhugaðan flutning berst hvort flutningur sé heimill eða varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Í síðarnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að flutningur sé heimill án sérstaks leyfis tollstjóra en sú skylda er lögð á herðar leyfishafa geymslusvæðis að tilkynna tollstjóra um flutninginn áður en hann fer fram til þess að tollstjóri geti nálgast vöruna vegna tolleftirlits ef þörf krefur. Rökin fyrir þeim mun sem gerður er í þessum tveimur tilvikum eru að þörf er talin á því að tollstjórar fái hæfilegt ráðrúm til að kyrrsetja vöru í fari eða afgreiðslugeymslu. Sá gríðarlegi hraði sem tíðkast nú í viðskiptum, vegna tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu, kallar á þetta ákvæði þar sem hraðinn hefur í sumum tilvikum leitt til þess að tollstjórum hefur ekki gefist tími til að tollskoða vöru áður en hún er afhent viðtakanda. Þykir það enn frekar mæla með slíkri reglu að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um vöruna á meðan hún er í fari eða í afgreiðslugeymslu. Ekki þykir þörf á því að takmarka frjálst flæði á vörum milli annarra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur enda

liggja nákvæmar upplýsingar fyrir um vöruna þegar hún er komin inn í slíkar geymslur, sbr. ákvæði 79. gr.

Ákvæði 81.–83. gr. eru nýmæli í tollalögum þar sem settar eru fram nákvæmar reglur um vörsluábyrgð leyfishafa viðurkenndra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur og reglur um með hvaða hætti vörsluábyrgð flyst á milli leyfishafa geymslusvæða við flutning ótollafgreiddrar vöru frá einu geymslusvæði til annars. Þess ber að geta að í flestum tilvikum eru ótollafgreiddar vörur ekki fluttar á milli geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur en í sumum tilvikum reynist slíkur flutningur nauðsynlegur. Í 71. gr. gildandi tollalaga er kveðið á um að sá sem annast flutning ótollafgreiddrar vöru beri ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af henni. Sú áherslubreyting er lögð til í frumvarpinu að flutningsaðilar beri ekki vörsluábyrgð. Þykir rétt að leyfishafi geymslusvæðis beri ábyrgð á þeim verktaka sem hann fær til að annast flutning hinnar ótollafgreiddu vöru þar til vörunni hefur með sannanlegum hætti verið skilað á annað viðurkennt geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Þykir eðlilegt að þeir sem sérhæfa sig í meðferð ótollafgreiddra vara og hafa sett tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem þeir kunna að verða ábyrgir fyrir vegna starfsemi sinnar geti valið um hvort þeir flytja vöruna sjálfir eða fela þriðja aðila sem ekki er sérhæfður í slíkum flutningum að flytja vöruna. Að sama skapi þykir óeðlilegt að leyfishafi geymslusvæðis sem er sérhæfður í meðferð ótollafgreiddra vara geti falið flutningsaðila, t.d. leigubílstjóra eða sendibílstjóra, sem ekki er sérhæfður í meðferð ótollafgreiddra vara, að annast flutning ótollafgreiddra vara, og með því losnað undan ábyrgð sinni á vörslu vörunnar og þar með greiðslu aðflutningsgjalda af henni ef hún glatast eða fer forgörðum. Jafnframt þykir óeðlilegt að verktaki sem tekur að sér flutning ótollafgreiddrar vöru á milli viðurkenndra geymslusvæða, án þess að vera sérhæfður flutningsaðili fyrir slíkar vörur, geti orðið ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni. Af þessum sökum þykir rétt að leyfishafi geymslusvæðis beri ábyrgð á flutningi ótollafgreiddra vara sem hann lætur framkvæma fyrir sig með þessum hætti.

Um 79. gr.

Ákvæði 79. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að rekstraraðili geymslusvæðis skuli tilkynna tollstjóra í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er um fyrirhugaðan flutning vöru á geymslusvæði með sannanlegum hætti. Ekki er kveðið á um tiltekið form tilkynningar en þó er gert ráð fyrir að þorri tilkynninga berist tollstjóra með rafrænum hætti eftir ákveðnum samskiptareglum sem tollstjórinn í Reykjavík setur, sbr. 2. tölul. 43. gr. Tollstjóri skal eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning berst lýsa því yfir hvort flutningur sé heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Tollstjóra er veittur mjög skammur frestur til þess að ákveða hvort hann telur þörf á að kyrrsetja vöru til frekari skoðunar og það skal gert með sérstakri tilkynningu til rekstraraðila geymslusvæðis. Þarfir viðskiptalífsins krefjast þess að flutningur vöru gangi hratt og örugglega fyrir sig og þess vegna er lagt til að tollstjóri veiti heimild til flutnings vöru á tilgreind geymslusvæði eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning barst honum með sannanlegum hætti. Gert er ráð fyrir að í allflestum tilvikum verði ákvörðun um kyrrsetningu eða afhendingu vöru tilkynnt rekstraraðila geymslusvæðis innan mjög skamms tíma frá því að tollstjóra barst tilkynning um fyrirhugaðan flutning vöru. Með því fyrirkomulagi tilkynninga sem mælt er fyrir um í ákvæðinu er leitast við að koma til móts við þarfir viðskiptalífsins um hraða og skilvirkni í viðskiptum og kröfu tollyfirvalda um ráðrúm til að sinna eftirlitshlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

2. mgr. er samhljóða 2. málsl. 81. gr. núgildandi tollalaga.

Um 80. gr.

Í 1. mgr. 80. gr. er mælt fyrir um heimild til flutnings ótollafgreiddra vara á milli viðurkenndra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur án sérstaks leyfis tollstjóra. Þó er mælt fyrir um að vörsluhafi skuli tilkynna tollstjóra um flutning vöru áður en hann fer fram. Leyfi tollstjóra er ekki áskilið fyrir flutningnum en tilgangur tilkynningar er að gera tollstjóra kunnugt um staðsetningu vöru ef hann telur ástæðu til að skoða hana vegna tolleftirlits. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að vörsluábyrgð flyst ekki frá einum leyfishafa geymslusvæðis til annars við tilkynningu samkvæmt þessari grein. Til þess að vörsluábyrgð verði flutt á milli leyfishafa geymslusvæða þurfa skilyrði 81. gr. um yfirfærslu ábyrgðar vörsluhafa að vera uppfyllt.

Í 2. mgr. er kveðið á um undantekningu frá meginreglu 1. mgr. um frjálsan flutning ótollafgreiddra vara milli viðurkenndra geymslusvæða en í 2. mgr. kemur fram að óheimilt sé að flytja ótollafgreidda vöru úr tollfrjálsri forðageymslu eða tollfrjálsri verslun nema að fengnu sérstöku leyfi tollstjóra. Helgast þessi undantekning af því að tollfrjálsar forðageymslur og tollfrjálsar verslanir eru hugsaðar sem endastöðvar í flutningskeðju ótollafgreiddra vara og ekki er gert ráð fyrir að ótollafgreiddar vörur fari þaðan á önnur geymslusvæði nema í undantekningartilvikum.

Um 81. gr.

Ákvæði 81. gr. er nýmæli. Settar eru fram skýrar reglur um yfirfærslu vörsluábyrgðar frá einum leyfishafa geymslusvæðis til annars við flutning ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða. Gert er ráð fyrir að móttakandi vöru staðfesti móttöku hennar með formlegum hætti til sönnunar á yfirfærslu vörsluábyrgðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um sönnun á yfirfærslu vörsluábyrgðar samkvæmt ákvæðinu fari eftir formreglum 82. gr. um geymsluband og 83. gr. um tollband. Slík sönnun er skilyrði þess að vörsluábyrgð verði flutt á milli aðila, þ.e. það er lagt á þann sem ber vörsluábyrgð að sýna fram á að hann hafi fært vörsluábyrgð sína yfir á annan til þess bæran vörsluaðila, fyrr verður hann ekki laus undan vörsluábyrgð vegna hlutaeigandi vöru.

Um 82. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli. Þar er mælt fyrir um að við flutning á ótollafgreiddum vörum á milli geymslusvæða, sem ekki eru á ábyrgð sama leyfishafa, skuli leyfishafi geymslusvæðis á sendingarstað gefa út fylgibréf með vörunum á eyðublað sem tollstjórinn í Reykjavík lætur útbúa.

Lagt er til að sá háttur sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, til sönnunar á flutningi ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða, beri heitið „geymsluband“. Heitið þykir lýsandi vegna þess að sú aðferð sem ákvæðið tiltekur veitir sönnun fyrir flutningi vara á milli geymslusvæða. Hugtakið „tollband“ hefur lengi verið notað í framkvæmd þrátt fyrir að það komi ekki fram í lögum. Með því er vísað til þeirrar formlegu framkvæmdar við flutning ótollafgreiddar vöru innan lands, einkum til tollfrjálsra verslana á Keflavíkurflugvelli og varnarliðsins, sem viðhöfð er til þess að unnt sé að tryggja sönnun um staðsetningu hennar og það hver beri ábyrgð á vörslu hennar. Tilvitnuð framkvæmd á sér stoð í 66. gr. gildandi tollalaga og 51. og 53. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum. Eins og áður segir er lagt til að hugtakið „geymsluband“ verði notað um flutning vara á milli geymslusvæða til samræmis við hugtakið „tollband“. Jafnframt er lagt til að tollbandshugtakið verði fært í lög, sbr. 83. gr. frumvarpsins, en þar er mælt fyrir um flutning

vöru í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu og varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Eins og áður segir hefur tollbandshugtakið einkum verið notað í tengslum við flutning vöru í tollfrjálsar verslanir og á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að hugtakið verði einnig notað við flutning vöru í tollfrjálsa forðageymslu en allt eru þetta endastöðvar í flutningakeðju ótollafgreiddrar vöru og ekki er gert ráð fyrir að ótollafgreiddar vörur fari þaðan á önnur geymslusvæði nema í undantekningartilvikum. Í þeim tilvikum þegar ótollafgreidd vara fer á tollbandi er það tollstjóri á sendingarstað en ekki leyfishafi geymslusvæðis sem gefur út fylgibréf með vörunni til ákvörðunarstaðar.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að sönnun um flutning skuli vera á formi fylgibréfs (tollseðils) sem fylgir vörusendingu frá sendingarstað til ákvörðunarstaðar og er loks sent til tollstjóra á sendingarstað til að gefa til kynna að flutningi sé lokið.

Í 2. mgr. er tekið fram að áritað eintak leyfishafa geymslusvæðis um móttöku sé sönnun þess að vörsluábyrgð þess sem lét ótollafgreidda vöru af hendi sé lokið. Tilgangur 1. og 2. mgr. greinarinnar er að tryggja að vörsluhafi ótollafgreiddrar vöru geti sýnt fram á að hann hafi afhent ótollafgreidda vöru til aðila sem er til þess bær að taka við henni, þ.e. annar leyfishafi tollvörugeymslu eða frísvæðis. Sá tekur við vörsluábyrgðinni með áritun á fylgibréfið.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vara á geymslubandi skuli afhent á annað geymslusvæði innan 24 klukkustunda frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði. Er ákvæðið sett fram til áréttingar um að flutningur ótollafgreiddrar vöru skuli taka eins skamman tíma og kostur er. Gert er ráð fyrir að þessi tímafrestur nægi í öllum tilvikum nema þegar óviðráðanlegar aðstæður valda töfum á flutningi.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að í stað fylgibréfs og áritunar á það komi rafrænar tilkynningar til tryggingar á sönnun um yfirfærslu vörsluábyrgðar.

Um 83. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er nýmæli í tollalögum sem mælir fyrir um form sönnunar á flutningi í „tollfrjálsa endastöð“, þ.e. í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Í þessu sambandi er vísað til umfjöllunar um tollband í athugasemdum við 82. gr. Eins og áður segir er lagt til að hugtakið „tollband“ verði einnig notað við flutning ótollafgreiddrar vöru á tollfrjálst svæði, í tollfrjálsa forðageymslu og á varnarsvæðið en allt eru þetta endastöðvar í flutningskeðju ótollafgreiddra vara og ekki er gert ráð fyrir að ótollafgreiddar vörur fari þaðan á önnur geymslusvæði nema í undantekningartilvikum. Í þeim tilvikum þegar ótollafgreidd vara er flutt á tollbandi er það tollstjóri á sendingarstað en ekki leyfishafi geymslusvæðis sem gefur út fylgibréf með vörunni til ákvörðunarstaðar. Tollstjóri á ákvörðunarstað staðfestir afhendingu sendingar á tollfrjálst svæði, í tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið.

Í 2. mgr. er tekið fram að eintak fylgibréfs (tollseðils) sem áritað hefur verið af tollstjóra um móttöku vöru á ákvörðunarstað er sönnun vörslumanns eða leyfishafa geymslusvæðis um að vörsluábyrgð þess sem lét ótollafgreidda vöru af hendi sé lokið. Tilgangur 1. og 2. mgr. 83. gr. er að tryggja að vörsluhafi ótollafgreiddrar vöru geti sýnt fram á að hann hafi afhent ótollafgreidda vöru þar til bærum aðila.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vara á tollbandi skuli afhent á annað geymslusvæði innan 24 klukkustunda frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði. Er ákvæðið sett fram til áréttingar um að flutningur ótollafgreiddrar vöru skuli taka eins skamman tíma og kostur er. Gert

er ráð fyrir að þessi tímafrestur nægi í öllum tilvikum nema þegar óviðráðanlegar aðstæður valda töfum á flutningi.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að í stað fylgibréfs og áritunar á það komi rafrænar tilkynningar til tryggingar á sönnun um yfirfærslu vörsluábyrgðar.

Um 84. gr.

Í greininni er fjallað um vörutalningar (birgðatalningar) tollstjóra á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Í 1. mgr. 84. gr. er kveðið á um að tollstjóri geti hvenær sem er framkvæmt vörutalningu á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Vörutalning er mikilvægur þáttur í eftirlitsstörfum tollstjóra. Hún er nauðsynleg til þess að tollstjóri geti kannað ástand mála á geymslusvæðum og haft eftirlit með því hvort vöruskráning, meðferð og varsla ótollafgreiddra vara sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 80. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. leggur þær skyldur á herðar leyfishafa geymslusvæðis að gera geymslusvæðið þannig úr garði að það sé aðgengilegt fyrir tollstjóra þannig að framkvæma megi vörutalningu á svæðinu. Þá er leyfishafi skyldur til þess að gefa tollstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar, m.a. upplýsingar úr birgðabókhaldi í samræmi við ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 91. gr. frumvarpsins, og aðstoða tollstjóra við talninguna. Ákvæði 2. mgr. 87. gr. er að mestu samhljóða 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 80. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar leyfishafa geymslusvæðis að hafa ábyrgðarmann viðstaddan vörutalningu tollstjóra. Tilgangur ákvæðisins er annars vegar að veita leyfishafa geymslusvæðis rétt til þess að hafa fulltrúa sinn viðstaddan talninguna og þar með rétt til þess að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd talningarinnar ef ástæða þykir til. Hins vegar er tilgangur ákvæðisins að tryggja að tollstjóri hafi við framkvæmd talningar aðgang að aðila sem getur gefið þær upplýsingar sem tollstjóri óskar eftir og aðstoðað að öðru leyti við vörutalningu eftir því sem þurfa þykir.

Um 85. gr.

Í 85. og 86. gr. er fjallað um vöntun á ótollafgreiddum vörum í vörusendingu. Í frumvarpinu er annars vegar gert ráð fyrir að vöntun geti verið sýnileg við affermingu fars og hins vegar er gert ráð fyrir að um leynda vöntun geti verið að ræða, þ.e. vöntun sem ekki er sýnileg við affermingu. Mælt er fyrir um rýmri reglur til niðurfellingar aðflutningsgjalda þegar unnt er að staðreyna vöntun með nokkuð óyggjandi hætti strax við affermingu fars. Þá þykja líkur hníga í þá átt að vöntun hafi komið til utan tollsvæðis ríkisins. Þegar vöntun kemur síðar fram þykir hins vegar rétt að gera auknar kröfur um sönnun vöntunar, þ.e. sönnun þess að vöntun hafi komið til utan tollsvæðis ríkisins. Þess vegna er lagt til að fjallað verði um hvora tegund vöntunar í sinni greininni þar sem skilyrði niðurfellingar aðflutningsgjalda eru ekki hin sömu í þessum tilvikum.

Í 1. mgr. 85. gr. er kveðið á um að þegar vöntun er sýnileg við affermingu fars skuli tollstjóri lækka, fella niður eða endurgreiða toll eftir því sem við á hverju sinni. Í ákvæðinu er tekið fram að vöruvöntun telst sýnileg komi vörusending ekki fram við affermingu fars eða ef sýnilegt er af ytri umbúðum að vörur vantar í sendingu við affermingu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti með reglugerð mælt fyrir um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Um þetta efni er nú fjallað í reglugerð

nr. 760/2000, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursölu til útlanda, með síðari breytingum.

Um 86. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er sett fram ákvæði um leynda vöntun í vörusendingu en með leyndri vöntun er átt við aðra vöntun en þá sem skilgreind er í 85. gr., þ.e. vöntun í vörusendingu, sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr. eða geymd með leyfi tollstjóra utan slíkra svæða sbr. 3. mgr. 69. gr., og vöntunarinnar mátti ekki verða vart við affermingu flutningsfars. Þegar vöntun er skilgreind sem leynd vöntun ber að greiða aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð er á geymslusvæði, sbr. 76. gr. frumvarpsins, en þar er mælt fyrir um að aðflutningsgjöld miðist við það vörumagn sem skráð er inn á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að aðflutningsgjöld skuli innheimt með 20% álagi en þá er átt við að 20% leggist ofan á útreiknuð aðflutningsgjöld sem greiða átti af þeim vörum sem voru ekki til staðar á geymslusvæði. Þetta nýmæli er lagt til vegna þess að talsvert hefur borið á því við vörutalningar tollstjóra að vörur vanti á geymslusvæði. Rétt þykir að leggja til að aðflutningsgjöld séu innheimt með álagi í ljósi þess aukna frelsis við meðferð og vörslur ótollafgreiddra vara sem ákvæði frumvarpsins boða. Lagt er til að auknu frelsi fylgi ábyrgð með þessum hætti. Samsvarandi ákvæði um vöntun er í 85. gr. gildandi tollalaga en þó eru lagðar aðrar áherslur í frumvarpinu þar sem vöntun er skipt upp í sýnilega og leynda vöntun en það er ekki gert í gildandi lögum. Auk þess eru skilyrði niðurfellingar vegna vöntunar sett fram með nákvæmari hætti í frumvarpinu.

Þá er í 1. mgr. 86. gr. gerð undantekning frá greiðsluskyldu leyfishafa geymslusvæðis vegna vöntunar með þeim hætti að heimilt er að fella niður, lækka eða endurgreiða toll eftir atvikum ef leyfishafinn sýnir fram á að vöntunin sé til komin áður en varan var flutt inn á tollsvæði ríkisins, sbr. meginreglu 5. gr. frumvarpsins um að tollur skuli greiddur samkvæmt tollskrá af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Um þetta efni er fjallað í reglugerð nr. 760/2000, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursölu til útlanda, með síðari breytingum.

Um 87. gr.

Í gildandi tollalögum er ekki kveðið á um hvernig skuli fara með birgðir á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur sem eru umfram þær birgðir sem skráðar hafa verið inn á geymslusvæðið. Ákvæði 1. mgr. 87. gr. er nýmæli um hvernig fara skal með umframbirgðir á geymslusvæði, þ.e. birgðir sem eru umfram þær birgðir sem eru skráðar í geymsluna í samræmi við fyrirmæli 76. gr. frumvarpsins. Leyfishafa geymslusvæðis er gefinn kostur á því að skrá umframbirgðir í birgðabókhald um leið og hann verður þeirra var. Með þeirri skráningu felst yfirlýsing um innflutning aukins vörumagns og aðflutningsgjöld eru lögð á eftir almennum reglum. Þá er kveðið á um það í ákvæðinu að leyfishafi geymslusvæðis skuli tilkynna tollstjóra um slíka skráningu. Komi umframbirgðir hins vegar fram við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði skal leyfishafi geymslusvæðis greiða aðflutningsgjöld af umframbirgðunum. Skyldan til þess að greiða aðflutningsgjöldin er lögð á leyfishafa geymslusvæðis vegna þess að ekki hefur verið gerð grein fyrir vörunni með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 76. gr. frumvarpsins. Það er á valdi leyfishafa geymslusvæðis að halda rétta skráningu á geymslusvæði og lagt er til að hann beri ábyrgð samkvæmt því.

Um 88.–90. gr.

Í 1. mgr. 64. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um að eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur á milli tollhafna innan lands, skuli hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslustöðum fyrir slíkar vörur og skuli þeim haldið þar aðgreindum frá öðrum varningi. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um að geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skuli viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra. Framkvæmd hjá tollstjórum hefur ekki að öllu leyti verið samræmd og hafa ótollafgreiddar vörur í einhverjum tilvikum verið geymdar á stöðum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra. Þess vegna er lagt til að geymslur farmflytjenda eins og þær eru oft nefndar eða geymslur skv. 64. gr. núgildandi tollalaga verði starfræktar á grundvelli sérstaks leyfis tollstjórans í Reykjavík. Lagt er til að tollstjórinn í Reykjavík veiti leyfi til reksturs þessara geymslusvæða á landsvísu þannig að samræmd framkvæmd við veitingu leyfa verði tryggð. Jafnframt er lagt til að í stað þess að kalla nefnd geymslusvæði „geymslur farmflytjenda“ verði þau kölluð „afgreiðslugeymslur“, m.a. vegna þess að tollmiðlarar geta einnig fengið leyfi til þess að reka þessa tegund geymslusvæðis. Þá þykir heitið lýsandi vegna þess að ótollafgreiddar vörur eru að jafnaði ekki geymdar um langa hríð á þessum geymslusvæðum heldur afgreiddar til notkunar innan lands eða til varanlegrar geymslu á öðrum geymslusvæðum.

Um 88. gr.

Í 1. mgr. 88. gr. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík veiti leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Vísað er til 91. gr. um þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu slíks leyfis. Þeir sem geta fengið leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu eru farmflytjendur, sem flytja vörur frá útlöndum, og tollmiðlarar.

Í 2. mgr. 88. gr. er kveðið á um að ef farmflytjendur og tollmiðlarar reka ekki afgreiðslugeymslur í eigin nafni skuli þeir eiga aðgang að geymslum sem þessum. Ákvæðið á að nokkru leyti fyrirmynd í 64. gr. gildandi tollalaga en kveðið er fastar að orði í frumvarpinu varðandi skilyrði fyrir veitingu leyfis til reksturs afgreiðslugeymslu.

Um athugasemdir við 3. mgr. er vísað til athugasemda við 2. mgr. 91. gr. eftir því sem við á. Um athugasemdir við 4. mgr. er vísað til athugasemda við 2. og 3. mgr. 91. gr. eftir því sem við á.

Um 89. og 90. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 91. gr.

Í 1. mgr. 91. gr. er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs tollvörugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur í tollhöfn að uppfylltum viðeigandi skilyrðum. Í ákvæðinu eru nokkur nýmæli.

Í fyrsta lagi er kveðið á um að heimild ráðherra til þess að veita leyfi til reksturs tollvörugeymslu sé bundin við tollhafnir, sbr. 41. gr. Ákvæði frumvarpsins fela ráðherra að ákveða staðsetningu tollhafna með reglugerð og um það atriði er vísað til athugasemda við 41. gr.

Í öðru lagi er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til reksturs tollvörugeymslu með nákvæmari hætti en gert er í núgildandi tollalögum. Handhafar starfsleyfis eru vörsluhafar ótollafgreiddra vara og bera ríkar skyldur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þess vegna þykir rétt að binda starfsleyfi þeim skilyrðum sem talin eru upp í 1.–9. tölul. 1. mgr.

Í 1. tölul. er kveðið á um að umsækjandi skuli vera lögaðili, þ.e. félag starfrækt á viðurkenndu félagaformi.

Í 2. tölul. er fjallað um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn umsækjanda skulu vera a.m.k. tveir. Þá eru sett fram ítarleg almenn hæfisskilyrði um stjórnarmenn. Fyrirmynd ákvæðisins er að hluta til sótt í ákvæði um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um það efni. Að auki þykir rétt að gera þá kröfu til stjórnarmanna að þeir hafi ekki gerst sekir um brot á tollalögum og fíkniefnalöggjöf. Verður að telja þau hæfisskilyrði sem hér eru sett fram eðlileg um stjórnendur tollvörugeymslu, sem annast mikilvægt hlutverk við vörslu og meðferð ótollafgreiddra vara.

Í 3. tölul. er kveðið á um að daglegur stjórnandi uppfylli skilyrði 2. tölul. um hæfi stjórnarmanna. Með orðunum „daglegur stjórnandi“ er átt við þann sem er hæstráðandi í fyrirtækinu í daglegum rekstri þess, t.d. forstjóri eða framkvæmdastjóri.

Í 4. tölul. er mælt fyrir um að leyfishafi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem hann kann að verða ábyrgur fyrir vegna starfseminnar. Kveðið er á um að nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skuli sett í reglugerð. Rétt er að miða við umfang geymslusvæðis og eðli þeirrar vöru sem þar er geymd þegar viðmið eru sett um fjárhæð tryggingar. Til dæmis þykir rétt að gera kröfu um hærri tryggingu þegar þær vörur sem í hlut eiga bera há aðflutningsgjöld.

Í 5. tölul. er kveðið á um að geymslusvæði skuli hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra skv. 2. mgr. 72. gr. Greinin er að öðru leyti að mestu samhljóða 2. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga.

6. tölul. er í grundvallaratriðum samhljóða 3. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að tollstjóri skuli fá til afnota afmarkað húsrými á geymslusvæðum með nauðsynlegum húsgögnum, svo sem stöðugu borði, og tölvutengingum, til tolleftirlits og rannsóknar á vörum. Það þykir jafnframt rétt að það komi skýrt fram í ákvæðinu að leyfishafa geymslusvæðis ber eingöngu að láta tollstjóra í té einföld tæki og áhöld til skoðunar á vörum, svo sem hamar, kúbein og dúkahníf. Þessi áhöld eru ætluð til þess að opna og loka umbúðum.

Í 7. tölul. er kveðið á um þau atriði sem þurfa að vera tryggð við hönnun og útfærslu á birgðabókahaldi fyrir tollvörugeymslur. Í töluliðnum er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli staðfesta birgðabókhald umsækjanda. Sá áskilnaður er gerður vegna þess að tollstjórinn í Reykjavík hefur yfirumsjón með rekstri tölvukerfa sem notuð eru við tollafgreiðslu, sbr. 1. tölul. 43. gr., og er þess vegna fær um að meta hvort tölvukerfi umsækjenda uppfylli skilyrðin sem tiltekin eru. Nefnd skilyrði eru sett til þess að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir varðandi inn- og útflutta vöru eftir atvikum og til þess að unnt sé að framfylgja ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti, m.a. um álagningu aðflutningsgjalda og frest til greiðslu þeirra.

Í 8. tölul. er það gert að skilyrði að starfsmenn umsækjanda hafi haldgóða þekkingu á tollalögum og viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum á sviði tollamála. Það er mikilvægt að starfsmenn umsækjanda kunni skil á lögum og reglum sem gilda um tollafgreiðslu vöru, vörslu hennar og tengd atriði. Það er áskilið að sýnt sé fram á að skjalagerð vegna tollmeðferðar, stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna sé traust.

Í 9. tölul. er áskilið að hagkvæmniútreikningar vegna reksturs geymslusvæðis liggi fyrir. Í hagkvæmniútreikningum skal sýnt fram á rekstrargrundvöll fyrir tollvörugeymslu. Í reglugerð um frísvæði, nr. 527/1991, er áskilið að hagkvæmnisútreikningur fylgi umsókn um starfsleyfi til reksturs frísvæðis. Rétt þykir að slíkar upplýsingar liggi einnig fyrir vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir tollvörugeymslur. Sambærilegar kröfur eru gerðar í löggjöf ESB, sbr. 510. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálaráðherra haldi skrá yfir þá sem veitt hefur verið leyfi til að reka tollvörugeymslur. Jafnframt er mælt fyrir um að öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá sé óheimilt að reka tollvörugeymslu. Það er mikilvægt að inn- og útflytjendur geti nálgast upplýsingar um það hverjir hafi leyfi til að annast geymslu ótollafgreiddra vara.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að leyfi er veitt falli starfsleyfi niður. Sama á við ef leyfishafi hefur ekki veitt þjónustu, sem starfsleyfi tekur til, samfellt í tólf mánuði. Eðlilegt þykir að ákvæði af þessu tagi sé sett enda nauðsynlegt að á hverjum tíma sé tryggt að öruggar upplýsingar liggi fyrir um þá leyfishafa sem raunverulega starfa samkvæmt leyfi yfirvalda til að annast geymslu ótollafgreiddra vara. Jafnframt væri óeðlilegt ef aðilar gætu geymt starfsleyfi ótímabundið og hafið síðar starfsemi á grundvelli þess, jafnvel þegar langt væri liðið frá leyfisveitingu og óvíst hvort leyfishafi uppfyllti í raun kröfur sem þá væru gerðar til leyfishafa.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 92. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 93. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvaða vörur heimilt er að flytja í tollvörugeymslu. Ákvæðið á að hluta til samsvörun í 2. mgr. 74. gr. gildandi tollalaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 94. gr.

Ákvæði 94. gr. frumvarpsins er nýmæli. Þar er lagt til að heimilt verði að geyma tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur í sama rými í tollvörugeymslu að fengnu leyfi fjármálaráðherra og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Ákvæði gildandi tollalaga gera ekki ráð fyrir að tollafgreiddar vörur séu geymdar í tollvörugeymslu en viðskiptalífið hefur kallað eftir slíkri heimild. Birgðahald fyrirtækja hefur í auknum mæli færst inn á frísvæðin og þess vegna er mikilvægt að unnt sé að geyma tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur á einum stað. Slíkt fyrirkomulag leiðir einnig til aukins hagræðis við dreifingu á vörum til kaupenda. Sölufyrirtæki gera kröfur um ákveðinn sveigjanleika við birgðahald og dreifingu vara í því augnamiði að unnt sé að geyma vörur á viðeigandi geymslusvæði, undirbúa þær til dreifingar og fá þær tollafgreiddar á þeim tíma sem hentar markaðnum hverju sinni. Vegna þessa hafa komið til sögunnar nýjar tegundir vöruhúsa, svokölluð vöruhótel, sem annast lagerhald og vörudreifingu fyrir hönd sölufyrirtækjanna. Með því að fela vöruhótelum birgðahald og vörudreifingu geta fyrirtæki í einhverjum tilvikum lækkað kostnað og aukið hagkvæmni í rekstri sínum. Til þess að vöruhótelum sé fært að veita slíka þjónustu þarf að vera mögulegt að geyma ótollafgreiddar og tollafgreiddar vörur í sama rými, undir ströngu eftirliti tollyfirvalda. Eftirlit með geymslusvæðum fyrir tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur er vandasamara en eftirlit með hefðbundnum geymslusvæðum og þess vegna eru lögð til eftirtalin skilyrði fyrir því að heimilað verði að tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur séu geymdar á sama geymslusvæði. Skilyrði þessi eru talin upp í þremur töluliðum:

1. tölul. mælir fyrir um skýra aðgreiningu á tollafgreiddum og ótollafgreiddum vörum í birgðabókhaldi geymslunnar. Þá er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík samþykki vél- og hugbúnað tollvörugeymslu að þessu leyti.

2. tölul. kveður á um að ráðherra geti sett frekari skilyrði fyrir því að heimilað verði að tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur verði geymdar á sama geymslusvæði. Slík skilyrði hafa þann tilgang að tryggja fullnægjandi tolleftirlit. Skilyrði 94. gr. eru því ekki tæmandi talin.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti afturkallað leyfi samkvæmt ákvæðinu, að tillögu tollstjórans í Reykjavík, uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti kveðið nánar á um skilyrði fyrir geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými í tollvörugeymslu með reglugerð.

Fyrirmynd 94. gr. er að nokkru leyti sótt í 524. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992.

Um 95. gr.

Í 1. mgr. 95. gr. kemur fram sú meginregla að iðnaðarframleiðsla og önnur aðvinnsla vöru er óheimil í tollvörugeymslu. Sama regla gildir samkvæmt gildandi tollalögum.

Í 2. mgr. 95. gr. er kveðið á um undantekningu frá meginreglu 1. mgr. en þar er veitt heimild til óverulegrar aðvinnslu á vörum í tollvörugeymslu. Með óverulegri aðvinnslu er átt við ýmsar aðgerðir, svo sem skiptingu í smærri einingar, einfalda umpökkun, merkingu vara, t.d. með íslenskum leiðbeiningum eða innihaldslýsingu, samsetningu vöruhluta, prófun vöru og þrif. Í frumvarpinu er því lagt til að reglur um tollvörugeymslur verði rýmkaðar að þessu leyti frá því sem nú er. Það er með öðrum orðum lagt til að aðvinnsla í tollvörugeymslum verði með þeim hætti sem nú tíðkast á frísvæðum. Með þessu móti er unnt, til hagræðis fyrir atvinnulífið, að undirbúa vörur til dreifingar með lágmarksaðvinnslu í tollvörugeymslu. Um þetta efni er vísað að öðru leyti til almennra athugasemda við XIII. kafla frumvarpsins.

Í 3. mgr. 95. gr. er mælt fyrir um að tollstjóri skeri úr ef óljóst er hvort aðvinnsla vöru falli undir ákvæði 2. mgr.

Í 4. mgr. 95. gr. er tekið fram að tollstjóra er heimilt að takmarka aðvinnslu skv. 2. mgr. ef hann telur það nauðsynlegt vegna tolleftirlits.

Um 96. gr.

Í 96. gr. er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs tollfrjálsra forðageymslna í tollhöfnum þar sem geyma má vistir, útbúnað og annan forða fyrir skip og flugvélar í utanlandsferðum auk varnings sem boðinn er til sölu um borð. Ákvæðið á samsvörun í 75. gr. gildandi tollalaga en þar er sú takmörkun gerð að einungis skipaútgerðir og flugfélög sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli annarra landa geta fengið starfsleyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu. Lagt er til að ákvæðið verði rýmkað með þeim hætti að lögaðilar geti fengið leyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu að uppfylltum þeim skilyrðum sem talin eru upp í 1.–8. tölul. 1. mgr. 91. gr. frumvarpsins. Vísað er til athugasemda með 91. gr. varðandi tilgreind skilyrði. Í ljósi örra breytinga í viðskiptalífinu, svo sem varðandi rekstrarform og eignarhald á skipum og flugvélum í millilandaferðum, og þeirrar þróunar sem hefur orðið við geymslu ótollafgreiddra vara þykir ekki rétt að binda leyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu eingöngu við skipaútgerðir og flugfélög sem eiga farartæki að staðaldri í millilandaferðum. Rekstri slíkra fyrirtækja hefur í auknum mæli verið skipt upp í smærri einingar vegna hagræðis og sérstök fyrirtæki sinna þá eftir atvikum birgðahaldi fyrir skip og flugfélög. Í frumvarpinu er tekið mið af þessari þróun og rétt þykir að rýmka lagarammann þannig að fleiri aðilar geti sótt um leyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu. Til þess að gæta jafnræðis þykir rétt að binda heimild til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu við tiltekin

fagleg skilyrði án tillits til þess hvort umsækjandi er eigandi að förum sem eru í millilandaferðum að staðaldri.

Um 97. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 98. gr.

Í 98. gr. er mælt fyrir um þær vörur sem heimilt er að flytja í tollfrjálsa forðageymslu. Ákvæðið er efnislega í samræmi við 76. gr. gildandi tollalaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 99. gr.

Í 1. mgr. 99. gr. er kveðið á um hvert flytja megi vörur úr tollfrjálsri forðageymslu. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 77. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. 99. mgr. er nýmæli sem felur í sér leiðbeiningu til tollstjóra þegar hann metur hvað telst hæfilegur forði fars. Nauðsynlegt þykir að tollalög hafi að geyma skýr fyrirmæli um þetta atriði en svo er ekki í gildandi lögum. Sett eru fram ákveðin viðmið, þ.e. stærð skips, gerð þess, fjöldi farþega, stærð áhafnar og lengd ferðar. Ólík viðmið skulu sett um hæfilegan forða eftir því hvort um er að ræða farþegafar eða annars konar far, svo sem fiskiskip eða far í farþegaflutningum. Þá skal litið sérstaklega til þess hvort hlutaðeigandi far er að staðaldri í förum á milli Íslands og annarra landa. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að til þess að far geti keypt tollfrjálsan forða þarf það að eiga viðkomu í erlendri höfn. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra getir sett nánari reglur samkvæmt ákvæðinu, þar á meðal um hæfilegan forða, sbr. 3. mgr.

Um 100. gr.

Greinin er samhljóða 78. gr. núgildandi tollalaga.

Um 101. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar (fríhafnar). Ákvæðið er að mestu samhljóða 79. gr. núgildandi tollalaga. Þess ber þó að geta að í gildandi tollalögum er heimild ráðherra til þess að veita leyfi til reksturs verslana með tollfrjálsar vörur bundin við tilteknar hafnir og flugvelli. Ekki þykir ástæða til þess að binda heimild ráðherra við tilteknar hafnir eða flughafnir þar sem að eðli máls samkvæmt er einungis mögulegt að starfrækja tollfrjálsa verslun þar sem för í farþegaflutningum á milli landa hafa viðkomu.

Í gildandi tollalögum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra sé heimilt að reka tollfrjálsa verslun. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að fjármálaráðherra hafi slíkan rekstur með höndum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að umsækjandi um starfsleyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar sé lögaðili. Til þess að leyfi verði veitt er gert ráð fyrir að umsækjandi uppfylli skilyrði 1.–3. og 5.–8. tölul. 1. mgr. 91. gr. frumvarpsins. Vísað er til athugasemda með 91. gr. varðandi tilgreind skilyrði.

Um 102.–103. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 104. gr.

Í 1. mgr. 104. gr. er kveðið á um að eingöngu sé heimilt að selja farþegum og áhöfnum millilandafara á leið úr landi vörur úr tollfrjálsum verslunum. Ákvæðið er að þessu leyti samhljóða 2. mgr. 79. gr. gildandi tollalaga. Í stað áskilnaðar um að fyrirskipa megi að varningur úr tollfrjálsri verslun skuli afhentur ferðamanni eða farmanni í lokuðum umbúðum er lagt til að varningur verði eingöngu seldur úr tollfrjálsri verslun gegn framvísun brottfararspjalds til sönnunar á því að kaupandi eigi sæti í flugvél eða skipi á leið til útlanda. Þetta ákvæði er í samræmi við framkvæmd í mörgum erlendum flughöfnum. Ákvæði síðasta málsliðar 2. mgr. 79. gr. gildandi tollalaga um póstverslun úr fríhöfn er fellt brott. Nýmæli 141. gr. frumvarpsins um póstverslun úr landi gildir um þetta atriði.

Í 2. mgr. 104. gr. er mælt fyrir um að ráðherra geti heimilað leyfishafa tollfrjálsrar verslunar að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsum verslunum. Slík verslun er starfrækt í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli á grundvelli gildandi tollalaga. Rekstur tollfrjálsrar komuverslunar er hins vegar undantekning frá meginreglu 1. mgr. 104. gr. þar sem kveðið er á um að tollfrjálsar vörur skuli aðeins seldar farþegum og áhöfnum á leið úr landi. Þess vegna er lagt til að tekið verði fram í ákvæðinu að slíkar verslanir skuli sérstaklega afmarkaðar og eingöngu aðgengilegar fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins.

Í 3. mgr. 104. gr. er kveðið á um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða vörur er heimilt að selja í tollfrjálsri komuverslun skv. 2. mgr. Þar sem að 2. mgr. felur í sér undantekningu frá meginreglu er gert ráð fyrir að takmarkaður fjöldi vörutegunda verði seldur í komuverslun.

Um 105. gr.

Í 1. mgr. 105. gr. er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs frísvæðis að uppfylltum sömu skilyrðum og sett eru fyrir veitingu leyfis til reksturs tollvörugeymslu í 1.–9. tölul. 1. mgr. 91. gr. frumvarpsins.

Ákvæði um frísvæði eru í IX. kafla gildandi tollalaga. Í greinargerð með lögunum var tekið fram að gert væri ráð fyrir að hægt yrði að koma upp tollfrjálsum svæðum hér á landi þar sem aðstæður þættu sérstaklega henta og skapa þar með möguleika til ýmissar atvinnustarfsemi í tengslum við dreifingu og aðvinnslu á ótollafgreiddum vörum. Gert var ráð fyrir að tilgangur frísvæðis væri einkum tvíþættur, aðvinnsla á vörum og geymsla vöru til dreifingar til annarra landa. Reglugerð nr. 527/1991, um frísvæði, var sett til nánari útfærslu á ákvæðum tollalaga um frísvæði. Á undanförnum árum hafa verið gefin út fleiri leyfi til reksturs frísvæða en almennra tollvörugeymslna eins og fram kemur í almennum athugasemdum við XIII. kafla frumvarpsins. Ástæða þess er að reglur um geymslu og meðferð vara á frísvæðum eru rýmri og sveigjanlegri en samsvarandi reglur um tollvörugeymslur. Þess skal þó getið að þau leyfi til reksturs frísvæða, sem hafa verið gefin út, eru takmörkuð við geymslu og aðvinnslu á vörum skv. 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 527/1991, um frísvæði, en þar er fjallað um einfalda aðvinnslu, svo sem skiptingu sendinga, umpökkun, samsetningu, blöndun, prófun og þrif. Frá 1987 hefur ekkert leyfi til reksturs frísvæðis verið gefið út án þessarar takmörkunar, þ.e. ekkert eiginlegt frísvæði hefur verið starfrækt. Að teknu tilliti til þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð við útgáfu leyfa til reksturs frísvæða og tollvörugeymslna er lagt til í frumvarpinu að ákvæði um tollvörugeymslur verði rýmkuð í þá veru að þau nái til starfsemi frísvæða eins og hún er í dag, þar á meðal einfaldrar aðvinnslu, sem ekki telst til iðnaðar, svo sem skipting sendingar, umpökkunar, samsetningar, blöndunar, prófunar og þrifa. Þá er hins vegar lagt til að ákvæði um frísvæði verði áfram í tollalögum

en tilgangur frísvæðis verði einungis fólginn í því að veita fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu ýmiss konar varnings eins og tækja, véla, varahluta og ýmissa annarra fullbúinna vara sem síðan verða fluttar á innanlandsmarkað eða á erlenda markaði. Gert er ráð fyrir að aðvinnsla á frísvæði verði þá umfangsmeiri en sú aðvinnsla sem heimil er í tollvörugeymslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Með öðrum orðum er lagt til að leyfi til reksturs frísvæðis verði eingöngu veitt þeim er hyggjast starfrækja eiginlega iðnaðarstarfsemi á frísvæði. En aðrar vörur, þ.e. vörur sem ekki eru ætlaðar til aðvinnslu á frísvæði, verði geymdar í tollvörugeymslu.

Um 106. og 107. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 108. gr.

Í 108. gr. kemur fram að miða ber ákvörðun aðflutningsgjalda við tollverð þeirrar vöru sem afhent er af frísvæði til notkunar innan lands eða þeirrar vöru sem flutt er til útlanda. Gert er ráð fyrir að í flestum tilvikum sé um að ræða vöru sem framleidd er á frísvæðinu úr efnivörum sem fluttar voru inn á frísvæðið til iðnaðarframleiðslu.

Um XIV. kafla.

Í XIV. kafla frumvarpsins er fjallað um álagningu aðflutningsgjalda, endurákvörðun þeirra, kærur o.fl. Kaflinn er að mestu byggður á samsvarandi kafla í gildandi tollalögum. Nokkur nýmæli eru í kaflanum. M.a. eru málskotsleiðir tollalaga einfaldaðar. Lagt er til að allir úrskurðir tollstjóra sæti kæru til ríkistollanefndar. Samkvæmt gildandi tollalögum sæta sumir úrskurðir tollstjóra málskoti til fjármálaráðuneytis en aðrir eru kæranlegir til ríkistollanefndar. Þykir þessi breyting til hagsbóta fyrir þá sem vilja nýta sér heimild til stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds.

Um 109. gr.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 109. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 1. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 109. gr. er nýmæli þar sem mælt er fyrir um að álagning skuli byggð á upplýsingum sem koma fram í aðflutningsskýrslu og viðeigandi fylgiskjölum. Í þessu sambandi er vísað til VII. kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um þær upplýsingar sem eiga að koma fram í aðflutningsskjölum. Í 3. málsl. 1. mgr. 109. gr. er þó mælt fyrir um heimild til handa tollstjóra til þess að leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té. Málsliðurinn kemur að hluta til í stað 3. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga en þó er lagt til að skylda tollstjóra til þess að gera innflytjanda viðvart um breytingar samkvæmt ákvæðinu gildi ekki samkvæmt hinu nýja ákvæði. Til þess að leiðrétting sé heimil verður hún að vera smávægileg og óyggjandi og þess vegna þykir rétt til hagræðis fyrir tollstjóra að umrædd tilkynningarskylda verði felld brott. Leiði leiðrétting til gjaldabreytinga eða að öðru leyti til breytinga á réttarstöðu innflytjanda telst hún ekki smávægileg. Fer þá um leiðréttingu eða endurákvörðun eftir öðrum ákvæðum XIV. kafla eftir því sem við á. Það kemur ekki til þess að tollstjóri leiðrétti augljósar og smávægilegar villur í rafrænum aðflutningsskýrslum. Sá háttur er hafður á að skýrsla er ekki lesin inn í tölvukerfi tollyfirvalda og móttekin fyrr en tiltekin grundvallaratriði liggja fyrir. Þess vegna þykir óþarfi að geta sérstakrar heimildar til handa tollstjóra til leiðréttingar augljósra og smávægilegra villna þegar rafrænar aðflutningsskýrslur eru annars

vegar. Komi til leiðréttingar rafrænna aðflutningsskjala er lagt til að tollstjóri skori á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma í samræmi við ákvæði 2. mgr. 110. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gengið út frá að útreikningur aðflutningsgjalda við álagningu hvíli á herðum tollstjóra. Í framkvæmd hefur sú verið raunin enda þótt 2. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga mæli fyrir um að ráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu. Jafnframt er kveðið á um í 1. málsl. 3. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga að tollstjóra sé heimilt að leiðrétta augljósar villur í útreiknaðri aðflutningsskýrslu. Sá háttur hefur verið viðhafður að aðflutningsgjöld eru reiknuð í tölvukerfi tollyfirvalda og þess vegna er lagt til að tilvitnuð ákvæði núgildandi tollalaga verði felld brott.

2. mgr. 109. gr. er að hluta til efnislega samhljóða 4. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga.

Áætlun aðflutningsgjalda er undanfari nauðungarsölu.

Um 110. gr.

Í frumvarpinu er fjallað um leiðréttingar aðflutningsskýrslna, sem hafa verið látnar tollstjóra í té, í tveimur greinum. Í 110. gr. er fjallað um leiðréttingu skýrslu fyrir tollafgreiðslu og í 116. gr. er fjallað um leiðréttingu skýrslu eftir tollafgreiðslu.

Í 110. gr. er mælt fyrir um heimildir tollstjóra til þess að skora á innflytjanda eða umboðsmann hans að leiðrétta aðflutningsskýrslu og/eða fylgigögn hennar fyrir tollafgreiðslu. Ákvæðið á jöfnum höndum við um skriflegar og rafrænar aðflutningsskýrslur. Ekki þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um leiðréttingar aðflutningsskjala af hálfu innflytjanda eða umboðsmanns hans fyrir tollafgreiðslu vegna þess að eftir að viðeigandi upplýsingar hafa verið lesnar inn í tölvukerfi tollyfirvalda er sendingin tollafgreidd að því gefnu að ekki sé gerð athugasemd af hálfu tollstjóra. Þá þykir ekki nauðsynlegt að setja sérstakt ákvæði um leiðréttingu skriflegra aðflutningsskýrslna fyrir tollafgreiðslu vegna þess að hin innflutta vara er undir tolleftirliti og því mögulegt að ganga úr skugga um réttmæti nýrra upplýsinga, sbr. einnig skyldu innflytjanda til þess að veita réttar upplýsingar um hina innfluttu vöru, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

1. mgr. 110. gr. er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 98. gr. gildandi tollalaga. Þó er kveðið skýrar á um að heimildir tollstjóra samkvæmt ákvæðinu gilda frá því að aðflutningsskýrsla er látin tollstjóra í té uns afhendingarheimild tollstjóra er veitt, með öðrum orðum uns vara er tollafgreidd. Um heimildir tollstjóra til þess að taka mál vegna tollafgreiddrar sendingar til meðferðar á ný er vísað til 111.–113. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 110. gr. er mælt fyrir um að áskorun geti hvort sem er verið á skriflegu eða rafrænu formi. Raunin er sú að fjöldi rafrænna aðflutningsskýrslna er margfalt meiri en þeirra skriflegu og ástæða þykir til að taka af allan vafa um að rafrænar áskoranir, sem sendar eru í gegnum tölvukerfi tollyfirvalda, jafngilda skriflegum. Það er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík ákveði form áskorana skv. 2. mgr.

3. mgr. 110. gr. er samhljóða 2. og 3. málsl. 1. mgr. 98. gildandi tollalaga.

Um 111. gr.

Í 111. og 112. gr. frumvarpsins er fjallað um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Fyrri greinin lýtur að rafrænum aðflutningsskjölum og hin síðari að skriflegum aðflutningsskjölum. Ástæða þykir til þess að fjalla um þessi tilvik hvort í sinni grein vegna þess að aðstæður tollstjóra til þess að endurskoða upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru eru mismunandi eftir því hvort tollafgreiðslan var rafræn eða skrifleg. Þegar skrifleg aðflutningsskjöl eru látin tollstjóra í té hefur tollstjóri aðflutningsskýrslu ásamt fylgigögnum undir hönd-

um og er þess vegna hægt um vik að endurskoða aðflutningsskjöl til grundvallar tollafgreiðslu innan tiltekins frests. Endurskoðun tollstjóra vegna rafrænnar tollafgreiðslu fer hins vegar fram með þeim hætti að framkvæmdar eru úrtaksathuganir á innfluttum sendingum, annaðhvort slembiúrtaksathuganir eða úrtaksathuganir á grundvelli áhættugreiningar eða annarra forsendna. Af þeirri ástæðu þykir rétt að heimildir tollstjóra nái til sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda. Samsvarandi ákvæði er í 3. tölul. 5. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að vísa til þess að sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskjöl með skjalasendingum á milli tölva ber ríka ábyrgð á því að rétt og fullnægjandi gögn liggi að baki hinni rafrænu tollafgreiðslu, sbr. VIII. kafla frumvarpsins. Lagt er til að sex ára fresturinn verði orðaður með lítillega breyttum hætti þannig að fresturinn verði talinn til baka frá þeim degi þegar tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun berst innflytjanda og nái til þeirra sendinga sem voru tollafgreiddar á því tímabili.

Um 112. gr.

Í 112. gr. er kveðið á um heimildir tollstjóra til endurákvörðunar aðflutningsgjalda í tilvikum þar sem skrifleg aðflutningsskjöl hafa verið látin honum í té.

Innflytjandi ber ábyrgð á því að tollstjóra séu afhent rétt og fullnægjandi aðflutningsskjöl, sbr. VIII. kafla frumvarpsins. Þess vegna er lagt til að orðalag ákvæðisins verði afdráttarlausara en orðalag samsvarandi ákvæðis í 99. gr. gildandi tollalaga. Orðin „gögn sem byggja mátti á rétta ákvörðun aðflutningsgjalda“ í 2. mgr. 99. gr. gildandi laga veita nokkurt svigrúm fyrir innflytjanda til þess að víkja sér undan ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum á grundvelli þess að tollstjóri hefði átt að sjá að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar fram. Það þykir rétt að afnema svigrúm til mats og miða eingöngu við það hvort réttar og fullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar fram með vísan til VII. og VIII. kafla frumvarpsins um skýrslugjafir til tollstjóra og ábyrgð innflytjanda og tollmiðlara á upplýsingagjöf til tollstjóra. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að ekki skipti máli í þessu sambandi hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu og fylgigögnum. Samsvarandi ákvæði er í 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga.

Í 2. mgr. 112. gr. er kveðið á um frest til endurákvörðunar í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. Til skýringar er vísað til athugasemda við 111. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 112. gr. kemur fram að hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar lagt fram réttar og fullnægjandi upplýsingar verða honum ekki endurákvörðuð aðflutningsgjöld nema vegna þeirra sendinga sem hann hefur fengið tollafgreiddar á síðustu 60 dögum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga. Þó eru í nokkrum atriðum lagðar aðrar áherslur í 3. mgr. 112. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er líkt og í 1. mgr. gert ráð fyrir hlutlægu mati á hvort réttar og fullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar fram í því augnamiði að meta hvort endurákvörðun verði komið við. Í öðru lagi er lagt til að tollstjóri hafi 60 daga frest til þess að hefja endurákvörðun, þ.e. 60 dagar mega líða frá tollafgreiðsludegi sendingar eða frá ákvörðun aðflutningsgjalda, þegar um tímabundinn innflutning er að ræða, uns tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun vegna sendingarinnar berst innflytjanda. Skv. 2. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun innan 60 daga frá því að hann heimilaði afhendingu vöru eða ákvarðaði aðflutn-

ingsgjöld þegar um tímabundinn innflutning er að ræða. Ástæða þykir til að leggja til einföldun á þeirri reglu og veita tollstjóra 60 daga frest til þess að hefja endurákvörðun.

Í 4. mgr. 112. gr. er gerð undantekning frá meginreglu 3. mgr. en þar er mælt fyrir um að endurákvörðun sé heimil þrátt fyrir að 60 daga fresturinn sé liðinn hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Sú staða er m.a. uppi þegar innflytjandi hefur áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi álit um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu. Sambærilegt ákvæði er í 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga.

Um 113. gr.

Í greininni er fjallað um aðrar endurákvarðanir af hálfu tollstjóra en þær sem lúta að endurákvörðun aðflutningsgjalda. Ákvæðið er nýmæli. Í gildandi tollalögum er ekki heimild til handa tollstjóra til þess að gera breytingar á aðflutningsskjölum ef breytingarnar leiða ekki til endurákvörðunar aðflutningsgjalda. Það er afar mikilvægt að afla eins áreiðanlegra upplýsinga og mögulegt er um inn- og útfluttar vörur, þar á meðal réttra upplýsinga um tollflokkun vöru. Upplýsingar úr tölvukerfi tollyfirvalda eru notaðar við ýmsar greiningar á inn- og útfluttum vörum, í hagtölum og verslunarskýrslum og fleira. Einnig geta aðflutningsgjöld á vörum í tilteknum tollskrárnúmerum breyst og þá er mikilvægt að lagt hafi verið fyrir innflytjanda að tollafgreiða vöruna í réttu tollskrárnúmeri. Þess vegna er kveðið á um að tollstjóri leiðrétti rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskjölum sem honum hafa verið látin í té þrátt fyrir að leiðréttingar leiði ekki til breyttrar ákvörðunar aðflutningsgjalda. Endurákvarðanir tollstjóra samkvæmt þessari grein eru ekki bundnar við tímafrest.

Um 114. gr.

Í 114. gr. frumvarpsins er fjallað um málsmeðferðarreglur við undirbúning fyrirhugaðs úrskurðar tollstjóra um endurákvörðun skv. 111.–113. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 3. mgr. 99. gr. tollalaga.

Um 115. gr.

Í greininni er fjallað um áætlun aðflutningsgjalda. Ákvæðið er nýmæli. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í sambærileg ákvæði í skattarétti en þó ber að gæta að þeirri sérstöku aðstöðu sem skapast þegar vara er afhent undan tolleftirliti án þess að afhendingarheimild tollstjórans hafi verið veitt og óyggjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um vöruna.

Á nokkrum stöðum í frumvarpinu er sú skylda lögð á tollstjóra að hann áætli aðflutningsgjöld, sbr. 2. mgr. 78. gr. og 2. mgr. 109. gr. Í ákvæðinu eru tollstjóra veittar leiðbeiningar við áætlun aðflutningsgjalda. Forsendur til grundvallar áætlun geta verið afar mismunandi en það er meginregla samkvæmt ákvæði 115. gr. frumvarpsins að tollverð vöru skuli áætla svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar. Þegar áætlun er framkvæmd á grundvelli 2. mgr. 109. gr. frumvarpsins er vara yfirleitt enn til staðar undir tolleftirliti og í þeim tilvikum er auðvelt að meta gerð og eiginleika vöru. Hins vegar eru forsendur óljósari í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr, sbr. 1. mgr. 78. gr. frumvarpsins þar sem vara hefur verið afhent undan tolleftirliti án tilskilins leyfis tollyfirvalda. Í þeim tilvikum reynist nauðsynlegt að hafa hliðsjón af öllum þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöru, þar á meðal farmskrá. Ef ekki er unnt að byggja á framlögðum gögnum getur reynst nauðsynlegt að byggja á meðaltalstölum hagstofu yfir innfluttar vörur.

Um 116. gr.

Í 116. gr. er fjallað um leiðréttingu aðflutningskýrslu eftir tollafgreiðslu að kröfu innflytjanda. Í greinargerð með 99. gr. gildandi tollalaga kom fram að lagt væri til með greininni að tiltekinn yrði ákveðinn frestur, allt að 60 dagar fyrir hvorn aðila til þess að krefjast leiðréttingar. Tilvitnuð ummæli í greinargerð gera ráð fyrir að bæði tollstjóri og innflytjandi eða umboðsmaður innflytjanda eftir atvikum geti krafist leiðréttingar upplýsinga í aðflutningsskjölum. Hins vegar er eingöngu mælt fyrir um skyldu tollstjóra til þess að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld í samræmi við ákvæði greinarinnar. Þykir ástæða til að kveða skýrt á um rétt innflytjanda til þess að koma fram með leiðréttingar á framlögðum aðflutningsskjölum eða viðbætur við þau eftir tollafgreiðslu vöru í sérstakri grein. Með þeim hætti er tekinn af allur vafi um þetta atriði. Að auki er lagt til að frestur innflytjanda til þess að koma að leiðréttingum á aðflutningsskjölum samsvari heimildum tollstjóra til endurákvörðunar gjalda, sbr. 111. og 112. gr. frumvarpsins og 99. gr. gildandi tollalaga. Það er afar mikilvægt að réttar og fullnægjandi upplýsingar liggi til grundvallar tollafgreiðslu vöru. Þess vegna er innflytjendum ekki einungis veittur réttur til þess að leggja fram beiðni um leiðréttingu aðflutningsskjala heldur er einnig lögð á þá sú skylda að koma fram með leiðréttingar verði þeir þess varir að upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru hafi verið rangar eða ófullnægjandi.

Í 2. mgr. 116. gr. er mælt fyrir um að beiðni um leiðréttingu skuli afhent tollstjóra á formi leiðréttrar skriflegrar aðflutningsskýrslu. Jafnframt er kveðið á um að leiðréttingarskýrslan skuli uppfylla kröfur um nauðsynlegar upplýsingar í aðflutningsskýrslu og fylgigögnum. Það er mælt fyrir um að beiðni um leiðréttingu rafrænnar skýrslu skuli lögð fram með skriflegri skýrslu vegna þess að við ákvörðun þess hvort leiðrétting skuli heimil er nauðsynlegt að leggja mat á öll gögn málsins og aðstæður við tollafgreiðslu.

Í 3. mgr. 116. gr. er kveðið á um að innflytjandi beri sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda. Beiðni um leiðréttingar samkvæmt þessari grein lúta að aðflutningsskjölum vegna innfluttra vara sem hafa verið tollafgreiddar, þ.e. afhentar til notkunar innan lands. Það er ómögulegt að ganga úr skugga um réttmæti nýrra upplýsinga með óyggjandi hætti þegar vara hefur verið afhent undan tolleftirliti. Af því leiðir að gera verður strangar kröfur til sönnunar innflytjanda þegar beiðni um leiðréttingu er lögð fram með stoð í þessu ákvæði. Nýr reikningur verður til dæmis ekki lagður fram nema atvik og gögn málsins eins og þau lágu fyrir við tollafgreiðslu styðji að um rangar upplýsingar hafi verið að ræða.

Um 117. gr.

Í 117. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um kæruheimild tollskylds aðila til tollstjóra. Ákvæðið er að mestu samhljóða 100. gr. gildandi tollalaga. Þó er gert ráð fyrir því að þær ákvarðanir tollstjóra sem sæta kæru til fjármálaráðherra skv. 102. gr. gildandi tollalaga sæti kæru til tollstjóra og ríkistollanefndar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Orðalagi ákvæðisins er breytt lítillega þannig að ljóst sé að kæruheimild innflytjanda til tollstjóra tekur til allra ákvarðana tollstjóra um fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriði sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, þar á meðal ákvarðana tollstjóra um synjun niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls á grundvelli 3., 5. og 6. gr. núgildandi tollalaga, sbr. 4., 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 118. gr.

Í 118. gr. frumvarpsins er fjallað um kæruheimildir til ríkistollanefndar, sem er sjálfstæð stjórnsýslunefnd. Verður úrskurðum hennar ekki skotið til ráðherra. Ákvæðið samsvarar 101. gr. gildandi tollalaga. Þó er lagt til að fleiri ákvarðanir verði kæranlegar til ríkistollanefndar. Um þær ákvarðanir er vísað til skýringa við 117. gr. frumvarpsins.

Frestur nefndarinnar til þess að kveða upp úrskurð skv. 9. mgr. er lengdur úr 30 dögum í 60 daga, m.a. vegna þess að gera má ráð fyrir að fleiri málum verði skotið til nefndarinnar verði ákvæði frumvarpsins að lögum.

Auk framangreindra breytinga er í 5. mgr. 118. gr. sú breyting gerð frá ákvæði 4. mgr. 101. gr. gildandi laga að það er með skýrum hætti kveðið á um skyldu ríkistollanefndar til þess að senda innflytjanda endurrit kæru tollstjórans í Reykjavík.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 119. gr.

Greinin er nýmæli. Í 1. mgr. er tollstjóranum í Reykjavík falin tollendurskoðun á landinu öllu, sbr. einnig 5. tölul. 43. gr. frumvarpsins, en með tollendurskoðun er átt við þann þátt tolleftirlits sem tekur til hvers konar könnunar á réttmæti skila á aðflutningsgjöldum eftir álagningu þeirra. Tollendurskoðun tekur jafnframt til hvers konar könnunar á réttmæti upplýsinga sem lagðar voru fram við lögboðna skýrslugjöf til tollstjóra. Með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu hefur mikilvægi tollendurskoðunar aukist til muna. Tollendurskoðun krefst aukinnar sérhæfingar tollstarfsmanna, m.a. aukinnar þekkingar á bókhaldi fyrirtækja. Í ljósi þess er mikilvægt að tollendurskoðun fyrir landið allt sé á hendi þess tollstjóra sem hefur á að skipa sérhæfðasta starfsliðinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um inntak tollendurskoðunar. Tollendurskoðun fer fram eftir tollafgreiðslu vöru og hún er í meginatriðum tvíþætt. Í tollendurskoðun felst könnun á réttmæti upplýsinga sem voru látnar tollstjóra í té við tollafgreiðslu og ákvarðana tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda. Tollendurskoðun getur leitt til endurákvörðunar aðflutningsgjalda skv. 111. og 112. gr. frumvarpsins eða endurákvörðunar skv. 113. gr. frumvarpsins. Í því tilviki er innflytjanda tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar á aðflutningsskjölum en þær leiða hins vegar ekki til breytingar á álögðum aðflutningsgjöldum.

Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar getur tollstjórinn í Reykjavík leitað aðstoðar lögreglu ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna.

Í 4. mgr. er kveðið á um að leiði tollendurskoðun til endurákvörðunar aðflutningsgjalda skuli tollstjóri, í því umdæmi þar sem vara var tollafgreidd leiða málið til lykta með endurákvörðun. Leiði tollendurskoðun í ljós ætluð brot gegn refsiákvæðum XXII. kafla frumvarpsins er tollstjóranum í Reykjavík veitt heimild til þess að annast rannsókn máls ef hann telur það hentara, m.a. í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir um atvik máls og aflað var við tollendurskoðun, eða fela hana tollstjóra.

Um XV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um álagningu og gjalddaga aðflutningsgjalda, greiðslufrest og greiðslustað.

Um 120. gr.

Í greininni er kveðið á um gjalddaga aðflutningsgjalda. Öllum ákvæðum tollalaga um gjalddaga er safnað saman í þessa grein. Sú breyting er gerð frá ákvæðum gildandi laga að eingöngu er notað hugtakið gjalddagi aðflutningsgjalda en ekki eindagi. Ástæða þess er að

í íslensku lagamáli hefur almennt ekki verið venja að greina milli hugtakanna gjalddagi og eindagi, en hvort tveggja táknar það tímamark sem verður að vera liðið til þess að um vanefnd á greiðsluskyldu geti verið að ræða. Hugtakið gjalddagi er í frumvarpinu notað um réttan greiðslutíma aðflutningsgjalda, þ.e. þann tíma þegar tollstjóri getur fyrst krafist þess að sá sem skuldar aðflutningsgjöld inni greiðslu sína af hendi.

Ákvæði 1. mgr. 120. gr. felur í sér meginreglu um gjalddaga aðflutningsgjalda. Greinin samsvarar 1. mgr. 103. gr. gildandi tollalaga. Þó er fellt brott ákvæði þess efnis að gjalddagi aðflutningsgjalda skuli vera afhendingardagur aðflutningsskýrslu ásamt tilskildum gögnum. Gjalddagi aðflutningsgjalda samkvæmt frumvarpsákvæðinu er tollafgreiðsludagur vöru enda sé flutningsfar þegar komið til landsins, þ.e. skip hafi tekið höfn eða flugvél hafi lent. Skv. 1. mgr. 70. gr. frumvarpsins er geymslutími í afgreiðslugeymslu styttur úr einu ári í sex mánuði og þess vegna er mælt fyrir um að aðflutningsgjöld skuli í síðasta lagi falla í gjalddaga sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

Öllum ákvæðum tollalaga um gjalddaga, meginreglum og undantekningum, er safnað saman í 120. gr. að því undanskildu að fjallað er um gjalddaga skuldfærðra aðflutningsgjalda í 2. mgr. 122. gr. frumvarpsins. Þess vegna þykir rétt að vísa til 2. mgr. 122. gr. í 1. mgr. 120. gr.

Í 2. mgr. 120. gr. er mælt fyrir um að gjalddagi aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslu eða á frísvæði sé tollafgreiðsludagur þeirra. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 103. gr. gildandi tollalaga en þó er lagt til að gjalddagi aðflutningsgjalda verði tollafgreiðsludagur vöru en ekki sá dagur þegar beiðni um úttekt hennar ásamt tilskildum gögnum er lögð fram.

Í 3. mgr. 120. gr. er mælt fyrir um gjalddaga aðflutningsgjalda þegar neyðarleyfi eða leyfi til bráðabirgðatollafgreiðslu er veitt eða tímabundinn tollfrjáls innflutningur heimilaður. Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, en rétt þykir að kveðið verði á um gjalddaga í þessum tilvikum í tollalögum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Í 4. mgr. 120. gr. er mælt fyrir um gjalddaga aðflutningsgjalda af hraðsendingum. Gjalddagi aðflutningsgjalda af hraðsendingum er samkvæmt gildandi rétti ákveðinn í 8. gr. reglugerðar um tollafgreiðslu hraðsendinga, en rétt þykir að mælt verði fyrir um hann í tollalögum.

5. mgr. 120. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 105. gr. gildandi tollalaga.

6. mgr. 120. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 105. gr. gildandi tollalaga.

7. mgr. 120. gr. samsvarar 2. mgr. 108. gr. gildandi tollalaga.

Um 121. gr.

Ákvæði 121.–124. gr. frumvarpsins koma í stað 109. gr. gildandi tollalaga.

Í 1. mgr. 121. gr. er mælt fyrir um að aðilar sem eru skráðir á virðisaukaskattsskrá njóti greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 109. gr. gildandi tollalaga. Það hefur verið litið svo á að aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá og gera upp virðisaukaskatt innan lands miðað við tveggja mánaða eða skemmri uppgjörstímabil uppfylli skilyrði 1. mgr. 109. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum. Aðrir aðilar á virðisaukaskattsskrá geta fengið greiðslufrests á aðflutningsgjöldum ef þeir leggja fram tryggingu, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að sú útfærsla á skilyrði 1. mgr. 109. gr. sem kemur fram í reglugerðinni verði tekin upp í tollalög og ákvæðið

víkkað þannig að allir sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá eigi rétt á greiðslufresti á aðflutningsgjöldum. Það er jafnframt sett sem skilyrði fyrir greiðslufresti á aðflutningsgjöldum að sá sem hans óskar sé í skilum við ríkissjóð. Sambærilegt ákvæði er í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en rétt þykir að umrætt skilyrði sé tiltekið með skýrum hætti í tollalögum.

Í 2. mgr. 121. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar neyðarleyfi er veitt eða þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram, svo og við uppgjör aðflutningsgjalda í þessum tilvikum. Þessi fyrirvari er settur í reglugerð nú. Rétt þykir að taka hann upp í tollalög. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um 122. gr.

Í 1. mgr. 122. gr. er sett fram meginregla um uppgjörstímabil skuldfærðra aðflutningsgjalda. Þau uppgjörstímabil sem mælt er fyrir um eru þau sömu og gilda skv. 1. tölul. 4. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Þau uppgjörstímabil gilda nema annað sé ákveðið í öðrum lögum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum. Skv. 3. mgr. 109. gr. gildandi tollalaga ákveður ráðherra uppgjörstímabil og eindaga lánaðra aðflutningsgjalda í reglugerð. Rétt þykir að kveðið verði á um þessi atriði í tollalögum.

Í 2. mgr. 122. gr. er sett fram meginregla um gjalddaga skuldfærðra aðflutningsgjalda. Gjalddagi er ákveðinn 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils líkt og nú er, sbr. 1. tölul. 4. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Meginreglan gildir nema annað sé ákveðið í öðrum lögum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Um 123. gr.

Í 1. mgr. 123. gr. frumvarpsins er annars vegar mælt fyrir um að tollstjóri skuli loka fyrir frekari skuldfærslu hjá þeim sem nýtur greiðslufrests ef sá gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Synjun á greiðslufresti samkvæmt ákvæðinu gildir á meðan vanskil vara. Hins vegar er tollstjóra veitt heimild til þess að synja aðila um frekari greiðslufrest ef hann gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en rétt þykir að kveðið verði á um þessi atriði í tollalögum.

Ákvæði 2. mgr. 123. gr. frumvarpsins samvarar 3. málsl. 2. mgr. 109. gr. gildandi tollalaga.

Um 124. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd ákvæða frumvarpsins um skuldfærslu aðflutningsgjalda.

Um 125. gr.

Í 125. gr. frumvarpsins er sett fram almenn regla um vexti.

Í 1. mgr. 125. gr. er mælt fyrir um að dráttarvextir skuli reiknaðir á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga eins og hann er skilgreindur í hverju tilviki, sbr. ákvæði 120. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kemur í stað ákvæða í gildandi tollalögum um útreikning dráttarvaxta í einstökum tilvikum, t.d. 7. mgr. 99. gr., 2. mgr. 105. gr., 3. mgr. 108. gr. og 3. mgr. 109. gr. laganna.

Ákvæði 2. mgr. 125. gr. er samhljóða 6. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga. Ákvæðið er sett fram sem almenn regla en líkur eru á að einkum komi til kasta ákvæðis um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda í tengslum við 111.–114. gr. frumvarpsins um endurákvörðun aðflutningsgjalda og aðrar leiðréttingar.

Um 126. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 1. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga er fellt brott þar sem ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir að póstþjónustuaðilar starfi sem tollmiðlarar og í þessu sambandi er rétt að vísa til 4. mgr. 47. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að tollmiðlari geti haft með höndum greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjenda.

Ákvæði 3. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga er fellt brott þar sem 1. mgr. 126. gr. frumvarpsins tekur yfir efni þess.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og innheimtu aðflutningsgjalda, þar á meðal nauðungarsölu til fullnustu aðflutningsgjalda.

Um 127. gr.

Ákvæði 1. mgr. 127. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga að öðru leyti en því að hugtakið viðtakandi er ekki tekið upp í frumvarpsákvæðið. Ekki hefur verið gerður greinarmunur á innflytjanda og viðtakanda vöru í framkvæmd og þess vegna er lagt til að eingöngu verði mælt fyrir um ábyrgð innflytjanda.

Ákvæði 2. mgr. 127. gr. samsvarar 2. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga. Gert er ráð fyrir óskiptri (sólidarískri) ábyrgð innflytjanda og tollmiðlara á greiðslu aðflutningsgjalda. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir að ábyrgð annarra umboðsmanna innflytjanda en tollmiðlara falli brott.

Ákvæði 127. gr. frumvarpsins er ekki tæmandi um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda er t.d. lögð á leyfishafa geymslusvæðis vegna sérstakra atvika, sbr. 78. gr. frumvarpsins.

Um 128. gr.

Ákvæði 1. mgr. 135. gr. er í aðalatriðum efnislega samhljóða 3. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga. Þó er ekki gert ráð fyrir því að sektir verði tryggðar með lögveði í innfluttri vöru. Þá er áréttíng í 3. mgr. 113. gr. gildandi tollalaga um að eigandi hafi ekki heimild til þess að taka vöru í sína vörslu fyrr en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Það þykir óþarfi að geta þess í þessu samhengi vegna þess að um er að ræða meginreglu samkvæmt frumvarpinu og gildandi tollalögum.

Fyrri málsliður 2. mgr. 135. gr. er í aðalatriðum efnislega samhljóða 4. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga. Þá er tekið fram í 3. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga að haldsréttur farmflytjanda standi ekki í vegi fyrir því að tollstjórar geti krafist nauðungarsölu á ótollafgreiddum vörum án undanfarandi fjárnáms eða áskorunar til eiganda til lúkningar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Lögveð í ótollafgreiddri vöru gengur framar haldsrétti farmflytjanda samkvæmt almennum reglum veðréttar. Tilvitnaður fyrirvari er talinn óþarfur og hann er þess vegna felldur niður. Í síðari málslið 2. mgr. er mælt fyrir um að tollstjóri geti boðið vöru til sölu á almennum markaði. Sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar

nr. nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 7. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 4. mgr. er að mestu samhljóða 5. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga. Þó verður ekki gert fjárnám samkvæmt greininni hjá öðrum umboðsmönnum innflytjanda en tollmiðlara þar sem ábyrgð þeirra á greiðslu aðflutningsgjalda verður felld niður í 2. mgr. 134. gr. frumvarpsins. Fjárnám verður eingöngu gert hjá tollmiðlara verði hann gerður ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Um 129. gr.

Í 129. gr. frumvarpsins eru sérreglur um nauðungarsölu á uppboði.

Í 1. mgr. eru settar fram reglur um auglýsingar uppboðs og tilkynningar til innflytjenda vara sem eru settar á uppboð. Tekið er fram í ákvæðinu að innflytjendum skuli sendar sérstakar tilkynningar um uppboð á ótollafgreiddum vörum. Felst í breytingunni staðfesting á núverandi framkvæmd að þessu leyti. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 6. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 8. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd nauðungarsölu á uppboði.

Um XVII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um heimild tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu í þremur greinum. Ákvæði 133. og 131. gr. eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í 131. gr. gildandi tollalaga en þar er kveðið á um að ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð sem hann er skyldur til samkvæmt tollalögum, reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu. Ástæða þykir til þess að mæla nánar fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti stöðvun tollafgreiðslu kemur til greina til að knýja mann til að fullnægja skyldum sínum. 132. gr. er sérákvæði um stöðvun tollafgreiðslu ef grunur vaknar um að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum.

Um 130. gr.

Í 130. gr. er mælt fyrir um að tollstjóri skuli stöðva tollafgreiðslu sendingar ef innflutningur vöru sem sending innheldur er samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum háður skilyrðum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt eða háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað. Í ýmsum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er mælt fyrir um að innflytjanda vöru beri að afla leyfa stjórnvalda til innflutnings vöru eða sýna fram á að vara fullnægi ákveðnum skilyrðum. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að í eftirlitshlutverki tollstjóra með inn- og útflutningi felist að honum beri að stöðva inn- og útflutning sem ekki fullnægir settum reglum. Þetta hlutverk tollstjóra hefur ekki verið orðað með beinum hætti í tollalögum. Greinin á jafnt við um inn- og útflutning, sbr. 144. gr. frumvarpsins.

Um 131. gr.

Í 131. gr. er mælt fyrir um að tollstjóra sé heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda í tilteknum tilvikum. Í fyrsta lagi er lagt til að tollstjóra verði heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað og til innflytjanda sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té

aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests. Þá er lagt til að tollstjóra verði heimilt að stöðva tollafgreiðslu á vörum til innflytjanda sem bregst skyldum, sem lagðar eru á hann í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, til þess að veita tollstjóra upplýsingar eða eftir atvikum aðstoð. Stöðvun tollafgreiðslu skal koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans. Greinin á jafnt við um inn- og útflutning, sbr. 144. gr. frumvarpsins. 1. tölul. 1. mgr. greinarinnar er nýmæli í tollalögum. Heimild tollstjóra til þess að stöðva tollafgreiðslu á vörum til innflytjanda ef innflytjandi gerist sekur um ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu aðflutningsgjalda er sett fram í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, en rétt þykir að heimildin verði tiltekin í tollalögum. Jafnframt þykir rétt að heimild tollstjóra verði ekki bundin við ítrekuð eða stórfelld vanskil innflytjanda. 2. tölul. 1. mgr. á sér hliðstæðu í 4. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga. 3. tölul. er efnislega samhljóða 131. gr. gildandi tollalaga.

Um 132. gr.

132. gr. er samhljóða 50. gr. A gildandi tollalaga. Ákvæðið kom inn í tollalög með 6. gr. laga nr. 87/1995. Vísað er til athugasemda með þeim lögum um greinina.

Um XVIII. kafla.

Í XVIII. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið í 133.–139. gr., er fjallað um undirboðs- og jöfnunartolla. Ákvæði kaflans eru öll óbreytt frá XII. kafla, 115.–120. gr. A, núgildandi tollalaga, að öðru leyti en því að röðun töluliða og stafliða hefur verið breytt í einstökum greinum til samræmis við uppsetningu annarra greina frumvarpsins.

Um 133. gr.

Greinin er samhljóða 115. gr. gildandi tollalaga.

Um 134. gr.

Greinin er samhljóða 116. gr. gildandi tollalaga.

Um 135. gr.

Greinin er samhljóða 117. gr. gildandi tollalaga.

Um 136. gr.

Greinin er samhljóða 118. gr. gildandi tollalaga.

Um 137. gr.

Greinin er samhljóða 119. gr. gildandi tollalaga.

Um 138. gr.

Greinin er samhljóða 120. gr. gildandi tollalaga.

Um 139. gr.

Greinin er samhljóða 120. gr. A gildandi tollalaga.

Um XIX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um útflutning. Ákvæði kaflans samsvara flest 121. gr. gildandi tollalaga. Eitt ákvæði í kaflanum er nýmæli sem fjallar um einfaldaðar útflutningsskýrslur.

Um 140. gr.

Ákvæði 140. gr. samsvarar 1. mgr. 121. gr. gildandi tollalaga.

Um 141. gr.

Ákvæði 141. gr. er nýmæli sem mælir fyrir um að þeir sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga, t.d. netverslun, geta sótt um leyfi tollstjórans í Reykjavík til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum. Með ákvæðinu er tekið tillit til þess að nokkur íslensk fyrirtæki hafa sett á fót póstverslun með ýmsar vörur og selt til einstaklinga erlendis með góðum árangri. Atvinnustarfsemi af þessu tagi er vaxtarbroddur í verslun sem rétt er að taka tillit til í tollalögum. Þar sem oftast er um litlar og ódýrar sendingar að ræða er hagræði af því fyrir slík fyrirtæki að geta skilað útflutningsskýrslum fyrir ákveðið tímabil, t.d. á tveggja mánaða fresti, þrátt fyrir að útflutningur hafi þegar átt sér stað. Engin gjöld eru greidd af vörum við útflutning en mikilvægt er fyrir stjórnvöld að fá upplýsingar um verslunartölur vegna útflutnings.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verður á um skilyrði fyrir heimild til einfaldaðrar skýrslugjafar við útflutning. Í reglugerðinni má gera ráð fyrir að mælt verði fyrir um til hvaða vara heimild til einfaldaðra útflutningsskýrslna skal ná, hámarksverðmæti hverrar sendingar, form og efni einfaldaðrar útflutningsskýrslu, lengd uppgjörstímabils einfaldaðra útflutningsskýrslna og varðveislu fylgigagna vegna þeirra.

Um 142. gr.

Ákvæði 142. gr. mælir fyrir um að útflutningsskilyrðum skuli fullnægt í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda. Þá skulu útflutningsgjöld, ef einhver eru, greidd í sama umdæmi. Ákvæðið samsvarar 4. mgr. 121. gr. gildandi tollalaga.

Um 143. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 121. gr. gildandi tollalaga.

Um 144. gr.

Í 144. gr. er kveðið á um að önnur ákvæði laganna en þau sem eru í XIX. kafla gildi um útflutning að breyttu breytanda ef ekki er mælt fyrir um annað í kaflanum.

Um XX. kafla.

Í kaflanum er ein grein er fjallar um reglur um uppruna vöru.

Um 145. gr.

Ákvæði 145. gr. er meginatriðum efnislega samhljóða 122. gr. gildandi tollalaga. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að tollstjóranum í Reykjavík verði falið að veita bindandi álit um uppruna vöru. Þá er lagt til að 7. mgr. 122. gr. verði felld brott þar sem hún þykir óþörf. Um athugasemdir með greininni er vísað til 9. gr. laga nr. 87/1995 og 37. gr. laga nr. 69/1996.

Um XXI. kafla.

XXI. kafli frumvarpsins ber heitið Tollgæsla. Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. frumvarpsins nær hugtakið tollgæsla yfir handhafa tollgæsluvalds. Í kaflanum er að finna reglur um heimildir til þess að framfylgja ákvæðum laganna og samskipti tollgæslu og borgaranna. Einnig er fjallað um ýmis réttindi og skyldur tollgæslumanna.

Flest ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum sem er að finna í gildandi tollalögum eða eiga sér hliðstæðu í lögreglulögum og taka því öll ákvæði kaflans mið af gildandi réttarframkvæmd.

Um 146. gr.

Með tollgæsluvaldi samkvæmt ákvæðinu er átt við það vald sem handhöfum tollgæsluvalds er falið í XXI. kafla frumvarpsins til þess að tryggja að farið sé eftir þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem tollstjórar bera ábyrgð á að framfylgja. Hugtakið tollgæsluvald er ekki notað í gildandi tollalögum og hefur ekki verið notað í öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Fræðilega er hugtakið tollgæsluvald ein tegund opinbers valds sem stjórnvöld fara með. Tollgæsluvald eins og annað lögregluvald, sbr. 9. gr. lögreglulaga, telst til réttarvörsluvalds, enda felst í tollgæsluvaldi valdbeitingarheimild ef þörf krefur. Með tollgæsluvaldi er nánar átt við vald sem tollgæslunni einni er falið til þess að gefa fyrirskipanir og til þess að grípa til aðgerða gagnvart þegnunum með valdbeitingu ef nauðsynlegt er.

Um 147. gr.

Ákvæði 147. gr. ber yfirskriftina Handhafar tollgæsluvalds.

Skv. 1. mgr. 147. gr. fara tollverðir með tollgæsluvald. Tollverðir eru þeir starfsmenn tollyfirvalda sem hafa það hlutverk að tryggja að ekki sé brotið gegn ákvæðum tollalaga eða eftir atvikum annarra laga og fara með rannsókn brota í ákveðnum tilvikum. Með orðinu „tollvörður“ í ákvæðinu er einnig átt við þá sem gegna stöðum yfirmanna í tollgæslu, svo sem deildarstjóra, aðaldeildarstjóra o.s.frv. Jafnframt fara þeir með tollgæsluvald sem gegna stöðum æðstu yfirmanna hjá tollstjórum, tollstjóri og löglærðir fulltrúar hans, en þeir hafa það starfssvið að stjórna, skipuleggja og aðstoða við rannsókn máls. Skrifstofufólk og annað starfsfólk tollstjóra sem ekki gegnir tollgæslustörfum fer ekki með tollgæsluvald. Tollgæsluvald fylgir samkvæmt framansögðu eingöngu nánar tilteknum störfum hjá tollyfirvöldum.

Skv. 2. mgr. 147. gr. er fjármálaráðherra heimilt að fela öðrum starfsmönnum tollstjóra tollgæsluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum. Undir þetta gætu fallið sérfróðir rannsóknarmenn, t.d. viðskiptafræðingar og endurskoðendur. Tekið er fram að framsal tollgæsluvalds samkvæmt þessari málsgrein er eingöngu heimilt þegar um er að ræða sérstök verkefni er vara í afmarkaðan tíma.

Í 3. mgr. 147. gr. er kveðið á um að lögreglumenn fari með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu skv. 1. mgr. 152. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við 1. og 3. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skipshafnir varðskipa fari með tollgæsluvald þegar þær annast eða aðstoða við tollgæslu að beiðni tollstjóra skv. 2. mgr. 152. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við 2. og 3. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að aðrir þeir sem kvaddir eru tollgæslunni til aðstoðar lögum samkvæmt fari með tollgæsluvald á meðan þeir sinna þeim starfa. Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 41. gr. gildandi tollalaga og 166. gr. frumvarpsins. Sambærileg lagaákvæði er gera ráð fyrir aðstoð borgaranna við löggæslu eru 9. gr. og 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, 127. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 73. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 148. gr.

Í 1. mgr. 148. gr. er lýst almennum skyldum handhafa tollgæsluvalds.

Í 1. málsl. 2. mgr. er gengið út frá því að tollgæsla gæti ávallt fyllsta hlutleysis og réttsýni við rannsókn mála. Er þetta í samræmi við 31. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Þá er í 2. og 3. málsl. 2. mgr. sett fram almenn regla um framkvæmd starfa tollgæslunnar sem byggð er á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem felur í sér að stjórnvöld verða að gæta hófs í meðferð valds sem þau fara með. Skulu tollverðir eða aðrir handhafar tollgæsluvalds á grundvelli þessarar reglu ávallt velja vægasta mögulega úrræði við valdbeitingu. Þá verður eðlilegt samræmi að vera á milli óhagræðis sem valdbeiting leiðir af sér og markmiðs valdbeitingar. Tollgæsla skal jafnan beita vægasta úrræði sem völ er á ef það nægir til að náð verði því markmiði sem að er stefnt og valdbeiting verður að vera hófleg miðað við þá almannahagsmuni sem í húfi eru. Meðalhófsreglan gildir um alla starfsemi tollstjóra en rétt þykir að árétta hana sérstaklega í þeim kafla frumvarpsins sem fjallar um starfsemi tollgæslu þar sem tollgæslu eru veittar meiri heimildir til valdbeitingar en öðrum starfsmönnum tollstjóra. Í 12. gr. stjórnsýslulaga segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Fyrirmynd að 148. gr. frumvarpsins er að finna í 1. og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Um 149. gr.

Í ákvæði 155. gr. er mælt fyrir um skilríki tollvarða og einkennisfatnað. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 41. gr. gildandi tollalaga. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að tollverðir skuli að jafnaði vera einkennisklæddir við störf sín og skuli ávallt bera á sér sérstök skilríki við framkvæmd starfa sinna. Sú áherslubreyting er gerð að tollverðir skulu ávallt bera á sér skilríki við störf sín. Eðlilegt er að í skilríkjum sé tilgreindur gildistími til þess að tryggja að ekki séu í umferð skilríki manna sem látið hafa af störfum en bera með sér að vera enn í gildi. Ákvæði gildandi laga um tollfánann eru felld niður þar sem þau þykja óþörf.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra setji reglugerð um einkennismerki tollgæslu, sbr. reglugerð nr. 905/2001, um einkennisbúninga, merki og búnað tollgæslu.

Um 150. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. gildandi tollalaga.

Um 151. gr.

Ákvæði 1. mgr. 151. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga sem heimilar tollgæslu að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef nauðsyn krefur. Sú áherslubreyting er gerð í frumvarpinu frá gildandi lögum að valdbeitingarheimildin er með skýrum hætti bundin því skilyrði að aldrei má ganga lengra í beitingu hennar en nauðsynlegt reynist hverju sinni. Áherslubreytingin er í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Ákvæði 2. mgr. 151. gr. er að mestu samhljóða 4. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra hafi samráð við dómsmálaráðherra, sem er hliðsett stjórnvald, um gerð reglna um beitingu handjárna og gasvopna en ekki ríkislögreglustjóra eins og í gildandi lögum.

Um 152. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Um 153. gr.

Ákvæði 153. gr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Um 154. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 2. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 155. gr.

Ákvæði 155. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 43. gr. gildandi tollalaga.

Um 156. gr.

Ákvæði 1. mgr. 156. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 45. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 49. gr. gildandi laga.

Um 157. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 42. gr. gildandi tollalaga.

Um 158. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 42. gr. gildandi tollalaga.

Um 159. gr.

Ákvæði 159. gr. er í aðalatriðum efnislega samhljóða 44. gr. gildandi tollalaga en greinin hefur verið brotin upp í fleiri málsgreinar í þeim tilgangi að auðveldara verði að glöggva sig á efni hennar. Þó er lagt til að skylda verði lögð á tollverði til þess að tilkynna aðilum um rétt þeirra til þess að hafa ákveðið vitni viðstatt leit samkvæmt ákvæðinu sé þess nokkur kostur. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að aðstæður geti verið með þeim hætti að bið eftir tilteknu vitni geti valdið réttarspjöllum, svo sem vegna þess að vitnið er fjarstatt og getur ekki komið á staðinn innan hæfilegs frests. Í slíkum tilvikum er ekki skylt að verða við óskum um að tiltekið vitni sé viðstatt.

Um 160. gr.

Í 160. gr. er kveðið á um sérstakar reglur er gilda um leit tollgæslu á ólögráða einstaklingum. Ákvæðið er nýmæli.

Eftir hækkun lögræðisaldurs barna úr 16 árum í 18 ár og með auknum ferðalögum á milli landa má telja næsta víst að færst hafi í vöxt að börn og ungmenni sem ekki hafa náð sjálfræðisaldri séu á ferð án foreldra eða forsjáraðila sinna. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að fjalla sérstaklega í frumvarpinu um réttarstöðu barna við leit. Litið er svo á að börn undir 18 ára aldri ferðist milli landa með leyfi forsjáraðila sinna og að í því felist ákveðið samþykki foreldris eða annars forsjáraðila fyrir því að hafa megi almenn reglubundin opinber afskipti af börnum sem ferðast ein án þess að leitað sé samþykkis í hverju tilviki. Þannig er gert ráð fyrir í frumvarpinu að leit í farangri, sem oft byggist á slembiúrtaki eða öðru fyrir fram skilgreindu úrtaki, falli ekki undir sérreglu 166. gr. um leit á börnum og öðrum ólögráða einstaklingum. Hins vegar er talin ástæða til þess að setja sérreglur um líkamsleit á börnum og öðrum ólögráða einstaklingum þar sem slík leit hlýtur ávallt að skoðast sem umtalsvert inn-

grip í friðhelgi einstaklings og þykir ástæða til að gæta sérstaklega réttinda barna og annarra ólögráða einstaklinga í þessu samhengi.

Í 1. mgr. 160. gr. er mælt fyrir um að framkvæmi tollgæsla líkamsleit á barni, þ.e. ólögráða einstaklingi yngri en 18 ára, skuli þá þegar hafa samband við þann sem fer með forsjá barns og fulltrúa barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem leit skal fara fram og gefa báðum aðilum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram. Er talið nauðsynlegt að hvetja báða þessa aðila til að vera viðstaddir þegar leit fer fram þar sem fyrirsjáanlegt er að í einhverjum tilvikum getur foreldri ekki verið viðstatt leit á ólögráða barni sínu vegna þess að barnið er fjarri dvalarstað foreldris.

Í 2. mgr. 160. gr. er mælt fyrir um reglur um framkvæmd líkamsleitar á einstaklingum sem eru 18 ára og eldri en eru ólögráða af öðrum ástæðum. Er þá mælt fyrir um að gefa skuli lögráðamanni kost á að vera viðstaddur leit.

Um 161. gr.

Ákvæði 161. gr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 162. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Í ákvæðinu er lagt til að handhöfum tollgæsluvalds verði veitt heimild til þess að leggja hald á reiðufé sem ferðamaður hefur meðferðis við komu til landsins eða brottför frá landinu ef grunur leikur á að fé verði notað við framkvæmd brots gegn almennum hegningarlögum. Um ákvörðun viðmiðunarfjárhæðar og skilgreiningu hugtaksins reiðufjár í skilningi ákvæðisins er vísað til athugasemda við 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til 2. mgr. 83. gr. dönsku tollalaganna, nr. 113 frá 27. febrúar 1996.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að tollstjóri skuli tilkynna viðkomandi lögreglustjóra án tafar um haldlagningu reiðufjár skv. 1. mgr. Það eru síðan lögregluyfirvöld sem taka ákvörðun um framhald málsins.

Um 163. gr.

Ákvæði 163. gr. þarfnast ekki skýringa. Fyrirmynd ákvæðisins er að miklu leyti sótt til 2. málsl. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 164. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 47. gr. gildandi tollalaga. Í 2. mgr. 164. gr. er þó sú breyting gerð að tollstjóranum í Reykjavík er falið það hlutverk að ákveða gerð innsigla í stað fjármálaráðherra.

Um 165. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 48. gr. gildandi tollalaga.

Um 166. gr.

Í 166. gr. er að finna ákvæði sem heimilar tollgæslu að kveðja sér til aðstoðar hvern fullgildan mann ef nauðsyn ber til.

Ákvæðið svarar til 4. mgr. 41. gr. gildandi tollalaga og 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Í 1. mgr. 166. gr. er lögfestur fyrirvari þess efnis að manni verður ekki gert skylt að sinna kvaðningu tollgæslu ef hætt þykir á að hann stofni lífi, heilbrigði, velferð eða öðrum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu með því.

Í 2. mgr. 166. gr. er kveðið á um að þeir sem kvaddir eru tollgæslu til aðstoðar skv. 1. mgr. hafi tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu. Þá er jafnframt áréttað að þeir njóti verndar sem tollverðir. Er m.a. átt við vernd samkvæmt ákvæðum XII. kafla almennra hegningarlaga og 168., sbr. 180. gr. frumvarpsins.

Í lögreglulögum er mælt fyrir um að brot gegn samsvarandi ákvæði varði fésektum. Ekki þykir ástæða til að brot gegn 166. gr. frumvarpsins varði refsingu.

Um 167. gr.

Í 167. gr. frumvarpsins er almennt ákvæði sem leggur þá skyldu á hvern fulltíða mann að aðstoða tollgæslu. Þrátt fyrir að slíkt almennt ákvæði sé tekið upp í frumvarpinu þykir ástæða til að tíunda í 167. gr. ákveðnar skyldur farþega og áhafna í millilandaförum, skyldur innflytjenda og vörsluhafa ótollafgreiddra vara og skyldur stjórnenda fara og farartækja varðandi aðstoð við tollgæslu og hlýðni við fyrirmælum hennar. Í þessum tilvikum má helst gera ráð fyrir að reyni á aðstoð borgara við tollgæslu og skyldu til hlýðni við tollgæslu. Ekki er um tæmandi talningu tilvika að ræða.

1. mgr. 167. gr. er að mestu samhljóða 25. gr. gildandi tollalaga.

2. mgr. 167. gr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 43. gr. gildandi tollalaga.

3. mgr. 167. gr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 43. gr. gildandi tollalaga.

Um 168. gr.

Í gildandi tollalögum er ekki að finna almennt ákvæði sem mælir fyrir um bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu. Í 168. gr. er kveðið á um að enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni tollgæslustörfum eða óhlýðnist fyrirmælum sem tollgæslan gefur í því skyni að vinna að framkvæmd tollalaga. Fyrirmynd 168. gr. er sótt til 19. og 21. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Í 180. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um refsingar við því að óhlýðnast fyrirmælum þessa ákvæðis. Brot gegn ákvæðinu varðar sektum, nema brotið varði þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Um XXII. kafla.

XXII. kafli frumvarpsins fjallar um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. Kaflinn skiptist í þrjá undirkafla: Refsiábyrgð og refsingar, Önnur viðurlög og Rannsókn, málsmeðferð og fyrning.

Fyrsti undirkafli XXII. kafla ber heitið refsiábyrgð og refsingar. Öll refsiákvæði kaflans hafa að geyma sjálfstæðar verknaðarlýsingar sem marka refsinæmi verknaðar auk annarra skilyrða refsiábyrgðar. Verknaðarlýsingarnar eru sérgreindar í samræmi við kröfur stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um skýrleika refsiheimilda. Því er lagt til að 135. gr. gildandi tollalaga, sem hefur ekki að geyma sérgreinda verknaðarlýsingu, verði felld niður. Lögð er til grundvallar hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða þannig að flest afbrigðileg ákvæði í gildandi tollalögum eru látin víkja, t.d. um hlutræna refsiábyrgð einstaklinga, öfuga sönnunarbyrði og óskipta (sólidariska) refsiábyrgð.

Annar undirkafli XXII. kafla ber heitið Önnur viðurlög. Þar er fjallað um refsikennd viðurlög, upptöku eigna og réttindasviptingu, vegna brota gegn ákvæðum kaflans.

Síðasti undirkafli XXII. kafla ber heitið Rannsókn, málsmeðferð og fyrning. Í gildandi tollalögum ber sambærilegur kafli heitið Málsmeðferð.

Um 169. gr.

Í 169. gr. er valin sú leið til einföldunar og samræmingar að lögfesta sérstakt ákvæði um almenn skilyrði refsiábyrgðar vegna brota á tollalögum. Af ákvæðinu leiðir að refsiverð eru einungis brot gegn ákvæðum XXII. kafla, nema þau varði einnig við ákvæði annarra laga, t.d. almennra hegningarlaga. Gert er ráð fyrir að ákvæði III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um tilraun til afbrota, afturhvarf frá tilraun og hlutdeild í brotum gildi um refsiverð tollalagabrot skv. XXII. kafla, nema öðruvísi sé sérstaklega kveðið á í öðrum ákvæðum kaflans, t.d. með sjálfstæðum hlutdeildarákvæðum.

Í 2. mgr. 169. gr. er lögð til hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða, þ.e. að brot varða ekki refsingu nema þau séu framin af ásetningi eða gáleysi. Ef frávik eru heimiluð frá grundvallarreglunni um saknæmi þarf að taka það skýrt fram í einstökum refsiákvæðum.

Í 3. mgr. 169. gr. er heimilað að byggja á refsiábyrgð lögaðila, svo fremi að kveðið sé á um hana í öðrum ákvæðum kaflans. Ef ekki er sérstaklega kveðið á um skilyrði lögaðilaábyrgðar í viðkomandi refsiákvæði, svo sem um inntak og einkenni lögaðila sem hins refsiábyrga aðila, um hinn persónulega geranda og hvort saknæmiskröfur verða til hans gerðar, ber að styðjast við hin almennu ákvæði í 19. gr. b og 19. gr. c í almennum hegningarlögum. Á sama hátt þarf að taka fram hverju sinni ef ætlast er til að lögaðili sé ábyrgur fyrir greiðslu fésekta sem fyrirsvarsmaður eða annar starfsmaður hefur unnið til með dómi eða annarri sektarákvörðun.

Um 170. gr.

1. og 2. mgr. 170. gr. eru óbreyttar frá 1. og 2. mgr. 123. gr. gildandi tollalaga, að öðru leyti en því að refsiviðurlög eru nú einnig tilgreind í ákvæðinu. Tilgreining refsiviðurlaga er í 1. mgr. 124. gr. núgildandi laga. Skilgreining á ólöglegum innflutningi (smygli) var ákvörðuð með lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59/1969, og er vísað til athugasemda við 60. gr. þeirra að því leyti. Um upptöku smyglvarnings er fjallað síðar í kaflanum.

Í 3. mgr. 170. gr. er sú breyting gerð frá gildandi lögum að felld er niður óskýr ráðagerð löggjafans um hlutræna refsisábyrgð stjórnanda fars (varaábyrgð) þegar smyglvarningur finnst í fari en eigandi varningsins finnst ekki. Dómstólar hafa þegar hafnað þessu ákvæði sem ófullnægjandi refsiheimild, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. janúar 2000, nr. 442/1999. Lagt er til að aðalrefsiábyrgðin hvíli á eiganda vöru ef hann finnst og fullnægir sannanlega refsiskilyrðum, m.a. saknæmisskilyrðum. Ef eigandi vöru finnst ekki er gefinn kostur á valkvæðri ábyrgð stjórnanda fars ef unnt er að sanna saknæmi (gáleysi eða ásetning) hans, eða refsiábyrgð ábyrgðaraðila fars hvort sem hann er lögaðili, t.d. útgerðar eða flugfélag, eða einstaklingur, óháð sönnun um saknæmi manns sem starfar hjá ábyrgðaraðilanum og óháð sönnun um saknæmi ábyrgðaraðilans sjálfs ef hann er einstaklingur. Ábyrgð stjórnanda far byggir á hefðbundnum saknæmisskilyrðum en ábyrgð ábyrgðaraðila fars, hvort sem hann er lögaðili eða einstaklingur, byggir á hlutlægum grundvelli.

4. mgr. 170. gr. er samhljóða 4. mgr. 123. gr. gildandi laga. Ákvæðið var fyrst lögfest með 60. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Enda þótt ákvæðið, samkvæmt orðanna hljóðan, lúti ekki að sérgreindu athafnaleysi í tengslum við tiltekna ólöglega starfsemi eða aðsteðjandi hættu er litið svo á að ákvæðið hafi gildi t.d. í tilvikum þar sem skipstjórnarmaður lætur undir höfuð leggjast að sinna tilskildu eftirliti í skipi sínu lögum samkvæmt eða hann hefur vitneskju um smyglstarfsemi skipverja án þess þó að eiga nokkurn þátt í henni.

Um 171. gr.

Ákvæði 171. gr. kemur í stað tveggja greina í gildandi tollalögum, 124. og 125. gr.

1. mgr. 171. gr. samsvarar 2. mgr. 124. gr. gildandi laga. Samkvæmt ákvæðinu getur endurgjaldslaus afhending og móttaka smyglvarnings verið refsiverð.

2. mgr. 171. gr. er samhljóða 4. mgr. 125. gr.

Fyrirvarinn í 1. mgr. 124. gr. gildandi tollalaga „nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum“ er felldur brott. Slíkur fyrirvari er óþarfur þar sem það er verkefni ákæruvalds og dómstóla að kanna hvort verknaður feli í sér fleiri en eitt afbrot (concursus idealis) sem kunna að varða við refsiákvæði í fleiri en einum lögum. Einnig getur átt sér stað að sama afbrotið varði við fleiri en eitt refsiákvæði þannig að dómstólar þurfi að skera úr um hvort (hvert) þeirra eigi við eða hvort báðum (öllum) verði beitt.

1. og 2. mgr. 125. gr. núgildandi tollalaga eru felldar brott þar sem í 171. gr. frumvarpsins er tilvísun til III. kafla almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild. 3. mgr. 125. gr. er einnig felld brott þar sem óheppilegt er að slá því föstu að almenn hegningarlög skuli ganga framar tollalögum. Slíkt mat heyrir undir ákæruvald og dómstóla.

Um 172. gr.

Ákvæði 172. gr. frumvarpsins kemur í stað þriggja fyrstu málsgreinanna í 126. gr. gildandi tollalaga. Ákvæðið er einfaldað með hliðsjón af almenna ákvæðinu í 169. gr. frumvarpsins.

Nokkrar breytingar eru gerðar á saknæmisskilyrðum. Gáleysisheimild í 1.–3. mgr. 172. gr. er rýmkuð, sbr. 169. gr. frumvarpsins, þannig að venjulegt gáleysi nægir sem saknæmisskilyrði í 1. mgr. og 2. mgr. 172. gr. í stað stórfellds gáleysis í 1. mgr. 126. gr. gildandi laga. Venjulegt gáleysi nægir einnig í 2. mgr. 172. gr. sem er ný málsgrein um refsiábyrgð tollmiðlara. Í refsihækkunarákvæði 4. mgr. er ásetningur áskilinn sem saknæmisskilyrði. Þá er tekið fram að refsihækkunarákvæðið eigi við ef brot er ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti. Ítrekun er þannig tilgreind sem dæmi um miklar sakir. Önnur dæmi um miklar sakir geta verið ef brot lýtur að verulegum fjárhæðum eða verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti.

Í 1. mgr. 172. gr. er tekið fram að sektir skuli nema að lágmarki tvöföldum en að hámarki tíföldum tolli af því tollverði sem dregið var undan álagningu aðflutningsgjalda. Regla þessi er sú sama og í 1. mgr. 126. gr. gildandi laga. Það nýmæli er tekið upp að gert er ráð fyrir að hafi álag verið lagt ofan á toll og önnur aðflutningsgjöld samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins skuli álagið dregið frá sektarfjárhæð. Sambærilegt ákvæði er í 109. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt, nr. 90/2003. Í 2. mgr. er tekið fram að brot samkvæmt ákvæðinu varði sektum. Útflutningsgjöld eru að jafnaði ekki lögð á útfluttar vörur og af þeirri ástæðu er ekki sett fram sambærileg regla um fjárhæð sektar og gert er í 1. mgr.

3. mgr. 172. gr. er nýmæli þar sem fjallað er sérstaklega um refsiábyrgð tollmiðlara. Gildir ákvæðið um sams konar athafnir og fjallað er um í 1. mgr. ákvæðisins. Tekið er fram að refsiverðar athafnir í verknaðarlýsingu geta bæði tengst innflutningi eða útflutningi eftir því sem við á.

3. mgr. 126. gr. gildandi tollalaga er felld brott á þeim forsendum að ekki er talið ráðlegt að veita smyglbrotum skv. 170. gr. frumvarpsins forgang eins og gert er í 3. mgr. 126. gr. gildandi laga. Brot gegn 172. gr. frumvarpsins eru sérhæfðari en smyglbrot og varða þyngri refsingum. Þykir því eðlilegra að 172. gr. frumvarpsins tæmi sök gagnvart 170. gr.

Um 173. gr.

Ákvæði 173. gr. samsvarar þremur síðustu málsgreinum 126. gr. gildandi tollalaga.

Þær breytingar eru gerðar að einstaklingi verður eingöngu gerð refsing fyrir saknæma hegðun, sbr. 169. gr. og 2. mgr. 174. gr. frumvarpsins. Sjálfstætt ákvæði um refsiábyrgð lögaðila er í 3. mgr. 174. gr. Með því er felld niður heimild í 6. mgr. 126. gr. gildandi tollalaga til að gera lögaðila og fyrirsvarsmanni hans óskipta (sólidariska) sekt.

Um 174. gr.

Ákvæði 174. gr. svarar að miklu leyti til 128. gr. gildandi tollalaga. Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar á ákvæðinu. Þannig eru verknaðarlýsingar 1. og 3. mgr. 128. gr. gildandi laga sameinaðar í 1. mgr. 174. gr. frumvarpsins.

Refsihámark ákvæðisins er hækkað úr sex mánaða fangelsi í eins árs fangelsi.

Með 2. mgr. 174. gr. er horfið frá öfugri sönnunarbyrði. Orðalag ákvæðisins áskilur gáleysi vörsluhafa vöru eða annars ábyrgðarmanns, annaðhvort gáleysi um eigin verk eða gáleysi sem fólgið er í eftirlitsskorti eða leiðbeiningarskorti gagnvart starfsfólki. Vanræksla vörslumanns um viðeigandi ráðstafanir eftir brotið fela í sér saknæmt athafnaleysi eftir því sem lýst er í ákvæðinu.

Um 175. gr.

175. gr. er að mestu samhljóða 129. gr. gildandi tollalaga. Fáeinar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar.

Skýrt er tekið fram í lok 3. mgr. 175. gr. að stjórnanda farartækis verður ekki refsað samkvæmt þeirri málsgrein nema hann hafi sýnt af sér gáleysi við flutning vöru út af varnarsvæðum.

Um 176. gr.

Ákvæði 176. gr. er nokkuð breytt frá gildandi ákvæði 130. gr. tollalaga. Lagt er til að tilgreint verði í ákvæðinu að það eigi eingöngu við misnotkun á leyfum, ívilnunum eða tollfríðindum skv. 7. og 8. gr. frumvarpsins eða öðrum reglum settum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þá er lagt til að gera megi lögaðila sekt vegna brots á ákvæðinu, óháð því hvort brot verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brot drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu, en algengt er að lögaðilum eru veittar ívilnanir samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum.

Um 177. gr.

Ákvæði 177. gr. frumvarpsins svarar til 132. gr. gildandi tollalaga. Í ákvæðinu er fjallað um refsiábyrgð stjórnenda, eigenda eða umráðamanna skipa og flugvéla í millilandaferðum.

Í 1. mgr. 177. gr. eru refsimörk ákvæðisins rýmkuð á þann veg að brot getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum í stað sekta eingöngu í gildandi lögum.

Rétt þykir að fella niður 2. mgr. 132. gr. gildandi laga sem fjallar um greiðslu kostnaðar af rannsókn eða eftirliti vegna vanrækslu.

Bætt er við ákvæði um refsiábyrgð lögaðila í 3. mgr. 177. gr. frumvarpsins.

Um 178. gr.

Ákvæði 178. gr. er óbreytt frá 133. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að hámark fangelsisrefsingar er stytt úr sex árum í tvö ár til samræmis við refsimörk annarra ákvæða kaflans.

Um 179. gr.

Ákvæði 179. gr. er efnislega samhljóða 127. gr. núgildandi tollalaga.

Um 180. gr.

Greinin er nýmæli í tollalögum þar sem lagt er til að lögfest verði ákvæði um refsingu við því að tálma tollvörðum í því að sinna skyldustörfum sínum við tollgæslu eða óhlýðnast tollvörðum við skyldustörf. Þykir rétt að lögfesta refsiákvæði um brot gegn banni við að tálma eða óhlýðnast tollgæslu við skyldustörf. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 19. og 21. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og 106. gr. hegningarlaga. Um athugsemdir með ákvæðinu er að öðru leyti vísað til athugasemda með 168. gr. frumvarpsins.

Um 181. gr.

Í 181. gr. er fjallað um eignaupptöku og svarar ákvæðið til 1., 2., 5. og 6. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 1. mgr. 181. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 136. gr. gildandi laga. Felld eru niður orðin „eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim“. Ekki þykir ástæða til að vísa til stjórnvaldsfyrirmæla í refsiákvæði þar sem slík fyrirmæli geta ekki gengið lengra en lagaákvæði og ekki er ástæða til að ganga skemmra í stjórnvaldsfyrirmælum en lagaákvæðið gerir.

2. mgr. 181. gr. er samhljóða 2. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga.

3. mgr. 181. gr. er samhljóða 6. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að í stað orðanna „innan 30 daga“ kemur að „að liðnum 30 dögum“.

4. mgr. 181. gr. er samhljóða 5. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga. Samkvæmt ákvæðinu er eignarupptaka heimil þótt sökunautur sé ósakhæfur eða ef sök er fyrnd.

Um 182. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. og 4. mgr. 136. gr. núgildandi tollalaga.

Um 183. gr.

183. gr. er samhljóða 137. gr. núgildandi tollalaga.

Um 184. gr.

Í 184. gr. er fjallað um réttindasviptingu sem viðurlög við brotum á þessum kafla.

1. mgr. 184. gr. er efnislega samhljóða 138. gr. gildandi tollalaga. Orðalagi hefur verið breytt lítillega. Notað er orðalagið „ítrekað“ í stað „margítrekað“. Rétt þykir að vísa um upphaf og lengd sviptingartíma til 68. gr. hegningarlaga og um endurveitingu réttinda til 68. gr. a sömu laga.

Ákvæði 2. mgr. 184. gr. er nýmæli. Í ákvæðinu er tiltekið að svipta megi mann tilteknu starfsleyfi sem hann hefur öðlast samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hafi leyfishafinn brotið gegn refsiákvæðum þessa kafla eða með öðrum hætti sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi. Gert er ráð fyrir að sérhvert refsivert brot gegn ákvæðum XXII. kafla frumvarpsins heimili leyfissviptingu; enn fremur alvarleg vanrækslubrot, þótt þau falli ekki undir refsiverð brot gegn lögunum, ef leyfishafi hefur sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi. Vanræksla verður að vera í beinum tengslum við starf leyfishafans og þarf að vera stórfelld, t.d. stórfellt gáleysi, alvarlegar afleiðingar eða ítrekuð vanræksla.

Þau starfsleyfi sem 2. mgr. 184. gr. tekur til eru starfsleyfi sem tollmiðlari skv. 48. gr., leyfi til að reka afgreiðslugeymslu skv. 88. gr., leyfi til að reka tollvörugeymslu skv. 91. gr.,

leyfi til að reka tollfrjálsa forðageymslu skv. 96. gr., leyfi til að reka tollfrjálsa verslun skv. 101. gr. og leyfi til að reka frísvæði skv. 105. gr. Ekki er tæmandi talning starfsleyfa í 2. mgr. 184. gr., sbr. orðalagið „eða til að stunda önnur sambærileg störf". Ákvæðið fjallar ekki um afturköllun leyfa ef leyfishafar fullnægja ekki lengur skilyrðum til að öðlast starfsleyfi. Um afturköllun starfsleyfis í slíkum tilvikum er vísað til eftirfarandi greina frumvarpsins: 3. mgr. 50. gr. um afturköllun leyfis til að starfa sem tollmiðlari, 89. gr. um afturköllun leyfis til að reka afgreiðslugeymslu, 92. gr. um afturköllun leyfis til að reka tollvörugeymslu, 97. gr. um afturköllun leyfis til að reka tollfrjálsa forðageymslu, 102. gr. um afturköllun leyfis til að reka tollfrjálsa verslun og 106. gr. um afturköllun leyfis til að reka frísvæði.

Um 185. gr.

Ákvæði 1. mgr. 185. gr. byggist í grundvallaratriðum á 1. mgr. 50. gr. gildandi laga.

Sérhæfing og reynsla við tollrannsóknir er mest hjá starfsliði tollstjórans í Reykjavík. Jafnframt fer hann með samræmingarhlutverk á landsvísu varðandi tollframkvæmdina og þykir því eðlilegt að hann fái tilkynningar um stórfelld tollalagabrot frá öðrum tollstjórum, hvar sem þau eru framin á landinu. Jafnframt er mikilsvert að tollstjórinn í Reykjavík veiti þá aðstoð við rannsóknir utan Reykjavíkur sem þurfa þykir hverju sinni. Er ákvæði 1. mgr. 185. gr. að þessu leyti í samræmi við 43. gr. frumvarpsins sem felur tollstjóranum í Reykjavík að tryggja samræmda tollframkvæmd um land allt og að veita öðrum tollstjórum aðstoð og stuðning í störfum þeirra.

Ákvæði 2. mgr. 185. gr. er nýmæli í tollalögum þar sem kveðið er á um skyldu lögreglu til að veita tollstjóra aðstoð við að færa mann til skýrslugjafar vegna rannsóknar máls ef kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt án lögmætra forfalla. Með þessu er girt fyrir þann möguleika að tollskyldur aðili geti komið sér hjá því að mæta til skýrslugjafar hjá tollstjóra. Ákvæðið er sambærilegt úrræðum sem til staðar eru í lögum þegar kveðja þarf mann til skýrslugjafar hjá lögreglu eða þegar tryggja þarf að maður mæti við aðfarargerð.

Löggæslu- og rannsóknarheimildir tollgæslumanna sem vísað er til í 3. mgr. 185. gr. er einkum að finna í eftirfarandi greinum frumvarpsins: 151. gr. (valdbeiting),154. gr. (handtaka), 155.–160. gr. (leit og skoðun), 161.–162. gr. (haldlagning), 163. gr. (rannsókn og yfirheyrsla) og 164. gr. (innsiglun).

Ákvæði 4. mgr. 185. gr. vísar til laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, varðandi framkvæmd tollrannsókna, yfirheyrslur grunaðra manna og aðrar skýrslutökur m.a. um þá skyldu rannsóknara að gæta ákvæða 32. gr. laganna.

Um 186. gr.

Í 186. gr. er annars vegar fjallað um verkaskiptingu tollstjóra og lögreglustjóra við rannsókn brota og hins vegar samvinnu lögregluyfirvalda, tollyfirvalda og ákæruvalds.

Í 1. mgr. er gengið út frá því að rannsókn hegningarlagabrota og brota gegn ákvæðum annarra sérrefsilaga en tollalaga sé í höndum lögreglu eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála. Þegar atvik eru með þeim hætti að ætlað brot gegn refsiákvæðum tollalaga varðar einnig við almenn hegningarlög eða önnur sérrefsilög er tollstjóra gert skylt að tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra sem tekur ákvörðun um framhald rannsóknarinnar, bæði á þeim þætti brotsins sem varðar við tollalög og þeim þætti sem varðar við önnur refsilög. Lögreglustjóri getur eftir atvikum falið tollstjóra rannsóknina eða hluta hennar ef það þykir hentugra, t.d. vegna rannsóknarhagsmuna. Um þetta efni er einnig vísað til athugasemda við 3. mgr. sem fjallar um samvinnu lögreglu- og tollyfirvalda.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að beiðnum erlendra tollyfirvalda, um aðstoð við rannsókn mála sem hlutaðeigandi tollyfirvöld annast, skuli beint til tollstjórans í Reykjavík. Fer tollstjórinn í Reykjavík með rannsókn málsins nema rannsóknin heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um að tollstjórinn í Reykjavík annast samskipti og aðstoð við erlend tollyfirvöld berist beiðnir um aðstoð við rannsókn tollamála samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði. Sem dæmi um slíkar alþjóðlegar skuldbindingar má nefna bókun 11 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Í 3. mgr. er kveðið á um gagnvirka samvinnu tollyfirvalda og lögregluyfirvalda auk ákæruvalds. Bersýnilega er tilefni til samvinnu tollstjóra við lögregluyfirvöld ef við tolleftirlit eða tollrannsókn vaknar grunur um hegningarlagabrot, t.d. fölsun eða rangfærslu skjala. Á sama hátt ber lögreglustjóra að hafa samvinnu við tollstjóra um rannsókn hvers konar brota ef sérstaklega reynir á sérþekkingu tollgæslu eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tollamálum. Rétt þykir að veita heimild til að setja frekari reglur um þessa samvinnu í reglugerð.

Um 187. gr.

Í 1. mgr. 187. gr. er kveðið á um að með saksókn og málsmeðferð vegna brota á refsiákvæðum XXII. kafla skuli fara að hætti opinberra mála. Ákvæðið er í meginatriðum samhljóða 1. mgr. 139. gr. gildandi tollalaga.

2. mgr. 187. gr. er samhljóða 2. mgr. 139. gr. gildandi tollalaga.

Með 3. mgr. 187. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvörðun sekta og annarra viðurlaga vegna helstu tollalagabrota verði stöðluð með þeim hætti að sektir og önnur viðurlög fyrir tiltekin brot allt að fjárhæð 300.000 kr. verði tiltekin í reglugerð sem verði bindandi fyrir tollstjóra og dómstóla. Þó verði heimilt að víkja frá staðlaðri refsingu til hækkunar eða lækkunar ef veigamikil rök mæla með því.

Með 4. mgr. er lagt til að fullkominni samlagningu sekta verði beitt þegar sekt er ákveðin vegna tveggja eða fleiri brota á tollalögum og reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í 5. mgr. er lagt til að tollvörðum verði veitt heimild til þess að afgreiða mál vegna brota sem tilgreind eru í reglugerð ráðherra á grundvelli 3. mgr., með tollstjórasátt. Það hefur reynst erfiðleikum háð í framkvæmd að mæta þessum áskilnaði gildandi laga um að sektir og eignaupptaka samkvæmt greininni skuli ákveðnar af tollstjóra eða löglærðum fulltrúa hans, einkum í umdæmi tollstjórans á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar þykir rétt að tryggja aðkomu tollstjóra eða löglærðs fulltrúa ef mál varðar brot sem er ekki tilgreint í reglugerð ráðherra enda er talið að fjárhæð sektar fari ekki fram úr 300.000 kr. og verðmæti þess sem gera á upptækt ekki fram úr 300.000 kr.

6. og 7. mgr. eru samhljóða 4. og 5. mgr. 139. gr. gildandi laga.

Um 188. gr.

Ákvæði 188. gr. er efnislega óbreytt frá 140. gr. núgildandi tollalaga.

Um 189. gr.

Með 189. gr. er lagt til að lögfest verði sérstakt fyrningarákvæði með fimm ára fyrningarfresti um öll brot gegn ákvæðum XXII. kafla. Er ákvæðið nokkru víðtækara en jafnframt sértækara en almenna ákvæðið í 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga sem tiltekur brot fólgin í því að komast undan greiðslu á tollum, sköttum o.fl. Sama viðmið er notað í 189. gr. um rof sakarfyrningarfrests og í 6. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um XXIII. kafla.

Í þennan kafla er safnað ýmsum ákvæðum sem ekki heyra undir aðra kafla í frumvarpinu. Uppbygging og efni kaflans er í samræmi við XV. kafla gildandi tollalaga. Þó hefur nokkrum ákvæðum XV. kafla gildandi laga verið fundinn staður í öðrum köflum frumvarpsins til samræmis við efni þeirra. Þá er 144. gr. gildandi laga felld brott þar sem hún er óþörf, sbr. lög nr. 79/1980, um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda, og 8. gr. laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands.

Um 190. gr.

Í 190. gr. er kveðið á um þagnarskyldu tollvarða og annarra starfsmanna tollstjóra. Orðalagi hefur verið breytt verulega frá samsvarandi ákvæði í 141. gr. gildandi tollalaga. Í 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er almennt ákvæði um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna. Vegna eðlis starfa tollvarða og annarra starfsmanna tollstjóra þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði í tollalögum um þetta efni. Ákvæðið tekur til allra starfsmanna tollstjóra.

Þagnarskyldan tekur jafnt til upplýsinga sem viðkomandi fær í starfi sínu og vegna þess. Í 2. mgr. er áréttað að þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Atriði sem þagnarskylda tekur til eru greind í fjórum liðum:

1. Upplýsingar um einkahagi manna sem geta varðað viðkvæm mál og eðlilegt er og sanngjarnt að leynt fari.
2. Upplýsingar um hvers konar viðskiptamálefni einstaklinga og fyrirtækja, þ.m.t. hvers kyns vitneskja sem ráða má beint eða óbeint af samritum af sölu- og vörureikningum eða af öðrum skjölum sem látin eru tollstjóra í té.
3. Upplýsingar er varða starfshætti tollstjóra, svo sem fyrirhugaðar rannsóknaraðgerðir. Í þessu sambandi er bent á að mikilvægt er að haldið sé leyndum upplýsingum um vissa þætti í starfsemi tollstjóra og um skipulagningu og útfærslu einstakra aðgerða, t.d. tollrannsóknar.
4. Aðrar upplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum tollstjóra eða eðli máls.

Þagnarskylda starfsmanna tollstjóra kemur ekki í veg fyrir að öðrum starfsmönnum tollstjóra, starfsmönnum lögreglu eða starfsmönnum ákæruvalds verði veittar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna starfa þeirra.

Í 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er að finna ákvæði sem lýsir brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna refsivert.

Um 191. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 143. gr. gildandi tollalaga. Í 1. mgr. er orðið „tollasamvinnuráðið“ fellt brott en í staðinn kemur Alþjóðatollastofnunin. Í 3. mgr. er fjallað um heimild ráðherra til að sameina smásendingar í eitt tollskrárnúmer til einföldunar á tollafgreiðslu. Bætt er við málsgreinina orðunum „eða fara frá landinu“ til að taka af allan vafa um að einföldun tollafgreiðslu á jafnt við innflutning og útflutning. Breyting þessi er gerð til samræmis við nýmæli 141. gr. frumvarpsins um einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Um 192. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 145. gr. gildandi tollalaga. 2. mgr. er felld brott þar sem eðlilegt er að kveðið sé á um gjaldtökuheimildir tollstjóra í lögum. Um heimild tollstjóra til innheimtu þjónustugjalda er fjallað í 197. gr. frumvarpsins.

Um 193. gr.

Greinin er samhljóða 146. gr. gildandi tollalaga.

Um 194. gr.

Greinin er samhljóða 147. gr. gildandi tollalaga.

Um 195. gr.

Ákvæðið er samhljóða 148. gr. gildandi tollalaga.

Um 196. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 150. gr. gildandi tollalaga. Í stað orðsins „lögvernd“ kemur lögveð.

Um XXIV. kafla.

Kaflinn inniheldur eingöngu eitt ákvæði þar sem safnað er saman öllum heimildum tollstjóra lögum samkvæmt til innheimtu þjónustugjalda vegna starfa tollstarfsmanna sem ekki teljast til almenns tolleftirlits. Um þetta efni er fjallað á víð og dreif í gildandi tollalögum en það þykir til skýringarauka að fjalla um gjaldtökuheimildir þessar á einum stað í lögunum.

Um 197. gr.

Í greininni er tollstjórum veitt heimild til að innheimta ýmis þjónustugjöld, talin upp í 11 töluliðum, vegna þjónustu sem tollstjóri veitir en telst ekki vera hluti af almennu tolleftirliti tollstjóra. Miðast fjárhæð gjalda við þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem veitt er.

Flest þeirra gjalda sem talin eru upp í 1. mgr. eiga sér fyrirmynd í núgildandi tollalögum og eru nú þegar innheimt í samræmi við gildandi lagaheimildir. Til þess að gera frumvarpið eins aðgengilegt og skýrt og unnt er að þessu leyti er sett fram eitt ákvæði sem telur upp þau þjónustugjöld sem tollstjórar hafa heimild til að innheimta. Nýmæli eru eftirfarandi.

Förgunargjald skv. 6. tölul. sem skal standa straum af kostnaði við eyðileggingu vöru að beiðni eiganda. Ákvæðið á eingöngu við þegar eigandi eða vörsluhafi vöru óskar eftir að vöru verði fargað undir tolleftirliti. Dæmi um slíkt tilvik er þegar eigandi vöru óskar þess að vöru verði fargað undir tolleftirliti í stað þess að hún verði endursend úr landi, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Einnig getur verið að leyfishafi geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur óski eftir að vöru verði fargað sem dagað hefur uppi á geymslusvæði hans.

Fylgdargjald skv. 7. tölul. vegna kostnaðar af tollgæslu við flutning á ótollafgreiddum vörum þar sem tollstjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka gæslu eða þegar þess er sérstaklega óskað að tollgæsla sé viðstödd flutning ótollafgreiddra vara, affermingu eða fermingu fara, innsetningu ótollafgreidds varnings á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur o.fl. Dæmi um kostnað samkvæmt þessum tölulið er þegar talið er nauðsynlegt að tollgæsla fylgi ótollafgreiddri vöru við flutning hennar á milli staða. Fyrirmynd slíks ákvæðis er að finna í 34. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Þá er í sumum tilvikum óskað viðveru tollgæslu þegar

gámar eru opnaðir. Opinberar eftirlitsstofnanir, t.d. Fiskistofa, óska í sumum tilvikum eftir viðveru tollgæslu við opnum gáma. Þá óska eigendur hágjaldavöru, svo sem áfengis, stundum eftir viðveru tollgæslu við opnum gáma við innsetningu vöru í tollvörugeymslu til að tryggja að sýnt sé fram á að vöru á farmskrá vanti eða hún hafi orðið fyrir skemmdum.

Tekjur allra tollstjóraembætta á árinu 2003 af þjónustugöldum voru um 40 millj. kr.

Um 198. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í þessari grein er kveðið á um að aðilar sem hafa fengið viðurkenningu tollstjóra til reksturs geymslu- og afgreiðslustaðar fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 64. gr. gildandi tollalaga, leyfi ráðherra til reksturs almennrar tollvörugeymslu, tollfrjálsrar forðageymslu eða tollfrjálsrar verslunar skv. VIII. kafla gildandi tollalaga eða frísvæðis skv. IX. kafla gildandi tollalaga fyrir gildistöku laga þessara skuli innan eins árs frá gildistöku laganna senda ráðherra eða tollstjóra eftir atvikum umsókn um starfsleyfi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að hafi aðilar sem um getur í 1. mgr. ekki sótt um starfsleyfi innan frestsins skv. 1. mgr. teljist þeir ekki fullnægja ákvæðum laganna. Þá er litið svo á viðurkenning þeirra eða leyfi sé fallið úr gildi. Skilyrði fyrir leyfum til rekstur geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur eru sett fram með ítarlegri og skýrari hætti í frumvarpinu en gert er í núgildandi tollalögum og þess vegna þykir nauðsynlegt að þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. sæki um leyfi að nýju verði ákvæði frumvarpsins að lögum.

Um viðauka I.

Við álagningu tolla hefur allt frá 1963 verið stuðst við alþjóðlega samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá sem kennd var við Tollasamvinnuráðið í Brussel (nú nefnd Alþjóðatollastofnunin). Eðlilegt framhald þeirrar framkvæmdar var sú ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar að Ísland gerðist aðila að samningi um samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána sem Tollasamvinnuráðið lagði fram á níunda ártugnum og gert var ráð fyrir að aðildarríkin tækju upp 1. janúar 1988. Sem aðili að Tollasamvinnuráðinu gerðist Ísland aðili að þeim samningi 10. janúar 1985. Með lögum nr. 96/1987, um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, voru tollflokkunarreglur samræmdu skrárinnar innleiddar hér á landi 1. janúar við tollafgreiðslu á innfluttum og útfluttum vörum.

Tollskráin gegnir mikilvægu hlutverki við álagningu tolla og annarra skatta eins og vörugjalda ýmiss konar og virðisaukaskatts. Þetta á einnig við um tollfrelsi eða tollaívilnanir sem byggjast á ákvæðum milliríkja- og fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gerst aðili en nefna má í því sambandi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, EES, og samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO. Þá gegnir tollskráin veigamiklu hlutverki við flokkun innfluttra sem útfluttra vara vegna hagskýrslugerðar af ýmsu tagi.

Frá því að samræmda vöruheita- og vörunúmeraskráin var tekin upp 1988 hefur Tollasamvinnuráðið samþykkt umfangsmiklar breytingar á flokkunarreglum hennar. Sú fyrri var samþykkt af Tollasamvinnuráðinu 6. júlí 1993 en sú síðari 25. júní 1999. Í samræmi við ályktanir ráðsins og samkvæmt heimild í 142. gr. tollalaga voru breytingar þessar innleiddar hér á landi með auglýsingum nr. 127/1995 og 126/2001 í A-deild Stjórnartíðinda og tóku gildi 1. janúar 1996 og 1. janúar 2002. Auk þessara breytinga hafa fjölmargar aðrar breytingar verið gerðar á tollskránni, m.a. í tengslum við fríverslunarsamninga, takmarkanir á inn- eða

útflutningi, gjaldabreytingar og öflun tölfræðilegra upplýsinga sem kallað hafa á breytta flokkun vegna tæknilegra atriða við innheimtu.

Þegar litið er til þeirra umfangsmiklu breytinga sem gerðar hafa verið á tollskránni allt frá árinu 1988 og mikilvægi tollskrárinnar sem lagastoðar við ákvörðun tollskyldu og tollfrelsis við inn- eða útflutning á vörum þykir rétt að leggja tollskrána að nýju fyrir Alþingi til samþykktar. Eins og áður er gert ráð fyrir að tollskráin hafi lagagildi og verði viðauki I við tollalögin. Allar breytingar sem gerðar hafa verið, ýmist með lögum eða auglýsingum samkvæmt 142. gr. tollalaga, hafa verið felldar inn í tollskrána í viðauka I.

Lögð er til niðurfelling tolls af vörum sem eru sérstaklega tilreiddar fyrir ofnæmis- og efnaskiptasjúklinga, í tollskrárnúmerunum 1704.9008, 1905.3120, 1905.9021 og 1905.9041. Aðrar tillögur eru ekki gerðar til breytinga á tollum eins og mælt er fyrir um þá í gildandi tollalögum, sbr. viðauka I við þau sem hefur lagagildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til tollalaga.

Núgildandi tollalög eru frá árinu 1987. Frá þeim tíma hafa orðið margs konar breytingar á íslensku viðskiptalífi og verkefnum og tækni á sviði tollamála. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á tollalögunum og er ætlað að laga þau að þessu breytta umhverfi. Þótt margs konar nýmæli og breytingar komi fram í frumvarpinu er engu síður að stærstum hluta um það að ræða að ákvæði laganna verði felld betur að núverandi starfsháttum tollyfirvalda þannig að ekki er gert ráð fyrir að neinar verulegar breytingar verði þar á. Er því ekki gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi.

754. Svar [379. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um utanlandsferðir lækna á kostnað lyfjafyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir læknar fara árlega í utanlandsferðir á kostnað lyfjafyrirtækja?*
2. *Hversu margir fara í slíkar ferðir á ári hverju:*
   a. *læknar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi,*
   b. *læknar á öðrum sjúkrahúsum,*
   c. *læknar á heilsugæslustöðvum,*
   d. *sérfræðilæknar sem starfa annars staðar?*
3. *Hversu oft að meðaltali fer hver læknir í slíka ferð á ári?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendi fyrirspurn til heilbrigðisstofnana, þ.e. sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana, þar sem óskað var eftir svörum við fyrirspurn þingmannsins.

Flestar stofnanir höfðu ekki áreiðanlegar upplýsingar um ferðir lækna, sem farnar voru án greiðsluþátttöku stofnunarinnar, þannig að ekki náðist heildstætt yfirlit yfir umfang utanlandsferða lækna af svörum stofnana.

Jafnframt var send beiðni til Lyfjastofnunar um að hún aflaði sér upplýsinga frá lyfjafyrirtækjum um utanlandsferðir lækna. Borist hefur niðurstaða úr könnun Lyfjastofnunar. Stofnuninni tókst að safna upplýsingum frá flestum lyfjaframleiðslu- og umboðsfyrirtækjum fyrir árið 2004. Eitt fyrirtæki, Austurbakki hf., svaraði ekki fyrirspurn Lyfjastofnunar um utanlandsferðir.

Niðurstaða könnunar Lyfjastofnunar var eftirfarandi:

1. Heildarfjöldi ferða lækna 2004	469
2. Hversu margir fara í slíkar ferðir á ári hverju?	
a. Læknar frá LSH	289
b. Læknar á öðrum sjúkrahúsum	51
c. Læknar á heilsugæslustöðvum	85
d. Sérfræðilæknar á öðrum stöðum	44
3. Ekki fengust upplýsingar um fjölda lækna, aðeins fjölda ferða.	

Framangreindar tölur eru lágmarkstölur þar sem eitt fyrirtæki svaraði ekki fyrirspurninni og eins var árið ekki liðið þegar fyrirspurnin var send út.

755. Frumvarp til laga [494. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Kristján L. Möller,
Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna verður svohljóðandi: Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs og fá ekki greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „eru á aldrinum 16 til 67 ára og“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: eru 16 ára eða eldri og.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum lækka greiðslur til örorkulífeyrisþega þegar þeir verða 67 ára og hefja töku ellilífeyris. Skýring þessa er m.a. sú að skerðingarprósenta ellilífeyris skv. 2. mgr. 11. gr. almannatryggingalaga er 30% en skerðingarprósenta örorkulífeyris skv. 5. mgr. 12. gr. sömu laga er 25%. Auk þessa hefst skerðing grunnlífeyris ellilífeyrisþega við lægri tekjumörk en grunnlífeyrir örorkulífeyrisþega, sbr. sömu ákvæði. Mismunar að þessu leyti gætir einnig hvað tekjutryggingu varðar.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi fela í sér að í stað þess að öryrkjar hefji töku ellilífeyris við 67 ára aldur haldi þeir einfaldlega óbreyttum rétti til örorkulífeyris samkvæmt ákvæðum laganna. Auk þess að bæta kjör þessa öryrkjahóps er þessi breyting til þess fallin að einfalda lífeyriskerfi almannatryggingalaga. Ljóst er að framfærslukostnaður öryrkja lækkar ekki við það eitt að hann nær 67 ára aldri. Öryrki, sem verið hefur óvinnufær lengi, jafnvel stóran hluta ævinnar, og búið við fötlun af einhverju tagi, má búast við að fötlunin ágerist með tímanum og kostnaður við að draga fram lífið aukist því frekar en minnki. Því verður að telja það ósanngjarnt og órökrétt að lækka greiðslur almannatrygginga til öryrkja vegna þess eins að þeir ná 67 ára aldri og hefja töku ellilífeyris.

756. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Sigurjóni Þórðarsyni og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. mgr. 126. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,
b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.

757. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað orðanna „vélsleða og fjórhjól“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki.

2. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur er ráðherra heimilt að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka.

3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bann við sölu á veiðifangi.

Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils.

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.

4. gr.

Á eftir orðunum „framkvæmd brots“ í 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann skv. 17. gr. a.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júlímánuði 2003 ákvað þáverandi umhverfisráðherra að friða rjúpu frá og með árinu 2003 til og með 2005 vegna bágs ástands stofnsins og var ákvörðunin tekin skv. 17. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. Í framhaldi af þessari ákvörðun varð mikil umræða um málefnið í þjóðfélaginu og voru skoðanir skiptar. Við talningu rjúpu vorið 2004 kom fram að stofninn hefur tvöfaldast á milli áranna 2003 og 2004, sem sýnir að stofninn er í mikilli uppsveiflu. Þetta bendir til að mögulegt sé að stunda takmarkaðar veiðar í framtíðinni með því að koma á markvissri stjórn, sem ekki verður gert nema með breyttum lögum.

Umhverfisráðherra ákvað þann 5. október 2004 að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem hafi það að meginmarkmiði að styrkja stjórn rjúpnaveiða. Mikilvægt er að tryggja að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar þegar þær hefjast á ný og ekki þurfi að grípa til tímabundinnar friðunar. Af þessum ástæðum fól umhverfisráðherra nefnd, sem skipuð var 3. september 2003 og fengið var það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir til þess að styrkja rjúpnastofninn að loknu banni við rjúpnaveiðum, að semja frumvarp til laga um breytingu á áðurnefndum lögum með áðurnefnd markmið að leiðarljósi og að veiðarnar verði sjálfbærar. Í nefndinni eiga sæti: Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, formaður, Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Áki Ármann Jónsson forstöðumaður, tilnefndur af Umhverfisstofnun, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, tilnefndur af sambandinu, Ólafur Einarsson fuglafræðingur, tilnefndur af Fuglaverndarfélagi Íslands, Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, tilnefndur af félaginu, og Ari Teitsson, fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af samtökunum. Með nefndinni starfar Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu.

Nefndinni var sérstaklega falið að líta til eftirfarandi þátta:

a. Heimild til að banna sölu rjúpna og rjúpnaafurða.
b. Heimild til að kvótabinda rjúpnaveiðar.
c. Takmörkun á notkun farartækja.
d. Hugsanlegar breytingar á veiðitíma, þ.e. upphaf og endir hefðbundins veiðitíma.

Nefndinni var falið að skila tillögum um lagabreytingar til ráðuneytisins fyrir 15. nóvember 2004. Nefndinni var jafnframt falið að haga störfum sínum þannig að nýtt stjórnkerfi rjúpnaveiða gæti verið fyrirmynd að stjórn veiða á öðrum fuglastofnum eftir því sem aðstæður krefðust. Gert er ráð fyrir því að nái frumvarp fram að ganga og ekkert óvænt komi fram um ástand rjúpnastofnsins á næsta ári hefjist rjúpnaveiðar samkvæmt breyttum lögum haustið 2005 þannig að bannið standi í tvö ár en ekki þrjú. Gott samkomulag náðist um þessa niðurstöðu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Skotveiðifélag Íslands.

Frumvarp það sem hér liggur frammi byggist í megindráttum á tillögum áðurgreindrar nefndar umhverfisráðuneytisins að því frátöldu að ekki er að svo stöddu lagt til að heimilt verði að setja kvóta á fuglaveiðar eins og nefndin lagði til. Ekki er talin þörf á að slík heimild sé í lögum nema í ljós komi að aðrar aðgerðir sem lagðar eru til í frumvarpi þessu séu ekki nægjanlegar. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að heimild ráðherra til að takmarka veiðar með sölubanni gildi um alla fuglastofna sem heimilt er að veiða. Á þann hátt er leitast við að tryggja að veiðar á einstökum fuglastofnum séu jafnan stundaðar á sjálfbæran hátt.

Til þess að takmarka veiðisókn í fuglastofna sem ákveðið er að létta friðun af samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt að draga úr veiðisókn með sölubanni og/eða sóknarstýringu. Sölubann gæti verið tiltekinn tíma, t.d. þegar viðkomandi stofn er í lágmarki vegna náttúrulegra sveiflna. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er talið að um helmingur af þeirri rjúpu sem veidd er falli undir svokallaða magnveiði, þ.e. sé einkum til sölu á almennum markaði. Í nágrannalöndunum hefur víða verið gripið til þess ráðs að takmarka veiðar á fuglum og annarri veiðibráð við tómstundaveiðar (sportveiðar).

Í frumvarpi þessu eru ekki lagðar til breytingar á upphafi og endi veiðitíma, enda verður að líta svo á að tiltölulega góð sátt sé um veiðitímann. Þó er talið rétt, svo ekkert fari á milli mála, að ráðherra fái ótvíræðar heimildir til að ákveða innan veiðitímans hvaða daga megi veiða og hvenær sólarhringsins, gerist þess þörf. Hér má nefna að dæmi eru um að gæsaveiðar séu stundaðar í rökkri og jafnvel fram í myrkur. Í slíkum tilvikum er undir hælinn lagt hvort tekst að ná í særðan fugl.

Ekki er talin ástæða til þess að fjalla sérstaklega um þau farartæki sem nota má við veiðar þar sem ákvæði laganna sem og náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, eru nægjanlega skýr. Rétt þykir þó, eins og verið hefur, að leyfa notkun vélknúinna farartækja á landi annarra en vélsleða, fjórhjóla og annarra sambærilegra torfærutækja til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegslóðum. Samkvæmt gildandi lögum nær ákvæðið eingöngu til vélsleða og fjórhjóla en komin eru á markað önnur sambærileg torfærutæki og er lagt til að lögin nái yfir þau einnig.

Ákvæði þessa frumvarps taka mið af því að þau nái til allra fugla sem friðun er aflétt af en ekki aðeins til rjúpu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. má nota vélknúin farartæki á landi önnur en vélsleða og fjórhjól til að flytja veiðimenn að og frá veiðilendum. Lagt er til að orðalag ákvæðisins verði þrengt þannig að ekki sé heimilt að nota vélsleða, fjórhjól eða önnur torfærutæki, þar sem á markaði eru sambærileg torfærutæki, svo sem torfærubifhjól og sexhjól, sem einnig er rétt að óheimilt verði að nota við veiðar. Er þetta m.a. gert til þess að koma í veg fyrir ágreining um hvernig túlka beri ákvæðið. Hugtakið torfærutæki er nánar skilgreint í umferðarlögum, nr. 50/1987, og vísast til þeirrar skilgreiningar við skýringu hugtaksins hér.

Um 2. gr.

Lagt er til að umhverfisráðherra geti með reglugerð takmarkað veiðar innan hvers veiðitímabils við ákveðna daga og ákveðinn tíma sólarhringsins, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka. Rétt þykir að hafa ótvíræð ákvæði í lögum til að tryggja sveigjanleika í veiðistjórn í þeim tilvikum sem takmarka þarf sókn í einstaka tegundir.

Um 3. gr.

Lagt er til að umhverfisráðherra geti með reglugerð, þegar friðun fugla er aflétt, bannað sölu á þeim. Heimildin er þó bundin við þær aðstæður þegar talin er hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils. Er þetta sérstaklega tekið fram til að undirstrika að einungis er heimilt að leggja sölubann á í því skyni að vernda viðkomandi fuglastofn. Heimildin getur verið tímabundin og náð til einstakra tegunda eða allra þeirra tegunda sem veiddar eru til matar. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi þannig að ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að hægt sé að gefa eða þiggja veiðibráð.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði að gera upptækt veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann sem ráðherra hefur ákveðið að leggja á. Þar sem sú bráð getur hafa verið löglega veidd fellur hún ekki undir upptökuákvæði núgildandi laga.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild til handa umhverfisráðherra til að banna sölu á einstaka fuglategundum og afurðum þeirra, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils. Enn fremur er lagt til að ráðherra geti takmarkað veiðar við ákveðna daga innan leyfilegs veiðitímabils og ákveðinn tíma sólarhrings. Auk þess er lagt til að óheimilt verði að stunda veiðar á vélsleðum, fjórhjólum og öðrum torfærutækjum.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

758. Fyrirspurn [496. mál]

til iðnaðarráðherra um atvinnubrest á Stöðvarfirði.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig hyggst ráðherra byggðamála bregðast við fyrirsjáanlegum atvinnubresti á Stöðvarfirði þegar Samherji hættir fiskvinnslu í byggðarlaginu?

759. Fyrirspurn [497. mál]

til viðskiptaráðherra um flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.

Frá Helga Hjörvar og Merði Árnasyni.

1. Í hvaða löndum á Evrópska efnahagssvæðinu, öðrum en Íslandi, eru starfræktir flutningsjöfnunarsjóðir olíuvara?
2. Hve miklu fé er varið til flutningsjöfnunar olíuvara á hvern íbúa á Íslandi annars vegar og í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins hins vegar?
3. Er beitt öðrum aðferðum við flutningsjöfnun í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins? Ef svo er, í hvaða löndum, með hvaða aðferðum og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.

760. Fyrirspurn [498. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um skuldir eftir aldri.

Frá Helga Hjörvar.

Hverjar voru meðalskuldir landsmanna árin 1999 og 2003 og hve stór hluti þeirra var vegna húsnæðisöflunar, skipt eftir aldri sem hér segir: 20 ára og yngri, 21–25 ára og áfram í fimm ára aldursbilum upp í 75 ára, og 76 ára og eldri?

Skriflegt svar óskast.

761. Fyrirspurn [499. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir að skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja verði lokað í a.m.k. sex vikur í sumar?
2. Hyggst ráðherra sjá til þess að svokölluð G-II bakvakt heilsugæslulækna við stofnunina, sem felld var niður um síðustu áramót, verði tekin upp að nýju?

762. Fyrirspurn [500. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu um samkynhneigð í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögum nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra sem lúta að fræðslu í grunn- og framhaldsskólum um málefni samkynhneigðra, sbr. kafla 10.7 í skýrslu nefndarinnar frá ágúst sl.?

763. Fyrirspurn [501. mál]

til félagsmálaráðherra um Ábyrgðasjóð launa.

Frá Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þeirrar ákvörðunar stjórnar Ábyrgðasjóðs launa að ábyrgjast ekki desember- og orlofsuppbætur nema fyrir síðustu þrjá mánuði fyrir gjaldþrot fyrirtækis?
2. Telur ráðherra eðlilegt að sjóðurinn ábyrgist ekki iðgjöld í félags-, sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóði stéttarfélaga líkt og önnur launatengd gjöld? Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á því fyrirkomulagi?

Skriflegt svar óskast.

764. Fyrirspurn [502. mál]

til dómsmálaráðherra um vinnu útlendinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er fyrirhugað aukið samstarf Schengen-ríkjanna til þess að hindra brot á vinnulöggjöf ríkjanna?
2. Er fyrirhugað aukið eftirlit við komu til landsins til að hindra brot á vinnulöggjöfinni? Ef svo er, í hverju felst það?
3. Hvernig er eftirliti lögreglu háttað varðandi útlendinga sem dveljast og vinna hér á landi og hver hefur árangurinn verið?
4. Hversu mörg dvalarleyfi hafa verið gefin út hér á landi síðustu tíu ár og hvernig skiptist fjöldinn milli þjóðerna?

5. Eru fyrirhugaðar aðgerðir hjá lögreglu til að fylgjast með hvort farið sé að lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga? Ef svo er, hverjar eru þær?

Skriflegt svar óskast.

765. Svar [288. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínu Gunnarsdóttur um jafnréttisáætlun og skipan í stöður.

1. *Hvað hefur verið skipað í margar stöður á vegum ráðuneytisins frá árinu 1999?*
Alls hafa verið skipaðir 29 einstaklingar í stöður á þessu tímabili.
Landbúnaðarráðherra hefur skipað í fjórar stöður innan ráðuneytisins og skipað yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni og 18 einstaklinga í stöður héraðsdýralækna samkvæmt lögum nr. 66/1998, með gildistöku frá 1. janúar 1999, skipað rektor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, skólameistara að Hólum, skólameistara að Garðyrkjuskólanum á Reykjum, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og forstöðumann Aðfangaeftirlitsins.

2. *Hvað voru skipaðar margar konur og hve margir karlar á umræddu tímabili?*
Skipaðar voru 4 konur og 23 karlar í stöður á þessu tímabili.

3. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins, hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði og hvernig skiptast þeir eftir kyni?*
Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Starfandi nefndir og ráð á vegum ráðuneytisins 30. nóvember 2004.

	Aðalmenn			Varamenn og starfandi með nefnd		
	Alls	Kk.	Kvk.	Alls	Kk.	Kvk.
Lögbundnar nefndir:						
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands	9	8	1	7	5	2
Skólanefnd Garðyrkjuskólans á Reykjum	5	5	0	3	1	2
Skólanefnd Hólaskóla	5	3	2	5	5	0
Stjórn Austurlandsskóga	4	4	0			
Stjórn Fiskræktarsjóðs	6	6	0			
Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins	5	4	1	5	2	3
Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins	3	3	0	3	2	1
Stjórn Héraðsskóga	3	3	0			
Stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins	5	5	0	5	1	4
Stjórn Norðurlandsskóga	3	3	0	3	3	0
Stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins	3	3	0			
Stjórn Skjólskóga	3	3	0	2	2	0
Stjórn Suðurlandsskóga	3	3	0			

	Aðalmenn			Varamenn og starfandi með nefnd		
	Alls	Kk.	Kvk.	Alls	Kk.	Kvk.
Stjórn Tilraunastöðvarinnar að Stóra-Ármóti	3	3	0			
Stjórn Veiðimálastofnunar	5	5	0	5	5	0
Stjórn Vesturlandsskóga	4	3	1	1	1	0
Úthlutunarnefnd:						
Smáverkefnasjóður	3	2	1			
Úrskurðar- og/eða kærunefndir:						
Úrskurðarnefnd um greiðslumark o.fl.	3	3	0	2	2	0
Úrskurðarnefnd um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu	3	1	2	2	2	0
Yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum	3	3	0	3	3	0
Yfirmatsnefnd um lax- og silungsveiði	3	3	0	1	1	0
Ráðgjafarnefndir:						
Búfræðsluráð	10	9	1	0	0	0
Dýralæknaráð	4	4	0	4	2	2
Fiskeldisnefnd	4	4	0	3	1	2
Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða	3	2	1	3	1	2
Ráðgjafarnefnd um lífræna landbúnaðarframleiðslu	7	6	1	2	2	0
Ótímabundinar verkefnanefndir:						
Erfðanefnd landbúnaðarins	7	5	2	7	7	0
Fisksjúkdómanefnd	3	3	0			
Fóðurnefnd	3	3	0			
Framkvæmdanefnd búvörusamninga	7	7	0			
Kartöfluútsæðisnefnd	3	3	0			
Markanefnd um afréttamál, fjallskil o.fl.	3	2	1	3	3	0
Sáðvöru- og áburðarnefnd	3	3	0			
Tilraunaráð Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins	15	13	2	5	5	0
Ullarmatsnefnd	3	1	2			
Úttektarnefnd samkvæmt ábúðarlögum	2	2	0	1	1	0
Veiðimálanefnd: kostnaður greiddur af Fiskræktarsjóði	6	6	0	6	5	1
Verðlagsnefnd búvara	7	6	1	5	4	1
Tímabundnar verkefnanefndir:						
Faghópur sérfræðinga um rannsókn á íslenska kúastofninum	9	7	2			
Nefnd til að endurskoða lög um innflutning dýra, nr. 54/1990	4	2	2			
Nefnd til að endurskoða rg. 638/1997 um bólusetningu sauðfjár og geitfjár til varnar garnaveiki	3	3	0			
Nefnd til að undirbúa innleiðingu ESB 2001/19/EB o.fl.	3	1	2			
Nefnd til að yfirfara lög og reglur um varnir gegn dýrasjúkdómum	4	3	1			
Nefnd til að yfirfara stöðu og málefni Hólaskóla	6	6	0	1	1	0
Nefnd um endurskoðun laga um gæðamat á æðardún og erindisbréf matsmanna	4	3	1	3	2	1
Nefnd um framtíðarfyrirkomulag markaðssetningar dilkakjöts á erlendum markaði	5	5	0			

	Aðalmenn			Varamenn og starfandi með nefnd		
	Alls	Kk.	Kvk.	Alls	Kk.	Kvk.
Nefnd um heimabúsafurðir í ferðaþjónustu o.fl.	5	3	2			
Nefnd um hestamennsku á landsbyggðinni	6	5	1			
Nefnd um umsjón aðgerða vegna rekstrarvanda loðdýraræktarinnar	3	2	1			
Plöntusjúkdómaráð	3	3	0			
Starfshópur til að endurskoða lög/reglugerð um loðdýrarækt	4	4	0			
Starfshópur um eftirlit með búrekstri og tengdri starfsemi	5	3	2			
Starfshópur um jarðahluta Landskrár fasteigna	5	3	2			
Verkefnisstjórn átaks um sumarexem í hrossum	5	2	3			
Verkefnisstjórn um nýtingu upplýsingasamfélagsins í sveitum landsins	7	5	2			
Votlendisnefnd	2	2	0			
Nefndarmenn samtals	**257**	**217**	**40**	**90**	**69**	**21**
Nefndir samtals 56						

4. *Gilda sérstakar reglur um hlutföll kynjanna við skipan í stöður á vegum ráðuneytisins og ef svo er, hvaða reglur?*

Ekki gilda ákveðnar reglur um hlutföll kynja við skipan í stöður á vegum ráðuneytisins, en unnið er eftir starfsmannastefnu stjórnarráðsins þar sem kveðið er á um að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum.

5. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og ef svo er, hvað hefur verið gert til að fylgja þeirri áætlun eftir?*

Ekki hefur verið gerð sérstök framkvæmdaáætlun er þetta varðar. Ráðuneytið er hins vegar vel meðvitað um að fleiri karlar en konur skipa nefndir og ráð á vegum þess og ýmsar skýringar á því. Leitast hefur verið við að rétta stöðu kvenna hvað þetta varðar og m.a. þess jafnan gætt að þegar óskað er tilnefninga í nefndir og ráð að tilnefningaraðili gæti jafnræðis í tilnefningum sínum.

Ráðuneytið vill geta þess að það hefur veitt umtalsverða fjármuni til verkefnisins „Gullið heima“ sem grasrótarhreyfing kvenna í landbúnaði stendur að.

Sömuleiðis beindi ráðuneytið því til félagsmálanefndar Alþingis að í þingsályktunartillögu um jafnréttismál til fjögurra ára væri tiltekið undir sérstökum lið að kanna skyldi ákvæði um eignaraðild kvenna og karla í landbúnaði og réttindi og skyldur henni samfara.

766. Svar [453. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kennitöluflakk í atvinnurekstri.

1. *Telur ráðherra ástæðu til að grípa til aðgerða eða lagasetningar til að sporna við svokölluðu kennitöluflakki í atvinnurekstri?*

Rétt er að taka fram í upphafi að ástæðan fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, með nýrri kennitölu, getur verið fullkomlega eðlileg. Fyrirtæki geta orðið gjaldþrota m.a. vegna utanaðkomandi aðstæðna. Það getur einnig gerst að fyrirtæki séu stofnuð með nýrri kennitölu í kjölfar ólöglegs atferlis í fyrra fyrirtæki en ætla má að einkum sé talað um kennitöluflakk (kennitöluhopp) þegar grunur er um ólöglegt atferli. Sérstök refsiákvæði eru þó ekki í gjaldþrotalögum. Skv. 64. gr. þeirra laga er hins vegar skuldara, sem er bókhaldsskyldur, skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma. Setja þarf þó tryggingu sem er nú 250.000 kr. Getur sú fjárhæð e.t.v. haft hamlandi áhrif. Nefna má hins vegar sem dæmi um ólöglegt atferli ýmis ákvæði í almennum hegningarlögum. Ólöglegt atferli samkvæmt þeim lögum getur verið brot á 247. gr. (fjárdráttur), 248. gr. (fjársvik), 250. gr. (skilasvik, sbr. sérstaklega 3. mgr. um það ef maður hefst nokkuð það að eftir að bú hans hefur verið tekið til skipta sem þrotabú, eða á meðan hann hefur heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta, sem miðar að því að eigur eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum þess að gagni), 258. gr. (undanskot eigna frá lánardrottnum), og 262. gr. (meiri háttar brot gegn ýmsum skattalögum).

Of oft vill gleymast að til eru viss úrræði samkvæmt íslenskum lögum til að sporna gegn kennitöluflakki, þ.e. ólöglegu atferli, og þá ekki einungis í tengslum við gjaldþrot. Hér er átt við *refsidómsákvæði í lögum um hlutafélög og fleiri lögum*, m.a. lögum á sviði fjármagnsmarkaðar. Í þessu sambandi má nefna 1. mgr. 66. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er orðast svo:

„Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.“

Ætlunin var 1994 að setja inn í hlutafélagalöggjöfina ákvæði um að þeir sem hefðu orðið gjaldþrota tvisvar á síðastliðnum þremur árum gætu ekki setið í stjórn eða verið framkvæmdastjórar næstu þrjú árin. Þetta þótti Alþingi ekki nógu traust því að saklausir menn gætu lent í erfiðleikum vegna þessa, t.d. hæfir menn sem hefðu verið kallaðir inn sem framkvæmdastjórar seint og um síðir til að reyna að bjarga fyrirtækjum en það hefði ekki tekist. Þetta endaði því með ákvæðum í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (í gildi frá 1995), og síðar fleiri lögum, um refsidóm í tengslum við atvinnustarfsemi vegna brota á ýmsum lögum sem talin voru upp.

Gallinn er hins vegar sá að fáir eða engir sem bíða tjón vegna ætlaðs ólögmæts atferlis stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra hafa hirt um að kæra viðkomandi til refsingar þannig að opinber rannsókn fari fram. Geta viðkomandi stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar því áfram setið í stjórn eða verið framkvæmdastjórar óhindrað. Samtök atvinnulífs, hverju nafni sem nefnast, ættu hins vegar að hugleiða hvort þau geti ekki kynnt þetta mál betur fyrir félagsmönnum sínum þannig að þeir vandi sig betur í þessum málum og hirði um að kæra þá sem sérstök ástæða þykir til, og jafnvel leiðbeint þeim eða aðstoðað í slíkum málum.

Sama gegnir um verkalýðsfélög jafnvel þótt laun kunni að fást greidd úr ábyrgðarsjóði launa. Það gerist þó ekki fyrr en eftir langan tíma.

Kæruleið er samkvæmt framansögðu fyrir hendi að lögum. Kemur nafn kæranda fram í gögnum málsins sem kann e.t.v. að vera letjandi. Aðild samtaka gæti bætt þar úr. Ef viðeigandi lagaheimild er hins vegar ekki notuð heldur vandamálið áfram eða magnast jafnvel þegar ófyrirleitnir einstaklingar sjá að þeir komast upp með athæfi sitt án nokkurra viðurlaga.

Taka má fram hér að takmarkanir geta t.d. falist í löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög þannig að stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum (3. gr. hfl. og ehfl.). Ákvæði um réttindasviptingu í 68. gr. almennra hegningarlaga virðast ekki skipta sérstöku máli í tengslum við félög.

2. *Hafa aðrar Norðurlandaþjóðir gripið til sérstakra aðgerða eða lagasetningar til að koma í veg fyrir kennitöluflakk og ef svo er, hvaða?*

Á 118. löggjafarþingi 1994 (87. mál) lagði Finnur Ingólfsson og fleiri framsóknarmenn fram frumvarp til laga um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota. Frumvarpið byggðist á sænskum lögum (lag (1986 : 436), om näringsforbud) og jafnvel annarri norrænni löggjöf og tengist refsiverðu atferli. Þau lög ganga talsvert langt og taka á ýmsu, m.a. banni við starfi í fyrirtæki sambýlismanns, en gera hins vegar kröfur um að brot sé ekki léttvægt. Í Finnlandi eru ekki ósvipuð lög um atvinnurekstrarbann. Í sænskum rétti eru hins vegar ekki almennar takmarkanir á heimildum aðila, sem áður hafa setið í stjórnum gjaldþrota fyrirtækja, til að stofna eða koma að stjórn nýs fyrirtækis. Framangreint frumvarp dagaði uppi á Alþingi. Var það ekki lagt fram aftur þar eð ákveðið var að láta reyna á ákvæðið um refsidómsleiðina í hlutafélagalöggjöfinni og síðar fleiri lögum.

Samkvæmt dönskum lögum er hugsanlegt að í dómi verði mælt fyrir um missi réttar til að vera stofnandi, stjórnandi eða stjórnarmaður í fyrirtækjum sem háð eru opinberum leyfum eða viðurkenningu hafi maður verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað og hætta þyki á að viðkomandi muni misnota stöðu sína. Samkvæmt dönsku innheimtulögunum (lov nr. 289/2003 om opkrævning af skatter og afgifter) er skatta- og tollyfirvöldum undir vissum kringumstæðum heimilt að krefja aðila, sem hefur verið eigandi eða setið í stjórn fyrirtækis sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta á síðustu fimm árum á undan og skuldar opinber gjöld, um tryggingu, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna.

Samkvæmt norskum rétti er framkvæmdastjórum, stjórnendum og stjórnarmönnum fyrirtækja, sem dæmdir hafa verið fyrir refsiverða háttsemi, ekki sjálfkrafa meinað að gegna slíkum störfum á ný. Virðast því gerðar nokkru vægari kröfur en í íslenskum lögum um hlutafélög o.fl. Þá er hugsanlegt að í dómi sé mælt fyrir um missi réttar manns, sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða háttsemi, til að gegna tiltekinni stöðu eða til að stunda atvinnurekstur ef uppfyllt eru nánar tilgreind skilyrði 29. gr. norsku hegningarlaganna varðandi réttindasviptingu.

3. *Telur ráðherra koma til greina að setja lög sem banni tímabundið atvinnurekstur eða setu í stjórnum fyrirtækja hjá þeim sem uppvísir eru að kennitöluflakki?*

Ekki eru í íslenskri löggjöf almenn lög um atvinnurekstrarbann vegna slíks ólögmæts atferlis er lýst hefur verið hér að framan enda er slíkt viðurhlutamikið svo sem fram kom í framangreindu frumvarpi á Alþingi. Ýmis sérstök lagaákvæði eru hins vegar til staðar svo sem þegar hefur verið greint frá, t.d. í lögum um hlutafélög, sem taka til um 1000 félaga, og lögum um einkahlutafélög sem taka til yfir 20.000 félaga. Rétt sýnist að láta reyna á slík lagaákvæði, sbr. það sem fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar, fremur en að setja

fleiri sérákvæði eða jafnvel almenn lög um atvinnurekstarbann. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ætti, ef til kæmi, að fjalla almennt um atvinnurekstrarbann þar eð það fjallar almennt um viðurlög.

Í framgreindu frumvarpi um atvinnurekstrarbann kom fram að í norrænni löggjöf hefði verið hugað að fleiri leiðum en refsiviðurlögum. Hefði þróunin verið sú þar að auka heimildir til leyfissviptingar og jafnvel að meina mönnum almennt þátttöku í atvinnurekstri vegna brota í atvinnurekstri. Segja má að setning sérstakra lagaákvæða hér á landi, t.d. í hlutafélagalöggjöfinni, séu í samræmi við hina norrænu þróun. Í frumvarpinu var sérstaklega tekið fram að atvinnurekstrarbann skyldi í Svíþjóð dæma til ákveðins tíma, þriggja ára hið skemmsta og fimm ára hið lengsta. Framangreind sérákvæði í hlutafélagalöggjöfinni íslensku gera ráð fyrir þremur árum. Atvinnurekstrarbannið í Svíþjóð samkvæmt frumvarpinu náði aðeins til einstaklinga eins og raunin varð í hinum framangreindu sérstöku lagaákvæðum hér á landi.

4. *Eru til upplýsingar eða vísbendingar um hve mikið vandamál kennitöluflakk er hér á landi og í hvaða atvinnugreinum helst?*

Ekki eru til nákvæmar upplýsingar eða vísbendingar um hve mikið vandamál ólögmætt atferli sem tengist kennitölum er hér á landi. Samkvæmt blaðafregnum virðast vandamál skjóta alloft upp kollinum og geta valdið einstaklingum og lögaðilum talsverðu tjóni.

Greinargóðar upplýsingar sem skipta hér máli, koma fram í svari ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjölda einstaklinga sem tengjast gjaldþroti félaga (þskj. 330, 201. mál 128. löggjafarþings). Þar kemur m.a. fram að samkvæmt hlutafélagaskrá hafi alls 3.014 hlutafélög og einkahlutafélög orðið gjaldþrota á árunum 1992–2001. Af marktækum upplýsingum um 6.913 einstaklinga, sem sátu í stjórnum þessara félaga, sást að 228 þeirra sátu í stjórnum þriggja gjaldþrota félaga, 58 sátu í stjórnum fjögurra félaga og 45 í stjórnum fimm félaga eða fleiri. Heildarfjöldi þessara einstaklinga, sem sátu í stjórn þriggja eða fleiri gjaldþrota félaga, var 331, eða rösk 4% af heildarfjölda stjórnarmannanna. Af þeim höfðu 16 valið sér sama atvinnuveg fjórum sinnum eða oftar en 90 valið sér sama atvinnuveg þrisvar, þ.e. um þriðjungur þeirra sem höfðu setið í stjórn þriggja eða fleiri gjaldþrota hlutafélaga og einkahlutafélaga höfðu a.m.k. valið sér sama atvinnuveg þrisvar. Af þessum upplýsingum sést þó ekki hvort eða að hve miklu leyti kann að vera um um ólöglegt atferli að ræða. Refsidóma þyrfti til. Í svari við fyrirspurninni kemur einnig fram að verslun og ýmiss konar viðgerðarþjónusta sé sá atvinnuvegur sem flest gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga hafi fallið undir á þessum árum, 1992–2001, þ.e. ef miðað er við þau félög þar sem í stjórn sátu einstaklingar með þrjú eða fleiri gjaldþrot á baki. Næstflest gjaldþrot voru í flokknum Iðnaður og námugröftur.

5. *Tekur ráðherra undir sjónarmið Samtaka iðnaðarins um að ráðast þurfi í átak til að verjast kennitöluflakki og þær tillögur sem þau hafa sett fram þar að lútandi?*

Í fréttablaði Samtaka iðnaðarins, 11. og 12. tölublaði 2004, hefur verið vakin verðskulduð athygli á ýmsum vandamálum er tengjast kennitöluflakki og bent á ýmsar leiðir til úrbóta. Er það þakkarvert. Eins og bent hefur verið á hér að framan þurfa þó fleiri aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. samtök atvinnulífs og verkalýðsfélög, að kynna vandamálið betur og þó einkum þau úrræði sem eru fyrir hendi í sérstökum lagaákvæðum. Lykilatriði er að nýta þau lagaákvæði sem eru fyrir hendi. Ekki er hér tekin afstaða til einstakra leiða til lausnar sem Samtök iðnaðarins hafa bent á, enda heyra sumar þeirra undir önnur ráðuneyti, en þær geta almennt verið til bóta. Þannig nefna samtökin t.d. öflun upplýsinga í upphafi um kaupendur

vöru og þjónustu, jafnvel lánshæfisupplýsingar, og tillögu um samræmt ákvæði í útboðslýsingum (könnun viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda sé kennitala bjóðanda nýrri en fimm ára).

Það skal að lokum nefnt að ríkisskattstjóri (fyrirtækjaskrá) stendur að útgáfu kennitalna en viðskiptaráðuneytið og fleiri ráðuneyti halda utan um efnisreglur laga almennt eða á sérstökum sviðum.

767. Frumvarp til laga [503. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. *Opinber fjárfestingarráðgjöf:* Greining eða samantekt annarra upplýsinga sem fela í sér ráðleggingar um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggja til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varða einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og sem ætlaðar eru almenningi eða eru líklegar til að verða aðgengilegar almenningi, svo sem ef þeim er dreift til stórs hóps manna.
9. *Viðurkennd markaðsframkvæmd:* Framkvæmd sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð sem sett skal á grundvelli 73. gr.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist: sbr. þó ákvæði 16. gr.

3. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinatölur annarra greina samkvæmt því:

Opinber fjárfestingarráðgjöf og birting tölfræðiupplýsinga.

Hver sá sem setur fram eða birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf skal gæta þess að slíkar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og uppfylli skilyrði reglna sem Fjármálaeftirlitið skal setja á grundvelli 73. gr. Þá skal tilgreina hagsmuni eða hugsanlega hagsmunaárekstra viðkomandi aðila vegna þeirra fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða.

Opinberir aðilar sem miðla tölfræðilegum upplýsingum, sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðunum, skulu miðla þeim af sanngirni og á gagnsæjan hátt.

4. gr.

IV. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Útboð og skráning verðbréfa,** orðast svo og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (20. gr.)

Gildissvið kaflans.

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða og skráningar verðbréfa.

Ákvæði kafla þessa eiga ekki við um:

1. sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirframkunngerðri fjárfestingarstefnu og gefa út hlutdeildarskírteini eða hluti sem eru innleysanlegir að kröfu eigenda af eignum sjóðsins,
2. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, héraðs- eða sveitarstjórnum, alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri ríkjanna eiga aðild að, af Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum ríkjanna,
3. seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu,
4. verðbréf með skilyrðislausri og óafturkallanlegri ábyrgð ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, héraðs- eða sveitarstjórna,
5. verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna,
6. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum svo fremi sem þessi verðbréf:
   a. eru ekki víkjanleg, breytanleg eða skiptanleg,
   b. fela ekki í sér rétt til áskriftar eða rétt til að öðlast aðrar tegundir verðbréfa og eru ekki tengd afleiðum,
   c. fela í sér að réttur stofnist til endurgreiðslu,
   d. falla undir lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta,
7. útboð verðbréfa undir 210 millj. kr., sbr. þó 73. gr. laga þessara; fjárhæð útboðsins skal miðuð við 12 mánaða tímabil,
8. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru gefin út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum, og heildarfjárhæð útboðs er lægri en 4,2 milljarðar króna, miðað við 12 mánaða tímabil, svo fremi sem þessi verðbréf:
   a. eru ekki víkjanleg, breytanleg eða skiptanleg,
   b. fela ekki í sér rétt til áskriftar eða rétt til að öðlast aðrar tegundir verðbréfa og eru ekki tengd afleiðum.

Útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, sem fellur undir ákvæði 2., 4., 6. eða 7. tölul. 2. mgr., er heimilt að útbúa lýsingu í samræmi við þennan kafla.

Fjárhæðir í þessum kafla eru bundnar við gengi evru (EUR) miðað við gengi hennar 4. janúar 2005 (83,54 kr.).

b. (21. gr.)

Orðskýringar.

1. *Almennt útboð:* Með almennu útboði verðbréfa er átt við hvers konar boð til almennings um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er. Í boðinu skulu koma fram fullnægjandi upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að gera fjárfesti kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Hér falla einnig undir verðbréf sem sett eru á markað fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.
2. *Lýsing:* Lýsing er samheiti yfir skjal eða skjöl sem gefa þarf út vegna almenns útboðs verðbréfa eða skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

3. *Grunnlýsing:* Lýsing sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf sem boðin eru almenningi eða ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað skv. 2. tölul.
4. *Útgefandalýsing:* Sá hluti lýsingar, þegar lýsing er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, sem veitir upplýsingar um útgefandann.
5. *Verðbréfalýsing:* Sá hluti lýsingar, þegar lýsing er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, sem veitir upplýsingar um verðbréfin sjálf.
6. *Samantekt:* Sá hluti lýsingar sem veitir upplýsingar um megineinkenni og áhættur sem tengd eru útgefanda, umsjónaraðila og verðbréfunum sjálfum. Samantektin skal sett fram í stuttu máli og með skýrum hætti.
7. *Hlutabréfatengd verðbréf:* Hlutabréf og önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum í félögum ásamt hvers kyns öðrum tegundum framseljanlegra verðbréfa sem veita rétt til að eignast einhver hinna framangreindu verðbréfa með því að breyta þeim eða nýta þann rétt sem þau veita, að því tilskildu að verðbréf af síðarnefndu tegundinni séu gefin út af útgefanda hinna undirliggjandi hlutabréfa eða aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans.
8. *Útboðsáætlun:* Áætlun sem mundi heimila útgáfu verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. áskriftarréttinda í hvaða formi sem er, af svipaðri gerð og/eða í svipuðum flokki, samfellt eða með endurteknum hætti á tilteknu útgáfutímabili.

c. (22. gr.)

Skilyrði almenns útboðs og skráningar verðbréfa.

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara.

Skráning verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað er háð útgáfu lýsingar í samræmi við ákvæði laga þessara.

d. (23. gr.)

Upplýsingar í lýsingu.

Lýsing skal innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Auk upplýsinga um útgefandann og verðbréfin skal lýsing innihalda stutta og greinargóða samantekt sem lýsir grundvallareinkennum og áhættu hvað varðar útgefandann, ábyrgðaraðila, ef við á, og verðbréfin sjálf.

Þegar um er að ræða lýsingu á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd, vegna skráningar á skipulegan verðbréfamarkað, og verðbréfin eru í einingum sem nema að lágmarki 4,2 millj. kr. er ekki skylda að útbúa samantekt.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu samkvæmt lögum þessum ef það telur:

a. að birting slíkra upplýsinga mundi stríða gegn almannahagsmunum,
b. að birting slíkra upplýsinga væri verulega skaðleg fyrir útgefandann, að því tilskildu að ekki sé líklegt að sú staðreynd að upplýsingunum sé sleppt villi um fyrir almenningi að því er varðar nauðsynlegar staðreyndir og aðstæður til að hægt sé að meta, á grundvelli upplýsinganna, útgefandann, tilboðsgjafann eða ábyrgðaraðilann, ef einhver er, og réttindin sem fylgja verðbréfunum sem lýsingin varðar,

c. að slíkar upplýsingar séu léttvægar fyrir tiltekið útboð eða skráningu á skipulegan markað og ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á mat á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur útgefanda, tilboðsgjafa eða ábyrgðaraðila, ef einhver er.

Heimilt er að birta lýsingu annaðhvort sem eitt skjal eða sem þrjú aðskilin skjöl. Lýsing sem samanstendur af þremur skjölum skiptist í:

1. útgefandalýsingu,
2. verðbréfalýsingu,
3. samantekt.

Í eftirfarandi tilvikum getur útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað útbúið grunnlýsingu:

a. þegar um er að ræða verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd og gefin eru út sem hluti af útboðsáætlun, þ.m.t. áskriftarréttindi í hvaða formi sem er,
b. þegar verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd eru gefin út með samfelldum og endurteknum hætti af lánastofnunum og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
   i. andvirði útgáfu verðbréfanna er samkvæmt landslögum bundið í eignum sem veita nægjanlega tryggingu fram að gjalddaga vegna skuldbindinga samkvæmt verðbréfunum,
   ii. andvirði bréfanna er fyrst og fremst ætlað að greiða upp gjaldfallinn höfuðstól og vexti ef fjármálafyrirtæki verður ógjaldfært, sbr. þó XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Gefinn skal út viðauki við grunnlýsingu ef nauðsynlegt þykir, sbr. ákvæði 24. gr. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem boðin eru almenningi eða ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað.

Ef endanlegir skilmálar útboðs koma ekki fram í grunnlýsingu eða viðauka við hana skulu þeir látnir fjárfestum í té og skráðir hjá Fjármálaeftirlitinu við hvert almennt útboð. Skal þetta gert eins fljótt og auðið er og, ef hægt er, áður en útboð hefst.

e. (24. gr.)

Viðauki við lýsingu.

Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest, sbr. 30. gr., og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

Fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur skulu hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

f. (25. gr.)

Gildistími lýsingar, grunnlýsingar og útgefandalýsingar.

Lýsing skal vera gild í 12 mánuði frá opinberri birtingu að því er varðar almennt útboð eða skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, að því tilskildu að við lýsinguna sé bætt þeim viðbótarupplýsingum sem krafist er skv. 24. gr.

Ef um er að ræða útboðsáætlun skal grunnlýsing, sem hefur verið skráð hjá Fjármálaeftirlitinu, vera í gildi í allt að 12 mánuði.

Ef um er að ræða verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd, sem um getur í b-lið 6. mgr. 23. gr., skal lýsingin vera í gildi þar til hætt er að gefa út viðkomandi verðbréf samfellt eða með endurteknum hætti.

Útgefandalýsing eins og um getur í 5. mgr. 23. gr., sem áður hefur verið skráð hjá Fjármálaeftirlitinu, skal vera í gildi í allt að 12 mánuði, að því tilskildu að hún hafi verið uppfærð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 26. gr. Útgefandalýsing ásamt verðbréfalýsingu, uppfærð í samræmi við 27. gr., ef við á, og samantekt teljast vera gild lýsing.

g. (26. gr.)

Árleg upplýsingagjöf.

Útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað skulu a.m.k. árlega útbúa skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum á Evrópska efnahagssvæðinu og í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við skuldbindingar útgefandans samkvæmt lögum og reglum um verðbréf, útgefendur verðbréfa og verðbréfamarkað. Skjalið skal sent Fjármálaeftirlitinu í kjölfar birtingar ársreiknings, til skráningar. Ef vísað er til upplýsinga í skjalinu skal tilgreina hvar hægt sé að nálgast þær.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við þegar um er að ræða útgefendur verðbréfa sem eru ekki hlutabréfatengd, í einingum sem nema að minnsta kosti 4,2 millj. kr.

h. (27. gr.)

Lýsing samsett úr þremur skjölum.

Útgefandi, sem hefur þegar undir höndum útgefandalýsingu sem lögbært yfirvald á Evrópska efnahagssvæðinu hefur staðfest, þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og samantekt þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Í því tilviki skulu upplýsingar, sem að öllu jöfnu væru gefnar í útgefandalýsingu, koma fram í verðbréfalýsingunni ef verulegar breytingar eða nýleg þróun hefur átt sér stað sem kynni að hafa áhrif á mat fjárfesta síðan síðasta uppfærsla útgefandalýsingar var staðfest, eða viðauki við hana, sbr. 24. gr. Verðbréfalýsingin og samantektin skulu staðfestar hvor í sínu lagi.

Hafi útgefandi einungis lagt inn óstaðfesta útgefandalýsingu skulu öll gögnin, þ.m.t. uppfærðar upplýsingar, vera háð staðfestingu.

i. (28. gr.)

Undanþága frá gerð lýsinga.

Undanþegin ákvæðum 22. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. verðbréf eru eingöngu boðin fagfjárfestum,
   b. verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila enda séu ekki fleiri en 100 aðilar í hópnum sem ekki teljast fagfjárfestar,
   c. hver fjárfestir reiðir af hendi a.m.k. 4,2 millj. kr. til kaupa á verðbréfunum í hverju útboði,
   d. verðbréfin sem gefin eru út eru að nafnverði a.m.k. 4,2 millj. kr.,
   e. áætlað heildarsöluverð verðbréfanna er undir 8,4 millj. kr.

   Ef verðbréf eru seld fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis og undanþáguákvæði a–e-liðar þessa töluliðar eiga ekki við skal birta útboðslýsingu.

2. Útboð verðbréfa af eftirfarandi gerðum:
   a. hlutir ef þeir eru gefnir út í staðinn fyrir áður útgefna hluti í sama flokki hafi útgáfa hinna nýju hluta ekki í för með sér hækkun á útgefnu hlutafé,
   b. verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   c. verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna fyrirtækja að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   d. hlutir sem boðnir eru, er úthlutað eða verður úthlutað til núverandi hluthafa án endurgjalds og arðgreiðslur í formi hluta að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og þeir hlutir sem arðgreiðslurnar stafa af; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,
   e. verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna; útgefandi verðbréfanna skal þegar hafa skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft.
3. Skráning verðbréfa af eftirfarandi gerðum:
   a. hlutir sem nema minna en 10% af fjölda hluta sama flokks sem þegar er skráður á skipulegum verðbréfamarkaði, miðað við 12 mánaða tímabil,
   b. hlutir ef þeir eru gefnir út í staðinn fyrir áður útgefna hluti í sama flokki, sem þegar eru skráðir á sama skipulega verðbréfamarkaði, hafi útgáfa hinna nýju hluta ekki í för með sér hækkun á útgefnu hlutafé,
   c. verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   d. verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna fyrirtækja að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   e. hlutir sem boðnir eru, er úthlutað eða verður úthlutað til núverandi hluthafa án endurgjalds og arðgreiðslur í formi hluta að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og þeir hlutir sem arðgreiðslurnar stafa af og skráðir eru á sama skipulega verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,
   f. verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi með upplýsingum um fjölda og eðli hlutanna ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um það,
   g. hlutir sem gefnir eru út við skiptingu á breytanlegum eða skiptanlegum verðbréfum eða vegna nýtingar áskriftarréttinda á öðrum verðbréfum að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og skráðir á sama skipulega verðbréfamarkaði og áður útgefnir hlutir,
   h. verðbréf sem þegar eru skráð á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. verðbréfin eða verðbréf í sama flokki hafa verið skráð í að minnsta kosti 18 mánuði á skipulegum verðbréfamarkaði,
ii. þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eftir gildistöku þessara laga skal staðfest skráningarlýsing hafa verið birt í samræmi við reglugerð þess efnis, sbr. 73. gr.,
iii. þegar ii-liður á ekki við en verðbréf hafa verið skráð eftir 30. júní 1983 skal staðfest skráningarlýsing hafa legið fyrir í samræmi við þágildandi reglur,
iv. viðvarandi upplýsingaskyldu á skipulegum verðbréfamarkaði hefur verið fullnægt,
v. aðili sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, samkvæmt þessari undanþágu, gerir ágrip sem er aðgengilegt almenningi,
vi. ágripið sem vísað er til í v. lið er gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti sem lýst er í reglugerð um lýsingar,
vii. ágripið uppfyllir tilskilin skilyrði um efni og innihald samantektar samkvæmt lögum þessum og ákvæðum reglugerðar um lýsingar; í ágripinu skal enn fremur koma fram hvar hægt er að nálgast nýjustu lýsingu vegna verðbréfanna og fjárhagsupplýsingar þær sem útgefandi hefur birt í samræmi við viðvarandi upplýsingaskyldu.

j. (29. gr.)

Sölutrygging.

Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrirframákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér sölutryggingu í tengslum við almennt útboð og skal þá litið svo á að það ábyrgist einungis að fullnægjandi áskrift fáist til að útboðið takist, nema um annað sé sérstaklega samið.

k. (30. gr.)

Umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingum.

Fjármálafyrirtæki sem til þess hefur heimild samkvæmt starfsleyfi sínu skal hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa og skráningu á opinberan verðbréfamarkað.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með staðfestingu á lýsingum. Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á lýsingum, sbr. 2. mgr. 71. gr. Í samningi þessum skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra.

Þóknun fyrir staðfestingu á lýsingum skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

5. gr.

VI. kafli laganna orðast svo og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (36. gr.)

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

b. (37. gr.)

Tilboðsskylda.

Hafi aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá aðili eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái yfirráðum í félagi, eða um að koma í veg fyrir að yfirtaka nái fram að ganga, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn þeirra og lögaðilar undir þeirra yfirráðum.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
3. Félög sem aðilar skv. 1., 2. og 4. tölul. eiga með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. ⅓ hluta atkvæðisréttar í öðru félagi.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess, félags og framkvæmdastjóra þess og lögaðila undir þeirra yfirráðum.

Tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvílir á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. er náð.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá tilboðsskyldu skv. 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Fjármálaeftirlitið getur sett skilyrði fyrir undanþágunni, t.d. varðandi frest sem viðkomandi hefur til að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk og meðferð atkvæðisréttar á því tímabili.

Tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla.

c. (38. gr.)

Valfrjáls tilboð.

Ákvæði þessa kafla gilda einnig fyrir valfrjáls tilboð um kaup á hlutum í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði. Með valfrjálsu tilboði er átt við tilboð sem beint er til allra hluthafa viðkomandi félags, án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða skv. 1. mgr. 37. gr.

Tilboðsgjafi sem gerir valfrjálst tilboð skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla.

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki einungis til hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar viðkomandi félags, að því tilskildu að tilboðið hafi ekki í för með sér að tilboðsskylda stofnist skv. 37. gr. Við takmarkað tilboð sam-

kvæmt þessari málsgrein skal gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðisréttar kost á að afhenda hlutabréf sín eða atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína eða atkvæðisrétt.

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að setja skilyrði fyrir því að hann standi við tilboðið.

Ef tilboðsgjafi hefur náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa í viðkomandi félagi ber viðkomandi aðila ekki skylda til að gera yfirtökutilboð í samræmi við 37. gr.

d. (39. gr.)

Tilkynning um tilboð.

Tilboðsgjafi skal tilkynna viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði um ákvörðun um tilboð án tafar. Skipulegur verðbréfamarkaður skal birta tilkynningu tilboðsgjafa opinberlega. Jafnframt skal tilboð kynnt fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.

e. (40. gr.)

Skilmálar tilboðs.

Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála.

Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skv. 37. gr. skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Nú hefur tilboðsgjafi eða aðili sem hann er í samstarfi við greitt hærra verð en skv. 2. mgr. á tilboðstímabili og skal hann þá breyta yfirtökutilboði og bjóða það verð. Ef tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greiða hærra verð eða bjóða betri kjör fyrir hluti í viðkomandi félagi næstu sex mánuði eftir lok tilboðstímabils skal greiða þeim hluthöfum sem tekið höfðu upphaflega tilboðinu viðbótargreiðslu sem samsvarar þeim mismun.

Í yfirtökutilboði skal tilboðsgjafi bjóða öðrum hluthöfum í viðkomandi félagi greiðslu í formi reiðufjár, hluta sem bera atkvæðisrétt eða hvorutveggja. Ef tilboðsgjafi býður ekki seljanlega hluti sem skráðir eru á skipulegan verðbréfamarkað sem greiðslu skal reiðufé einnig boðið fram sem valkostur. Sama gildir hafi tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greitt fyrir a.m.k. 5% hlutafjár félagsins með reiðufé síðustu sex mánuði áður en tilboðsskylda myndaðist og á tilboðstímabili.

Ef tilboðsgjafi hyggst greiða fyrir hluti með reiðufé skal lánastofnun með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu ábyrgjast þá greiðslu. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að samþykkja ábyrgð frá lánastofnunum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef greiðsla er með öðrum hætti skal tilboðsgjafi gera viðeigandi ráðstafanir til að reyna að tryggja að hægt verði að standa við tilboðið.

Gildistími yfirtökutilboðs skal hið skemmsta vera fjórar vikur, en tíu vikur hið lengsta. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja gildistíma tilboðs ef fyrir því eru gildar ástæður.

Uppgjör vegna yfirtekinna hluta skal fara fram eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími tilboðs rennur út.

Fjármálaeftirlitið getur breytt tilboðsverði, til hækkunar eða lækkunar, ef um sérstakar kringumstæður er að ræða og reglunni um jafnræði hluthafa í 1. mgr. er fylgt. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 4. og 7. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Allar ákvarðanir varðandi breytingar á tilboðsverði og undanþágur skulu vera rökstuddar og birtar opinberlega.

f. (41. gr.)

Skyldur stjórnar.

Stjórn félags sem tilboð tekur til skal hafa hagsmuni félagsins sjálfs að leiðarljósi í öllum gerðum sínum og má ekki neita hluthöfum félagsins um tækifæri til að taka ákvörðun um tilboðið.

Frá þeim tíma er ákvörðun um tilboð í hluti í félagi hefur verið gerð opinber eða stjórn félags er ljóst að tilboð sé væntanlegt og þar til niðurstöður tilboðs hafa verið gerðar opinberar er stjórn viðkomandi félags óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboðið nema að fengnu fyrirframsamþykki hluthafafundar. Hér er m.a. átt við ákvarðanir um:

1. útgáfu nýrra hluta eða fjármálagerninga í félaginu eða dótturfélögum þess,
2. kaup eða sölu eigin hlutabréfa eða hlutabréfa í dótturfélögum,
3. samruna félagsins eða dótturfélaga þess við önnur félög,
4. kaup eða sölu á eignum eða öðru sem haft getur umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess,
5. samninga sem falla ekki undir venjulega starfsemi félagsins,
6. umtalsverðar breytingar á starfskjörum stjórnenda,
7. aðrar ákvarðanir sem haft geta sambærileg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess.

Stjórn er þó heimilt að leita annarra tilboða án samþykkis hluthafafundar.

Hluthafafundur skal einnig staðfesta eða samþykkja aftur ákvarðanir sem teknar voru fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 2. mgr. ef þeim ákvörðunum hefur ekki enn verið framfylgt að hluta til eða öllu leyti og þær falla utan við venjulega starfsemi félagsins.

Stjórn félags sem tilboð tekur til skal semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess. Í greinargerðinni skal einnig fjallað um álit stjórnarinnar á framtíðaráformum tilboðsgjafa, og hvaða áhrif hún telji að tilboðið geti haft á hagsmuni félagsins, störf stjórnenda og starfsmanna þess, sem og staðsetningu starfsstöðva félags. Ef stjórninni berst tímanlega álit frá fulltrúum starfsmanna á því hvaða áhrif tilboðið hafi á störf starfsmanna fyrirtækisins ber stjórninni að láta það álit fylgja með greinargerð sinni.

Ef skiptar skoðanir eru um tilboð innan stjórnarinnar skal það koma fram í greinargerðinni. Ef stjórnarmenn eiga aðild að tilboði eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa eða hafa að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu tilboðs skal upplýst um það í greinargerð stjórnar. Stjórnarmenn sem aðild eiga að tilboði eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa eða hafa að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu tilboðs skulu ekki taka þátt í því að semja greinargerð stjórnar.

Ef stjórnarmenn, eða aðilar í samstarfi við þá skv. 37. gr., eru aðilar að tilboði eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um tilboð, og það leiðir til þess að stjórn sé ekki ályktunarhæf, skal stjórnin láta óháð fjármálafyrirtæki meta tilboðið og skilmála þess.

Greinargerð stjórnar skal birta opinberlega a.m.k. einni viku áður en gildistími tilboðs rennur út.

Ef tilboðsgjafi gerir breytingar á tilboði sínu skv. 44. gr. skal stjórn innan sjö daga frá því að breytt tilboð hefur verið gert opinbert semja og birta opinberlega, sbr. 52. gr., viðbót við greinargerð sína þar sem fram kemur álit stjórnarinnar á viðkomandi breytingum.

g. (42. gr.)

Um afturköllun tilboðs.

Tilboð sem gert hefur verið opinbert skv. 52. gr. er ekki hægt að afturkalla nema sérstök ófyrirsjáanleg atvik mæli með því.

Valfrjáls tilboð er þó unnt að afturkalla að fullnægðu einhverju eftirfarandi skilyrða:

1. fram kemur tilboð sem er sambærilegt eða hagstæðara en yfirtökutilboð,
2. skilyrði sem tilboðið er háð og tekið er fram í tilboðsyfirliti er ekki uppfyllt,
3. hlutafélag það sem yfirtakan beinist að eykur hlutafé sitt, eða
4. aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

Fjármálaeftirlitið skal samþykkja afturköllun tilboðs.

Afturköllun tilboðs skal birta opinberlega, sbr. 52. gr.

h. (43. gr.)

Ógilding tilboðs.

Tilboð fellur úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs.

Ef tilboð fellur úr gildi af fyrrgreindum orsökum er tilboðsgjafa og aðilum í samstarfi við hann ekki heimilt að setja fram nýtt tilboð eða fara yfir þau mörk sem tilboðsskylda miðast við skv. 37. gr. næstu 12 mánuði nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

i. (44. gr.)

Breytingar á tilboði.

Tilboðsgjafi getur hvenær sem er á tilboðstímabili gert breytingar á tilboði sínu ef breytingarnar hafa í för með sér hagstæðari skilmála fyrir aðra hluthafa. Ef breytingar eru gerðar á tilboði þegar minna en tvær vikur eru eftir af tilboðstímabili skal framlengja tímabilið þannig að það gildi í a.m.k. tvær vikur eftir að breytt tilboð hefur verið birt opinberlega.

Hluthöfum sem samþykkt höfðu fyrra tilboð skal gefinn kostur á velja á milli tilboða.

Breytingar á tilboði skal birta opinberlega, sbr. 52. gr.

j. (45. gr.)

Samkeppnistilboð.

Með samkeppnistilboði er átt við tilboð frá þriðja aðila sem gert er opinbert á gildistíma annars tilboðs.

Ef framkomið tilboð er ekki afturkallað eða því breytt í kjölfar samkeppnistilboðs skal gildistími þess framlengdur til samræmis við gildistíma samkeppnistilboðs.

Ef fram kemur samkeppnistilboð geta hluthafar sem samþykkt hafa skilyrt valfrjálst tilboð, sbr. 4. mgr. 38. gr., dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er á tilboðstímabilinu ef tilboðsgjafi hefur ekki tilkynnt opinberlega áður en tilkynnt var um fyrirhugað samkeppnistilboð að hann hafi fallið frá öllum skilyrðum sem sett voru í tilboðinu eða að öll skilyrði hafi verið uppfyllt.

k. (46. gr.)

Upplýsingar um niðurstöður tilboðs.

Tilboðsgjafi skal gera upplýsingar um niðurstöður tilboðs opinberar með tilkynningu til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstímabils.

Ef um valfrjálst tilboð er að ræða skal koma fram í tilkynningunni hvort skilyrði sem sett voru í tilboðinu hafi verið uppfyllt og, ef svo er ekki, hvort tilboðsgjafi hyggist engu síður standa við tilboð sitt eða afturkalla það. Ekki er hægt að afturkalla tilboð eftir þann tíma sem tilgreindur er í 1. mgr.

l. (47. gr.)

Innlausnarréttur tilboðsgjafa og hluthafa.

Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 37. gr. eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna. Skilmála fyrir innlausn skal greina í tilkynningunni. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð, nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. eigi við.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 37. gr. eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum. Ef hluthafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð, nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. eigi við.

Kostnaður við innlausn skal greiddur af tilboðsgjafa.

m. (48. gr.)

Úrræði ef ekki er gert tilboð.

Ef aðili sem er tilboðsskyldur skv. 37. gr. setur ekki fram tilboð innan tilboðsfrests eða innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið hefur úrskurðað um tilboðsskyldu vegna samstarfs getur Fjármálaeftirlitið fellt niður allan atkvæðisrétt viðkomandi aðila í félaginu. Skulu þeir hlutir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi félagi um brottfall atkvæðisréttarins. Er viðkomandi aðilum að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk, sbr. 37. gr. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera lengri en fjórar vikur. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig sett skilyrði varðandi nýtingu atkvæðisréttar tilboðsskylds aðila eða fellt niður atkvæðisréttindi hans fyrr en mælt er fyrir um í 1. mgr. ef fyrir því eru sérstakar ástæður.

6. gr.

37. gr. laganna, sem verður 51. gr., orðast svo:

Í tilboðsyfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang og kennitala hlutafélagsins sem tilboðið tekur til,
2. nafn, heimilisfang og rekstrarform ef tilboðsgjafi er félag, svo og yfirlit um þá einstak-

linga eða lögaðila sem væntanlega munu taka þátt í viðskiptunum ásamt tilboðsgjafa eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa skv. 37. gr.,
3. upplýsingar um hve mikinn atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 37. gr. hafa þegar öðlast beint eða óbeint eða tryggt sér með öðrum hætti, sem og áætlaðan atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafa eftir sölu, ef við á,
4. hámarks- og lágmarkshlutfall eða magn hluta sem tilboðsgjafi ætlar að eignast ef um valfrjálst tilboð er að ræða,
5. verð sem miðað er við í tilboðinu, hvernig það var ákvarðað og hvenær greiðsla fer fram; einnig skal upplýsa um það hvort einhver kostnaður falli á þá hluthafa sem samþykkja tilboð,
6. fjármögnun tilboðs,
7. upplýsingar um hvernig greiðsla skuli fara fram og, ef boðin eru fram hlutabréf, upplýsingar um þau hlutabréf og hvernig skiptin muni verða ákveðin,
8. á hvaða degi hlutir skulu afhentir og hvenær unnt er að beita atkvæðisrétti sem þeim fylgir,
9. önnur skilyrði sem tilboðið kann að vera háð, þ.m.t. undir hvaða kringumstæðum er unnt að afturkalla það,
10. gildistími tilboðs,
11. hvað tilboðsmóttakanda ber að gera til að samþykkja tilboðið,
12. samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, þ.m.t. áform um starfsemi, og hvernig skuli nota fjármuni félagsins, upplýsingar um áframhaldandi skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu, ef það á við; einnig skal fjallað um hugsanleg áhrif yfirtöku á störf stjórnenda og starfsmanna félaganna og starfsskilyrði þeirra, sem og á staðsetningu starfsstöðva félaganna; ef tilboðsgjafi er félag og tilboðið hefur áhrif á það skal einnig birta sambærilega samantekt fyrir það félag,
13. upplýsingar um væntanlega samninga við aðra um að nýta atkvæðisrétt í félaginu, svo framarlega sem tilboðsgjafi á aðild að slíkum samningi eða honum er kunnugt um hann,
14. upplýsingar um hvers konar hlunnindi og greiðslur frá tilboðsgjafa og samstarfsaðilum hans til stjórnarmanna og stjórnenda þess félags sem tilboð tekur til,
15. upplýsingar um þau lög sem gilda varðandi samninga milli tilboðsgjafa og hluthafa vegna tilboðs og um lögbæra dómstóla,
16. aðrar upplýsingar sem máli kunna að skipta.

Tilboðsyfirlit skal staðfest af Fjármálaeftirlitinu áður en það er birt opinberlega skv. 52. gr. Ef umtalsverðar breytingar verða á upplýsingum í tilboðsyfirliti eftir að það hefur verið birt opinberlega eða ef í ljós kemur að tilboðsyfirlit uppfyllir ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan sjö daga.

Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á tilboðsyfirliti, sbr. 71. gr. Í samningi þessum skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra. Þóknun fyrir athugun og staðfestingu á tilboðsyfirliti skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.

7. gr.

38. gr. laganna, sem verður 52. gr., orðast svo:

Birta skal auglýsingu opinberlega um tilboðsyfirlit í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin

eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum áður en tilboð tekur gildi, enda liggi fyrir staðfesting Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 51. gr. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar nálgast má tilboðsyfirlit. Samhliða skal nafnskráðum hluthöfum í félagi, sem tilboð tekur til, sent tilboðsyfirlitið á kostnað tilboðsgjafa. Tilboðsyfirlit skal einnig kynna fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna er verður 53. gr.:

a. 1. tölul. orðast svo: verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og.
b. 2. tölul. orðast svo: fjármálagerningar sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum skv. 1. tölul.
c. Við ákvæðið bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 55. gr. eiga ekki við þegar um er að ræða:

1. viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett skal á grundvelli 73. gr.,
2. viðskipti ríkja eða seðlabanka innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu þessara aðila í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

9. gr.

Í stað orðanna „tiltekna fjármálagerninga“ í 1. mgr. 40. gr. laganna, er verður 54. gr., kemur: tiltekin verðbréf.

10. gr.

41. gr. laganna, er verður 55. gr., orðast svo:

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við:

1. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem:
   a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
   b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti viðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.
2. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku.
3. Að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi. Þegar fjölmiðlamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta slíka upplýsingamiðlun með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

Fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við 1. mgr.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um brot gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingarnar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna er verður 56. gr.:

a. 1. tölul. orðast svo: verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og.
b. 2. tölul. orðast svo: fjármálagerningar sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum skv. 1. tölul.
c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 60. gr. eiga ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlunum eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli 73. gr. Önnur ákvæði kafla þessa skulu gilda eftir atvikum.

12. gr.

Í stað 43. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögn, er verða 57. gr. og 58. gr., og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

a. (57. gr.)

Innherjaupplýsingar.

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er skv. 73. gr. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðnum með opinberum og viðurkenndum hætti.

b. (58. gr.)

Innherji.

Með innherja er átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa,
2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

13. gr.

Á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, sem verður 59. gr., svohljóðandi, og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

Upplýsingaskylda, frestun upplýsingaskyldu og lögmæt miðlun innherjaupplýsinga.

Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði, ber að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans eru skráð. Skipulegur verðbréfamarkaður skal miðla upplýsingum skv. 1. málsl. í upplýsingakerfi sínu, og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.

Þegar innherjaupplýsingum hefur verið miðlað með opinberum hætti samkvæmt þessari grein skal viðkomandi útgefandi birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni.

Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar eins og kveðið er á um í reglugerð sem setja skal skv. 73. gr.

Nýti útgefandi heimild til frestunar skv. 3. mgr. er honum, eða aðila í umboði hans, aðeins heimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té, enda sé það gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og móttakandi upplýsinganna er bundinn trúnaði um þær, svo sem samkvæmt lögum, reglugerð eða samningi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna er verður 60. gr.:

a. Á eftir orðunum „ráðstafa fjármálagerningum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: með beinum eða óbeinum hætti.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar er orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til:

1. lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans,
2. aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. á ekki við um:

1. viðskipti innherja þar sem fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingar,
2. viðskipti þar sem fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun, pöntun eða miðlun fjármálagerninga eða þar sem framfylgt er með venjubundnum hætti samningsbundinni skyldu um viðskiptavaka í samræmi við ákvæði VIII. kafla.

15. gr.

2. mgr. 45. gr. laganna, er verður 61. gr., orðast svo:

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins, en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsné skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptamann

eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

16. gr.

Í stað orðanna „skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim“ í 3. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna, sem verður 63. gr., kemur: Fjármálaeftirlitsins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna sem verður 64. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Auk tilkynninga um viðskipti innherja skv. 63. gr. ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim. Viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður skal birta upplýsingarnar opinberlega, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Með stjórnendum í lögum þessum er átt við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá útgefanda og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefandans. Hið sama á við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum.

c. Í stað orðsins „fruminnherja“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: stjórnenda.

18. gr.

Fyrirsögn 50. gr. laganna, sem verður 66. gr., orðast svo: *Tilkynning um réttarstöðu innherja.*

19. gr.

51. gr. laganna, er verður 67. gr., orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

Stjórn útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 73. gr., um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sé fylgt. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með að framangreindum reglum sé framfylgt innan útgefandans og ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja eftir því sem við getur átt.

20. gr.

X. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Eftirlit og reglugerðir,** orðast svo og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (68. gr.)

Almennt eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um heimildir þess fer samkvæmt ákvæðum kafla þessa og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í tengslum við athugun tiltekins máls er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboð og veitt frest til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt dagsektir eða févíti á þá sem tengjast almennu útboði samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um viðskiptavaka getur það veitt viðskiptavaka viðvörun eða áminningu eða birt opinberlega tilkynningu um vanefndir hans.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga skv. 16. gr. og IX. kafla laga þessara er því heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að almenningur sé réttilega upplýstur.

Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, þar á meðal þær eftirlitsheimildir og úrræði sem fram koma í 9.–11. gr. laganna.

b. (69. gr.)

Eftirlit með innherjasvikum og markaðsmisnotkun.

Til viðbótar við almennar eftirlitsheimildir skv. 68. gr. skal Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar við eftirlit með ákvæðum VIII. og IX. kafla.

Síma- eða fjarskiptafyrirtæki er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki enda liggi fyrir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda. Ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis liggur ekki fyrir er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefjast fyrir dómi aðgangs að gögnum skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtæki. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 87. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, að undanskildum b-lið 2. mgr. 87. gr. sem á ekki við um aðgerð samkvæmt þessari málsgrein.

Telji Fjármálaeftirlitið háttsemi andstæða ákvæðum laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun getur stofnunin krafist þess að háttseminni verði hætt þegar í stað. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að atvinnustarfsemi verði stöðvuð tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem talin er andstæð ákvæðum laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Þá getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að skipulegur verðbréfamarkaður stöðvi tímabundið viðskipti með fjármálagerninga við meðferð þess í tilteknu máli.

Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 85. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, eftir því sem við getur átt.

c. (70. gr.)

Eftirlit með almennu útboði og lýsingum.

Um eftirlit með almennu útboði og lýsingum og heimildir til framsals fer skv. 1.–3. mgr. 68. gr.

Eftir að Fjármálaeftirlitið hefur tekið við umsókn um staðfestingu á lýsingu er því heimilt:

1. að krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um skráningu á skipulegan verðbréfamarkað birti viðbótarupplýsingar í lýsingu, ef þörf er á, í því skyni að vernda fjárfesta,
2. að krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um skráningu á skipulegan verðbréfamarkað og aðilar sem þeir hafa yfirráð yfir eða ráða yfir þeim leggi fram upplýsingar og skjöl,
3. að krefjast þess að endurskoðendur og stjórnendur viðkomandi útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, sem og umsjónaraðilar útboðs eða skráningar á skipulegan verðbréfamarkað, leggi fram upplýsingar,
4. að fresta almennu útboði eða skráningu á skipulegan verðbréfamarkað í samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við IV. kafla,
5. að banna auglýsingar eða fresta birtingu þeirra í samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við IV. kafla,
6. að banna almennt útboð ef brotið hefur verið gegn ákvæðum IV. kafla,
7. að fresta eða fara fram á það við viðkomandi skipulega markaði að þeir fresti viðskiptum um samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði IV. kafla,
8. að banna viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði ef það telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla,
9. að tilkynna opinberlega að útgefandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. IV. kafla.

Þegar verðbréf hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað er Fjármálaeftirlitinu jafnframt heimilt:

1. að krefjast þess að útgefandi birti allar upplýsingar sem kynnu að hafa áhrif á mat á verðbréfum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, í því skyni að tryggja vernd fjárfesta og eðlilega starfsemi markaðarins,
2. að stöðva eða óska eftir því við viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað að viðskiptin verði stöðvuð tímabundið eða ótímabundið eftir atvikum, ef eftirlitið telur að aðstæður útgefandans séu þannig að viðskiptin mundu skaða hagsmuni fjárfesta,
3. að láta fara fram athugun hjá útgefanda innan lögráðasvæðis síns til að sannreyna hvort farið sé eftir ákvæðum IV. kafla.

d. (71. gr.)

Eftirlit skipulegs verðbréfamarkaðar.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fela skipulegum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni samkvæmt lögum þessum. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita skipulegum verðbréfamarkaði upplýsingar er varða slík eftirlitsverkefni. Skipulegum verðbréfamarkaði er heimilt að afla upplýsinga hjá aðilum viðkomandi markaðar vegna eftirlitsverkefna sem honum eru falin samkvæmt þessari málsgrein. Heimild til gjaldtöku vegna einstakra verkefna sem Fjármálaeftirlitinu er veitt í lögum þessum á við um skipulegan verðbréfamarkað hafi honum verið falin viðkomandi verkefni.

Gera skal grein fyrir eftirliti skv. 1. mgr. í yfirlýsingu undirritaðri af Fjármálaeftirlitinu og skipulegum verðbréfamarkaði. Yfirlýsingin skal birt opinberlega. Í yfirlýsingunni skal kveðið á um forsendur eftirlits sem skipulegur verðbréfamarkaður sinnir, framkvæmd þess og verkaskipti Fjármálaeftirlitsins og hins skipulega verðbréfamarkaðar. Einnig skal kveðið á um fyrirkomulag upplýsingamiðlunar skv. 1. mgr.

e. (72. gr.)

Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laga þessara, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

f. (73. gr.)

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð skulu m.a. koma fram ákvæði um:

1. skilgreiningu á fagfjárfestum,
2. skyldu eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni,
3. útboð og skráningu verðbréfa þar sem verði kveðið á um aðdraganda að lýsingu,
4. útboðstímabil,
5. efni og upplýsingar sem fram eiga að koma í lýsingu,
6. upplýsingar sem felldar eru inn í lýsingu með tilvísun,
7. staðfestingu lýsingar,
8. tilhögun við birtingu lýsingar,
9. viðvarandi upplýsingaskyldu,
10. heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu eða birtingu lýsingar í heild,
11. auglýsingar á útboðum og skráningu verðbréfa,
12. viðauka og staðfestingu lýsingar,
13. tungumál sem notuð eru í lýsingum,
14. skilgreiningu á heimaríki í skilningi IV. kafla laganna,
15. útboð verðbréfa í þeim tilvikum þegar verðmæti þeirra er á bilinu 8,4 til 210 millj. kr.

Að öðru leyti er ráðherra heimilt að setja ákvæði í reglugerð sem samræmast ákvæðum tilskipunar 2003/71/EBE um útboðs- og skráningarlýsingar og undirgerð hennar.

Þá skal ráðherra setja reglugerð um nánari skilgreiningar á:

1. innherjaupplýsingum,
2. innherjaupplýsingum þegar um er að ræða hrávöruafleiður,
3. markaðsmisnotkun,
4. formi og efni opinberrar birtingar innherjaupplýsinga,
5. lögmætum hagsmunum til frestunar opinberrar birtingar innherjaupplýsinga,
6. viðurkenndri markaðsframkvæmd,
7. tilkynningum fjármálafyrirtækja eða starfsmanna þeirra um grun um brot, sbr. 3. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 61. gr.,

8. undanþágum frá ákvæðum um markaðsmisnotkun og innherjasvik vegna endurkaupaáætlana og verðjöfnunar.

Ráðherra er einnig heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um:

1. upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið fjármálagerninga sína skráða í fleiri en einni kauphöll,
2. safnskráningu, m.a. um sviptingu heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning skv. 1. mgr. 11. gr. og auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda á safnreikningi.

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um:

1. opinbera fjárfestingarráðgjöf, þar á meðal um óhlutdræga framsetningu ráðgjafar og birtingu, tilgreiningu á þeim sem setur fjárfestingarráðgjöfina fram eða gerir hana opinbera og hagsmunum og hagsmunaárekstrum og skilgreiningu hugtaksins greining,
2. meðferð innherjaupplýsinga, þ.m.t. með hvaða hætti komið skuli í veg fyrir að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra er þarfnast þeirra vegna starfa sinna,
3. viðskipti innherja, þ.m.t. hvernig rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 62. gr. skuli háttað,
4. hlutverk og stöðu regluvarðar, sbr. 67. gr.,
5. skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglna skv. 67. gr.,
6. skilgreiningu fjárhagslega tengdra aðila,
7. innherjalista,
8. tilkynningar um viðskipti fruminnherja, stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila.

21. gr.

Í stað orðanna „47.–51. gr.“ í 1. mgr. 54. gr. laganna, er verður 74. gr., kemur: 59. og 63.–67. gr.

22. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna, sem verður 75. gr., orðast svo:

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. flöggunarskyldu skv. 32. gr.,
2. tilboðsskyldu skv. 37. gr.,
3. tilboðsyfirlit skv. 6. mgr. 37. gr. og VII. kafla,
4. skyldur stjórnar skv. 41. gr. og
5. innherjaviðskipti skv. 63.–67. gr.

23. gr.

Við 59. gr. laganna, sem verður 79. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þá taka ákvæði laga þessara upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/6/EB um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik), tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/124/EB um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun, tilskipunar nr. 2003/125/EB um framsetningu og birtingu greininga og hvernig ráðleggingum um fjárfestingu í verðbréfum skuli hagað, ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaárekstra, tilskipunar nr. 2004/72/EB um viðurkennda markaðsframkvæmd, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við hrávöruafleiður, samningu innherjalista, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti, reglugerðar nr. 2273/2003/EB um

undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð og tilskipunar ráðsins nr. 2003/71/EBE um útboðs- og skráningarlýsingar sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005 að undanskilinni 4. gr. og c-lið 20. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2006.

Hinn 1. janúar 2006 fellur jafnframt úr gildi IV. kafli laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

25. gr.

Við gildistöku laga þessara kemur ný grein á eftir 25. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum, 25. gr. a, svohljóðandi:

Félög sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skulu í ársskýrslu sinni birta nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. uppbyggingu hlutafjár, þar á meðal hluti sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði, mismunandi hlutaflokka og réttindi og skyldur tengdar þeim, sem og hlutfall þeirra af heildarhlutafé,
2. allar takmarkanir á framsali hluta, t.d. takmarkanir varðandi hlutafjáreign einstakra aðila eða ef samþykki félagsins eða annarra hluthafa þarf fyrir framsali,
3. verulega beina eða óbeina hlutafjáreign, þar á meðal óbeina eign í gegnum önnur félög eða gagnkvæma hlutafjáreign félaga,
4. eigendur hluta með sérstök stjórnunarréttindi og lýsingu á þeim réttindum,
5. helstu ákvæði kaupréttaráætlana starfsmanna,
6. allar takmarkanir varðandi atkvæðisrétt, t.d. takmarkanir á atkvæðisrétti hluthafa sem eiga ákveðið hlutfall eða fjölda atkvæða, frest til að nýta atkvæðisrétt eða ef fjárhagsleg réttindi tengd hlutum eru ekki tengd eignarhaldi þeirra,
7. alla samninga milli hluthafa sem félaginu er kunnugt um og geta haft í för með sér takmarkanir varðandi framsal og/eða atkvæðarétt,
8. reglur varðandi tilnefningar og endurnýjun stjórnarmanna og breytingar á samþykktum félags,
9. sérstakar heimildir stjórnar, þar á meðal heimildir til að gefa út nýja hluti eða kaupa eigin hluti,
10. samninga sem félagið er aðili að og taka gildi, breytast eða falla úr gildi ef breytingar verða á stjórnun eða yfirráðum í félagi í kjölfar yfirtökutilboðs og áhrif þess á félagið, nema um sé að ræða upplýsingar sem haft geta skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða hafa óveruleg áhrif á starfsemi félagsins; þær undantekningar eiga þó ekki við ef um er að ræða upplýsingar sem félagi er skylt að birta á grundvelli laga,
11. samninga félagsins við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs.

Stjórn félags sem skráð hefur einn eða fleiri hlutabréfaflokka á skipulegum verðbréfamarkaði skal á aðalfundi hvert ár kynna greinargerð með skýringum varðandi þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú fer aðili með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. 37. gr. laganna og er hann þá ekki tilboðsskyldur við gildistöku laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

a. Innleiðing tilskipana.

Með frumvarpi þessu eru innleiddar þrjár tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssvik, útboðs- og skráningarlýsingar og yfirtökur og undirtilskipanir framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar. Tilskipanir um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar eru innleiddar að hluta en gert er ráð fyrir að í reglugerðum og reglum Fjármálaeftirlitsins verði tilskipanirnar innleiddar að fullu. Nánar er fjallað um efni tilskipananna og innleiðingu þeirra hér á eftir.

Tilskipanirnar þrjár sem verið er að innleiða með þessu frumvarpi eru hluti af sérstakri aðgerðaráætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar (e. Financial Services – Implementing the Framework for Financial Services: Action Plan). Markmiðið er að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu. Lögð er áhersla á styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirlit og öflugri neytendavernd.

Á árinu 2004 störfuðu þrjár nefndir á vegum viðskiptaráðuneytisins að innleiðingu tilskipananna. Nefndirnar höfðu samráð við kauphallarnefnd um innleiðinguna en hlutverk hennar er að hafa yfirsýn yfir innleiðingu þeirra tilskipana sem eru hluti af hinu svonefnda Lamfalussy-ferli innan Evrópusambandsins (sjá kafla I.c). Í kauphallarnefnd sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins, Kauphallar Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Samtaka fjárfesta, Landssamtaka lífeyrissjóða og Eignarhaldsfélags hlutafélaga. Um skipan nefndanna þriggja er fjallað í köflum II.–IV. Nefndirnar skiluðu drögum að frumvörpum í lok desember 2004 en nefndir um markaðssvik og yfirtökur höfðu um sumarið 2004 óskað eftir athugasemdum hagsmunaaðila við frumdrög að frumvörpum. Viðskiptaráðuneytið yfirfór frumvarpsdrögin í lok árs 2004 og í janúar 2005, steypti þeim saman í eitt frumvarp og gerði lítils háttar breytingar á efni þeirra.

b. Helstu breytingar.

Frumvarpið er yfirgripsmikið og í því eru lagðar til fjölmargar breytingar á lagaákvæðum um markaðssvik, yfirtökur og útboðs- og skráningarlýsingar. Ekki er hægt að segja að frumvarpið leiði til meiri háttar breytinga á grundvallarreglum um verðbréfaviðskipti heldur eru lagaákvæði um þessa þætti verðbréfaviðskipta gerð mun ítarlegri. Er það í samræmi við þær tilskipanir sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Með ítarlegri lagaákvæðum er markmiðið að stuðla að samræmdum innri markaði með verðbréfaviðskipti því minna svigrúm verður fyrir sérreglur í hverju ríki EES-samningsins. Í tilskipunum um markaðssvik annars vegar og útboðs- og skráningarlýsingar hins vegar er kveðið á um eitt lögbært yfirvald og nákvæm fyrirmæli eru um hegðun þátttakenda á markaðnum. Í tilskipun um yfirtökur er hins vegar meira svigrúm gefið fyrir sérreglur einstakra aðildarríkja.

Lagt er til að innleiðing tilskipananna verði að hluta til í lögum og að hluta til í reglugerð sem ráðherra setur og í reglum Fjármálaeftirlitsins. Að meginstofni til verða rammareglur 1. stigs Lamfalussy-ferlisins festar í lög en nánari reglur um framfylgd laganna á 2. og 3. stigi ferlisins settar í reglugerð og reglur Fjármálaeftirlitsins.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Skýrari ákvæði eru um að skylda til að gera yfirtökutilboð geti myndast vegna samstarfs milli aðila.
- Við ákvörðun á tilboðsverði þarf nú einnig að taka tillit til hæsta verðs sem samstarfsaðilar tilboðsgjafa hafa greitt síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram.
- Stjórn félags sem yfirtökutilboð tekur til er óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboð nema með fyrirframsamþykki hluthafafundar.
- Stjórn félags sem yfirtökutilboð tekur til skal semja og gera opinbera greinargerð þar sem fram kemur álit hennar á tilboði og áhrifum þess á hagsmuni félags og störf stjórnenda og starfsmanna, sem og staðsetningu starfsstöðva félags.
- Ákvæði um markaðsmisnotkun eru ítarlegri en í núgildandi lögum. Markaðsmisnotkun er m.a. ætlað að ná yfir viðskipti sem tryggja eiga óeðlilegt verð eða búa til verð á fjármálagerningum og viðskipti sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem blekkingu er beitt. Þá er lagt til að dreifing upplýsinga sem gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega til kynna verði talin fela í sér markaðsmisnotkun.
- Nokkrar breytingar eru á ákvæði um innherjasvik. Lagt er til að ákvæðið nái einnig til þeirra tilvika þegar aðilar búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til viðskipta innherja þegar fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingar né heldur þegar fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun fjármálagerninga.
- Lagt er til að sömu reglur gildi um útboðslýsingar annars vegar og skráningarlýsingar í kauphöll hins vegar. Ákvæði frumvarpsins eiga aðeins við um útboð þar sem fjárhæðir eru yfir 210 millj. kr. en ráðherra getur í reglugerð kveðið á um útboð þar sem fjárhæðir eru á bilinu 8,4 millj. kr. til 210 millj. kr.
- Lýsingu verður hægt að birta annars vegar sem eitt skjal og hins vegar sem þrjú aðskilin skjöl, útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt.
- Útgefendur skráðra verðbréfa skulu a.m.k. árlega setja saman skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum.
- Lagt er til að gagnsæi í eftirliti Fjármálaeftirlitsins með verðbréfaviðskiptum verði aukið. Fjármálaeftirlitinu verður, að öðru jöfnu, heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum sem varða ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.
- Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru auknar í samræmi við tilskipun um markaðssvik. Þannig getur Fjármálaeftirlitið undir ákveðnum kringumstæðum stöðvað atvinnustarfsemi tímabundið, krafist þess að skipulegur verðbréfamarkaður stöðvi tímabundið viðskipti með fjármálagerninga, krafist kyrrsetningar eigna og fengið aðgang að gögnum síma- og fjarskiptafyrirtækja.
- Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að fela skipulögðum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni á sviði verðbréfamarkaðar og veita honum upplýsingar vegna slíkra verkefna.

c. Lamfalussy-ferlið.

Árið 2000 setti ráð ESB (e. Council of the European Union) á fót nefnd sérfræðinga til að meta skilvirkni í lagasetningu á verðbréfasviði. Nefndin var kölluð nefnd vísdómsmanna á sviði evrópskra reglna á verðbréfamarkaði (e. Committee of Wise Men on the Regulation of European Securities Markets). Nefndin skilaði skýrslu (Lamfalussy-skýrslunni) árið 2001. Í skýrslunni var gagnrýnt hversu hefðbundin lagasetning hefði brugðist seint og illa við fram-

þróun og breytingum á verðbréfamörkuðum. Hvatt var til breytinga á undirbúningi og setningu reglna til að auka einsleitni og samræmi í starfsemi verðbréfamarkaða, bæta samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja og fjármagnsmarkaða og til að stuðla að auknum hagvexti og atvinnu. Lagt var til að ferli við setningu og framkvæmd reglna yrði greint í fjögur stig (e. levels), þ.e. rammareglur, framkvæmdaráðstafanir, samstarf og framfylgd. Nánar tiltekið voru tillögurnar um stigin fjögur eftirfarandi:

Á 1. stigi eru settar tilskipanir eða reglugerðir sem kveða á um undirstöðuatriði í löggjöfinni (rammareglur). Framkvæmdastjórnin leggur fram tillögu að slíkri gerð eftir víðtækt samráð við hagsmunaaðila. Tillagan fer til afgreiðslu hjá ráðinu og Evrópuþinginu í samræmi við sameiginlegu meðferðina (e. codecision procedure). Jafnframt taka ráðið og Evrópuþingið til afgreiðslu tillögu framkvæmdastjórnarinnar um það hvernig og að hve miklu leyti skuli útfæra efni gerðarinnar í tæknilegum reglum á næsta stigi.

Á 2. stigi setur framkvæmdastjórnin tæknilegar reglur sem útfæra lagareglur á 1. stigi til samræmis við þróun verðbréfamarkaða (framkvæmdaráðstafanir). Evrópska verðbréfanefndin (e. European Securities Committee) er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar á þessu stigi.

Á 3. stigi vinnur hin Evrópska samstarfsnefnd verðbréfaeftirlita (e. Committee of European Securities Regulators, CESR) að því að efla samræmda framkvæmd í aðildarríkjunum á þeim reglum sem settar hafa verið á 1. og 2. stigi (samstarf).

Á 4. stigi vinnur svo framkvæmdastjórnin að því að tryggja að aðildarríkin framfylgi ESB-reglum á verðbréfasviði (framfylgd).

Nefndin taldi einnig að aukið næmi fyrir markaðsþróun, skemmri tími við útfærslu tæknilegra reglna og nánara samráð við markaðsaðila mundi hafa veruleg áhrif á ESB-reglur á verðbréfasviði. Til að ná fram aukinni einsleitni og samræmingu yrði megináherslan ekki lengur lögð á gagnkvæma viðurkenningu heldur á virkt inngrip inn í reglur og framkvæmd aðildarríkjanna á þessu sviði.

Á fundi evrópska ráðsins í Stokkhólmi 2001 var Lamfalussy-skýrslan samþykkt. Evrópuþingið lýsti í upphafi yfir efasemdum um að tillögurnar tryggðu nægjanlega gagnsæi og samráð stofnana ESB. Þingið féllst þó á tillögurnar árið 2002.

d. Þróun löggjafar um verðbréfaviðskipti.

Fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem voru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannaríkjanna á þessu sviði. Eftir að nokkur reynsla var komin á framkvæmd þeirra laga var talið nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar, en einnig vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Voru þá samþykkt lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Ný heildarlög um verðbréfaviðskipti voru síðan sett með lögum nr. 13/1996. Með þeim voru innleiddar tilskipanir Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (93/22/EBE) og eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (93/6/EBE). Breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, eru eftirfarandi:

1. Lög nr. 35/1998, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna nýrra laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
2. Lög nr. 84/1998, um sérákvæði í lögum um fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlitið kom í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
3. Lög nr. 94/1998, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar er lutu að stofnun fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

4. Lög nr. 11/2000, um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins auknar.
5. Lög nr. 99/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna aðskilnaðar starfssviða, starfsábyrgðartrygginga, prófkrafna og samningsbundinna uppgjöra afleiðusamninga.
6. Lög nr. 163/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna almenns útboðs verðbréfa og meðferðar trúnaðarupplýsinga.
7. Lög nr. 164/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna safnskráningar verðbréfa.
8. Lög nr. 69/2001, um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Sett ítarlegri ákvæði um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.
9. Lög nr. 39/2002, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar á ákvæði um innherjaviðskipti.
10. Lög nr. 76/2002, um breytingar á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ákvæði um stofnsetningarrétt breytt í því skyni að veita Sviss sama rétt hér á landi og ríkjum innan EES.
11. Ný heildarlög um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, voru samþykkt 20. mars 2003. Um var að ræða löggjöf um hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta, en stofnanaþáttur fyrri laga var felldur niður með gildistöku laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

e. Mat á eftirliti.

i. Greining á þörf fyrir eftirlit.

Í frumvarpinu er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laga um verðbréfaviðskipti. Þörfin á eftirliti er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. 3. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999. Eftirlitsheimildir byggjast á þeim tilskipunum sem nefndar eru í ákvæði frumvarpsins um innleiðingu.

Fjármálamarkaðurinn gegnir lykilhlutverki í hverju hagkerfi. Bankakerfið miðlar greiðslum, veitir lán og tekur á móti innlánum. Verðbréfamarkaðurinn er milliliður á milli útgefanda fjár og fjárfesta. Flest ríki heims hafa því sett strangur reglur um starfsemi fyrirtækja á fjármagnsmarkaði og komið á fót opinberu eftirliti með starfseminni.

Frumvarp þetta byggist að langmestu leyti á gerðum EES-samningsins um fjármálaþjónustu. Gerðir EES-samningsins á þessu sviði kveða á um grunnþætti í eftirliti á fjármálamarkaði. Með innleiðingu þessara tilskipana er verið að samræma eftirlit á verðbréfamarkaði í Evrópu mun meira en áður.

ii. Mat á kostnaði við eftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar kosta starfsemi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Almennt markmið með starfsemi fjármálaeftirlita er stuðla að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, auka öryggi eigna og stuðla að bættri vernd neytenda. Slíkt eftirlit er því talið hafa í för með sér mikinn ávinning fyrir samfélagið. Beinn kostnaður við eftirlitið liggur fyrir en erfitt er að meta hvort opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur í för með sér óbeinan kostnað. Óbeinn kostnaður af eftirliti og eftirlitsreglum er einkum kostnaður fyrirtækja af því að koma á innri reglum, verkferlum og verklagi sem frumvarpið og reglur, sem settar yrðu samkvæmt nýjum lögum og eftirlitsaðili túlkar og framfylgir, gera kröfu um. Við mat á slíkum kostnaði ber að hafa í huga að umrædd ákvæði varða fyrst og fremst neytenda-

vernd en er jafnframt ætlað að draga úr mistökum og tjóni sem hlotist getur af óvönduðum viðskiptaháttum. Ákvæðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir er því ætlað að draga úr heildarkostnaði fyrir þá aðila sem ákvæðin beinast að.

Óbeinn kostnaður fyrir neytendur getur t.d. verið fólginn í hærra verði þjónustu sem til kemur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar verða að greiða vegna eftirlits með framkvæmd framangreindra ákvæða. Telja verður að slíkur óbeinn kostnaður neytenda sé lítill sem enginn. Benda má á sem dæmi að eftirlitsgjald viðskiptabanka nemur á þessu ári 0,00874% af eignum samtals og er jafnframt afar lítið hlutfall af rekstrarkostnaði banka. Þessi kostnaður vegur ekki þungt þegar horft er til ávinnings sem felst í aðhaldi og eftirliti með fjármálafyrirtækjum sem miðar að því að draga úr og koma í veg fyrir áföll. Þannig á eftirlitið ekki að leiða til hærra verðs á þjónustu eftirlitsskyldra aðila en vera mundi ef ekkert eftirlit væri með starfsemi þeirra.

Ætla má að talsverður kostnaðarauki fylgi því fyrir Fjármálaeftirlitið að koma ákvæðum laganna í framkvæmd og fylgja þeim eftir. Þau atriði sem vega mest til skemmri tíma eru: 1) mótun reglna sem lögin gera ráð fyrir, 2) eftirlit með því að aðilar sem starfa samkvæmt lögunum lagi starfsemi sína að nýjum kröfum og 3) undirbúningur og beiting nýrra eftirlitsheimilda. Þau atriði sem vega mest til lengri tíma eru: 1) stóraukin ábyrgð á eftirliti á verðbréfamarkaði í heild og 2) aukin verkefni sem fylgja fleiri verkefnum og auknum eftirlitsheimildum. Gert er ráð fyrir að aukning vegna umfangs til skemmri tíma nemi a.m.k. tveimur ársverkum. Hins vegar er erfitt að meta langtímaáhrif frumvarpsins þar sem kostnaður af framkvæmd laga af þessu tagi ræðst einkum af þróun fjármálamarkaðarins. Því er talið eðlilegt að nánari áhrif frumvarpsins verði fremur metin í tengslum við frumvörp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem lögð eru fram á hverju haustþingi.

iii. Skipulag eftirlits.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er beint eftirlit framkvæmt af eftirlitsstjórnvaldi. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins felst að miklu leyti í öflun upplýsinga um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, vettvangsrannsóknum, sérstökum athugunum og öðrum aðferðum sem gera því kleift að kanna hvort starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur sem um starfsemina gilda og hvort starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Meginábyrgðin á eftirlitinu er hins vegar á hendi eftirlitsskyldra aðila sjálfra. Það er á ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja að skipuleggja starfsemi sína þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og eftirfylgni við lög og reglur.

Reglur um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru settar með lögum og reglugerðum. Í vissum tilfellum hefur Fjármálaeftirlitið heimild til setningar reglna um einstaka þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Framkvæmd eftirlitsins er í höndum Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið hefur víðtækar heimildir til að krefjast úrbóta komi í ljós við athuganir þess að eftirlitsskyldir aðilar fylgi ekki lögum eða öðrum reglum sem um starfsemina gilda. Kveðið er á um slíkar heimildir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar sem tilnefnd er af Hæstarétti.

Skipulag eftirlitsins byggist að langmestu leyti á erlendum fyrirmyndum og er ætlað að miða að því að opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hér á landi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í gildandi tilskipunum á Evrópska efnahagssvæðinu og alþjóðlegum grunnreglum um árangursríkt fjármálaeftirlit.

II. Markaðssvik.

a. Tilskipunin og innleiðing hennar.

Með frumvarpinu er innleidd í íslenska löggjöf tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik), (e. Directive 2003/6/EC of the European Parliament and of the Council of 28 January 2003 on insider dealing and market manipulation (market abuse)), hér eftir nefnd „markaðssvikatilskipunin" ásamt þremur undirtilskipunum og einni reglugerð sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út á grunni tilskipunarinnar:

1. *Undirtilskipun nr. 2003/124/EB sem fjallar um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun* (e. Commission Directive 2003/124/EC of 22 December 2003 implementing Directive 2003/6/EC of the European Parliament and of the Council as regards the definition and public disclosure of inside information and the definition of market manipulation), hér eftir nefnd „fyrsta undirtilskipun um markaðssvik".
2. *Undirtilskipun nr. 2003/125/EB sem mælir fyrir um hvernig framsetningu og birtingu greininga og ráðlegginga um fjárfestingar í verðbréfum skuli hagað, ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaárekstra* (e. Commission directive 2003/125/EC of 22 December 2003 implementing Directive 2003/6/EC of the European Parliament and of the Council as regards the fair presentation of investment recommendations and the disclosure of conflicts of interest), hér eftir nefnd „undirtilskipun um opinbera fjárfestingarráðgjöf".
3. *Undirtilskipun nr. 2004/72/EB sem fjallar um viðurkennda markaðsframkvæmd, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við hrávöruafleiður, samningu innherjalista, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti* (e. Commission Directive 2004/72/EC of 29 April 2004 implementing Directive 2003/6/EC of the European Parliament and of the Council as regards accepted market practices, the definition of inside information in relation to derivatives on commodities, the drawing up of lists of insiders, the notification of managers' transactions and the notification of suspicious transactions), hér eftir nefnd „önnur undirtilskipun um markaðssvik".
4. *Reglugerð nr. 2273/2003/EB sem fjallar um svokallað „verndarsvæði" eða „var" (e. safe harbour), þ.e. skilyrði fyrir undanþágum frá banni við innherjasvikum og markaðsmisnotkun í ákveðnum tilvikum* (e. Commission Regulation no. 2273/2003 of 22 December 2003 implementing Directive 2003/6/EC of the European Parliament and of the Council as regards exemption for buy-back programmes and stabilisation of financial instruments), hér eftir nefnd „reglugerð um var við markaðssvikum".

Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem tengjast ekki með beinum hætti innherjaviðskiptum og markaðsmisnotkun og breytingar sem ganga lengra en tilskipanirnar og reglugerðin mæla fyrir um. Þá eru lagðar til breytingar sem miða að því að skýra betur tilteknar greinar núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Tilskipun nr. 2003/6/EB fjallar um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik). Tilskipunin miðar að því að samræma reglur er lúta að innri markaði á sviði fjármála í Evrópu og styrkja tiltrú fjárfesta á verðbréfamörkuðum, m.a. með því að mæla fyrir um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Meðal þess sem kveðið er á um í markaðssvikatilskipuninni er hvað geti talist viðurkennd markaðsframkvæmd og hvað falli undir innherjaupplýsingar vegna afleiðna á hrávörumarkaði. Þá er kveðið á um hvenær útgefendum skráðra verðbréfa beri að setja saman og uppfæra innherjalista.

Gert er ráð fyrir því í tilskipuninni að hvert aðildarríki tilnefni einn eftirlitsaðila, þ.e. stjórnvald, sem fylgist með því að ekki sé brotið gegn ákvæðum tilskipunarinnar, en talið er að í því felist bæði einföldun og aukið réttaröryggi fyrir þátttakendur á markaði. Einnig er kveðið á um valdheimildir viðkomandi stjórnvalds í tilskipuninni og hvaða aðilum beri að upplýsa eftirlitsaðila um viðskipti sín með verðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá eru ákvæði í tilskipuninni um hvenær og hvernig starfsmönnum fjármálafyrirtækja beri að tilkynna eftirlitsaðila um viðskipti með verðbréf sem talist geta grunsamleg með tilliti til reglna um innherjasvik og markaðsmisnotkun.

Hinn 29. janúar 2004 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að vinna að innleiðingu framangreindra tilskipana og reglugerðar. Í nefndina voru skipaðir: Þórir Skarphéðinsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Elín Jónsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, Guðbjörg Bjarnadóttir, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Helga Hlín Hákonardóttir, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Guðbjörg Bjarnadóttir lét af störfum í nefndinni í byrjun apríl 2004 og tók Gunnar Viðar sæti hennar. Ragnar Þ. Jónasson frá Kauphöll Íslands hf. tók sæti í nefndinni í ágúst 2004. Einnig hefur Hannes J. Hafstein aðstoðað nefndina í fjarveru Gunnars.

b. Efni frumvarpsins.

Með þeim hluta frumvarpsins sem snýr að markaðssvikum eru ekki lagðar til miklar efnislegar breytingar á núgildandi lagaákvæðum um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) heldur er markmiðið með breytingunum að skilgreina betur þá þætti verðbréfaviðskiptalaganna er varða markaðssvik og gera þá skýrari og skilmerkilegri. Einhverjar efnisbreytingar á lögunum eru hins vegar óhjákvæmilegar vegna innleiðingar fyrrnefndra tilskipana og reglugerðar Evrópusambandsins.

Í þeim hluta frumvarpsins er snýr að markaðssvikum er lagt til að skilgreiningum fjölgi frá því sem nú er. Þannig er að finna tvær nýjar orðskýringar í I. kafla, annars vegar skilgreiningu á hugtakinu opinber fjárfestingarráðgjöf og hins vegar á hugtakinu viðurkennd markaðsframkvæmd. Þá er lagt til að við II. kafla verði bætt grein um opinbera fjárfestingarráðgjöf og tölfræðiupplýsingar. Einnig eru lagðar til breytingar á gildissviði VIII. kafla laganna, um verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði, þannig að ákvæði hans eigi ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin bréf í endurkaupaáætlunum eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi slík viðskipti farið fram í samræmi við reglugerð sem setja skal á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti, sbr. ákvæði 20. gr. frumvarpsins. Í kaflanum er einnig gerð tillaga um nákvæmari hugtakanotkun, þ.e. hugtaksins fjármálagerningur. Ákvæði um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis eru mun ítarlegri í frumvarpinu en í núgildandi lögum. Þannig er hugtakinu markaðsmisnotkun samkvæmt frumvarpinu m.a. ætlað að ná yfir viðskipti sem tryggja eiga óeðlilegt verð eða búa til verð á fjármálagerningum og viðskipti sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem blekkingu beitt. Þá er lagt til að dreifing upplýsinga sem gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega til kynna verði talin fela í sér markaðsmisnotkun. Sérstakt ákvæði er í frumvarpinu um fjölmiðlamenn sem miðla upplýsingum í krafti starfs síns og er upplýsingamiðlun þeirra, vegna hugsanlegra brota á banni við markaðsmisnotkun, metin með hliðsjón af þeim reglum sem um viðkomandi starfsgrein gilda. Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við greinina um tilkynningarskyldu starfsmanns fjármálafyrirtækis til Fjármálaeftirlits vegna viðskipta sem hugsanlega teljast markaðssvik eða innherjasvik, þess efnis að óheimilt verði að greina frá því að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar umræddar upplýsingar. Þá telst upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins vegna grunsemda um brot á ákvæðum um markaðsmisnotkun ekki brot á þagnarskyldu samkvæmt frumvarpinu, enda sé sá sem miðlar slíkum upplýsingum í góðri trú.

Enn fremur er lagt til að slík upplýsingamiðlun valdi hlutaðeigandi hvorki skaðabóta- né refsiábyrgð.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að uppsetningu IX. kafla verði breytt með tilliti til nýrra og aukinna ákvæða um upplýsingagjöf og er leitast við að gera uppsetningu kaflans aðgengilegri. Skilgreining á innherjaupplýsingum er sett upp með nákvæmari hætti en áður og eru ákvæði um skilgreiningu á innherjum skilin frá ákvæði um skilgreiningu á innherjaupplýsingum og færð yfir í nýja grein. Undir þennan kafla kemur ný grein um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu, sem er heimil að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga. Í samræmi við ákvæði markaðssvikatilskipunarinnar er lagt til að ákvæðið um innherjasvik verði ítarlegra. Lagt er til að ákvæðið taki til þeirra tilvika er aðilar búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis. Þá er lögð til ákveðin takmörkun á gildissviði ákvæðisins, þannig að það taki í fyrsta lagi ekki til viðskipta innherja þar sem fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingar, og í öðru lagi að ákvæðið eigi ekki við um viðskipti þar sem fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun, pöntun eða miðlun fjármálagerninga eða þar sem framfylgt er með venjubundnum hætti samningsbundinni skyldu um viðskiptavaka í samræmi við ákvæði VIII. kafla laganna. Þá er í greininni um milligöngu fjármálafyrirtækis hnykkt á þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja og upplýsingagjöf í góðri trú. Þá er lagt til að ákvæðið um tilkynningarskyldu fruminnherja breytist á þann veg að fruminnherja beri að tilkynna tilgreind viðskipti til Fjármálaeftirlitsins en ekki til skipulegs verðbréfamarkaðar eins og kveðið er á um í núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er einnig lögð til breyting á ákvæðinu um birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja er miðar að því að í stað þess að markaðsvirði tilkynningarskyldra viðskipta sé skilgreint á grundvelli viðskiptalota verði þau miðuð við fjárhæðir í krónum talið. Einnig er tilkynningarskyldan takmörkuð við stjórnendur og fjárhagslega tengda aðila, sem nánar eru skilgreindir í frumvarpstextanum, í stað þess að ákvæðið nái til allra fruminnherja og aðila sem tengjast þeim fjárhagslega. Þá eru lagðar til breytingar á fyrirsögn og efnislegu innihaldi ákvæða er varða reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Lagt er til að fyrirsögn ákvæðisins verði eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja. Í ákvæðinu er lagt til að stjórn útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði skuli bera ábyrgð á eftirliti með því að fylgt sé reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu skv. 20. gr. frumvarpsins. Lagt er til að stjórnin ráði regluvörð eða staðfesti formlega ráðningu hans. Með sama hætti ber að ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur samkvæmt ákvæðinu umsjón með að framangreindum reglum sé framfylgt innan útgefandans og ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Samkvæmt tillögum frumvarpsins ber stjórnvöldum og öðrum aðilum sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni að fylgja reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja eftir því sem við getur átt.

Breytingar eru lagðar til á X. kafla laganna í fjórum liðum:

– Í fyrsta lagi eru í kaflanum ákvæði um almennar eftirlitsheimildir en samkvæmt þeim hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með framkvæmd laga um verðbréfaviðskipti og reglna settra samkvæmt þeim. Í núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Lögð er til viðbót við ákvæðið þess efnis að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt

ákvæðinu. Einnig er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að almenningur sé réttilega upplýstur telji það að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga skv. 3. gr. frumvarpsins. Þá er hnykkt á því að við eftirlit og athuganir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laganna hafi stofnunin að öðru leyti þær eftirlitsheimildir og úrræði sem fram koma í 9.–11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

- Í öðru lagi er um að ræða ákvæði sem fjallar um eftirlit með innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að beita ákvæðum þessarar greinar til viðbótar við almennar eftirlitsheimildir skv. 16. gr. frumvarpsins við eftirlit með ákvæðum VIII. og IX. kafla laganna um verðbréfaviðskipti Þá er lagt til að síma- eða fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að atvinnustarfsemi verði stöðvuð tímabundið telji það að háttsemin sé andstæð ákvæðum laganna um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Samkvæmt frumvarpinu getur Fjármálaeftirlitið jafnframt krafist þess að skipulegur verðbréfamarkaður stöðvi tímabundið viðskipti með fjármálagerninga í þágu athugunar þess á tilteknu máli. Að lokum getur Fjármálaeftirlitið krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun.
- Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði við X. kafla laganna nýju ákvæði um að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að fela skipulegum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni samkvæmt frumvarpinu og veita honum upplýsingar vegna slíkra verkefna. Lagt er til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til gjaldtöku vegna einstakra verkefna eigi einnig við um skipulegan verðbréfamarkað hafi honum verið falin viðkomandi verkefni. Fjármálaeftirlitinu og skipulegum verðbréfamarkaði ber að gera grein fyrir samstarfi sín á milli í yfirlýsingu sem birta skal opinberlega.
- Í fjórða lagi er lagt til að bætt verði við X. kafla nýju ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laga þessara, nema ef slík birting er talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, er ekki talin varða hagsmuni hans sem slíks eða er talin geta valdið hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið birti opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar. Loks er bætt við ítarlegum heimildum í lok X. kafla annars vegar til handa ráðherra til að setja reglugerð og hins vegar til handa Fjármálaeftirlitinu til að setja reglur til nánari skýringar á tilgreindum efnisatriðum laganna og til samræmis við efni þeirra tilskipana sem ætlunin er að innleiða með frumvarpinu.

III. Yfirtökur.

a. Tilskipunin og innleiðing hennar.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur að breytingum á þeim þáttum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, sem snúa að yfirtökutilboðum og tilboðsyfirliti. Frumvarpið miðar m.a. að því að innleiða í íslenska löggjöf tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð, en hún var formlega samþykkt 21. apríl 2004.

Það hefur reyndar ekki gengið þrautalaust hjá Evrópusambandinu að ná samkomulagi um sameiginlegan lagaramma á þessu sviði því fyrsta tillagan að tilskipun um yfirtökutilboð var

sett fram fyrir rúmum 15 árum, eða árið 1989. Sú tillaga fékk lítinn hljómgrunn meðal aðildarríkjanna og árið 1996 lagði framkvæmdastjórn ESB því fram nýja tillögu. Ekki náðist samkomulag milli ráðsins og Evrópuþingsins um þá tillögu fyrr en í sérstakri sáttanefnd, en tillaga að lagatexta sem samþykkt var af fulltrúum ráðsins og Evrópuþingsins í sáttanefndinni féll hins vegar á jöfnum atkvæðum (273–273) í atkvæðagreiðslu í Evrópuþinginu í júlí árið 2001. Framkvæmdastjórn ESB brást við þessu með því að setja á laggirnar sérstaka sérfræðinefnd um yfirtökutilboð. Nefndin skilaði skýrslu um málið í janúar árið 2002 og í kjölfarið lagði framkvæmdastjórnin fram nýja tillögu að tilskipun um yfirtökutilboð í október 2002. Sú tillaga var reyndar álíka umdeild og fyrri tillögur, og átti það sérstaklega við um ákvæði sem ætlað var að takmarka svigrúm stjórnenda til að verjast yfirtökum (9. grein) og ákvæði sem fellir niður takmarkanir varðandi framsal og atkvæðisrétt hlutabréfa eftir að yfirtökutilboð hefur verið gert í félag (11. grein). Til að leysa úr þeim ágreiningi náðist samkomulag um að aðildarríkjum væri heimilt að ákveða sjálf hvort þau innleiddu 9. og 11. grein tilskipunarinnar sem skyldu eða valkost fyrir félög sem þar eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Í kjölfar þess samkomulags var tilskipunin formlega samþykkt í apríl 2004.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB miðar að því að samræma og styrkja reglur um yfirtökutilboð í Evrópu og tryggja jafna meðferð og aukin réttindi hluthafa í yfirtökum. Sett eru lágmarksskilyrði sem ná bæði til skyldubundinna tilboða og almennra valfrjálsra tilboða, en aðildarríkjum er heimilt að setja fleiri skilyrði og strangari ákvæði en kveðið er á um í tilskipuninni. Í tilskipuninni er kveðið á um tilboðsskyldu aðila sem nær yfirráðum í félagi og er þar sérstaklega tekið fram að tilboðsskylda geti myndast vegna samstarfs milli aðila. Sett eru skilyrði um lágmarksverð og greiðslumáta, sem og um upplýsingagjöf tilboðsgjafa um tilboð og skyldur stjórnar í félagi sem tilboð tekur til. Þá er í tilskipuninni einnig kveðið á um að setja skuli reglur um samkeppnistilboð, breytingar á tilboði og afturköllun tilboðs, sem og um upplýsingaskyldu tilboðsgjafa varðandi niðurstöður tilboðs.

Lagaákvæði um yfirtökur hafa verið í mótun hérlendis síðasta áratuginn. Alþingi ályktaði 19. mars 1992 um nauðsyn þess að setja reglur um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög og komið var til móts við þá ályktun að nokkru leyti með ákvæðum 24.–26. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, en þar var kveðið á um að innlausnarskylda og innlausnarréttur myndaðist þegar einstakur hluthafi ætti yfir 90% hlutafjár í félagi. Í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða (kauphallarlögunum), voru í fyrsta skipti sett ákvæði um yfirtökur og yfirtökuskyldu, en þar var kveðið á um að yfirtökuskylda myndaðist þegar einstakur hluthafi eignaðist 50% hlutafjár eða samsvarandi atkvæðisrétt. Kauphallarlögin veittu viðskiptaráðherra einnig heimild til setja nánari reglur um framkvæmd þeirra og á þeim grundvelli voru í reglugerð nr. 423/1999 um yfirtökutilboð settar nánari reglur um það hvernig standa skyldi að framkvæmd yfirtöku.

Með lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, sem tóku gildi 1. júlí 2003, eru ákvæði um yfirtökutilboð sem voru í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, og reglugerð nr. 423/1999, um yfirtökutilboð, færð yfir í lög um verðbréfaviðskipti. Með þessari breytingu voru yfirtökureglur lögfestar í heild sinni og þar með horfið frá því fyrirkomulagi að hafa þær að hluta til í reglugerð, enda þótti eðlilegt og til einföldunar að hafa öll gildandi ákvæði um yfirtökur á einum stað. Með lögunum var hlutfall sem tilboðsskylda myndast við lækkað úr 50% í 40%, auk þess sem gildissvið þeirra var víkkað, þannig að lögin giltu ekki eingöngu um félög sem fengið hefðu skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll heldur einnig fyrir félög sem fengið hefðu skráningu fyrir einn eða fleiri

flokka hlutabréfa á skipulegum tilboðsmarkaði. Reglur um yfirtökutilboð ber að líta á og túlka sem sérreglur (l. lex specialis) gagnvart almennum reglum laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Yfirtökum fyrirtækja á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur fjölgað mikið síðastliðin ár sem sést best á því að 14 félög voru afskráð úr Kauphöll Íslands í kjölfar yfirtöku árið 2003, samanborið við fimm félög árið 2002 og eitt félag árið 2001. Markaðsvirði yfirtekinna félaga hefur einnig aukist gríðarlega mikið á umræddu tímabili. Miðað við tilboðsverð í yfirtökutilboði og útistandandi hlutafé var markaðsvirði félagsins sem afskráð var árið 2001 rúmir 4 milljarðar kr., markaðsvirði félaganna fimm sem afskráð voru árið 2002 var um 24 milljarðar kr. og markaðsvirði þeirra 14 félaga sem afskráð voru í kjölfar yfirtöku árið 2003 var rúmir 90 milljarðar kr. Árið 2004 voru ellefu félög afskráð vegna yfirtöku eða voru í yfirtökuferli á tímabilinu janúar til nóvember og var áætlað markaðsvirði þeirra 80 milljarðar kr. Þótt framangreindar yfirtökur hafi haft í för með sér fækkun á félögum sem skráð eru í Kauphöllinni kemur á móti að þær hafa einnig leitt til stækkunar skráðra félaga þar sem í mörgum tilvikum hafa yfirtekin félög verið sameinuð öðrum skráðum félögum og markaðsvirði þeirra hefur því haldist inni í Kauphöllinni.

Litlar breytingar hafa verið gerðar á lögum um yfirtökur undanfarin ár, en það hefur verið gagnrýnt nokkuð, þar sem núgildandi lagaákvæði, sem er að finna í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, þykja að mörgu leyti mjög takmörkuð og ekki í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Til að bregðast við því skipaði viðskiptaráðherra sérstaka nefnd í október 2003 til að yfirfara yfirtökureglur hérlendis og gera tillögur til úrbóta. Nefndinni var m.a. ætlað að skoða reglur varðandi tengsl á milli aðila og verð í yfirtökutilboðum, ásamt því að meta æskilegt hlutfall atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu. Jafnframt var nefndinni falið að fylgjast með framgangi fyrrnefndrar tillögu að tilskipun um yfirtökutilboð sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram árið 2002 og innleiða tilskipunina í íslenskan rétt ef hún yrði samþykkt á starfstíma nefndarinnar. Tilskipunin var, eins og fram hefur komið, formlega samþykkt í lok apríl 2004 og eru gerðar tillögur að innleiðingu hennar í frumvarpi þessu.

Í nefndina voru skipuð Jónína S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður (til maí 2004), Hreinn Hrafnkelsson, sérfræðingur hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður (frá maí 2004), Bjarki Diego, lögfræðingur hjá KB banka, Guðbjörg Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu (frá maí 2004), og Ragnar Þ. Jónasson, forstöðumaður lögfræðisviðs Kauphallar Íslands. Einnig starfaði Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá Kauphöll Íslands, með nefndinni hluta af starfstíma hennar.

Nefndin fór á starfstíma sínum ítarlega í gegnum íslenska löggjöf um yfirtökur með hliðsjón af skipunarbréfi nefndarinnar og tilskipun ESB um yfirtökutilboð, sem og lögum og reglum í nágrannalöndum okkar. Minnisblað með drögum að tillögum nefndarinnar var sent til umsagnaraðila í lok júní 2004, og bárust umsagnir frá sex aðilum. Umsagnirnar voru almennt séð jákvæðar og hefur nefndin tekið tillit til þeirra við gerð frumvarpsins. Þá var í skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis, sem út kom í september 2004, tekið undir tillögurnar í minnisblaði nefndarinnar, enda kom fram í skýrslunni að nefnd um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis væri sammála nefnd um yfirtökur um að nauðsynlegt væri að styrkja lagaumhverfi varðandi yfirtökur og tryggja enn frekar jafna meðferð hluthafa í yfirtökum og aukna minnihlutavernd.

Samkvæmt núgildandi lögum myndast tilboðsskylda þegar aðili hefur eignast 40% atkvæðisréttar í félagi eða hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa öðlast rétt til að ráða yfir sem nemur sama atkvæðisrétti. Tilboðsskylda myndast einnig ef aðili hefur öðlast rétt

til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu eða hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið. Þessum aðila er þar með skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirtakan átti sér stað.

Ein aðalástæða þess að settar hafa verið reglur um tilboðsskyldu er að áherslur félags og framtíðarsýn breytast oft í kjölfar þess að nýr aðili nær yfirráðum í félaginu. Tilgangurinn með tilboðskyldu er því að vernda eigendur minni hluta hlutafjár með því að gefa þeim kost á að selja bréf sín á sanngjörnu verði ef þeir eru ekki sáttir við þann aðila sem náð hefur yfirráðum og þau markmið sem hann stendur fyrir.

Eins og fyrr var nefnt var nefndinni m.a. ætlað að skoða reglur varðandi tengsl á milli aðila, ásamt því að meta æskilegt hlutfall atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu. Ef horft er til nágrannalanda okkar miðast yfirtökuskylda í skráðum félögum nú við 30% atkvæðavægi í Bretlandi, Þýskalandi og Sviþjóð. Í Noregi miðast yfirtökuskylda við 40% atkvæðavægi og í Danmörku er miðað við 50% atkvæðavægi eða að aðili ráði yfir meira en þriðjungi atkvæðavægis og hafi yfirráð í viðkomandi félagi. Í Finnlandi eru engin ákvæði um yfirtökuskyldu, en hins vegar myndast innlausnarskylda þegar aðili eignast meira en ⅔ hluta atkvæða í félagi.

Nefndin leggur til að sett verði skýrari ákvæði en nú eru í lögum um að yfirtökuskylda geti myndast vegna samstarfs milli aðila og að Fjármálaeftirlitinu verði falið að skera úr um vafaatriði í þeim efnum. Nefndin telur æskilegt að áhrif þeirra breytinga verði metin áður en gerðar verða breytingar á því hlutfalli sem yfirtökuskylda myndast við og leggur því til að yfirtökuskylda miðist áfram við 40% atkvæðisréttar. Hins vegar er mælt með því að mörk yfirtökuskyldu verði endurskoðuð þegar reynsla er komin á það hvaða áhrif það hafi að skýrar sé kveðið á um að yfirtökuskylda geti myndast vegna tengsla milli hluthafa því ljóst er að hægt er að ná yfirráðum í félagi með minna en 40% atkvæðavægi. Það á sérstaklega við í félögum sem eru að öðru leyti með mjög dreifða eignaraðild þar sem nokkur hluti smærri hluthafa mætir oft ekki á hluthafafundi. Þá má einnig benda á það að aðilar sem ráða yfir þriðjungi atkvæða geta til að mynda komið í veg fyrir samruna, aukningu hlutafjár eða breytingar á samþykktum. Það er því ef til vill viðeigandi að endurskoða fljótlega viðkomandi lagaákvæði hérlendis með það að markmiði að tryggja betur að eigendur hlutafjár geti ekki náð yfirráðum í félagi án þess að bjóða öðrum hluthöfum þann valkost að selja sinn hlut á sanngjörnu verði. Við slíka endurskoðun þarf þó að taka tillit til þess að nokkur samþjöppun eignarhalds virðist vera til staðar hérlendis og í því sambandi má nefna að í 16 af þeim 36 félögum sem skráð voru í Kauphöll Íslands í byrjun desember 2004 var einn aðili sem átti yfir 30% atkvæðisréttar og í 29 af 36 skráðum félögum var einn aðili sem átti yfir 20% atkvæðisréttar.

b. Efni frumvarpsins.

Eins og áður segir eru í frumvarpi þessu gerðar tillögur að breytingum á þeim þáttum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, sem snúa að yfirtökutilboðum og tilboðsyfirliti. Markmiðið með þeim breytingartillögum er að auka traust á íslenskum hlutabréfamarkaði með því að styrkja lagaumhverfi varðandi yfirtökur, bæta réttarstöðu tilboðsgjafa og tryggja enn frekar aukna minnihlutavernd og jafna meðferð hluthafa í yfirtökum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til frá gildandi rétti eru eftirfarandi:

- Skýrari ákvæði um að tilboðsskylda geti myndast vegna samstarfs milli aðila.
- Felld er niður 2. mgr. 32. gr. gildandi laga um að ákvæði um tilboðsskyldu eigi ekki við um eigendaskipti vegna erfða, gjafagernings eða fullnustuaðgerða veðhafa eða eigenda-

skipti innan félagasamstæðu. Fjármálaeftirlitinu er hins vegar veitt heimild til að veita undanþágu frá tilboðsskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því og getur jafnframt sett skilyrði fyrir undanþágunni.

- Ákvæði kafla um yfirtökutilboð og tilboðsyfirlit gilda nú einnig fyrir valfrjáls tilboð, þ.e. tilboð sem sett eru fram án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða.
- Tilboðsgjafi þarf að tilkynna viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði um ákvörðun um tilboð án tafar. Tilboðið skal einnig kynnt fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.
- Til að tryggja jafna meðferð hluthafa er kveðið á um að tilboðsgjafa sé skylt að bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála.
- Við ákvörðun á tilboðsverði þarf nú einnig að taka tillit til hæsta verðs sem samstarfsaðilar tilboðsgjafa hafa greitt síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hlutabréfa í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.
- Ef tilboðsgjafi eða aðili sem hann er í samstarfi við greiðir á tilboðstímabilinu hærra verð fyrir hluti en boðið var í tilboði skal hann breyta yfirtökutilboði og bjóða það verð.
- Ef tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greiða hærra verð eða bjóða betri kjör fyrir hlutabréf í viðkomandi félagi næstu sex mánuði eftir lok tilboðstímabils skal greiða þeim hluthöfum sem tekið höfðu upphaflega tilboðinu viðbótargreiðslu sem samsvarar þeim mismun.
- Tilboðsgjafi getur boðið öðrum hluthöfum í viðkomandi félagi greiðslu í formi reiðufjár, hlutabréfa sem bera atkvæðisrétt eða hvorutveggja.
- Ef tilboðsgjafi býður ekki seljanleg hlutabréf sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað sem greiðslu skal reiðufé einnig boðið fram sem valkostur. Sama gildir hafi tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greitt fyrir a.m.k. 5% hlutafjár í viðkomandi félagi með reiðufé síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram og á tilboðstímabili.
- Ef tilboðsgjafi hyggst greiða fyrir hluti með reiðufé skal lánastofnun með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu ábyrgjast þá greiðslu og upplýsa skal um þá ábyrgð og fjármögnun tilboðs í tilboðsyfirliti.
- Uppgjör fyrir yfirtekna hluti skal fara fram í síðasta lagi fimm viðskiptadögum frá lokum tilboðstímabils.
- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að breyta tilboðsverði og veita undanþágu frá ákveðnum skilmálum tilboðs ef sérstakar ástæður mæla með því.
- Stjórn félags sem tilboð tekur til er óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboð nema með fyrirframsamþykki hluthafafundar og gildir það frá þeim tíma er ákvörðun um tilboð í hlutabréf félags hefur verið gerð opinber eða stjórn félags er ljóst að tilboð sé væntanlegt og þar til niðurstöður tilboðs hafa verið gerðar opinberar.
- Stjórn félags sem tilboð tekur til skal semja og gera opinbera greinargerð þar sem fram kemur álit hennar á tilboði og áhrifum þess á hagsmuni félags og störf stjórnenda og starfsmanna, sem og staðsetningu starfsstöðva félags. Upplýsa þarf um hugsanlega hagsmunaárekstra og stjórnarmenn sem eru aðilar að tilboði skulu ekki taka þátt í að semja greinargerð stjórnar. Ef stjórn er ekki ályktunarhæf sökum þess að stjórnarmenn eru aðilar að tilboði, eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um það skal fá álit óháðs fjármálafyrirtækis á tilboðinu og skilmálum þess. Greinargerð stjórnar skal birta opinberlega a.m.k. einni viku áður en gildistími tilboðs rennur út.
- Skyldubundin tilboð verður ekki hægt að afturkalla nema sérstök ófyrirsjáanleg atvik mæli með því. Hægt verður að afturkalla valfrjáls tilboð að uppfylltum ákveðnum skil-

yrðum eða ef sérstakar ástæður mæla með því. Fjármálaeftirlitið þarf ávallt að samþykkja afturköllun tilboðs.
- Tilboð fellur úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs.
- Tilboðsgjafa er heimilt að breyta tilboði sínu hvenær sem er á tilboðstímabili ef breytingarnar hafa í för með sér hagstæðari skilmála fyrir aðra hluthafa.
- Settar eru reglur um samkeppnistilboð og rétt hluthafa til að draga samþykki sitt á valfrjálsu tilboði til baka við sérstakar kringumstæður.
- Tilboðsgjafi skal gera upplýsingar um niðurstöður tilboðs opinberar með tilkynningu til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstímabils. Ef um valfrjálst tilboð er að ræða skal koma fram í tilkynningunni hvort skilyrði sem sett voru í tilboðinu hafi verið uppfyllt og, ef svo er ekki, hvort tilboðsgjafi hyggist engu að síður standa við tilboð sitt eða afturkalla það.
- Sett eru sérstök ákvæði um innlausnarrétt tilboðsgjafa og hluthafa næstu sex mánuði eftir lok tilboðstímabils.
- Fjármálaeftirlitinu verður heimilt að fella niður atkvæðisrétt aðila sem gerir ekki tilboð þótt hann sé orðinn yfirtökuskyldur. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi félagi um brottfall atkvæðisréttarins og viðkomandi aðila er að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk.
- Auknar kröfur eru gerðar til tilboðsgjafa um upplýsingagjöf í tilboðsyfirliti.
- Tilboðsyfirlit skal sent nafnskráðum hluthöfum í félagi sem tilboð tekur til á kostnað tilboðsgjafa.
- Kynna skal tilboðsyfirlit fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.
- Breyting er lögð til á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og kveðið á um aukna upplýsingaskyldu í ársskýrslum og á aðalfundum um ýmis atriði sem haft geta áhrif á árangur yfirtökutilboðs.

IV. Lýsingar.

a. Tilskipunin og efni hennar.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að breytingu á þeim þáttum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, og laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, er lúta að útboðs- og skráningarlýsingum, hér eftir nefndar lýsingar, þegar átt er við hvort tveggja. Frumvarpið miðar að því að innleiða í íslenska löggjöf tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingar þegar fjármálagerningar eru boðnir í almennu útboði eða skráðir í kauphöll (e. Directive 2003/71/EC of the European Parliament and of the Council of 4 November 2003 on the prospectus to be published when securities are offered to the public or admitted to trading), hér eftir nefnd tilskipun um lýsingar.

Framkvæmdastjórnin hefur gefið út eina reglugerð á grunni fyrrgreindrar tilskipunar um lýsingar en það er reglugerð nr. 2004/809 frá 29. apríl 2004 (e. Commission Regulation (EC) No 809/2004 of 29 April 2004 implementing Directive 2003/71/EC of the European Parliament and of the Council as regards information contained in prospectuses as well as the format, incorporation by reference and publication of such prospectuses and dissemination of advertisements). Í reglugerðinni er m.a. skilgreint hvert innihald og birtingarform lýsinga skuli vera ásamt því að hún hefur að geyma reglur um birtingu auglýsinga um almenn útboð verðbréfa og skráningu þeirra í kauphöll.

Með tilskipuninni um lýsingar eru sameinuð ákvæði tveggja eldri tilskipana, annars vegar tilskipunar ráðsins nr. 89/298/EBE frá 17. apríl 1989 um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa (e. Council Directive 89/298/EEC of 17 April 1989 coordinating the requirements for the drawing-up, scrutiny and distribution of the prospectus to be published when transferable securities are offered to the public) og hins vegar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf (e. Directive 2001/34/EC of the European Parliament and of the Council of 28 May 2001 on the admission of securities to official stock exchange listing and on information to be published on those securities).

Útgefendur og fjárfestingarbankar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa gagnrýnt núgildandi fyrirkomulag og telja að það torveldi og komi jafnvel í veg fyrir viðskipti og aðgang að fjármagni á milli landa í Evrópu. Því hefur verið stigið það skref að sameina fyrrgreindar tilskipanir í eina. Samkvæmt núgildandi reglum getur gistiríki t.d. óskað eftir viðbótarupplýsingum, vegna lýsinga, á grundvelli landsréttar og krafist þýðinga á lýsingum yfir á sitt tungumál áður en það viðurkennir lýsingu. Þetta er talið íþyngjandi og kostnaðarsamt. Í nýju tilskipuninni er hins vegar gert ráð fyrir að hver lýsing sé á einu viðurkenndu tungumáli en gistiríki getur hins vegar farið fram á að samantekt (e. summary) lýsingarinnar sé á tungumáli viðkomandi ríkis.

Í tilskipuninni er m.a. fjallað um þær lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma í lýsingu þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð í kauphöll en tilskipunin miðar m.a. að því að tryggja fjárfestavernd, virkni fjármálamarkaðarins í Evrópu og gagnsæi. Með tilkomu þessarar tilskipunar á að verða auðveldara og ódýrara fyrir evrópsk fyrirtæki að hasla sér völl á sameinuðum markaði í Evrópu enda munu fjárfestar hafa aðgang að samhæfðum og samræmdum upplýsingum sem þeir eiga að geta reitt sig á.

Hinn 29. janúar 2004 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að vinna að innleiðingu framangreindrar tilskipunar og reglugerðar. Í nefndina voru skipuð Þórir Skarphéðinsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, formaður, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Kauphöll Íslands, Kristjana Grímsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, Sigurður V. Guðjónsson, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sólveig Ágústsdóttir, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Sigurður V. Guðjónsson lét af störfum í nefndinni í maí 2004 og tók Ragnar Jónasson sæti hans.

b. Efni frumvarpsins.

Í tilskipun um lýsingar er gert ráð fyrir að ekki þurfi að gefa út lýsingar ef um er að ræða almenn útboð þar sem heildarsöluverð er undir 200 millj. kr. eða sem nemur jafnviði 2,5 milljónum evra (EUR). Í núgildandi lögum er ekki þörf á útboðslýsingu ef almennt útboð er undir 5 millj. kr. Ef farið yrði eftir þessu ákvæði hér á landi mundi það verða til þess að stór hluti almennra útboða yrði undanþeginn skyldu til að gera lýsingar. Í tilskipuninni kemur einnig fram að ef áætlað heildarsöluverð verðbréfa er undir 100 þúsund evrum sé ekki heimilt að krefjast lýsinga þó að aðilum sé vissulega heimilt að útbúa lýsingar við þær aðstæður. Ákvæði tilskipunar um lýsingar hafa því verið skýrð þannig að hverju ríki sé heimilt að setja sér reglur um gerð og birtingu lýsinga þegar fjárhæð almenns útboðs er á bilinu 100 þús. – 2,5 millj. evra. Reglur hvers ríkis mega þó ekki ganga lengra en ákvæði tilskipunarinnar mæla fyrir um. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að viðskiptaráðherra geti gefið út reglugerð um birtingu lýsinga þegar almennt útboð verðbréfa er á bilinu 100 þús.– 2,5 millj. evra. Ákvæði frumvarpsins eiga því aðeins við um lýsingar þar sem fjárhæðir eru yfir 2,5

millj. evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Í samræmi við tilskipunina er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lýsingu verði hægt að birta annars vegar sem eitt skjal og hins vegar sem þrjú aðskilin skjöl. Þrískipt lýsing verður aldrei fullgild nema hún innihaldi útgefandalýsingu (e. registration document), verðbréfalýsingu (e. securities note) og samantekt (e. summary note). Útgefandalýsing skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda verðbréfanna og verðbréfalýsing allar upplýsingar um verðbréfin sjálf en samantektin skal vera stutt og á lítt tæknilegu máli og skal lýsa grundvallareinkennum og áhættu sem varða útgefandann, ábyrgðaraðila og verðbréfin sjálf. Þessi nýja framsetning, þ.e. þrískipting skjala, hefur t.d. þann kost að hafi útgefandi þegar gilda lýsingu og hug á að fara í almennt útboð eða skrá verðbréf á skipulegan verðbréfamarkað innan 12 mánaða frá því að lýsingin var birt getur hann látið nægja að útbúa nýja verðbréfalýsingu ásamt samantekt þar sem útgefandalýsingin er enn í fullu gildi.

Útgefendum er enn fremur heimilt að útbúa svokallaða grunnlýsingu (e. base prospectus). Þessi heimild á aðeins við þegar um er að ræða tiltekin verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd. Grunnlýsing skal innihalda allar upplýsingar sem skipta máli er varða útgefanda og verðbréf þau sem boðin eru almenningi eða ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað. Ekki er skylda að lokaskilmálar útboðs komi fram í grunnlýsingu. Gildistími lýsinga samkvæmt frumvarpinu verður almennt 12 mánuðir, hvort sem lýsing er gerð sem eitt skjal eða þrjú.

Nýtt ákvæði er að finna í frumvarpinu er varðar útgefendur skráðra verðbréfa. Skulu þeir a.m.k. árlega setja saman skjal er inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum á Evrópska efnahagssvæðinu og í löndum utan þess í samræmi við skuldbindingar útgefanda samkvæmt lögum og reglum um verðbréf, útgefendur verðbréfa og verðbréfamarkað. Undanþegnir ákvæðinu eru útgefendur verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd ef nafnverð hverrar útgefinnar einingar er a.m.k. 50 þús. evrur.

Samkvæmt núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti fer Fjármálaeftirlitið með stærstan hluta eftirlits með því að starfsemi á verðbréfamarkaði sé í samræmi við ákvæði laga og annarra réttarreglna þótt öðrum aðilum á fjármálamarkaði sé jafnframt ætlað að sinna afmörkuðum hlutum eftirlitsins, einkum skipulegum verðbréfamarkaði. Kveða lögin á um að Fjármálaeftirlitið hafi umsjón með athugun á útboðslýsingum en Kauphöllin á skráningarlýsingum. Fram kemur einnig að Fjármálaeftirlitið geti heimilað Kauphöll að annast athugun á útboðslýsingum fari skráning fram samhliða almennu útboði. Hin nýja tilskipun um lýsingar gerir hins vegar ráð fyrir einu lögbæru yfirvaldi í hverju ríki og er aðlögunartími gefinn til ársins 2011. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið geti með yfirlýsingu falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á lýsingum. Í yfirlýsingunni skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en þar er lagt til að bætt verði við 2. gr. laganna tveimur nýjum töluliðum, skilgreiningum á hugtökunum opinber fjárfestingarráðgjöf og viðurkennd markaðsframkvæmd.

Í fyrri töluliðnum er að finna skilgreiningu á hugtakinu opinber fjárfestingarráðgjöf og tekur ákvæðið mið af 3. og 7. tölul. 1. gr. undirtilskipunar um opinbera fjárfestingarráðgjöf,

að því er varðar óhlutdræga framsetningu á opinberri fjárfestingarráðgjöf og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra. Skilgreiningin afmarkar þá starfsemi sem fylgja þarf efnisreglum 3. gr. frumvarpsins, um nýja grein sem verður 16. gr. laganna, og þeim reglum sem gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.) og fjalla m.a. um óhlutdræga framsetningu opinberrar fjárfestingarráðgjafar, birtingu hennar og upplýsingagjöf um hagsmuni og hagsmunaárekstra. Í skilgreiningunni er hugtakið greining notað og er gert ráð fyrir að það hugtak verði nánar skilgreint í fyrrgreindum reglum Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 4. tölul. 1. gr. undirtilskipunar um opinbera fjárfestingarráðgjöf. Til að ráðgjöf teljist opinber fjárfestingarráðgjöf þarf hún að fela í sér ráðleggingar ýmist um að kaupa, selja eða halda sölu á fjármálagerningum eða verðbréfum eða tillögu að fjárfestingarstefnu. Slíkar ráðleggingar geta verið beinar, t.d. þegar mælt er með kaupum eða sölu, undirvogun eða yfirvogun. Ráðleggingar geta þó einnig verið óbeinar, t.d. þegar fjallað er um framtíðarþróun á gengi verðbréfa eða þegar umfjöllun er þannig að niðurstaðan af fjárfestingarráðgjöfinni er ljós þótt orðin kaup eða sala komi hvergi fyrir.

Í síðari töluliðnum er hugtakið viðurkennd markaðsframkvæmd (e. accepted market practices) skilgreint, en hugtakið er nýtt í verðbréfaviðskiptalögunum. Með viðurkenndri markaðsframkvæmd er átt við framkvæmd sem talið er eðlilegt að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á fjármálamörkuðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er það gert að skilyrði að Fjármálaeftirlitið hafi viðurkennt framkvæmdina. Orðalag ákvæðisins tekur mið af markaðssvikatilskipuninni, en einnig er fjallað um viðurkennda markaðsframkvæmd í annarri undirtilskipun um markaðssvik. Þar sem þróun á fjármálamörkuðum er hröð og breytingar tíðar er talið rétt að mögulegt sé að undanþiggja markaðsframkvæmd, sem viðhöfð er á markaði eða sem þróast kann á markaði, ákvæðum um markaðsmisnotkun að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins. Að baki viðskiptunum verða að búa lögmætar ástæður og markaðsframkvæmdin skal vera viðurkennd af Fjármálaeftirlitinu. Einungis er hægt að undanþiggja þá markaðsframkvæmd banni við markaðsmisnotkun sem ella hefði fallið undir 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um það í reglugerð hvaða atriði þarf að hafa í huga við mat á því hvort markaðsframkvæmd verður viðurkennd, t.d. hvort framkvæmd dregur úr eða eykur seljanleika skráðra verðbréfa og hvort framkvæmdin er gagnsæ fyrir aðila á markaði. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um með hvaða hætti Fjármálaeftirlitið skuli framkvæma mat á markaðsframkvæmd. Í þeirri tilskipun er hins vegar ekki fjallað nánar um annað skilyrði þess að framkvæmd sé undanþegin ákvæðum um markaðsmisnotkun skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, þ.e. að lögmætar ástæður búi að baki viðskiptunum, og fer mat á því skilyrði eftir atvikum hverju sinni.

Ljóst er að viðurkenning á markaðsframkvæmd sem ella teldist markaðsmisnotkun felur í sér undantekningu sem skýra verður þröngt. Því er ekki líklegt að listi yfir viðurkennda markaðsframkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu verði langur. Sé markaðsframkvæmd útbreidd er líklegra að hún teljist viðurkennd, þótt ekki sé það algilt. Útbreidd markaðsframkvæmd getur því talist ólögmæt. Sé markaðsframkvæmd ný af nálinni og hafi hún ekki náð útbreiðslu er á hinn bóginn ekki útilokað að hún muni teljast viðurkennd markaðsframkvæmd. Markaðsframkvæmd sem er að ryðja sér til rúms skal því ekki talin óviðurkennanleg eingöngu á þeim grunni að hún hafi ekki verið viðurkennd annars staðar og hafi ekki náð útbreiðslu.

Mögulegt er að markaðsframkvæmd sem talin hefur verið viðurkennd hætti að vera það vegna breyttra markaðsaðstæðna. Við slíkar aðstæður er rétt að viðhafa sömu formlegu meðferð við að fjarlægja framkvæmd af lista yfir viðurkennda markaðsframkvæmd og viðhöfð er við að viðurkenna framkvæmd. Framkvæmd getur verið talin viðurkennd á tilteknum

markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að vera viðurkennd á öllum mörkuðum þess. Í framkvæmd verða því markaðsaðilar að fara gætilega og varast að beita slíkri heimild á milli markaðssvæða. Gert er ráð fyrir að nánari reglur um viðurkennda markaðsframkvæmd verði settar í reglugerð sem ráðherra skal setja á grundvelli 73. gr. og innleiðir sú reglugerð nánar ákvæði úr undirtilskipun 2004/72/EB

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við ákvæðið tilvísun í nýja 16. gr. laganna. Breytingin leiðir til þess að ákvæði II. kafla laganna taka ekki aðeins til fjármálafyrirtækja heldur ná einnig yfir aðila sem birta greiningar og fjárfestingarráðgjöf og opinbera aðila sem miðla tölfræðilegum upplýsingum sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðunum. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við II. kafla laganna nýju ákvæði um opinbera fjárfestingarráðgjöf og birtingu tölfræðiupplýsinga. Ákvæðið er nýmæli og tekur mið af undirtilskipun um opinbera fjárfestingarráðgjöf.

Í 1. mgr. greinarinnar koma fram þrjú skilyrði sem hver sá sem setur fram eða birtir opinberlega fjárfestingarráðgjöf skal uppfylla, en miklu skiptir fyrir einstaka fjárfesta, útgefendur verðbréfa og markaðinn í heild að við slíka vinnu sé farið eftir samræmdum reglum um óhlutdræga, skýra og nákvæma framsetningu upplýsinganna. Í fyrsta lagi skal viðkomandi aðili gæta þess að upplýsingar sem falla hér undir séu settar fram af sanngirni, en aðilar, sem setja fram eða birta upplýsingar sem fela í sér ráðleggingar eða tillögur um fjárfestingarstefnu sem ætlaðar eru almenningi eða eru líklegar til að verða aðgengilegar almenningi, geta haft mikil áhrif í krafti sérþekkingar sinnar og stöðu. Einnig er eðlilegt að sá sem birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf segi á sér deili og upplýsi um þær verklagsreglur sem hann fylgir og hvert sé hið lögbæra yfirvald sem hann lýtur þar sem þessar upplýsingar geta skipt sköpum fyrir fjárfesta þegar kemur að því að vega og meta ráðleggingar hinna ýmsu aðila. Í öðru lagi skal aðili, sem setur fram eða birtir opinberlega fjárfestingarráðgjöf, gera grein fyrir hagsmunum sem kunna að vera til staðar og hugsanlegum hagsmunaárekstrum, en eigin hagsmunir eða hagsmunaárekstrar aðila sem mæla með kaupum eða sölu eða gera tillögu um fjárfestingaráætlun kunna meðvitað eða ómeðvitað að hafa áhrif á ráðgjöf þeirra hvað varðar fjárfestingar. Í þriðja lagi skal viðkomandi uppfylla skilyrði reglna sem Fjármálaeftirlitið setur, sbr. f-lið 20. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til að sett verði ítarleg reglugerðarheimild í 73. gr. laganna, en þær reglur munu eiga við um hvern þann sem setur fram eða birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf. Því er ljóst að ákvæðin ná ekki eingöngu til fjármálafyrirtækja og greiningardeilda þeirra. Að þessu leyti er ákvæðið ólíkt öðrum ákvæðum II. kafla verðbréfaviðskiptalaganna, en þó er talið að það eigi þar heima þar sem í langflestum tilvikum muni reyna á ákvæðin þegar um fjármálafyrirtæki er að ræða. Þó er ljóst að fjölmiðlar kunna í umfjöllun um verðbréf og útgefendur þeirra að falla undir framangreindar reglur séu beinar eða óbeinar ráðleggingar fólgnar í umfjöllun þeirra.

Birting fjárfestingarráðgjafar sem sett hefur verið fram af öðrum aðila en þeim sem hana birtir fellur undir reglurnar eftir því sem við á. Hafa ber í huga að meðferð viðkomandi aðila á upplýsingunum getur haft töluverð áhrif á mat fjárfesta á þeim fjárfestingarkostum sem um er að ræða. Einkum getur vitneskja um deili á einstaklingi sem miðlar fjárfestingarráðgjöf og verklagsreglum hans eða upplýsingar um það að hve miklu leyti upprunalegu ráðgjöfinni hefur verið breytt verið nauðsynleg fyrir fjárfesta í tengslum við fjárfestingarákvarðanir. Við

birtingu á fjárfestingarráðgjöf annarra aðila verða fjölmiðlar sem og aðrir að gæta að því hvernig farið er með breytingar og samantekt á ráðgjöfinni.

Fjárfestingarráðgjöf sem felst í persónulegum ráðleggingum til viðskiptavinar um viðskipti með verðbréf, sem ekki er líklegt að verði aðgengileg almenningi, fellur ekki undir ákvæði um birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar. Aðili, sem birtir lánsfjárhæfismat á ákveðnum útgefanda eða fjármálagerningi, telst heldur ekki vera að veita ráðgjöf í skilningi þessa ákvæðis.

Í 2. mgr. greinarinnar er opinberum aðilum, sem miðla tölfræðiupplýsingum sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðum, gert að miðla þeim af sanngirni og á gagnsæjan hátt. Ákvæðið er nýtt í íslenskum lögum og er ætlað stuðla að því opinberar stofnanir, svo sem Seðlabankinn, Hagstofan, Lánasýsla ríkisins og Fjármálaeftirlitið, birti opinberlega, á aðgengilegan, skýran og gagnsæjan hátt, upplýsingar sem þessir aðilar hafa undir höndum og eru taldar geta haft marktæk áhrif á fjármálamörkuðum. Tryggja skal gott aðgengi almennings að upplýsingunum og birta þær opinberlega eins fljótt og kostur er. Í þessu sambandi má benda á að mótast hefur sú framkvæmd hérlendis að opinberir aðilar miðla verðmótandi upplýsingum um tiltekna útgefendur verðbréfa í gegnum upplýsingakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréfin eru skráð.

Um 4. gr.

Í 4. gr. eru lagðar til breytingar á IV. kafla laganna um útboð verðbréfa. Lagt er til að fyrirsögn kaflans breytist á þann veg að í stað þess að taka einungis til útboðs verðbréfa eins og núgildandi lög mæla fyrir um taki kaflinn bæði til útboðs og skráningar verðbréfa. Breytingarnar á fyrirsögn kaflans taka mið af sameiningu tveggja eldri tilskipana, þ.e. tilskipunar ráðsins 89/298/EBE frá 17. apríl 1989 um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf, í eina tilskipun, þ.e. lýsingartilskipunina.

Um a-lið (20. gr.).

Í a-lið ákvæðisins er lögð til breyting á 20. gr. laganna, en þar er fjallað um gildissvið kaflans um útboð og skráningu verðbréfa. Ákvæðið tekur mið af 1. gr. lýsingartilskipunarinnar. Í 1. mgr. kemur fram að ákvæði kaflans taki til almennra útboða og skráningar verðbréfa. Þá eru í 2. mgr. tilgreind í átta liðum þau tilvik sem ákvæði kaflans eiga ekki við um. Í 3. mgr. eru tilgreindar undanþágur frá 2. mgr. Þar segir að útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað sé þó heimilt að útbúa lýsingu í ákveðnum tilvikum.

Í 7. tölul. 2. mgr. ákvæðisins er tilvísun í 73. gr. laganna, en í því ákvæði er m.a. að finna heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um útboð verðbréfa á bilinu 8,4 til 210 millj. kr. Markmiðið með tilvísuninni í 73. gr. er að árétta að þótt útboð verðbréfa sé undir 8,4 millj. kr. er ekki sjálfgefið að ekki þurfi að útbúa lýsingu þar sem viðkomandi aðilum gæti borið skylda til þess á grundvelli reglugerðarákvæðis þess efnis.

Í 4. mgr. er kveðið á um að fjárhæðir taki mið af breytingum á gengi evrunnar. Er það gert til að fjárhæðir í íslenskum krónum í lögunum séu í samræmi við fjárhæðir tilskipunarinnar í evrum.

Um b-lið (21. gr.).

Í b-lið ákvæðisins er lögð til breyting á 21. gr. laganna, en þar er að finna skýringar á nokkrum grundvallarhugtökum kaflans. Tekur greinin mið af 2. gr. lýsingartilskipunar. Það

var talið auka skýrleika kaflans að skilgreina nokkur grundvallarhugtök í kaflanum, auk þess sem lögð er til breyting á skilgreiningunni á almennu útboði til samræmis við lýsingartilskipunina. Í ákvæðinu kemur fram að með almennu útboði verðbréfa sé átt við hvers konar boð til almennings til kaupa á verðbréfum, með hvaða hætti sem er. Til þess að boð til kaupa á verðbréfum sé álitið almennt útboð verður að vera ljóst að sá aðili sem stendur fyrir útboðinu sé án alls vafa að kynna það sem almennt útboð verðbréfa. Það telst t.d. ekki almennt útboð þegar fjárfestir hefur samband við útboðsaðila án þess að útboðsaðili hafi að fyrra bragði auglýst almennt útboð eða haft samband við fjárfestinn vegna fyrirhugaðs eða yfirstandandi útboðs. Þegar um almennt útboð á verðbréfum er að ræða er nauðsynlegt að sem ítarlegastar upplýsingar fylgi um útboðsaðilann og þau verðbréf sem verið er að bjóða út. Þetta er nauðsynlegt til að fjárfestir geti tekið upplýsta ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna, um hvort hann eigi að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á umræddum verðbréfum. Sem dæmi um nauðsynlegar upplýsingar má nefna einkenni eða sérkenni verðbréfanna, réttindi sem fylgja þeim og útboðsgengi ásamt upplýsingum um hvernig og hvar skráning fyrir kaupum á bréfunum fer fram. Samkvæmt ákvæðinu á skilgreiningin á almennu útboði einnig við þegar verðbréf eru sett á markað fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði. Er þar átt við það sem á ensku er nefnt „placing“. Ein af þeim breytingum sem verður með hinni nýju skilgreiningu er að brott fellur sú undanþága í núgildandi lögum sem kveður á um það að séu verðbréf í tilteknum flokki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði teljist sala verðbréfa í sama flokki, sem boðin eru almenningi til kaups, ekki til almenns útboðs. Á grundvelli þessarar undanþágu hafa skráð félög til dæmis ekki þurft að útbúa útboðslýsingar þegar hlutafé er hækkað. Breytingin á skilgreiningunni ætti þó ekki að reynast eins íþyngjandi í slíkum tilvikum og ætla mætti, ef gefin hefur verið út útboðslýsing sem skiptist í þrjú skjöl, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að útgefendalýsing geti gilt í allt að 12 mánuði. Sé staðfest útgefendalýsing fyrir hendi þarf útgefandi eingöngu að semja verðbréfalýsingu og samantekt vegna almenns útboðs eða skráningar.

Í ákvæðinu er jafnframt að finna nokkur ný hugtök í íslenskum rétti. Má þar fyrst nefna hugtakið lýsingu sem er samheiti yfir skjal eða skjöl sem gefa þarf út vegna almenns útboðs verðbréfa eða skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað. Taldi nefndin rétt að leggja til að þetta hugtak yrði notað sem þýðing á hugtakinu prospectus í stað þess að nota áfram þau hugtök sem áður höfðu verið notuð í íslenskum rétti, þ.e. útboðs- og/eða skráningarlýsing, enda er hugtakið lýsing þjálla og einfaldara í notkun. Þá eru skilgreind hugtökin grunnlýsing (e. base prospectus) og útboðsáætlun (e. offering programme). Jafnframt eru skilgreind hugtökin útgefandalýsing (e. registration document), verðbréfalýsing (e. securities note) og samantekt (e. summary/summary note), en þessi þrjú skjöl mynda lýsingu þegar hún er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, auk þess sem samantekt er einnig hluti af lýsingu þótt hún sé gefin út sem eitt skjal. Þó er ekki skylda að útbúa samantekt þegar um er að ræða lýsingu á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd, vegna skráningar á skipulegan verðbréfamarkað, og þegar verðbréfin eru í einingum sem nema að minnsta kosti 50 þús. evrum (EUR), í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Í frumvarpinu er jafnframt notað hugtakið ágrip, sem þýðing á hugtakinu summary document, en ekki þótti ástæða til að skilgreina það hugtak sérstaklega. Loks er hugtakið equity shares þýtt sem hlutabréfatengd verðbréf.

Um c-lið (22. gr.).

Í c-lið er fjallað um skilyrði almenns útboðs, en ákvæðið tekur mið af 3. gr. lýsingartilskipunarinnar.

1. mgr. er í samræmi við gildandi rétt, en þó er rétt að taka fram að skilgreining á hugtakinu almennt útboð hefur tekið breytingum, sbr. nánar umfjöllun um b-lið.

Sömu sjónarmið og reifuð hafa verið hér að framan gilda varðandi skýringu á 2. mgr. og þarfnast sú málsgrein því ekki frekari skýringa.

Um d-lið (23. gr.).

Í d-lið er kveðið á um það hvaða upplýsingar skuli koma fram í lýsingu til þess að fjárfestar geti metið eignir, skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum, sbr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um lýsingar. Með ábyrgðaraðila er ekki átt við umsjónaraðila útboðs, heldur aðila sem tekur sérstaklega að sér ábyrgð á einstöku útboði, t.d. að útboðið gangi upp (e. underwriter). Það er nýmæli í verðbréfaviðskiptalögum að mælt sé fyrir um hlutverk ábyrgðaraðila, þegar því er að skipta, við framkvæmd útboðs. Jafnframt er í ákvæðinu mælt fyrir um það að lýsing skuli, auk upplýsinga um útgefandann og verðbréfin, innihalda stutta og greinargóða samantekt, sbr. 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Rétt er að miða við að samantekt sé ekki lengri en 2.500 orð. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði gerð ítarlegri grein fyrir efnisatriðum samantektar. Að því er varðar efnisatriði lýsinga að öðru leyti er miðað við það að nánari reglur þar að lútandi verði birtar í reglugerð.

Í 4. mgr. er fjallað um undanþáguheimildir frá birtingu upplýsinga í lýsingu, til dæmis ef birting stríðir gegn almannahagsmunum eða er verulega skaðleg fyrir útgefandann, sbr. 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Einnig er í ákvæðinu fjallað um þann möguleika að birta lýsingu sem þrjú aðskilin skjöl, sbr. 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Einnig er í ákvæðinu gerð grein fyrir því í hvaða tilvikum útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað getur útbúið grunnlýsingu, sbr. 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Nægilegt er að uppfylla annaðhvort skilyrði a- eða b-liðar í 6. mgr. Með tilvísun til XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er átt við ákvæði þau sem innleidd hafa verið úr tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Í 7. mgr. er kveðið á um að ef endanlegir skilmálar útboðs komi ekki fram í í grunnlýsingu eða viðauka við hana skuli þeir látnir fjárfestum í té og skráðir hjá Fjármálaeftirlitinu við hvert almennt útboð. Ekki er þó gert ráð fyrir að endanlegir skilmálar séu staðfestir sérstaklega af Fjármálaeftirlitinu.

Um e-lið (24. gr.).

E-liður tekur mið af 16. gr. lýsingartilskipunarinnar. Þar kemur fram hvenær útbúa skal viðauka við lýsingu, þ.e. þegar um er að ræða mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða veigamikla ónákvæmni sem varða upplýsingar í lýsingu sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og fram koma frá þeim tíma að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur, eða ef við á þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast. Ljóst er að til dæmis mikilvægar nýjar upplýsingar geta breytt forsendum fyrir verðbréfakaupum fjárfesta sem hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðauki er birtur. Því er þeim gefinn frestur í að minnsta kosti tvo virka daga frá birtingu viðaukans til að falla frá samþykkinu, en unnt er að veita fjárfestum lengri frest en lögbundinn er.

Um f-lið (25. gr.).

Í f-lið er kveðið á um gildistíma útboðs- og skráningarlýsingar, grunnlýsingar og lýsingar á útgefanda og tekur ákvæðið mið af 9. gr. lýsingatilskipunarinnar. Lagt er til að gildistími lýsinga verði 12 mánuðir frá birtingu eins og í núgildandi lögum. Gildistími útgefandalýsingar er allt að 12 mánuðir frá birtingu og er háður því að gefið hafi verið út skjal í samræmi við g-lið greinarinnar.

Um g-lið (26. gr.).

Í g-lið, sem tekur mið af 10. gr. lýsingartilskipunarinnar, er lagt til að útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað skuli a.m.k. árlega útbúa skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum. Hér er um nýtt ákvæði að ræða sem miðar að því að vernda fjárfesta. Upplýsingaskylda útgefenda skráðra verðbréfa er til staðar, en þeir hafa hingað til ekki þurft að birta reglulega uppfærðar upplýsingar. Þetta nýja ákvæði á að tryggja að reglulega liggi fyrir greinargóðar og auðskiljanlegar upplýsingar. Til að koma í veg fyrir að þetta íþyngi vissum útgefendum þurfa útgefendur á verðbréfum sem ekki eru hlutabréfatengd þar sem lágmarksnafnverð er 50.000 evrur ekki að útbúa framangreint skjal. Gert er ráð fyrir að framangreint skjal verði birt í samræmi við ákvæði reglugerðar um lýsingar og sent Fjármálaeftirlitinu til skráningar. Ekki er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið staðfesti skjalið.

Um h-lið (27. gr.).

Í h-lið er fjallað um lýsingu sem samsett er úr þremur skjölum. Tekur ákvæðið mið af 12. gr. lýsingartilskipunarinnar, en þar er fjallað um hvernig lýsingu þurfi að útbúa í þeim tilvikum sem lýsing er þrískipt. Ef staðfest útgefandalýsing liggur fyrir er nóg fyrir útgefanda að gefa út verðbréfalýsingu og samantekt vegna almenns útboðs eða skráningar á verðbréfum. Ef mikilvægar breytingar, eða nýleg þróun, hafa orðið frá því síðasta útgefandalýsing, eða viðauki við hana, var staðfestur og þessi atriði hafa áhrif á mat fjárfesta á útgefanda eða verðbréfum hans skal geta um það í verðbréfalýsingunni.

Um i-lið (28. gr.).

Í i-lið greinarinnar er kveðið á um undanþágur frá gerð lýsingar. Greinin byggir á 3.–4. gr. lýsingatilskipunarinnar, en þar eru veigamiklar undanþágur frá gerð lýsinga.

Í 1. tölul. ákvæðisins eru undanþágur um útboð. Ekki eru lagðar til miklar breytingar frá núgildandi undanþáguákvæðum laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 1. tölul. 23. gr. laganna. Þó er lagt til að a- og b-liður 1. tölul. 23. gr. falli úr gildi. Gert er ráð fyrir undanþágu í þeim tilvikum sem verðbréf eru boðin afmörkuðum hópi aðila, enda séu færri en 100 aðilar í hópnum sem ekki teljast fagfjárfestar, en í núgildandi lögum er hámarkið 25 aðilar. Orðalagið í frumvarpinu er í samræmi við tilskipunina og er orðalagið án auglýsingar eða kynningar sem er í núgildandi lögum ekki lengur inni í undanþágunni samkvæmt frumvarpinu. Ekki er ætlunin að þetta hafi áhrif á túlkun ákvæðisins. Enn er litið svo á að óheimilt sé að auglýsa útboð eða kynna fyrir hópi þar sem eru fleiri en 100 sem ekki eru fagfjárfestar, í þeirri von að 100 eða færri fjárfestar sem ekki eru fagfjárfestar þekkist boðið. Að öðru leyti eru undanþágur vegna sérstakra tilvika í útboðum sambærilegar og í núgildandi lögum, þó hafa viðmiðunarfjárhæðir hækkað.

Í 2. tölul. eru lagðar til undanþágur frá því að gera útboðslýsingu þegar um ákveðnar gerðir verðbréfa er að ræða og í 3. tölul. eru lagðar til undanþágur frá því að gera lýsingu vegna skráningar á ákveðnum gerðum verðbréfa. Ekki er um veruleg frávik frá gildandi undanþágum að ræða. Þegar verðbréf eru gefin út vegna útboðs eða skráningar verðbréfa sem gefin eru út í tengslum við yfirtökur eða samruna, sbr. b- og c-lið 2. tölul. og c- og d-lið 3. tölul., eiga undanþágurnar frá ákvæði b-liðar einungis við ef fyrir liggur skjal sem talist getur sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins. Skilyrði um slíkt skjal er ekki fyrir hendi í núgildandi undanþáguákvæðum í c- og d-lið 2. tölul. 23. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Einnig eru ítarlegri skilyrði í e-lið 2. tölul. og f-lið 3. tölul. en í g-lið 2. tölul. 23. gr. núgildandi laga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgefandinn hafi þegar skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um j-lið (29. gr.).

Í j-lið er fjallað um sölutryggingar. Ákvæðið er í samræmi við 24. gr. núgildandi laga en er ekki hluti af innleiðingu lýsingatilskipunar. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003, segir um sölutryggingar: „Í 2. gr. laga nr. 13/1996 er hugtakið sölutrygging skilgreint án þess að efnislega sé fjallað um sölutryggingu í lögunum. Í þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á núgildandi skilgreiningu til samræmis við almennan skilning á því hvað í sölutryggingu felst í því skyni að eyða öllum vafa um efni sölutryggingar. Mælt er fyrir um að í sölutryggingu felist einungis að fullnægjandi áskrift fáist fyrir verðbréfum sem seld eru í almennu útboði. Því er ljóst að fjármálafyrirtæki ábyrgist ekki innheimtu þeirra krafna sem stofnast við áskrift fjárfesta. Til dæmis má nefna útgefanda eða seljanda sem hafa auglýst almennt útboð verðbréfa að nafnverði 10.000.000 kr. Fjármálafyrirtæki tekur að sér sölutryggingu í tengslum við útboðið. Ef einungis næst áskrift fyrir 80% hins tilgreinda nafnverðs, þ.e. 8.000.000 kr., hefur fjármálafyrirtækið tekið að sér að kaupa afganginn, þ.e. 2.000.000 kr. að nafnvirði, á verði sem nánar er samið um milli útgefandans eða seljandans annars vegar og fjármálafyrirtækisins hins vegar. Fjármálafyrirtækið hefur hins vegar ekki tekið að sér að ábyrgjast innheimtu á þeim hluta sem áskrift fékkst fyrir. Af því leiðir að komi til þess að fjárfestir greiðir ekki fyrir þann hlut sem hann hefur skráð sig fyrir getur félagið eða seljandinn sem auglýsti almennt útboð einungis farið í innheimtuaðgerðir gagnvart fjárfestinum en ekki því fjármálafyrirtæki sem sölutryggði útboðið. Tekið skal fram að unnt er að semja sig frá ákvæðinu."

Um k-lið (30. gr.).

Í k-lið greinarinnar er kveðið á um umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingum. Ákvæðið er að mestu leyti efnislega í samræmi við 25. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Í núgildandi ákvæðum verðbréfaviðskiptalaganna er þó eingöngu fjallað um útboðslýsingar en í frumvarpi þessu er lagt til að skráningarlýsingar falli einnig undir lögin, en sú breyting er í samræmi við efni lýsingartilskipunarinnar. Með staðfestingu á lýsingum er átt við að Fjármálaeftirlitið gangi úr skugga um að lýsingin feli í sér þau efnisatriði sem kveðið er á um í lögum og reglugerð. Staðfesting Fjármálaeftirlitsins felur í sér formkönnun en ekki efniskönnun.

Í frumvarpinu er lagt til að 4. mgr. 25. gr. núgildandi laga falli brott. Ákvæðið er talið þýðingarlaust og er tillagan gerð að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Um 5. gr.

Um a-lið (36. gr.).

Í greininni er gildissvið kaflans afmarkað og tilgreint að ákvæði kaflans gildi um yfirtöku í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef félag hefur hlutabréf sín skráð á verðbréfamörkuðum í öðrum EES-ríkjum skal yfirtökutilboð gert í samræmi við reglur sem gilda þar sem höfuðstöðvar félagsins eru, að því gefnu að hlutabréf félagsins séu skráð á skipulegan verðbréfamarkað þar. Ef hlutabréf félags eru ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað í því landi þar sem höfuðstöðvar þess eru skal eftirlitsaðili í því landi sem frumskráning átti sér stað hafa eftirlit með framkvæmd tilboðsins. Ef frumskráning fór fram samtímis í tveimur eða fleiri löndum eða ef vafi leikur á hvaða eftirlitsaðili á að hafa eftirlit með framkvæmd tilboðs skulu eftirlitsaðilar í viðkomandi löndum skera úr um það.

Um b-lið (37. gr.).

Í greininni er kveðið á um tilboðsskyldu og tilgreint með skýrari hætti en áður að tilboðsskylda geti myndast vegna samstarfs milli aðila.

Í 1. mgr. er kveðið á um tilboðsskyldu og þar kemur fram að hafi aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hluta á skipulegum verðbréfamarkaði skuli sá aðili eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Í 1.–3. tölul. er skilgreint hvað átt er við með yfirráðum og eru þær skilgreiningar byggðar á kröfum í tilskipun ESB um yfirtökutilboð. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu, hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu eða hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að skilgreina yfirráð sérstaklega og að kveða á um að aðili sem nái yfirráðum í félagi verði yfirtökuskyldur, en ekki er um efnislega breytingu að ræða að þessu leyti. Jafnframt er kveðið á um með skýrari hætti en í núgildandi lögum að yfirráð geti myndast vegna samstarfs milli aðila. Upptalning í 1.–3. tölul. ákvæðisins er sú sama og í 32. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að felldur hefur verið út einn töluliður, en þar var kveðið á um þau tilvik að aðili hefði fengið rétt til að stjórna félagi á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið. Í þessari breytingu felst þó ekki efnisleg breyting heldur er skilgreiningu á samstarfi milli aðila í frumvarpinu ætlað að ná yfir þann lið.

Við mat á því hvort aðili hefur eignast 40% atkvæðisréttar í félagi skal miða við útgefið hlutafé og skal telja hluti sem eru í eigu félagsins sjálfs með heildarhlutafé þess þegar 40% hlutfallið er metið.

Í 2. mgr. er skilgreining á samstarfi milli aðila og er hún í samræmi við skilgreiningu í tilskipun ESB um yfirtökutilboð. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um vafaatriði varðandi samstarf, m.a. með hliðsjón af eignarhaldi, sem og stjórnunar- og eignatengslum viðkomandi aðila, auk þess sem líta má til fjölskyldutengsla og fjárfestingasögu.

Í 3. mgr. er lagt til að til viðbótar við ákvæði 2. mgr. skuli samstarf alltaf talið vera til staðar milli tiltekinna aðila, nema sýnt sé fram á annað. Um er að ræða tengsl sem alla jafna yrðu álitin fela í sér samstarf í skilningi 2. mgr. Ákvæði 3. mgr. felur í sér líkindareglu sem á að hjálpa til við að leggja mat á hvort samstarf sé til staðar, en þar er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og því ekki unnt að gagnálykta út frá henni. Í 1. tölul. 3. mgr. er tiltekið að samstarf skuli vera talið vera á milli hjóna, aðila sem eru í staðfestri samvist, aðila sem eru í skráðri sambúð og ófjárráða barna þessara aðila. Þá teljast lögaðilar skv. 2. og 3. tölul. sem eru undir yfirráðum þessara aðila einnig vera í samstarfi við þá. Í 2. tölul. 3. mgr. kemur fram að samstarf skuli talið vera milli aðila ef til staðar eru tengsl milli þeirra sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum. Samstarf skal einnig talið vera til staðar ef tvö eða fleiri félög eru undir yfirráðum sama aðilans, sem hefur m.a. í för með sér að samstarf skal ávallt talið vera á milli félaga í sömu samstæðu. Í þessu sambandi taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Samkvæmt þessum lið er litið svo á að félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög tengd þeim, sem og eigendur þeirra, séu jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað. Þegar metið er hvort um bein eða óbein yfirráð sé að ræða skal miða við skilgreiningu á yfirráðum í 1. mgr., en þar segir að með yfirráðum sé átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu, hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu eða hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu. Í 3. tölul. 3. mgr. er mælt fyrir um að félög sem aðilar

skv. 1., 2. og 4. tölul. eiga með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra skuli teljast vera í samstarfi við þessa aðila, nema sýnt sé fram á annað. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. ⅓ hluta atkvæðisréttar í öðru félagi. Ekki var samstaða í nefndinni um það við hvaða hlutfall skyldi miða í þessu sambandi og hvort horfa ætti til Bretlands þar sem miðað er við 20% atkvæðavægi eða til Noregs og Svíþjóðar þar sem almennt er miðað við félög í sömu samstæðu. Það verður þó að hafa í huga að í Bretlandi og Svíþjóð miðast yfirtökuskylda við 30% atkvæðavægi. Í 4. tölul. 3. mgr. er tiltekið að samstarf skuli talið vera á milli félags og stjórnarmanna þess, félags og framkvæmdastjóra þess og félaga undir yfirráðum viðkomandi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, nema sýnt sé fram á annað.

Í fylgiskjali I er að finna skýringarmyndir með dæmum um samstarf milli aðila. Engin leið er hins vegar að sýna öll þau tengsl sem geta verið á milli aðila og skýringarmyndirnar sýna því aðeins lítið brot af hugsanlegum tengslum sem verið geta til staðar.

Í 4. mgr. kemur fram að tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvíli á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. er náð. Fjármálaeftirlitið getur hins vegar heimilað að annar aðili innan eða utan samstarfshópsins geri tilboð í stað þess aðila sem er tilboðsskyldur skv. 4. mgr.

Með fyrrgreindum breytingum er kveðið á um með skýrari hætti en í gildandi lögum að yfirtökuskylda geti myndast vegna samstarfs aðila. Rétt er að ítreka að ákvæði 3. mgr. eru til fyllingar reglu 2. mgr. um samstarf milli aðila og því ekki unnt að gagnálykta út frá 1.–4. tölul. 3. mgr.

Ákvæði um undanþágur frá tilboðsskyldu sem er að finna í núgildandi lögum er fellt niður, en í staðinn er í 5. mgr. mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að veita undanþágu ef sérstakar ástæður mæla með því. Tekið er fram að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja skilyrði fyrir undanþágunni, t.d. varðandi frest sem viðkomandi aðili hefur til að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk og meðferð atkvæðisréttar á því tímabili til að koma í veg fyrir að hægt sé að gera umtalsverðar breytingar á starfsemi eða samþykktum félags. Undanþága gæti til að mynda verið veitt vegna þeirra tilvika sem nú eru sjálfkrafa undanþegin tilboðsskyldu, þ.e. ef tilboðsskylda hefur stofnast vegna erfða, gjafagernings og fullnustuaðgerða veðhafa. Ekki þykir eðlilegt að um sjálfkrafa undanþágu sé að ræða í þessum tilvikum og hægt sé að ná yfirráðum í félagi til lengri tíma án þess að yfirtökuskylda myndist, en þó þykir rétt að gera greinarmun á aðilaskiptum sem báðir aðilar ganga til að eigin frumkvæði annars vegar og erfðum og aðgerðum skuldheimtumanna hins vegar, enda yrði erfingjum að öðrum kosti ef til vill gert ókleift að taka við hlutum látinna ættingja sinna og örðugt gæti verið fyrir skuldheimtumenn að ganga að eignum skuldunauta sinna ef þeim fylgdu þær kvaðir sem í tilboðsskyldu felast. Þá getur Fjármálaeftirlitið einnig veitt undanþágu í öðrum tilvikum ef sérstakar aðstæður hafa skapast. Ströng skilyrði verða þó að gilda um allar undanþágur og Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega rökstuðning sinn fyrir veitingu á undanþágum í samræmi við ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skuli gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla laganna, en sams konar ákvæði er í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti.

Almennt nær tilboðsskylda aðeins til þess þegar yfirtökuskyldur aðili fer yfir þau mörk sem ákvæðið tilgreinir. Hafi hluthafar ekki tekið tilboðinu áður en frestur rennur út ber yfirtökuskyldum aðila ekki að gera nýtt tilboð. Þetta gildir þó svo að hann kunni að eignast fleiri hluti í hinu skráða félagi eftir að hann hefur gert öðrum hluthöfum slíkt tilboð. Réttur þeirra

til þess að krefjast innlausnar á hlut sínum skv. 26. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og 18. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, breytist þó ekki.

Um c-lið (38. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvæði VI. kafla um yfirtökutilboð gildi einnig fyrir valfrjáls tilboð, en það eru tilboð sem beint er til allra hluthafa viðkomandi félags, án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða, sbr. 1. mgr. b-liðar 5. gr. sem verður 1. mgr. 37. gr. laganna. Öll tilboð hafa truflandi áhrif á starfsemi félags og verðmyndun hlutabréfa þess og því þykir eðlilegt að sömu reglur gildi um valfrjáls og skyldubundin tilboð.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það að ákvæði VII. kafla um tilboðsyfirlit gildi einnig um valfrjáls tilboð og skal tilboðsgjafi útbúa tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði þess kafla.

Í 3. mgr. er fjallað um takmarkað tilboð sem ekki leiðir til tilboðsskyldu. Þar er mælt fyrir um að tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð sé heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki einungis til hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar sem hann óskar eftir að eignast, að því tilskildu að tilboðið hafi ekki í för með sér að yfirtökuskylda stofnist skv. 37. gr. Tilboðsgjafi skal þó tryggja jafna meðferð hluthafa og skal því gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðisréttar kost á að afhenda hlutabréf sín eða atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína eða atkvæðisrétt og skal tilgreint í tilboðsyfirliti hvernig það verði gert og með hvaða skilmálum.

Í 4. mgr. kemur fram að tilboðsgjafi sem gerir valfrjálst tilboð geti sett skilyrði fyrir því að hann standi við tilboðið. Takmörk eru þó fyrir því hvaða skilyrði eru hægt að setja og til að mynda er ekki hægt að setja skilyrði sem tilboðsgjafi getur ákveðið sjálfur hvort hafi verið uppfyllt. Sem dæmi má nefna að hægt er að setja skilyrði um að viðkomandi eignist tiltekið hlutfall atkvæðisréttar í því félagi er tilboð tekur til. Tilboðsgjafi getur þó ekki sett það sem skilyrði að hann eignist 100% atkvæðisréttar, en hann má setja skilyrði um að eignast allt að 90% atkvæðisréttar. Einnig má miða við lægra hlutfall. Ef tilboðsgjafi er félag er einnig hægt að setja skilyrði um að hluthafafundur í því félagi samþykki tilboðið og útgáfu á nýju hlutafé, ef við á, og að ekki verði umtalsverðar neikvæðar breytingar á fjárhagsstöðu, viðskiptastöðu eða rekstri þess félags sem tilboð tekur til. Upplýsa skal um skilyrði í tilboðsyfirliti. Tilboðsgjafi getur fallið frá skilyrðum sínum hvenær sem er á tilboðstímabili og skal það þá tilkynnt opinberlega. Ekki er hægt að setja skilyrði fyrir skyldubundin tilboð. Rétt er þó að taka fram að skv. h-lið 5. gr. frumvarpsins, sem verður 43. gr. laganna, fellur tilboð úr gildi ef lögbær viðurkenning stjórnvalda (t.d. Fjármálaeftirlitsins og samkeppnisyfirvalda) fæst ekki og því þarf ekki að setja skilyrði þar að lútandi. Eðlilegt er hins vegar að það komi fram í tilboðsyfirliti ef beðið er samþykkis eða viðurkenningar stjórnvalda.

Í 5. mgr. er tekið fram að ef tilboðsgjafi hafi náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa í viðkomandi félagi beri viðkomandi aðila ekki skylda til að gera yfirtökutilboð í samræmi við b-lið 5. gr., sem verður 37. gr. laganna, og er það í samræmi við yfirtökutilskipun ESB.

Um d-lið (39. gr.).

Í greininni er mælt fyrir um að tilboðsgjafi skuli tilkynna viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði ákvörðun um tilboð án tafar til að tryggja gagnsæi og jafnt aðgengi fjárfesta að upplýsingum, ásamt því að reyna að minnka líkur á því að innherjaupplýsingar berist til óviðkomandi aðila. Viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður skal birta tilkynningu tilboðsgjafa og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þær hafa verið birtar þar. Nánar er fjallað um opinbera birtingu í umfjöllun um 13. gr. frumvarpsins. Þá er kveðið á um upplýsingagjöf til starfsmanna og er það í samræmi við yfirtökutilskipun ESB. Ákvörðun um tilboð ber að kynna fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga, þ.e. starfsmönnum félags sem tilboð tekur til

og félags sem gerir tilboð, ef það á við. Stjórnir viðkomandi félaga bera ábyrgð á því að þessari upplýsingaskyldu sé sinnt.

Um e-lið (40. gr.).

Í greininni er fjallað um skilmála tilboðs og sett skilyrði sem eiga að tryggja jafnræði hluthafa betur en áður hefur verið gert.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tilboðsgjafa sé skylt að bjóða öllum hluthöfum sem eiga hlutabréf í sama hlutabréfaflokki sömu skilmála og er því ákvæði ætlað að tryggja jafna meðferð hluthafa sem er ein af grundvallarkennisetningum reglna um yfirtökutilboð.

Í 2. mgr. eru gerðar breytingar á ákvæðum um sanngjarnt verð í tilboði. Við ákvörðun verðs þarf nú einnig að taka tillit til hæsta verðs sem samstarfsaðilar tilboðsgjafa hafa greitt síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram og er það í samræmi við tilskipun ESB. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hlutabréfa í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð, en svipað ákvæði er t.d. að finna í norskum yfirtökureglum. Markmiðið er að tryggja að aðilar geti ekki farið í kringum ákvæði um lágmarksverð með því að semja sín á milli um viðskipti á lægra verði en viðskiptaverð er á þeim tíma. Ákvæðið á einnig við ef aðilar sem eru undanþegnir tilboðsskyldu á grundvelli bráðabirgðaákvæðis þessara laga eða bráðabirgðaákvæðis gildandi laga gera tilboð í atkvæðisrétt eða hluti annarra hluthafa. Tilboðsgjafa er að sjálfsögðu ávallt heimilt að bjóða hærra verð en hér er kveðið á um.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef tilboðsgjafi eða aðili sem hann er í samstarfi við greiða hærra verð en boðið er í tilboði á tilboðstímabili sé honum skylt að breyta yfirtökutilboði og bjóða hið hærra verð og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB. Jafnframt er kveðið á um að ef tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greiða hærra verð eða bjóða betri kjör fyrir hlutabréf í viðkomandi félagi næstu sex mánuði eftir lok tilboðstímabils skuli hann greiða þeim hluthöfum sem tekið höfðu upphaflega tilboðinu viðbótargreiðslu sem samsvarar þeim mismuni. Svipað ákvæði er að finna í sænskum yfirtökureglum og samkvæmt breskum reglum er tilboðsgjafa óheimilt að greiða hærra verð næstu sex mánuði eftir tilboð. Markmiðið er að tryggja jafna meðferð hluthafa og koma í veg fyrir að tilboðsgjafi geti um leið og gildistími tilboðs rennur út greitt aðilum sem ekki samþykktu tilboðið hærra verð en þar var boðið. Ef farið er fram á afskráningu hlutabréfa félags í kjölfar yfirtökutilboðs getur viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður sett upplýsingaskyldu um viðskipti með hlutabréf viðkomandi félags næstu sex mánuði sem skilyrði fyrir afskráningu til að tryggja gagnsæi í viðskiptum með hluti í hinu yfirtekna félagi.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um hvaða greiðslumáta tilboðsgjafi megi nota til að fullnægja tilboðsskyldu sinn. Tilboðsgjafi getur boðið reiðufé, hlutabréf sem bera atkvæðisrétt eða hvorutveggja sem greiðslu, svo framarlega sem öllum hluthöfum sem eiga hlutabréf í sama hlutaflokki séu boðnir sömu valkostir. Þó er skylt að bjóða greiðslu með reiðufé, a.m.k. sem valkost, ef ekki eru boðnir seljanlegir hlutir sem skráðir eru á skipulegan verðbréfamarkað sem greiðsla eða ef greitt hefur verið með reiðufé fyrir a.m.k. 5% hlutafjár síðustu sex mánuði áður en tilboðsskylda myndaðist og á tilboðstíma og eru þessi ákvæði í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB. Ekki er sjálfgefið að hlutir sem skráðir eru á skipulegan verðbréfamarkað séu seljanlegir og skal Fjármálaeftirlitið úrskurða um vafaatriði í þeim efnum. Fjármálaeftirlitið getur í því sambandi stuðst við ákveðin viðmið, t.d. veltuhraða, auk þess sem almennt má ganga út frá því að hlutabréf félaga í úrvalsvísitölu Kauphallarinnar séu seljanleg. Hafa verður í huga að veltuhraði getur verið breytilegur eftir tímabilum, en samkvæmt upplýsingum í Árbók Kauphallarinnar 2004 var veltuhraði árið 2003 undir 50% hjá 23 af þeim 48 félögum sem þar voru skráð í árslok 2003.

Í 5. mgr. er ákvæði um fjármögnun tilboðs en til að tryggt sé að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt er kveðið á um það að ef greiða á fyrir hluti með reiðufé þurfi lánastofnun með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu að ábyrgjast þá greiðslu. Félag í sömu samstæðu og tilboðsgjafi má ekki veita ábyrgðina. Upplýsa skal um það í tilboðsyfirliti hver veitir ábyrgðina. Fjármálaeftirlitið getur veitt leyfi fyrir því að lánastofnun utan Evrópska efnahagssvæðisins ábyrgist greiðslu og við mat á því hvort slíkt leyfi skuli veitt má hafa til hliðsjónar hvort viðkomandi lánastofnun hafi fengið leyfi til að hefja starfsemi hérlendis samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Ef greiðsla er með öðrum hætti þá skal tilboðsgjafi gera viðeigandi ráðstafanir til að reyna að tryggja að hægt verði að standa við tilboðið. Í því gæti t.d. falist að leitað hafi verið eftir samþykki stærstu hluthafa og boðað til hluthafafundar til að samþykkja útgáfu nýrra hluta, ef þess er þörf. Upplýsa skal um það í tilboðsyfirliti hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í því skyni.

Í 6. mgr. er kveðið á um gildistíma tilboðs og er þar miðað við sama gildistíma og í núgildandi lögum. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að framlengja gildistíma tilboðs ef fyrir því eru gildar ástæður. Það á sérstaklega við ef boða þarf til hluthafafundar í því félagi sem tilboð er gert í til að ræða tilboðið. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að tilboð má ekki trufla starfsemi félags lengur en nauðsynlegt er.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um greiðslufrest. Uppgjör fyrir yfirtekna hluti skal fara fram eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi fimm viðskiptadögum frá lokum tilboðstíma, en það er sami greiðslufrestur og veittur er samkvæmt reglum Kauphallarinnar í Kaupmannahöfn.

Í 8. mgr. er ákvæði um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að breyta tilboðsverði og veita undanþágur frá skilmálum tilboðs, en slíkt getur verið nauðsynlegt til að bregðast við þeim margbreytilegu aðstæðum sem upp geta komið í viðskiptalífinu. Ákvæðið er í samræmi við 4. og 5. gr. tilskipunar ESB um yfirtökutilboð, en jafnframt er tekið fram í inngangi þeirrar tilskipunar að yfirtökureglur skuli vera sveigjanlegar og geta tekið mið af nýjum aðstæðum og því eigi að vera mögulegt að veita undanþágur frá þeim við tilteknar aðstæður. Mælt er fyrir um að Fjármálaeftirlitið geti breytt tilboðsverði, til hækkunar eða lækkunar, ef um sérstakar kringumstæður er að ræða, að því gefnu að reglunni um jafnræði hluthafa í 1. mgr. sé fylgt. Skilyrði fyrir slíkum breytingum verða hins vegar að vera skýr og vel skilgreind. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja fram yfirlit yfir kringumstæður sem heimilað geta slíkar verðbreytingar. Sem dæmi um slíkar aðstæður má nefna að hæsta verð hafi verið ákveðið með samkomulagi milli seljanda og kaupanda, að höfð hafi verið áhrif á markaðsverð með ólögmætum hætti, hvort sem er til óeðlilegrar hækkunar eða lækkunar, eða að nauðsynlegt kunni að vera að breyta verði til að hægt sé að bjarga félagi sem á við fjárhagslega erfiðleika að stríða frá gjaldþroti. Ákvarða má þau viðmið sem styðjast skal við í slíkum tilvikum, t.d. meðalmarkaðsverð yfir tiltekið tímabil, upplausnarvirði félags, sjóðstreymisgreiningu, samanburðargreiningu eða önnur hlutlæg viðmið sem viðurkennd eru í fjármálagreiningu. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt leitað til sérfræðinga í tengslum við mat á verði í slíkum tilvikum. Allar ákvarðanir varðandi breytingar á tilboðsverði skulu vera rökstuddar og birtar opinberlega í samræmi við ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu varðandi greiðslumáta, sbr. 4. mgr., og greiðslufrest, sbr. 7. mgr., ef sérstakar ástæður eru fyrir því. Ströng skilyrði verða að gilda um allar undanþágur og þær mega ekki fara gegn reglunni um að jafnræði hluthafa í 1. mgr. sé fylgt. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega rökstuðning sinn fyrir veitingu á undanþágum í samræmi við ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits.

Um f-lið (41. gr.).

Í greininni er kveðið á um skyldur stjórnar í félagi sem tilboð tekur til. Markmiðið með þessari grein er að reyna að tryggja að það séu eigendur félagsins, hluthafarnir, sem taki ákvörðun um hvort reyna eigi að hafa áhrif á yfirtökutilboð, en ekki stjórn þess. Slíkt er eðlilegt með hliðsjón af því að yfirtökum fylgja oft breytingar á stjórn og stjórnendum yfirtekins félags, en með þessu ákvæði er reynt að draga úr líkum á slíkum hagsmunaárekstrum á milli stjórnarmanna og hluthafa.

Í 1. mgr. er sett fram sú grundvallarregla að stjórn félags sem tilboð tekur til skuli hafa hagsmuni félagsins sjálfs að leiðarljósi í öllum gerðum sínum og megi ekki neita hluthöfum félagsins um tækifæri til að taka ákvörðun um tilboðið.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að stjórn félags sem tilboð er gert í sé óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboð nema með fyrirframsamþykki hluthafafundar og gildir það frá þeim tíma er ákvörðun um tilboð í hlutabréf félags hefur verið gerð opinber eða stjórn félags er ljóst að tilboð sé væntanlegt og þar til niðurstöður tilboðs hafa verið gerðar opinberar. Í dæmaskyni eru taldar upp sex ákvarðanir sem sérstaklega eru taldar geta haft áhrif á tilboð, en ljóst er að ekki er hægt að gera tæmandi lista yfir slíkar ákvarðanir og því er ekki unnt að gagnálykta út frá þeirri upptalningu. Almennt gildir að ávallt skuli leita eftir samþykki hluthafafundar áður en teknar eru ákvarðanir sem haft geta umtalsverð áhrif á rekstur og efnahag félags sem tilboð tekur til.

Í 3. mgr. er tekið fram að stjórn sé, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., heimilt að leita annarra tilboða án samþykkis hluthafafundar.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að hluthafafundur skuli einnig staðfesta eða samþykkja aftur ákvarðanir sem teknar voru áður en ákvörðun um tilboð var gerð opinber ef þeim ákvörðunum hefur ekki enn verið framfylgt að hluta til eða öllu leyti. Hér gæti t.d. verið um að ræða að hluthafafundur hefði samþykkt að heimila stjórn að gefa út nýtt hlutafé. Ef sú heimild hefði ekki enn verið nýtt að hluta til eða öllu leyti þegar ákvörðun um tilboð er gerð opinber þyrfti hluthafafundur að samþykkja hana aftur, með því atkvæðamagni sem kveðið er á um varðandi slíkar samþykktir. Í þessu tilviki þyrfti því samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að stjórn félags sem tilboð er gert í skuli semja og gera opinbera greinargerð þar sem fram kemur álit hennar á tilboði og áhrifum þess á hagsmuni félags, störf stjórnenda og starfsmanna og starfsskilyrði þeirra sem og á staðsetningu starfsstöðva félags. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun ESB um yfirtökutilboð.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að upplýsa þurfi um hugsanlega hagsmunaárekstra og að stjórnarmenn sem eru aðilar að tilboði skuli ekki taka þátt í að semja greinargerð stjórnar.

Í 7. mgr. kemur fram að ef stjórn er ekki ályktunarhæf sökum þess að stjórnarmenn eru aðilar að tilboði, eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um það skal fá álit óháðs fjármálafyrirtækis á tilboðinu og skilmálum þess til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra stjórnarmanna. Stjórn félags er þó að sjálfsögðu ávallt heimilt að fá álit óháðs fjármálafyrirtækis.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um að greinargerð stjórnar skuli birta opinberlega, a.m.k. einni viku áður en gildistími tilboðs rennur út, en sambærilegt ákvæði er t.d. að finna í norskri yfirtökulöggjöf. Stjórnin ætti því að hafa nægilegt svigrúm til að fjalla um tilboðið og leita sér ráðgjafar ef þörf þykir á því. Greinargerð stjórnar skal send viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði til birtingar þar og jafnframt skal birta auglýsingu um greinargerðina og hvar

nálgast megi hana í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi. Stjórnin ber sjálf ábyrgð á því að greinargerðin sé birt opinberlega á réttum stað og tíma.

Í 9. mgr. er kveðið á um að ef tilboðsgjafi gerir breytingar á tilboði sínu skv. i-lið 5. gr., sem verður 44. gr. laganna, skuli stjórn innan sjö daga frá því að breytt tilboð hefur verið gert opinbert semja og birta opinberlega, sbr. 7. gr. frumvarpsins sem verður 52. gr. laganna, viðbót við greinargerð sína þar sem fram kemur álit stjórnarinnar á viðkomandi breytingum. Ekki þarf þó að semja slíka viðbót ef einungis er um að ræða framlengingu á gildistíma tilboðs.

Um g-lið (42. gr.).

Í greininni er lagt til að sett verði strangari skilyrði en eru í núgildandi lögum varðandi afturköllun skyldubundinna tilboða. Skv. 7. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, er afturköllun tilboðs einungis gild ef hún kom til gagnaðila áður en eða samtímis því að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans. Þegar um yfirtökutilboð er að ræða er hins vegar talið að gefa eigi tilboðsgjafa yfirtökutilboðs kost á að draga tilboð sitt til baka þrátt fyrir að það hafi verið komið til vitundar minnihlutaeigenda, enda sé einhverju af tilgreindum skilyrðum fullnægt.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ekki sé heimilt að afturkalla tilboð sem gert hefur verið opinbert, nema sérstök ófyrirsjáanleg atvik (force majeure) mæli með því.

Í 2. mgr. kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé þó hægt að afturkalla valfrjáls tilboð við ákveðin skilyrði og er þar um að ræða svipuð skilyrði og er að finna í núgildandi lögum. Einnig er hægt að leyfa afturköllun ef sérstakar ástæður mæla með því. Slíkt gæti til að mynda verið heimilt ef umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á starfsemi félags sem tilboð tekur til eftir að tilboðið var gert opinbert.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli samþykkja afturköllun tilboðs.

Í 4. mgr. er kveðið á um að afturköllun tilboðs skuli birta opinberlega, sbr. 7. gr. frumvarpsins sem verður 52. gr. laganna.

Um h-lið (43. gr.).

Í greininni er fjallað um ógildingu tilboðs. Þar er kveðið á um að tilboð falli úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs. Í gildandi lögum er mælt fyrir um að hægt sé að afturkalla tilboð undir þessum kringumstæðum og það er því tilboðsgjafa að ákveða hvað gera skuli. Hér er hins vegar kveðið á um að tilboð falli einfaldlega úr gildi og því ætti ekki að myndast óvissa um það hvað geti gerst við þessar kringumstæður sem ætti að vera til hagsbóta bæði fyrir hluthafa og viðkomandi félag. Tilboðsgjafa ber þó ávallt skylda til að gera ráðstafanir áður en tilboð er sett fram til að reyna að tryggja eftir bestu getu að væntanleg eigendaskipti uppfylli öll skilyrði.

Ef tilboð fellur úr gildi af fyrrgreindum orsökum ber tilboðsgjafa og aðilum í samstarfi við hann að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk. Þeim er heldur ekki heimilt að setja fram nýtt tilboð eða fara yfir þau mörk sem tilboðsskylda miðast við næstu 12 mánuði nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Öll tilboð hafa áhrif á starfsemi þess félags sem tilboð tekur til og með þessu er reynt að tryggja að tilboðsgjafi sem lagt hefur fram tilboð sem fallið hefur úr gildi leggi ekki fram nýtt tilboð næstu 12 mánuði nema hann geti sýnt fram á að aðstæður hafi breyst frá því að fyrra tilboð féll úr gildi á sínum tíma.

Um i-lið (44. gr.).

Í greininni eru ákvæði um breytingar á tilboði. Tilboðsgjafa er heimilt að breyta tilboði sínu hvenær sem er á tilboðstímabili ef breytingarnar hafa í för með sér hagstæðari skilmála

fyrir aðra hluthafa. Hluthafar sem samþykkt hafa upphaflegt tilboð geta valið á milli tilboða, enda getur það verið matsatriði fyrir hluthafa hvort tilboð sé hagstæðara, t.d. ef boðið er upp á breyttan greiðslumáta. Ef eingöngu er um að ræða framlengingu á gildistíma tilboðs er nægilegt að tilboðsgjafi tilkynni um framlenginguna til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Slík framlenging takmarkast þó við þann gildistíma sem kveðið er á um í 6. mgr. e-liðar 5. gr. frumvarpsins sem verður 6. mgr. 40. gr. laganna, þ.e. fjórar til tíu vikur.

Um j-lið (45. gr.).

Í greininni er fjallað um samkeppnistilboð og réttindi hluthafa til að draga samþykki sitt á valfrjálsu tilboði til baka undir ákveðnum kringumstæðum. Kveðið er á um að hluthafar sem samþykkt hafa valfrjálst tilboð geti dregið samþykki sitt til baka ef tilboðsgjafi hefur sett skilyrði í samræmi við ákvæði 4. mgr. c-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 38. gr. laganna, fyrir því að hann standi við tilboð sitt og hefur ekki tilkynnt opinberlega að skilyrðin hafi verið uppfyllt eða hann hafi fallið frá þeim þegar tilkynnt er um samkeppnistilboð. Það skal ítrekað að einungis er hægt að setja skilyrði varðandi valfrjáls tilboð, en engin skilyrði er hægt að setja varðandi skyldubundin tilboð. Tilboðsgjafa er þó ávallt heimilt að gefa hluthöfum aukinn rétt til að draga samþykki sitt til baka hvort sem um er að ræða skyldubundin eða valfrjáls tilboð og skal slíkt þá tilgreint í tilboðsyfirlitinu. Mismunandi er hvaða rétt hluthafar hafa til að draga samþykki sitt á tilboði til baka í nágrannalöndum okkar. Í Svíþjóð og Bretlandi geta hluthafar sem samþykkt hafa tilboð dregið samþykki sitt til baka ef skilyrði sem sett voru af tilboðsgjafa hafa ekki verið uppfyllt eða fallið hafi verið frá þeim. Í Danmörku ræður tilboðsgjafi því sjálfur hvort hann gefur hluthöfum kost á að draga samþykki sitt til baka og skal upplýst um þau mál í tilboðsyfirliti. Í Noregi eru engin ákvæði um réttindi hluthafa til að draga samþykki sitt til baka.

Um k-lið (46. gr.).

Í greininni er kveðið á um upplýsingaskyldu tilboðsgjafa varðandi niðurstöður tilboðs. Tilboðsgjafa er skylt að greina opinberlega frá niðurstöðum tilboðs með tilkynningu til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstíma. Þar skulu koma fram upplýsingar um það hve miklum atkvæðisrétti og hlutum tilboðsgjafi og aðilar í samstarfi við hann höfðu yfir að ráða við lok gildistíma tilboðs og skal sérstaklega greint frá hve mikinn atkvæðisrétt og hluti viðkomandi aðilar tryggðu sér á tilboðstímabilinu í gegnum tilboðið, með kaupum á markaði og samningum um væntanleg kaup. Ef um valfrjálst tilboð var að ræða skal koma fram í tilkynningunni hvort skilyrði sem sett voru í tilboðinu hafi verið uppfyllt og, ef svo er ekki, hvort tilboðsgjafi hyggist engu síður standa við tilboð sitt eða afturkalla það.

Um l-lið (47. gr.).

Í greininni er fjallað um innlausnarrétt tilboðsgjafa og hluthafa í kjölfar yfirtökutilboðs. Mælt er fyrir um að ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. b-lið 5. gr. frumvarpsins, sem verður 37. gr. laganna, eignast meira en $^{9}/_{10}$ hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í tilboði þá geti tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna. Skilmála fyrir innlausn skal greina í tilkynningunni. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð, nema tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við hafi greitt hærra verð á tilboðstímabili eða innan sex mánaða frá lokum tilboðstímabils.

Hver einstakur af minni hluta hluthafa getur krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. b-lið 5. gr. frumvarpsins, sem verður 37. gr. laganna, eignast meira en $^{9}/_{10}$ hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í kjölfar tilboðs. Ef hluthafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð, nema tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við hafi greitt hærra verð á tilboðstímabili eða innan sex mánaða frá lokum tilboðstímabils. Þessi ákvæði taka mið af tilskipun ESB um yfirtökutilboð. Gengið er út frá því í ákvæðinu að tilboðsverð sé sanngjarnt verð ef hluthafar sem ráða yfir 90% atkvæða hafa samþykkt tilboðið. Í því samhengi er rétt að taka fram að samkvæmt frumvarpinu eru nú gerðar mun strangari kröfur varðandi lágmarksverð sem bjóða skal í tilboði. Þá er stjórn félags sem tilboð tekur til skylt að gefa álit sitt á tilboði eða fá óháð fjármálafyrirtæki til þess og það ætti því að koma fram ef stjórn telur tilboðsverð ósanngjarnt gagnvart hluthöfum, en stjórninni er skylt að hafa hagsmuni hluthafa að leiðarljósi við mat á tilboði.

Ef farið er fram á innlausn meira en þremur mánuðum eftir lok tilboðstímabils gilda ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995 með síðari breytingum.

Um m-lið (48. gr.).

Í greininni er mælt fyrir um úrræði ef tilboðsskyldur aðili gerir ekki tilboð. Í slíku tilviki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að fella niður atkvæðisrétt viðkomandi aðila í félaginu. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna viðkomandi félagi um brottfall atkvæðisréttarins og er tilgangurinn með þeirri tilkynningu að tryggja að unnt sé að taka tillit til þess á fundum hluthafa. Sé atkvæðisréttur, sem fallið hefur niður, eigi að síður nýttur á fundum hluthafa kunna ákvarðanir sem þar eru teknar að verða ógildanlegar skv. 96. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Rétt er að taka fram að Fjármálaeftirlitið skal fella niður allan atkvæðisrétt tilboðsskylds aðila sem ekki gerir tilboð, en ekki einungis þann hluta sem er umfram leyfileg mörk. Ef aðili sem hefur eignast 65% atkvæðisréttar gerir ekki yfirtökutilboð innan tilskilins tíma væri sem sagt hægt að fella niður allan atkvæðisrétt hans í viðkomandi félagi. Ef aðeins væri felldur niður atkvæðisréttur sem væri umfram leyfileg mörk, þ.e. 25,01%, réði viðkomandi aðili engu síður yfir meiri hluta virkra atkvæða, þ.e. 39,99% atkvæða af 74,99%. Fjármálaeftirlitið getur skyldað viðkomandi aðila til að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk og skal fresturinn ekki vera lengri en fjórar vikur. Sinni viðkomandi hluthafar ekki þeirri skyldu sinni er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita þá lögmæltum viðurlögum í samræmi við heimildir þess skv. 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Fjármálaeftirlitið getur einnig sett skilyrði varðandi nýtingu atkvæðisréttar tilboðsskylds aðila eða fellt niður atkvæðisréttindi hans fyrr en mælt er fyrir um í 1. mgr. þessa stafliðar, sem verður 1. mgr. 48. gr. laganna, ef fyrir því eru sérstakar ástæður.

Um 6. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í tilboðsyfirliti.

Tilboðsgjafa er skylt að láta koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hluthafar geti metið tilboðið og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort þeir eigi að samþykkja það eða ekki. Flest ákvæðin eru í núgildandi lögum, en einnig eru settar fram kröfur um aukna upplýsingagjöf tilboðsgjafa. Í 1.–3. tölul. eru ákvæði úr gildandi lögum, en í 2. tölul. kemur jafnframt fram að upplýsa þurfi um aðila sem eru í samstarfi við tilboðsgjafa en taka ekki endilega þátt í viðskiptunum með honum og í 3. tölul. er bætt við að einnig þurfi að upplýsa um atkvæðisrétt, áhrif eða hluti aðila sem tilboðsgjafi er í samstarfi við. Í 4. tölul. er nýtt ákvæði um að upplýsa þurfi um hámarks- og lágmarkshluti sem tilboðsgjafi ætli að eignast ef um valfrjálst tilboð er að ræða. Í 5. tölul. kemur fram að upplýsa skuli um verð sem miðað

er við í tilboðinu, hvernig það var ákvarðað og hvenær greiðsla fari fram. Einnig skal upplýsa um það hvort einhver kostnaður falli á þá hluthafa sem samþykkja tilboð. Í 6. tölul. er mælt fyrir um að upplýsa skuli um fjármögnun tilboðs, en í því felst m.a. að upplýsa þarf um það hvort tilboð sé fjármagnað með eigin fé, lánsfé eða öðrum hætti, og er það í samræmi við kröfur sem t.d. eru gerðar í Danmörku og Bretlandi. Jafnframt skal upplýst um það hver ábyrgist greiðslu ef greitt er með reiðufé og skal yfirlýsing frá viðkomandi aðila fylgja með tilboðsyfirlitinu. Í 7. tölul. er kveðið á um að upplýsa þurfi um hvernig greiðsla fari fram og ef boðin séu hlutabréf í félagi þurfi að gefa upplýsingar um þau hlutabréf. Í því felst að upplýsa skal um lykiltölur úr rekstri félags síðastliðin þrjú ár, heildarfjölda útgefinna hlutabréfa, eigin bréf félagsins og gengisþróun viðkomandi hlutabréfa síðastliðin þrjú ár, sem og upplýsingar um kostnað við sölu þeirra, en slíkar upplýsingar geta verið sérstaklega mikilvægar ef hlutabréfin eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í öðru landi. Ef hlutabréf eru boðin sem greiðsla þarf einnig að upplýsa um það hvernig skiptin voru ákveðin, sem og hver greiðir kostnað við skiptin. Í 8.–11. tölul., sem og 13. tölul., eru ákvæði sem mælt er fyrir um í gildandi lögum. Í 12. tölul. kemur fram að í tilboðsyfirliti skuli vera samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, sem og fyrir tilboðsgjafa, ef tilboðsgjafi er félag. Þar þurfa að koma fram áform um starfsemi, og hvernig nota skuli fjármuni félags (t.d. handbært fé, rekstrartengdar eignir og skuldir), til að hægt sé að meta áhrif tilboðs á efnahag þess. Þá þurfa að koma fram upplýsingar um áframhaldandi skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu ef það á við. Einnig þarf að upplýsa um hugsanleg áhrif yfirtöku á stjórnendur og starfsmenn og starfsskilyrði þeirra, sem og á staðsetningu starfsstöðva félags sem tilboð er gert í og félag tilboðsgjafa, ef það á við, og er það í samræmi við kröfur í tilskipun ESB um yfirtökutilboð. Í 14. tölul. er mælt fyrir um að upplýsa skuli um greiðslur og hlunnindi frá tilboðsgjafa til stjórnar og stjórnenda félags sem tilboð er gert í eða hvort ætlunin sé að slíkar greiðslur verði inntar af hendi, eða hlunnindi veitt, eftir tilboð. Ef engar slíkar greiðslur hafa verið greiddar eða hlunnindi veitt og slíkt er ekki fyrirhugað skal það koma fram í tilboðsyfirlitinu. Með þessu er reynt að tryggja að upplýst sé um alla mögulega hagsmunaárekstra stjórnenda. Í 15. tölul. er mælt fyrir um að upplýsa skuli um lög sem gilda varðandi samninga milli tilboðsgjafa og hluthafa vegna tilboðsins og lögbæra dómstóla. Í 16. tölul. kemur fram að tilgreina skuli aðrar upplýsingar sem skipt geta máli og getur þar t.d. verið um að ræða upplýsingar um aukinn rétt hluthafa til að draga samþykki sitt á tilboði til baka, vexti sem tilboðsgjafi hyggst greiða frá samþykkt tilboðs og til greiðsludags eða upplýsingar um skattaleg áhrif tilboðsins.

Í 2. mgr. kemur fram að tilboðsyfirlit skuli samþykkt af Fjármálaeftirlitinu áður en það er birt opinberlega. Einnig er tekið fram að ef umtalsverðar breytingar verða á þeim upplýsingum sem eru í tilboðsyfirlitinu eftir að það hefur verið birt opinberlega eða ef í ljós kemur að tilboðsyfirlit uppfyllir ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1. mgr. geti Fjármálaeftirlitið krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan sjö daga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið geti með samningi falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á tilboðsyfirliti. Í slíkum samningi skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra. Þóknun fyrir athugun og staðfestingu á tilboðsyfirliti skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um opinbera birtingu tilboðsyfirlits.

Kveðið er á um að birta skuli auglýsingu opinberlega um tilboðsyfirlit í einu eða fleiri

dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum áður en tilboð tekur gildi, enda liggi fyrir staðfesting Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 51. gr. laganna. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar nálgast má tilboðsyfirlit. Jafnframt er kveðið á um að senda skuli tilboðsyfirlit til allra nafnskráðra hluthafa á kostnað tilboðsgjafa, en samkvæmt núgildandi lögum er einungis skylt að senda auglýsingu um tilboðsyfirlit til nafnskráðra hluthafa. Miða ber við hlutaskrá daginn sem tilboðsyfirlit er sent út til hluthafa sem skal ekki vera síðar en fyrsti gildisdagur tilboðs.

Einnig er í greininni ákvæði um upplýsingaskyldu um tilboðsyfirlit gagnvart starfsmönnum viðkomandi félaga og er það í samræmi við tilskipun ESB um yfirtökutilboð. Tilboðsyfirlit ber að kynna fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga, þ.e. starfsmönnum félags sem tilboð tekur til og félags sem gerir tilboð, ef það á við. Stjórnir viðkomandi félaga bera ábyrgð á því að þessari upplýsingaskyldu sé sinnt.

Tilboðsyfirlit skal vera á íslensku. Tilboðsyfirlit sem samþykkt hefur verið í einu EES-ríki skal að lokinni þýðingu á íslensku viðurkennt sem fullgilt hérlendis. Eftirlitsaðilar geta þó farið fram á það að meiri upplýsingum sé bætt inn í tilboðsyfirlitið ef um er að ræða atriði sem eiga sérstaklega við hérlendis um formsatriði sem þarf að uppfylla varðandi samþykki tilboðs og uppgjör fyrir yfirtekna hluti, sem og varðandi skattaleg atriði tengd tilboðinu.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 39. gr. laganna sem verður 53. gr. verði frumvarp þetta að lögum.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar, sem miða að því að nota hugtakið verðbréf í stað hugtaksins fjármálagerningar í 1. og 2. tölul. ákvæðisins. Breytingin er til samræmis við orðalag frumvarps þess sem varð að núgildandi lögum, en þá var ákveðið í meðförum Alþingis að nota hugtakið fjármálagerninga í stað hugtaksins verðbréf. Breytingin miðar að nákvæmari hugtakanotkun og því að samræma hugtakanotkun í ákvæðinu við hugtakanotkun í öðrum ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti, en rétt hugtakanotkun er mikilvæg til að endurspegla eðli þeirra fjármálagerninga sem markaðssvik fjalla um.

Hugtakið fjármálagerningur er yfirhugtak sem nær yfir hvers konar gerninga sem geta haft fjárhagslegt gildi milli aðila á fjármálamarkaði. Eðlismunur er milli þess hvort gerningarnir eru gerðir milli tveggja samningsaðila eða hvort þeir eru framseljanlegir til þriðja aðila, en þá eru þeir kallaðir verðbréf. Ef fjármálagerningar eru framseljanlegir til þriðja aðila, þ.e. þegar þeir eru verðbréf, er gerður greinarmunur á því hvort verðbréfin eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eða ekki, þ.e. hvort um er að ræða skráð eða óskráð verðbréf. Mismunandi reglur geta gilt um þessar mismunandi tegundir fjármálagerninga eftir mismunandi eðli þeirra, svo sem því hvort þeir eru framseljanlegir og hvort þeir eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði, og er því lagt til að viðeigandi hugtök verði afmörkuð á skýrari hátt en nú er í lögum og notuð þar sem við á.

Hugtakið verðbréf hefur verið skilgreint sem framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu (t.d. skuldabréf) eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum (t.d. hlutabréf). Algengustu tegundir verðbréfa eru hlutabréf og skuldabréf. Þessir fjármálagerningar eru því framseljanlegir og er það skilgreiningaratriði verðbréfa eina þrengingin sem gerð er frá hugtakinu fjármálagerningur. Verðbréf eru þá þeir fjármálagerningar sem eru framseljanlegir. Til verðbréfa geta því talist fleiri tegundir fjármálagerninga sem skilgreindir eru í lögunum, svo sem framtíðarsamningar (framseljanlegar afleiður), hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af verðbréfasjóðum og peningamarkaðsskírteini, svo lengi sem þau falla undir almennu skilgreininguna á

verðbréfi, þ.e. að vera framseljanlegir fjármálagerningar. Þar sem fjallað er um verðbréf í frumvarpinu eiga slíkar efnisreglur því við um allar tegundir verðbréfa. Enn frekari þrenging á hugtakinu verðbréf er gerð þegar verðbréf er skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Er þá um framseljanlegan skráðan fjármálagerning að ræða og eiga að verulegu leyti aðrar reglur við um slík verðbréf, svo sem um meðferð innherjaupplýsinga.

Hugtökin verðbréf, skráð verðbréf, óskráð verðbréf og afleiður eru venjubundin í huga fjárfesta á íslenskum fjármálamarkaði, hvort sem um almenna fjárfesta er að ræða eða fagfjárfesta. Eðli og áhætta þessara fjármálagerninga er ólík. Því er eðlilegt að leitast við að viðhalda réttri notkun þessara hugtaka, þó þannig að yfirhugtakið fjármálagerningur sé notað þar sem við á eins og gert hefur verið í núgildandi lögum og til samræmis við hugtakanotkun tilskipana Evrópusambandsins og þróunar erlendis, en hin þrengri hugtök notuð þar sem við á í samræmi við íslenska málvenju.

Sem dæmi um hugtakanotkun í verðbréfaviðskiptalögunum má nefna ákvæði II. kafla laganna þar sem fjallað er um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja. Í kaflanum er almennt talað um skyldur fjármálafyrirtækja við kaup og sölu fjármálagerninga, án tillits til þess hvers eðlis þeir eru, þ.e. hvort þeir eru framseljanlegir, óframseljanlegir, skráðir eða óskráðir. Í 8. gr. laganna er þó að finna sérstaka varúðarreglu sem á aðeins við ákveðna óskráða, framseljanlega fjármálagerninga sem til hægðarauka hafa verið skilgreindir sem óskráð verðbréf. Fellur það betur að málnotkun fjárfesta og þrengir hugtakið fjármálagerning við það að hann sé framseljanlegur og óskráður. Slíkar reglur eiga eðli málsins samkvæmt ekki við um aðra fjármálagerninga. Hið sama á við um ákvæði IV. kafla laganna sem fjallar um almenn útboð óskráðra verðbréfa. Gildissvið kaflans hefði tæknilega getað miðað við framseljanlega, óskráða fjármálagerninga en til hægðarauka og til samræmis við orðnotkun fjárfesta hefur gildissviðið verið takmarkað við óskráð verðbréf.

Í ljósi þess sem að framan greinir eru hér lagðar til þær breytingar að gildissvið þessa ákvæðis frumvarpsins miðist við sömu hugtök og ákvæði II. og IV. kafla þar sem um er að ræða fjármálagerninga sem skráðir hafa verið, eða óskað hefur verið skráningar á, á skipulegum verðbréfamarkaði. Eðli málsins samkvæmt verða slíkir gerningar alltaf að vera framseljanlegir því ella geta þeir ekki fengið skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði til framlagningar tilboða og viðskipta. Framseljanlegir fjármálagerningar eru því verndarandlag ákvæða um markaðssvik. Óframseljanlegar afleiður (sem og hvers konar fjármálagerningar aðrir en verðbréf) geta aldrei orðið verndarandlag markaðssvika þar sem þær eru ekki framseljanlegar og geta ekki gengið kaupum og sölum milli fjárfesta. Á þeim er engin verðmyndun sem hægt er að misnota (markaðsmisnotkun) né heldur er til staðar skipuleg miðlun upplýsinga sem geta haft áhrif á verðmyndun þeirra (innherjasvik). Aðrir fjármálagerningar en verðbréf geta því aðeins orðið afleitt andlag markaðssvika eins og nánar er skilgreint í b-lið 8. gr. frumvarpsins sem verður 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. Hins vegar er hægt að ástunda markaðssvik með því t.d. að kaupa eða selja verðbréf framvirkt með óframseljanlegri afleiðu á skráð verðbréf og gefa þannig ranga eða misvísandi mynd af framboði, eftirspurn eða verði undirliggjandi verðbréfa rétt eins og hægt er að kaupa og selja verðbréf með framvirkum samningi (afleiðu) ef viðkomandi býr yfir innherjaupplýsingum um undirliggjandi verðbréf. Markaðssvikin í slíkum tilvikum bitna hins vegar ekki á verðmyndun óframseljanlegrar afleiðu sem slíkrar heldur er afleiðan notuð í broti gegn hagsmunum markaðarins um að verðmyndun undirliggjandi verðbréfa sé rétt og jafnræði ríki um upplýsingar um verðbréfin.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við ákvæðið þar sem kveðið er á um það að ákvæði 55. gr. laganna eigi ekki við í ákveðnum tilvikum sem talin eru upp í tveimur töluliðum. Taka ákvæði 1. tölul. mið af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um var

fyrir markaðssvikum, endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga en ákvæði 2. tölul. taka mið af 7. gr. markaðssvikatilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. tölul. málsgreinarinnar eiga ákvæði 55. gr. laganna ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga. Viðskipti með eigin fjármálagerninga í endurkaupaáætlun geta verið ætluð til lækkunar á eigin hlutum til að mæta skuldbindingum vegna breytanlegra skuldabréfa í hluti í útgefandanum og til að mæta skuldbindingum vegna kaupréttaráætlana fyrir starfsmenn. Verðjafnandi viðskiptum er ætlað að styðja við, í takmarkaðan tíma eftir útboð, verð viðkomandi verðbréfa ef söluþrýstingur skapast vegna aðgerða skammtímafjárfesta og til að viðhalda eðlilegu jafnvægi í verðmyndun með viðkomandi verðbréf. Er þetta gert í þágu viðkomandi útgefanda og þeirra fjárfesta sem hafa skráð sig fyrir eða keypt viðkomandi verðbréf í tengslum við sölu á miklu magni verðbréfanna. Þar með getur verðjöfnun verið liður í því að skapa aukið traust fyrir fjárfesta og útgefendur á fjármálamarkaði og bætt verðmyndun, framboð og eftirspurn. Skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins, er verður 73. gr. laganna, skal ráðherra setja reglugerð um undanþágur frá ákvæðum um markaðsmisnotkun og innherjasvik vegna endurkaupaáætlana og verðjöfnunar í samræmið við áðurnefnda reglugerð framkvæmdastjórnar ESB um var gegn markaðssvikum.

Samkvæmt 2. tölul. málsgreinarinnar eiga ákvæði 55. gr. heldur ekki við þegar um er að ræða viðskipti ríkja eða seðlabanka innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu þessara aðila í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

Um 9. gr.

Hér er lögð til breyting á 40. gr. laganna er verður 54. gr. verði frumvarp þetta að lögum. Um er að ræða orðalagsbreytingu sem snýr að því að nota hugtakið verðbréf í stað hugtaksins fjármálagerningar. Breytingin er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í a- og b-lið 8. gr. frumvarpsins og er vísað í skýringar við þau ákvæði.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði ný grein um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis sem komi í stað 41. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu er lagt bann við markaðsmisnotkun og skilgreint nánar hvað felst í markaðsmisnotkun. Ákvæðið er nokkuð ítarlegra en ákvæði núgildandi laga og tekur mið af orðalagi markaðssvikatilskipunarinnar. Ákvæði tilskipunarinnar er ítarlegra en ákvæði eldri tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti (e. Council Directive 89/592/EEC coordinating regulation on insider dealing) og er miðað að því að skýra betur markaðsmisnotkun.

Í 1. mgr. er í fyrsta lagi kveðið á um að markaðsmisnotkun sé óheimil. Þá er í þremur töluliðum fjallað um það hvenær viðskipti og tilboð geta falið í sér markaðsmisnotkun. Upplýsingar um viðskipti og tilboð sem sýnileg verða markaðsaðilum eru mikilvæg forsenda verðmyndunar á markaði. Tilboð eða viðskipti sem gefa ekki rétta mynd af framboði, eftirspurn eða verði geta því haft alvarlegar afleiðingar fyrir markaðinn og skaðað hann. Til að um markaðsmisnotkun geti verið að ræða verða viðskipti að hafa átt sér stað eða tilboð hafa verið lagt fram og náð til aðila markaðarins með einum eða öðrum hætti því ella er ólíklegt að gerðir viðkomandi aðila hafi áhrif á verðmyndun. Í þessu samhengi er rétt að vísa til þess að tilraun og hlutdeild í brotum getur verið refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum, sbr. 3. mgr. 58. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Í a-lið 1. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að það teljist markaðsmisnotkun að eiga viðskipti eða gera tilboð sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar um framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga. Ákvæðið er óbreytt frá 1. tölu. 1. mgr. 41. gr. núgildandi laga.

Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. er, í samræmi við a-lið 2. tölul. 1. gr. markaðssvikatilskipunarinnar, lagt til að það verði talin markaðsmisnotkun að eiga viðskipti eða gera tilboð sem tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum. Slíkt athæfi miðar að því að verð fjármálagerninga byggist á öðrum forsendum eða lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og gefur því aðra mynd af framboði, eftirspurn eða verði en þeirri sem felst í eðlilegri verðmyndun skipulegs verðbréfamarkaðar. Við ákvæðið er enn fremur bætt þeim fyrirvara að ef sá aðili sem átti viðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau getur sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði sé ekki um markaðsmisnotkun að ræða. Er þetta nýmæli sem nauðsynlegt er talið að lögfesta þar sem að baki viðskiptum eða athöfnum, sem falla samkvæmt orðanna hljóðan undir ákvæðin, geta legið lögmætar ástæður sem eru í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd viðkomandi verðbréfamarkaðar. Einnig verður að gera ráð fyrir að þróun á markaðsframkvæmd, t.d. með tilkomu nýrra tegunda fjármálagerninga, geti samkvæmt orðanna hljóðan fallið tæknilega undir markaðsmisnotkun samkvæmt ákvæðinu, en hljóti þrátt fyrir það viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Í undantekningartilvikum getur því verið ástæða til að taka tillit til heildarsýnar á viðskiptin og þeirra ástæðna og markaðsvenja sem að baki liggja. Í framangreindri markaðssvikatilskipun og annarri undirtilskipun um markaðssvik, sem fjallar um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun, er nánar kveðið á um hvernig slík markaðsframkvæmd fæst viðurkennd af Fjármálaeftirlitinu. Ekki er gert ráð fyrir að aðrar markaðsframkvæmdir en þær sem samkvæmt orðanna hljóðan falla undir brotalýsingu a- og b-liðar 1. tölul. 1. mgr. ákvæðisins verði viðurkenndar.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. eru að mestu í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 41. gr. núgildandi laga. Þó er lögð til nokkur orðalagsbreyting í samræmi við b-lið 2. tölul. 1. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Lagt er til að orðalagi greinarinnar verði breytt þannig að hugtökin tilbúningur (e. fictitious devices) og sýndarmennska (e. contrivance) verði notuð til útfærslu á aðferðum í stað þess að tilgreind séu viðskipti eða tilboð sem leiða til óeðlilegs verðs. Áhersla ákvæðisins er því nú lögð á þær óeðlilegu aðferðir sem liggja að baki verðmyndun viðkomandi fjármálagerninga. Slík viðskipti og tilboð eru sneydd viðskiptalegum forsendum sem almennt liggja að baki eðlilegum viðskiptum á skipulegum verðbréfamörkuðum.

Í 3. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að það teljist markaðsmisnotkun að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi. Þegar fjölmiðlamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta slíka upplýsingamiðlun með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti. Um er að ræða aðrar aðferðir markaðsmisnotkunar en þær sem beinlínis er að rekja til viðskipta eða tilboða. Ýmsar fréttir af útgefendum viðkomandi fjármálagerninga eru til dæmis til þess fallnar að hafa áhrif á verðmyndun þeirra og því mögulegt að hafa áhrif með óeðlilegum hætti með því að dreifa upplýsingum til markaðarins. Slík misnotkun er ekki síður til þess fallin að skaða markaðinn en misnotkun sem má rekja til viðskipta eða tilboða sem ekki eru byggð á eðlilegum forsendum.

Orðalag 1. málsl. ákvæðisins er sambærilegt núgildandi ákvæði fyrir utan það nýmæli að gerður er áskilnaður um að sá sem dreifir slíkum upplýsingum sé grandsamur eða megi vita að upplýsingarnar séu rangar eða misvísandi. Er þannig komið í veg fyrir að grandlausir milliliðir, t.d. dreifingaraðilar eða fjölmiðlar, gerist brotlegir gegn ákvæðinu í góðri trú, sbr. þó umfjöllun um 2. málsl. 3. tölul. greinarinnar. Ekki er gerð krafa um ákveðið form dreifingar. Þá er nýjum málslið verði bætt við ákvæðið og snýr hann sérstaklega að fjölmiðlamönnum. Skal því meta upplýsingamiðlun fjölmiðlamanna með hliðsjón af reglum sem gilda um starfsgrein þeirra, svo sem siðareglum Blaðamannafélags Íslands eða innri starfsreglum viðkomandi fjölmiðils. Hafa ber í huga að framangreind regla miðast við að þeir aðilar sem um er að ræða hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun upplýsinganna með beinum eða óbeinum hætti. Ef sýnt er fram á hagnað eða ávinning þeirra gilda almennar reglur um þá hvað þetta varðar.

Lagt er til að núgildandi 4. tölul. 41. gr. laganna verði felldur brott. Þess í stað er lagt til að meginreglan um birtingu innherjaupplýsinga verði lögfest og flokkast brot sem fela í sér ólögmæta frestun á slíkri birtingu innherjaupplýsinga sem brot gegn meginreglunni um tafarlausa birtingu innherjaupplýsinga, í stað þess að slíkt sé fellt undir markaðsmisnotkun. Ef viðskipti eiga sér stað undir slíkum kringumstæðum geta þau einnig falið í sér innherjasvik.

2. mgr. greinarinnar er óbreytt frá 2. mgr. 41. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. er, eins og í núgildandi ákvæði, kveðið á um skyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja til að tilkynna um brot gegn ákvæðum 1. mgr. um markaðsmisnotkun. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðinu, m.a. að bætt verði við það fjórum nýjum málsliðum sem fjalla um tilkynningarskyldu (e. whistle blowing) og bótaábyrgð. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um skyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja til að tilkynna rökstuddan grun þeirra um brot gegn ákvæðinu til næsta yfirmanns eða regluvarðar fyrirtækisins. Fyrirtækinu er þar með skylt að tilkynna brotið áfram til Fjármálaeftirlitsins. Starfsmanni er enn fremur heimilt að tilkynna um slíkan rökstuddan grun beint til Fjármálaeftirlitsins, kjósi hann það. Hins vegar er ekki lögð skylda á hann til að tilkynna um grun sinn beint til Fjármálaeftirlitsins. Slíkar skyldur á starfsmenn gætu orðið mjög íþyngjandi enda ljóst að viðkomandi einstaklingur getur lent í hagsmunaárekstrum ef hann stendur frammi fyrir slíkri skyldu. Skyldan hvílir því á fjármálafyrirtækinu í þessu tilviki. Í öðru lagi er lagt til að tilkynning starfsmanns eða fjármálafyrirtækis um grun um markaðsmisnotkun teljist ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti, enda sé tilkynning um grun um brot gegn ákvæðinu gerð í góðri trú. Upplýsingagjöf samkvæmt framangreindu leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum, enda óeðlilegt að tilkynnandi eigi yfir höfði sér skaðabóta- eða refsikröfu ef tilkynning er á annað borð gerð í góðri trú. Í þriðja lagi er lagt til að óheimilt verði að upplýsa viðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar um grun um brot gegn 1. mgr. Slík upplýsingagjöf getur annars vegar spillt rannsóknarhagsmunum en einnig er nauðsynlegt að gæta trúnaðar gagnvart þeim sem tilkynnir. Augljósir hagsmunaárekstrar geta orðið í þessum tilvikum milli starfsmanna fjármálafyrirtækja og fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptamönnum þeirra og er nauðsynlegt að veita starfsmönnum fjármálafyrirtækja skjól gegn því að rannsókn Fjármálaeftirlits sé rakin til tiltekins starfsmanns.

Ákvæðið í heild sinni miðar þannig að því að hvetja aðila, sem í góðri trú telja að markaðsmisnotkun hafi átt sér stað, til að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins og draga úr hagsmunaárekstrum þess einstaklings sem tilkynnir. Hins vegar er sá eðlilegi fyrirvari gerður að tilkynning sé gerð í góðri trú. Gert er ráð fyrir nánari umfjöllun um efnisatriði þessa ákvæðis

í reglugerð sem ráðherra setur skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.) til innleiðingar á ákvæðum úr fyrstu og annarri undirtilskipun um markaðssvik.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 42. gr. laganna sem verður 56. gr. ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í 1. og 2. tölul. eru lagðar til orðalagsbreytingar sem snúa að því að nota hugtakið verðbréf í stað hugtaksins fjármálagerningar. Breytingin er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í a- og b-lið 8. gr. frumvarpsins og er vísað í skýringar við þau ákvæði.

Í c-lið er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að 60. gr. laganna eigi ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlunum eða við verðjöfnun fjármálagerninga, en tekið fram að önnur ákvæði kaflans skuli gilda um slík viðskipti eftir atvikum. Gert er ráð fyrir því að í reglum sem settar verða skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.) verði kveðið nánar á um ákvæði undirtilskipunar um var gegn markaðssvikum vegna endurkaupaáætlana og verðjöfnunar og um undanþágur frá ákvæðum vegna þeirra í VIII. og IX. kafla laganna um markaðsmisnotkun og innherjasvik.

Um 12. gr.

Í núgildandi lögum eru hugtökin innherji og innherjaupplýsingar skilgreind í 43. gr. Hér er lagt til að í stað þeirrar greinar komi tvær greinar og að til aðgreiningar og aukins skýrleika verði hugtakið innherjaupplýsingar skilgreint í annarri greininni og hugtakið innherji í hinni.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að í grein er verður 57. gr. laganna verði hugtakið innherjaupplýsingar skilgreint. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðinu frá því sem nú er í 1. mgr. 43. gr. laganna, heldur skýrt með nákvæmari hætti hvað felist í hugtakinu. Taka orðalagsbreytingarnar mið af fyrstu undirtilskipuninni um markaðssvik. Samkvæmt tilskipuninni ber aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu að tryggja markaðsaðilum aukið réttaröryggi með því að skýra nánar tvo grundvallarþætti í skilgreiningunni á innherjaupplýsingum, annars vegar hvort upplýsingarnar séu nægjanlega tilgreindar (e. precise nature) og hins vegar hvort upplýsingarnar séu taldar hafa marktæk áhrif (e. significant effect). Upplýsingar eru taldar vera nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna kringumstæður sem eru fyrir hendi eða eru líklegar til að verða fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða er líklegur til að eiga sér stað og er nægjanlega sérgreindur til að unnt sé að draga ályktun um hugsanleg áhrif þessa á markaðsverð viðkomandi verðbréfa. Við mat á því hvort upplýsingar hafi marktæk áhrif skal litið til þess hvort vitneskjan er líkleg til að hafa slík áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, ef upplýsingarnar yrðu gerðar opinberar, að líkur séu á að skynsamur fjárfestir mundi nota upplýsingarnar sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á. Þá er bætt við ákvæðið tilvísun í reglugerð sem setja skal skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.), en þar munu framangreind hugtök verða skýrð með ítarlegri hætti.

Þegar talað er um að innherjaupplýsingar séu með beinum eða óbeinum hætti líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninga er t.d. átt við að upplýsingarnar geti haft áhrif á dótturfélag jafnt sem móðurfélag.

Skilgreining á því hvenær upplýsingar teljast opinberar er óbreytt. Algengast er að upplýsingar séu gerðar opinberar með birtingu þeirra á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði, enda stafi slíkar upplýsingar frá útgefanda sjálfum. Hins vegar má vera að upplýsingar teldust, að mati dómstóla, opinberar með öðrum hætti, þannig að saknæmisskilyrði innherja-

svikaákvæðisins teldust ekki uppfyllt. Slík upplýsingamiðlun gæti eftir sem áður talist brot á upplýsingaskyldu skv. 13. gr. frumvarpsins stafi upplýsingarnar frá útgefandanum. Einnig kann að vera að innherjaupplýsingar sem varða útgefendur verðbréfa verði t.d. til hjá opinberum aðilum, eða öðrum aðilum, og er ekki einhlítt að slíkum upplýsingum sé miðlað til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Slíkum upplýsingum kann því að vera miðlað til markaðarins með öðrum hætti sem jafna mætti til opinberrar birtingar hjá viðkomandi verðbréfamarkaði.

Í b-lið ákvæðisins er lagt til að í grein er verður 58. gr. laganna verði hugtakið innherji skilgreint. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 2. mgr. 43. gr. núgildandi laga, en breytingar hafa verið gerðar á orðalagi og tekur það nú mið af markaðssvikatilskipuninni. Þá er gert ráð fyrir að fallið verði frá því að skilgreina aðila sem fruminnherja á grundvelli eignaraðildar eingöngu og slíkur aðili þess í stað skilgreindur sem tímabundinn innherji. Það að skilgreina eigendur sem fruminnherja hefur í framkvæmd verið til trafala fyrir aðila sem eiga stóra eignarhluti í skráðum félögum en hafa ekki önnur tengsl við útgefanda en í gegnum verulegan eignarhlut sinn. Yfirleitt hafa eigendur stórra eignarhluta þó stjórnarmann sem er þeim nátengdur en það er þó engan veginn algilt. Slíkir aðilar teljast þá eftir sem áður fruminnherjar vegna aðildar sinnar að stjórn félagsins. Hins vegar eru til fjárfestar sem fjárfesta aðeins til ávöxtunar en ekki áhrifa en einnig kann að vera að eignarhlutur nægi ekki til að koma að stjórnarmanni vegna dreifingar eignaraðildar í félaginu að öðru leyti. Þessir aðilar geta engu að síður talist til innherja þar sem fjárfestingarákvarðanir þeirra, t.d. um ráðstöfun á verulegum eignarhlut sínum eða réttindum sem honum fylgja, geta haft áhrif á fjárfestingarákvarðanir annarra fjárfesta og þar með fallið undir skilgreiningu á innherjaupplýsingum. Slíkar sjálfsprottnar upplýsingar eiga þó ekki að koma í veg fyrir að viðkomandi eigandi geti átt viðskipti með hluti sem upplýsingarnar beinast að. Eðlilegt er að þessir aðilar teljist almennt ekki til innherja félags nema þeir hafi í hyggju að ráðstafa þeim eignarhlut með þeim hætti að skilgreining um innherjaupplýsingar nái yfir þá ráðstöfun. Á meðan þeir hafa ekkert slíkt í hyggju telst eignarhlutur þeirra einn og sér ekki til innherjaupplýsinga og þeir hafa því fulla heimild til viðskipta. Flöggunarreglur gefa síðan almennt nægar upplýsingar um hvort þessir aðilar eru að bæta við eða draga úr eignarhluta sínum. Upplýsingarnar geta hins vegar talist innherjaupplýsingar og ber þessum aðilum þá að gæta allra ákvæða laganna sem gilda um meðferð slíkra upplýsinga. Þeim er t.d. óheimilt að gera öðrum aðvart um fyrirætlanir sínar nema í samræmi við lögin eða ráðleggja þriðja aðila á grundvelli þeirra og af því leiðir að öðrum er óheimilt að eiga viðskipti á grundvelli upplýsinga um fyrirætlanir þessara aðila. Upplýsingarnar koma hins vegar ekki í veg fyrir að þau viðskipti sem upplýsingarnar beinast að fari fram þrátt fyrir að almenna reglan sé sú að viðskipti tímabundinna innherja séu með öllu óheimil.

Á grundvelli 51. gr. núgildandi laga setja útgefendur verðbréfa sér reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í slíkum reglum er gjarnan að finna heimild regluvarðar til að banna viðskipti fruminnherja ef innherjaupplýsingar liggja fyrir innan félags án þess að gefnar séu ástæður fyrir slíku banni. Liggi innherjaupplýsingar fyrir hjá útgefanda umræddra hluta, svo sem í stjórn eða framkvæmdastjórn, getur það verið óþörf takmörkun á ráðstöfunarheimild þess hluthafa á hlutum hans, enda hefur hann engan aðgang að þeim innherjaupplýsingum sem legið geta fyrir hjá útgefanda.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að eigandi verulegs eignarhlutar teljist ekki fruminnherji heldur aðeins tímabundinn innherji er að þeir hafi ekki að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri og eftirliti eða annarra starfa á vegum útgefanda. Hafi þeir slíkan aðgang falla þeir undir skilgreiningu á fruminnherjum og þurfa að hlíta þeim

reglum sem um þá aðila gilda, þar á meðal um rannsóknarskyldu og tilkynningar um viðskipti. Þá má geta þess að hvergi er kveðið á um skyldu regluvarðar til að gefa leyfi fyrir viðskiptum og getur staða fruminnherja á grundvelli eignaraðildar, eingöngu sem fjárfestir í viðkomandi útgefanda í óþökk stjórnenda þess, orðið óheppileg. Sérstaklega á það við þar sem hann hefur engan aðgang að innherjaupplýsingum útgefandans. Í ljósi þessa er talið eðlilegt að breyta stöðu þessara aðila úr því að vera fruminnherjar yfir í að verða tímabundnir innherjar og þar með auka samræmi reglna íslensks fjármálamarkaðar við reglur nágrannamarkaða.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að nýrri grein, sem verður 59. gr. laganna, verði bætt við lögin. Ákvæðið er nýmæli en þar er fjallað um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga. Orðalag ákvæðisins tekur mið af markaðssvikatilskipuninni.

Í 1. mgr. er kveðið á um að útgefanda verðbréfa sem tekin hafa verið til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði beri að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans eru skráð. Síðan skal skipulegur verðbréfamakaður miðla þeim upplýsingum í upplýsingakerfi sínu, og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Tilgangur ákvæðisins er að auka vernd fjárfesta, en ákvæðið er sambærilegt ákvæðum 24. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Nauðsynlegt er að útgefendur sendi innherjaupplýsingar eins fljótt og mögulegt er til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans eru skráð. Viðkomandi verðbréfamarkaður miðlar upplýsingunum áfram með opinberum hætti í því skyni að almenningur fái skjótan aðgang að upplýsingunum og geti lagt mat á þær í tæka tíð. Erfitt er að gefa algilda leiðbeiningu um hvenær tilkynningarskylda útgefanda stofnast. Ljóst er að hún getur stofnast áður en samningur er undirritaður eða formleg ákvörðun er tekin, t.d. í stjórn félags, enda séu yfirgnæfandi líkur á að viðkomandi tilkynningarskyldur atburður muni eiga sér stað. Birta verður upplýsingarnar á öllum skipulegum verðbréfamörkuðum þar sem útgefandi hefur sótt um eða samþykkt að fjármálagerningar hans verði teknir til skráningar. Þannig ætti jafn aðgangur fjárfesta á Evrópska efnahagssvæðinu að slíkum upplýsingum að vera tryggður og líkurnar á innherjasvikum að minnka. Ef breytingar verða á áður birtum innherjaupplýsingum sem haft geta áhrif á verðmyndun viðkomandi verðbréfa ber þegar í stað að birta opinberlega upplýsingar um þær. Upplýsingarnar skulu birtar eftir sömu leiðum og voru notaðar til að birta upprunalegu upplýsingarnar opinberlega.

Í ákvæðinu er kveðið er á um skyldu skipulegs verðbréfamarkaðar til að birta upplýsingar sem til hans eru sendar og er ákvæðið óbreytt frá gildandi rétti. Skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 34/1998 hefur skipulegur verðbréfamarkaður uppfyllt skyldu sína með því að miðla upplýsingum til kauphallaraðila. Í framkvæmd hefur skipulegur verðbréfamarkaður miðlað upplýsingunum til allra með birtingu upplýsinga á heimasíðu. Hafi komið upp tæknilegir örðugleikar hefur upplýsingunum verið miðlað til kauphallaraðila eingöngu, t.d. með tölvupósti. Í ljósi þess að ekki er hægt að útiloka að hefðbundin upplýsingakerfi (nú heimasíða) bregðist verður að líta svo á að skipulegur verðbréfamarkaður hafi uppfyllt skyldu sína til birtingar upplýsinga með því að nota önnur upplýsingakerfi, sbr. t.d. miðlun tölvupósts til kauphallaraðila. Augljóst má telja að stöðvun alls markaðar við slíkar aðstæður yrði of afdrifarík aðgerð. Því til viðbótar hefur framkvæmdin verið á þá leið að berist upplýsingar til birtingar utan opnunartíma markaðar er útgefanda talið heimilt að birta þær í öðrum fréttamiðlum,

enda birtist upplýsingarnar fyrir opnun viðskipta á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði og útgefandi hafi sent þær til skipulegs verðbréfamarkaðar áður en hann dreifir þeim frekar. Ekki er litið svo á að innleiðing markaðssvikatilskipunarinnar leiði til breytinga á þessu fyrirkomulagi.

Opinber birting innherjaupplýsinga sem falla undir ákvæði greinarinnar fer fram með tilkynningu útgefandans til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Ef upplýsingunum er hins vegar miðlað á verðbréfamarkaðinn með öðrum hætti, sbr. ákvæði 3. málsl. a-liðar 12. gr. frumvarpsins (57. gr.) getur slíkt orðið til þess að saknæmisskilyrði fyrir innherjasvikum bresti, en eftir stendur að slík birting upplýsinganna kann að teljast brot á ákvæði þessarar greinar, enda stafi upplýsingarnar frá útgefanda sjálfum.

Útgefanda er heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. í því skyni að vernda lögmæta hagsmuni sína. Frestunin er hins vegar á ábyrgð útgefanda og má ekki vera líkleg til að villa um fyrir almenningi. Einnig verður útgefandi að geta tryggt trúnað um upplýsingarnar til að koma í veg fyrir innherjasvik. Ætlast er til að útgefandi geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir aðgang annarra en þeirra sem þurfa nauðsynlega á upplýsingunum að halda og eðlilegt er að upplýsingunum sé miðlað til vegna starfs, stöðu eða skyldna þess sem miðlar upplýsingunum, sbr. ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. núgildandi laga. Einnig ber útgefanda að gera þeim aðilum sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum grein fyrir þeim laga- og eftirlitsskyldum sem því fylgir og þeim viðurlögum sem eru við misnotkun eða miðlun slíkra upplýsinga, sbr. 50. gr. núgildandi laga sem lagt er til skv. 18. gr. frumvarpsins að verði að 66. gr. Gert er ráð fyrir að allir þeir sem fá aðgang að innherjaupplýsingunum verði bundnir trúnaði um þær hvort sem slíkur trúnaður byggist á lögum, reglugerð eða sérstökum samningi. Þá ber útgefanda að gera ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausri birtingu viðkomandi upplýsinga í þeim tilvikum þar sem ekki tekst að tryggja trúnað um upplýsingarnar með þeim hætti sem í ákvæðinu greinir. Í þessu tilviki getur útgefandi t.d. ekki stýrt dreifingu upplýsinganna, þannig að þær eru komnar til aðila sem útgefandi getur ekki tryggt að gæti trúnaðar um þær.

Gert er ráð fyrir nánari umfjöllun um heimildir til frestunar upplýsingagjafar í reglugerð sem ráðherra setur skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.) og innleiðir sú reglugerð nánar ákvæði úr fyrstu undirtilskipun um markaðssvik varðandi þá lögmætu hagsmuni sem geta heimilað frestun upplýsingagjafar.

Um 14. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á 44. gr. laganna sem verður 60. gr. verði frumvarp þetta að lögum. Ákvæðið fjallar um og skilgreinir innherjasvik og er það nokkuð ítarlegra en ákvæði núgildandi laga.

Í a-lið er lögð til orðalagsbreyting á 1. tölul 1. mgr. og orðalag ákvæðisins þannig fært nær orðalagi 2. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Ákvæði tilskipunarinnar eru ítarlegri en ákvæði tilskipunar 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti og miða þau að því að skýra betur hvað felst í innherjasvikum. Með breytingunni er ætlunin að taka af öll tvímæli um að ráðstafanir á t.d. eignarhlut í eignarhaldsfélagi, sem stofnað hefur verið um hluti sem innherjaupplýsingar liggja fyrir um, geti með óbeinum hætti falið í sér ráðstöfun á viðkomandi hlutum og þar með fallið undir innherjasvik. Í ráðstöfun eignarhaldsfélagsins er lagt mat á verðmæti eigna þess, þ.e. þeirra hluta sem innherjaupplýsingarnar varða, og því óheimilt að sá aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum ráðstafi hlutunum með slíkum hætti, þótt með óbeinum hætti sé. Eftir sem áður er þó ákveðið ósamræmi í skilgreiningu tilskip-

unarinnar annars vegar og íslenska lagaákvæðinu hins vegar sem felst í því að tilskipunin gerir ráð fyrir að um nýtingu upplýsinga sé að ræða en það orðalag var fellt brott úr íslenskum lögum á árinu 2002 í kjölfar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í sakamálinu nr. 601/2001 (Skeljungsmálið). Um ástæður að baki þeirri breytingu vísast til greinargerðar með frumvarpi því sem varð að lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 39/2002.

Í b-lið er lagt til að í stað 2. mgr. 44. gr. komi tvær nýjar málsgreinar. Í þeirri málsgrein sem verður 2. mgr. er kveðið á um það að ákvæði 1. mgr. nái einnig til í fyrsta lagi lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans og í öðru lagi til aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis. Fyrri hluti málsgreinarinnar er óbreyttur frá núgildandi lögum, en ákvæði síðari töluliðar málsgreinarinnar eru nýmæli. Talið er að nauðsyn beri til að festa slíkt ákvæði í lög, enda verður að gera ráð fyrir að innherjasvik geti átt sér stað með notkun innherjaupplýsinga sem eiga ekki rætur sínar að rekja til lögmætrar starfsemi heldur einhvers konar afbrota. Undirbúningur og framkvæmd slíkra afbrota getur vissulega haft marktæk áhrif á verð verðbréfa og á verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði sem slíkum. Því þykir rétt að gera skýra grein fyrir því í lagatexta að aðila, sem býr yfir innherjaupplýsingum sem hann veit að upprunnar eru á grundvelli ólögmæts atferlis, er óheimilt að nýta, afla eða ráðstafa þeim á þann hátt sem tiltekið er í 1. mgr þessarar greinar.

Í því sem verður 3. mgr. ákvæðisins er lagt til að kveðið verði á um að ákvæði 1. tölul. 1. mgr. eigi ekki við skv. 1. tölul. þegar um er að ræða viðskipti innherja þar sem fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingar og skv. 2. tölul. þegar um er að ræða viðskipti þar sem fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun, pöntun eða miðlun fjármálagerninga eða þar sem framfylgt er með venjubundnum hætti samningsbundinni skyldu um viðskiptavaka í samræmi við ákvæði VIII. kafla laganna. Ákvæði 1. tölul. felur í sér nýmæli og er 3. tölul. 2. gr. markaðssvikatilskipunarinnar innleiddur með því. Þar er sá fyrirvari gerður við 1. tölul. innherjasvikaákvæðisins að ef innherji getur sýnt fram á að viðskipti sín séu í samræmi við skyldu samkvæmt samningi sem gerður var áður en innherji öðlaðist innherjaupplýsingarnar eigi bann við þeim viðskiptum sem samningurinn nær til ekki við. Sem dæmi um þetta má nefna framvirkan samning um hlutabréf sem gerður er á þeim tíma þegar ekki liggja fyrir innherjaupplýsingar hjá aðilum samningsins. Þrátt fyrir að annar samningsaðila kunni að búa yfir innherjaupplýsingum þegar að gjalddaga samningsins kemur eiga slíkar upplýsingar ekki að koma í veg fyrir réttar efndir þess samnings. Sama gildir um valréttarsamning þar sem sá sem ekki hefur val um hvort samningurinn skuli efndur býr yfir innherjaupplýsingum þegar að gjalddaga kemur. Honum ber að efna sína skyldu samkvæmt valréttarsamningnum kjósi gagnaðili hans að nýta valréttinn og geta slíkar efndir ekki falið í sér innherjasvik. Öðru máli gegnir um þann sem rétt á til að nýta valréttinn. Hann þarf að taka ákvörðun um hvort hann nýtir valrétt eða ekki og búi hann yfir innherjaupplýsingum fæli ákvörðun um að nýta valrétt í sér innherjasvik af hans hálfu.

Ákvæði 2. tölul. felur einnig í sér nýmæli. Því er ekki ætlað að innleiða ákvæði markaðssvikatilskipunar, en þó er sama hugsun orðuð í 18. lið formála að tilskipuninni. Þá má benda á að í danskri og sænskri löggjöf er að finna sambærilegt undanþáguákvæði. Í fyrri málslið ákvæðisins er mælt fyrir um að í ákveðnum tilvikum þar sem fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um pöntun eða miðlun fjármálagerninga eigi ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga þessara um innherjasvik ekki við. Til þess að fyrrgreindum skilyrðum teljist fullnægt verður að vera um nákvæma afmarkaða pöntun að ræða um kaup eða sölu á ákveðnum fjármálagerningum sem berst frá viðskiptavini til fjármálafyrirtækis með sannanlegum hætti. Það er ekki

nægilegt að um sé að ræða almenna óskilgreinda ósk um kaup eða sölu á fjármálagerningum. Því fellur t.d. samningur um eignastýringu utan undanþágunnar. Þegar fjármálafyrirtæki framkvæmir viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar eftir beinum fyrirmælum eins og hér er lýst er í raun ekki um það að ræða að fjármálafyrirtækið sé að afla eða ráðstafa fjármálagerningum, en rétt þykir að taka af allan vafa um að fjármálafyrirtæki geti haldið áfram að sinna þjónustu sinni við viðskiptamenn sem koma með bein fyrirmæli þar um þrátt fyrir að innherjaupplýsingar séu fyrirliggjandi innan fjármálafyrirtækisins sem tengjast þeim bréfum sem aflað er eða ráðstafað. Bent skal á að undanþága er eingöngu gerð frá 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga þessara til þess að starfsmaður fjármálafyrirtækis geti framfylgt beinum fyrirmælum viðskiptavinar, en undanþágan á ekki við um 2. og 3. tölul. 1. mgr. 44. gr. þar sem bann er lagt við því að miðla innherjaupplýsingum, nema gert sé í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur, eða ráðleggja á grundvelli innherjaupplýsinga. Þá skal áréttað að undanþága þessi dregur á engan hátt úr skyldu fjármálafyrirtækis skv. 45. gr. laga þessara um milligöngu fjármálafyrirtækis hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að ákvæðin brjóti í bága við ákvæði kaflans, þar á meðal gegn ákvæðum um innherjasvik. Loks skal áréttað að ákvæðið fjallar aðeins um milligönguaðilann, þ.e. fjármálafyrirtækið og starfsmann þess, en breytir engu um sekt eða sakleysi þess sem setur pöntunina fram. Sakarmat vegna gerða þess aðila fer alfarið eftir ákvæðum 1. mgr. 44. gr. og eftir atvikum 2. mgr. 44. gr. laga þessara ef um lögaðila er að ræða. Sé viðskiptavinurinn tengdur fjármálafyrirtækinu, t.d. annað svið eða deild innan þess, getur pöntun frá slíkum aðila á sama tíma og innherjaupplýsingar eru fyrirliggjandi innan bankans gert það að verkum að fjármálafyrirtækið verði ábyrgt skv. 2. mgr. greinarinnar þó að miðlunin sjálf leiði ekki til þeirrar niðurstöðu.

Í síðari hluta 2. tölul. er mælt fyrir um að ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laganna eigi ekki við í þeim tilvikum þegar öflun eða ráðstöfun fjármálagerninga er hluti af samningsbundinni skyldu fjármálafyrirtækis um viðskiptavaka, sbr. ákvæði VIII. kafla laganna um viðskiptavaka. Undanþágan á því aðeins við þegar um er að ræða formlegan samning um viðskiptavaka sem birtur hefur verið og ef viðskiptin fela í sér venjubundin viðskipti í samræmi við samningsbundna skyldu. Þar sem viðskiptavakt er að jafnaði sinnt fyrir eigin reikning fjármálafyrirtækis verður að slá þann varnagla við undanþáguákvæðið að um venjubundin viðskipti samkvæmt viðskiptavakasamningi sé að ræða. Sé brugðið út frá hefðbundnu mynstri viðskipta fjármálafyrirtækisins um viðskiptavakt á sama tíma og innherjaupplýsingar eru fyrirliggjandi innan fjármálafyrirtækis geta legið því til grundvallar eðlilegar og lögmætar ástæður. Við slíkar kringumstæður væri þó óeðlilegt að lögboðið var frá innherjasvikareglum ætti við heldur þyrfti að fara fram mat á virkni kínamúra í hverju tilviki fyrir sig, líkt og gert er í öðrum málum þar sem innherjasvikaákvæði koma til athugunar í tengslum við fjármálafyrirtæki sem hafa aðskilið starfssvið sín með kínamúrum.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði lokamálsgreinar 10. gr. frumvarpsins, sem verður 3. mgr. 55. gr. laganna nái frumvarp þetta fram að ganga. Um skýringar er vísað til athugasemda við 10. gr. hér að framan.

Um 16. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 47. gr. laganna, sem verður 63. gr. ef frumvarpið verður að lögum. Ákvæðið fjallar um tilkynningarskyldu fruminnherja.

Breytingarnar fela í sér að í stað þess að útgefanda beri að tilkynna um viðskipti innherja með verðbréf útgefanda til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru

skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum er lagt til að útgefandinn tilkynni viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins. Breytingin tekur mið af 4. tölul. 6. gr. markaðssvikatilskipunarinnar og þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði í 17. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að einungis verði birtar upplýsingar um viðskipti stjórnenda, en ekki allra fruminnherja eins og verið hefur. Þá er breytingin í samræmi við önnur ákvæði tilskipunarinnar sem gera ráð fyrir að hvert ríki á Evrópska efnahagssvæðinu tilnefni eitt lögbært, óháð stjórnvald sem ætlað er að tryggja rétta framkvæmd laga og reglna sem sett eru til að innleiða tilskipunina.

Kveðið er á um í tilskipuninni að framangreindar upplýsingar skuli sendar hinu lögbæra stjórnvaldi í viðkomandi landi. Í íslenskum lögum og reglum er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið sé hið lögbæra stjórnvald á Íslandi. Þar af leiðandi má teljast eðlilegt og í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar að upplýsingarnar séu sendar til Fjármálaeftirlitsins.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 48. gr. laganna, sem verður 64. gr. verði frumvarpið að lögum, en ákvæðið fjallar um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda.

Miða breytingartillögurnar að því að birting upplýsinga um viðskipti miðist við stjórnendur en ekki fruminnherja eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Á öllum helstu verðbréfamörkuðum hvílir skylda á stjórnendum að gera opinberlega grein fyrir viðskiptum þeirra og fjárhagslega tengdra aðila með hluti í því félagi sem stjórnendurnir tengjast. Segja má að mikilvægi slíkra tilkynninga sé tvíþætt. Annars vegar eru upplýsingarnar mikilvægar í eftirlitsskyni til að átta sig á því hvort slík viðskipti fari mögulega á svig við ákvæði um meðferð innherjaupplýsinga. Hins vegar geta slíkar upplýsingar haft verðmótandi áhrif fyrir viðkomandi félag. Nýmæli felast í því að ekki eru birtar opinberlega upplýsingar um viðskipti annarra innherja en stjórnenda og aðila sem eru þeim fjárhagslega tengdir og því ekki lengur krafist að gerðar séu opinberar upplýsingar um viðskipti allra þeirra sem kunna að hafa stöðu fruminnherja, sbr. t.d. ritari forstjóra eða starfsmaður í bókhaldi. Upplýsingar um slík viðskipti hafa síður upplýsingagildi fyrir markaðinn, en eru eftir sem áður tilkynningarskyld til eftirlitsaðila skv. 16. gr. frumvarpsins, enda eru eftirlitshagsmunir gagnvart þessum aðilum jafnríkir og áður, stöðu þeirra vegna. Enn fremur verður breyting á upplýsingagjöf um viðskipti fruminnherja sem eru innherjar á grundvelli eignarhalds eingöngu, sem samkvæmt frumvarpinu teljast tímabundnir innherjar í stað fruminnherja. Upplýsingagjöf um viðskipti þeirra sem innherja verður ekki lengur til staðar en ákvæði svokallaðra flöggunarreglna munu eftir sem áður gilda um viðskipti þeirra. Krafa gildandi laga um upplýsingar gengur öllu lengra en gerist á helstu mörkuðum og gert er ráð fyrir í markaðssvikatilskipuninni. Í þessu sambandi er rétt að vísa til ákvæðis 14. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að bætt verði við ákvæðið um innherjasvik að innherja sé óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að afla eða ráðstafa fjármálagerningum, en ákvæðinu er ætlað að ná yfir t.d. ráðstafanir innherja á eignarhaldsfélögum sem stofnuð hafa verið utan um eignarhluti þeirra. Tilkynningar um slík viðskipti mundu einnig falla undir ákvæði 17. gr. frumvarpsins og lúta skyldum um að verða gerð opinber, enda geta slíkar upplýsingar ekki síður verið verðmyndandi en upplýsingar um ráðstafanir hlutanna með beinum hætti.

Í a-lið ákvæðisins er gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. greinarinnar, en þar er fjallað um birtingu tiltekinna upplýsinga um viðskipti stjórnenda útgefanda, og fjárhagslega tengdra aðila þeirra, með hluti í útgefandanum, eða ráðstafanir á hlutunum með óbeinum hætti, sbr. umfjöllun að framan. Lagt er til að nokkur breyting verði gerð á ákvæðinu frá núgildandi lögum. Í stað þess að telja upp tilkynningarskyld viðskipti í tíu liðum eins og gert er í nú-

gildandi lögum er lagt til að skylda til að birta upplýsingar miðist annars vegar við viðskipti sem eru að markaðsvirði a.m.k. 500.000 kr. og hins vegar heildarviðskipti sem nema a.m.k. 1.000.000 kr. á næstliðnu fjögurra vikna tímabili.

Talið er eðlilegt að opinbera ekki upplýsingar um viðskipti með lágar fjárhæðir enda hafa þær lítið sem ekkert gildi fyrir fjárfesta og er hæpið að slíkar upplýsingar hafi verðmótandi áhrif á verðbréf viðkomandi útgefanda. Samkvæmt ákvæðinu ber útgefanda að senda upplýsingar um bein og óbein viðskipti stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila með hluti í útgefanda, og fjármálagerninga tengda þeim, til viðkomandi markaðar. Viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði ber að birta upplýsingarnar opinberlega svo framarlega sem markaðsvirði viðskiptanna nemur a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi á næstliðnum fjórum vikum nemur a.m.k. 1.000.000 kr. Ekki ber að skilja ákvæðið svo að útgefandi sé alfarið undanþeginn skyldu til að senda upplýsingar um viðskipti undir 500.000 kr. að markaðsvirði til skipulegs verðbréfamarkaðar heldur verður hann að tryggja að slíkar upplýsingar séu sendar þegar stjórnandi fer yfir umrædd fjárhæðarmörk í viðskiptum á fjögurra vikna tímabili. Skylt er að gera eftirlitsaðilum grein fyrir viðskiptum stjórnenda með lægri fjárhæðir en sem nemur 500.000 kr., sbr. ákvæði 16. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um tilkynningar um viðskipti fruminnherja, stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila verði í reglum sem Fjármálaeftirlitinu ber að setja skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.).

Í b-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á 3. mgr. en þar er skilgreint hvað átt er við með stjórnendum í lögunum.

Í c-lið er gerð tillaga um breytingu á fyrirsögn ákvæðisins til samræmis við þetta.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á fyrirsögn 50. gr. laganna sem verður 60. gr. nái frumvarpið fram að ganga. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 51. gr. laganna sem verður 67. gr. verði frumvarpið að lögum, en ákvæðið fjallar um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

Í f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.) er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði falið að setja reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í 51. gr. núgildandi laga er hins vegar stjórnum útgefenda skráðra verðbréfa falið að setja sér eigin reglur um sama efni. Reglurnar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar og hefur það gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni slíkra reglna. Önnur undirtilskipun um markaðssvik fjallar m.a. um innherjalista og tilkynningar um viðskipti stjórnenda. Það er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar að efni þeirra reglna verði að finna í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins og er því lagt til að heildarumfjöllun um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja verði komið fyrir í reglum Fjármáleftirlitsins. Vegna þessa er gerð tillaga um að aukin áhersla verði lögð á að stjórnir útgefenda skráðra verðbréfa hafi eftirlit með því að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé fylgt innan útgefandans, en að afnumin verði skylda stjórna til að setja reglur um efnið, enda komi reglur Fjármáleftirlitsins í stað þeirra. Útgefandi getur engu að síður ákvarðað nánari útfærslu á reglunum og aðlagað þær aðstæðum hvers félags fyrir sig, þar sem reglur Fjármálaeftirlitsins verði lágmarksviðmið. Með þessu móti verður m.a. hægt að afmarka lokuð eða opin tímabil fyrir viðskipti innherja eins og gert hefur verið í framkvæmd hjá mörgum útgefendum.

Gert er ráð fyrir nánari umfjöllun um efnisatriði þessarar greinar í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur skv. f-lið 20. gr. frumvarpsins (73. gr.), m.a. til innleiðingar ákvæða úr annarri undirtilskipun um markaðssvik.

Um 20. gr.

Í 20. gr. eru lagðar til breytingar á X. kafla laganna sem fjallar um eftirlit og reglugerðir.

Um a-lið (68. gr.).

Í fyrstu málsgrein ákvæðisins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit með framkvæmd laganna í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ákvæði verðbréfaviðskiptalaga að öðru leyti.

Við innleiðingu á markaðssvikatilskipuninni er nauðsynlegt að huga sérstaklega að ákvæðum um eftirlit með starfsemi á verðbréfamarkaði. Tilskipunin kveður á um styrkingu opinbers eftirlits á fjármálamarkaði og gerir ráð fyrir auknum og samræmdum heimildum til handa eftirlitsstofnunum á Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR) standi að frekari samræmingu á framkvæmd eftirlits og að aukið verði samstarf á milli verðbréfaeftirlita. Vegna þessa er kveðið á um það í markaðssvikatilskipuninni að ein opinber eftirlitsstofnun skuli bera ábyrgð á öllu eftirliti samkvæmt tilskipuninni, eftirliti sem í sumum tilvikum hefur einnig verið á ábyrgð skipulegra verðbréfamarkaða fram til þessa.

Hér á landi og víðar hafa skipulegir verðbréfamarkaðir komið að eftirliti með einum eða öðrum hætti, t.d. með beinu eftirliti og valdheimildum vegna tiltekinna lagaákvæða auk þess sem samningar þeirra við útgefendur og kauphallaraðila kveða á um að eftirlitsheimildir viðkomandi markaðar og skuldbindingu viðkomandi aðila markaðarins gagnvart regluverki markaðarins. Eðli málsins samkvæmt hefur eftirlit þessara aðila fyrst og fremst beinst að aðilum í samningssambandi. Hafi vaknað grunur um brot á lagaákvæðum í því eftirliti hefur slíkum málum verið vísað til Fjármálaeftirlitsins til frekari meðferðar ásamt því að samstarf og samskipti hafa verið um meðferð einstakra mála eins og við hefur átt hverju sinni og lög hafa heimilað.

Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við a-lið 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Núgildandi ákvæði 2. mgr. 52. gr. laga um verðbréfaviðskipti og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, eru fullnægjandi til innleiðingar á þessu ákvæði. Samkvæmt fyrstnefnda ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg í tengslum við athugun tiltekins máls. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, segir m.a. svo: *„Með því er átt við athugun afmarkaðs málefnis. Ákvæðið heimilar ekki að krafist sé allra gagna í ótilteknum málum fjölda einstaklinga eða lögaðila. Ákvæðið heimilar Fjármálaeftirlitinu að krefjast allra gagna og upplýsinga hjá eftirlitsskyldum aðila sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlits þess. Ákvæðið er til áréttingar heimildum eftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998. Heimildir Fjármálaeftirlitsins til að krefjast gagna og upplýsinga takmarkast ekki við eftirlitsskylda aðila, né heldur þarf athugun að beinast að sama aðila og krafinn er gagna og upplýsinga. Þannig gæti Fjármálaeftirlitið til dæmis krafist gagna hjá einstaklingum eða lögaðilum sem alla jafna falla ekki undir eftirlit þess. Þetta leiðir af því að frumvarp þetta leggur ekki bara skyldur á aðila með starfsleyfi á fjármálamarkaði, heldur og einnig á aðra aðila eins og kaupendur, seljendur og útgefendur fjármálagerninga.“*

Af orðalagi 2. mgr. 52. gr. laganna og tilvitnuðum lögskýringargögnum verður ráðið að heimildin nær ekki einvörðungu til þeirra einstaklinga og lögaðila sem teljast falla undir

eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögunum og þarf athugun ekki að beinast að sama aðila og krafinn er gagna og upplýsinga. Skýrt er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið getur t.d. krafist gagna hjá einstaklingum og lögaðilum sem alla jafna falla ekki undir eftirlit þess. Skv. 2. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, telst verðbréfamiðstöð hlutafélag sem annast eignarskráningu verðbréfa. Viðskiptaráðherra veitir verðbréfamiðstöð starfsleyfi að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Þá er gert ráð fyrir því í 31. gr. laga nr. 131/1997 að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðva sé í samræmi við lög og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim og skal stofnuninni þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi verðbréfamiðstöðva sem það telur nauðsyn á vegna eftirlits samkvæmt lögunum. Af lögum nr. 131/1997 verður ráðið að verðbréfamiðstöðvar skulu reknar í formi hlutafélags með tilteknu lágmarkshlutafé. Enda þótt lögin mæli fyrir um tilteknar skyldur verðbréfamiðstöðva og stjórna þeirra telst verðbréfamiðstöð vera lögaðili í lagalegri merkingu. Að því virtu er hér lagt til grundvallar að verðbréfamiðstöð falli innan marka ákvæðis 2. mgr. 52. gr. laga þessara um upplýsingaskyldu eins og það hefur verið skýrt hér að framan. Skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 131/1997 er verðbréfamiðstöð óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði laganna. Þetta ákvæði mun ekki standa því í vegi að verðbréfamiðstöð verði gert skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn á grundvelli 2. mgr. 52. gr. laganna.

Með vísan til gildandi heimilda Fjármálaeftirlitsins til að krefjast aðgangs að öllum upplýsingum og gögnum sem stofnunin telur nauðsynleg, sbr. 2. mgr. 52. gr. laganna, og einnig að teknu tilliti til þess að Fjármálaeftirlitinu er með 2. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, veitt heimild til að óska eftir upplýsingum á þann hátt sem það telur þörf, er ekki vafi á því að í þessum ákvæðum felist heimild fyrir stofnunina til að krefjast afrita af upplýsingum eða gögnum. Einnig skal vakin athygli á því að með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 3. maí 2002, í máli nr. 177/2002, um skýringu heimildar 40. gr. samkeppnislaga til haldlagningar gagna á tölvutæku formi og samstöðu þess ákvæðis við 4. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, samkvæmt lögskýringargögnum verður lagt til grundvallar að síðarnefnda ákvæðið veiti Fjármálaeftirlitinu heimild til að leggja hald á gögn á tölvutæku formi. 2. málsl. 2. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar, en þar er lagt til grundvallar að ákvæði greinarinnar skuli ekki hafa áhrif á reglur landsréttar um þagnarskyldu í starfi. Tryggja verður að lagaákvæði um þagnarskyldu á einstökum sviðum komi ekki í veg fyrir skyldu þeirra sem Fjármálaeftirlitið telur með rökstuddum hætti að geti veitt tilteknar upplýsingar og gögn í þágu athugunar í tilteknu máli. Að þessu virtu er hér lagt til að mælt verði fyrir um það í lögum þessum að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og aðgang að gögnum á grundvelli laganna.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru í samræmi við gildandi rétt og þarfnast því ekki nánari skýringa.

Í 5. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að grípa til allra nauðsynlegra úrræða til að tryggja að almenningur sé réttilega upplýstur þegar Fjármálaeftirlitið telur að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga skv. 16. gr. og IX. kafla laganna. Vísað er til athugasemda við þær greinar til frekari skýringa. Orðalag ákvæðisins tekur mið af 4. tölul. 6. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Ákvæðið miðar að því að tryggja Fjármálaeftirlitinu heimild til að birta opinberlega upplýsingar sem fjallað er um í 16. gr. og IX. kafla laganna telji það að upplýsingarnar hafi ekki verið birtar með fullnægjandi hætti og til samræmis við það sem mælt er fyrir um í verðbréfaviðskiptalögunum. Ákvæðið er liður í því að tryggja gagnsæi og jafnan aðgang fjárfesta að innherjaupplýsingum en þessir tveir

þættir eru hluti af þeim grunnforsendum sem liggja að baki framangreindri tilskipun sem innleidd er með frumvarpi þessu. Fjármálaeftirlitinu ber eftir sem áður að gæta að stjórnsýslulögum og lögum um meðferð persónuupplýsinga við túlkun ákvæðisins.

Í 6. mgr. kemur fram að við eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sérstaklega er tilgreint að Fjármálaeftirlitið hafi þau úrræði og eftirlitsheimildir sem tilgreindar eru í 9.–11. gr. laganna vegna eftirlits Fjármálaeftirlitsins með starfsemi á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti. Rétt er að taka af allan vafa í þessu efni. Svo virðist sem nokkur óvissa hafi ríkt um þetta atriði í framkvæmd, þ.e. um hvort og þá að hvaða marki eftirlitsheimildir laga nr. 87/1998 eigi við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti. Er því gert ráð fyrir því að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þá leið að skýrt sé mælt fyrir um það í þessum lögum að við eftirlit og athuganir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laganna gildi einnig 9.–11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilgangur þessarar breytingar er m.a. sá að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitið hafi að öðru leyti en greinir í þessum lögum þær eftirlitsheimildir sem mælt er fyrir um í 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, þar á meðal í tilefni af grun um háttsemi sem fer í bága við ákvæði laganna um innherjasvik og markaðsmisnotkun. Þá er með þessu gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi við þessar aðstæður einnig þau þvingunarúrræði sem fjallað er um í 10. og 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ekki ber að gagnálykta frá þessu ákvæði á þá leið að önnur ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eigi hér ekki við, enda er lagt til að einnig verði kveðið á um það í lögum um verðbréfaviðskipti að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með framkvæmd þeirra laga gildi að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eftir því sem við á, t.d um tilkynningarskyldu Fjármálaeftirlitsins skv. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og um kæruheimild til kærunefndar skv. 18. gr. sömu laga.

Um b-lið (69. gr.).

Í b-lið er fjallað um mikilvægar rannsóknarheimildir Fjármálaeftirlitsins. Í 1. mgr. ákvæðisins er tekið mið af b-lið 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Gæta verður varúðar við beitingu heimilda ákvæða greinarinnar. Þá verður við mat um það hvenær upplýsinga er þörf að byggja matið á málefnalegum sjónarmiðum og að gæta hófs, sbr. dóm Hæstaréttar frá árinu 1999, bls. 3750. Vísað er í umfjöllun í athugasemd við 3. mgr. a-liðar 20. gr. frumvarpsins (68. gr.) hér að framan, til nánari skýringar á ákvæðinu. Þar er að finna ítarlega umfjöllun og rökstuðning fyrir því að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þeirri grein. Sömu sjónarmið eiga við um þetta ákvæði frumvarpsins hvað það varðar.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að fá afhentar fyrirliggjandi skrár eða annála um símtöl eða aðrar sendingar sem fara um fjarskiptavirki. Orðalagið fyrirliggjandi skrár (e. existing records) felur það í sér efnislega að Fjármálaeftirlitið hafi ekki heimild til að hlusta á fjarskiptasamtöl meðan þau fara fram eða að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því, heldur einungis að það geti fengið upplýsingar um samskipti sem þegar hafa farið fram.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, má ekki án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Í síðari málsl. 3. mgr. 47. gr. laganna er gert ráð fyrir að um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti fari samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Af þessu ákvæði og gildandi lögum um eftirlit Fjármálaeftirlitsins er ljóst að stofnunin hefur ekki heimild til að krefjast aðgangs að

gögnum sem falla undir d-lið 2. mgr. 12. markaðssvikatilskipunarinnar, t.d. hjá síma- eða fjarskiptafyrirtæki. Að þessu virtu og í ljósi fyrirmæla d-liðar 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar er lagt til að síma- eða fjarskiptafyrirtækjum verði gert skylt að veita hinu lögbæra stjórnvaldi aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki enda liggi fyrir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda. Fáist ekki slíkt samþykki eða ef talið er óraunhæft að afla þess að virtum atvikum máls er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti krafist aðgangs að slíkum gögnum hjá síma- eða fjarskiptafyrirtæki fyrir dómi. Gert er ráð fyrir að heimild þessi sé efnislega samhljóða þeirri heimild lögreglu skv. b-lið 86. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 6. gr. laga nr. 86/2004, og að skilyrði þau sem greinir í 87. gr. sömu laga eigi hér við að undanskildum b-lið 2. mgr. 87. gr. Með tilliti til a-liðar 2. mgr. 87 yrði það fortakslaust skilyrði fyrir því að gripið yrði til aðgerða af þessu tagi af hálfu Fjármálaeftirlitsins að ástæða væri til að ætla að upplýsingar, sem skipt gætu miklu fyrir athugun stofnunarinnar, fengjust með þessum hætti. Með tilliti til eðlis þeirra mála sem hér um ræðir, en þau miða ekki að því að upplýsa refsiverða háttsemi, og þess að ekki er um að ræða heimild til að hlusta á eða taka upp símtöl, verður þess ekki krafist að skilyrði b-liðar 2. mgr. 87. gr. verði uppfyllt.

Ákvæði 3. mgr tekur mið af e-, f- og h-lið 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar en lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði fengin heimild til að krefjast þess að háttsemi, t.d. tiltekin viðskipti eða önnur athöfn, sé hætt þegar í stað þegar það er mat Fjármálaeftirlitsins að háttsemin brjóti í bága við reglur um innherjasvik eða markaðsmisnotkun (e. cessation of practice). Jafnframt er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði fengin heimild til að krefjast þess að atvinnustarfsemi verði stöðvuð tímabundið við þær aðstæður sem að framan eru raktar. Rétt er að fram komi, svo á því leiki enginn vafi, að af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar leiðir að atvinnustarfsemi verður ekki stöðvuð nema að því marki sem nauðsynlegt þykir til að fyrirbyggja eða stöðva háttsemi sem talin er ólögmæt. Þannig er t.d. vandséð að úrræðinu verði nokkurn tíma beitt með þeim áhrifum að öll atvinnustarfsemi þess sem úrræðinu er beint gegn verði stöðvuð. Enn fremur er ljóst að stöðvunaráhrif mega ekki vara lengur en nauðsynlegt er til að markmiðum ákvörðunar um að stöðva atvinnustarfsemi verði náð. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti tímabundið stöðvað viðskipti (e.suspend trading) með fjármálagerninga sem tengjast háttsemi sem grunur leikur á að feli í sér markaðssvik.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, er kauphöll heimilt að stöðva tímabundið viðskipti þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Tilkynna skal um slíka tímabundna stöðvun til Fjármálaeftirlitsins. Telja verður ljóst að kauphöll geti gripið til þessa úrræðis við þær aðstæður að ójafnræðis gæti meðal fjárfesta um aðgang að innherjaupplýsingum eða ef misvísandi eða beinlínis rangar upplýsingar á markaði hafa áhrif á verðmyndun. Þess skal einnig getið að stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að ákveða að hætt skuli viðskiptum með verðbréf á markaðinum enda telji hún að áframhaldandi viðskipti með þau séu ekki í þágu útgefenda verðbréfa eða markaðarins, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Samkvæmt núgildandi lögum hefur Fjármálaeftirlitið sambærilegar heimildir við þær sem hér er lýst.

Í skilningi 11. gr. markaðssvikatilskipunarinnar teljast kauphöll og stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar ekki lögbært yfirvald. Framangreindar valdheimildir á grundvelli 3. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða uppfylla þegar af þeirri ástæðu ekki skilyrði f-liðar 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Að því virtu er hér lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að krefjast þess að skipulegur verðbréfamarkaður stöðvi tímabundið viðskipti með verðbréf við meðferð tiltekins máls. Tímabundin stöðvun viðskipta kann að vera æskileg eða nauðsynleg í mörgum öðrum til-

vikum en í tengslum við rannsókn á ætluðum markaðssvikum, svo sem vegna tæknilegra vandamála í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar eða óvissu um að jafnræði sé með fjárfestum um aðgang að verðmótandi upplýsingum, án þess að grunur leiki á um markaðssvik. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir að stöðvunarheimild Fjármálaeftirlitsins raski sjálfstæðri heimild kauphallar til tímabundinnar stöðvunar viðskipta á grundvelli 3. mgr. 18. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Það styður jafnframt þessa niðurstöðu að kauphöll fylgist náið með viðskiptum með fjármálagerninga frá degi til dags, m.a. með það fyrir augum að stuðla að því að verðmyndun á viðkomandi markaði sé skýr og gagnsæ og tryggja að jafnræði sé með aðilum að viðskiptum sem þar fara fram. Kauphöll ber enn fremur að hafa eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og kauphallaraðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um kauphöllina gilda, sbr. 11. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Loks skal þess getið að ekki er gert ráð fyrir að innleiðing þessa ákvæðis hafi áhrif á heimild stjórnar skipulegs tilboðsmarkaðar til að ákveða að hætt skuli viðskiptum með verðbréf á markaðinum á grundvelli 1. mgr. 33. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Ákvæði 4. mgr. ákvæðisins taka mið af g-lið 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Samkvæmt orðalagi þessa ákvæðis er það valkvætt. Það telst fullnægjandi að veita hinu valdbæra stjórnvaldi annaðhvort heimild til þess að kyrrsetja eignir eða að leggja hald á þær. Eins og fram kemur í athugasemdum greinargerðar við 1. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 50/2003, sem lögfesti nýja 16. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er það almennt á „verksviði lögreglu hér á landi, sem fer með rannsókn opinberra mála, að krefjast haldlagningar á verðmætum, þ.m.t. bankainnstæðum, þegar það á við". Með 2. mgr. fyrrnefndrar 1. gr. laga nr. 50/2003 er því gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli *„hlutast til um með tilkynningu til ríkislögreglustjóra að hald verði lagt á innstæður einstaklinga og lögaðila ef við framkvæmd eftirlitsins hefur komið í ljós að eftirlitsskyldur aðili hefur brotið gegn 1. mgr."* greinarinnar. Ákvæði 1. mgr. 16. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi fjallar um þau tilvik þegar Fjármálaeftirlitið, í samræmi við skuldbindingar eða samþykktir á alþjóðavettvangi, gefur út tilkynningar um einstaklinga og lögaðila sem eftirlitsskyldum aðilum ber sérstaklega að kanna hvort stofnað hafi verið til viðskipta við og er þeim skylt að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutninga, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu og eignarskráningu, sem og önnur viðskipti, og hindra þannig að aðilar sem tilgreindir eru í tilkynningum eftirlitsins fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð opinberra mála er þeim sem rannsókn stýrir, svo og ríkissaksóknara, heimilt að krefjast kyrrsetningar á eignum sakbornings til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta, sakarkostnaðar og upptöku ef hætta þykir á að þeim verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Skv. 2. mgr. sömu greinar fer um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar samkvæmt greininni sem um kyrrsetningu fjármuna almennt með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu, stimpilgjald og þinglýsingar skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar og um ábyrgð á kyrrsetningu fer eftir almennum skaðabótareglum. Að þessu virtu gerir 2. mgr. 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ráð fyrir að meðferð kröfu rannsóknara eða ríkissaksóknara fari eftir II. kafla laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Að virtri þeirri löggjafarstefnu sem að framan er rakin er hér lagt til að Fjármálaeftirlitið geti ekki sjálft lagt hald á eignir eða önnur fjárverðmæti, t.d. innstæður í bönkum. Með tilliti til g-liðar 2. mgr. 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar verður hins vegar lagt til að Fjármálaeftirlitið geti krafist kyrrsetningar eigna hjá einstaklingi eða lögaðila þegar fyrir liggur rök-

studdur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir framangreindum ákvæðum 85. gr. laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við getur átt.

Um c-lið (70. gr.).

Í c-lið 20. gr. er fjallað um eftirlit með lýsingum. Ákvæðið byggist á 21. gr. lýsingartilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að um eftirlit með lýsingum og heimildir til framsals fari skv. 1.–3. mgr. 68. gr. laganna, þ.e. 1.–3. mgr. a-liðar 20. gr. frumvarps þessa. Í þeim ákvæðum er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit með framkvæmd laganna í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ákvæði verðbréfaviðskiptalaga. Einnig kemur þar fram að Fjármálaeftirlitinu sé í tengslum við athugun tiltekins máls heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynlegt að fá aðgang að og að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt greininni. Vísað er í athugasemdir við a-lið 20. gr. til nánari skýringar.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái auknar heimildir til að óska eftir nánar tilgreindum gögnum eða upplýsingum eftir að eftirlitið hefur tekið við umsókn um staðfestingu á lýsingu.

Í 3. mgr. eru tilgreindar þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur eftir að verðbréf hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Athugun skv. 3. tölul. getur ekki farið fram nema að undangengnum dómsúrskurði í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinbera mála og skal framkvæmd slíkrar athugunar jafnframt vera í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Um d-lið (71. gr.).

Í d-lið 20. gr. er fjallað um eftirlit skipulegs verðbréfamarkaðar.

Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að fela skipulegum verðbréfamarkaði tiltekin verkefni við eftirlit, en 12. gr. markaðssvikatilskipunarinnar gerir ráð fyrir að hið lögbæra yfirvald geti falið markaðsaðila eða öðru stjórnvaldi eftirlit þó að ábyrgðin hvíli eftir sem áður á hinum lögbæra eftirlitsaðila. Slíkt er til þess fallið að færa eftirlitið nær markaðinum sjálfum og felst í því tiltekin sérhæfing og hagræði.

Til þess að eftirlit sé eins skilvirkt og mögulegt er verður sá sem sinnir eftirlitinu að hafa fullnægjandi heimildir til að afla nauðsynlegra upplýsinga vegna þeirra atvika sem eru til skoðunar. Er því í 2. og 3. málsl. 1. mgr. lagt til að Fjármálaeftirlitinu sé heimil upplýsingagjöf til skipulegs verðbréfamarkaðar, hafi honum verið falið eftirlit á tilteknu sviði, ásamt því að skipulegur verðbréfamarkaður geti kallað beint eftir upplýsingum frá aðilum markaðarins í slíkum tilvikum. Við slíka upplýsingaöflun starfar skipulegur verðbréfamarkaður fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 78/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og eiga því þagnarskylduákvæði þeirra laga við um þær upplýsingar. Í þessu er þó ekki falin takmörkun á heimildum skipulegs verðbréfamarkaðar til að beita aðila í samningssambandi við hann opinberum viðurlögum í samræmi við reglur markaðarins. Skipulegir verðbréfamarkaðir eru enn fremur bundnir þagnarskyldu um málefni viðskiptamanna, sbr. nánar 1. mgr. 40. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í 4. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að heimildir Fjármálaeftirlitsins til gjaldtöku, vegna verkefna sem því eru veitt samkvæmt lögum þessum, eigi einnig við um skipulegan verðbréfamarkað hafi honum verið falin viðkomandi verkefni.

Í 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið og viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður upplýsi markaðinn með opinberri yfirlýsingu um hvernig verkaskiptingu í eftirliti er háttað. Í ljósi aukinnar umræðu um hlutverk eftirlitsaðila á markaði verður að telja

eðlilegt að slík yfirlýsing sé gerð opinber svo að öllum markaðsaðilum og almenningi megi vera ljóst í öllum megindráttum hvert hlutverk aðilanna er og hvaða skilyrðum það kann að vera háð. Slík skilyrði kunna m.a. að fela í sér takmarkanir á upplýsingaöflun og reglur um meðhöndlun gagna og málsmeðferð. Markmið samstarfs í eftirlitinu hlýtur að vera að tryggja hagkvæma og eðlilega verkaskiptingu milli aðila í tengslum við upplýsingaskyldu- og markaðseftirlit með það að markmiði að hámarka gæði eftirlits og nýtingu mannafla og tækjabúnaðar.

Um e-lið (72. gr.).

Í e-lið 20. gr. eru lagðar til breytingar á grein, sem verður 72. gr. laganna, þar sem fjallað er um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að greina frá niðurstöðum athugana sem byggja á lögum þessum og tekur ákvæðið mið af 4. mgr. 14. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Heimildin nær til laganna í heild, þ.e. eftirlits með meðferð innherjaupplýsinga og verðmyndun, flöggunarreglum, yfirtökureglum og réttindum og skyldum fjármálafyrirtækja. Heimildin tekur ekki aðeins til birtingar upplýsinga um aðgerðir sem eftirlitið grípur til, heldur einnig til birtingar upplýsinga um niðurstöðu almennra athugana sem eftirlitið framkvæmir burtséð frá því hvort þær leiða til þess að eftirlitið beiti þeim stjórnvaldsúrræðum sem það hefur samkvæmt lögum þessum eða ekki.

Fjármálaeftirlitið birtir margvíslegar upplýsingar og sinnir kynningum og fræðslu, en hefur hingað til ekki fjallað opinberlega um einstök mál eða málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila, nema mælt sé fyrir um upplýsingaveitingu í lögum. Eftirlitsskyldir aðilar eða almenningur hafa því ekki átt aðgang að niðurstöðum í einstökum málum nema þær hafi verið birtar af öðrum aðilum en Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið hefur oft sætt gagnrýni vegna þessa síðastnefnda. Nefnt hefur verið að varnaðaráhrif af aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og niðurstöðum séu lítil og aðgerðir þess í einstökum málum stuðli ekki nægilega að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild. Sérstaklega hefur verið bent á að mikilvægt sé fyrir hagsmuni verðbréfamarkaðar að gagnsæi ríki um afdrif mála sem upp koma. Þeir sem standa utan fjármálamarkaðar virðast raunar oft draga þá ályktun að í þessari þögn eftirlitsins um einstök verkefni sín felist að Fjármálaeftirlitið sé veik stofnun og að þar sé lítið aðhafst. Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið á opinberum vettvangi um gagnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Fjölmiðlar hafa sýnt málinu áhuga en auk þess hafa aðilar á markaði á undanförnum vikum talað fyrir auknum heimildum til handa Fjármálaeftirlitinu hvað þetta varðar. Það er m.a. af þeim ástæðum sem lagt er til í frumvarpinu að gengið sé lengra hvað varðar gagnsæi en mælt er fyrir um í 4. mgr. 14. gr. markaðssvikatilskipunarinnar.

Telja má nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að greina frá niðurstöðum athugana þó að þær leiði ekki til sérstakra aðgerða. Þannig getur það augljóslega haft þýðingu fyrir markaðinn að vera upplýstur um það að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið ástæðu til aðgerða í tilteknu máli. Einnig er mjög æskilegt að heimild eftirlitsins til að greina frá niðurstöðum athugana nái til allra viðfangsefna í eftirlitinu sem byggjast á lögum um verðbréfaviðskipti. Í lögum um verðbréfaviðskipti er, til viðbótar við verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og meðferð innherjaupplýsinga, m.a. kveðið á um yfirtökur og tilboðsyfirlit, breytingu á eignarhaldi verulegs eignarhlutar (flöggunarskyldu), útboð verðbréfa og réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta. Samkvæmt núgildandi lögum er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega yfirlýsingu telji það að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa, sbr. núgildandi 3. mgr. 52. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Löggjafinn hefur þannig talið að í þessum málaflokki sé nauðsynlegt að

Fjármálaeftirlitið aðvari almenning um sölu verðbréfa þar sem ekki er farið að reglum. Eðlilegt er að heimild til að greina frá niðurstöðum í þessum málum verði almennari. Veigamikil rök mæla einnig með því að unnt sé að birta niðurstöður athugana um hugsanlega yfirtökuskyldu vegna kaupa á hlutabréfum í skráðum félögum og niðurstöður athugana um breytingu á eignarhaldi verulegs hlutar (flöggunarreglur). Þannig er mikilvægt fyrir hluthafa í skráðu félagi að fá vitneskju um hvort yfirtökuskylda hafi stofnast í félaginu og fyrir fjárfesta að fá vitneskju um það hvort reglum um gagnsæi í eignarhaldi sé fylgt. Þá mæla rök einnig með því að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að greina frá niðurstöðum einstakra athugana á grundvelli II. kafla laga um verðbréfaviðskipti en þar er kveðið á um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta. Í þeim kafla er m.a. að finna almenn ákvæði um góða viðskiptavenju fjármálafyrirtækja, óhlutdrægni og jafnræði gagnvart viðskiptavini og bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Þar eru einnig ákvæði um upplýsingaöflun um þekkingu og reynslu viðskiptavinar og mat á getu hans til að eiga viðskipti með óskráð verðbréf, upplýsingamiðlun frá fjármálafyrirtæki til viðskiptavinar, formkröfur í samningum og upplýsingamiðlun um framgang viðskipta, sérgreiningu fjármuna og fjármálagerninga, safnskráningu og framsalsáritanir. Þá er í kaflanum kveðið á um aðskilnað einstakra starfssviða til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra (kínamúra) og viðskipti fyrir eigin reikning. Að lokum er í kaflanum kveðið á um að fjármálafyrirtæki setji sér reglur um aðskilnað hagsmuna, viðskipti fyrir eigin reikning og óhlutdrægni og jafnræði. Rökin fyrir því að unnt sé að greina frá niðurstöðum athugana Fjármálaeftirlitsins á framangreindum atriðum í starfsemi fjármálafyrirtækja eru augljós þegar horft er til þess hversu mikilvæg starfsemi fjármálafyrirtækja er í trúverðugri framkvæmd verðbréfamarkaðar. Aukin upplýsingagjöf um starfshætti fjármálafyrirtækja að þessu leyti mun að líkindum styrkja aðhald með þeim.

Heimildin til birtingar upplýsinga er þó ekki alveg undantekningarlaus þar sem ekki er gert ráð fyrir birtingu framangreindra upplýsinga ef sýnt er fram á að slík birting geti stefnt hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu eða geti valdið hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í eðlilegu samræmi við brot það sem um ræðir. Í því skyni að tryggja að öll eðlislík mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti og að upplýsingagjöf um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé samræmd og styðji við eftirlitsverkefni þess er í frumvarpinu lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert að birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtingar á framangreindum upplýsingum. Í þessu felst að Fjármálaeftirlitið skal setja sér verklagsreglur um upplýsingagjöf þá sem hér er til umræðu sem verða aðgengilegar á heimasíðu þess.

Þegar Fjármálaeftirlitið stendur frammi fyrir því að ákveða hvort birta eigi ákveðnar upplýsingar verður að meta áhrif birtingarinnar með hliðsjón af hagsmunum markaðarins af því að viðkomandi upplýsingar séu birtar og því tjóni sem birtingin gæti haft í för með sér fyrir viðkomandi aðila eða fjármálamarkaðinn í heild sinni. Ef t.d. Fjármálaeftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að útgefandi hafi brotið gegn umræddum reglum og eftirlitið stendur frammi fyrir því að ákveða hvort birta eigi niðurstöðuna verður að líta til þess hvort brotið eigi rætur að rekja til yfirsjónar eða mistaka eins starfsmanns útgefanda eða hvort yfirstjórn viðkomandi útgefanda beri ábyrgð á brotinu. Sem dæmi um upplýsingar sem markaðurinn hefur ekki hagsmuni af mætti nefna staðlað ákvæði í samningsskilmálum fjármálafyrirtækis og einstaklings sem félli út úr samningi og breytti þannig forsendum samningsins þannig að hallaði á einstaklinginn. Ef sýnt er fram á að mistök hafi valdið því að ákvæðið hafi fallið út má leiða líkum að því að birting upplýsinga um brot fjármálafyrirtækisins þjóni ekki hagsmunum markaðarins. Ef hins vegar er hægt að leiða líkum að því að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi nýtt sér grandleysi einstaklingsins og fellt ákvæðið úr samningnum af ásetningi

til þess að standa betur að vígi gagnvart einstaklingnum gæti verið ástæða til að birta slíkar upplýsingar opinberlega.

Um f-lið (73. gr.).

Í f-lið 20. gr. eru lagðar til breytingar á grein, sem verður 73. gr. laganna, þar sem kveðið er á um reglugerðir og reglur sem heimilt er að setja eða setja skal á grundvelli laganna.

Í frumvarpi þessu er lagt til að meginákvæði markaðssvikatilskipunarinnar verði innleidd í íslenskan rétt. Stefnt er að innleiðingu undirtilskipana 2003/124/EB, 2003/125/EB, 2004/72/ EB og reglugerðar 2003/2273 annars vegar með setningu reglugerðar frá viðskiptaráðherra og hins vegar með setningu reglna af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Greinin kveður á um heimildir ráðherra annars vegar og Fjármálaeftirlitsins hins vegar til innleiðingar á framangreindum tilskipunum að því leyti sem þær hafa ekki verið innleiddar með frumvarpi þessu, til viðbótar við núgildandi heimildir þessara aðila til reglugerða- og reglusetningar á sviði verðbréfaviðskipta.

Með tilskipunum vegna aðgerðaráætlunar Evrópusambandsins á fjármálamarkaði (e. Financial Services Action Plan) eru lögbærum yfirvöldum ætluð aukin áhrif í mótun reglna á þessu sviði. Jafnframt gerir aðgerðaráætlunin ráð fyrir aukinni aðkomu markaðsaðila að reglusetningu með virku umsagnarferli. Þykir að mörgu leyti heppilegt að Fjármálaeftirlitið standi að innleiðingu afmarkaðra þátta, sbr. t.d. reglna um birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar og reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Með reglugerðarákvæðum um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun er stefnt að innleiðingu fyrri undirtilskipunar 2003/124/EB um markaðssvik. Með reglum Fjármálaeftirlitsins um framsetningu og birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar og hvernig ráðleggingum um fjárfestingar í verðbréfum skuli hagað, ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaárekstra, er stefnt að innleiðingu undirtilskipunar 2003/125/EB um opinbera fjárfestingarráðgjöf.

Með reglugerðarákvæðum og reglum Fjármálaeftirlitsins um viðurkennda markaðsframkvæmd, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við hrávöruafleiður, samningu innherjalista, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti er stefnt að innleiðingu annarrar undirtilskipunar 2004/72/EB um markaðssvik. Með reglugerðarákvæðum um svokallað verndarsvæði eða var (e. safe harbour), þ.e. skilyrði fyrir undanþágum frá banni við innherjasvikum og markaðsmisnotkun í ákveðnum tilvikum, er stefnt að innleiðingu reglugerðar 2273/2003/EB um var gegn markaðssvikum.

Þessu til viðbótar er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til setningar reglna til útfærslu á einstökum lagaákvæðum sem ekki eiga sér beina stoð í fyrrgreindum tilskipunum og reglugerð.

Um 21. gr.

Með ákvæðinu er tilvísun úr frumvarpi, sem varð að lögum nr. 33/2003, til greina 47.–51. í lögunum lagfærð og vísað til 59. og 62.–67. gr. laganna. Þá er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 13. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga er nýtt í verðbréfaviðskiptalögum og því er ekki að finna viðeigandi viðurlagaákvæði sem tekur á brotum gegn því í lögunum. Brot gegn þessu ákvæði geta ein og sér verið léttvæg, en þó skiptir miklu að hægt sé að bregðast við brotum þannig að komið verði í veg fyrir slælega frammistöðu í upplýsingagjöf. Því þykir rétt að Fjármálaeftirlitinu verði gert kleift að beita stjórnvaldssektum við brotum gegn ákvæðinu. Sé um alvarleg brot að ræða og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati eftirlitsins með refsiverðum

hætti gerst brotlegur við lög, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, getur Fjármálaeftirlitið vísað málum til ríkislögreglustjóra án þess að leggja á stjórnvaldssektir, sbr. breytingar sem lagðar eru til í 22. gr. frumvarpsins. Með þessu er gætt samræmis við ákvæði 13.–17. gr. frumvarpsins, en þeim ákvæðum er ætlað sambærilegt hlutverk, þ.e. að tryggja jafnræði aðila á markaði með upplýsingagjöf og draga úr líkum á innherjasvikum með formreglum.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Almennt er kveðið á um það í tilskipunum að tilgreina skuli í lögum hvaða tilskipun þeim er ætlað að innleiða. Í grein þessari er ákvæði um hvaða tilskipanir frumvarpinu er ætlað að innleiða í samræmi við umrædd ákvæði í tilskipununum þar að lútandi.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og kveðið á um aukna upplýsingaskyldu í ársskýrslum og á aðalfundum um ýmis atriði sem haft geta áhrif á árangur tilboðs. Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. tilskipunar ESB um yfirtökutilboð.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið er sambærilegt við bráðabirgðaákvæði núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og er einnig í samræmi við tilskipun ESB um yfirtökutilboð. Kveðið er á um að aðili sem fer með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. b-lið 5. gr., sem verður 37. gr. laganna, sé ekki tilboðsskyldur við gildistöku laga þessara ef viðkomandi aðili eða samstarfsaðilar hans auka ekki atkvæðisrétt sinn umfram næsta verulega hlut. Með tilvísun til 1. mgr. 32. gr. er gefið til kynna að einungis sé átt við að hlutfall atkvæðisréttar aðila nái heilum eða hálfum tug, þ.e. ekki ber að meta verulegan hlut eftir ákvæðum 28. gr. gildandi laga sem verður 33. gr. Sem dæmi má nefna að aðili eða aðilar í samstarfi sem eiga 41% hlut við gildistöku laganna verða tilboðsskyldir þegar hlutur þeirra nær 45% atkvæðisréttar og aðili eða aðilar í samstarfi sem áttu 46% hlut verða tilboðsskyldir þegar hlutur þeirra nær 50% atkvæðisréttar o.s.frv. Ef hlutfall atkvæðisréttar fyrrgreindra aðila fer niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í b-lið 5. gr. frumvarpsins, sem verður 37. gr. laganna, eftir gildistöku laganna skulu ákvæði b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 37. gr. laganna ef frumvarp þetta verður að lögum, framvegis eiga við að öllu leyti fyrir viðkomandi aðila.

Fylgiskjal I.

Skýringarmyndir við ákvæði um samstarf milli aðila.

Mynd 1.



- Aðili A ræður yfir 5% í XYZ hf. beint.
- A ræður yfir 25% í XYZ hf. óbeint í gegnum félög sem hann hefur bein og óbein yfirráð yfir (þ.e. aðili A hefur bein yfirráð yfir A ehf. sem hefur yfirráð yfir B ehf. og D ehf. og þau félög hafa yfirráð yfir C ehf.).
- Aðili B er maki, samvistaraðili, sambúðaraðili eða ófjárráða barn aðila A. *Aðili A og aðili B teljast því vera í samstarfi, nema sýnt sé fram á annað.*
- A ræður yfir 1% í XYZ í gegnum beina eign B í XYZ hf.
- A ræður yfir 10% í XYZ í gegnum óbeina eign B í XYZ hf. (þ.e. í gegnum F ehf. sem hefur yfirráð yfir G ehf.).
- Eign E ehf. í XYZ hf. telst ekki með, nema sýnt sé fram á það á grundvelli 2. mgr. b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 2. mgr. 37. gr. laganna, (t.d. út frá sameiginlegri fjárfestingasögu þeirra) að E ehf. sé í samstarfi við C ehf. eða aðra aðila.
- *Aðili A og samstarfsaðilar hans ráða samtals yfir 41% í XYZ hf., nema sýnt sé fram á annað.*

Mynd 2.



- A og B eru hjón eða í staðfestri samvist eða í skráðri sambúð.
- AB er ófjárráða barn A og B eða ófjárráða barn sem A á eða ófjárráða barn sem B á.
- A1 hf., B1 hf. og AB1 hf. eru félög sem A, B og AB hafa bein yfirráð yfir.
- A2 hf., B2 hf. og AB2 hf. eru félög sem A, B og AB hafa óbein yfirráð yfir.
- A3 hf. og B3 hf. eru félög sem A, B og AB hafa óbein yfirráð yfir.
- *Þessi aðilar teljast vera í samstarfi, nema sýnt sé fram á annað, og því þarf að skoða hlutafjáreign þeirra allra í X hf. sem er skráð félag.*

Mynd 3.



- AB hf. er félag.
- A1 hf. og B1 hf. eru félög sem AB hf. hefur bein yfirráð yfir.
- A2 hf. og B2 hf. eru félög sem AB hf. hefur óbein yfirráð yfir.
- A3 hf. og B3 hf. eru félög sem AB hf. hefur óbein yfirráð yfir.
- AB1 hf. og AB2 hf. eru félög sem AB hf. á verulegan eignarhlut í með beinum og óbeinum hætti.
- *Allir þessir aðilar teljast vera í samstarfi, nema sýnt sé fram á annað, og því þarf að skoða hlutafjáreign þeirra allra í X hf. sem er skráð félag.*

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga á breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að innleiða þrjár tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssvik, nr. 2003/6/EB, um útboðs og skráningarlýsingar, nr. 2003/71/EB og um yfirtökur, nr. 2004/25/EB. Auk þess eru innleiddar undirtilskipanir framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar. Tilskipanir um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar eru innleiddar að hluta en gert er ráð fyrir að í reglugerðum og reglum Fjármálaeftirlitsins verði tilskipanirnar innleiddar að fullu. Kostnaður sem er talinn verða við breytingar á lögunum liggur hjá Fjármálaeftirlitinu við mótun reglna sem lögin gera ráð fyrir ásamt aukinni ábyrgð, eftirfylgni og eftirliti. Samtals er áætlað að árlegur kostnaður muni nema 15 m.kr. Kostnaðurinn verður að öllu leyti fjármagnaður með aukinni gjaldheimtu.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að kostnaðaraukinn muni ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

768. Frumvarp til laga [504. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats í Sveitarfélaginu Skagafirði er heimilt að selja ábúanda kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði jörðina Utanverðunes.

Verð jarðarinnar, mannvirkja og ræktunar á henni fer eftir því sem um semst en ella skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats. Ráðstöfun eigna legatsins, verði það leyst upp, skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárjarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu og er það lagt fram samkvæmt erindi sýslumannsins á Sauðárkróki sem situr í stjórn Utanverðunesslegats ásamt prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi.

Kristfjárjarðir voru hluti af fátækraframfærslu sveitarfélaga fyrr á öldum. Jarðirnar voru gefnar í því skyni að fátæklingar í viðkomandi hreppi mættu njóta afgjalds eftir þær um aldur

og ævi. Upphaflega voru þessar jarðir í umsjá kirkjunnar, en frá 19. öld hafa kirkjuleg yfirvöld almennt haft lítil afskipti af þeim. Hefur umsýsla kristfjárjarða frá þeim tíma almennt verið í höndum viðkomandi sveitarstjórna og hefur afgjald þeirra a.m.k. stundum runnið í sveitarsjóð.

Jörðin Utanverðunes í Skagafirði var gefin Rípurhreppi með gjafabréfi, dags. 31. janúar 1838. Gefandinn var Hólmfríður Benediktsdóttir sem lést á 14. aldursári. Faðir hennar, Benedikt Vigfússon, prófastur á Hólum, undirritaði gjafabréfið. Gjöfinni skyldi varið í þágu munaðarlausra barna í hreppnum. Stofnaður var sjóðurinn Utanverðunesslegat um gjöfina og er jörðin eign sjóðsins. Afgjald vegna jarðarinnar hefur runnið til sjóðsins.

Afla verður sérstakrar lagaheimildar til sölu kristfjárjarða þar sem þær eru yfirleitt eigin eign, sem líkja má við sjálfseignarstofnun, eða eign sjóðs eins og er í þessu tilfelli. Hefur Alþingi ávallt sett það skilyrði að söluandvirði verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárjarðarinnar.

Hvað varðar ráðstöfun jarðarinnar Utanverðuness er lagt til í frumvarpinu að heimild verði einungis veitt til að selja ábúanda jörðina. Ábúandi á allar byggingar og ræktað land og stundar þar sauðfjárbúskap.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Með frumvarpi þessu er óskað eftir að stjórn Utanverðunesslegats í Sveitarfélaginu Skagafirði fái heimild til að selja kristfjárjörðina Utanverðunes ábúanda. Kristfjárjarðir eru sjálfseignarstofnanir eða ígildi þeirra og um langt skeið hefur umsýsla þeirra almennt verið í höndum viðkomandi sveitarstjórna. Alþingi hefur ávallt sett það skilyrði fyrir sölu kristfjárjarða að söluandvirði þeirra verði varið í samræmi við upphaflegan tilgang kristfjárgjafa. Í þessu tilviki þykir það standa næst hugsun kristfjárgjafans að andvirði jarðarinnar verði varið í þágu barna frá efnalitlum heimilum í sveitarfélaginu. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

769. Svar [445. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars Odds Kristjánssonar um kynþroska þorsks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert hefur verið kynþroskahlutfall fjögurra ára þorsks á árunum 1990–2004?*
2. *Hvaða vísbendingar um vöxt og vaxtarhraða þorsksins gefa breytingar á kynþroskahlutfallinu?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér með svar hennar.

1. Kynþroskahlutfall þorsks eftir aldri er mjög breytilegt eftir svæðum. Mestur er munur á milli norður- og suðursvæðis en talsverður breytileiki er einnig innan hvors svæðis.

Við útreikninga á stærð hrygningarstofns er notað kynþroskahlutfall (nánar er þetta útskýrt á bls. 20–21 í Ástandsskýrslu fyrir fiskveiðiárið 2003/2004, Hafrannsóknastofnunin, fjölrit nr. 97, sjá fylgiskjal) eins og það mælist í stofnmælingu botnfiska í marsmánuði. Í stofnmælingunni er notað veiðarfæri með smáriðnum möskva og fer gagnasöfnun fram á sömu stöðvum frá ári til árs. Hafsvæðinu er skipt í fjölda undirsvæða, kynþroskahlutfallið er metið á hverju undirsvæði og síðan reiknað meðaltal, vegið með magni, á hverju svæði fyrir sig. Niðurstöður fyrir fjögurra ára þorsk eru eftirfarandi:

Ár	% Kynþroska
1990	1.20
1991	5.50
1992	6.20
1993	8.50
1994	11.00
1995	10.90
1996	3.10
1997	3.70
1998	6.10
1999	4.40
2000	6.50
2001	4.30
2002	8.60
2003	4.60
2004	3.80

2. Flestar kenningar um kynþroska fiska gera ráð fyrir að samspil vaxtar og veiða hafi áhrif á stærð við kynþroska. Þannig verður hraðvaxta fiskur kynþroska yngri en fiskur sem vex hægar. Tilgátan er sú að aukin afföll hafi jafnframt þær afleiðingar að kynþroski færist niður, þ.e. að fiskur verður kynþroska yngri og smærri. Fer það þó eftir lífssögu hverrar tegundar hvernig hún bregst við breyttum aðstæðum. Svo virðist sem þorskfiskar, svo sem þorskur og ýsa, fresti fremur hrygningu ef hart er í ári. Aftur á móti virðast sumar tegundir flatfiska ekki fresta hrygningu þó að næringarástand þeirra sé ekki eins og best verður á kosið.

Önnur kenning um kynþroska fiska er sú að eftir að kynþroska er náð hægi mjög á vexti og hann jafnvel stöðvist. Mörg dæmi eru um þetta hjá ferskvatnsfiskum og sumum sjávarfiskum. Þessi kenning byggist á orkutilfærslu. Fyrir kynþroska nýtist þá umframorka til vaxtar, þ.e. sú orka sem ekki þarf til hreyfingar og meltingar. Samkvæmt þessu fer umframorka að miklu leyti beint til vaxtar og þroskunar kynkirtla (hrogna og svila) eftir að kynþroska er náð. Erfitt hefur reynst að sýna fram á þetta í þorskfiskum. Þannig virðist þorskur sem vex hratt halda áfram að vaxa hratt eftir að kynþroska er náð. Útskýring á þessu er líklega að orkufjárfesting þorskfiska í hrygningu er mun minni en hjá mörgum öðrum tegundum, þ.e. hlutfallslega mikið af orkunni er áfram nýtt til vaxtar. Í þessu samhengi er rétt að fram komi

að merkingar og endurheimtur á kynþroska þorski sem gerðar hafa verið hér við land, sýna að kynþroska þorskur hefur aukið þyngd sýna um 26–38% á ári.

Bundnar eru vonir við að áðurnefnd rannsókn á lífssögu þorsks muni varpa ljósi á samband vaxtar og veiða hjá þorski við Ísland á undanförnum áratugum.

Fylgiskjal.

2.1.2.2 Kynþroski.

Kafli úr fjölriti Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 97.
(Júní 2003.)

Kynþroskahlutfall þorsks eftir aldri er mjög breytilegt milli svæða líkt og meðalþyngdir. Mestur munur er á milli norður- og suðursvæðis en talsverður breytileiki er einnig innan hvors svæðis. Kynþroskahlutfall er einnig háð stærð fisksins þannig að stærri fiskur er að jafnaði fyrr kynþroska en jafngamall og minni fiskur.

Kynþroskahlutfall í afla er reiknað út frá sýnum sem eru tekin úr afla á tímabilinu janúar–maí á þeim tíma sem best er að kynþroskagreina þorsk. Á fyrri hluta árs beinist töluverður hluti veiðanna að kynþroska fiski og lítið er veitt á þeim svæðum þar sem kynþroskahlutfall eftir aldri er lægst. Það, auk stærðarvals veiðarfæra, leiðir til þess að reiknað kynþroskahlufall í afla (tafla 3.1.5) er ofmat á kynþroskahlutfalli í stofninum, einkum hjá yngstu aldursflokkunum.

Kynþroskahlutfall í afla var mjög hátt árin 2001 og 2002 hjá öllum aldursflokkum (tafla 3.1.5), það hæsta sem mælst hefur hjá þriggja og fjögurra ára fiski og með því hæsta hjá öðrum aldursflokkum. Þetta, ásamt mikilli meðalþyngd eftir aldri í hrygningarstofni, leiðir til að framlag yngstu árganganna í hrygningarstofninn reiknast talsvert mikið.

Árin 2001 og 2003 var kynþroskahlutfall í stofnmælingu botnfiska mun lægra en 2002 og árið 2003 var kynþroskahlutfallið hjá yngstu árgöngunum nálægt meðaltali áranna 1985–2002. Kynþroskahlutfall í stofnmælingunni er sýnt í töflu 3.1.6.

Tölur um kynþroskahlutfall í stofnmælingum eru, á sama hátt og tölur um meðalþyngd, ekki sömu annmörkum háðar og tölur fengnar úr lönduðum afla. Þær ber engu að síður að túlka með varúð. Ef mikil breyting verður frá ári til árs hvar mest veiðist af tilteknum aldursflokki, vegna breytinga á útbreiðslu eða vegna tilviljanakenndra breytinga á aflabrögðum, getur það haft áhrif á útreiknað kynþroskahlutfall. Kynþroskahlutfall í stofnmælingu er mun lægra en í afla eða um 1% á móti 12% hjá þriggja ára þorski og um 9% á móti 41% hjá fjögurra ára þorski. Raunveruleg stærð hrygningarstofns getur því verið verulega minni en hrygningarstofn metinn út frá meðalþyngdum og kynþroskahlutfalli í afla.

770. Frumvarp til laga [505. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Gunnar Birgisson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Ásta Möller, Sólveig Pétursdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Kjartan Ólafsson.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í tilefni af bókun útvarpsréttarnefndar í máli sem höfðað var fyrir nefndinni á hendur Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., sem rekur sjónvarpsstöðina Skjá einn. Í málinu var því haldið fram að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hefði gerst brotlegt við ákvæði 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, með því að senda út í beinni útsendingu frá knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu þula á ensku á sjónvarpsstöðinni Skjá einum.

Við túlkun á inntaki 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga komst útvarpsréttarnefnd að þeirri niðurstöðu að útsendingar Skjás eins á knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu á ensku samræmdist ekki því ákvæði útvarpslaga sem kveður á um að efni á erlendu máli, sem sýnt sé á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku. Segir í niðurstöðu útvarpsréttarnefndar að tilgangurinn að baki útvarpslögum sé sá að vernda og efla íslenska tungu og beri að hafa hliðsjón af því við skýringu á 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga. Geti útsending á knattspyrnuleik í heild sinni í ensku úrvalsdeildinni hvorki talist frétt né fréttatengt efni heldur sé eingöngu um að ræða útsendingu frá erlendum íþróttaviðburði sem ekki sé undanþeginn skyldu útvarpslaga til að láta tal eða texta á íslensku fylgja með í útsendingunni.

Í 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga kemur fram sú meginregla laganna að efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Frá þeirri meginreglu er gerð sú undantekning í ákvæðinu að krafan um að íslenskt tal eða íslenskur texti fylgi slíku sjónvarpsefni skuli ekki eiga við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl eða móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerist í sömu andrá. Við slíkar aðstæður skuli sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa og skal við slíka endursögn lögð áhersla á að allt tal og texti sem fluttur er sé á lýtalausu íslensku máli. Í 2. mgr. 8. gr. segir síðan að kvöðin um íslenskt tal og textaskýringar eigi ekki við þegar sjónvarpsstöðvar endurvarpa sjónvarpsefni frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

Deila má um niðurstöðu útvarpsréttarnefndar í máli Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og þær forsendur sem að baki henni liggja. Halda má fram með góðum rökum að þeir atburðir sem

áhorfendur verða vitni að í beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum teljist til frétta eða fréttatengds efnis í skilningi ákvæðis 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga. Þeir atburðir eru og hafa á síðustu áratugum verið uppspretta umfangsmikils fréttaflutnings fjölmiðla um allan heim. Hið sama má segja um ýmsa viðburði á menningarsviðinu, s.s. þegar listamenn eru verðlaunaðir vegna afreka sinna. Á hinn bóginn má halda því fram að tilgangurinn sem býr að baki núgildandi útvarpslögum sé göfugur, þ.e. að vernda og efla íslenska tungu, en á þeirri röksemd byggist úrskurður nefndarinnar meðal annars. En hvort sem fallist er á þær röksemdir sem útvarpsréttarnefnd byggir niðurstöðu sína á eða ekki, er ljóst að ákvæði núgildandi útvarpslaga þjóna ekki tilgangi sínum enda heimila núgildandi lög dreifingu erlends sjónvarpsefnis án þess að slíkum útsendingum fylgi íslensk textun, íslensk lýsing, kynning eða endursögn á atburðum, svo lengi sem slík dreifing er viðstöðulaus og felur í sér óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva. Gerir núgildandi löggjöf því ráð fyrir að heimilt sé að dreifa ótextuðu erlendu sjónvarpsefni og án þess að íslenskt tal fylgi í heild, en ekki að hluta. Telja flutningsmenn frumvarpsins að slíkt fyrirkomulag leiði til mismununar og ójafnræðis milli þeirra aðila sem stunda sjónvarpsrekstur á Íslandi. Túlkun útvarpsréttarnefndar á inntaki 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga leiðir í framkvæmd til þeirrar niðurstöðu að tilteknum sjónvarpsstöðvum er heimilt á grundvelli núgildandi laga að senda út erlent sjónvarpsefni allan sólarhringinn, án þess að íslenskt tal eða texti fylgi útsendingunni, en öðrum er óheimilt að senda út 90 mínútna sjónvarpsefni án íslenskrar talsetningar eða textunar. Telja flutningsmenn frumvarpsins ljóst að slíka mismunun þurfi nauðsynlega að leiðrétta.

Nú um stundir er mögulegt að ná útsendingum erlendra sjónvarpsstöðva á erlendu sjónvarpsefni, þar á meðal íþróttaviðburðum, á Íslandi í gegnum gervihnetti og annan móttökubúnað. Jafnframt er mögulegt að ná slíkum útsendingum með aðstoð tölvutækninnar í gegnum netið. Skyldur núgildandi útvarpslaga um íslenska textun og íslenska endursögn eða lýsingu ná ekki til slíkra útsendinga. Jafnframt standa íslensk sjónvarps- og fjarskiptafyrirtæki fyrir endurvarpi erlends sjónvarpsefnis hér á landi án þess að þurfa að uppfylla kröfur um íslenska lýsingu og textun. Þannig býður Landssími Íslands hf. viðskiptavinum sínum upp á endurvarp dagskrár erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum Breiðband Símans, en þær eru m.a.:

DR1,
BBC Prime,
Discovery Channel,
Sky News,
Cartoon Network,
MTV,
Eurosport.

Að sama skapi býður fyrirtækið 365 ljósvakamiðlar ehf. (áður Norðurljós hf.), sem m.a. rekur sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2 og Sýn, viðskiptavinum sínum upp á endurvarp dagskrár 36 erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum Digital Ísland, en þær eru:

Adventure One,
Animal Planet,
BBC Food,
BBC Prime,
Cartoon Network,
Club TV,
CNBC,
Arsenal TV,
Extra Music,
Extreme Sports,
Jetix (áður Fox Kids),
Fox News,
Hallmark,
MGM Movie Channel

CNN International,	Motor TV,
Discovery Channel,	MTV,
DR1,	National Geographic Channel,
DR2,	Polsat,
E!,	SVT1,
ESPN Classic,	Private Blue,
Eurosport,	Reality Channel,
Eurosport 2,	Sky News,
Manchester United TV,	TCM,
Chelsea TV,	Travel Channel,
Liverpool TV,	VH1.

Með endurvarpi dagskrár þeirra sjónvarpsstöðva sem að framan er getið er ljóst að íslenskum sjónvarpsáhorfendum stendur til boða að fylgjast með erlendu dagskrárefni í stórum stíl, án þess að þeir aðilar sem standa að dreifingu slíks dagskrárefnis þurfi að uppfylla kröfur um að sjónvarpsefninu fylgi íslenskur texti eða íslensk lýsing. Gildir þá einu hvort um er að ræða erlent barnaefni, afþreyingarefni, fræðsluefni, fréttatengt efni, auglýsingar eða íþróttaefni hvers konar, sambærilegt því sem leiddi til niðurstöðu útvarpsréttarnefndar í máli sem tilkomið var vegna beinna útsendinga Skjás eins á knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu enskra þula.

Tilgangur flutningsmanna þessa frumvarps er ekki sá að hefta endurvarp sjónvarpsefnis án íslenskrar textunar og lýsingar sem núgildandi útvarpslög heimila. Flutningsmenn frumvarpsins telja á hinn bóginn að markmiði laganna um að efla og vernda íslenska tungu stafi ekki meiri ógn af útsendingum erlendra viðburða á íslenskum sjónvarpsstöðvum án íslensks texta eða lýsingar heldur en af endurvarpi því sem þegar er heimilað. Telja flutningsmenn jafnframt óeðlilegt og andstætt jafnræðissjónarmiðum að banna endurvarp erlends sjónvarpsefnis án texta eða lýsingar, sé það einungis hluti af dagskrá þeirra sjónvarpsstöðvar sem að endurvarpinu stendur, þegar slíkt er heimilt ef endurvarpað er erlendu sjónvarpsefni í heild. Telja flutningsmenn nauðsynlegt að leiðrétta þá galla sem eru á núverandi útvarpslögum og er frumvarp þetta lagt fram með það að markmiði.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum taki lögin þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, orðist svo: „Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.“

Nýja ákvæðið er samhljóða núgildandi ákvæði að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að sú undantekning sem ákvæðið heimilar nái einnig til íþróttaviðburða sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Helgast breytingin af nýlegri túlkun útvarpsréttarnefndar á inntaki ákvæðisins þar sem talið var að íþróttaviðburðir teldust ekki til frétta eða fréttatengds efnis. Með frumvarpinu er því lagt til að ákvæðið verði rýmkað þannig að undantekningarregla ákvæðisins nái jafnframt til slíkra viðburða. Eftir sem áður telja flutningsmenn frumvarpsins að innan undantekningarákvæðis greinarinnar rúmist sýningar frá menningarviðburðum ýmiss konar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

771. Fyrirspurn [506. mál]

til menntamálaráðherra um símenntunarmiðstöðvar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvert var erindisbréf nefndar sem ráðherra skipaði á síðasta ári um starfsemi símenntunarmiðstöðva?
2. Hvenær er að vænta niðurstöðu af starfi nefndarinnar?

772. Fyrirspurn [507. mál]

til samgönguráðherra um flugsamgöngur til Ísafjarðarbæjar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve oft hefur flug til Ísafjarðar fallið niður sl. fimm ár, skipt niður eftir árum og mánuðum?
2. Hve oft hefur verið lent á Þingeyrarflugvelli þegar ófært hefur verið til Ísafjarðar á sama tímabili, skipt eftir árum og mánuðum?
3. Hvaða úrbætur yrði að gera á Þingeyrarflugvelli til að hann gæti að fullu þjónað sem varavöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og hvað yrði samfara því mikill stofnkostnaður annars vegar og rekstrarkostnaður hins vegar?

773. Fyrirspurn [508. mál]

til dómsmálaráðherra um forsjárlausa foreldra.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Telur dómsmálaráðherra ástæðu til að skoða sérstaklega stöðu forsjárlausra foreldra eða endurskoða löggjöf með það að markmiði að bæta eða breyta stöðu þeirra? Ef svo er, með hvað hætti?
2. Hvað afstöðu hefur núverandi dómsmálaráðherra til þeirra tillagna sem svokölluð forsjárnefnd setti fram í áfangaskýrslu sinni í júní 1999?
3. Hvað líður seinni áfangaskýrslu nefndarinnar?

Skriflegt svar óskast.

774. Fyrirspurn [509. mál]

til viðskiptaráðherra um sölu eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélagi Íslands.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvert var söluverð eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélagi Íslands sem seldur var í aðdraganda að sölu bankans árið 2002?

775. Lög [190. mál]

um breyting á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

(Afgreidd frá Alþingi 7. febr.)

Samhljóða þskj. 190.

776. Lög [160. mál]

um þriðju kynslóð farsíma.

(Afgreidd frá Alþingi 7. febr.)

Samhljóða þskj. 160.

777. Svar [454. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um neysluútgjöld fjölskyldna.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á neysluútgjöldum fjölskyldna eftir fjölskyldugerð samkvæmt neysluviðmiði Hagstofu Íslands sl. fimm ár samanborið við neysluvísitölu á þessu tímabili?*

Hagstofa Íslands gefur ekki út neysluviðmið en gerir viðamikla rannsókn á neysluútgjöldum heimila og gefur út niðurstöður þeirrar rannsóknar. Við úrvinnslu á niðurstöðum er fylgt viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum, notað alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir útgjöldin og fylgt stöðlum fyrir vísitölur og þjóðhagsreikninga um hvað telst til neysluútgjalda og hvað ekki.

Hagstofan gerði rannókn á útgjöldum heimilanna árið 1995 og síðan samfellt frá árinu 2000. Niðurstöður fyrir árin 2000–2002 hafa verið birtar, bæði á prenti og á vef Hagstofu.

Frá 1995 til 2002 jukust neysluútgjöld heimilanna um 52,3% á sama tíma og vísitala neysluverðs hækkaði um 28,5%.

Neysluútgjöld eftir heimilisgerðum í þús. kr. 1995–2002.*
Á verðlagi hvers árs.

Ár	Einhleypir	Hjón/sambýlisfólk án barna	Hjón/sambýlisfólk með börn	Einstæðir foreldrar	Önnur heimili	Meðaltal
1995	1.354	2.176	2.905	2.037	2.828	2.302
2002	1.937	3.507	4.658	2.835	4.219	3.506
Breyting	43,1%	61,2%	60,3%	39,2%	49,2%	52,3%

* Hafa þarf í huga að heimilin eru misstór, á meðalheimili 1995 voru 2,82 einstaklingar, en 2,68 einstaklingar árið 2002.

2. *Hvernig hafa fimm stærstu liðirnir í neysluútgjöldum breyst innbyrðis árin 2000–2004 og hvaða þættir voru það?*

Frá mars 1997 til ársins 2000 voru niðurstöður úr útgjaldarannsókn árið 1995 notaðar en einstakir mikilvægir liðir endurskoðaðir sérstaklega.

Frá árinu 2001 hefur Hagstofan notað niðurstöður rannsóknarinnar, sem hófst árið 2000, við árleg grunnskipti vísitölu neysluverðs. Ef skoðað er hlutfall aðalflokka vísitölunnar í mars hvert ár 1997–2004 eru mestar breytingar á hlutfalli matar og drykkjar og á húsnæði en hlutfall ferða og flutninga hefur einnig breyst nokkuð á tímabilinu, aðallega vegna mismikils innflutnings á bílum.

Vísitala neysluverðs, vogir fyrir undirvísitölur frá 1997

	mars 97	mars 98	mars 99	mars 00	mars 01	mars 02	mars 03	mars 04
Vísitala neysluverðs	100	100	100	100	100	100	100	100
Matur og drykkjarvörur	17,1	17,4	17	17,2	16,8	16,3	15,2	15,2
Áfengi og tóbak	3,1	3,4	3,3	3,2	3,3	4,3	4,7	4
Föt og skór	6,5	6	5,6	5,3	5,2	5,6	5,3	5,6
Húsnæði, hiti og rafmagn	17,3	17,4	17,5	19,1	18,5	18,3	20,3	22
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	5,9	5,7	5,4	5,3	5,2	6,8	6,1	5,7
Heilsugæsla	3,2	3,1	3,1	3	3,9	3,7	3,8	3,9
Ferðir og flutningar	15,8	16,5	17,7	19,3	18	15,8	15,5	14,5
Póstur og sími	1,3	1,2	1,7	2,6	4	3	3,1	3,1
Tómstundir og menning	14,1	13,7	13,2	12,2	12,4	14,2	13,9	13,7
Menntun	1	1	1	1	1	0,4	0,8	0,6
Hótel og veitingastaðir	5,4	5,4	5,2	5,3	5,4	5,5	5,1	5,4
Aðrar vörur og þjónusta	9,3	9,3	9,2	6,4	6,3	6,1	6,1	6,5

* Vegna aðferðabreytinga er hlutur þessara liða ekki sambærilegur allt tímabilið.

3. *Hver voru neysluútgjöld samkvæmt neysluviðmiði Hagstofu Íslands eftir fjölskyldugerð árið 2004 sem hlutfall af:*
   a. *hæstu samsettu lífeyrisgreiðslum almannatrygginga,*
   b. *hæsta launaflokki Eflingar fyrir dagvinnu (25. flokki eftir sjö ár hjá sama vinnuveitanda),*
   c. *meðalatvinnutekjum árið 2004 samkvæmt útreikningum kjararannsóknarnefndar?*

Þar sem rannsóknareining útgjaldarannsókna er heimili er nauðsynlegt að þær tekjur sem notaðar eru til viðmiðunar séu heimilistekjur. Þær tekjuviðmiðanir, sem beðið er um, eru ekki til umreiknaðar fyrir heimili og eru því ekki samanburðarhæfar við niðurstöður útgjaldarannsóknarinnar. Sem fyrr segir hefur Hagstofan gefið út niðurstöður útgjaldarannsóknar fyrir árin 2000–2002. Niðurstöður rannsóknar á tekjum þeirra heimila sem þátt tóku eru ekki tiltækar en unnið er að því verkefni og áformað að birta niðurstöðurnar síðar á árinu.

778. Tillaga til þingsályktunar [510. mál]

um endurskoðun reglna um klæðaburð alþingismanna í þingsal og ávarpsvenjur.

Flm.: Gunnar Örlygsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Sigurjón Þórðarson, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að endurskoða reglur um formlegan klæðnað alþingismanna í þingsal og ávarpsvenjur í ræðustól á Alþingi. Forsætisnefnd skili af sér tillögum að nýjum reglum fyrir þinglok vorið 2005.

Greinargerð.

Markmið tillögunnar er í fyrsta lagi að gera alþingismönnum kleift að klæðast alþýðlega í þingsal og um leið að færa venjur um klæðnað þingmanna til nútímalegra horfs. Í danska þinginu eru venjur og hefðir hvað þetta varðar með nýtískulegra sniði.

Í annan stað snýr markmið tillögunnar að breyttum ávarpsvenjum í ræðustól Alþingis. Flutningsmenn tillögunnar telja að einungis sé þarft að ávarpa forseta sérstaklega, t.a.m. með orðunum „virðulegur forseti“. Orðin „hæstvirtur ráðherra“ og „háttvirtur þingmaður“ muni þá heyra sögunni til. Að mati flutningsmanna eru ávarpsreglurnar í raun barns síns tíma og eðlilegt að taka þær til endurskoðunar. Með því að takmarka notkun orðanna „hæstvirtur“ og „háttvirtur“ mun ræðutími þingmanna í ræðustól Alþingis nýtast til muna betur.

779. Fyrirspurn [511. mál]

til utanríkisráðherra um meðferð Darfúr-málsins fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvaða afstöðu hefur ríkisstjórn Íslands til þess að menn grunaðir um að hafa framið stríðsglæpi í Darfúr-héraði í Súdan verði látnir svara til saka fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum?

780. Svar [421. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhöhnnu Sigurðardóttur um tryggingavernd innstæðueigenda.

1. *Hvernig er tryggingavernd innstæðueigenda háttað hérlendis samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?*

Í 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta segir að sé aðildarfyrirtæki ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á sé Tryggingarsjóði skylt að greiða viðskiptavininum andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild. Sama á við ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta. Lögin kveða því ekki á um sérstakar takmarkanir á fjárhæð tryggingaverndar.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því í lögunum að vera kann að eignir sjóðsins hrökkvi ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa eða reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum. Í 1. mgr. 10. gr. segir að í slíkum tilfellum skuli greiðslu úr innstæðudeild og verðbréfadeild skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. verði bætt að fullu en allt sem umfram sé þessa fjárhæð skuli bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkvi til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999 (sem var 81,39 kr.). Umreiknuð í evrur samsvarar tryggingaverndin 20.887 evrum. Miðað við gengiskráningu 17. janúar sl. (sem var 81,8 kr.) var þessi fjárhæð því 1.708.563 kr.

Þess ber að geta að fjárhæðamörkin byggjast á 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta, en þar er kveðið á um að tryggingavernd skuli að lágmarki nema 20.000 evrum. Fjárhæðamörk tryggingaverndarinnar samkvæmt lögunum er hins vegar nokkuð hærri en krafist er í tilskipuninni, þ.e. tryggingaverndin samsvarar 20.887 evrum.

Lágmarksfjárhæð tryggingaverndar á Norðurlöndunum er eftirfarandi. Heimild: Norges Bank: Innskuddsikring i Norden og virkninger av å filialisere Nordea, 26. mars 2004, bls. 3. Fjárhæðir í ISK eru reiknaðar miðað við kaupgengi evru 17. janúar sl. og eru námundaðar við næsta þúsund.

	ISK	EUR	Innlendur gjaldmiðill
Noregur	18.725.000	228.912	NOK 2.000.000
Danmörk	3.294.000	40.268	DKK 300.000
Svíþjóð	2.289.000	27.986	SEK 250.000
Finnland	2.045.000	25.000	EUR 25.000
Ísland	1.708.000	20.887	ISK 1.708.000

Lágmarksfjárhæð tryggingaverndar er því nokkru lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Hún er hins vegar í nokkuð góðu samræmi við lágmarksfjárhæð tryggingaverndar í ESB-ríkjum, ef frá eru skilin Danmörk, Bretland, Frakkland og Ítalía. Algengt er að fjárhæðin sé um 20.000 evrur. Eftirfarandi mynd sýnir samanburð á lágmarksfjárhæð í ESB-ríkjunum. Heimild: ECB: Main Features of the Deposit-Insurance Schemes in the EU, 23. nóvember 2004, bls. 7–8. Fjárhæðir eru í evrum.



Þess ber að geta að samanburður á tryggingavernd milli landa er nokkuð vandasamur vegna mismunandi fyrirkomulags tryggingakerfa og ólíkra reglna. Sem dæmi má nefna að lágmarksfjárhæð greiðslu er ekki einhlítur mælikvarði á tryggingaverndina. Eins og rakið er hér að framan gildir sú regla hér á landi að lágmarksfjárhæðin á því aðeins við að eignir sjóðsins hrökkvi ekki til þess að greiða allar kröfur. Í öðrum löndum er hins vegar algengt að greiðslur fari ekki út fyrir lágmarksfjárhæðina. Þá fer víða fram á vegum tryggingarsjóða skuldajöfnuður milli krafna og skuldbindinga innstæðueigenda gagnvart aðildarfyrirtæki áður en til greiðslu kemur.

2. *Hver er meðalinnstæða einstaklinga í viðskiptabönkum og sparisjóðum, og hversu margir eiga innstæður annars vegar undir og hins vegar yfir þeirri lágmarkstryggingavernd sem lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta kveða á um? Um hve háar fjárhæðir er að ræða í hvoru tilviki?*

Ráðuneytið leitaði til Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) um svar við þessum lið fyrirspurnarinnar. SBV óskaði síðan eftir upplýsingunum hjá Reiknistofu bankanna. Í upplýsingunum hér á eftir koma fram allir lifandi sparisjóðs- og tékkareikningar á kennitölum einstaklinga hjá bönkum og sparisjóðum í vinnslu hjá Reiknistofu bankanna með innstæðu miðað við 31. desember 2004:

1. Heildarfjöldi reikninga var *1.117.208* og meðalinnstæða á þeim *249.837* kr.
2. Talinn var fjöldi einstaklinga sem átti innstæðu jafnt og eða hærri en 1.740.000 kr. hjá bönkum og sparisjóðum en það var lágmarkstryggingavernd í íslenskum krónum í desember sl. þegar óskað var eftir svari við þessum lið fyrirspurnarinnar. Hver kennitala var athuguð sérstaklega innan hvers banka og einnig innan sparisjóðanna saman, þannig að hver kennitala getur hafa komið fyrir allt að fjórum sinnum, ef einstaklingur átti innstæðu yfir 1.740.000 kr. hjá Íslandsbanka, KB banka, Landsbanka og sparisjóðunum hverjum fyrir sig. Fjöldi kennitalna í þessum flokki var *31.879* og fjöldi reikninga að baki þeirra var *107.424*.
3. Talinn var fjöldi einstaklinga sem átti innstæðu lægri en 1.740.000 kr. hjá bönkum og sparisjóðum. Hver kennitala var athuguð sérstaklega innan hvers banka og einnig innan sparisjóðanna saman, þannig að hver kennitala getur hafa komið fyrir allt að fjórum sinnum, ef einstaklingur átti innstæðu undir 1.740.000 kr. hjá Íslandsbanka, KB banka,

Landsbanka og sparisjóðunum hverjum fyrir sig. Fjöldi kennitalna í þessum flokki var *580.669* og fjöldi reikninga að baki þeirra var *1.009.784*.

c. *Telur ráðherra rétt í ljósi aðstæðna á fjármálamarkaði að grípa til aðgerða til að treysta betur stöðu innstæðueigenda og telur hann að öryggi þeirra sé nægjanlega tryggt komi til alvarlegra skakkafalla hjá innlánsstofnunum þannig að þær geti ekki staðið við skuldbindingar gagnvart innstæðueigendum?*

Ráðherra telur að núverandi lágmarksinnstæðutrygging samkvæmt lögum um innstæðueigendur og tryggingakerfi fyrir fjárfesta veiti innstæðueigendum fullnægjandi vernd. Í því efni ber að hafa í huga að lágmarkstrygging samkvæmt lögunum á aðeins við ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til þess að greiða allar kröfur. Meginreglan er því sú að allar innstæður eru greiddar, svo fremi sem Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta eigi fyrir kröfum innstæðueigenda. Ráðherra telur á hinn bóginn að ástæða sé til að huga að því á næstu missirum hvort rétt sé að innlánastofnanir greiði meira til sjóðsins, t.d. með því að hækka það hlutfall tryggðra innstæðna sem sjóðurinn skal eiga á hverjum tíma.

781. Fyrirspurn [512. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkrahússbyggingar í Fossvogi.

Frá Ástu Möller.

Hvaða hugmyndir eru uppi um ráðstöfun sjúkrahússbygginga í Fossvogi, áður Borgarspítalans, þegar starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur verið sameinuð á einn stað við Hringbraut?

782. Fyrirspurn [513. mál]

til félagsmálaráðherra um rétt nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að nemendur í framhalds- og háskólanámi, sem verða að búa á heimavist eða leigja sér húsnæði vegna fjarlægðar frá skóla, öðlist rétt til húsaleigubóta þótt þeir eigi lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi?

783. Fyrirspurn [514. mál]

til utanríkisráðherra um uppsagnir hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hve mikið hefur starfsmönnum slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli fækkað, sundurliðað eftir deildum, frá því sem mest var þegar nýlega boðaðar uppsagnir verða að fullu komnar til framkvæmda?
2. Hvaða áhrif hefur fækkun starfsmanna haft eða kemur til með að hafa á starfsemi flugþjónustudeildar og þjónustustig við brautir vallarins?
3. Hvaða áhrif hefur fækkun starfsmanna haft eða kemur til með að hafa á öryggisstaðla og viðbragðsgetu slökkviliðsins og styrk varaslökkviliðs?
4. Hvernig er ætlunin að tryggja þjálfun og réttindi starfsmanna hvað varðar slökkviliðsstörf, sjúkraflutninga og hópslysaréttindi, meðferð sprengiefna o.s.frv., komi til útboða á einhverjum slíkum verkefnum?

784. Fyrirspurn [515. mál]

til menntamálaráðherra um kostun dagskrárliða í útvarpi og sjónvarpi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Á hvern hátt fylgja stjórnvöld því eftir að útvarps- og sjónvarpsstöðvar fari að kostunarreglum 21. gr. útvarpslaga?
2. Hversu stór hluti auglýsingatekna Ríkisútvarpsins fæst með kostun og hvernig hefur hlutfallið þróast á sl. 10 árum?
3. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglur um kostun?

785. Skýrsla [516. mál]

Valgerðar Sverrisdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2004

1. Inngangur

Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning, náttúra.

Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu og lagði venju samkvæmt í upphafi árs fram formennskuáætlun sína sem samin hafði verið í samvinnu allra íslenskra ráðuneyta. Það land sem leiðir samstarfið fær þannig tækifæri til að koma áherslumálum sínum í forgrunninn og beina samstarfinu að einhverju leyti inn á nýjar brautir. Í öllum veigamiklum atriðum er norrænt samstarf þó mótað á grundvelli sameiginlegra hagsmuna landanna og fer að meginstofni til eftir samstarfs- og framkvæmdaáætlunum sem gilda til nokkurra ára. Því má segja að þetta fyrirkomulag tryggi að samstarfið sé í senn samfellt og sveigjanlegt.

Formennskuáætlun Íslands bar yfirskriftina Auðlindir Norðurlanda, en leiðarstefin voru *Lýðræði, menning og náttúra.* Með auðlindum var vísað til samfélagsgerðar, félagsumhverfis, menningararfs og náttúruauðlinda. Eins og við var að búast setti formennskan mark sitt á starfsemi ráðuneytanna sem báru hitann og þungann af því að skipuleggja meira en 30 viðburði á árinu sem allir tengdust yfirskrift áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti. Haldnar voru jafnt stórar ráðstefnur sem minni fundir, en auk þess var unnið að mörgum norrænum verkefnum á þeim málefnasviðum sem samstarfið nær til. Með nokkurri einföldun má segja að meginstefnumálin í formennskuáætlun Íslands hafi verið:

- Að greina stöðu lýðræðisins á Norðurlöndum, m.a. út frá nýlegum valdaúttektum í Noregi og Danmörku.
- Að fylgja eftir skýrslunni „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ þar sem kveðið er á um nauðsyn þess að styrkja vestnorrænt samstarf og móta stefnu um nánara samstarf Norðurlanda við grannsvæðin við NorðurAtlantshaf.
- Að fylgja eftir þeirri stefnu að ryðja úr vegi hindrunum á norrænum landamærum, en í því augnamiði var Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, falið að vinna áfram að því að samræma aðgerðir ráðherranefnda.

Lýðræðisnefndin.

Nefnd, sem skipuð var í byrjun árs af norrænu ríkisstjórnunum, var falið að rannsaka hvaða vandi steðjaði helst að norrænum lýðræðissamfélögum þegar litið væri til næstkomandi 25 ára. Með því að setja lýðræðið á oddinn var verið að svara áskorun Norðurlandaráðs frá árinu 2002 þar sem óskað var eftir því að lýðræði sem stjórnarform yrði skoðað og rætt. Formaður lýðræðisnefndarinnar var Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, en aðrir nefndarmenn voru Fredrik Engelstad, prófessor í stjórnmálafræði við Óslóarháskóla og einn höfunda norsku valdaúttektarinnar, Torben Rechendorff fyrrverandi kirkju- og samgöngumálaráðherra Dana, Marcus Bengtsson skrifstofustjóri í lýðræðisdeild

sænska dómsmálaráðuneytisins og Siv Sandberg stjórnmálafræðingur við háskólann í Åbo í Finnlandi. Fulltrúi Álandseyja var Peter Lindbäck landshöfðingi, Daniel Thorleifsen sagnfræðingur við háskólann í Nuuk var fulltrúi Grænlendinga og fyrir hönd Færeyja sat Ingibjørg Berg frá sambandi færeysku sveitarfélaganna í nefndinni. Með nefndinni störfuðu Sigrún Björnsdóttir, Ditte Maja Simonsen og Martina Holmgren.

Nefndin fékk afar breitt umboð, en ákvað að byggja starf sitt á áðurnefndum valdaúttektum í Noregi og Danmörku frá árinu 2003 og stefnu sem Svíar mótuðu árið 2001 til að styrkja lýðræðið í landinu. Nefndin afmarkaði verkefni sitt við eftirtalin atriði:

- Hið staðbundna lýðræði og áhrif verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga á lýðræðisferlið.
- Þátttöku borgaranna í stjórnmálum og nýjar leiðir til að hafa áhrif.
- Leiðir til að nýta upplýsingatækni til að styrkja lýðræðið.

Nefndin lauk störfum í upphafi árs 2005 með lokaskýrslu ásamt greinasafni þar sem 14 norrænir fræðimenn rita greinar um stöðu lýðræðis á Norðurlöndum í lok 20. aldarinnar. Í niðurstöðukafla skýrslunnar sem nefndin skilaði til samstarfsráðherranna eru settar fram rökstuddar ábendingar og ráðleggingar um hvernig megi treysta stoðir lýðræðis á Norðurlöndum. Þeim er fyrst og fremst beint til ríkisstjórna norrænu ríkjanna og sjálfstjórnarsvæðanna en einnig til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nefndin leggur til að:

- Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin móti stefnu sem miði að því að standa vörð um, vernda og treysta lýðræðið, bæði hið staðbundna lýðræði og á landsvísu. Lýðræðisáætlunin taki bæði til lýðræðis sem stjórnarforms og sem menningar og lífsstíls.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin leggi áherslu á að auka þekkingu á lýðræðinu með reglulegum samanburðarrannsóknum á stöðu mála sem nái til allra landanna.
- Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin móti stefnu um lýðræðismenntun til þess að auka þekkingu almennings og gera fólk meðvitaðra um réttindi sín og möguleika, en jafnframt skyldur og ábyrgð í lýðræðisþjóðfélagi. Slík stefna á einnig að taka til hlutverka og tengsla lýðræðisstofnana, og ná til allra sem eru með skráða búsetu í norrænu ríki eða sjálfstjórnarsvæði.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin ákveði aðgerðir til þess að bæta starfsforsendur staðbundinna lýðræðisstofnana og lýðræðislega kjörinna fulltrúa í þeim.
- Áður en gripið verði til skipulagsbreytinga á sveitarstjórnarstiginu í norrænu ríkjunum og sjálfstjórnarsvæðunum verði kannaðar afleiðingar þeirra á starfsforsendur staðbundinna lýðræðisstofnana. Þetta verði gert hvort sem skipulagsbreytingarnar eru ákveðnar af sveitarfélögunum sjálfum eða landsyfirvöldum.
- Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin endurveki þá hugmynd að trúnaðarstörf í sveitarfélögum séu skólun í lýðræði – og að kjörnum fulltrúum verði frekar fjölgað en fækkað.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin rannsaki ástæður þess að sumir hópar eiga fáa kjörna fulltrúa og grípi til aðgerða til að fjarlægja hindranir fyrir breiðri stjórnmálaþátttöku.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin beiti sér fyrir því að bæta aðstæður og auka áhrif kjörinna fulltrúa við staðbundnar ákvarðanatökur.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin leggi áherslu á virkni almennings á milli kosninga.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin láti opinbera stefnu í upplýsingatæknimálum ná til aðgerða til að sporna gegn stafrænum gjám.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin hvetji norræn sveitarfélög til að nýta sér gagnvirka eiginleika internetsins, að þau kynni sér reynslu af tilraunum sem gerðar hafa verið með rafrænt lýðræði og hafi frumkvæði að nýskapandi upplýsingatækniverkefnum sem efla

þátttökulýðræðið. Til dæmis gætu sveitarfélögin mótað sjálfstæða stefnu í upplýsingatæknimálum til að efla hið staðbundna lýðræði.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin hvetji til rannsókna á því hvernig nýta megi upplýsingatækni í lýðræðisferlum.

Þá leggur nefndin til við Norrænu ráðherranefndina að skipaður verði fastur vinnuhópur sem hafi það hlutverk að standa vörð um, vernda og efla lýðræði á Norðurlöndum.

Skýrsla lýðræðisnefndarinnar ásamt greinasafni norrænu fræðimannanna um málefnið verður kynnt fjölmiðlum í byrjun febrúar 2005. Þá fjalla samstarfsráðherrar Norðurlanda um skýrsluna á fundi sínum í byrjun mars nk. Samstarfsráðherra Íslands leggur á það áherslu að skoðað verði gaumgæfilega hvernig tillögum nefndarinnar verði best fylgt eftir.

Vestur-Norðurlönd.

Einn þáttur í áherslu Íslands á formennskuárinu var að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem settar voru fram í skýrslunni *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi*, sem kom út árið 2003. Páli Péturssyni fyrrverandi félagsmálaráðherra var því falið að fylgja tillögum skýrslunnar eftir og knýja á um aðgerðir af hálfu íslenskra embættismanna. Stærsta vestnorræna verkefnið sem ráðist var í á árinu var úttekt og greining á samgöngum milli landanna á vestnorræna svæðinu. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri annaðist úttektina og voru niðurstöður hennar birtar í skýrslunni *Flug- og sjóflutningar á Vestur-Norður-löndum – Greining og framtíðarspá*, en hún kom út í júlí.

Úttektin leiddi m.a. í ljós að hömlur á flugi til og frá Grænlandi ásamt óhemju háum ferðakostnaði standa í vegi fyrir framförum á svæðinu, ekki hvað síst í ferðaþjónustu. Þá var vakin athygli á því að flugsamgöngur á milli vesturstrandar Grænlands og Íslands væru í algeru lágmarki og bent á nauðsyn þess að fjölga flugferðum milli Íslands og Færeyja. Einnig leiddi úttektin í ljós að vaxandi samkeppni er í vöruflutningum á sjó á vestnorræna svæðinu og þá helst á milli Íslands og Færeyja.

Skýrslan var kynnt samgönguráðherrunum á fundi þeirra sem haldinn var hér á landi í ágúst 2004.

Annað verkefni sem brýnt þótti til að efla svæðasamstarf við Norður-Atlantshaf var að styrkja Norðuratlantsnefndina (NORA), en hún hefur aðsetur í Þórshöfn í Færeyjum. Í samræmi við tillögu þar að lútandi í fyrrnefndri skýrslu um Vestur-Norðurlönd var á árinu gerð úttekt á starfsemi NORA þar sem tilgangurinn var m.a. að kanna hvort nefndin gæti orðið sá samræmingaraðili sem talinn var nauðsynlegur á Norður-Atlantshafssvæðinu. Danska ráðgjafarfyrirtækið Kvistgaard Consult annaðist úttektina fyrir norrænu embættismannanefndina um byggðamál. Niðurstöður þeirrar úttektar voru jákvæðar fyrir NORA, en jafnframt var á það bent að ef NORA ætti að taka að sér aukin verkefni þyrfti að efla starfsemina með einhverjum hætti frá því sem nú er. Þrjár mögulegar leiðir voru lagðar til í þeim efnum. Skýrslan um NORA var kynnt iðnaðar- og viðskiptaráðherrunum á fundi þeirra í Stokkhólmi í nóvember, en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða leið verður farin til að styrkja starfsemi NORA.

Sem lið í því að efla svæðasamstarf við Norður-Atlantshaf varð að samkomulagi á árinu að breyta starfsreglum norrænu menningarstofnananna í Reykjavík, Nuuk og í Þórshöfn á þann veg að þær næðu einnig til menningarsamstarfs við grannsvæði á austurströnd Kanada, í Skotlandi og skosku eyjunum og á Írlandi. Þá var jafnframt ákveðið að Vestur-Norðurlönd skyldu verða í sviðsljósinu í starfi norrænu húsanna á árinu 2006.

Þá var unnið að mörgum öðrum vestnorrænum verkefnum á einstökum fagsviðum og eru þeim gerð skil í köflum fagsviðanna sem birtir eru í þessari skýrslu.

Landamærahindranir.

Frá árinu 2002 hefur vinna við að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum landamærahindrunum milli Norðurlanda verið forgangsverkefni í norrænu samstarfi. Þetta starf byggir á Norrback-skýrslunni svokölluðu sem kom út árið 2002. Svíar fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2003 og fólu þá Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, að vinna að og samræma aðgerðir gegn landamærahindrunum. Þegar Íslendingar tóku við formennsku í upphafi ársins var Schlüter beðinn um að halda starfi sínu áfram, og nú hafa Danir, sem fara með formennsku árið 2005, gert slíkt hið sama.

Hingað til hefur starf Schlüters einkum miðast við að auðvelda einstaklingum að flytjast á milli landanna. Fyrir tilstuðlan Schlüters hefur margt verið fært til betri vegar á þessum tveimur árum og tókust þær lagfæringar með góðum vilja og samvinnu milli embættismanna í löndunum. Um er að ræða afnám hindrana og lausn á margvíslegum vandamálum sem skipta miklu fyrir einstaklinga á Norðurlöndum, svo sem á sviði skattamála, heilbrigðismála, almannatrygginga, félagslegrar aðstoðar, menntamála og vinnumarkaðsmála. Af þeim málum sem snerta Íslendinga sérstaklega má nefna nafnamálið svokallaða, en þá er átt við erfiðleika margra Íslendinga sem búsettir eru í Danmörku eða Svíþjóð við að fá nöfn barna sinna rétt skráð í opinberar bækur. Árið 2003 fékk þetta mál farsæla lausn hvað Svíþjóð áhrærir, þegar sérreglur sem leyfa nafngiftir barna í samræmi við íslenska nafnahefð gengu í gildi. Á haustmánuðum kom fram tillaga um lausn vandans í Danmörku þess efnis að íslensk nafnahefð verði gerð að almennri reglu í dönskum lögum. Endanleg niðurstaða er ekki komin, en tillagan lofar góðu og myndi samþykkt hennar leysa vanda Íslendinga að fullu.

Mikið hefur áunnist við að ryðja burtu stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum en mörg erfið úrlausnarefni hafa enn ekki verið til lykta leidd. Að þeim var unnið af krafti á árinu. Það er sameiginleg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs að efla þetta starf enn frekar á næstu árum og á árinu 2005 hafa Danir boðað ákveðna áherslubreytingu. Kastljósið mun þá einkum beinast að margvíslegum stjórnsýsluhindrunum sem snúa að atvinnulífinu, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem vilja stunda atvinnustarfsemi yfir norrænu landamærin. Yfirlitsskýrsla um þessi mál lá fyrir í byrjun árs 2004 og hefur embættismannanefndin um atvinnumál ásamt Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NICe) haft niðurstöður hennar til umfjöllunar sem og aðilar vinnumarkaðarins.

Landamærahindranir í atvinnulífinu varða mörg svið svo sem tolla- og skattamál, vöruflutninga, menntun og hæfniskröfur starfsmanna og ýmsar atvinnugreinar, t.d. matvælaiðnaðinn, byggingariðnaðinn og rafeindaiðnaðinn.

Rannsóknir og nýsköpun – NICe og NordForsk.

Samstarf Norðurlanda á sviði rannsókna og nýsköpunar hefur verið í endurskipulagningu undanfarin ár, en prófessor Gustav Björkstrand við Åbóháskólann í Finnlandi var á sínum tíma falið að gera úttekt og koma með tillögur um það hvernig Norðurlönd gætu skarað fram úr á sviði rannsókna og nýsköpunar. Björkstrand kynnti tillögur sínar á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2003 í „hvítbókinni“ NORIA (Nordic Research and Innovation Area). Segja má að þessar breytingar séu einskonar andsvar Norðurlanda við áætlun Evrópusambandsins (ESB) um að gera Evrópu að öflugu rannsóknar- og nýsköpunarsvæði (ERA – European Research Area).

Á grundvelli tillagna Björkstrands leit ný stofnun dagsins ljós í upphafi ársins. Það er Norræna nýsköpunarmiðstöðin eða *Nordisk Innovationscenter (NICe)*. Einnig var samþykkt ný norræn nýsköpunarstefna. Á árinu var jafnframt unnið ötullega að undirbúningi stofnunar sameiginlegs norræns rannsóknarráðs. Hlaut það heitið *NordForsk* og hóf starfsemi sína í

byrjun árs 2005. Líta má á NICe og NordForsk sem systurstofnanir en þær verða kjölfestan í eftirfylgni við NORIA-hvítbókina, og munu vinna náið saman enda mikilvægur þáttur í tillögum NORIA að nauðsyn beri til að samþætta betur rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífi. Tilgangur þessarar miklu endurskipulagningar er að ná fram samlegðaráhrifum með því að nýta betur sameiginlegt fjármagn á norrænum þekkingarmarkaði, stuðla að samkeppnishæfara atvinnulífi og koma Norðurlöndum í fremstu röð á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Eitt af formennskuverkefnum Íslendinga var að halda alþjóðlega ráðstefnu um rannsóknir og nýsköpun – fór hún fram í byrjun júní og þótti takast vel.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á starfsárinu. Fyrst sumarfund sem haldinn var í Sveinbjarnargerði í Eyjafirði þann 9. ágúst. Síðan venjubundinn formlegan fund í tengslum við þing Norðurlandaráðs þann 1. nóvember. Sama dag áttu forsætisráðherrarnir fundi með oddvitum stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs en daginn áður með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sat alla fundina, þann í ágúst sem staðgengill Davíðs Oddssonar þáverandi forsætisráðherra, og í Stokkhólmi í krafti embættis forsætisráðherra, sem hann tók við 15. september.

Til umræðu á fundum forsætisráðherranna voru að venju þau mál sem hæst bar í norrænu samstarfi, samstarf Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk alþjóðlegra málefna, þar á meðal málefni Sameinuðu þjóðanna (S.þ.), Atlantshafsbandalagsins (NATO), Íraksstríðið og baráttan gegn hryðjuverkaöflum í heiminum. Einnig var komið inn á málefni Afganistans, Súdans, Íraks og Pakistans.

Í febrúar á þessu ári var undirritaður í Helsinki nýr samningur um Norræna fjárfestingarbankann (NIB) sem hefur það í för með sér að Eistland, Lettland og Litháen urðu fullgildir aðilar og meðeigendur í bankanum frá 1. janúar 2005. Forsagan var að forsætisráðherrarnir höfðu á sumarfundi sínum árið 2003 ákveðið að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að bankanum. Forsætisráðherrarnir ákváðu síðan á fundi sínum í tengslum við Norðurlandaráðsþing 2003 að fela Per Unckel, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, að kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að eða nánara samstarf við aðrar norrænar stofnanir en NIB og var stöðuskýrsla kynnt á fundinum í Sveinbjarnargerði og lokaniðurstaða lögð fyrir fund þeirra í Stokkhólmi. Hún leiddi í ljós að ekki væri að svo komnu máli áhugi meðal Eystrasaltsríkjanna á eignaraðild að fleiri norrænum stofnunum. Hins vegar töldu þau mikilvægt að styrkja samstarfið við Norðurlönd almennt. Að fengnum þessum upplýsingum var ekki talið rétt að fylgja málinu frekar eftir, en halda áfram að auka samstarf við Eystrasaltsríkin á vettvangi þeirra stofnana sem þau æsktu.

Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur kom til fundar við forsætisráðherrana í Stokkhómi og gerði grein fyrir störfum sínum við að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum. Hann skýrði frá þeim nýja norræna samningi um kennitölur sem undirritaður var síðar sama dag og nefndi ýmsa samninga um félagslegt öryggi, félagsleg réttindi og starfsréttindi sem gerðir höfðu verið á árinu. Hann lagði áherslu á gildi þeirra samninga sem sneru að öðrum starfsstéttum en háskólafólki. Mikilvægast taldi hann þó að hafist yrði handa um að ryðja úr vegi hindrunum fyrir útrás lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum. Forsætisráðherrarnir töldu brýnt að unnið yrði áfram að því að greiða götu þess fólks sem flyst milli norrænu landanna og þeirra fyrirtækja sem vilja stunda atvinnustarfsemi yfir norræn landamæri.

Að frumkvæði Kjell Magne Bondevik forsætisráðherra Noregs var skattlagning áfengis á Norðurlöndum tekin til umræðu á fundinum í Sveinbjarnargerði, vegna þeirra skattalækkana á áfengi sem orðið höfðu í Danmörku og Finnlandi. Forsætisráðherrarnir fólu þá félags- og heilbrigðismálaráðherrum landanna að skoða málið og leggja fram tillögur um norrænt samstarf heima fyrir og á alþjóðavettvangi um viðbrögð við þessari þróun, sem á rót að rekja til frjálsari reglna ESB um flutning áfengis milli aðildarlanda þess. Sú yfirlýsing, sem félags- og heilbrigðisráðherrar samþykktu af þessu tilefni um það, m.a. að Norðurlönd beittu sér sameiginlega fyrir því að dregið verði úr áfengisneyslu, var kynnt á fundi ráðherranna í Stokkhólmi og henni fagnað.

Góður rómur var gerður að formennskuáætlun Íslands – „Auðlindir Norðurlanda“ – en Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kynnti á báðum fundum ársins þá starfsemi sem fram fór undir formerkjum hennar. Þá kynnti Anders Fogh Rasmussen formennskuáætlun Dana 2005 – „Norðurlönd á nýjum tímum, þekking, þróttur og samstarf“. Tekið var undir þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að taka út starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar með það að markmiði að einfalda hana, auka skilvirkni og beina henni í auknum mæli að færri og jafnframt stærri viðfangsefnum sem væru pólitískt mikilvæg.

Vestnorrænt samstarf var til umræðu á fundi forsætisráðherranna með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna. Josef Motzfeldt, staðgengill formanns landsstjórnar Grænlands, þakkaði þann árangur sem náðst hefði á formennskuári Íslands og nefndi sérstaklega þá vestnorrænu samgönguskýrslu sem gerð hefði verið. Forsætisráðherra Danmerkur, Anders Fogh Rasmussen, lýsti því yfir að vestnorrænni áherslu Íslands yrði fylgt eftir á formennskuári Danmerkur.

Ný norræn áætlun um sjálfbær Norðurlönd fyrir árin 2005–2008 var kynnt á fundi forsætisráðherranna með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna og henni veitt brautargengi.

Þau mál sem hæst bar á vettvangi ESB voru að venju rædd sérstaklega, stjórnarskrá sambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslur sem standa fyrir dyrum í sumum aðildarlandanna, og fyrirhuguð aðild Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklands að sambandinu. Þá voru umbætur á starfsemi S.þ. og fyrirhuguð seta Danmerkur í öryggisráðinu til umræðu.

Meginefni fundar forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var norrænt samstarf sem hluti af pólitísku samstarfi þjóðþinga landanna við Eystrasaltið. Þingforsetar norrænu þjóðþinganna hófu fyrr á árinu umræðu um möguleika þess að samhæfa það þingmannastarf sem fram fer milli þjóðþinga umræddra landa. Norðurlandaráð skipaði því á árinu nefnd til að fjalla um málið. Af hálfu bæði forsætisnefndar og forsætisráðherranna var lögð áhersla á þá sérstöðu sem norrænt samstarf hafi vegna umræðunnar sem þar fer fram milli þingmanna í Norðurlandaráði og ráðherra landanna í Norrænu ráðherranefndinni. Ef Norðurlandaráð yrði lagt niður og í þess stað stofnað til samstarfs milli þjóðþinga fleiri landa mundi þessi umræða leggjast af. Samstaða var á fundinum um að slík niðurstaða væri til skaða.

Þá lýsti forsætisráðherra Íslands, Halldór Ásgrímsson, á fundinum þeirri uppbyggingu sem hefði átt sér stað og verkaskiptingu sem komið hefði verið á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og annarra svæðisbundinna samtaka í Norður-Evrópu án þess að samstarfsforminu hefði verið breytt eða fleiri ríkjum boðin aðild að Norrænu ráðherranefndinni.

Á venjubundnum fundi forsætisráðherranna með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna bar hæst umræðu um samskiptin við Rússland og stöðu mála þar, ásamt umræðu um stöðu mála í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra var samstarfsráðherra til 15. september og gegndi hún á því tímabili formennsku í hópi norrænu samstarfsráðherranna. Þegar Siv vék úr ríkisstjórn 15. september tók Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, við störfum samstarfsráðherra.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda marka stefnuna fyrir norrænt samstarf og er það eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við þá stefnumörkun. Ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherranna er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinga milli samstarfssviðanna. Á borði þeirra eru einnig upplýsingamálin og samstarfið við grannsvæðin auk ýmissa þverfaglegra samstarfsmála sem ekki falla undir neina fagráðherranefnd. Þverfaglegum viðfangsefnum hefur fjölgað á undanförnum árum og eru líkur á að sú þróun muni halda áfram.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárlög ársins 2004 að upphæð 817,5 millj. d.kr. voru að raunvirði óbreytt frá fyrra ári og segja má að það hafi haldist nánast óbreytt síðastliðin tíu ár.

Undirbúningur fjárlagagerðarinnar fylgdi reglum sem samþykktar voru árið 2000 með það að markmiði m.a. að auka hreyfanleika fjármagnsins til þess að unnt væri að flytja það hratt til þeirra verkefna sem hverju sinni skyldu njóta pólitísks forgangs. Árangur hvað varðar þau markmið hefur þó ekki þótt nægilega góður.

Við undirbúning fjárlaga ársins 2006 verður því beitt þeirri aðferð að fagsviðunum verður í upphafi fjárlagaferlisins úthlutað upphæð sem er nokkrum prósentustigum lægri en áætlað er að heildarfjárveiting til sviðanna verði. Þannig er áformað að ná fram forgangsröðun innan fagsviðanna og skapa færi á að meta á síðari stigum fjárlagagerðarinnar hvar þessir fjármunir eru best niður komnir.

Fjárlagaliðurinn „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“ var árið 2004 13,2 millj. d.kr. sem var rúmlega fjórðungs hækkun frá árinu áður. U.þ.b. helmingur þessarar upphæðar rann til verkefna sem féllu undir formennskuáætlun Íslands og voru fjárveitingar úr þessum sjóði, til viðbótar því sem fagsviðin veittu til verkanna, taldar mikilvægar forsendur þess að af framkvæmdum verkefnanna gæti orðið.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum eru 10 millj. d.kr. eða 77% fjárlagaliðarins „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“ til komnar vegna þess að á árunum 2001–2005 er verið að færa fjárlögin smám saman í átt að greiðslugrunni. Í ársbyrjun 2005, þegar skýrsla þessi er skrifuð, er ljóst að ekki verður framhald á þessari skipan eftir fjárlög ársins 2005. Hvort unnt verður í framtíðinni að halda svo hárri upphæð óráðstafaðri fram á viðkomandi fjárlagaár er því óvíst.

Á árinu 2005 verður unnið markvisst að því að hagræða í störfum Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlað er að ákvörðun um breytingar verði tekin fyrir árslok. Þær munu vafalítið hafa áhrif á norrænu fjárlögin.

Ný stefnumótun fyrir samstarfið við Eystrasaltsríkin og Rússland.

Frá því að ljóst varð að Eystrasaltsríkin myndu sækja um inngöngu í ESB hefur Norræna ráðherranefndin unnið að því að endurskoða starfsemi sína í Eystrasaltsríkjunum með það fyrir augum að samstarf verði náið, það verði á jafnræðisgrundvelli og að það snúist um

pólitískt mikilvæg mál. Á undanförnum tveimur árum hefur mikið starf verið unnið við að móta nýja stefnu eða leiðbeinandi reglur um hvernig þessu samstarfi skuli háttað. Á sama tíma fór fram samskonar stefnumótunarvinna vegna samstarfsins við Rússland, sem Norræna ráðherranefndin vill auka á næstu árum. Í þessari vinnu var haft samráð við stjórnvöld í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Lögð var lokahönd á þetta verk á árinu. Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Stokkhólmi í byrjun nóvember var síðan lögð fram og samþykkt sérstök Rússlandsáætlun og ný stefnumótun fyrir samstarfið við Eystrasaltsríkin.

Í framtíðinni verða öll samstarfsverkefni fjármögnuð með mótframlögum frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Ekki er lengur gerð krafa um að Eystrasaltsríkin þrjú komi öll að samstarfsverkefnum heldur gefst möguleiki á að eiga samstarf við eitt ríkjanna óháð þátttöku hinna. Núgildandi áætlun um samstarf við grannsvæðin rennur sitt skeið í lok árs 2005 og verður hún ekki endurnýjuð. Hvað varðar Rússlandsáætlunina er því fjármagni sem undir hana fellur ætlað að greiða fyrir samstarfsverkefnum við Rússland. Það verður síðan á hendi einstakra fagráðherranefnda að meta norrænt notagildi samstarfsverkefna og að leggja fram norrænt fjármagn. Bæði Eystrasaltsríkin og Rússland sýna mikinn áhuga á samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, en um þessar mundir eru þau ekki reiðubúin að njörva það of fast niður en vilja þess í stað að það þróist eftir þörfum.

Norðlæga víddin og samstarfið við ESB.

Norræna ráðherranefndin lagði drjúgan skerf í mótun 2. framkvæmdaáætlunar ESB um Norðlægu víddina – Northern Dimension Action Plan II – sem tekur til 2004–2006. Norðlæga víddin nær frá Íslandi í vestur til Norðvestur- Rússlands í austur og frá Barents- og Karahöfum í norður til suðurstrandar Eystrasaltsins í suður. Ráðherranefndin hefur lykilhlutverki að gegna þegar Norðlæga víddin er annars vegar, enda er hún sú alþjóðastofnun á umræddu svæði sem er í bestri aðstöðu til að taka virkan þátt í framkvæmd áætlunarinnar, bæði að því er varðar fjárhag, innra skipulag, starfshætti og gott tengslanet. Aðrar alþjóðastofnanir sem málið varðar eru einkum Eystrasaltsráðið (CBSS, Council of the Baltic Sea States), Barentsráðið (BEAC, Barents Euro Arctic Council) og Norðurskautsráðið (AC, Arctic Council).

Norðlæga víddin tekur til fjölmargra félagslegra og efnahagslegra þátta sem varða líf þess fólks sem býr á svæðinu, en þar má nefna heilsuvernd, öryggismál, aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, umbætur á Kaliningrad-svæðinu, bætta stjórnsýslu, umhverfisvernd og varnir gegn kjarnorkumengun, orkumálasamstarf, menningarmál og atvinnumál.

Samstarf við Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið.

Þar eð Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið koma ásamt ráðherranefndinni að framkvæmd Norðlægu víddarinnar er afar brýnt að samræma aðgerðir þeirra og koma á glöggri verkaskiptingu þeirra á milli. Að frumkvæði ráðherranefndarinnar hafa þessar stofnanir átt með sér nokkra samráðsfundi – nú síðast í Reykjavík í maí sl. – og hefur verið ákveðið að festa þetta samráð í sessi með því að halda slíka fundi a.m.k. einu sinni ár hvert. Þá hefur ráðherranefndin einnig átt samráðsfund með stjórnvöldum í Póllandi vegna formennsku Pólverja í Eystrasaltsráðinu 2004.

Ráðherranefndin hefur um nokkurt skeið átt samstarf við Eystrasaltsráðið um nokkur verkefni, t.d. á sviði orkumála (BASREC – Baltic Sea Region Energy Cooperation), upplýsingatæknimála (NeDAP – Northern e-Dimension Action Plan), og samgöngumála. Samstarf um heilbrigðismál fer einnig fram innan ramma áætlunarinnar um Norðlægu víddina.

Á vegum ráðherranefndar um byggðamál hefur undanfarin tvö ár verið starfrækt tilraunaverkefni um eflingu samstarfs á landamærum Litháens og Kaliningrad með það að markmiði að byggja upp tengslanet til Kaliningrad. Þetta verkefni hefur gefið góða raun. Því er nú unnið að því að Eystrasaltsráðið og ESB komi til þessa samstarfs og taki þátt í því með fjármagni og sérfræðiþekkingu.

Ný áætlun um sjálfbæra þróun fyrir tímabilið 2005–2008.

Áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun hefur verið í endurskoðun frá því í byrjun árs 2003. Þeirri endurskoðun lauk á árinu en starfshópur sem hafði verkefnið með höndum skilaði af sér í ágúst. Nýja áætlunin var lögð fram á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi. Sjálfbær þróun kemur inn á öll svið norræns samstarfs. Með ábyrgð á eftirfylgni áætlunarinnar fara löndin sjálf, en á vettvangi ráðherranefndarinnar eru það samstarfsráðherrarnir og norræna samstarfsnefndin. Helstu nýmæli í nýju áætluninni eru þau að nú eru efnahagslegir og félagslegir þættir hafðir þar með. Áætlunin var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og samþykkt þar sem ráðherranefndartillaga.

Expo 2005.

Norðurlönd munu kynna sig sem eitt svæði á heimssýningunni, sem haldin verður 25. mars til 25. september í Aichi í Japan en samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðherranna er verkefnið vistað hjá Norrænu ráðherranefndinni og var stofnuð um það sérstök skrifstofa sem starfar tímabundið til 1. mars 2006. Samanlagt munu löndin leggja fram grunnfjármagn í Expo 2005 sem nemur 50 millj. d.kr. – grunnfjármagn Norrænu ráðherranefndarinnar er 5 millj. d.kr. sem dreifist á tímabilið 2003 – 2005. Ráðherranefndarskrifstofan er vörsluaðili þessa fjár og heldur utanum verkefnið á meðan það varir. Fyrrverandi forstjóri Finpro (finnska útflutningsráðsins) Pertti Huitu er aðalframkvæmdastjóri Expo 2005 og leiðir daglegt starf Expo-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Það eru atvinnumálaráðherrarnir sem bera hitann og þungann af þessu verkefni.

Samstarf við Norðurlandaráð.

Sem endranær var samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs með miklum ágætum. Reglulegt samráð er milli aðila á öllum vinnslustigum norrænu fjárlagagerðarinnar enda mjög mikilvægt að fjárlögin endurspegli pólitískar áherslur samstarfsins hverju sinni. Norðurlandaráð kom saman í Stokkhólmi 1.–3. nóvember og var þetta þing hið 56. í röðinni. Verulegur árangur náðist við að fækka tilmælum ráðsins, en í lok þingsins voru þau 31. Er þetta umtalsverð fækkun frá árinu 2003 þegar tilmælin voru 71 talsins. Samstarfsráðherra átti venju samkvæmt fund með Íslandsdeild Norðurlandaráðs í októbermánuði. Þar kynntu aðilar hver fyrir öðrum helstu áherslumál og ræddu stöðu mála í Norðurlandaráði og hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Formennskuáætlun Dana 2005.

Sem fyrr segir gegna Danir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2005 og kynntu þeir formennskuáætlun sína á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Yfirskrift áætlunarinnar er *Norden i en ny tid: Viden, dynamik og samarbejde,* eða *Norðurlönd á nýjum tímum: Þekking, þróttur, samstarf.* Danir vilja að norrænt samstarf bregðist við vaxandi hnattvæðingu og að Norðurlönd leitist við að leysa margvíslegan vanda sem af henni hlýst. Endurnýjun og norrænt notagildi eru einnig mikilvæg lykilorð í dönsku áætluninni. Danir telja brýnt að norrænt samstarf staðni ekki heldur sé ætíð í takt við tímann, sé til raunverulegra hagsbóta

fyrir norræna borgara og njóti athygli bæði fjölmiðla og stjórnmálamanna. Að þeirra frumkvæði er því hafin úttekt á skipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar með það fyrir augum að einfalda það og auka skilvirkni. Áfram verður lögð rík áhersla á að ryðja úr vegi landamærahindrunum, bæði þeim sem snúa að einstaklingum og í atvinnulífi á Norðurlöndum. Poul Schlüter mun halda áfram að fylgja því starfi eftir.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Samvinna og samráð utanríkisráðherra Norðurlanda fer ekki fram innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar, en reglulegir fundir ráðherranna eru að jafnaði haldnir tvisvar á ári og kemur það í hlut þess lands sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni að skipuleggja fundina og stjórna þeim. Þá halda ráðuneytisstjórar utanríkisráðuneyta Norðurlanda og aðrir embættismenn reglulega fundi og í auknum mæli einnig fundi eftir þörfum.

Það er til marks um styrkleika norræns samstarfs á sviði utanríkismála að þrátt fyrir þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í Evrópu á undanförnum árum, þá heldur það gildi sínu. Því er jafnvel haldið fram að mikilvægi norræns samstarfs hafi aukist. Þá er átt við að þörfin á því og gagnsemi þess hafi aukist vegna æ umfangsmeiri og flóknari samskipta Evrópuríkja. Sá grunnur sem markmið og sameiginlegur málflutningur Norðurlanda byggir á hefur styrkst einmitt vegna þess að Norðurlönd hafa valið að tengjast Evrópu með mismunandi hætti. Á undanförnum misserum hefur verið unnið markvisst að því að auka skilvirkni norræns samstarfs og samráðs á sviði utanríkismála, enda kallar nýtt umhverfi á hagræðingu og áherslubreytingar, bæði hvað varðar form og innihald samstarfs.

Fyrsti fundur utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu var haldinn í Reykjavík í mars sl. Á dagskrá fundarins voru Evrópumál, þ.m.t. norrænt samráð um þau, stækkun ESB og EES, ný stjórnarskrá ESB og svonefnt Lissabon-ferli um markmið ESB varðandi samkeppnishæfni. Þá var fjallað um öryggismál og ýmis önnur alþjóðamál, svo sem ástandið í Írak og Mið-Austurlöndum.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Stokkhólmi í nóvember sl. Hefð er fyrir því að utanríkisráðherrar Norðurlanda haldi fund í tengslum við árlegt þing Norðurlandaráðs. Að þessu sinni féll sá fundur hins vegar niður vegna forfalla þriggja af ráðherrunum fimm á síðustu stundu, en í fjarveru Davíðs Oddssonar flutti Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, sameiginlega skýrslu utanríkisráðherra Norðurlanda á þinginu. Í skýrslunni var m.a. fjallað um samstarf og samráð Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja og lögð áhersla á mikilvægi þess að efla og styrkja norrænt samstarf, og annað svæðisbundið samstarf, með tilliti til þróunar í Evrópu- og alþjóðamálum. Af öðrum málum sem gerð eru skil í skýrslunni má nefna málefni Rússlands, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi, ástandið í Írak, Mið-Austurlöndum og Afghanistan og samvinnu Norðurlanda um ýmis málefni Afríku.

Eins og undanfarin ár bauð forsætisnefnd Norðurlandaráðs utanríkisráðherrum Norðurlanda til vinnuhádegisverðar í tengslum við þingið. Málefni Eystrasaltsráðsins, Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins voru til umræðu í hádegisverðinum og auk þess var m.a. fjallað um samvinnu Norðurlanda innan S.þ. og samvinnu um öryggismál og friðargæslu.

Fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda var samkvæmt hefð haldinn í tengslum við Norðurlandaráðsþingið og sótti Geir H. Haarde, fjármálaráðherra þann fund í fjarveru Davíðs Oddssonar, utanríkisráðherra. Á fundinum var einkum fjallað um hinn innri markað ESB/EES, norræna samvinnu í tengslum við heimssýninguna í Japan 2005 (EXPO 2005), málefni Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunar Evrópu (OECD) og alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, hafa átt reglulega fundi, einu sinni á ári, undanfarin tíu ár og var slíkur fundur haldinn í Palanga í Litháen í ágúst sl. Á fundinum var fjallað um sameiginleg hagsmunamál ríkjanna og ýmis alþjóðamál. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, lagði áherslu á mikilvægi þess að koma samstarfi og samráði Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja í fastari og skilvirkari skorður, ekki síst varðandi samráð og samvinnu um ýmis málefni ESB og EES. Í tilefni af formennsku Íslands í EFTA gerði utanríkisráðherra m.a. grein fyrir helstu áherslum innan fríverslunarsamtakanna.

Ráðuneytisstjórar utanríkisráðuneyta Norðurlanda hafa um árabil átt reglulega samráðsfundi og var einn slíkur fundur haldinn á Íslandi í maí sl. Að þessu sinni var sérstaklega fjallað um svæðisbundið samstarf á norðurslóðum. Í framhaldi af umræðum var ákveðið að bjóða til fundar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneyta Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja sl. haust. Fyrsti fundur þess hóps var síðan haldinn á Íslandi í október. Fundurinn þótti takast vel og voru ráðuneytisstjórarnir átta sammála um að gagnlegt væri að halda slíka fundi reglulega framvegis.

Utanríkisráðuneytið hefur á þessu formennnskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni lagt sérstaka áherslu á að efla og styrkja norrænt samstarf, t.d. með markvissri vinnu til að auka skilvirkni norræns samstarfs og samráðs á sviði utanríkismála. Starfsmenn ráðuneytisins hafa verið hvattir til að afla sér þekkingar á norrænum málefnum og bæta kunnáttu sína í norrænum tungumálum og hefur fjöldi starfsmanna nýtt sér námskeið sem boðið hefur verið upp á.

5. Menningarmál

Ísland fór með formennsku í flestum nefndum og ráðum á sviði menningarmála á árinu. Vel hefur tekist til að fylgja eftir áherslum þeim sem settar voru fram fyrir formennsku Íslands.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál (MR-K) hafa undanfarin ár starfað átta stofnanir en frá og með 2004 bættist ein við, þegar Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) var flutt frá sviði menntamála til menningarmála. Auk hennar eru norrænar menningarstofnanir eftirfarandi: Norræna húsið í Reykjavík, Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norræna stofnunin í Grænlandi (NAPA), Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ), Norræna fjölmiðlamiðstöðin (NJC), gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM), Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA) og Listamannasetrið Dalsåsen. Norræna sviðslistarnefndin (NORDSCEN) hefur stöðu stofnunar en aðrar listanefndir eru norræna tónlistarnefndin (NOMUS) og norræna bókasafns- og bókmenntanefndin (NORDBOK). Tveir sjóðir starfa á menningarsviðinu, Norræni menningarsjóðurinn og Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn auk SLEIPNIS, sem veitir ungum listamönnum ferðastyrki. Stjórnarnefndir á vegum menningarmálaráðherranna eru þrjár: stjórnarnefnd um menningarverkefni utan Norðurlanda, stjórnarnefnd um menningu og fjölmiðla og stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu. Norræna æskulýðsnefndin, sem er þverfagleg og fjallar um öll samstarfssvið norrænu ráðherranefndarinnar, er vistuð hjá menningarsviðinu. Norrænu menningarmálaráðherrarnir styrkja norrænt listamannasetur í Róm þar sem 2–3 íslenskir listamenn njóta dvalar ár hvert.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda héldu þrjá fundi á árinu en einn þeirra var haldinn hér á landi. Meginverkefni ráðherranefndarinnar á þessu ári var að vinna að endurskoðun á uppbyggingu norræns menningarsamstarfs, en sú endurskoðun hefur verið eitt af meginverkefnum Íslands á formennskuárinu. Ann Sandelin var falið að gera úttekt á starfinu og gera

tillögu um framtíðarskipan. Í framhaldi af þeirri skýrslu skipuðu menningarmálaráðherrarnir starfshóp embættismanna til að gera endanlegar tillögur um uppbyggingu menningarsamstarfsins sem leggja á fyrir ráðherrana á árinu 2005. Starfshópurinn á m.a. að hafa að markmiði að gera tillögur um hvernig hægt verði að minnka stjórnunarkostnað, einfalda sjóðakerfið og auka möguleika ráðherranna á að taka ákvarðanir um áherslur á samstarfssviðinu og fylgja þeim eftir með fjármagni. Á þessu ári ákváðu menningarmálaráðherrar að árlega verði veitt kvikmyndaverðlaun Norðurlanda. Verða verðlaunin veitt í fyrsta sinn á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 2005. Slík verðlaun hafa aðeins verið veitt einu sinni, þ.e. í tilefni 50 ára afmælis norræns samstarfs. Sérstakur samráðsfundur ráðherra og fulltrúa norrænu listamannasamtakanna var haldinn í tengslum við fund ráðherranna hér á landi í júní sl. Var gerður góður rómur af þessu frumkvæði ráðherranna, en slíkt samráð hefur ekki áður verið við haft. Einnig var samþykkt að styrkja fyrirhugaða ráðstefnu um tungumál lítilla málsvæða sem haldin verður hér á landi í tilefni af 75 ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu fékk finnski rithöfundurinn Kari Hotakainen og norrænu tónlistarverðlaunin fékk Haukur Tómasson tónskáld fyrir tónverkið „4. söngur Guðrúnar".

Norræni menningarsjóðurinn er sjálfstæð stofnun og hefur sérstaka stjórn, sem skipuð er fulltrúum frá menningarráðuneytum á Norðurlöndum og frá norrænu þjóðþingunum. Komi málefni hans til kasta norrænu ráðherranefndarinnar eru það menningarráðherrarnir, sem fjalla um þau. Sjóðurinn hefur það hlutverk að efla norrænt menningarsamstarf og styrkir verkefni af ýmsum toga á sviði rannsókna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveitingar til sjóðsins á árinu námu 29,5 millj. d.kr. og stjórnarfundir voru fjórir.

Skrifstofa sjóðsins er í Kaupmannnahöfn og starfsmanna- og fjármál eru í umsjón skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við samstarfssamning við stjórn sjóðsins. Frá árinu 2003 hafa stjórnarmenn verið þrettán; tveir frá hverju norrænu landanna og einn frá hverju sjálfstjórnarsvæði. Formennskan í sjóðsstjórn er til tveggja ára en Ísland tók við formennsku í upphafi ársins.

Sjóðurinn úthlutar aðallega styrkjum til verkefna á menningarsviði, sem einstaklingar, samtök og stofnanir geta sótt um. Alls bárust sjóðnum 723 styrkhæfar umsóknir. Veittir voru styrkir til 288 verkefna að upphæð 24,1 millj. d.kr. Frá Íslandi bárust 32 styrkhæfar umsóknir en 21 þessara verkefna fengu styrki að upphæð alls 2,2 millj. d.kr., sem er 950 þús. d.kr. meira en árið áður.

Til þess að ná til nýrra markhópa utan höfuðborga norrænu landanna hefur verið komið á samstarf við norrænu svæðisupplýsingaskrifstofurnar átta á Norðurlöndum en ein þeirra er á Akureyri.

Sjóðurinn átti einnig samstarf við tvíhliða norræna sjóði, sem eru alls tólf talsins. Ísland á aðild að fjórum tvíhliða sjóðum, þ.e. Sjóðnum fyrir dansktíslenskt samstarf, Dansk-íslenska sjóðnum, Menningarsjóði Íslands og Finn- lands og Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum.

Frá stofnun sjóðsins hefur það verið skilyrði fyrir styrkveitingu að verkefni nái til a.m.k. þriggja norrænna landa eða sjálfsstjórnarsvæða. Ákveðið hefur verið að víkja frá þessari meginreglu og styrkja einnig tvíhliða verkefni svo framarlega sem markmið þeirra er að styrkja samstarfið milli norrænu ríkjanna í austri og vestri. Þannig má frá og með árinu 2004 veita styrk til verkefna sem Ísland og eitt annað norrænt land standa að. Menningarsjóðurinn vildi á þennan hátt beina athyglinni að 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins.

Frekari upplýsingar um norræna menningarsjóðinn er að finna á vefsíðu www.nordiskkulturfond.dk.

Nýjar samþykktir voru staðfestar fyrir norrænt samstarf á sviði íþrótta í október sl. og með þeim skal m.a. lögð áhersla á að styrkja þátttöku barna og unglinga, fatlaðra sem og þeirra sem ekki hafa áður tekið þátt í norrænu íþróttastarfi.

Norræna æskulýðsnefndin (NUK) hefur nú í fyrsta skipti hlotið þann sess innan norrænu ráðherranefndarinnar, sem lagt er upp með í samþykktum hennar, þ.e. að verksvið hennar nær yfir allt verksvið ráðherranefndarinnar. Á fundi samstarfsráðherranna í júní sl. gerðu fulltrúar nefndarinnar m.a. grein fyrir hugmyndum varðandi næstu framkvæmdaáætlun fyrir norrænt æskulýðs- og barnapólitískt samstarf. Byrjað var að vinna að nýrri framkvæmdaáætlun sem taka á við af áætluninni „Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund" en hún gildir til ársloka 2005. Danska fyrirtækinu CIRIUS var falið að annast umsjón og umsýslu með öllum umsóknum sem berast til Norrænu æskulýðsnefndarinnar. Sótt er um verkefnastyrki fjórum sinnum á ári og einu sinni um rekstrarstyrk norrænna heildarsamtaka. Styrkir yfir 75 þús. d.kr. hafa þurft samþykki nefndarinnar en eftir að markið var hækkað í 100 þús. d.kr. koma þær umsóknir einungis til umræðu á fundi nefndarinnar ef fulltrúar NUK óska þess sérstaklega. Er það álit nefndarinnar að vel hafi tekist til með störf Cirius.

Ráðinn hefur verið nýr umsjónaraðili norrænna æskulýðsrannsókna, sem hefur það hlutverk að samræma og fræða um æskulýðsrannsóknir á Norðurlöndum.

Nokkur vinna var lögð í að skoða á hvern hátt betur mætti miðla á veraldarvefnum upplýsingum til æskufólks um styrkveitingar, verkefni, möguleika og fl. og voru niðurstöður settar fram í skýrslu.

Norræna æskulýðsnefndin og menntamálaráðuneytið á Íslandi stóðu fyrir norrænni ráðstefnu, „Ungdom, demokrati og deltagelse", á Selfossi í október sl. í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Markmið ráðstefnunnar var að ræða leiðir ungs fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi á Norðurlöndum og möguleika þess til að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni sem varða það. Við gerð nýrrar starfsáætlunar mun norræna æskulýðsnefndin vinna úr vinnugögnum, ábendingum og niðurstöðum úr málstofum og umræðum ráðstefnunnar. Í tengslum við ráðstefnuna skipulagði Norræna ráðherranefndin/stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu (BUK) og Íslandsdeild UNICEF kvikmyndasmiðju fyrir ungt fólk undir yfirskriftinni „Lýðræði og þátttaka".

Norræna æskulýðsnefndin hélt fund í Reykjavík með fulltrúum samtaka á æskulýðsvettvangi frá Norðurlöndum, Barentssvæðinu og Eystrasaltsríkjunum.

Verkefnið ET-NORDEN miðar að því að styrkja og hvetja hópa og æskulýðssamtök til að koma á verkefnum fyrir minnihlutahópa til að stuðla að frekari aðlögun og tengslum á milli ungmenna af ólíkum uppruna.

Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglingamenningu (BUK) vann að því að fylgja eftir verkefnaáætlun um menningarsamstarf á sviði barna- og unglingamenningar. Undir formennsku Íslands var lögð áhersla á að efla samstarf við aðrar nefndir og stofnanir ráðherranefndarinnar.

Auk kvikmyndasmiðjunnar „Lýðræði og þátttaka" stóð nefndin fyrir kortlagningu á fræðslu- og skemmtiefni fyrir börn á stafrænu formi en það var eitt af forgangsverkefnum Íslands á formennskuári. Skýrslan „Nordic Game Potential" var gefin út og haldin var ráðstefna með sama nafni í Malmö í nóvember sl.

Í samstarfi við Málráð Norðurlanda stóð stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu fyrir ráðstefnunni NORDMÁLFORUM í Reykjavík í nóvember sl. þar sem fjallað var um málið í norrænum barnabókmenntum og í stafrænu efni fyrir börn.

Meðal annarra verkefna nefndarinnar, sem hófust á árinu, var fyrirlestrarröð og bókaútgáfa um börn, barnæsku og barnamenningu í samstarfi við þverfaglegt tengslanet norrænna

fræðimanna á sviði barnamenningar (BIN- Norden), „Nordisk Nettarena", fundarstaður ungra kvikmyndagerðarmanna á netinu í samstarfi við norrænu kvikmyndamiðstöðvarnar, samantekt yfir gamla leiki og rannsóknir á þeim í samstarfi við Idrætshistorisk værksted í Gerlev í Danmörku, tungumálaverkefni í samstarfi við norrænu bókmenntaog bókasafnsnefndina (NORDBOK) og fjölmenningarlegt tónlistarverkefni í samstarfi við norrænu tónlistarnefndina (NOMUS). Menningarhátíðin „Ung i Norden", sem er meðal stærstu verkefnanna á sviði norrænnar barnamenningar, fór fram í fjórða sinn, að þessu sinni í Danmörku.

Stjórnarnefnd um menningu og fjölmiðla hefur lagt áherslu á að vinna áfram að tillögum um skipan norræns sjóðs er styrkja á framleiðslu á stafrænu efni fyrir börn og unglinga. Undir formennsku Íslands hefur þróast samstarf við stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu sem hefur látið kortleggja framboð á norrænu stafrænu efni fyrir börn og unglinga. Sami aðili og vann þá kortlagningu verður ráðgjafi stjórnarnefndarinnar um menningu og fjölmiðla og mun aðstoða við að undirbúa tillögur að skipan sjóðsins sem væntanlega verða lagðar fyrir menningarmálaráðherrana í 2005.

Nefndin styrkti alþjóðlega ráðstefnu um samruna tækni og sköpunar sem haldin var í Reykjavík í mars sl. Ráðgjöf var veitt vegna nýs samnings um Norræna sjónvarps- og kvikmyndasjóðinn og undirbúnar voru reglur fyrir ný norræn kvikmyndaverðlaun sem veitt verða í fyrsta skipti árið 2005 og nefnast kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

Netmiðillinn „Medier i Norden" sameinaðist Norrænu upplýsingamiðstöðinni um fjölmiðla- og upplýsingarannsóknir (Nordicom).

Starf stjórnar *norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins* á árinu einkenndist öðru fremur af þeim vanda sem fylgdi uppsögn einkareknu sjónvarpsstöðvanna, TV2 Danmark, TV4 í Svíþjóð, TV 2 í Noregi og Stöðvar 2 á Íslandi, á samstarfssamningnum um sjóðinn. Sáttir náðust um áframhaldandi aðild stöðvanna og var nýr samningur undirritaður í júní sl. Unnið var að tillögum og mismunandi möguleikum á hvernig best verði staðið að framkvæmd kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs en norrænt fagfólk hefur almennt fagnað þeirri ákvörðun ráðherranefndarinnar að veita þau árlega héðan í frá.

Norræna fjölmiðlamiðstöðin (NJC) stóð fyrir hefðbundnum námskeiðum fyrir norræna blaðamenn um norrænt samstarf og kynningu á aðstæðum á Norðurlöndum og á grannsvæðunum (Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland).

Norræna safnanefndin kom að og styrkti eina ráðstefnu á vegum formennsku Íslands á menningarsviðinu, ráðstefnuna „Rætur, stefnumót við norræna menningu", sem haldin var í Reykjavík í nóvember sl. Efni ráðstefnunnar var norræn menning og menningararfur og þýðing hans fyrir norræna og alþjóðlega menningu í listsköpun og skemmtanaiðnaði nútímans.

Norræna húsið í Reykjavík heyrir undir menningarmálaráðherra Norðurlanda (sjá nánar um Norræna húsið í kafla 23.1.)

Hlutverk *Norrænu stofnunarinnar í Finnlandi (NIFIN)* er að auka þekkingu um mál og menningu hinna norrænu landanna í Finnlandi og miðla fróðleik um finnsku og finnska menningu til annarra svæða á Norðurlöndum. Starfsemi stofnunarinnar er greind í þrjú svið: a) mál og kennsla, b) bókasafn og menning, c) upplýsingar, fjölmiðlar og samfélag.

Norræna stofnunin á Álandseyjum starfaði með hefðbundnum hætti. Meðal verkefna má nefna athyglisvert verkefni sem laut að samþættingu lista og almennra námsgreina í skyldunámi. Það var unnið í skóla í Mariehamn í samstarfi við nútímalistasafnið Kiasma í Helsingfors. Annað verkefni var „Tónaleikur" (Tonleken) sem beindist að þjálfun unglinga í sköpun dægurtónlistar. Aðalumsjón hafði íslenski tónlistarmaðurinn Þorvaldur Þorvaldsson. Verkefnið hófst árið 2002 og lauk með því að gefinn var út geisladiskur með lögum sem urðu til

á vegum verkefnisins. Unnu þátttakendurnir, sem voru ungir tónlistarskólanemar, sjálfir að útgáfunni.

Í *Norðurlandahúsinu í Færeyjum* hefur nýr forstöðumaður störf í byrjun febrúar 2005. Helga Hjörvar lætur þá af störfum eftir að hafa gegnt starfinu í sex ár.

Stjórnarnefnd norrænna menningarkynninga erlendis vann að því að skýra markmið sín og starfsaðferðir við kynningarnar og hélt af því tilefni fund sl. haust, þar sem einnig var gerð ályktun um tillögur um nýtt skipulag á sviði norrænna menningarmála. Nefndin telur ávinning af tillögunum og nauðsynlegt at endurskoðun á skipulagi haldi áfram. Nefndin telur einnig mikilvægt að auka samstarfið við aðra aðila á vegum ráðherranefndarinnar, sem standa fyrir erlendu samstarfi.

Hönnunarsýningin Scandinavian Design Beyond the Myth var sýnd í Milanó, Gent og Prag. Sýningin fer í 2005 til Búdapest, Ríga, Glasgow, Kaupmannahafnar og Gautaborgar. Í tengslum við sýninguna var efnt til ráðstefnu í Prag í nóvember um svæðissamstarf í Evrópu. Óskað hefur verið eftir að ráðstefnur af þessu tagi verði skipulagðar í tengslum við opnun hönnunarsýningarinnar á öðrum stöðum í Evrópu.

Stærsta verkefni nefndarinnar var menningarkynning á Balkan-skaganum. Auk norrænu landanna tóku þátt Króatía, Serbía/Svartfjallaland, Albanía, Bosnía-Hersegóvína og Makedónía. Mörg verkefnanna hófust þegar á árinu 2003 og sumum lýkur árið 2005 en á árinu voru um 40 verkefni á dagskrá. Stór hluti verkefnanna á sér stað bæði á Norðurlöndum og Balkan-svæðinu og er þeim ætlað að auka tengsl og samstarf svæðanna. Við upphaf verkefnisins var gerð áætlun um mat á því og er skýrslu að vænta á árinu 2005.

Að frumkvæði menningarmálaráðherra Albaníu hefur verið unnið að samstarfi þjóða á Balkan-svæðinu á sviði menningarmála og hefur Norræna ráðherranefndin veitt aðstoð við skipulagningu þess og stefnt er að sameiginlegum ráðherrafundi norrænu ráðherranna og starfsbræðra þeirra frá Balkanlöndunum á árinu 2005. Kveikjan að þessu samstarfi er norræna menningarkynningin á Balkan-svæðinu.

Hafinn er undirbúningur að menningarverkefnum í Mið-Austurlöndum og jafnframt hefur nefndin ákveðið að kanna hvort áhugi sé fyrir stórri norrænni menningarkynningu í Kína árið 2007 eða 2008.

Samstarfsnefndin um kennslu Norðurlandamála erlendis hefur verið breytt úr nefnd í tengslanet og færist frá og með árinu 2005 frá menningarmálaráðherrunum til menntamálaráðherra Norðurlanda.

6. Menntun og rannsóknir

Samstarf um menntamál og rannsóknir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið.

Í áætlun menntamálaráðuneytisins fyrir formennskuár Íslands segir m.a.:

„Meginþema formennskuáætlunar Íslands í norrænu samstarfi árið 2004 er „Auðlindir Norðurlanda: Lýðræði – menning – náttúra". Í ljósi þess mun Ísland fylgja þeirri stefnu á sviði menntamála og vísinda að Norðurlönd sem heild búi yfir vannýttum styrk sem felist í sameiginlegum menningararfi, gildismati og mannauði."

Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Fundir ársins einkenndust í verulegum mæli af meginþema Íslands. Tveir ráðherranefndarfundir á árinu voru sérstaklega skipulagðir með aukin tengsl Norðurlanda út á við í huga, sá fyrri var sam-

eiginlegur fundur norrænu ráðherranna með menntamála- og vísindaráðherrum Eystrasaltsríkjanna og hinn síðari í beinum tengslum við ráðstefnu ráðherranna með fulltrúum Norðurskautsríkjanna. Á öllum fundum ársins var fjallað um samstarf á sviði rannsókna og endurskipulagningu norræns rannsóknasamstarfs. Réttindi Norðurlandabúa, fullorðinsfræðsla og gæðamál í menntakerfinu voru einnig ofarlega á baugi.

Fastar ráðgjafanefndir.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Nefnd er skipuð var tímabundið til að fjalla um upplýsingatækni (IT-P) lauk störfum á árinu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Í samræmi við formennskuáætlun Íslands var markvisst unnið að auknu þverfaglegu samstarfi ráðgjafanefndanna. Nefndirnar þrjár, HÖGUT, SVL og IT-P undirbjuggu og héldu ráðstefnu um fjarkennslu, sveigjanlegt nám og fullorðinsfræðslu. Ráðstefnan var haldin á Íslandi og bar heitið: „Hnattrænn menntamarkaður – norræn tækifæri". Á ráðstefnuna komu um 150 fulltrúar alls staðar að á Norðurlöndum. Jafnframt voru fengnir fyrirlesarar frá Bandaríkjunum og ESB. Í framhaldi af ráðstefnunni var settur á fót vinnuhópur sem hafði það markmið að koma með tillögur að sértæku norrænu samstarfsverkefni um svegjanlegt nám, þar með talið fjarkennslu á Norðurlöndum í fullorðinsfræðslu og háskólanámi. Framhald verður því á verkefninu árið 2005.

Samstarf um skólamál.

Verksvið NSS-stjórnarnefndarinnar nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og í því skyni tekur nefndin til umfjöllunar mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem hlut eiga að máli.

Hugtökin „lýðræði – lífsleikni" voru rauði þráðurinn í þemaráðstefnu Íslendinga, „Menntun og mannauður – lifandi skólasamfélag til framtíðar", sem var haldin á Hótel Loftleiðum í september sl. Áhersla var lögð á að raddir ungu kynslóðarinnar heyrðust og hópur ungmenna á aldrinum 16 til 22 ára frá öllum norrænu löndunum sá um sérstakan lið á dagskrá ráðstefnunnar.

NSS veitti fjármagn til norræns málþings um samstarf heimila og skóla sem Samtök foreldrafélaga á Norðurlöndum (Nordisk Komité) var falið að sjá um.

Íslendingar beittu sér fyrir því að settur var á laggirnar vinnuhópur til að fjalla um jafnrétti með það að leiðarljósi að löndin miðli hvert öðru af reynslu sinni og þekkingu.

Læsi var eitt af áherslumálum Íslendinga á árinu og því var ákveðið að skipa vinnuhóp með sérfræðiþekkingu á sviði læsis og lestrarmála.

Norrænn vinnuhópur hefur kortlagt norrænt og alþjóðlegt samstarf norrænu landanna á sviði mats og gæða í skólastarfi og skilað ítarlegum tillögum um áframhaldandi norrænt samstarf á þessum vettvangi.

Málþing á vegum NSS um gæði í skólastarfi verður haldið í Ósló í mars 2005.

Fullorðinsfræðsla.

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem eru efst á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar.

Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norrænu víddina á alþjóðavettvangi.

Á fundi sínum í desember 2003 ákvað norræna ráðherranefndin um menntun og rannsóknir að norræna stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu (FOVU), skyldi lögð niður frá og með áramótunum 2003/2004 og stofnuð skyldi hennar í stað ný nefnd, stjórnarnefndin um fræðslu fullorðinna (SVL). Verkefni nýju nefndarinnar hafa verið endurskilgreind og gerð markvissari með það að markmiði að miðla upplýsingum, reynslu og þekkingu um fullorðinsfræðslu og símenntun.

Norræni lýðháskólinn (NFA – Nordens Folkelige Akademi) var lagður niður 1. ágúst sl. Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu fer framvegis fram í gegnum norrænt netsamstarf (NVL – Netverk for Voksen lering). Hlutverk NVL er að leggja áherslu á og ýta undir myndun samstarfsneta, skráningar- og upplýsingastarf, rannsóknir og þróun.

Samstarf milli aðila í fullorðinsfræðslu verður með stuðningi nýrrar áætlunar, Nordplus Voksen.

Ákveðið var að vinna að tveimur verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu á formennskuárinu. Annars vegar var um að ræða samnorrænt verkefni með upplýsingum um vel heppnaðar aðferðir við kennslu fullorðinna nýbúa í móðurmáli viðkomandi lands sem stjórnað var af Mími-símenntun. Hins vegar hófst vinna að verkefni í samvinnu við Vísindastofnun Háskóla Íslands þar sem gerð skyldi úttekt og samanburð á tilhögun vinnustaðanáms á Norðurlöndum.

Háskólasamstarf.

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖGUT í formennskuáætlun Íslendingar voru: Norðurlönd sem leiðandi svæði á sviði færni og menntunar allt lífið, aukin gæði háskólamenntunar, nýting upplýsingatækni á háskólastiginu og alþjóðavæðing og mannaskipti.

Sett var á fót nefnd sem tók saman efni um stöðu fjarkennslu á háskólastigi í öllum norrænu löndunum og voru niðurstöðurnar gefnar út í skýrslu.

Á árinu var unnið að því að auka réttindi nemenda sem stunda nám í háskólum til að fá nám sitt viðurkennt í háskóla í öðru norrænu landi. Á fundi ráðherra menntamála í júní sl. var undirrituð yfirlýsing um það efni og ber hún heitið „Reykjavíkur-yfirlýsingin". Norræna ráðherranefndin mun innan tveggja ára gera úttekt á nemendaskiptum milli Norðurlanda til að skoða hvort réttur nemenda sé tryggður í þessu samhengi.

Fulltrúar ráðuneyta og samstarfsnefndar lánasjóða á Norðurlöndum (ASIN) munu hittast reglulega og taka saman tölfræðiupplýsingar um fjölda nemenda á Norðurlöndum sem notar rétt sinn til að taka lán í öðru norrænu landi. Fylgjast á með því að réttur nemenda sé tryggður.

HÖGUT hefur ákveðið að styðja s.n. ENIC/NARIC skrifstofur á Norðurlöndum en þær eru hluti af evrópsku neti um mat á jafngildingu háskólanáms. Markmiðið er að samhæfa og samræma starf þessara skrifstofa á Norðurlöndum hvað varðar viðmið og staðla um viðurkenningu á námi milli norrænu landanna.

HÖGUT óskaði eftir því við norska stofnun um rannsóknir á menntamálum (NIFU) að ljúka verkefni sem hófst 2003 um alþjóðavæðingu háskóla á Norðurlöndum og var skýrsla gefin út um þetta efni á árinu.

Vinna hófst við að uppfæra heimasíðuna www.abo.fi/norden. Samtök háskóla á Norðurlöndum munu hafa það verkefni með höndum.

Upplýsingatækni.

Ráðgjafanefndin um upplýsingatækni (IT-P) lagði áherslu á nýtingu upplýsingatækni til að ná árangri í samræmi við meginþema formennskuársins um auðlindir Norðurlanda. Áhersla var lögð á samvinnu við aðrar nefndir á sviði menntunar og vísinda til að kynna og greiða fyrir nýtingu nýrrar tækni.

Til að kanna hvernig nýta megi upplýsingatækni í starfi norrænna nefnda var haldinn fundur þar sem fulltrúar hópsins hittust hver frá sínu landi og notuðust við myndfundabúnað. Tókst tilraunin vel og verða niðurstöður birtar í skýrslu þar sem mælt er með þessari leið til styttri funda.

IT-P kynnti sér öryggismál við notkun upplýsingatækni í hugbúnaði og á Internetinu. Ákveðið var að stuðla að öflugra norrænu samstarfi um varnir og öryggisráðstafanir í notkun Internetsins og gagnagrunna.

Samvinna var undirbúin um notkun staðla í hugbúnaði fyrir menntun svo gagnagrunnar geti unnið saman. Fyrir samstarf háskóla, dreifingu námsefnis og samvirkni skólanetanna var stofnaður vinnuhópur um staðla í hugbúnaði til að auðvelda notkun upplýsingatækni á komandi árum.

Hópurinn kynnti sér samstarf háskóla á norðurslóðum og nýtingu upplýsingatækni í dreifðum byggðum, bæði til fjarkennslu, rannsókna og heilsugæslu. Lögð var áhersla á að skoða hvernig háskólasamstarf á norðurslóðum gæti eflst enn frekar með notkun nýrra samskiptamögleika.

Vísindaverkefni sem byggja á dreifðri vinnslu gagna og upplýsingasöfnun voru skoðuð og umsagnir gefnar um tæknileg tækifæri og möguleika. Var unnið að undirbúningi verkefna undir Nordunet 3 áætluninni.

Útfærsla á norrænu verkefni fyrir grunnskóla um neysluvatn var unnin í samvinnu við stjórnarnefndina NSS. Um er að ræða verkefni með þróaðri notkun upplýsingatækni sem talið var að gæti orðið hvati til nýbreytni í norrænni samvinnu kennara og skólabarna.

Málráð Norðurlanda.

Í samræmi við ákvörðun ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir tók Málráð Norðurlanda til starfa á árinu en hlutverk þess er að vera stýrihópur fyrir norrænt tungumálasamstarf. Ráðinu er m.a. ætlað að efla norrænan málskilning og málakunnáttu, styrkja tungumálasamstarfið og þekkingu á norrænum málum og styrkja stöðu norrænna mála innan Norðurlanda sem utan. Íslendingar fóru með formennsku í ráðinu fyrsta starfsár þess og lögðu sig fram um að ryðja braut til að styrkja fyrrgreinda stefnu.

Ráðið fékk sem verkefni að semja nýja norræna málstefnu. Lokið var undirbúningi og frágangi norrænnar málsögu sem nú er í prentun.

Ráðið veitti fé til margvíslegra verkefna, m.a. til námskeiða fyrir kennaranema til að þeir gætu betur kennt norræn mál sem grannmál eða erlent mál, til móðurmálskennara sem eiga að kynna norræn mál í kennslu sinni, til einstakra samtaka og stofnana sem ýmist héldu námskeið eða gáfu út efni sem þjónar markmiðum ráðsins.

Leitað var til opinberra stofnana í öllum norrænu löndunum um að vinna að rannsóknar- og þróunarverkefni um netorðabók og komið var á samstarfsneti um verkefnið.

Styrkjaáætlunin „Nordplus-sprog", málefni samstarfsnefndar norrænna tungumála og sambandið við norrænu málnefndirnar sem Málráð Norðurlanda á að styðja var rætt á fundum. Auk þess kynnti formaður ráðsins starfssvið ráðsins og markmið á tveimur ráðstefnum.

Ráðið stóð fyrir ráðstefnu á Voksenåsen við Ósló sl. vor þar sem um dæmisvandinn var ræddur og sú staða að tvö tungumál lifi hlið við hlið í háskólakennslu. Áfram verður haldið með þá umræðu.

„Nordmål-forum" var haldið í Reykjavík í nóvember sl. og að þessu sinni var fjallað um barna- og unglingabókmenntir og nauðsyn þess að börn og unglingar ættu greiðan aðgang að góðum bókum á máli sínu. Rithöfundar, útgefendur, málrannsakendur o.fl. höfðu framsögu.

Samstarf um vísinda- og tæknistefnu.

Formennskuáætlun Íslands á sviði vísinda- og tæknimála beindist annars vegar að því að endurskoða skipulag norrænna stofnana og áherslur í samstarfi í framhaldi af úttekt sem gerð var og birtist í svonefndri hvítbók um rannsóknir og nýsköpun undir yfirskriftinni „NORIA" (Nordic Research and Innovation Area). Hins vegar vildu Íslendingar stuðla að auknum tengslum við Norður-Ameríku þar sem miklir sameiginlegir hagsmunir eru með Bandaríkjunum og Kanada á sviði vísinda og tækni og fjölmargir vísindamenn frá Norðurlöndum sækja þangað menntun sína.

Í niðurstöðum hvítbókarinnar um NORIA voru færð rök fyrir því að Norðurlönd gætu með samræmdu átaki myndað alþjóðlega öflugt og leiðandi svæði fyrir rannsóknir og nýsköpun og þar með treyst alþjóðlega samkeppnisstöðu atvinnulífs og tryggt þegnunum áframhaldandi góð lífskjör. Aðkallandi væri að auka norræna samstarfið með hliðsjón af þróuninni innan Evrópu.

Meginviðfangsefni formennskuársins var að skapa samstöðu meðal hagsmunaaðila í löndunum um að hrinda tillögum hvítbókarinnar í framkvæmd með breytingum á skipulagi norrænna samstarfstofnana og stuðla að aukinni samvinnu milli ráðherranefndar menntamála og rannsókna og ráðherranefndar iðnaðar- og atvinnumála (MR-N) um stuðning við rannsóknir og nýsköpun.

Öll meginmarkmið formennskuáætlunarinnar náðust. Á fundi ráðherranefndar menntamála og rannsókna í Reykjavík í júní sl. var tekin ákvörðun um að sameina starfsemi Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun (NorFA) og Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) í nýrri stofnun sem fékk nafnið NordForsk. Hin nýja stofnun fær öflugt umboð til annars vegar að samhæfa aðgerðir landanna til að efla rannsóknir og menntun vísindamanna á grundvelli áherslna og áhuga hvers lands og hins vegar að fjármagna aðgerðir til að ná samlegðaráhrifum á einstökum sviðum og skapa þar með sameiginlegan styrk landanna út á við. Enn fremur er stofnuninni falið að veita ráðherranefndinni ráðgjöf og skapa vettvang til umræðna um stefnumótun landanna á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. NordForsk tekur til starfa um áramótin 2004/2005 og verða NorFA og FPR lögð niður frá sama tíma.

Ráðherrar menntamála og rannsókna og ráðherrar iðnaðar- og atvinnumála undirrituðu samstarfsyfirlýsingu um aukna samvirkni milli stefnumótunar á sviði vísinda annars vegar og nýsköpunar hins vegar. Yfirlýsingin felur m.a. í sér vilja til að NordForsk og Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) eigi með sér nána samvinnu.

Til að undirbúa nánara samstarf á sviði vísinda, hagnýtra rannsókna og nýsköpunar tók FPR þátt í ráðstefnu í júní í Reykjavík um stefnumótun á sviði nýsköpunar, sem stjórn NICe

hafði látið undirbúa með þátttöku fulltrúa FPR. Í framhaldi af því héldu FPR og stjórn NICe fundi á sama tíma í Reykholti.

Í tilefni þess að Ísland fór með formennsku í Norðurskautsráðinu frá 2002 til 2004 ákvað menntamálaráðherra að bjóða til fundar mennta- og vísindaráðherra frá öllum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins í tengslum við fund norrænu ráðherranefndarinnar í júní í Reykjavík. Tilgangur fundarins var, í samræmi við formennskuáætlun Íslands, að efla samstarf aðildarlandanna á sviði rannsókna og rannsóknamenntunar. Niðurstöður fundanna koma fram í yfirlýsingu ráðherrafundarins þar sem lýst er þörfum og forsendum fyrir auknu samstarfi og hvatt til þess að komið verði á formlegu samstarfi aðildarríkjanna sem fyrst. Voru Íslendingar hvattir til að taka frumkvæðið í þessu efni og verður því fylgt eftir árið 2005.

Þáttur í endurskipulagningu norræna vísindasamstarfsins var að færa ýmsar norrænar rannsóknastofnanir yfir á ábyrgð viðkomandi heimalands og draga úr beinum norrænum fjárveitingum til þeirra. Ísland tók við Norrænu eldfjallastöðinni (sjá nánar um Norrænu eldfjallastöðina, kafla 23.2.) sem ákveðið var að sameina jarðvísindaskor Raunvísindastofnunar háskólans í Jarðvísindastofnun og henni fundið setur í Öskju, hinu nýja Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

7. Upplýsingatækni

Í formennskuáætlun Íslendinga var lögð áhersla á lýðræði í upplýsingasamfélaginu. Þessari áherslu var fylgt eftir með umfjöllun á ráðherrafundi, ráðstefnuhaldi, skýrslu og uppsetningu vefs.

Ráðherrafundur.

Norræna ráðherranefndin um upplýsingatækni (MR-IT) hélt árlegan fund sinn á Íslandi og stýrði fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, fundinum fyrir Íslands hönd. Þar var rökrætt um þróun lýðræðis í upplýsingasamfélaginu, en Norðurlönd hafa haft forystu um að leita leiða til að nýta tæknina sem best í þágu þeirra lýðræðislegu gilda sem hin norrænu samfélög byggja á. Þau hafa nýtt tæknina til að opna stjórnsýsluna og hafa möguleikar manna til að fylgjast með athöfnum stjórnvalda og veita þeim aðhald gjörbreyst.

Á dagskrá fundarins var einnig samstarf við Eystrasaltsráðið um upplýsingatæknimál og stefnumörkun og undirbúningur starfsáætlunar nefndarinnar fyrir næstu þrjú ár.

Ráðstefna um lýðræðið á öld upplýsingatækni.

Í ágúst sl. var haldin ráðstefna um lýðræðið á öld upplýsingatækni. Ráðstefnan var haldin á Íslandi og sátu hana á annað hundrað manns frá öllum norrænu löndunum. Meðal ráðstefnugesta voru ráðherrar, þingmenn, sveitarstjórnarmenn, fræðimenn og embættismenn víðs vegar að á Norðurlöndum. Þar var m.a. fjallað um áhrif upplýsingatækni á lýðræðið og hvernig nýta má tæknina til að efla það. Ráðstefnan hófst með pallborðsumræðum norrænu upplýsingatækniráðherranna undir stjórn norska fræðimannsins Mortens Øgård. Þar var m.a. rætt um hvaða árangur hefði náðst með að nýta upplýsingatækni í þágu lýðræðisins og hvaða verkefni væri brýnast að leysa. Önnur umfjöllunarefni voru áhrif upplýsingatækninnar á lýðræðið, nýting upplýsingatækninnar í þágu lýðræðisins og framtíð og þróun lýðræðisins sem stjórnarforms. Einnig voru kynnt störf nefndar sem stofnuð var í upphafi árs að frumkvæði Íslendinga til að kanna stöðu lýðræðis á Norðurlöndum. Settur var upp vefur um efni ráðstefnunnar: (http://www.forsaetisraduneyti.is/upplysingasamfelagid/Demokrati/Demokratiets_fremtid/Um_radstefnu/). Þar er að finna videóupptöku af ráðstefnunni í heild, skýrslu um það sem fram kom í máli fyrirlesara og ýmislegt fleira.

Opnir staðlar og opinn hugbúnaður.

Norrænu ríkjunum og ráðherranefndinni bárust tilmæli frá Norðurlandaráði varðandi opna staðla og opinn hugbúnað. Að höfðu samráði við embættismannanefndirnar um iðnað og atvinnumál (EK-N), menningarmál (EK-K) og menntun og rannsóknir (EK-U) var tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar svarað þannig að tekið var jákvætt í erindi Norðurlandaráðs. Þetta mál var síðan til umræðu á Norðurlandaráðsþinginu. Niðurstaðan er m.a. sú að kannað verður hvort áhugi er fyrir því að koma á norrænu þekkingarneti um opinn hugbúnað.

Samstarf við Eystrasaltsráðið.

Norrænu löndin hafa öll tekið þátt í samstarfi Eystrasaltsríkja og ESB undir heitinu „Aðgerðaáætlun um Norðlægu upplýsingatæknivíddina" (the Northern eDimension Action Plan" (NeDAP) og átt sæti í verkefnisstjórninni („Senior Officials on Information Society", SOIS). Markmið þessa samstarfs er að efla þróun upplýsingasamfélagsins í Eystrasaltsríkjunum. Áhugi hefur verið fyrir því að Norræna ráðherranefndin kæmi með beinum hætti að verkefnum sem þar eru unnin. Að frumkvæði Eystrasaltsráðsins fóru fram viðræður og bréfaskriftir um mögulegt samstarf á sviði upplýsingatækni. Á fundi norrænu upplýsingatækniráðherranna var samþykkt að ráðherranefndin gerðist aðili að nokkrum verkefnum NeDAP. Fyrsta samstarfsverkefnið, um tölfræði upplýsingasamfélagsins (e-Indicators), hefur verið samþykkt og ákveðið að ráðherranefndin veiti fé til þess. Einnig er áhugi fyrir samstarfi um rannsókna- og þróunarnet (Internet and Internet Applications Research and Development) og verður tekin afstaða til þess árið 2005.

Tölfræði.

Í samstarfi við norrænu hagstofurnar var ákveðið að gefa út og fjármagna tölfræðiskýrslu undir nafninu „Nordic Information Society – 2005".

Rafrænar undirskriftir.

Norrænu samstarfsverkefni lauk á árinu með greinargerð þar sem fjallað er um norrænt samstarf um rafrænar undirskriftir, greiningu á stöðu þeirra og tillögum um samstarf norrænu landanna á þessu sviði.

Stefnumörkun og starfsáætlun fyrir árin 2005–2007.

Á árinu var mótuð stefna og gerð starfsáætlun fyrir starf ráðherranefndarinnar á árunum 2005–2007. Áætlað er að vinna fyrst og fremst að tvenns konar verkefnum, annars vegar að stofna til umræðu um grundvallarspurningar og álitamál í upplýsingasamfélaginu þar sem þörf er fyrir þverfaglega yfirsýn og hins vegar að skilgreina tiltekin verkefni í samráði við aðrar ráðherranefndir þar sem slíkar spurningar eða álitamál koma upp.

8. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda

Starfsemin á árinu var í samræmi við rammaáætlun ráðherranefndarinnar um grannsvæðasamstarfið 2003–2005, sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs 2002 og sem m.a. var byggð á nýrri stefnumótun um grannsvæðasamstarfið, „Nær Norðurlöndum".

Það hefur verið yfirlýst markmið í nokkur ár að leggja aukna áherslu á samstarf við Norðvestur-Rússland en mun hægar hefur gengið en áætlað var að koma þeirri stefnu í framkvæmd. Á árinu var minnst 38% verkefnafjár (um 1,9 millj. d.kr.) veitt til samstarfs við Norðvestur-Rússland. 22% af fjárlögunum til grannsvæðasamstarfs var veitt í samstarf við

Norðvestur-Rússland. Rússneskar verkefnaumsóknir voru fáar en engum styrkhæfum rússneskum umsóknum var vísað frá.

Fyrri hluta ársins var gerð úttekt á heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi. Þessi úttekt gaf vitneskju um á hvaða sviðum og landsvæðum framtíðaráherslur eiga að vera. Samstarfsaðilar ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum hafa óskað eftir að samstarfsáætlanir verði aðgreindar eftir löndum og til að koma til móts við þær óskir hafa einhver samstarfsverkefni verið einskorðuð við Eistland, Lettland og Litháen en önnur við Norðvestur-Rússland.

Eistland, Lettland og Litháen hafa lagt áherslu á að þau vilji ekki vera háð norrænni fjármögnun en vilji aukinn þátt í fjármögnun á samstarfsverkefnum. Samkvæmt gildandi áætlunum verður hluti þessara landa í fjármögnun verkefnanna smám saman aukinn og um leið einnig þátt þeirra í vali á verkefnum. Ekki liggur þó fyrir hversu hröð sú þróun verður þar sem taka þarf mið af þeim viðbrögðum sem ráðherranefndin fær frá samstarfsaðilum sínum á grannsvæðunum á hinum ýmsu fagsviðum.

Stærð landsvæðisins gerir það vandasamt að finna álitlega samstarfsaðila í Norðvestur-Rússlandi. Upplýsingaskrifstofan í Pétursborg og tengiliðir hennar í Arkhangelsk, Murmansk og Petrozavodsk hafa átt mikinn þátt í að tryggja gæði verkefnanna og gott samstarf um norræna starfsemi við yfirvöld á staðnum.

Hnitmiðaðar aðgerðir.

Árið 2004 var síðasta árið þar sem áherslan er á langtímaverkefnum. Hér eftir er ætlunin að fjárveitingar verði notaðar sem frumstigsfjármögnun („seed money“) til að ýta nýjum verkefnum úr vör sem gagnast báðum aðilum. Með því næst aukinn sveigjanleiki til að fylgja eftir breyttum pólitískum áherslum. Viðræður á árinu við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland hafa leitt í ljós að áherslur Norðurlanda eru einnig áhugaverðar fyrir samstarfsaðila okkar á grannsvæðunum, en þær eru norræna velferðarlíkanið (þ.m.t. heilbrigðismál og jafnrétti), sjálfbær nýting auðlinda (þ.m.t. umhverfis- og orkumál), börn og ungmenni, menningarmiðlun, neytendamál og matvælaöryggi.

Landfræðilegar áherslur.

Með inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB jókst þörfin á beinu samstarfi innan fagsviðanna. Svokallað NB-8 samstarf var aukið á árinu, en það felst í sameiginlegum fundum Eystrasaltsríkjanna og norrænu landanna í ráðherranefndum og embættismannanefndum. Pólitískt samstarf var styrkt, m.a. með markvissu átaki til að byggja upp ný tengslanet.

Áhersla var á árinu á samstarfi við Norðvestur-Rússland. Norrænu tengiliðirnir í Petrozavodsk, Murmansk og Arkhangelsk eru nú rússneskir starfsmenn í fullu starfi, sem hefur í för með sér aukin samskipti við yfirvöld á staðnum og styrking þeirra tengslaneta sem fyrir hendi eru. Einnig eru styrkir, fyrst í stað einkum til starfsmannaskipta og NordproLink, í auknum mæli eyrnamerktir þessum svæðum.

Meiri sjálfstjórn verkefna og samræming.

Sérfræðinganefnd um grannsvæðasamstarf hefur verið með í ráðum við val á verkefnum á grannsvæðunum í austri og á Norðurskautssvæðinu. Í nefndinni eru þeir starfsmenn í utanríkisráðuneytum landanna sem hafa með höndum þróunaraðstoð við löndin í austri auk háttsettra norrænna embættismanna í Norðurskautsráðinu sem eru sérfræðingar um málefni Norðurskautssvæðanna. Það er markmiðið að aðgerðir miðist við þarfir viðkomandi svæðis og að þarfir og óskir landanna séu hafðar í huga, en löndunum gafst kostur á að gera athuga-

semdir við drög Norrænu ráðherranefndarinnar að samstarfsáætlun áður en hún var lögð fyrir samstarfsráðherra Norðurlanda.

Upplýsingar.

Upplýsingar um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum er nú að finna á norsku, ensku, finnsku og rússnesku á www.norden.org.

Skipting fjárveitinga.

Fjárveitingar til grannsvæðaáætlunarinnar á árinu námu 83,8 millj. d.kr. og fjárveitingar til Norðurskautsáætlunarinnar voru rúmlega 5 millj. d.kr. Heildarfjárveitingar til grannsvæðasamstarfsins voru því tæplega 89 millj. d.kr. Þar af var 23% fjárins veitt til Nopef, 33% til styrkja- og dvalarkerfanna, 17% til upplýsingastarfsemi og samskipta og 27% til verkefnasamstarfs. Þar við bætast um 60 millj. d.kr. af fjárveitingum fagsviðanna sem renna til samstarfs við grannsvæðin.

Þegar á allt er litið er því tæplega 145 millj. d.kr. varið til samstarfs ráðherranefndarinnar við grannsvæðin.

Upplýsingaskrifstofurnar, upplýsingamiðlun og samskipti.

Upplýsingaskrifstofurnar koma nú í ríkum mæli að framkvæmd verkefna fyrir ráðherranefndina. Markmiðið með því er að sníða verkefnin sem best að þörfum grannsvæðalandsins. Þetta hefur leitt til nánara samstarfs milli upplýsingaskrifstofanna og yfirvalda og norrænna sendiráða á staðnum.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Áherslan á þróun í átt að markaðsbúskap og á samstarfi milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra kemur fram í fjárveitingum til Nopef. Samþykkt hefur verið að fjárveitingar til Nopef verði smám saman auknar og komi í staðinn fyrir bein framlög frá löndunum. Svipuð áhersla er höfð í verkefnastyrkjum sem veittir eru af fjárlögum á sviði atvinnumála og velferðar en þó eru verkefni á sviði markaðsbúskapar ekki styrkt þar sem þau eru á verksviði Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Nopef og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Veitt er fé til námsog dvalarverkefna. (Sjá nánar um NIB, Nopef og NEFCO í kafla 24).

Styrkja- og dvalarkerfi.

Meira en 500 þátttakendur á ári nýta sér nú styrkja- og dvalarkerfin. Þegar upplýsingaskrifstofa ráðherranefndarinnar tekur til starfa í Kaliningrad fá íbúar þess svæðis einnig möguleika á að fara í náms- og starfsmannaskipti til Norðurlanda.

Norrænu tengslanetsverkefnin Nordplus Nabo og NorFA Nabo. Þetta styrkjakerfi hefur það markmið að mynda tengslanet milli háskóla. Það var stofnað árið 1991 og inntak þess og áherslur hafa tekið breytingum. Nordplus Nabo veitir styrki til að koma á tengslanetum, en styður einnig við bakið á þeim tengslanetum sem þegar hafa verið mynduð, í háskólaumhverfinu og milli frjálsra félagasamtaka. NorFA Nabo veitir styrki til tengslaneta vísindamanna.

Starfsmannaskipti. Starfsmannaskipti eru í umsjón upplýsingaskrifstofanna á grannsvæðunum. Þannig er unnt að koma til móts við þarfir í einstökum löndum eins og gert er í Nord-Prolink. Markmiðið með styrkveitingum til Eystrasaltsríkjanna er að byggja upp tengslanet og þekkingu sem nýtist í undirbúningi landanna fyrir inngöngu í ESB. Við styrkveitingar til

Rússlands er leitast við að stuðla að lýðræðisþróun og stöðugleika með því að stuðla að þróun stjórnkerfis í opinberri stjórnsýslu. Til að ná sem bestum árangri verður leitast við að tengja styrki og starfsdvöl við verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Kerfið nær til opinberra starfsmanna á öllum stigum.

Þingmannaskipti. Styrkja- og skiptidvalarkerfi þingmanna er í umsjón Norðurlandaráðs. Markmiðið er að miðla reynslu af norrænu þingmannasamstarfi og fulltrúalýðræði. Styrkjakerfið var endurskoðað árið 2001 og tekin var ákvörðun um að kerfið ætti í auknum mæli að byggja á gagnkvæmum og virkum skoðanaskiptum á jafnræðisgrundvelli milli norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna. Lögð var áhersla á að auka þátttöku frá Norðvestur-Rússlandi.

Sleipnir-grannsvæðin. Sleipnir er ferðastyrkjakerfi sem hefur það markmið að auka hreyfanleika ungra listamanna á Norðurlöndum og á grannsvæðum þeirra. Kerfið hefur reynst góð aðferð til að mynda tengsl milli Norðurlanda og grannsvæða þeirra og verður því áfram mikilvægur þáttur í miðlun menningar. Verkefninu hefur verið mjög vel tekið í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Rússlandi. Upplýsingaskrifstofurnar fjórar hafa umsjón með styrkveitingum. Mjög góður árangur hefur verið af Sleipnisverkefninu á grannsvæðunum og áhugi ungra listamanna í löndunum er mikill.

NordproLink. NordproLink er skiptidvalarkerfi (áður Nordpraktik) með áherslu á atvinnulífinu. Markmiðið er að bjóða ungu fólki frá fyrirtækjum í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi – sem hefur lokið námi, hefur nokkurra ára reynslu úr atvinnulífinu og sæmilegt vald á ensku eða norrænu tungumáli – starfsdvöl i litlum eða meðalstórum fyrirtækjum á Norðurlöndum. Með NordproLink fær unga fólkið tækifæri til að öðlast innsýn í vinnu og framleiðsluhætti í slíkum fyrirtækjum og koma á tengslum og samstarfi milli fyrirtækja á grannsvæðunum og á Norðurlöndum. Norrænu upplýsingaskrifstofurnar á grannsvæðunum hafa umsjón með NordproLink og í því skyni hefur verið ráðinn starfsmaður í Petrozavodsk, sem er útibú upplýsingaskrifstofunnar í Petursborg.

Styrkir á sviði orkumála. Á árinu voru veittir styrkir til vísindamanna til að þróa virkt þekkingarnet milli vísindamanna og sérfræðinga á völdum fagsviðum og til að auka hreyfanleika vísindamanna í Eystrasaltsríkjunum, á Norðurlöndum og í Rússlandi. Norrænar tillögur á sviði vísinda og menntamála voru styrktar innan ESB og í öðrum alþjóðlegum verkefnum til að auka möguleika norrænna vísindamanna á að taka þátt í alþjóðlegum samskiptum. Skiptidvalarkerfi sem eru sprottin af verkefnastarfsemi og samstarfi Norðurlanda og grannsvæðanna á sviði orkumála eru hluti af samráði Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og Rússland.

Áhersla var lögð á þrjú samstarfssvið á árinu:

- Lýðræði og velferðarmál.
- Menningarmiðlun.
- Sjálfbær nýting auðlinda.

Á árinu átti sér stað mjög virkt samstarf við grannsvæðin á eftirfarandi fagsviðum:

- Menntun og rannsóknir.
- Orkumál.
- Umhverfismál.
- Matvælamál.
- Landbúnaður og skógrækt.
- Menningarmál.
- Neytendamál.
- Húsnæðis- og byggingarmál.

- Vinnumarkaðsmál.
- Heilbrigðis- og félagsmál.
- Jafnréttismál.

9. Orkumál

Markmiðið með samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála (MR-Energi) er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum.

Lögð er áhersla á að nýta orkulindir til að efla atvinnulíf og efnahag þjóðanna. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á aukna nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á síðustu árum eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlönd.

Rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála.

Á árinu 2001 samþykktu orkumálaráðherrar Norðurlanda rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála fyrir árin 2002–2005 og hefur starfið í meginatriðum verið á grundvelli rammaáætlunarinnar.

Lögð er áhersla á þrjú meginsvið sem langtímamarkmið og að auki hefur verið unnið að áhersluatriðum til skemmri tíma:

- Samstarf á sviði raforkumarkaðar í hinum fjórum samtengdu norrænu löndum.
- Samstarf á sviði loftslagsmála.
- Samstarf við grannríkin í austri, þ.e. grannsvæðin Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, svo og ríki innan Eystrasaltsráðsins og ESB.
- Önnur áherslusvið hafa verið t.d. endurnýjanlegar orkulindir og bætt orkunýtni og hvernig beri að leysa orkuvandamál strjálbýlli svæða Norðurlanda.

Ljóst er að minni áhersla verður lögð á orkusamstarf við Eystrasaltsríkin en á undanförnum árum vegna inngöngu þessara ríkja í ESB.

Formennskuár Íslands.

Árið var viðburðarríkt í norrænum orkumálum. Fundur norrænu orkumálaráðherranna var haldinn á Akureyri í september sl. þar sem rædd voru mörg mál er varða framtíðarsamstarf þjóðanna.

Áherslur Íslands í orkumálum á formennskuárinu voru í samræmi við ályktun samstarfsráðherra Norðurlanda um sjálfbæra þróun og rammaáætlun orkumálaráðherranna. Áhersla var lögð á að halda áfram á þeirri braut er mörkuð hefur verið varðandi fyrrnefnd þrjú kjarnasvið orkusamstarfs landanna. Ísland hefur þó lagt áherslu á að nauðsynlegt væri að leita leiða til að auka hlut endurnýjanlegrar orku á norðvestursvæði Norðurlanda. Þetta er sérstaklega mikilvægt í Færeyjum og á Grænlandi sem eru nær alveg háð olíunotkun við hitun og raforkuframleiðslu sína.

Rannsóknir á vetni og vetnissamböndum sem orkubera hafa aukist hraðfara á síðustu árum og athygli og áhugi stjórnvalda víða um heim beinist mjög að þessum vettvangi orkurannsókna. Það hefur verið stefna Íslands að Norðurlönd eigi að hafa frumkvæði í orkurannsóknum á þessu sviði þar eð þessi ríki hafa verið í fararbroddi við að nýta endurnýjanlegar orkulindir. Norræna orkurannsóknarstofnunin (NEFP) hefur unnið að nokkrum áhugaverðum verkefnum á þessu sviði í samstarfi við marga aðila og hefur vinna þeirra einkum beinst að því að kanna hvort og þá á hvern hátt þróun í notkun hreinna orkubera geti aukið notkun endurnýjanlegrar orku á vestnorræna svæðinu.

Þá hefur Ísland lagt áherslu á og haft forystu um að vinnu við rannsóknir á áhrifum lofts-

lagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda verði haldið áfram og þær efldar. Vatnsorkulindir Norðurlanda eru viðkvæmar fyrir hugsanlegum loftslagsbreytingum næstu ára og því ber okkur skylda til að vakta vel okkar eigin auðlegð.

Tilraunasvæði um losunarheimildir.

Á fundi sínum í september sl. í Gautaborg undirrituðu orkumálaráðherrar Norðurlanda samkomulag um að gera Eystrasalt að tilraunasvæði fyrir Kyotobókunina.

Ástæða þess er sú að norrænu ríkin hafa lýst yfir vilja sínum til að aðstoða Eystrasaltsríkin við að draga úr losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum, sem er mjög mikil, og geta þeirra til að takast á við þetta vandamál er takmörkuð. Auk þess geta þátttökuríkin öðlast losunarheimildir í samræmi við þann árangur sem kann að nást.

Á árinu hófst vinna við að koma á fót norrænum sjóði til að fjármagna fyrstu aðgerðir í þessu skyni. Norrænu löndin hafa tryggt fjárframlag að fjárhæð 10 millj. evrur og fjármagnið kemur frá þátttökulöndum í sömu hlutföllum og í norrænu fjárlögunum. Hlutur Íslands er því 1% eða 8,5 millj. kr. sem greiðast á árunum 2003, 2004 og 2005. Vinnureglur sjóðsins voru mótaðar á síðasta ári og auglýst var eftir umsóknum um styrki til orkufyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum.

Þátttaka Íslands í þessu verkefni mun verða til þess að íslenskum fyrirtækjum verður gert kleift að taka þátt í verkefnum um sameiginlegar framkvæmdir og að auki fær Ísland aukna losunarheimild koltvíoxíðs í hlutfalli við framlag okkar. Þátttaka okkar í þessu verkefni mun því opna leið fyrir íslensk orku- og ráðgjafarfyrirtæki til þátttöku í verkefnum, einkum á sviði jarðhita. Eystrasaltsríkin og mörg Austur-Evrópulönd búa yfir verulegum jarðhita og þátttaka Íslands mun opna ýmsa möguleika á að nýta íslenska tækniþekkingu og að fjárfesta í orkumannvirkjum í þessum löndum.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin er fjármögnuð beint af orkumálaráðuneytum landanna og skiptist á milli þeirra í samræmi við skiptingu norrænu fjárlaganna. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og vísindamanna innan Norðurlanda með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Samkvæmt starfsáætlun fyrir árin 2003–2006 beinast áherslur í rannsóknum að þeirri pólitísku stefnumörkun sem unnið er eftir í samræmi við rammaáætlun embættismannanefndarinnar um orkumál (EK-Energi) um norrænt samstarf í orkumálum. Áherslur orkurannsóknaráætlunarinnar beinast einkum að fimm höfuðverkefnum, þ.e.a.s. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Unnið er í sjö faghópum á ýmsum sviðum orkurannsókna og taka Íslendingar þátt í þremur faghópum. Þá voru styrkveitingar til ungra vísindamanna er unnu að doktorsverkefnum eins og undanfarin ár stór hluti af starfseminni innan orkurannsóknaráætlunarinnar.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Til undirbúnings funda í ráðherraráði ESB um orkumál eru haldnir óformlegir fundir norrænu orkumálaráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi. Tveir slíkir fundir voru haldnir á árinu, í júní og nóvember.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarfsvettvangur orkumálaráðherra Norðurlanda við grannríkin við Eystrasalt fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States Council, BSSC). Breytingar á sviði orkumála eru mjög mikilvægur liður í þróun Eystrasaltssvæðisins og ekki síst auknar kröfur á síðustu árum um notkun endurnýjanlegra orkulinda. Á vegum BASREC hafa verið skipulögð samstarfs- og stuðningsverkefni, sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Vestur-Rússlandi. Má þar m.a. nefna þjálfun starfsmanna orkufyrirtækja og orkumálaráðuneyta í þessum löndum og komu fulltrúar þessara ríkja í kynnisferð hingað til lands á liðnu ári. Áhersla í samstarfinu hefur verið lögð á að aðlaga raforkumarkað og gasmarkað þessara ríkja að breyttum aðstæðum á þessu sviði á Vesturlöndum. Þá hefur aðstoð verið veitt við mótun orkustefnu og við orkusparnað. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þessum ríkjum eins og fjallað er um hér að framan.

Samstarf á vestnorræna svæðinu.

Á síðasta ári var áhersla lögð á aukið samstarfi milli vestnorrænu landanna. Aðstaða Grænlands og Færeyja einkennist af sérstökum náttúruskilyrðum. Um er að ræða fámennar þjóðir, miklar fjarlægðir, svalt loftslag og hafsvæði aðskilja löndin. Á sviði orkumála er um það vandamál að ræða að orkuöflun er nánast öll byggð á olíunotkun og raforkudreifing er erfið til mjög dreifbýlla svæða við erfiðar aðstæður. Á síðasta ári var lögð áhersla á að skoða vanda þessara þjóða að frumkvæði Íslendinga og var það eitt af helstu áherslumálum á formennskuárinu. Unnið var að viðamikilli rannsókn og skýrslugerð um vanda einstakra byggðarlaga þessara ríkja við orkuöflun og á hvern hátt væri unnt að draga úr hinni miklu olíunotkun við að mæta orkuþörf þeirra. Verður niðurstaða þessara rannsókna kynnt á árinu 2005.

Opinn norrænn raforkumarkaður.

Á síðasta áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Vesturlöndum þar sem komið hefur verið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Miklar umræður urðu á Norðurlöndum á árinu um raforkuverð og flutning raforku, orkuverð var tímabundið hátt á árinu 2003 og loks varð mikið rafmagnsleysi síðla sama ár er varð til þess að mikil áhersla var lögð á endurbætur flutningskerfa ríkjanna. Sérstakur starfshópur ráðherranefndarinnar gerði vandaða úttekt á raforkuflutningsmálum landanna og gerðar voru nauðsynlegar úrbætur. Þá var unnið að athugun á því hvernig raforkumarkaðurinn á Norðurlöndum tengist í auknum mæli markaði annarra Evrópuríkja og þá sérstaklega Eystrasaltsríkjanna og Austur-Evrópu.

Orka og loftslagsmál.

Samstarf er náið á sviði orku- og umhverfismála, embættismannanefndirnar um orkumál og umhverfismál hafa sameiginlega undirnefnd er fjallar um loftslagsmál. Hefur vinna nefndarinnar einkum beinst að verkefnum sem tengjast rammasamningi S.þ. um loftslagsbreytingar. Í kjölfar fundarins um endurnýjanlega orku í Bonn í júní sl. kom fram hin aukna áhersla er þjóðir heims leggja nú á endurnýjanlegar orkulindir. Lagði embættismannanefndin áherslu á að skoða á hvern hátt ríkin gætu þar aukið hlutdeild sína í endurnýjanlegri orku og er unnið að úttekt á vegum nefndarinnar um það efni.

Niðurlag.

Miklar breytingar hafa staðið yfir í orkumálum Íslendinga á síðustu árum, sem nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir nokkru gengið í gegnum og hafa þær reynst okkur afar hjálplegar við að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Gagnlegt er fyrir okkur að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í þessum löndum og læra af reynslu þeirra. Þá kom samstarf ráðherranefndarinnar í tengslum við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna okkur að góðu gagni í baráttunni fyrir hinu svokallaða íslenska ákvæði um losun gróðurhúsalofttegunda. Þá hafa Íslendingar notið góðs af norrænu orkurannsóknaráætluninni og Íslendingar stýra rannsóknarverkefni um áhrif loftslagsbreytinga á norræna orkuframleiðslu í framtíðinni.

10. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljø) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Sú áætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir tímabilið 2001–2004 og myndar ramma um umhverfismálasamstarf landanna, samstarf við grannsvæðin, við norðurskautssvæðið, við ESB og um önnur alþjóðleg málefni. Endurskoðun umhverfisáætlunarinnar hófst seint á árinu 2002 en vinna við að semja nýja áætlun var unnin undir formennsku Íslands 2004. Ný norræn framkvæmdaáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 setur fjögur meginefni í forgrunn. Þau eru maðurinn og heilsan, hafið, verndun náttúru og sjálfbær framleiðsla og neysla. Hugmyndin að baki þessum meginefnum er að ekki sé hægt að skoða umhverfismál á einangraðan hátt heldur verði að skoða þau í heild sinni. Til dæmis verði þannig að skoða hættuleg efni bæði út frá þeim áhrifum sem þau geta haft á heilsu manna og út frá áhrifum sem þau hafi á náttúruna. Í nýrri framkvæmdaáætlun er áhersla lögð á aukna samþættingu milli geira svo og samvinnu milli vinnuhópa. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera leiðsögurit fyrir samstarfið á komandi fjórum árum. Henni er ætlað að gefa fyrirheit um árangur sem tryggir forystu Norðurlanda á umhverfissviðinu á alþjóðlegum vettvangi.

Í júní sl. var haldin alþjóðleg ráðstefna í boði umhverfis- og sjávarútvegsráðuneytisins í tilefni af formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni og nefndist hún „Ocean Strategies – Integrated Management of the Marine Environment“. Á ráðstefnunni var fjallað almennt um hvernig móta megi stefnu sem miðar að því að vernda og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í hafinu og nýta tegundir á sjálfbæran hátt. Ný stefna íslensku ríkisstjórnarinnar um málefni hafsins var kynnt en einnig þær stefnur sem mótaðar hafa verið í Kanada, Noregi og í Norðurskautsráðinu. Þá var kynnt undirbúningsvinna ESB að stefnumörkun um hafið. Á ráðstefnunni var fjallað almennt um stefnumótun í málefnum hafsins, aðferðafræði við gerð slíkrar stefnumótunar og aðgerðir til þess að fylgja henni eftir. Nokkur ríki og ríkjasambönd fjölluðu um reynslu sína við þróun og framfylgd stefnumótunar í málefnum hafsins og fjallað var ítarlega um atriði eins og vistkerfisnálgun, verndun hafsins og áhrif loftslagsbreytinga.

Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á mikilvægi lýðræðislegrar umræðu um náttúruvernd. Verður því boðað til ráðstefnu í maí 2005 í þjóðgarðinum í Skaftafelli sem ber heitið „National Parks, outdoor life and health“. Lögð er áhersla á að ná saman fulltrúum frá frjálsum félagasamtökum, ráðuneytum og stofnunum á Norðurlöndum svo og í Eystrasaltsríkjunum til að ræða tækifæri en einnig vandamál sem tengjast náttúruverndarsvæðum á Norðurlöndum.

Á árinu voru lagðar fram tvær skýrslur sem styrktar voru af norrænu umhverfisráðherrunum um hver sé sparnaður samfélagsins vegna nýrra tillagna frá ESB um meðhöndlun efnasambanda (REACH, Registration, Evaluation, Authorisation and Restriction of Chemicals) sérstaklega út frá umhverfinu. Haldin var ráðstefna í Brussel þar sem efni þeirra var kynnt

fyrir hagsmunaaðilum. Megin niðurstaða skýrslanna er að þó tillaga ESB um meðhöndlun efnasambanda muni hafa í för með sér kostnað fyrir efnaiðnaðinn þá muni hún leiða til mikils samfélagslegs sparnaðar þá sérstaklega vegna heilnæmara umhverfis. Norðurlandaþjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á samþætta stjórnun og meðhöndlun efna á alþjóðavettvangi. Umhverfisráðherrarnir ákváðu því að kosta sérfræðing til að starfa hjá S.þ. (UNEP) í tvö ár til að styðja við stefnumörkun varðandi samþætta stjórnun og meðhöndlun á efnum (SAICM, Strategic approach to integrated chemical management).

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við aðra geira í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 24.2.)

Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda:
Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Vinnunefndin styður norræn verkefni sem stuðla að uppbyggingu vísindalegrar grunnþekkingar og skapa grunn fyrir sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn sjávarmengun og mengandi efnum sem berast langar leiðir með lofti. Verkefnin eru grunnur að norrænu framlagi í sambandi við stefnumörkun og setningu reglugerða innan ESB og í alþjóðlegum samningum. Meðal alþjóðlegra samninga eru LRTAP, OSPAR, HELCOM og MARPOL og meðal þess sem unnið er að innan ESB eru NEC-tilskipunin, væntanlegar tilskipanir m.a. um ryk og óson, mótun evrópskar stefnu um hafið og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Unnið verður á vegum vinnunefndarinnar að nítján verkefnum á árinu 2005, þar af eru ellefu framhaldsverkefni. Meðal þessara verkefna er samanburður á magni þrávirkra lífrænna efna á vestnorrænum svæðum samanborið við Eystrasalt. Á árinu var gefin út stöðuskýrsla um vandamál vegna loft- og sjávarmengunar á Norðurlöndum með tillögum að áframhaldandi vinnu innan vinnunefndarinnar (Regional marine and air pollution problems in the Nordic countres – Status and suggestions for further work with the NMR's Sea and Air Group).

Efnavörunefndin.

Verksvið vinnunefndarinnar um efnavörur er norrænt samstarf á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin starfar á grundvelli Norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar og með hliðsjón af áætluninni „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd".

Markmið starfsins er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Nefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega. Megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, einkum ESB og EES. Verkefnin eru af ýmsu tagi en beinast m.a. að því að safna upplýsingum um efni og gera þær aðgengilegar, þróa aðferðir til að meta áhættu, og vinna að ráðstöfunum til að draga úr notkun hættulegra efna. Vaxandi áhersla hefur á liðnu ári verið á verkefni er tengjast nýrri efnalöggjöf í Evrópu (REACH). Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur, fræðsluefni og prófunaraðferðir. Sem dæmi má nefna bækling um börn og hættuleg efni. Gagnabankar

sem unnið hefur verið að gegna stöðugt stærra hlutverki fyrir sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar og eru verkfæri fyrir stjórnvöld og aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna.

Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Verkefni nefndarinnar eru aðallega á sviði líffræðilegrar fjölbreytni og má þar nefna erfðaauðlindir, landslag, menningarminjar og útivist. Á árinu hófst m.a. stuðningur við verkefnið NOBANIS (Nordic-Baltic Network on InvasiveSpecies), sem er ætlað að afla upplýsinga um framandi tegundir og áhrif þeirra. Í lok ársins var haldinn sameiginlegur fundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um erfðabreyttar lífverur (Bio-safety). Vinnuhópur á vegum nefndarinnar skilaði skýrslu og tillögum um framhald vinnu við evrópska landslagssáttmálann og í framhaldi af því var m.a. haldin ráðstefna um landslag sem hluta af skipulagsáætlunum. Mikil áhersla hefur verð lögð á verkefni sem tengjast útivist og heilsu og þá ekki síst heilsu barna. Þessi verkefni og önnur á sviði útivistar tengjast einnig almannaréttinum og vistvænni ferðamennsku. Á sviði menningarminja var m.a. lokið við verkefnið „Historisk kystkultur – en ressource i nutiden". Unnið var að fjölda annarra verkefna á vegum nefndarinnar sem tengjast ekki hvað síst norðurskautssvæðum og verkefnum sem tengjast alþjóða samningum og þverfaglegri vinnu milli mismunandi vinnuhópa sem heyra undur Norrænu ráðherranefndina.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfisvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir undirhópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningum. Nefndin hefur unnið að umhverfisstjórnun hjá hinu opinbera, skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni, m.a. í fiskeldi og fyrir smábátahafnir. Þá tekur nefndin þátt í skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni á Evrópuvettvangi. Á árinu var gefið út hugmyndahefti fyrir Staðardagskrá 21 og haldið námskeið fyrir þá sem starfa að Staðardagskrá 21 í litlum samfélögum, m.a. á Íslandi. Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin leggur höfuðáherslu á þrjá málaflokka; líffræðilega fjölbreytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd rammatilskipun ESB um vatn. Það er mat nefndarinnar að mikilvæg verkefni séu óunnin innan þessara málaflokka. Verkefni sem vinnunefndin mun beita sér fyrir innan þessara flokka er m.a. stöðumat – úttekt á ástandi, þróun aðferða við vöktun, umhverfisvísar og þekkingarmiðlun.

Verkefni, sem eru hafin eða í undirbúningi innan þessara málaflokka, eru m.a. myndun þekkingarnets vegna ágengra tegunda, kortlagning vistgerða ogvöktun þeirra, gerð gagnagrunns um sjófuglabyggðir á norðurskautssvæðum Norðurlanda, notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við strandsvæðaflokkun, þróun aðferða við vöktun erfðabreytileika, þróun flokkunarkerfis fyrir ár og vötn vegna rammatilskipunar ESB, samanburðarúttekt á POPs efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum og stöðuúttekt á efnum sem eru hættuleg heilsu og umhverfi en styrkur þeirra í umhverfinu á Norðurlöndum er lítið þekktur.

Á vegum vinnunefndarinnar tekur Ísland þátt í flestum þeim verkefnum sem að framan eru nefnd. Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum

og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu vera unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa ráðherranefndarinnar eða verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin hefur óskað eftir.

Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:
Samstarfsnefnd um loftslagsmál.

Á vegum umhverfis- og orkuráðuneyta er starfandi samstarfsnefnd um loftslagsmál. Undanfarin ár hafa störf nefndarinnar að stærstum hluta snúið að verkefnum sem fjalla um framkvæmd Kyoto-bókunar loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, þá einkum þann þátt sem snýr að því að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði með viðskipti á losunarkvótum og sameiginlega framkvæmd. Á þessu ári var ýtt úr vör verkefni þar sem horft er til þess hvað tekur við eftir að fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar lýkur, hugsanlegar leiðir, aðgerðir og stefnumótun sem stjórnvöld standa frammi fyrir. Verkefni tengd áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum og möguleg nýting endurnýjanlegrar orku á jaðarsvæðum voru einnig meðal áhersluatriða í starfi nefndarinnar á þessu ári.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.

Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Einu verkefni um stjórntæki til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í skóglendi og mýrlendi lauk á árinu og hefur skýrsla um það verið gefin út. Gengið var til samninga við einn tilboðsgjafa um að gera næstu útgáfu af skýrslu um hagræn stjórntæki í umhverfismálum á Norðurlöndum en sú skýrsla á nú einnig að fjalla um Eystrasaltsríkin. Þá á að fjalla um hindranir sem standa í vegi fyrir notkun hagrænna stjórntækja til að ná markmiðum í umhverfismálum. Þetta verkefni, ásamt verkefni um aftengingu hagvaxtar og álags á umhverfi verða meginverkefni næsta árs en með því að einu verkefni er nú að ljúka gefst tækifæri til að hleypa nýju verkefni af stokkunum. Raunar eru ákveðnar blikur á lofti varðandi fjármögnun verkefnisins um hagræn stjórntæki þar sem verkefni í Eystrasaltríkjunum njóta ekki lengur sérstakra fjárveitinga hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.

Nefndin er samstarfsvettvangur sjávarútvegs- (NEF) og umhverfisgeirans (EK-M). Nefndin tók þátt í mótun framkvæmdaráætlunar fyrir umhverfissamstarfið fyrir árin 2005–2008 (Miljøhandlingsprogram 2005–2008) auk þess sem nefndin tók þátt í að móta starfsáætlun fyrir norrænt samstarf um sjávarútvegsmál sem gilda á fyrir næstu ár.

Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Í nefndinni starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði. Stefnumörkunin byggist á eftirfarandi sjö meginþáttum: bættri nýtingu auðlinda, líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegseyðingu, hreindýrabúskap, nýjum framleiðsluaðferðum, menningarumhverfi og menningarlandslagi og alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu fór Ísland með formennsku í nefndinni og í framhaldi af áherslum Íslands undir heitinu „Auðlindir Norðurlanda“ er lögð áhersla á framtíðarhlutverk landbúnaðarins og menningarlandslagsins sem auðlindar.

Innan nefndarinnar er einnig lögð áhersla á verkefni sem hafa áhrif á ákvarðanir, skoðanamyndun og uppbyggingu á sameiginlegri reynslu og þekkingu Norðurlanda og geta stuðlað að og haft þýðingu fyrir þátttöku og áhrif þjóðanna á alþjóðavettvangi. Enn fremur er mikilvægt verkefni að stuðla að uppbyggingu tengslanets til samskipta og til að miðla þekkingu og reynslu í landbúnaði og skógrækt m.a. með verkefnisstjórn Íslendinga í verkefninu „Áhrif nýskógræktar á lífríki, landslag og samfélag". Öll verkefnin miða að því að auka þekkingu og bæta stjórnsýslu á þessum sviðum.

Samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur þeirra sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmið með vinnu nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu, m.a. í kjölfar samþykkta ráðstefnunnar í Jóhannesarborg 2002. Nefndin hefur náið samráð við vinnunefnd um vörur og úrgang.

11. Byggðamál

Norræna ráðherranefndin um byggðamál (MR-Reg) hefur yfirumsjón með norrænu samstarfi á þessu sviði, en framkvæmdin er í höndum embættismannanefndar um byggðamál (NERP), sem er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gilti fyrir árin 2001–2005 svo og formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2004 sem Valgerður Sverrisdóttir, ráðherra byggðamála, kynnti á fundi byggðamálaráðherra Norðurlanda í Ósló í október 2003.

Samstarf Norðurlanda í byggðamálum felst í því að skiptast á reynslu, ræða við norræn starfssystkini og vinna saman að þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum.

Víða á Norðurlöndum taka stjórnmálamenn, yfirvöld og almenningur á einstökum stöðum og svæðum þátt í hagnýtu norrænu samstarfi við ákveðin svæði í nágrannalöndum sínum.

Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðinu. Samstarfið við grannsvæðin á Eystrasaltssvæðinu mun á næstunni taka breytingum vegna inngöngu Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB. Áður var samstarfið við öll löndin en verður hér eftir við einstök ríki eftir atvikum.

Formennskuár Íslands.

Áherslur Íslands á formennskuárinu báru yfirskriftina „Auðlindir Norðurlanda". Hvað samstarfið um byggðamál varðaði var einkum verið að vísa til atriða sem snertu mannauðinn og þýðingu þeirra fyrir byggðaþróun. Var áherslunni beint að hinum dreifðu byggðum, einkum jaðarsvæðum. Áherslan var sérstaklega lögð á mannauð dreifðu byggðanna. Áfram yrði haldið við að efla Nordregio (stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem stundar rannsóknir á sviði svæða-, byggða- og skipulagsmála), styðja þróun samvinnu yfir landamæri og samstarf við grannsvæðin. Þá yrði kannaður möguleikinn á að Norræna

Atlantsnefndin (NORA) verði samræmingaraðili aukinnar samvinnu á norðvestursvæðinu.

Lögð yrði áhersla á að fylgjast með og efla tengsl við áætlanir ESB á sviði byggða- og skipulagsmála, og þýðingu þeirra fyrir svæðaþróun á Norðurlöndum.

Loks var lagt til að tekin yrði upp samvinna við aðrar ráðherranefndir um rannsóknir með snertifleti við byggðamál.

Eins og kemur fram í kaflanum hér á eftir þá tókst að fylgja formennskuáætluninni eftir þó svo að sumir þættir tækju lengri tíma en reiknað var með í byrjun.

Starfsemin.

Á árinu hélt embættismannanefndin fimm reglulega fundi, haldinn var einn fundur ráðherra byggðamála og nokkrir fundir starfsnefnda vegna nýju samstarfsáætlunarinnar og Evrópumála.

Óhætt er að fullyrða að þeir tveir þættir í starfsemi embættismannanefndarinnar sem mestan tíma tóku hafi verið endurskoðun samstarfsáætlunarinnar um byggðamál og umfjöllun um málefni Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA).

1) *Samstarfsáætlun.* Settur var á laggirnar starfshópur til að vinna að endurskoðun á samstarfsáætluninni. Starfshópurinn hittist þrisvar auk þess sem málið var á dagskrá á öllum fundum embættismannanefndarinnar. Hluti af starfinu var viðtöl við norræna stjórnmálamenn og embættismenn á sviði byggðamála. Afraksturinn var ný samstarfsáætlun fyrir árin 2005–2008 sem lögð var fyrir ráðherrafund í nóvember sl.
2) *Landamærasvæðin.* Málefni NORA voru til umfjöllunar allt árið. Í upphafi ársins tilkynnti Lánasjóður Vestur-Norðurlanda að honum hefði einungis verið fært að inna af hendi brot af þeirri greiðslu til NORA sem undanfarin ár hefur numið 1,5 millj. d.kr. Hefur þetta neikvæð áhrif á fjárhag NORA. Þá fór einnig fram umræða um aukið og breytt hlutverk NORA eins og lagt var upp með í formennskuáætlun Íslands. Þessi umræða var mikil og á köflum lífleg. Utanaðkomandi aðili gerði úttekt á starfsemi NORA sem innihélt tillögur um framtíðarhlutverk þar sem tekið væri tillit til hugmynda um aukið samstarf ríkja við Norður-Atlantshaf. Má segja að nú sjái fyrir endann á þessu máli eftir þá samþykkt sem gerð var á ráðherrafundinum í nóvember sl. en þar var samþykktur rammi um framtíðarhlutverk NORA.

   Norðuratlantssvæðið sem starfsemi NORA beinist að er eitt átta landamærasvæða sem hafa samstarfssamninga við embættismannanefndina um byggðamál og njóta fjárframlaga. Samtals fá landamærasvæðin í sinn hlut 14,7 millj. d.kr. en þar af fær NORA 4,4 millj. d.kr.
3) *ESPON.* Á fundum embættismannanefndarinnar í Reykjavík í maí sl. og í Kaupmannahöfn í desember, gerði starfsmaður Norrænu ráðherranefndarinnar hjá ESPON (European Spatial Planning Observation Network) grein fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þetta er stofnun á vegum ESB sem hefur það hlutverk að fylgjast með því hvað löndin eru að gera á sviði svæðaþróunar og stunda rannsóknir. Þessi málaflokkur tekur til sín meira fjármagn en nokkur annar að landbúnaðarmálum einum undanskildum.
4) *Svæðastuðningur ESB.* Af sama meiði er að á Reykjavíkurfundinum var ákveðið að leggja niður undirnefnd embættismannanefndarinnar, svokallaða NERP-EU, sem hafði það hlutverk að fylgjast með málefnum sem varða ESB. Í staðinn voru settar á laggirnar þrjár tímabundnar nefndir sem eiga að fylgjast með Interreg-áætlunum, ríkisstuðningi og uppbyggingarsjóðum hjá ESB. Þessi mál eru öll í endurskoðun hjá ESB og á starfinu að ljúka árið 2006.

5) *Nordregio.* Málefni Nordregio voru töluvert til umfjöllunar hjá embættismannanefndinni. Ástæðan er annars vegar að stærsti einstaki útgjaldaliður á fjárlögum ráðherranefndarinnar til byggðamála er fjárveiting til Nordregio og þeirra rannsóknarverkefna sem þar er unnið að og hins vegar að embættismannanefndin um byggðamál tilnefnir fulltrúa í rannsóknarráð stofnunarinnar og staðfestir ráðningu nýs forstjóra. Um málefni Nordregio vísast til sérstakrar umfjöllunar þar um.
6) *Rannsóknarverkefni og ráðstefnur.* Embættismannanefndin styrkti að venju allmörg rannsóknarverkefni á árinu og tók ákvarðanir um styrkveitingar mið af formennskuáætlun Íslands. Meðal verkefna sem styrkt voru má nefna eftirfarandi: Samanburð á stuðningi við fyrirtæki á Norðurlönd um, samspil á milli byggðaþróunar og opinberrar stefnu í húsnæðismálum og rannsókn á einangruðum atvinnukerfum á Norðurlöndum með áherslu á hlut kvenna og ungs fólks. Þá stóð embættismannanefndin eða undirstofnanir fyrir nokkrum ráðstefnum einar eða í samstarfi við aðra.

Ráðherrafundur.

Norræna ráðherranefndin um byggðamál hélt fund í nóvember sl. í Stokkhólmi undir forsæti Valgerðar Sverrisdóttur.

Stærstu mál þess fundar voru samþykkt ráðherranna á nýrri samstarfsáætlun um byggðamál fyrir árin 2005–2008 og umfjöllun um NORA sem lauk með samþykkt tillögu um breytt og aukið hlutverk stofnunarinnar. Þá var og á fundinum gerð grein fyrir því rannsóknarstarfi sem fram fer á vegum Nordregio.

Samstarfsáætlun um byggðamál 2005–2008.

Markmið hinnar nýju samstarfsáætlunar er að gera norrænu löndin sterkari. Áætlunin tekur mið af að:

- Byggðamál spanna mjög vítt svið.
- Norrænu löndin standa frammi fyrir nýrri stöðu í heimsmálunum.
- Áætlunin leggur áherslu á:
- Miðlun reynslu, miðlun þekkingar, rannsóknir, eflingu samkeppnishæfni og loks samstarf milli svæða. Starfsáætlun 2005–2008 leggur áherslu á samstarf yfir landamæri. Þar er m.a. ákveðið að hafa frumkvæði að því að formfest verði samstarf norrænulandanna við nágrannalönd svo sem Írland, Skotland og Eistland, Lettland og Litháen („Norden Pluss"). Er markmiðið m.a. að norrænum sjónarmiðum verði betur haldið á lofti í stækkuðu Evrópusambandi.
- Samstarf um INTERREG áætlanir.

Nordregio.

Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 upp úr eldra norrænu samstarfi á sviðinu. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur. Í lok ársins störfuðu 28 starfsmenn hjá stofnuninni.

Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þá hefur einnig átt sér stað innan stjórnar umræða um auknar áherslur á Vestur-Norðurlönd.

Heildarvelta Nordregio á árinu var alls 30,5 millj. s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu löndunum fimm, en að auki áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Græn-

landi, auk fulltrúa starfsfólks. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu landanna og tveir frá sjálfsstjórnarsvæðunum.

Fræðslustarfsemi, námskeið og ráðstefnur. Nordregio stundar umfangsmiklar rannsóknir á sínu sérsviði, fræðslustarf í formi námskeiða og skóla og rekur m.a. skólann „URSA - Urban and Regional Studies Academy", en hann stendur fyrir sérhæfðum námskeiðum fyrir fagfólk. Aðsókn í þennan skóla hefur verið talsvert undir væntingum og var ákveðið á árinu að breikka starfsemina og breyta nafni hennar í „Nordregio Academy".

Á árinu hélt stofnunin alls 26 námskeið og ráðstefnur og voru þátttakendur í þeim alls 1122.

Útgáfustarfsemi. Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio" og kemur það út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se).

Í rafræna fréttabréfinu „Bifröst" sem er dreift reglulega gefst áskrifendum kostur á að fylgjast náið með starfsemi Nordregio.

„European Journal of Spatial Development" er einnig vefrit sem dreift er ókeypis og má sækja það á vefsíðu Nordregio. Markmiðið er að halda úti tímariti sem er vísindalegt framlag til umræðu um skipulagsmál og svæðaþróun. Á árinu voru birtar níu fræðigreinar í ritinu.

Rannsóknir. Rannsóknaráætlun norrænu embættismannanefndarinnar um byggðamál, „Future challenges and institutional preconditions for regional development policy", styrkti á árinu tvö verkefni með þátttöku Íslendinga. Annað er með þátttöku Íslendinga, Færeyinga og Álandseyinga um hlutverk og framtíð lítilla sveitarfélaga í byggðaþróun framtíðarinnar. Ber það nafnið „Future Challenges to Small Municipalities. The cases of Iceland, Faroe Islands and Åland Islands". Hitt ber nafnið „Innovations in the Nordic Periphery". Báðum verkefnum eru gerð skil í útgefnum skýrslum sem komu út sl. haust.

Stjórn Nordregio styrkti á árinu rannsóknarverkefnið „Local Strategies for Earning a Living in the Nordic Countries – Challenges to insular employment systems". Þátttakendur eru frá öllum norrænu löndunum og meðal þeirra sem hlutu styrk var Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Verklok eru áætluð vorið 2005.

Nordregio gaf út sextán skýrslur á árinu, þar af tvær í rafrænu formi.

Ráðgjöf. Ráðgjafarstarfsemi er hluti þess sem stofnunin fæst við og hér má nefna framlag stofnunarinnar við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd heimsóknar fulltrúa úr „Verkefnisstjórn um byggðaáætlun Eyjafjarðar" til finnsku borgarinnar Oulu haustið 2003. Í kjölfarið hefur vaxtarsamningurinn í Oulu orðið fyrirmynd þess vaxtarsamnings um byggðaáætlun við Eyjafjörð sem undirritaður var sl. sumar.

Stefnumótun til framtíðar. Í september 2003 kom út stefnumótun og starfsáætlun Nordregio fyrir árin 2004–2006 og er hana að finna á vefsíðu stofnunarinnar www.nordregio.se. Þar kemur m.a. fram að stofnunin sjái sig sem samnorræna og alþjóðlega viðbót við þá rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði byggða- og skipulagsmála sem fyrir er í hverju norrænu landanna. Þá er lögð áhersla á áframhaldandi hlutverk stofnunarinnar við að byggja upp og viðhalda netum og tengslum innan fagsviðsins og sem vettvangs þar sem fræðimenn og starfsmenn úr stjórnsýslu geta náð saman. Faglega er lögð áhersla á að skoða verði allar hliðar sjálfbærrar byggðaþróunar í samhengi; þ.e. efnahagsþróun, jafnvægi í byggðum og þróun náttúrulegs umhverfis og menningarumhverfis.

12. Samgöngumál

Norrænt samstarf um samgöngumál fer að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Samgönguráðherrar Norðurlanda (MR-T) héldu einn fund á árinu en þrír fundir voru haldnir í embættismannanefndinni.

Formennskuáætlun Íslands varðandi samgöngumál.

Á vegum samgönguráðherra Íslands, Sturlu Böðvarssonar, var gefin út formennskuáætlun Íslands á sviði samgöngumála, „Nordens ressourcer – trafik, turisme og telekommunikation, Islands formandskabsprogram i nordisk samarbejde 2004". Samgönguráðuneytið gerir því í fyrsta sinn grein fyrir áherslumálum sínum sem formennskuland í norrænu samstarfi í sérstakri útgáfu.

Helstu áherslumálin voru:

- Flugsamgöngur og aðrar samgöngur á Vestur-Norðurlöndum.
- Umferðaröryggismál.
- Notkun upplýsingatækni í samgöngum.
- Ferðamál.
- Siglingar og öryggi sjófarenda.

Ráðherrafundur.

Sumarfundur samgönguráðherra Norðurlanda var haldinn á Egilsstöðum í ágúst sl. Helstu mál voru:

a) *Fjárfestingar í samgöngukerfinu.*
Samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarsson, gerði í stuttu máli grein fyrir framkvæmdum á Austurlandi, m.a. hinum miklu framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun. Sagði hann að til þess að íslenska þjóðin gæti nýtt auðlindir sínar þyrfti hún á vel skipulögðu samgöngukerfi að halda. Á síðasta ári samþykkti Alþingi samræmda samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og væri markvisst unnið samkvæmt henni við framkvæmdir á vegum, höfnum og flugvöllum. Lögð verður fyrir Alþingi tillaga að endurskoðaðri fjögurra ára samgönguáætlun. Að þessu verki koma margir aðilar, en starfið er unnið af samgönguráði þar sem eiga sæti forstjórar framkvæmdastofnana ráðuneytisins. Við gerð þessara áætlana er lögð áhersla á opin skoðanaskipti þeirra aðila sem hlut eiga að máli og hagsmuna hafa að gæta.

Samgönguráðherra Noregs greindi frá nýrri norskri samgönguáætlun til tíu ára sem lögð hefur verið fyrir norska stórþingið. Hann greindi enn fremur frá ýmsum aðferðum við fjármögnun framkvæmda í samgöngum og einnig frá tilraunaverkefnum sem fjármögnuð eru sem einkaframkvæmd (Public-Private-Partnership).

Fulltrúi Finnlands greindi frá því að sl. tíu ár hefðu Finnar fjárfest í samræmi við samgönguáætlun. Enn fremur sagði hann frá vegagerð milli Helsingfors og Lahti sem fjármögnuð var sem einkaframkvæmd. Fleiri stórframkvæmdir í samgöngugeiranum væru á döfinni, m.a. hraðlest til Pétursborgar í Rússlandi.

Samgönguráðherra Álandseyja sagði að á hverju ári væru samþykktar framkvæmdir í samræmi við tíu ára áætlun.

Samgönguráðherra Svíþjóðar gat þess að Svíar hefðu samþykkt nýja samgönguáætlun með markmiðstengdum framkvæmdum. Framvegis verði ekki hafnar framkvæmdir nema þær fullnægi sex fyrirfram gerðum deildarmarkmiðum. Einnig að á næsta

áætlunartímabili væri áformað að stórauka fjárveitingar til framkvæmda í samgöngumálum með höfuðáherslu á framkvæmdir í járnbrautum.

Fulltrúi Færeyja greindi frá starfi nefndar sem fékk það verkefni að koma með tillögur um hvernig hagkvæmast væri að fjármagna stórframkvæmdir í samgöngumálum, en unnið er að gerð tveggja jarðganga.

Samgönguráðherra Dana sagði að danska þingið hefði í fyrsta sinn á árinu 2003 samþykkt langtímaáætlun um fjárfestingar í samgöngum. Jafnframt hefði áætlun um framkvæmdir við járnbrautir verið samþykkt til næstu tíu ára. Ráðherrann tók undir með hinum ráðherrunum um nauðsyn þess að við alla vinnu að áætlanagerð í samgöngumálum verði haft náið samstarf við hagsmunaaðila.

b) *Kynning á skýrslu um úttekt á samgöngum milli vestnorrænu landanna.*

Starfshópur á vegum samstarfsráðherra Norðurlanda lagði til í skýrslunni „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ að gerð yrði víðtæk úttekt á stöðu flug- og skipasamgangna innan vestnorræna svæðisins og milli VesturNorðurlanda og annarra landa. Samgönguráðuneytinu á Íslandi var falið að sjá um þetta verkefni fyrir Norrænu ráðherranefndina. Samið var við Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri um framkvæmdina.

Á ráðherrafundinum voru helstu niðurstöður úttektarinnar kynntar. Viðskipti eru ekki mikil á milli vestnorrænu landanna. Ástæðan er sú að þau framleiða og flytja út sams konar afurðir. Samgangur er mestur á milli Íslands og Færeyja og fer hann vaxandi. Margar hindranir eru í flugi milli Íslands og Grænlands sem hefur áhrif á framþróun í flugi milli landanna og kemur í veg fyrir lækkun fargjalda. Samkeppni ríkir í siglingum milli Íslands og Færeyja, en því er ekki svo farið milli Íslands og Grænlands þar sem skipafélag í eigu grænlensku heimastjórnarinnar hefur einkaleyfi á siglingum til og frá landinu.

c) *Umferðaröryggismál.*

Sænski samgönguráðherrann greindi frá reynslu Svía í baráttunni við umferðarslys, sem byggð er á framtíðarsýninni „engin dauðaslys í umferðinni“ (nulvision). Að hans mati væri norræn framtíðarsýn undir þessu kjörorði eðlilegt framhald af framtíðarsýn Svía. Ráðherrann upplýsti að Svíar hefðu ákveðið að setja reglur um áfengislása í bíla.

Danski samgönguráðherrann greindi frá því að umferðarhraði hafi verið hækkaður á þjóðvegum landsins en samtímis hafi verið gripið til ýmissa aðgerða í umferðaröryggismálum. Sem dæmi má nefna innleiðingu punktakerfis, tvöfaldaðar sektir við hraðakstri og aukið eftirlit lögreglu. Í kjölfarið hefur meðalhraði minnkað og dauðaslysum fækkað.

Norski samgönguráðherrann taldi mikilvægt að ræða norræna framtíðarsýn í umferðaröryggismálum og að ákjósanlegra væri að vinna að málum samkvæmt þeirri framtíðarsýn að enginn ætti að deyja í umferðarslysum á Norðurlöndum. Hún greindi frá því að Noregur hefði tekið upp punktakerfi frá byrjun ársins, sem virðist þegar hafa haft jákvæð áhrif.

Fulltrúi Finnlands greindi frá nýrri umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var í kjölfar umferðarslyss fyrr á þessu ári þegar 23 létu lífið.

Ráðherrar allra landanna voru jákvæðir gangvart framtíðarsýn Svía, „engin dauðaslys í umferðinni“ og samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarsson, lýsti eftir skýrslu um stöðu þessara mála.

d) *Kynning á skýrslunni „Greenhouse gas emissions from international aviation – Nordic perspectives“.*
Fulltrúi starfshóps um sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum kynnti nýja skýrslu um ofangreint efni.

e) *EES- og ESB-mál.*
Ráðherrarnir greindu frá EES- og ESB-málum sem efst eru á baugi, en þau eru m.a.:
- járnbrautarsamgöngur, þriðji pakki,
- Eurovignet-tilskipunin, sem fjallar m.a. um vegtolla,
- loftferðasamningar við Bandaríki Norður-Ameríku og aðkoma Íslands og Noregs að þeim viðræðum.

f) *Önnur mál.*
Sænski samgönguráðherrann lagði til að ráðherrar ESB-aðildarlandanna hittust á samráðsfundi fyrir sameiginlegan fund samgönguráðherra ESBlandanna til að bera saman bækur sínar. Var tekið vel í þá tillögu og mun ráðherrann boða til fyrsta fundar.

Norski samgönguráðherrann gerði að umtalsefni eftirlit landanna með flugöryggismálum og taldi þörf á að það yrði gert opinbert en þó í samræmi við sameiginlegar reglur sem löndin kæmu sér saman um. Ráðherrarnir samþykktu að skipa starfshóp háttsettra embættismanna til þess að gera tillögur um slíkar reglur og fól embættismannanefndinni um samgöngumál að setja hópnum erindisbréf.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á árinu voru umferðaröryggismál, breyting á póstþjónustu í frjálsræðisátt, frelsi í leigubílamálum, stækkun neðanjarðarjárnbrautakerfisins í Kaupmannahöfn og fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands ofarlega á blaði í Danmörku. Í Svíþjóð var það umferðaröryggismál, hlutverk samgönguáætlana í byggðastefnu stjórnvalda og fjárfestingar í járnbrautum. Í Finnlandi bar hæst breyting á stjórnskipulagi siglingastofnunar, fjölgun rússneskra skipa í olíuflutningum á Eystrasalti og hugsanlegar breytingar til aukins frelsis í leigubílamálum. Í Noregi var það frelsi í leigubílamálum, afnám einkaréttar norska póstsins og breytingar á norsku járnbrautunum í frjálsræðisátt, einkum er varðar kaup á viðhaldsþjónustu. Á Álandi bar hæst breytingar á leigubílamálum í frjálsræðisátt.

Ísland gerði grein fyrir nýjum hafnalögum, áherslum í umferðaröryggismálum og ferðamálum.

Störf vinnuhópa.

Embættismannanefndin ræddi á fundum sínum áherslubreytingar í starfi vinnuhópanna. Var um það rætt að tengja starfsemina meira fyrirfram ákveðnum forgangsmálum. Í því sambandi var tekinn saman verkefnalisti með tíu forgangsmálum. Embættismannanefndin mun á fundum sínum á næsta ári fjalla enn frekar um þessar áherslubreytingar í starfi vinnuhópanna. Á árinu störfuðu vinnuhóparnir að eftirtöldum verkefnum:

a) *Umferðaröryggismál á Norðurlöndum.*
Markmið þessa verkefnis er að löndin skiptist á upplýsingum um umferðaröryggismál, m.a. til að læra af reynslu hvert annars og til að koma í veg fyrir tvíverknað. Á fundi embættismannanefndarinnar í nóvember sl. var vinnutilhögun starfshópsins fyrir árið 2005 samþykkt.

b) *Upplýsingatækni í samgöngumálum.*
Samþykkt var í samræmi við breyttar áherslur í starfi vinnuhópanna að starfshópurinn um upplýsingatækni í samgöngumálum tæki upp samstarf við aðra vinnuhópa um verk-

efni á sviði umferðaröryggismála og sjálfbærra samgangna. Af verkefnum starfshópsins á árinu má m.a. nefna að hann stóð fyrir ráðstefnu í Ósló í lok ársins um persónuvernd og neytendavernd í samgöngum.

c) *Sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum.*
Þetta verkefni er eitt af forgangsverkefnum embættismannanefndarinnar. Á fundi sínum í nóvember samþykkti nefndin tillögur starfshópsins um verkefnaáætlun fyrir árið 2005.

d) *Samstarfið á Eystrasaltssvæðinu.*
Ætlunin er að starfið í þessum vinnuhóp verði aukið á næsta ári. Meðal verkefna í upphafi næsta árs er þátttaka í fundi með nefnd um samgöngumál á Eystrasaltssvæðinu (CBSS) um fyrirkomulag samstarfs aðila.

Formennskuáætlun Danmerkur 2005.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Það getur farið fram innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál og upplýsingatækni í samgöngum.

Danmörk kynnti á fundi embættismannanefndarinnar um samgöngumál í nóvember formennskuáætlun sína fyrir árið 2005. Í henni er lögð áhersla á eftirfarandi málefni, auk þeirra viðfangsefna sem norrænu samgönguráð herrarnir og embættismannanefndin hafa unnið að á undanförnum árum:

a) Umferðaröryggismál.
b) Samgöngur í þéttbýli.
c) Öryggi í samgöngum (Security).
d) Samstarf við Eystrasaltsríkin um samgöngumál.
e) Umhverfismál og sjálfbærar samgöngur.

13. Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli

Starfsemin innan ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli (MR-FJSL) var umfangsmikil á formennskuári Íslands. Megin einkunnarorð formennskuáætlunarinnar, „Auðlindir Norðurlanda“, féllu einkar vel að heildar áherslum í starfseminni innan þessarar sameinuðu ráðherranefndar og gáfu sjávarútvegsráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið út sameiginlega formennskuáætlun sem kynnt var og framfylgt innan embættismannanefndanna þriggja sem starfa innan ráðherranefndarinnar, þ.e. embættismannanefnd um sjávarútveg (NEF), embættismannanefnd um landbúnað og skógrækt (NEJS) og embættismannanefnd um matvæli (EK-Livs).

Í formennskuáætluninni segir m.a. í inngangi:

„Matarkistur lands og sjávar eru gjöfular en um leið viðkvæmar náttúruauðlindir sem umgangast ber með sérstakri gát. Því þarf, auk þess að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra, að stemma stigu við hvers konar mengun og efla hreinlæti við úrvinnslu og eftirlit með matvælum. Með vísan til þessa mun megin áherslan í starfi Íslendinga innan ráðherranefndarinnar um fiskveiðar, landbúnað og skógrækt og matvæli á formennskuárinu verða á *örugg matvæli og sjálfbæra nýtingu auðlinda lands og sjávar.*“

Á árinu var undir íslenskri formennsku gengið frá samningu fyrstu heildarverkáætlunarinnar innan hinnar sameinuðu ráðherranefndar (Handlingsprogram för nordiskt fiske-, jord- och skogsbruks- och livsmedelssamarbete 2005–2008 – *Et nordisk løft for verdiskapning og*

livskvalitet). Hlaut hún formlegt samþykki á öllum stigum á árinu og er þar með gengin í gildi. Á árinu 2005 verður fram haldið starfi að endurskipulagningu hinnar sameinuðu ráðherranefndar. Skipulagshópur á vegum svokallaðs samræmingarhóps (KG), sem er samræmingarhópur á milli embættismannanefndanna þriggja, hóf störf undir danskri formennsku en markmið skipulagshópsins er að huga að breytingum á uppbyggingu og skipulagi stjórnunar og stofnana ráðherranefndarinnar (Arbetsgrupp – utveckling av organistorisk struktur i MR-FJSL). Skipulagshópnum er ætlað að skila tillögum fyrir fund samræmingarhópsins í apríl 2005 sem síðan mun beina málinu til sumarfundar ráðherranefndarinnar 2005.

Á árinu var lokið fleiri stefnumótunarverkefnum, sem mjög tengjast sameinuðu ráðherranefndinni, sem þó geta stjórnskipulega heyrt undir aðrar ráðherranefndir, svo sem framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun 2005–2008 (Hållbar utveckling – En ny kurs för Norden. Reviderad utgåva med mål och insatser 2005–2008) sem heyrir undir samstarfsráðherra Norðurlanda. Starfið í nefnd þeirri sem með þau mál fór hófst undir sænskri formennsku árið 2003.

Árlegur sumarfundur ráðherra innan ráðherranefndarinnar (MR-FJSL) var haldinn á Akureyri í ágúst sl. Í tengslum við hann var haldinn fundur hinna ýmsu samtaka innan þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir hvaðanæva að á Norðurlöndum (NKO-fundur) með þátttöku ráðherranna. Einnig voru haldnir fundir í embættismannanefndunum og samræmingarhópnum (KG) í tengslum við ráðherrafundinn. Fitjað var upp á þeirri nýbreytni á NKO-fundinum að efna til málstofa með þátttöku ráðherra um hvert sérsvið innan ráðherranefndarinnar. Með því sniði er mögulegt að fjalla sérhæft um úrlausnarefnin sem hinar ýmsu greinar innan ráðherranefndarinnar standa frammi fyrir, en sú var ekki raunin á sameiginlegum NKO-fundum innan ráðherranefndarinnar. Inntak NKO-fundarins var annars vegar stefnumótunin um sjálfbæra þróun og hins vegar umfjöllun um samspil næringar og lýðheilsu.

Á ráðherrafundinum var hin nýja heildarverkáætlun ráðherranefndarinnar samþykkt, svo og sambærileg áætlun fyrir starfsemi um verndun og nýtingu erfðaauðlinda, þar sem erfðaauðlindir í hafi falla nú undir stefnumörkunina í fyrsta sinn. Báðar þessar samþykktir voru eðli málsins samkvæmt gerðar með tilliti til endanlegs samþykkis þeirra á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi síðar á árinu og gekk það eftir. Í sambandi við fjármögnun og stjórnmálaleg áhersluatriði veitti ráðherrafundurinn samræmingarhópnum (KG) samþykki sitt fyrir ákveðnum aðgerðum til stuðnings Norræna genabankanum og að fyrrnefndur skipulagshópur yrði settur á laggirnar. Fyrir fundinum lá ítarleg stefnumótun um rannsóknir og menntun (FoU). Hún var ekki samþykkt en fundurinn féllst á málsmeðferðartillögu samræmingarhópsins sem fólst í að áfram yrði unnið að málinu í tengslum við aðra skipulagsvinnu innan ráðherranefndarinnar og yrðu tillögur lagðar fyrir sumarfund ráðherranefndarinnar 2005. Jafnframt samþykkti fundurinn að rannsóknir í skógrækt og matvælamálum yrðu settar í forgang sem síðan gæti orðið fyrirmynd að frekari útfærslu rannsókna innan annarra málaflokka ráðherranefndarinnar. Loks sendi fundurinn frá sér þrjár álitsgerðir, þ.e. *Akureyrar-ályktanir* um (1) sjálfbærar fiskveiðar, (2) matvælamál og (3) framtíðarhlutverk landbúnaðarins, með áherslu á mikilvægi þess að varðveita menningarlandslagið.

Sjávarútvegs- og umhverfisráðuneyti stóðu að ráðstefnu um stefnumótun í málefnum hafsins (Ocean Strategies – Integrated Management of the Marine Environment) sem haldin var í Reykjavík í júní sl.

Umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti stóðu í sameiningu að norrænni ráðstefnu um öryggi og heilnæmi matvæla (Safe and Wholesome Food – Nordic reflections) sem fram fór í Reykjavík í október sl. á vegum ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli (MR-FJSL).

Sjávarútvegsmál.

Í kaflanum um sjávarútveg í formennskuáætluninni var áhersla lögð á mikilvægi fiskveiðiauðlindarinnar fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Þar segir m.a.:

„Til að auðnist að hafa um alla framtíð hámarksafrakstur af auðlindum hafsins þarf að tryggja hagkvæma og sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindanna, sporna gegn mengun hafsins og halda á lofti hollustu og heilnæmi sjávarafurða. Íslendingar munu þannig á formennskuárinu beita sér fyrir aðgerðum til að tryggja heilnæmi sjávarafurða og miðla upplýsingum um slíkt til neytenda."

Síðan var tekið fram að Íslendingar myndu fylgja eftir áherslu Svía, sem voru í formennsku árið 2003 og settu á oddinn baráttu gegn mengun í sjávarfangi af völdum PCB og annarra þrávirkra efna.

Loks segir:

„Íslendingar setja nú á oddinn að samræma upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og merkingu og rekjanleika sjávarafurða. Upplýsingarnar mætti varðveita í samræmdum gagnabanka þar sem leita mætti gagna um einkenni ólíkra hafsvæða og tegunda. Slíkt verkefni kallar á mikla vinnu og samstarf innanlands og utan. Íslendingar horfa til þessa verkefnis sem höfuðviðfangsefnis síns á sviði sjávarútvegsins á formennskuárinu og munu nota það til að ýta þessu stóra verkefni myndarlega úr vör."

Akureyrarályktunin um sjávarútvegsmál fjallaði um sjálfbærar fiskveiðar með áherslu á baráttu gegn brottkasti og stuðning við samnorrænt starf sem miðar að því að vinna merkingu fisks og fiskafurða með tilliti til sjálfbærrar nýtingar (umhverfismerkingu) brautargengi. Þessi málefni höfum við Íslendingar sett á oddinn og veitum m.a. forystu norrænum vinnuhópi um umhverfismerkingar.

Embættismannanefndin um sjávarútveg kom saman til þriggja reglulegra funda á árinu, í mars, ágúst og desember. Auk þess var haldin ráðstefna í október í Álasundi í Noregi, með breiðri þátttöku fulltrúa úr sjávarútvegssamstarfinu, þ.e. embættismannanefndarinnar um sjávarútvegsmál (NEF), norræns vinnuhóps um sjávarútvegsrannsóknir (NAF) sem í sitja fulltrúar rannsóknastofnana, samstarfsnefndar umhverfis- og sjávarútvegsmála (MiFi) og samráðsvettvangsins NKO. Þar var unnið að mótun starfsáætlunar á sviði sjávarútvegsmála næstu árin í samræmi við heildarstarfsáætlun ráðherranefndarinnar. Starfsáætluninni var síðan lokið í öllum meginatriðum á desemberfundi embættismannanefndarinnar en hann sátu m.a. fulltrúar formennskunnar í vinnuhópnum um sjávarútvegsrannsóknir og samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála. Fyrsti fundur embættismannanefndar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um sjávarútvegsmál (CSO-NB8-Fisheries) var haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í nóvember sl. en áður var haldinn allviðamikill undirbúningsfundur allra sérsviða ráðherranefndarinnar í Riga í Lettlandi í lok september.

Á árinu var samþykkt að styrkja í tvö ár verkefni sem unnið er að undir íslenskri forystu og miðar að því að samræma upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og merkingu og rekjanleika sjávarafurða en þetta verkefni var einmitt megin áhersluatriði formennskuáætlunar Íslands innan sjávarútvegssamstarfsins. Einnig fékkst framlag til þessa verkefnis af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar. Embættismannanefndin styrkti tvær norrænar ráðstefnur sem haldnar voru hér á landi í tengslum við formennskuárið.

Tilmæli bárust til ráðherranefndarinnar um sjávarútvegsmál frá Norðurlandaráði um að haldin verði ráðstefna um framtíð strandveiða á Norðurlöndum. Embættismannanefndin um sjávarútvegsmál hefur þegar samþykkt að styrkja slíka ráðstefnu sem haldin verður í byrjun maí nk. í Danmörku.

Samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála (MiFi) og norræni vinnuhópurinn um sjávarútvegsrannsóknir (NAF) komu að stefnumótun, eins og áður var getið, en að öðru leyti var starf þeirra með reglubundnum hætti á árinu. Samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála kom auk þess að mótun framkvæmdaáætlunar fyrir umhverfissamstarfið fyrir árin 2005–2008 (Miljøhandlingsprogram 2005–2008). Innan sjávarútvegssamstarfsins hafa samnorrænar rannsóknir verið efldar í samstarfi við rannsókna- og menntunarsvið norræns samstarfs (nánar tiltekið við Norrænu stofnunina um vísindamenntun (NorFa), nú Nordforsk) með stofnun „Nordic Marine Academy".

Landbúnaður og skógrækt.

Á árinu var af hálfu embættismannanefndarinnar fyrir landbúnað og skógrækt lögð áhersla á áframhald verkefna sem lúta að varðveislu og kynbótum á hefðbundnum erfðaauðlindum í búfé og nytjaplöntum, auk þeirra tækifæra sem felast í nýtingu villtra lífvera. Í varðveislustarfinu var áhersla lögð á rannsóknir á eiginleikum gamalla búfjárstofna til þess að kanna hvort hagnýting þeirra í nútímanum geti skapað sérstöðu þegar mæta þarf þeim breytingum sem leiða af aukinni alþjóðavæðingu í verslun með landbúnaðarafurðir. Þemaverkefni Íslands innan landbúnaðarins á formennskuárinu var „SKÓGLÍF áhrif nýskógræktar á vistkerfi, félagslegt umhverfi, mannlíf og byggð". Þetta eru þættir sem eru Íslendingum mjög hugleiknir samfara því átaki sem hafið er í ræktun skóga hér á landi. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem nýtur fjárstuðnings úr norrænum sjóðum. Þá var ákveðið á formennskuárinu að leitast við að efla umræðu um málefni skógarins á norrænum vettvangi. Það var gert m.a. með því að taka þau málefni til umræðu í málstofu á sumarfundi norrænu ráðherranna um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli á Akureyri í ágúst, þar sem fram fór lífleg umræða og skoðanaskipti um stöðu skógbúskaparins, nýja möguleika til tekjuöflunar og áhrif loftslagsbreytinga á skógana. Ráðherrafundurinn ákvað að efnt skuli til norrænnar ráðstefnu um málefni skógbúskaparins á árinu 2005. Samhliða þessu verkefni var fylgt eftir þemaverkefnum Norðmanna á formennskuári þeirra árið 2002 um varðveislu menningarlandslags og Svía á formennskuári þeirra árið 2003 um hið nýja hlutverk bóndans. Á ráðherrafundinum var ákveðið að setja á fót starfshóp sem hefði það hutverk að efla norrænt samstarf á þessu sviði. Á ráðherrafundinum var einnig samþykkt nýendurskoðuð áætlun um varðveislu erfðaauðlinda. Þá var einnig í tengslum við sumarfund ráðherranna haldin ráðstefna á vegum norrænu erfðanefndarinnar (genressursrådet) og fleiri aðila undir yfirskriftinni „Nordisk landbruk i post-genom tid – Genetikkens betydning for landbrukets utvikling".

Samstarf við Eystrasaltsríkin. Í samræmi við Kaupmannahafnaryfirlýsingu um sjálfbæra þróun dreifbýlis, sem samþykkt var í desember 2000, hefur verið unnið að auknu samstarfi milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði skógræktar og landbúnaðar, með áherslu á að efla stofnanir og stjórnsýslu á því sviði. Ákveðið var að samvinna á þessum vettvangi næði einnig til sjálfstjórnarsvæðanna, Álandseyja, Færeyja og Grænlands, svo og til Norðvestur-Rússlands, þ.e. héraðanna sem liggja austan landamæra Finnlands og Noregs. Ekki hefur tekist að finna samstarfsaðila í Rússlandi. Sérstök samráðsnefnd (Consultation Committee), hefur unnið að þróun þessa samstarfs. Starf nefndarinnar hefur fyrst og fremst beinst að því að finna þessu samstarfi farveg og er niðurstaðan sú að halda eigi því sem mest innan verkefnis Norrænu ráðherranefndarinnar um öryggi matvæla í stað þess að dreifa kröftunum of víða. Á fundi matvælaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í 2003 í Tallinn í Eistlandi lýstu ráðherrarnir vilja sínum til að halda áfram að þróa samstarf milli landanna á grundvelli þess starfs sem unnið var innan samráðsnefndarinnar. Var embættismannanefndunum fyrir landbúnað og skógrækt, fiskveiðar og matvæli falið að þróa þetta samstarf

áfram í samvinnu við aðila frá Eystrasaltsríkjunum. Samráðsnefndin undirbjó breytt fyrirkomulag samstarfsins. Til undirbúnings breyttu fyrirkomulagi var í byrjun október haldið kynningarnámskeið í Riga í Lettlandi þar sem embættismönnum frá Eystrasaltsríkjunum voru kynntir starfshættir innan norræna samstarfsins og mögulegir samstarfsfletir ræddir. Fyrstu fundir embættismannanefndanna þriggja með fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum voru síðan haldnir í byrjun nóvember í Stokkhólmi. Þá var einnig haldinn fyrsti fundur samræmingarhópsins (KG) með fulltrúum Eystrasaltsríkjanna.

Matvælamál.

Embættismannanefndin um matvælamál og fastanefndir á hennar vegum, sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL) og manneldi (NKE), hefur á árinu sett heilsu neytenda í öndvegi með því að leggja áherslu á að:

- tryggja neytendum örugg matvæli,
- verja neytendur fyrir villandi upplýsingum um matvæli,
- fræða neytendur um heilnæmi matvæla.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda embættismannanefndarinnar um matvæli svo og undirnefnda þar sem unnið er að afmörkuðum verkefnum á sviði matvælaöryggis, matvælaeftirlits og neytendaverndar. Norrænt samstarf á matvælasviði hefur mótast af endurskoðun á matvælalöggjöf ESB sem staðið hefur yfir undanfarin misseri. Unnið hefur verið að því að samstilla breytta framkvæmd og túlkun matvælalöggjafarinnar á Norðurlöndum og koma fram með samræmdar norrænar útfærslur og innlegg inn í umræðuna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Afrakstur þessara verkefna eru tengiliðanet sérfræðinga, ýmsar útgáfur, ráðstefnur o.fl.

Á NKO-fundinum á Akureyri var haldin málstofa um sambandið milli mataræðis, hreyfingar og heilsu. Þátttakendur voru alls staðar að á Norðurlöndum og endurspeglaði málstofan þá áherslu sem fram kemur í Akureyrarályktuninni um matvæli sem samþykkt var á ráðherrafundinum. Við sama tækifæri var haldin ráðstefna (visionsseminar) um fyrirkomulag norrænnar samvinnu á þessu sviði, sérstaklega í tengslum við verkefni og vinnulag þeirra vinnunefnda sem starfa undir embættismannanefndinni um matvælamál. Ráðstefnan var fjölsótt og er ætlunin að vinna frekar úr afrakstri hennar.

Ýmsir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru skipulögð á Íslandi í tengslum við formennskuárið og má þar nefna:

- alþjóðlega ráðstefnu um heilnæmi og öryggi matvæla, sjá framar,
- samráðsfund um fæðubótarefni þar sem aðilar frá matvælastofnunum og lyfjastofnunum í öllum norrænu löndunum hittust til að bera saman bækur sínar og ræða „grá svæði" milli fæðubótarefna og lyfjavirkra efna,
- fundi í embættismannanefndinni um matvælamál, fastanefndunum um matvælaeftirlit og matvælalöggjöf o.fl.

Ráðstefnan og samráðsfundurinn voru í samræmi við þær áherslur sem Ísland lagði í formennskuáætlun sinni í norrænni samvinnu á þessu sviði.

Þá hefur verið unnið að undirbúningi þriðju norrænu ráðstefnunnar um matvælaeftirlit sem haldin verður í Reykjavík í janúar 2005.

Auk þessa tók Ísland þátt í fjölda verkefna og funda á vegum embættismannanefndarinnar og eru þessir helstir:

- Umbúðir matvæla – tengslanet.
- Merkingar matvæla – tengslanet.

- Varnarefnaeftirlit (NNK).
- Kjöteftirlit (NNK).
- Dioxín.
- Bragðefni (NNT).
- Norræn eftirlitsráðstefna um matvælaeftirlit framtíðarinnar.
- Sérfæði – tengslanet.
- Sýklar sem berast milli dýra og manna (NNM).
- Vöktun þols gegn sýklalyfjum hjá bacterium (NNM).
- Norræna matvælarannsóknanefndin (EK-Livs).
- NordVal (sjálfstætt).
- Norræn samanburðarprófun (sjálfstætt).

Ísland hefur einnig tekið þátt í samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna varðandi eftirlit með matvælum (NordicBaltic Group on Food Control). Sama er að segja um samstarfið um matvælaeftirlit á Vestur-Norðurlöndum (Vest-Nordisk forum i næringsmiddeltilsyn). Ísland hefur verið virkur þátttakandi þar um árabil en áherslan er lögð á að kynna stjórnsýslu, lagaumhverfi og framkvæmd matvælamála með sérhagsmuni svæðisins að leiðarljósi.

14. Vinnumál og vinnuverndarmál.

Undir yfirskriftinni „Auðlindir Norðurlanda“ var á sviði vinnumála og vinnuverndarmála lögð áhersla á nýtingu þeirrar auðlegðar sem felst í sjálfu fólkinu, hæfileikum þess og getu til verðmætasköpunar, sem er grundvöllur sjálfbærrar þróunar á sviði vinnumála og vinnuverndarmála. Á þeim grunni hvílir þjóðfélag samstöðu og samhjálpar sem ríkir á Norðurlöndum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum norræna samstarfsins á sviði vinnumála og aðbúnaðar og hollustu á vinnustöðum.

Ráðherrafundur.

Norræna ráðherranefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) hélt einn fund á árinu og var hann haldinn á Egilsstöðum í september. Fyrir fundinum lá tillaga að nýrri áætlun um samstarf á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála á árunum 2005–2008, sem unnin var undir formennsku Íslands. Þótt áfram sé fylgt helstu markmiðum fyrri áætlana, t.d. um fulla atvinnu, er um að ræða breyttar áherslur sem draga dám af þróuninni. Benda má á þau áhrif sem hlutfallsleg fjölgun eldri íbúa á Norðurlöndum hefur á framtíð velferðarkerfisins og framvinduna á vinnumarkaðnum. Í nýju áætluninni er fjallað um fjölgun aðildarríkja ESB og því slegið föstu að stækkun evrópska vinnumarkaðarins verði eitt af meginviðfangsefnunum í norrænni stjórnmálaumræðu næstu árin. Alþjóðavæðingin hafi aukið þátttöku norrænu landanna í alþjóðasamstarfi. Samræmdur undirbúningur, hvort sem hann sé formlegur eða óformlegur, styrki stöðu norrænu ríkjanna til að hafa áhrif á gang mála á alþjóðavísu. Í áætluninni eru dregin fram nánar skilgreind viðfangsefni sem henta sameiginlegu norrænu átaki eða rannsóknum. Nefna má fjarvistir vegna veikinda, starfsmannaleigur, launajöfnuð karla og kvenna og leiðir til að bæta andlegt, líkamlegt og félagslegt starfsumhverfi á vinnustaðnum.

Á fundi ráðherranefndarinnar var gefin skýrsla um þau áhrif sem stækkun ESB hafði haft á stöðuna á vinnumarkaði á Norðurlöndum. Fram kom að þessi áhrif voru hverfandi á því tímabili sem skýrslan tók til. Meirihluti ríkjanna setti reglur til bráðabirgða um flutning fólks í atvinnuskyni frá nýjum aðildarríkjum ESB. Lýst var áhyggjum af starfsemi erlendra fyrir-

tækja á Norðurlöndum sem geta á löglegan hátt flutt inn starfsmenn sem vinna á öðrum og lakari kjörum en heimamenn.

Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, hefur á annað ár unnið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að því að leita leiða til að auðvelda fólki að flytjast á milli norrænu landanna án þess að glata ýmsum félagslegum réttindum. Í formennskutíð Íslands í ráðherranefndinni var unnið frekar að nokkrum afmörkuðum þáttum. Hafin var endurskoðun samningsins um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda frá árinu 1982. Markmiðið er að nýr samningur verði tilbúinn til undirritunar á árinu 2005. Vinnuhópi var falið að kanna kosti þess að koma á rafrænni norrænni vinnumiðlun, kannað var hvort hægt væri að samhæfa norrænu atvinnuleysistryggingakerfin og gerð var úttekt á störfum eða embættum þar sem ríkisborgararéttur er gerður að skilyrði fyrir ráðningu eða skipun. Á ráðherrafundinum var flutt skýrsla Pouls Schlüter um árangur af framangreindu. Í ljós kom að bótakerfi atvinnuleysistrygginga eru ólík frá einu landi til annars og samhæfing því ekki að sinni fýsilegur kostur. Aðrar niðurstöður voru jákvæðar og verður áfram unnið að umbótum á þeim sviðum.

Embættismannanefndin.

Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A) hélt tvo fundi á árinu.

Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík í apríl sl. Á fundinum var farið yfir formennskuáætlun Íslands að því er varðar vinnumarkaðs- og vinnuverndarmál. Fram kom að af hálfu Íslands yrði lögð áhersla á fylgja eftir starfi Pouls Schlüter til að ryðja úr vegi hindrunum sem standa í vegi fyrir frjálsum búferlaflutningi á milli norrænu landanna. Stofnað yrði til norræns samstarfsverkefnis um leiðir til að eyða mun á launum karla og kvenna, fram færi samanburðarrannsókn á reglum um fæðingarorlof, könnuð yrði staða eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum og skapaðar aðstæður til að skiptast á reynslu af starfsemi vinnumiðlunar á svæðum með einhæft atvinnulíf. Stórum hluta fundarins var varið í miðlun upplýsinga um viðbrögð landanna við fjölgun aðildarríkja ESB og þar með að EES-samningnum. Einkum var rætt um áhrif stækkunarinnar á framvinduna á vinnumarkaðnum. Fundurinn fjallaði um drög að nýrri norrænni samstarfsáætlun á sviði vinnumála og vinnuverndarmála fyrir árin 2005–2008. Rætt var um undirbúning fyrir fund norrænu vinnumálaráðherranna á Íslandi. Kannað var hvort grundvöllur væri fyrir því að taka upp að nýju samráðsfundi ráðherranefndarinnar og fulltrúa norrænna samtaka aðila vinnumarkaðarins en í ljós kom að samtök norrænna atvinnurekenda höfðu ekki áhuga á að endurvekja samráðsfundina. Embættismannanefndin fjallaði um umsóknir um styrki til norrænna rannsókna og samstarfsverkefna. Samþykkt var á árinu að veita styrk til jafns á móti norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál til verkefnis um launajafnrétti kvenna og karla. Ákveðið var að styrkja ráðstefnu sem embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S) styður einnig. Ráðstefnan fjallar um fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir fatlaða og verður haldin á Íslandi á fyrri hluta árs 2005.

Seinni fundur embættismannanefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál var haldinn í Stokkhólmi í ágúst sl. Auk hefðbundinnar skýrslugjafar um framvinduna á sviði vinnumarkaðsmála og aðbúnaðar og hollustu á vinnustöðum í löndunum var aðallega rætt um skýrslu sérfræðinga um kosti við að koma á rafrænni vinnumiðlun á milli norrænu landanna. Nefndin samþykkti að halda áfram þeirri vinnu. Einnig var fjallað um undirbúning fyrir fund norrænna vinnumálaráðherra í september.

Vinnumarkaðsnefndin.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Verkefni nefndarinnar tengdust aðalmarkmiðum ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu sem nær yfir tímabilið 2001–2004, en þar er lögð áhersla á fulla atvinnu, afnám landamærahindrana og eflingu norræna velferðarkerfisins. Áhersla var lögð á þrjú höfuðsvið, óvirka fullorðna, samspil menntastefnu og vinnumarkaðsstefnu í hagkerfinu og hreyfanleika vinnuafls milli norrænu landanna og í löndunum hvoru fyrir sig.

Á vegum nefndarinnar komu á árinu út eftirfarandi skýrslur:

- Rannsókn á vinnufærni vinnuafls á vestnorræna svæðinu, með áherslu á Grænland.
- Skýrsla um vinnumarkaðinn í Eystrasaltsríkjunum og flutning fólks til Norðurlanda.
- Skýrsla um eldra fólk og stöðu þess á vinnumarkaði á Norðurlöndum.
- Frumrannsókn um hæfnismat á Norðurlöndum.
- Vinnumarkaðsþjónusta í norðurhéruðum Norðurlanda.
- Samkeppnishæfni eldra fólks á Norðurlöndum.

Styrkt var starf stýrihóps um uppbyggingu rafrænnar vinnumiðlunar á Norðurlöndum og athugun á þeim skilyrðum sem sett eru gagnvart þeim sem fara milli atvinnuleysistryggingakerfa á Norðurlöndum. Gefin var út skýrsla um samninga og þróun starfsmenntunar og starfsþjálfunar á Norðurlöndum.

Meðal nýrra verkefna sem ákveðið var að hefja, eru vandamál sem vinnumiðlanir á vestnorræna svæðinu eiga við að glíma vegna einhæfni atvinnulífs, staðbundinna sérkenna vinnumiðlana, fjarlægðar við notendur vinnumiðlunarþjónustunnar, samgangna svo og tengsl atvinnuleitenda við vinnumiðlanir á þessu svæði.

Ákveðið var að halda ráðstefnu um fjarvistir frá vinnustað vegna veikinda og reynslu norrænu landanna í þeim efnum.

Vinnumarkaðsnefndin fjármagnar norrænt atvinnuleysistryggingamót sem haldið er annað hvert ár en árið 2005 fer það fram á Íslandi.

Ákveðið var að endurskoða samninginn um norrænan vinnumarkað. Áhrif stækkunar ESB á norrænan vinnumarkað er einnig til skoðunar í norrænum vinnuhópi sem skoðar viðbrögð í norrænu löndunum vegna stækkunarinnar.

Vinnumarkaðsnefndin tók þátt í endurskoðun samstarfsáætlunar Norðurlanda á vinnumarkaðssviðinu 2005–2008.

Stýrihópur um vinnumiðlun.

Stýrihópurinn lauk starfi sínu í lok árs 2004. Markmið stýrihópsins er að leita leiða til þess að norræn vinnumiðlun verði virk m.a. með því að tengja norrænar heimasíður og nýta betur þá netþjónustu sem norrænar vinnumiðlanir bjóða upp á. Forrannsókn fór fram á hvernig megi þróa internet þjónustu norrænna vinnumiðlana með það að markmiði að auðvelda vinnumiðlun fólks yfir landamæri. Í þessu sambandi var ákveðið að líta til þróunar EURES-kerfisins á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákveðið hefur verið að leita lausna vegna hindrana á hreyfanleika vinnuafls í landamærahéruðum Norðurlanda.

Einnig er ætlunin að kanna ýmsa staðla á Norðurlöndum, m.a. starfsflokka, hæfni, menntun o.fl. Markmiðið er að samhæfa vinnubrögð svo draga megi úr hindrunum sem koma í veg fyrir hreyfanleika fólks á Norðurlöndum.

Samin hefur verið áætlun um það á hvern hátt megi ná eftirfarandi markmiðum:

1) Hvernig auðvelda megi aðgang íbúa að upplýsingum um laus störf á Norðurlöndum, með tengingum við gagnagrunna í löndunum.
2) Hvernig bæta megi aðgang atvinnurekenda að upplýsingum í „gagnagrunninum um lífs- og starfsferil“ um atvinnuleitendur á Norðurlöndum sem hafi tilskilda menntun eða þjálfun.
3) Hvernig gera megi „gagnagrunninn um lífs- og vinnuskilyrði á Norðurlöndum“ aðgengilegri.

Atvinnuskipti ungs fólks.

NORDJOBB verkefnið, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna, er með stærri norrænum samstarfsverkefnum á sviði vinnumarkaðar. Framkvæmd þess er á vegum Norrænu félaganna. Á árinu komu 73 norræn ungmenni hingað til lands til vinnu en 78 fóru héðan til starfa á Norðurlöndum.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).

Á vegum starfshópsins, sem miðlar upplýsingum á vinnumálasviði með útgáfustarfsemi, voru haldnir tveir fundir á árinu og var annar þeirra á Íslandi. Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ og eitt af „Nordic Labour Journal“. Í einu blaðanna var sérstaklega fjallað um virkjunarframkvæmdirnar á Íslandi.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að vinna að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála. Haldnir voru tveir fundir í nefndinni á árinu.

Haldið var áfram samstarfi um þátttöku í starfi evrópsku staðlastofnunarinnar (CEN) til þess að auka þar áhrif Norðurlanda. Ísland hefur umsjón með þátttöku landanna í stöðlun véla til matvælavinnslu.

Einnig var fram haldið samstarfsverkefni um markaðseftirlit með persónuhlífum og öryggisbúnaði ýmis konar.

Haldið var áfram verkefni sem hófst 2003 og miðar að því að þróa aðferð til árangursmats í vinnuverndarstarfi og til að bera saman stöðu þessara mála í löndunum. Verkefnið var kynnt á vettvangi ESB og í framhaldi af því hófu Írland, Bretland og Holland þátttöku í verkefninu.

Styrkt var ráðstefna eftirlitsstofnana á Norðurlöndum sem haldin var í Stokkhólmi, en þar var m.a. rætt hvernig eftirlitið geti stuðlað að auknu öryggi og heilsuvernd við verklegar framkvæmdir.

Samþykkt var að veita fjármunum til þess að halda á árinu 2005 fund sérfræðinga um vinnuverndarmál við verklegar framkvæmdir og fara yfir reynslu þjóðanna á því sviði. Fundurinn verður haldinn á Íslandi og er ákvörðun um hann í samræmi við formennskuáætlun Íslands.

Haldinn var samráðsfundur eftirlitsstofnana um áhrif vinnuskipulags og aukinnar tímapressu á vinnustöðum. Enn fremur var haldinn samráðsfundur sérfræðinga sem fjalla um líkamsbeitingu við vinnu.

Norræna samráðsnefndin um ESB-málefni.

Nefndin hefur það hlutverk að skiptast á sjónarmiðum varðandi þau mál á sviði vinnuverndar- og vinnumarkaðsmála sem til umfjöllunar eru á vettvangi ráðherraráðs ESB og

samræma sjónarmið norrænu landanna. Haldnir voru tveir fundir á árinu. Með þátttöku í nefndinni fá fulltrúar Noregs og Íslands greiðan aðgang að upplýsingum um þau mál sem eru á dagskrá á þessum vettvangi. Nefndin hefur reynst góður vettvangur til upplýsinga- og skoðanaskipta, en starfið hefur ekki leitt til beinnar samræmingar á afstöðu landanna. Því var ákveðið að taka umboð nefndarinnar til endurskoðunar og mun hún starfa með nokkuð breyttu sniði á árinu 2005.

Ákveðið var að bjóða Eystrasaltsríkjunum og Póllandi að taka þátt í starfinu og greiða kostnað sem því fylgir. Eystrasaltsríkin hafa þegið þetta boð og tekið virkan þátt, en Pólland ekki.

Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði.

Stjórn NIVA og norrænu nefndarinnar um rannsóknir á vinnuverndarsviði, sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, héldu í ár fundi í Ósló í mars, í Reykjavík í september í tengslum við norrænt vinnuverndarþing (NAM) og í Ósló í nóvember.

Nefndin um rannsóknir á vinnuverndarsviði úthlutar styrkjum til rannsókna á vinnuverndarsviði og til ýmissa verkefna. 50. norræna vinnuverndarþingið sem haldið var í Reykjavík í lok ágúst sl. var stærsta verkefnið sem tengist nefndinni. Flutt var erindi um norrænt samstarf um rannsóknir á sviði vinnuverndar síðustu fimmtíu árin svo og fjöldi styttri fyrirlestra. Erindin fjölluðu um sálfélagslega þætti, einelti, mengunarmælingar og sýnatöku, heilbrigði í vinnunni – heilbrigt atvinnulíf, gagnabanka á sviði vinnuverndar, faraldsfræði, ofnæmi, Evrópuverkefni á sviði vinnuverndar, eiturefnafræði, áhættugreining og kynntar voru niðurstöður á m.a. mengunarmælingum í tilteknum atvinnugreinum.

Á sameiginlegum haustfundi með norrænu samstarfsnefndinni um vinnuvernd voru rædd verkefni árins 2005. Markmiðið er að um helmingur fjárveitinga til nefndanna fari til rannsókna en sú hefur ekki verið raunin. Því var ákveðið að sérfræðinefndin um mengunarmörk efna (NEG), sem hefur tekið til sín nær þriðjung þeirra fjárveitinga sem fara til rannsókna, verði frá áramótum 2005/2006 ekki lengur styrkt af norrænum fjárlögum. Svíþjóð og Noregur munu halda áfram að styðja við bakið á þessari starfsemi, svo og hugsanlega fleiri norræn lönd.

Starf rannsóknarnefndarinnar og afrakstur af verkefnum hefur verið mikilvægt fyrir íslenskt vinnuverndarstarf og má þar nefna vinnuverndarþingið á árinu. Meðal verkefna sem Ísland tekur þátt í má nefna samstarfsverkefni um öryggismenningu á byggingarvinnustöðum og um áhrif langs og/eða óreglulegs vinnutíma á vinnutengda heilsu og félagsstöðu.

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

Á fundum stjórnar norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar var unnið að markvissum undirbúningi námskeiða (sjá heimasíðuna www.niva.org og ársskýrslu NIVA) en á árinu 2005 er gert ráð fyrir fjórtán námskeiðum. Reynt er að leggja áherslu á námskeið sem nýtast sem hluti af menntun á sviði vinnuverndar en einnig á námskeið fyrir þá sem starfa við vinnuvernd á öðrum vettvangi svo sem starfsmenn vinnueftirlita og heilsuverndarfyrirtækja. Ákveðið var að leggja meiri áherslu á styttri námskeið sem nýttust betur starfsfólki í atvinnulífinu sem vinnur að vinnuverndarmálum. Til að ná því markmiði verða námskeiðin breiðari og taka meira á verkefnum er lúta að atvinnulífi og áhrifum þess á almenna líðan og lífshlaup starfsmanna jafnframt því sem haldið verður áfram kennslu um samspil atvinnu, heilsufars og sjúkdóma. Stjórnin gerði tillögur um að framkvæmdastjórn NIVA kæmi þessu í gagnið strax á árinu 2005 með því að bjóða völdum aðilum að halda

námskeið sem uppfylla þessar kröfur. Litið er svo á að þessar breytingar munu tryggja að stofnunin uppfylli betur þær kröfur sem settar eru fram í reglum hennar.

Umræða er í nefndinni um hvernig NIVA getur stutt við vinnuverndarstarf í Eystrasaltsríkjunum og nú í norðvesturhluta Rússlands. Einnig er umræða um önnur jaðarsvæði en hún hefur ekki enn leitt til námskeiða eða formlegrar starfsemi.

15. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundir.

Árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda (MR-S) var haldinn á Egilsstöðum í ágúst sl. Ráðherrarnir fjölluðu m.a. um áfengismál á Norðurlöndum, hagnýtingu upplýsingatækni í heilbrigðis- og félagsþjónustunni, afnám landamærahindrana, gæðamál heilbrigðisþjónustunnar, framtíð samstarfs við Vestur-Rússland og Eystrasaltsríkin, og aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðra. Á fundinum afhenti Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra, Magnúsi Scheving *Norrænu lýðheilsuverðlaunin* fyrir Latabæ og framlag til bættrar lýðheilsu á Norðurlöndum. Auk þess var gerð grein fyrir megináherslum Íslands á formennskuárinu, þ.e. eflingu lýðheilsu, hagnýtingu upplýsingatækni, virkari starfsmannastefnu, samhæfðari þjónustu fyrir aldraða, nýjum leiðum í atvinnumálum aldraðra og betri þjónustu við börn með sérþarfir.

Meginþema ráðherrafundarins var *Samfélagsbreytingar á Austurlandi – heilbrigðis- og félagslegar afleiðingar.* Umræðurnar snerust aðallega um hvaða áhrif framkvæmdirnar á Austurlandi geti haft á þróun byggðarlagsins í framtíðinni. Enn fremur heimsóttu ráðherrarnir athafnasvæðið við Kárahnjúka.

Boðað var til aukafundar heilbrigðis- og félagsmálaráðherranna um áfengismál á Norðurlöndum í október sl. í Kaupmannahöfn. Í yfirlýsingu ráðherranna að fundi loknum var hvatt til aukinnar samvinnu í áfengismálum á norrænum vettvangi. Hvatt var til að löndin beiti sér, ekki síst á vettvangi alþjóðlegra stofnana og samtaka, fyrir því að ekki sé litið á áfengi sem hverja aðra vöru heldur vöru sem hefur áhrif á heilbrigði þjóða og félagslegar aðstæður í löndunum. Áhersla var lögð á að norrænu löndin ynnu að því að áfengismál fengju meira vægi á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi í apríl sl. í Finnlandi var m.a. fjallað um formennskuáætlun Íslendinga, aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðra, upplýsingatækni í heilbrigðis- og félagsþjónustunni, samninga við norrænar stofnanir á starfssviði nefndarinnar, skýrslu Poul Schlüter um afnám landamærahindrana, nýjar starfsreglur Norrænu tannlækningastofnunarinnar (NIOM), ályktanir Norðurlandaráðs, áfengismál á Norðurlöndum, málefni ESB/EES og önnur alþjóðleg mál. Fundur nefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í ágúst á Egilsstöðum snerist aðallega um undirbúning ráðherrafundarins. Niðurstöður og upplýsingamiðlun um rannsóknir á sviði velferðarmála voru þó rædd sérstaklega. Á dagskrá fundar í nóvember sl. í Svíþjóð voru m.a. áfengismál, gerð nýrrar samstarfsáætlunar, fjárlagatillögur fyrir 2005, málefni fatlaðra, fuglaflensan, skýrsla um upplýsingatækni, velferðarrannsóknir, landamærahindranir, Norðlæga víddin í heilbrigðis- og félagsmálum og önnur alþjóðleg málefni.

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt

samningi við Norrænu ráðherranefndina til þriggja ára í senn. Námið er byggt upp með námskeiðum, heimanámi og verkefnavinnu en einnig er hægt að ljúka heildstæðu námi til meistara- og doktorsgráðu í lýðheilsufræðum.

Þrettán Íslendingar stunduðu nám við skólann á árinu.

Á árinu var margt gert til að auka tengsl skólans við Ísland og auka þekkingu starfsmanna og nemenda á íslenskri heilbrigðisþjónustu og á Íslandi. Stjórn skólans hélt einn af fundum sínum á árinu á Íslandi og meirihluti starfsfólks skólans sótti landið heim.

Ákveðið var að Ísland kæmi að lokaákvörðun um hvaða Íslendingar sæktu nám við skólann. Verður sú ákvörðun tekin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Í lok ársins undirrituðu Norræni lýðheilsuháskólinn og Háskóli Íslands samstarfssamning. Markmið hans er að stuðla að rannsóknum, menntun og fræðilegri þróun á sviði lýðheilsu.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Starfsemi Norrænu tannlækningastofnunarinnar á sviði tannlækninga spannar fjögur meginsvið: (1) stöðlun, (2) prófun efna, (3) rannsóknir og (4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Tveir vísindamenn frá NIOM heimsóttu Ísland sl. haust og héldu fyrirlestra fyrir tannheilsustéttir um hjáverkanir efna sem notuð eru til tannlækninga og helstu nýjungar á fræðasviðinu. Slíkir fyrirlestrar voru haldnir í öllum norrænu löndunum fimm í tilefni 30 ára afmælis stofnunarinnar. Vísindamennirnir heimsóttu einnig Tannlækningadeild Háskólans en góð samvinna hefur verið milli stofnananna.

Að öðru leyti var starfsemi stofnunarinnar með hefðbundnu sniði á árinu. Fjöldi vísindagreina var skrifaður í tannlæknatímarit, átak var gert í upplýsingastarfsemi til tannheilsustétta auk þess sem starfsemi og afköst gestarannsóknarmanna, bæði launaðra og ólaunaðra, var með ágætum. Nýmæli í starfseminni er að komið var á fót samvinnu milli norrænna vísindamanna á sviði tannlækninga og efnisfræði.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. Nefndinni er ætlað að auka þekkingu á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefnið er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum og miðla upplýsingum. NAD á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum. Nefndin gefur út eigið blað (NAT) og rekur skrifstofu í Helsingfors. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Á fyrri fundinum var kynning á gagnabanka um samnorrænt eftirlit á áfengisauglýsingum á Norðurlöndum. Noregur hefur verið í fararbroddi og hefur verið rætt að flytja verkefnið þangað. Rædd voru yfirstandandi verkefni og ársskýrsla NAD.

Vísindaráð NAD sat einnig seinni fundinn. Umræður voru um á hvaða verkefni skyldi leggja áherslu á næsta ári.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Helsta verkefni stofnunarinnar er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. NSH styrkir fjölda verkefna sem hafa það að

markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. Á stefnuskránni er einnig að styrkja stöðu fatlaðra í stefnumótun velferðarsamfélagsins.

Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu. Rætt var um áherslur Íslands á formennskuári í norrænu samstarfi. Sömuleiðis voru kynnt tvö verkefni sem hrundið skyldi í framkvæmd á formennskuárinu, annars vegar verkefnið „Nýjar leiðir í atvinnumálum fatlaðra – Allir til virkrar þátttöku“ og hins vegar verkefni sem hefur það meginmarkmið að fá heildarsýn yfir þjónustu og aðstoð við börn og fjölskyldur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Á fundi stjórnar miðstöðvarinnar í Reykjavík í október var kynnt staða Norrænu miðstöðvarinnar fyrir hjálpartæki (NUH). Jafnframt var fjallað ítarlega um verkefnið „Aðgengi fyrir alla“ (Handlingsplan för universal utforming).

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Markmiðið með starfsemi miðstöðvarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Miðstöðin á jafnframt að stuðla að því að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk miðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu til dæmis með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu, sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Á árinu voru haldin tvö grunnnámskeið, fimm þemanámskeið, eitt námskeið opið þátttakendum utan Norðurlanda og ein ráðstefna. Sex fyrirlestrar voru sendir út til landanna í fjarkennslu og tvisvar var veitt ráðgjöf til landanna með undanfarandi myndbandsgreiningu. NUD stendur á fjögurra ára fresti fyrir norrænni ráðstefnu um málefni daufblindra en þær eru opnar daufblindum, foreldrum daufblindra barna og öðrum aðstandendum. Ráðstefnan var haldin á Íslandi á þessu ári.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að því að samræma og safna tölfræðilega upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Þetta starf fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningar og afmarkanir einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingarnar verði sem líkastar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur aðallega niðurstöðum sínum á framfæri í megin riti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar, www.nom-nos.dk.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustu, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða og fleira.

Undanfarin ár hefur NOMESKO átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (Nordiskt Center för klassifikation av sjukdomar) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO og eru stjórnafundir oft haldnir sameiginlega. Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni, sem er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda. Hún er viðurkennd af

WHO sem samstarfsstofnun og á hennar vegum var haldin vikulöng ráðstefna um flokkunarmál í Reykjavík sl. haust með þátttakendum frá meira en tuttugu löndum.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Nefndinni ber einnig að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum. Öll norrænu löndin fimm eiga aðild að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Í ársskýrslu nefndarinnar var sérstaklega fjallað um öldrunarþjónustu á Norðurlöndum. Meðal annarra umræðuefna á fundum nefndarinnar var samstarfið við EUROSTAT, framhald samstarfsins við Eystrasaltsríkin, tekjuskipting á Norðurlöndum, flokkun og samanburð heilbrigðisútgjalda og verkefni um tölulegar upplýsingar um sjálfbæra þróun. Færeyingar urðu fullgildir aðila að NOSOSKO á árinu.

Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem hefur eða gæti haft með höndum forystuhlutverk í norrænu starfsumhverfi. Starfsemi NOPUS byggir á því að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á hinu félagslega sviði. Stjórn NOPUS hélt fjóra fundi á árinu.

Á fundi stjórnar í febrúar sl. var m.a. fjallað um þá úttekt sem framkvæmd hafði verið á starfseminni. Í maí var sérstaklega fjallað um megináherslur í starfi NOPUS fyrir tímabilið 2005–2007.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar hefur að markmiði að fylgjast með framkvæmd landanna á Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og jafnframt að vera ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig ræða önnur almannatryggingamál sem koma upp.

Vinnuhópurinn um almannatryggingar hélt einn fund á árinu, í Reykjavík í maí sl. Á fundinum var fjallað um bætur til foreldra, sameiginlegt örorkumat, nýja Norðurlandasamninginn um almannatryggingar og drög að framkvæmdasamningi með honum, samvinnu við vinnuhóp um Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, norræna tungumálasamninginn, upplýsingar til starfsmanna almannatryggingastofnana, notkun á nýju evrópsku sjúkratryggingakorti á Norðurlöndum, aðlögunartíma norrænu landanna vegna frjálsrar farar ríkisborgara frá nýjum aðildarríkjum ESB, nýja ESB-reglugerð um jöfnun réttinda, nýja ESB-reglugerð um almannatryggingar og nýja ESB-tilskipun um frjáls þjónustuviðskipti.

Grannsvæðanefndin á svið heilbrigðis- og félagsmála (EK-S NÆR).

Nefndin hefur unnið að verkefnum á sviði heilbrigðis- og félagsmála í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Hún hefur m.a. úthlutað fjárframlögum til verkefna á sviði heilbrigðis- og félagsmála og unnið að framgangi aðgerðaráætlunar til að bæta stöðu barna og unglinga í umræddum löndum.

Nú er rætt um að leggja þessa nefnd niður en stofnað hefur verið til víðtækara samstarfs á þessu sviði meðal yfir tuttugu ríkja og alþjóðasamtaka innan ramma Norðlægu víddarinnar á sviði heilbrigðis- og félagsmála (Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being). Enn fremur hafa forsendur samstarfsins breyst verulega með aðild Eystrasaltsríkjanna að ESB.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina hjá starfsstéttum í heilbrigðis- og dýralæknaþjónustu og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Hann nær nú til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd fylgist ekki aðeins með framkvæmd samningsins heldur tekur einnig saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með því að tilkynningarskyldu sé fylgt vegna sviptingu eða takmarkana á starfsleyfum á Norðurlöndum.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Helstu mál voru: (1) Viðbrögð norrænu landanna vegna stækkunar ESB, vandamál tengd viðurkenningu starfsréttinda frá nýju aðildarríkjunum og mismunandi viðbrögð norrænu landanna. (2) Aukin upplýsingaskylda milli landa vegna starfsleyfa. (3) Staða nýrra tilskipana sem eru í undirbúningi svo sem þjónustutilskipunin (com2004/001(cod)) og afstaða norrænu landanna til þeirra. (4) Hlutverk eftirlitsnefndarinnar vegna sviptingu leyfa heilbrigðisstarfsmanna og gagnkvæm tilkynningaskylda milli landanna. Rætt var um hvort breytingar séu nauðsynlegar á 18. gr. samningsins í því sambandi.

16. Jafnréttismál

Samstarfið á árinu fylgdi samstarfsáætluninni fyrir árin 2001–2005 en þar eru markmið sett fram í þremur liðum:

- Kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænum efnahagsmálum.
- Karlar og jafnrétti.
- Vernd gegn ofbeldi.

Önnur svið sem áhersla er lögð á er að tryggja jafnrétti kynjanna á sviði efnahags- og stjórnmála, að jafna rétt þeirra í atvinnulífinu, að fjalla um æskuna og jafnrétti kynjanna og halda til haga sjónarmiðum jafnréttis kynjanna við stefnumótun í innflytjendamálum. Unnið er að fjölmörgum verkefnum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál (MR-JÄM) í samræmi við áætlunina. Í formennskuáætlun Íslands var m.a. lögð áhersla á að vinna að verkefnum er lúta að rannsóknum og aðgerðum til að draga úr kynbundnum launamun og að samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Undirbúningur að nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010 hófst á árinu.

Rannsóknarverkefni.

Ísland hafði frumkvæðið að verkefninu „Mælistikur á launajafnrétti“ og var það annað af tveimur megináhersluatriðum í formennskuáætlun Íslands í jafnréttismálum á árinu. Norræna

ráðherranefndin veitti 700 þús. d.kr. í rannsóknarverkefnið. Rannsóknin er samstarfsverkefni á vegum vinnumálaráðherra (MR-A) og jafnréttisráðherra Norðurlanda.

Meginmarkmið verkefnisins er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Gerð verður greining á tölfræðiupplýsingum um laun karla og kvenna á Norðurlöndum og settar fram tillögur að úrbótum m.a. til að samræma skilgreiningar og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstarfi við norræna sérfræðinga og með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa ESB á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun.

Annað mikilvægt verkefni var unnið á árinu að tilhlutan Íslands en það er verkefnið „Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrifum þess á jafnrétti karla og kvenna".

Þáttur í norrænni samvinnu til að ná jafnrétti milli karla og kvenna er að bæta möguleika kynjanna til að sameina fjölskyldulíf og virka þátttöku á vinnumarkaði. Margar athuganir á Norðurlöndum hafa sýnt að því fer fjarri að staðan sé viðunandi hvort heldur litið er til jafnréttis karla og kvenna eða möguleikanna til að sameina þátttöku á vinnumarkaði og fjölskyldulíf. Markmið þessa verkefnis er að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvaða áhrif hún hefur haft á þessum sviðum. Vonir eru bundnar við að verkefnið skili aukinni þekkingu á því samspili löggjafar og menningar sem ýmist viðheldur eða breytir stöðu kynjanna á vinnumarkaði og í fjölskyldulífi. Gert er ráð fyrir að því ljúki í byrjun ársins 2005.

Á árinu var stofnað til verkefnis um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum. Markmiðið með verkefninu er að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvægt tæki sem stuðlar að þróun í átt til aukins jafnréttis. Verkefninu er stýrt frá Svíþjóð og lýkur árið 2006.

Ráðstefnur og fundir.

Í lok aprílmánaðar hélt norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-Jäm) ráðstefnu í Nuuk á Grænlandi. Þar var m.a. fjallað um ofbeldi gegn konum og baráttu gegn heimilisofbeldi.

Í maí sl. stóðu Norræna ráðherranefndin, félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa fyrir málþingi á Hótel KEA á Akureyri undir heitinu „Kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi". Fundarstjóri var Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Norræna fjárfestingarbankans, en á ráðstefnunni var m.a. rætt um hvernig tryggja megi samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Meðal málflytjenda voru Árni Magnússon félagsmálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir samstarfsráðherra Norðurlanda, aðstoðarframkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar og yfirlögfræðingur Norræna fjárfestingabankans.

Í júní var haldin ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni „Kvennahreyfingar – innblástur, íhlutun, irringar". Þar var rætt um gamlar og nýjar kvennahreyfingar og sjónum beint að þeim innblæstri og áhrifum sem kvennahreyfingar hafa haft á stjórnmál, samfélag og menningu. Ráðstefnuna sóttu m.a. fræðimenn, stjórnmálamenn, blaðamenn, stúdentar, jafnréttisráðgjafar og fulltrúar félagasamtaka og komu þeir víða að. Ráðstefnan var haldin á vegum Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum (NIKK) en framkvæmdaraðilar á Íslandi voru Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Í ágústmánuði var haldin ráðstefna í Åbo í tilefni þess að tíu ár voru liðin frá því að kvennaráðstefnan Nordic Forum var haldin þar í borg. Þar komu saman þátttakendur frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum, Rússlandi og Póllandi og ræddu stöðu jafnréttismála í löndunum og hverju löndin geta miðlað hvert öðru á jafnréttissviðinu. Um þrjátíu Íslendingar tóku þátt í þessari ráðstefnu.

Á fundi jafnréttisráðherranna í september var rætt um jafnlaunamál og fæðingarorlof. Ákváðu ráðherrarnir að vinna að nýrri samstarfsáætlun sem taka skal gildi frá og með árinu 2006 og jafnframt var samþykkt tillaga um að annað hvert ár skuli lögð fram skýrsla um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í norrænu samstarfi. Skýrslan var kynnt af Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og norska jafnréttisráðherranum á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi í nóvember sl. Í september var jafnframt haldinn sameiginlegur fundur jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna en þeir samþykktu á fundi sínum nýja samstarfsáætlun fyrir árin 2004–2006.

Í tilefni 30 ára samstarfs norrænu landanna að jafnréttismálum skipulagði félagsmálaráðuneytið hátíðarfund sem haldinn var í Borgarleikhúsinu í september sl. undir yfirskriftinni „Norrænt jafnréttissamstarf í 30 ár – hvar stöndum við, hvert stefnum við?". Hátíðarfundurinn var öllum opinn en norrænir ráðherrar og ráðherrar frá Eystrasaltsríkjum tóku þátt, ásamt m.a. frú Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og Törju Halonen Finnlandsforseta. Einnig fóru fram pallborðsumræður með þátttakendum alls staðar að á Norðurlöndum þar sem rædd var staða jafnréttismála á Norðurlöndum í fortíð og nútíð og sjónum jafnframt beint til framtíðar.

Nokkrir viðburðir á árinu tengdust jafnréttismálum þar sem sjónum var sérstaklega beint að körlum. Á Álandseyjum var í október haldin ráðstefnan „Ofbeldi karla gegn konum og börnum – hver ber ábyrgðina?". Um miðjan nóvember var haldin ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni „Konur og karlar á norrænum vinnumarkaði". Þema ráðstefnunnar var kynjaskipting vinnumarkaðarins og sérstaklega var sjónum beint að karlmönnum í kvennastörfum. Í lok nóvember var haldin ráðstefna í Stokkhólmi sem bar yfirskriftina „Sá góði, sá vondi, sá eðlilegi – norræn karlaráðstefna 2004". Markmið þeirrar ráðstefnu var að skoða stöðu karlarannsókna á Norðurlöndum, möguleika þeirra og takmarkanir.

Í nóvember sl. skipulagði Jafnréttisstofa fjölþjóðlegu ráðstefnuna „Kyngervi, umhverfi og samfélagsþróun á norðurslóðum". Þar var rætt hversu íbúar á norðurslóðum eru háðir náttúruauðlindum, en Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt áherslu á að sjálfbær þróun náist ekki án jafnréttis kynjanna. Meðal þess sem kom skýrt fram á ráðstefnunni er hversu mikilvægt það er að hafa jafnrétti að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir fyrir samfélögin í norðri. Flótti kvenna úr minni sjávarplássum og landbúnaðarsamfélögum er alvarlegt vandamál sem taka þarf á. Því er mikilvægt að greina samspil kyngervis og samfélagsþróunar til að geta stuðlað að farsæld í norðlægum byggðum. Markmið ráðstefnunnar var að skapa umræður, stuðla að samstarfi og hvetja til þess að hugmyndir, reynsla og niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í mismunandi löndum og landsvæðum séu hafðar til hliðsjónar þegar teknar eru pólitískar ákvarðanir. Ráðstefnan var haldin í Háskólanum á Akureyri.

Heimasíða.

Á formennskuárinu hefur umsjón með heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál verið á vegum félagsmálaráðuneytisins. Á síðunni birtast m.a. fregnir af því sem efst er á baugi hvað jafnrétti á Norðurlöndum varðar, þar birtast tilkynningar um ráðstefnur og málþing, tölfræðilegar upplýsingar og nýútkomið efni sem tengist jafnréttismálum. Slóð síðunnar er http://gender.norden.org.

17. Vímuefnamál

Þrír fundir voru haldnir í embættismannanefndinni um vímuefnamál (EK- Narko) á árinu, þ.e. í Riga í mars, á Ísafirði í ágúst og í Kaupmannhöfn í nóvember.

Fundurinn í Lettlandi var haldinn til að styrkja sambandið við Eystrasaltsríkin á sviði vímuefnamála. Sýnilegt er, að aukið samstarf er vænlegt, ef allir aðilar taka af einurð höndum saman. Íbuar Eystrasaltsríkjanna geta lagt hönd á plóginn, m.a. til að draga úr flæði vímuefna til Norðurlanda. Norðurlönd geta hins vegar styrkt Eystrasaltsríkin á sviði forvarna og í meðferðarmálum, svo þýðingarmikil dæmi séu tekin.

Öll löndin gáfu stutt yfirlit um gang mála í sínum heimahögum, upplýsingar frá norrænu nefndinni um áfengis- og fíkniefnarannsóknir (NAD) voru gefnar og lyfjakortin, sem ferðamenn þurfa að hafa meðferðis eftir að Schengen-samstarfið varð að veruleika, voru rædd. Skýrsla um afstöðu landanna var afhent en hún mun gagnast Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Dana, sem falið hefur verið að samræma störf fagráðherranefndanna um afnám landamærahindrana.

Fjármál ársins voru kynnt og rætt um umsóknir um styrki. Ákveðið var að styrkumsóknir yrðu afgreiddar endanlega á símafundi en sá vinnuháttur hefur reynst vel. Loks var ákveðið, að næsti fundur yrði ráðherrafundur sem haldinn yrði á Ísafirði í ágúst.

Í ráðherrafundinum tók því miður aðeins þátt einn ráðherra, Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem jafnframt var gestgjafi, en auk hans Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. Aðalinntak fundarins var, að vísindamenn frá Norðurlöndum og Bandaríkjunum héldu fyrirlestra um meðferð ungra vímuefnaneytenda og forvarnir. Síðan var staða svokallaðs Eyjaverkefnis kynnt, en það lýtur að upplýsingaöflun um stöðu ánetjaðra ungmenna á Norðurlöndum og hvaða varnir og umhyggja er í boði fyrir ungt fólk í eyjasamfélögum norrænu landanna (Álandi, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi). Að öðru leyti fóru fram hefðbundin fundarstörf, t.d. var gerð grein fyrir starfinu í löndunum og í ýmsum stofnunum og nefndum á sviði vímuefnamála.

Á síðasta fundi ársins í nóvember voru nýjar áherslur í Norðurlandasamstarfinu lauslega kynntar og Danir, sem fara með formennsku á næsta ári hafa þegar sett stefnuna að nokkru í takt við hinar nýju áherslur. Sýnilegt er að velferðarmálin yfirleitt fá brátt nýja nálgun og verður því forvitnilegt að vita, hvaða nýjungar verða kynntar með nýju ári og á næsta fundi EK-Narko, sem haldinn verður í Færeyjum í maí nk.

Sé litið yfir árið í heild virðist starfsemi innan ESB vera farin að hafa æ meiri áhrif á alla hugsun varðandi Norðurlandasamstarfið. Af norrænu fjárlögunum til vímuefnamála er veitt fjármagn í starfsemi sem fram fer með þátttöku fjölda Evrópuríkja (t.d. Pompidou-nefndarinnar) og nýtist misvel þeim löndum sem standa utan ESB. Ástæða er þó til að styrkja rannsóknarstöðina í Lissabon, því nái starfsemin þar tilætluðum árangri má ætla, að hún verði ríkulegur upplýsingabrunnur og þar með leiðbeinandi fyrir starfsemina í þessum málaflokki á komandi árum.

18. Iðnaður og atvinnumál

Meginmarkmið ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál (MR-N) er bætt samkeppnisstaða norrænu þjóðanna. Að þessu markmiði er unnið eftir þremur aðalleiðum. Í fyrsta lagi með því að efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra rannsóknarstofnana um verkefni á sviði tækniþróunar og nýsköpunar. Í öðru lagi með því að samræma starfsskilyrði atvinnulífsins á Norðurlöndum. Í þriðja lagi með því að hrinda í framkvæmd samstarfsverkefnum sem eru til þess fallin að efla norræna hagsmuni.

Veigamesta verkefnið á formennskuári Íslands var úttekt á stöðu tækniþróunar og nýsköpunar, sem tengist beint stefnumótun um nánara samstarf á milli nýsköpunar annars vegar og framkvæmdar rannsókna- og vísindastefnu hins vegar. Að baki þessu liggur hvítbók Gustavs Björkstrands: „NORIA – Vitbok om nordisk forskning og innovation", sem unnin var fyrir norrænu menntamálaráðherrana. NORIA stendur fyrir „Nordic Research and Innovation Area" og lýsir því að stefnur í vísindum og nýsköpun þurfa að taka mið hvor af annarri.

Atvinnumálaráðherrarnir ákváðu að láta meta hver ávinningur gæti verið af því að samhæfa stefnumótun á þessum tveimur sviðum og er nýsköpunarbókin afrakstur þess. Þetta veigamikla stefnumótunarskjal var samþykkt af ráðherrunum sem samstarfsáætlun á sviði nýsköpunar og fékk þar með mótandi stöðu í samstarfinu á komandi árum. Nýsköpunarbókin „Innovationsboken – nordiskt innovationspolitiskt samarbetsprogram 2005–2010" bendir á að þrátt fyrir að nýsköpunarumhverfið á Norðurlöndum sé smátt í sniðum þá hafi þar orðið til sérhæfð hátækni starfsemi sem sé á heimsmælikvarða. Möguleikar séu á að bæta samkeppnisstöðu landanna enn frekar með því að efla samstarf, miðlun og samnýtingu þekkingar, rannsókna og nýsköpunar. Þannig geti t.d. orðið til netsamstarf á milli vísindamanna og rannsóknastofnana sem myndi einn þekkingarmarkað.

Til þess að svo geti orðið þarf kerfisbundið að efla samstarfið og komast yfir ýmsar hindranir sem nú eru í vegi þess. Meðal annars þurfa styrkveitingar við rannsóknir og þróun að geta flætt óhindrað á milli landanna. Þetta þýðir m.a. að ef rannsóknir í einu landi hafa þýðingu fyrir samkeppnisstöðu annarslands þá verði opnað fyrir fjárhagslegan stuðning frá því síðara.

Í samstarfsáætluninni er starfið skilgreint á þremur stigum. Í fyrsta lagi er um að ræða samstarf um pólitíska stefnumótun þar sem stefnumótun í vísindum, tækniþróun og nýsköpun er samræmd á milli landanna. Í öðru lagi er samstarf á milli þeirra sem gegna lykilhlutverki í framkvæmd vísinda og nýsköpunarstefnu, eins og t.d. rannsóknarráðin gera. Þessir aðilar eiga að tryggja að framkvæmd hinnar norrænu stefnu sé hrint í framkvæmd, þ.m.t. að hindranir verði afnumdar. Í þriðja lagi er samstarf um val á forgangsverkefnum, sem líkja má við markáætlanir á tilteknum fræðasviðum þar sem líklegt er að Norðurlönd gætu náð sérstökum árangri með samstilltu rannsóknar- og nýsköpunarsamstarfi.

Til þess að þær áætlanir sem samstarfsáætlunin skilgreinir nái árangri þarf að móta norræna stofnanakerfið til samræmis. Norræna nýsköpunarmiðstöðin („Nordic Innovation Center" – NICe) tók til starfa í byrjun ársins 2004. NICe varð til við samruna Norræna iðnaðarsjóðsins (NI) og Norrænu prófunarstofunnar (Nordtest). NICe mun gegna lykilhlutverki við framkvæmd þessarar stefnu. Á sama hátt hefur orðið til ný stofnun, „NordForsk", er tengist vísindarannsóknum og má líta á sem samstarfsaðila NICe við framkvæmd hinnar heildstæðu stefnu um vísindi, tækniþróun og nýsköpun. NordForsk kemur í stað tveggja norrænna stofnana, Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) og Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun (NorFA).

Annað veigamesta verkefnið á árinu tengist afnámi hindrana við norrænu landamærin. Í anda þeirrar vinnu sem hófst með skýrslu Ole Norrback „Réttindi Norðurlandabúa" ákváðu iðnaðarráðherrarnir að gera úttekt á þeim hindrunum sem atvinnulífið stæði frammi fyrir. Norræna nýsköpunarmiðstöðin tók að sér verkið og kom skýrslan „Grensehindringer for næringslivet i Norden" út í maí sl. Hindranir á landamærum hafa oft komið til umræðu á vettvangi iðnaðarráðherranna og liggja fyrir yfir tuttugu greinargerðir um efnið frá síðustu árum. Um er að ræða umtalsvert vandamál fyrir atvinnulífið sem kemur vel fram í skoðanakönnun sem birt er í skýrslunni „Konkurrensekraft í Norden" en þar segjast 77% aðspurðra fyrirtækja hafa fundið fyrir hindrunum í viðskiptum á milli landanna.

Í flestum tilfellum var um að ræða mismunandi stjórnsýslureglur, sem auðvelt ætti að vera að samræma. Veigamestu atriðin tengjast tollum og skattlagningu fyrirtækja. Þessi atriði eru aftur á móti ekki á forræði iðnaðarráðherranna.

Á fundi ráðherranna á Akureyri í september sl. var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi þrjú verkefni:

1) Að miðla upplýsingum um reglur viðskiptalífsins. Settur verður upp miðlægur gagnagrunnur sem rekinn verður af upplýsingaþjónustunni „Halló Norðurlönd". Upplýsingarnar verða fyrst og fremst sniðnar að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar verða m.a. upplýsingar um hvernig eigi að stofna fyrirtæki í löndunum.
2) Að koma á formlegu norrænu samstarfi um framtaksfjármögnun. Mikilvægt er að framtaksfjárfestar (sbr. t.d. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins) geti starfað yfir landamærin og tekið þátt í fjárfestingum í öðrum norrænum löndum, t.d. í samstarfi við aðra svipaða sjóði. Auk samstarfsins þarf að huga að samræmingu á lagalegu umhverfi fjárfestingasjóðanna, t.d. að afnema reglur um tvísköttun og sköttun við flutning félaga á milli landa.
3) Að samræma reglur um byggingarstarfsemi. Um er að ræða samræmingu á CE-merkingum og reglum um viðskipti með byggingarvörur, samræmingu á hverskonar stjórnsýsluákvörðunum og gagnkvæma viðurkenningu á menntun og fagbréfum. Lögð verður áhersla á réttindi til að stjórna vinnuvélum og sinna sértækum störfum í byggingariðnaði. Þrátt fyrir svipaða menntun og þjálfun gilda fagbréf aðeins að takmörkuðu leyti á milli landanna.

Meðal þeirra samstarfsverkefna sem unnið var að á árinu og snerta styrkingu á samkeppnisstöðu norræns atvinnulífs má nefna samstarf um einkaleyfismál, samstarf um ferðamál og sjálfbæra þróun atvinnulífsins.

Einkaleyfi eru til þess fallin að tryggja tímabundna vernd á uppfinningum í þeim tilgangi að nýta niðurstöður þróunarstarfs í viðskiptalegum tilgangi. Starfsemin er aftur á móti bæði tímafrek og kostnaðarsöm auk þess sem hún krefst sérþekkingar á fjölmörgum sviðum sem hverjum og einum er erfitt að viðhalda. Því hefur verið samstarf og verkaskipting milli norrænu landanna sem hefur gefist vel. Á grundvelli þessa samstarfs var talin ástæða til að kanna hvort aukið hagræði væri af því að styrkja þetta samstarf enn frekar og gera það formfastara með því að stofna norræna einkaleyfastofu (Nordic Patent Institute).

Ítarleg skýrsla um þetta, „Feasibility study on the establishment of a joint Nordic PCT Authority", var gefin út í júlí sl. Niðurstaða skýrslunnar er að nánara samstarf á milli norrænu einkaleyfastofanna myndi auka skilvirkni í meðferð á einkaleyfisumsóknum og viðhalda einkaleyfastarfsemi á Norðurlöndum í hæsta gæðaflokki. Á grundvelli þessa mun Ísland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð vinna áfram að stofnun norrænnar einkaleyfastofu.

Frá árinu 2000 hefur verið starfandi tímabundinn vinnuhópur um ferðaþjónustu (Næringssektorens adhoc arbejdsgruppe for turisme), en í öðrum norrænum löndum falla ferðamál undir starfssvið atvinnumálaráðuneytanna. Athyglinni hefur einkum verið beint að sjálfbærri ferðaþjónustu og ferðamálum á noðurslóðum. Á vegum vinnuhópsins var gerð skýrslan „Towards a Sustainable Arctic Tourism" sem er lokaskýrsla vinnuhópsins. Skýrslan endurspeglar mikilvægi sjálfbærrar ferðaþjónustu í viðkvæmu umhverfi norðursins og mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir efnahagsþróun svæðisins. Starfshópurinn lauk störfum sínum í lok ársins og eru vonir bundnar við að ferðamálayfirvöld í löndunum haldi starfinu áfram og hrindi tillögum hópsins í framkvæmd.

Frá árinu 1998 hefur verið samstarf við embættismannanefndirnar um neytendamál og umhverfismál. Markmið samstarfsins var að vinna að framleiðslutengdri umhverfisstefnu.

Í upphafi gekk samstarfið undir nafninu POMS (produktorientet miljøstrategi), en frá ársbyrjun 2002 hefur það gengið undir nafninu NMRRIPP (Nordisk Ministerråds integrerede produkt policy). Á árinu kom út skýrslan „Nordisk Produktorienterat Miljöstrategi – ett gemensamt bilag till arbetet för en hållbar utveckling". Við lok starfstímans í lok ársins áleit embættismannanefndin um atvinnumál (EK-N) að ekki væri ástæða til að halda þessu starfi áfram enda hefði það ekki náð tilætluðum árangri.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin „Nordic Innovation Center" (NICe) varð til 1. janúar 2004 við sameiningu Norræna iðnaðarsjóðsins (Nordisk Industrifond) og Norrænu prófunarstofunnar (Nordtest). Þessar tvær stofnanir hafa í um 30 ár gegnt veigamiklu hlutverki fyrir rannsóknir og þróun í þágu norræns atvinnulífs og m.a. stutt mörg íslensk fyrirtæki og stofnanir fyrstu sporin í þátttöku í alþjóðlegum verkefnum.

Hlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins var að koma á og styrkja samstarfsverkefni á sviði tækniþróunar og nýsköpunar. Markmiðið hefur ætíð verið að bæta samkeppnisstöðu landanna. Hlutverk Nordtest var að ákvarða prófunaraðferðir sem tengst hafa sérstökum hagsmunum norræns iðnaðar í þeim tilvikum þar sem samræmdar prófunaraðferðir hafa ekki verið til. Þessar aðferðir hafa oft þróast í að verða samevrópskar prófunaraðferðir.

Breytingar sem orðið hafa í atvinnuháttum og í stuðningskerfi þeirra á Norðurlöndum hin síðari ár gerði uppstokkun á þessum stofnunum nauðsynlega. Atvinnulífið hefur mótast af nýjum fræðasviðum sem ganga þvert á hefðbundna skilgreiningu atvinnugreina. Jafnframt er framboð á styrkjum til vísindarannsókna og nýsköpunar ekki lengur bundið við rannsóknarsjóði landanna því nú er einnig fáanlegt rannsóknarfé frá alþjóðlegum sjóðum eins og rammaáætlunum ESB. Þá hafa norræn fyrirtæki í auknum mæli skilgreint Norðurlönd sem sameiginlegan þekkingarmarkað, en í því felst að þau sækja þekkingu og reynslu til norrænna nágrannalanda sinna miklu meira en áður var. Þetta kallar á nýja þörf fyrir aukna samhæfingu og samstarf á framsæknum vísinda- og nýsköpunarsviðum.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin var sett á fót til þess að mæta þessari þörf. Markmiðið með starfseminni er að stuðla að því að til verði sameiginlegur þekkingarmarkaður á Norðurlöndum þar sem hindranir sem nú eru í vegi fulls og óhefts samstarfs á sviði vísindarannsókna og nýsköpunar verða fjarlægðar („et grenseløst nordisk innovationssystem"). NICe mun hafa frumkvæði að rekstri verkefna til að þetta náist. Þar verður því ekki beðið eftir umsóknum heldur verða starfræktir vinnuhópar sérfræðinga sem leita sóknarfæra fyrir sameiginlegar áherslur og verkefni. Á árinu voru eftirfarandi sérfræðihópar starfandi:

- Nefnd um nýsköpunarmál (forum for forskningspolitikk) hefur það hlutverk að vaka yfir nýjungum á sviði nýsköpunar og skilgreina nýjar áherslur í starfsemi NICe.
- Öryggi matvara. NICe rekur ERA-NET verkefni innan vébanda ESB um öryggi matvara. Þetta er langstærsta nýsköpunarverkefnið sem unnið hefur verið á vettvangi norræns samstarfs. Að baki þessu verkefni liggur margra ára norrænt samstarf um matvælarannsóknir sem m.a. Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur stutt.
- Skapandi atvinnustarfsemi (kreative industrier) er nýtt áherslusvið og tekur mið af því að nýsköpun atvinnulífsins á rætur í fleiru en vísindalegri þekkingu. Sérfræðihópur um skapandi atvinnustarfsemi á að meta hvort og með hvaða hætti NICe gæti stutt við þróun þessa mikilvæga málaflokks með auknu norrænu samstarfi.
- Örtækni (nanotækni) er ný og vaxandi fræðigrein sem í auknum mæli er að bera ávöxt í atvinnulífinu. Tilgangur sérfræðihópsins er að meta hvernig unnt er að koma af stað norrænu samstarfi um tækniþróun á þessu sviði. Rannsóknir og þróun í örtækni krefst

mikils fjármagns og flókins búnaðar og er samstarf í örtækni sérstaklega mikilvægt fyrir hið smáa íslenska vísindasamfélag.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin mun gegna lykilhlutverki í því að hrinda áherslum norrænu ráðherranna í framkvæmd. Þar er til staðar þekking og reynsla sem að mörgu leyti er einstök í hinu norræna kerfi. Starfsmenn og stjórn NICe vann t.d. mjög náið með íslenskum embættismönnum á formennskuárinu. NICe hélt utan um stefnumótunarvinnuna við gerð Nýsköpunarbókarinnar (Innovationsboken) sem var eitt veigamesta verkefnið undir formennsku Íslands. Það verk var svo tekið upp sem samstarfsáætlun ráðherranna um nýsköpun („Nordiskt innovationspolitiskt samarbetsprogram 2005–2010").

Sérfræðingar á vegum NICe unnu einnig skýrslu fyrir embættismannanefndina, um hindranir í starfsemi fyrirtækja við norrænu landamærin, „Grensehindringer for næringslivet i Norden", en hún kom út í maí sl. Vegna sérstakrar áherslu á samstarf norrænna framtaksfjárfesta lét NICe vinna skýrslu um áhættufjármarkaðinn á Norðurlöndum, „Riskkapitalmarknadens utmatningar i Norden – forstudie utfört av Nordic Investment Solutions på uppdrag av Nordisk Innovations Center", sem út kom í nóvember sl.

Þá annaðist NICe alfarið undirbúning og skipulag ráðstefnu formennskulandsins um mótun framtíðarsýnar um norrænt samstarf á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar. Ráðstefnan „The Nordic Region as a frontrunner in Research and Innovation" var haldin í Reykjavík í júní sl.

19. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Keflavík í maí sl. og ræddu ráðherrarnir um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem formennskulandið hafði gert. Meðal þeirra atriða sem ráðherrarnir gerðu að umtalsefni voru viðbrögð landanna við inngöngu tíu nýrra aðildarríkja að ESB, einkum á sviði vinnumarkaðar. Þá ræddu ráðherrarnir um ESB/EES málefni og þá sérstaklega um skattlagningu á áfengi. Í ályktun þeirra sem var ítarlegri en fyrri ályktanir um sama efni kom fram að til viðbótar sameiginlegri skoðun ráðherranna að létt vín eigi ekki að seljast án skatts; að lágmarksskattur á áfengi eigi að hækka; að hækka skuli skatt á gosblandað áfengi og að lögð er áhersla á að framkvæmdastjórn ESB móti stefnu í áfengismálum, kom nú sameiginleg stefna um að þeir einir skuli njóta tollfrelsis á áfengi sem sjálfir taka það með sér yfir landamæri. Þá ræddu ráðherrarnir um það verkefni að fjarlægja landamærahindranir á skattasviðinu. Ákveðið var að stofna til norrænnar skattanefndar (nordisk virtuel skattekontor) og að gerð yrði norræn vefsíða þar sem væri að finna skattareglur allra norrænu landanna á öllum norrænum tungumálum. Þessi vefsíða verður hýst hjá íslenskum skattyfirvöldum. Haustfundur ráðherranna var haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Þar var, auk hefðbundinna fundarefna, rætt um skattamál fyrirtækja og í því sambandi að á yfirstandandi ári muni starf Poul Schlüters beinast að landamærahindrunum fyrirtækja.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar. Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Megin verkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi.

Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á árinu hleypti nefndin af stað rannsóknarverkefni sem er unnið að frumkvæði Íslands. Fjallar það um samspil stefnumótunar í ríkisfjármálum og peningamálum. Fyrirhugað er að gera ráðherranefndinni grein fyrir þessu verkefni á vorfundi ráðherranefndarinnar í ár. Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

a) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Í ár tókst að ljúka þeirri skýrslu fyrir haustfund ráðherranna en það hefur ekki tekist undanfarin ár.
b) *Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EKMiljø) (sjá nánar kafla 10).
c) *Rannsóknarhópur um greiningu hagvaxtar.* Hópur sérfræðinga starfaði á árinu að því að greina uppruna hagvaxtar (growth accounting). Sú vinna er framhald af starfi verkefnahópa á vegum ráðherranefndarinnar sem fjallað hafa um hagvaxtarþróun á Norðurlöndum á undanförnum árum. Í umfjöllun um hinn mikla hagvöxt sem átti sér stað á síðustu árum nýliðinnar aldar kom fram að skortur var á greiningu á uppruna hagvaxtarins, einkum að því er varðar hlut upplýsingatækninnar í honum. Þessum hópi er ætlað að leysa úr þessu. Hann mun skila niðurstöðum á fundi fjármálaráðherranna á yfirstandandi ári.
d) *Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis.* Árið 2002 var settur á fót norrænn starfshópur á vegum fjármálaráðherra Norðurlandanna sem var falið að gera tillögur um norrænt verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Í hópnum var einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi jafnréttismála í hverju norrænu landanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þessa yrði ráðinn verkefnisstjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu og utanumhaldi um verkefnin. Með íslenska verkefninu er ætlunin að skoða hvernig fjármunir á sviði almannatryggingakerfisins dreifast á milli kynjanna. Stofnaður hefur verið stýrihópur sem stjórnar verkefninu og samanstendur hann af fulltrúum frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins. Norræna verkefnið stendur til ársloka 2006, en áætlað er að íslenska verkefninu verði lokið nokkru áður. Norræna verkefninu lýkur með skýrslu og gerð handbókar um það hvernig nýta megi reynslu úr þessum tilraunaverkefnum til þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið á öðrum sviðum opinberrar starfsemi.
e) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla.* Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu ESB-tilskipana á fjármálasviði og að samstarfi sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum. Á árinu var lögð fram skýrsla, sem Ísland var í fyrirsvari fyrir og byggir á könnun sem gerð var meðal kauphalla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum í desember 2003 um það lagaumhverfi sem þær búa við, erlenda fjárfestingu, samkeppni og samvinnu við aðrar kauphallir auk almennra upplýsinga (Tema-Nord 2004:534). Í skýrslunni er að finna samantekt á svörum kauphallanna þar sem áherslan er lögð á atriði eins og uppgjör viðskipta, samvinnu, samkeppni á alþjóðamörkuðum og ákveðnar Evróputilskipanir. Í skýrslunni er einnig að finna tölulegar upp-

lýsingar frá kauphöllunum. Þá var lögð fram skýrsla sem unnin var á grundvelli skýrslu sk. Giovannini-hóps um það hvort norrænu löndin hafi tekið upp alþjóðaviðmiðanir um uppgjör viðskipta.

f) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist í Noregi í maí sl. og var farið yfir helstu skattabreytingar liðins árs.

g) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir í nefndinni á árinu, í Riga í Lettlandi í mars, í Þórshöfn í Færeyjum í júní og í Árósum í Danmörku í nóvember sl. Helstu mál sem nefndin fjallaði um á árinu eru: Hin árvissa ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári; um nauðsyn þess að haft sé samráð í tæka tíð um launakjör við fulltrúa í staðsetningarlandi þegar nýir forstjórar eru ráðnir að stofnunum; um óánægju starfsmanna skrifstofanna í Kaupmannahöfn með launakjör og ráðningartímabil; um hvort hinar tímabundnu ráðningar sem tíðkast hafa, standist lög í heimalöndunum og/eða reglur ESB; hvaða reglur gilda um ferðatíma og vinnutíma á ferðalögum, innan lands sem utan; umræða um dómsmál vegna ráðninga á hendur skrif stofunum í Kaupmannahöfn; um skattamál starfsmannanna í Kaupmannahöfn; og um framkvæmd reglna um flutningskostnað þegar nýr starfsmaður flytur frá öðru landi en því sem hann er ríkisborgari í, t.d. eftir störf í Brussel.

h) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en með þeim er ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum gert kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðru norrænu landi. Á árinu var fjárframlag til starfsmannaskiptanna með líkum hætti og undanfarin ár. Hlutdeild Íslendinga nam 115 þús. DKK af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar eða 6,0%. Þá fékkst heimild til þess að nota ónotaða fjárveitingu frá árinu áður og var því hægt að koma til móts við óskir fleiri umsækjenda en ella. Styrkþegar ársins voru ellefu og hlutu þeir styrki til eins til tveggja mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Sjö þeirra fóru til Danmerkur, einn fór til Svíþjóðar, einn til Noregs og einn til Færeyja. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

i) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og upplýsingamiðlun, m.a. eru frumvörp og skýrslur um skattamál send milli ráðuneytanna. Fundurinn í ár var haldinn í Reykjavík og var á honum gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum sem gerðar voru í hverju landi fyrir sig á síðasta ári. Jafnframt var rætt um breytingar á skattaframkvæmd og áherslur í einstökum löndum, t.d. nýjar leiðir við skatteftirlit. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með

tilliti til áhrifa þeirra á norrænu löndin. Að lokum er á fundunum almennt fjallað um stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.

j) *Norræna skattrannsóknarráðið.* Ísland varð aðili að norræna skattrannsóknarráðinu í ársbyrjun 2003. Markmið þess er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði og heldur það fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Á síðasta fundi ráðsins sem haldinn var í Ósló í október sl. var farið ítarlega yfir skattlagningarheimildir sveitarfélaga.

k) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.* Embættismenn úr fjármálaráðuneytum norrænu landanna hittast alla jafna einu sinni á ári til að ræða málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996. Tilgangurinn er að ríkin ræði sín á milli þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmi túlkun hans sín á milli. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál hverju sinni. Á síðasta fundi sem haldinn var í Ósló gerðu fulltrúar hvers ríkis grein fyrir lífeyriskerfi landsins og skattlagningu lífeyrissparnaðar og lífeyrisgreiðslna. Hópurinn mun hefja vinnu við endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins á þessu ári.

l) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna.* Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fund- um er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.

m) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta viðkomandi landa sitja starfsmenn frá skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar fundi hennar.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Áfram var unnið að undirbúningi að því að Eystrasaltsríkin yrðu eignaraðilar að Norræna fjárfestingarbankanum, sem kom til framkvæmdar um áramótin 2004/2005. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann í kafla 24.3.)

Önnur starfsemi:

1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá norrænu löndunum. Hlutverk þessarar nefndar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin – norræna-baltneska fjármálanefndin – er almennt skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum, en í hinni nefndinni – norrænubaltnesku fulltrúanefndinni – sitja yfirmenn þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Þessi nýskipan hefur þær meginbreytingar í för með sér að fjármálaráðuneyti landanna koma með ákveðnari og markvissari hætti inn í þetta starf en verið hefur. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænubaltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nefna má hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

20. Húsnæðis- og byggingarmál

Árið 2004 var unnið eftir samstarfsáætlun í húsnæðis- og byggingarmálum fyrir tímabilið 2002–2005, en þar eru tilgreind þrjú meginsamstarfssvið: *Félagsleg húsnæðismál, sjálfbær þróun húsnæðis- og byggingargeira auk borgarstefnu.* Jafnframt var framhald á verkefnum sem stofnað var til undir formennsku Svía sem miða að því að lækka byggingar- og húsnæðiskostnað innan Norðurlanda og draga úr viðskiptahindrunum milli landanna sem og í viðskiptum þeirra við Eystrasaltsríkin.

Lögð var áhersla í formennskuáætluninni á að vinna með ýmsum hætti að verkefnum um *jafnvægi byggðasvæða* og í þeim efnum var lögð áhersla á þverfaglegt samstarf með þátttöku embættismannanefndarinnar um byggðamál (NERP). Einnig var lögð áhersla á umfjöllun um hinn félagslega þátt húsnæðismála, um framtíðarþróun félagslegrar húsnæðisstefnu, um stoðkerfi og stjórntæki húsnæðiskerfisins, íbúalýðræði, verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og almenns markaðar.

Ráðherrafundur.

Í nóvember sl. var haldinn fundur húsnæðisráðherra Norðurlanda (MR-Bo) í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Einnig funduðu ráðherrarnir með fulltrúum Eystrasaltsríkjanna og Póllands um aukna samvinnu milli ríkjanna um húsnæðis- og byggingarmál. Á fundinum var samþykktur samningur um aðgerðaráætlun um aukna samvinnu milli norrænu landanna, Eystrasaltsríkjanna og Póllands um að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum og auka samvinnu milli landanna á sviði byggingarmála.

Hár húsnæðiskostnaður er í dag vandamál meðal margra þjóða. Aukin viðskipti milli landanna skapa forsendur fyrir meiri samkeppni á byggingarmarkaði. Háan byggingarkostnað

er m.a. hægt að rekja til viðskiptahafta á markaðinum. Með því að minnka þau höft sem nú eru til staðar er hvatt til aukinnar samkeppni, kostnaðurinn minnkar og forsendur skapast til að lækka húsnæðiskostnaðinn. Markmiðsáætlun um skilgreindar aðgerðir, sem miðar að því að koma innihaldi samningsins í framkvæmd, fylgir samningnum.

Grundvöllur markmiðsáætlunarinnar er skýrsla sem unnin var af embættismannanefndinni í byggingar- og húsnæðismálum (EK-Bygg), „Building Sector Regulations – A background to increased exchange between countries in the Baltic Sea region".

Áætlunin inniheldur fimm mismunandi undirverkefni sem eiga að hvetja til aukinna viðskipta í byggingargeiranum á svæðinu og henni skal hrint í framkvæmd árin 2005–2007. Verkefnin eru eftirfarandi:

1) Að byggja upp opinberan gagnagrunn þar sem aðilar innan byggingargeirans geta sótt upplýsingar um m.a. mismunandi reglur sem gilda í löndunum og sem hafa þýðingu fyrir þá, til dæmis reglur um samninga, reglur um húsaleigu, kröfur um ábyrgðir og tryggingar, reglur um heilsuvernd byggingarverkamanna, öryggisreglur o.fl.
2) Að byggja upp sameiginlegt verkefni norrænu landanna þar sem áhersla verður lögð á að löndin deili reynslu sinni og nýrri þekkingu á sviði byggingarmála. Á þennan hátt deila löndin með sér þeirri þekkingu og þeim góða árangri sem náðst hefur í mörgum löndum og það kemur stærri hópi fólks til góða. Verkefnið getur einnig snúið að spurningum um að hversu miklu leyti aukin verslun með byggingarvörur milli landanna getur leitt til minni framleiðslukostnaðar og hvernig hægt væri að stuðla að slíku.
3) Að framkvæma samanburðarrannsókn á reglugerðum í byggingargeiranum, sem getur legið til grundvallar því að menn ráðfæri sig milli landanna um mögulega samhæfingu eða breytingar á lögum, með það að markmiði að skapa betri forsendur fyrir fyrirtækin að komast inn á nýja markaði.
4) Að þróa stuðningsefni til að meta samkeppniskröfur og kröfur um reynslu á vinnumarkaðinum í byggingargeiranum í löndunum. Þær ólíku kröfur sem gerðar eru í löndunum tengjast ólíkum menntakerfum og ólíkum leiðum sem farnar eru við skipulagningu á byggingarstarfseminni.
5) Að koma á laggirnar sameiginlegu netverki á því sviði sem um ræðir í áætluninni. Netverkið gæti stuðlað að því að auka þekkingu, til dæmis með málþingum, ráðstefnum og sameiginlegum rannsóknaverkefnum. Netverkið getur myndað hóp áhrifamikilla fræðimanna sem geta veitt ráðamönnum í hinum mismunandi löndum ráð út frá niðurstöðum rannsókna þar sem leitað er svara við spurningum sem upp koma.

Viðfangsefni áætlunarinnar heyrir bæði undir félagsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið sem munu vinna sameiginlega að framgangi þess hér á landi. Félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra eru sammála um að aðgerðaráætlunin sé til þess fallin að auka samstarf og samvinnu ofangreindra ríkja á sviði byggingar- og húsnæðismála og jafnframt að hún geti leitt til þess að lög og reglur landanna á sviði byggingar- og húsnæðismála verði samræmdar og einfaldaðar, sem ásamt fækkun viðskiptahindrana muni lækka byggingar- og húsnæðiskostnað. Það kom í hlut Árna Magnússonar félagsmálaráðherra að kynna samkomulagið á Norðurlandaráðsþinginu í nóvember sl.

Á formennskuárinu var lögð rík áhersla á samstarf Vestur-Norðurlanda. Árni Magnússon félagsmálaráðherra átti fund með húsnæðisráðherra Færeyja og húsnæðisráðherra Grænlands. Rætt var um samstarf landanna á sviði húsnæðismála og komu fram óskir um nánara samstarf við Íslendinga um upplýsingavinnslu og miðlun reynslu varðandi starfsemi Íbúðalánasjóðs, um búseturéttaríbúðir, leigulög og fleira. Ákveðið var að fela embættismönnum landanna að koma á samstarfi um ofangreind mál. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur í kjölfarið

verið unnið að undirbúningi að málstofu um söfnun og tengingu mannfjölda- og húsnæðisupplýsinga á Vestur-Norðurlöndum sem fyrirhugað er að halda í byrjun árs 2005.

Útgáfu- og rannsóknarstarf.

Á árinu kom út bókin „Housing and Housing Policy in the Nordic Countries" (TemaNord 2004:7). Í bókinni er yfirlit yfir stöðu húsnæðismála og samanburður á húsnæðiskerfum landanna. Bókin er uppfærð þýðing á bókinni „Boende och bostadspolitik i Norden" sem kom út árið 2001.

Í skýrslunni „Bygningslov for bedre byg – Sammenligning av bygningslovgivningen i Norden" (TemaNord 2004:526) er löggjöf landanna m.a. borin saman og gerð grein fyrir þeim þáttum sem eru til skoðunar vegna fyrirhugaðra breytinga á lögunum.

Í lok ársins var lokið við skýrslu vegna verkefnis um samanburð á borgarstefnu norrænu landanna undir heitinu „Erfaringer med implementering af bypolitik i de nordiske lande". Skýrslan kemur út í TemaNord seríunni í byrjun árs 2005.

Að tilhlutan Íslands var samþykkt að efna til verkefnis um samhengi byggðarþróunar og húsnæðismála undir heitinu „Centerperiferi polariseringens problematik och följder – Om samspelet mellan regional utveckling och bostadspolitik i Norden". Verkefnið er samstarfsverkefni embættismannanefndanna um húsnæðis- og byggingarmál og um byggðamál (NERP). Verkefnið er unnið undir stjórn Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.

Í október var haldin ráðstefna í Svartsengi í Grindavík undir heitinu „Félagsleg húsnæðisstefna á 21. öldinni". Tilgangur ráðstefnunnar var að draga saman nýjustu þekkingu og rannsóknir varðandi núverandi stöðu og framtíðarhorfur félagslegra húsnæðiskerfa Norðurlanda. Á málþinginu fluttu erindi fræðimenn og sérfræðingar frá öllum norrænu löndunum auk sérfræðings frá Borgarrannsóknastofnun háskólans í Glasgow.

21. Neytendamál

Á formennskuári Íslands hefur náðst mikilvægur árangur í samstarfi Norðurlanda á sviði neytendamála. Fundur norrænu ráðherranna um neytendamál (MR-Kons) var haldinn á Akureyri í september sl. og var þar samþykkt ný samstarfsáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 2005 – 2010. Í fyrsta sinn var einnig haldinn sameiginlegur fundur með norrænum ráðherrum á sviði neytendamála og þeirra ráðherra sem fara með málefni neytenda í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Samþykkt var á fundinum s.n. „Akureyrar-yfirlýsing" um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði neytendamála 2004 – 2007. Norrænu embættismannanefndinni um neytendamál (EK-Kons) var falið að vinna að framkvæmd og nánari skipulagningu á samstarfsverkefnum á sviði neytendamála sem ráðherranefndin vill að hafi forgang samkvæmt framangreindum samstarfsáætlunum. Nefndin hefur einnig endurskipulagt og straumlínulagað þá starfsemi sem fram fer þannig að samstarf á milli ríkjanna verði bæði hagkvæmt og skilvirkt. Í hinni nýju samstarfsáætlun er vísað til þess að norrænt samstarf byggir á traustum grunni og góðu samstarfi milli ríkjanna á sviði neytendamála allt frá upphafi norrænnar samvinnu. Í meira en áratug hafa norrænu löndin staðið að opnun markaðanna á öllum sviðum viðskiptalífsins, stutt við frjálsa samkeppni og hvatt til aðhalds neytenda á markaði. Viðskipti neytenda yfir landamæri landanna hafa aukist og samtímis hefur vöxtur fyrirtækja yfir landamæri aukist verulega og þau veita nú í síauknum mæli þjónustu og selja vörur á tveimur eða fleiri landsmörkuðum á Norðurlöndum. Til að svara auknum þörfum neytenda og koma í veg fyrir léleg gæði og óöryggi í viðskiptum hafa stjórnvöld í sífellt meira mæli hvatt seljendur vöru og þjónustu til að axla þá ábyrgð sem fylgir frjálsum og opnum mörkuðum og setja hagsmuni neytandans í öndvegi. Jafnframt er gert ráð

fyrir því að efla þurfi þverfaglegt samstarf því neytendamál koma víða við sögu, t.d. á sviði umhverfisverndar, fjármálaþjónustu, vernd barna og ungmenna og vegna aukinnar samkeppni á sviði raforkumála. Aukið samstarf er því í framtíðinni mikilvægt milli stjórnvalda, samtaka neytenda svo og seljenda vöru og þjónustu. Þess vegna er einnig mikilvægt að þær stjórnsýslustofnanir og ráðuneyti sem koma að neytendavernd setji norrænt samstarf í forgang enda er mikil hagkvæmni fólgin í því að norrænu löndin vinni sameiginlega að úrlausn verkefna á sviði neytendamála fremur en þau leiti einangraðra lausna í hverju ríki fyrir sig.

Beinir þátttakendur í norrænni samvinnu á sviði neytendamála skipta hundruðum. Tengslanet þeirra og samanlögð þekking er dýrmæt. Á formennskuári Íslands lagði viðskiptaráðherra áherslu á að við undirbúning nýrrar samstarfsáætlunar fyrir neytendamálasviðið á árinu skyldi hugað að því hvernig virkja megi þennan samnorræna mannauð og þá þekkingu sem í honum býr. Í formennskuáætluninni var einnig lögð áhersla á að stuðla að því að nýta vel þá auðlegð sem löndin búa nú þegar yfir á þessu sviði. Þannig voru á árinu samþykkt ýmis samnorræn verkefni á sviði neytendamála en sérstaklega má nefna:

- Í upphafi ársins var samþykkt tillaga viðskiptaráðherra um að efnt skyldi til norrænnar samkeppni um besta fræðsluefnið á sviði neytendafræðslu. Verðlaun eru vegleg eða alls 100 þús. d.kr. og verða þau veitt í tengslum við þing Norðurlandaráðs á Íslandi í október 2005.
- Í lok ársins var samþykkt verkefni sem felur í sér að hafinn verður undirbúningur að gerð norræns gagnagrunns um málefni neytenda og að safnað verði upplýsingum sem miða að því að auka ánægju og öryggi neytenda í viðskiptum.

Í formennskuáætlun Íslands á sviði neytendamála var einnig ákveðið að haldið skyldi hér á landi málþing um nýjan lífsstíl ungra neytenda sem byggir á lántöku og aukinni skuldsetningu ungs fólks. Á málþinginu voru einnig kynntar niðurstöður norrænna rannsókna á þessu sviði. Auk þess var haldið málþing um reynslu Norðurlanda af gerð s.n. neyslustaðla. Neyslustaðlar á Norðurlöndum eru þannig gerðir að þar má finna upplýsingar um áætlaðan kostnað við framfærslu þar sem tillit er tekið til mismunandi stærðar og annarra aðstæðna heimila. Þá var einnig rætt um fræðslu- og forvarnargildi, sem og þýðingu þeirra fyrir skipulag og aðstoð sem öll norræn ríki eru að veita vegna greiðsluerfiðleika norrænna heimila. Framangreind málþing voru haldin í Reykjavík í lok ágúst og sóttu þau um 40 innlendir og erlendir þátttakendur. Auk þess lagði Ísland til að haldið skuli norrænt málþing þar sem til umfjöllunar verði neytendavernd með hliðsjón af nýjum aðferðum við lagasetningu um neytendamál og þær breytingar sem eru að verða á skiptingu ábyrgðar á milli opinbera og einkageirans á málum er varða neytendur og neytendavernd. Málþinginu var frestað til ársins 2005.

Á árinu var auk þess starfað í föstum nefndum á sviði neytendamála og í verkefnum sem starfsfólk í stjórnsýslustofnunum vinnur að á hverju ári.

22. Málefni dómsmálaráðuneytis

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna hefur aðallega byggst á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf ásamt framkvæmdaáætlun, sem endurskoðuð hefur verið árlega. Nú hefur verið ákveðið að frá og með árinu 2005 lýsi samstarfsáætlun og formennskuáætlanir landanna áherslum og forgangsverkefnum hverju sinni, og verða því sérstakar framkvæmdaáætlanir óþarfar.

Samstarfsáætlun fyrir árin 2002–2005 var samþykkt af dómsmálaráðherrum Norðurlanda (MR-Lov) árið 2002. Markmið hennar eru m.a. að standa vörð um lýðræðislega ákvarðana-

töku á Norðurlöndum og tryggja réttaröryggi þeirra sem búa og dveljast þar. Löggjafarsamstarfið á að miða við notagildi meðal Norðurlandaþjóða og ná til þeirra sviða réttarins þar sem það er mest. Stefnt skal að samræmingu löggjafar, en þó er sá fyrirvari gerður að útfærsla einstakra réttarreglna þurfi ekki endilega að vera sú sama í öllum löndunum. Á sviði einkamálaréttar er hefð fyrir samræmdri löggjöf, og stefnt er að áframhaldandi þróun norræns samstarfs á því. Einnig hefur verið vaxandi þörf á samræmingu á sviði refsiréttar. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki er hægt að ná samræmingu er lögð áhersla á gagn þess að miðla af reynslu og skiptast á upplýsingum. Þá er sérstaklega tekið fram að norrænt löggjafarsamstarf skuli leggja sitt af mörkum til réttarþróunar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi.

Í formennskuáætlun Íslands um norrænt löggjafarsamstarf segir eftirfarandi:

„Byggja þarf á þeirri hefð sem er fyrir samráði við lagasetningu í norrænu samstarfi til að innleiða ESB/EES-gerðir og samræma sem mest löggjöf á Norðurlöndum. Það er forsenda þess að norræn velferðarþjóðfélög verði áfram samstillt þó löndin hafi valið ólíkar leiðir að sama marki. Eins er mikilvægt fyrir atvinnulífið að samræmi sé á sviði löggjafar svo að öflugur norrænn heimamarkaður geti dafnað.

Samstarf norrænu dómsmálaráðuneytanna endurspeglar sameiginlegt gildismat og réttarvitund. Slíkt umhverfi skapar frjóan jarðveg fyrir réttarbætur. Markmiðið er að Norðurlandabúar njóti áfram góðs af samstarfinu með því að lög séu samræmd að því marki sem unnt er. Áfram verður lögð rík áhersla á að samræma lög á sviði sifjaréttar og erfðaréttar.

Í samstarfi norrænu dómsmálaráðherranna verður baráttan gegn hryðjuverkum og mansali einnig í fyrirrúmi. Þá mun gaumur verða gefinn að alþjóðlegri þróun á sviði réttarfars og refsiréttar með það að markmiði að tryggja og auka áhrif norrænnar lagahefðar.

Stjórnsýslan á Norðurlöndum og norrænn stjórnsýsluréttur verður í auknum mæli fyrir áhrifum frá Evrópuréttinum. Í ljósi þess er nauðsynlegt að ræða hvort ástæða sé til að efla samstarf Norðurlanda á þessu sviði. Leitast verður við að skilgreina hvort í norrænum stjórnsýslurétti felist kostir sem vert er að halda í og standa vörð um."

Samstarfið á árinu hefur endurspeglað þessar áherslur. Á fundi norrænu dómsmálaráðherranna á Höfn í Hornafirði voru ræddar aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, þar á meðal heimildir lögreglu. Ráðherrarnir voru sammála um nauðsyn norrænnar samvinnu á þessu sviði. Þá var fjallað um endurskoðun norrænna framsalsreglna í ljósi evrópsku handtökuskipunarinnar og var ákveðið að fela embættismannanefndinni um norrænt löggjafarsamstarf (EK-Lov) að fjalla nánar um gagnkvæma viðurkenningu milli ríkjanna á þessu sviði. Einnig var rætt um baráttuna gegn spillingu og nauðsyn þess að Norðurlönd, sem eru meðal þeirra ríkja heims sem hafa minnsta spillingu, sýndu gott fordæmi. Ákveðið var að ríkin myndu vinna frekar saman á þessum vettvangi, m.a. að haldið yrði málþing þar sem þeir aðilar, sem vinna gegn spillingu, geta miðlað af reynslu sinni og skipst á skoðunum.

Sifja- og erfðaréttur var líka á dagskrá ráðherrafundarins á Höfn en undanfarið hefur verið fjallað um þörf á samræmingu norrænnar löggjafar í kjölfar ítarlegrar samantektar um þetta efni. Samantektin grundvallast á rannsóknum fræðimanna og skiptist í þrjár bækur; um hjúskaparlöggjöf, um erfðarétt og um foreldra og börn, og er búið að gefa tvær hinar fyrstnefndu út. Auk þess hefur samantekt þeirra komið út í skýrslu, „Äktenskapsrätten och successionsrätten i de fem nordiska länderna – Om möjligheterna och nyttan av lagharmonisering" (TemaNord 2002:538). Ekki þótti tímabært á fundinum á Höfn að ákveða að norræn löggjöf á þessum sviðum skyldi samræmd þar sem nokkur landanna hafa þegar hafið endurskoðun á einstökum þáttum löggjafarinnar. Þess í stað var m.a. norræna sérfræðingahópnum á sviði

sifjaréttar falið að fjalla reglulega um þörfina og möguleikana á samræmingu löggjafar á sviði sifja- og erfðaréttar. Einnig var ákveðið að ríkin myndu, þegar tiltekin réttarsvið eru tekin til endurskoðunar, taka mið af samnorrænni lagahefð og nota þær rannsóknir, sem liggja til grundvallar áðurnefndri samantekt. Þá var ákveðið að halda norræna ráðstefnu um erfðarétt árið 2005.

Norrænt samstarf á sviði stjórnsýsluréttar var rætt í norrænu embættismannanefndinni um löggjafarsamvinnu að frumkvæði Íslands. Var lagt til að vinnuhópur yrði stofnaður til að fjalla um hvernig efla megi samstarfið á þessu sviði, og hlaut það jákvæðar undirtektir.

Verkefni á sviði löggjafarsamvinnu voru fjölmörg á árinu. Samþykktar voru meginreglur um þau sjónarmið, sem embættismannanefndin leggur til grundvallar styrkveitingum. Meginreglurnar eru birtar á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar, bæði til að gæta samræmis í styrkveitingum og til að auðvelda þeim, sem sækja um styrki, að sjá hvaða sjónarmið nefndin leggur til grundvallar ákvörðunum sínum.

Norrænt löggjafarsamstarf fer að miklu leyti fram í vinnuhópum, sem óformlegt samstarf ýmist milli ráðuneytanna eða einstakra embættismanna. Hið hefðbundna löggjafarsamstarf er fyrirferðarmest á sviði einkamálaréttarins, fyrst og fremst á sviði sifjaréttar, félagaréttar, skaðabótaréttar og neytendamála. Samstarf á sviði refsiréttarins hefur verið vaxandi undanfarin ár, einkum vegna baráttunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Auk eiginlegs löggjafarsamstarfs nær norrænt samstarf einnig til annarra þátta í starfi dómsmálaráðuneytanna, þar á meðal lögreglu og ákæruvalds, forvarna og viðurlagastefnu.

Samstarf dómsmálaráðuneytanna fer einkum fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf, þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins og sameiginleg hagsmunamál rædd. Taka má fram að reglulega er gerð grein fyrir nýrri eða væntanlegri löggjöf í löndunum. Til að vinna að forgangsverkefnum eru starfshópar gjarnan settir á fót til tiltekins tíma og eru þeir skipaðir fulltrúum landanna.

Á árinu starfaði starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Óformlegir starfshópar voru þrír; sérfræðingahópur um sifjarétt, starfshópur ráðuneytanna um refsirétt og starfshópur um endurskoðun norrænna framsalsreglna (sbr. lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7 14. mars 1962) í ljósi evrópsku handtökuskipunarinnar. Enn fremur var ákveðið að stofna einn starfshóp til viðbótar, um endurskoðun norrænu laganna um fullnustu refsidóma (sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð nr. 69 12. desember 1963).

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls.

Á árinu voru haldnir þrír fundir og voru tveir sóttir af hálfu Íslands.

Ráðherrafundur var haldinn í Bergen í júní og þar var einnig haldinn sameiginlegur fundur með ráðherrum frá Eystrasaltsríkjunum. Ráðherrarnir voru sammála um að fjöldi útlendinga sem koma til ríkjanna á grundvelli fjölskyldusameiningar hefur aukist mikið. Mikilvægt sé að tryggja virka aðlögun útlendinga og vinna gegn misnotkun heimilda til fjölskyldusameiningar. Einnig voru ráðherrarnir sammála um að fylgjast vel með þróun á vinnumarkaði í kjölfar stækkunar EES. Þá var ákveðið að hafa náið samstarf um endursendingar til Kósóvó. Þess má geta að haldinn var embættismannafundur í Sarajevó um samvinnu NSHF og ríkjanna á Balkanskaganum um flóttamanna- og innflytjendamál.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra annast þetta verkefni.

Á árinu voru haldnir þrír fundir og voru tveir þeirra sóttir af hálfu Íslands. Ný heimasíða, www.nordred.org, var opnuð en á henni er t.d. að finna handbók um björgunarsamvinnu.

Ísland tók í maí 2003 við formennsku í NORDRED til þriggja ára. Lýkur tímabilinu með því að haldin verður samnorræn ráðstefna á Íslandi um björgunarmál og á sama tíma verði haldin skrifborðsæfing með þátttöku norrænu landanna, þar sem æfð verða viðbrögð við einhverri tiltekinni vá.

23. Norrænar stofnanir á Íslandi

23.1. Norræna húsið

Norræna húsið hefur skipað sér sess meðal Íslendinga og Norðurlandabúa sem miðstöð norrænnar menningar og lista. Formlegt hlutverk Norræna hússins er að koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland annars staðar á Norðurlöndum.

Lögð er áhersla á þrjú meginþemu í starfsemi stofnunarinnar; dagskrá fyrir börn og unglinga, bókmenntir, tungumál og fræðslu og starfsemi sem nær til alþjóðlegs sviðs.

Börn og unglingar.

Viðamesta verkefni ársins var Alþjóðlega barna- og unglingabókahátíðin „Galdur úti í Mýri", sem haldin var í lok september og byrjun október mánaðar. Samstarfsaðilar Norræna hússins voru Norðurlöndin í fókus, Rithöfundasamband Íslands, Borgarbókasafn, Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands, IBBY á Íslandi, SÍUNG og Goethe-Zentrum á Íslandi. Margir styrktaraðilar komu einnig að þessu verkefni m.a. Norræni menningarsjóðurinn, NORDBOK, sendiráð norrænu landanna, Bandaríkjanna og Kanada og bókaútgáfurnar Bjartur og Edda. Rithöfundar og fyrirlesarar voru frá Norðurlöndum, Þýskalandi, Englandi, Bandaríkjunum og Kanada og íslenskir rithöfundar og fræðimenn tóku einnig þátt í hátíðinni. Í anddyri var sett upp sýning á vegum „Galdrasýningar á Ströndum" og var dagskrá með upplestri og fróðleik um galdra flutt á laugardögum út október.

Kvikmyndasýningar fyrir börn og unglinga voru sem fyrr mánaðarlega á vor- og haustmisseri.

Myndskreytingar eftir norska listamanninn Knut H. Larsen gerðar við söguna „Ormur rauði“ eftir Frans G. Bengtsson voru til sýnis í anddyri í mars og apríl.

Sýning á nýjum myndskreytingum eftir Sigrúnu Eldjárn var sett upp í anddyrinu í apríl í samvinnu við Eddu-útgáfu og miðlun. Sigrún tók á móti leikskólabörnum og veitti leiðsögn og las úr nýjustu bók sinni.

Norræn leiklistarhátíð barna og unglinga var haldin í Reykjavík í maí á vegum Assitej á Íslandi og var brúðuleikhússýningin Metamorphoses sýnd tvisvar í Norræna húsinu. Tónlistarhópurinn Camerartica hélt þrenna tónleika í júní undir heitinu „Norrænir sumartónar“ fyrir leikskólabörn og börn og fullorðna. Tónleikarnir og sýning Sigrúnar voru undir merkjum „Norðurlandanna í fókus“.

Hópar skólabarna komu í heimsókn til að fá fjölbreytta fræðslu um Norðurlönd, norrænt samstarf og norræna jólasiði sem kennsluráðgjafi Norræna hússins stóð fyrir. Námskeið í dönsku fyrir átta og níu ára börn var haldið á vormisseri og á haustmisseri var námskeið í dönsku fyrir börn sem höfðu búið í Danmörku í lengri eða skemmri tíma. Sumarnámskeið sem haldin hafa verið á vegum kennsluráðgjafa féllu niður að þessu sinni, þar sem þátttaka var ekki nægileg.

Verkfall grunnskólakennara hafði áhrif á fjölda heimsókna skólabarna á haustdögum.

Bókmenntir, tungumál og fræðsla.

Sænskt-íslenskt bókakaffi með sænska rithöfundinum Jan Mårtensson og ljóðskáldinu Þorsteini frá Hamri var haldið í mars í samvinnu við sænska sendikennarann við Háskóla Íslands.

Dagskráin „Norræn leikskáld – dramatísk fimmtudagskvöld“ sem hófst haustið 2003 var haldið áfram í marsmánuði. Sveinn Einarsson fv. þjóðleikhússtjóri kynnti August Strindberg og Helga E. Jónsdóttir leikstjóri kynnti norska leikskáldið Jon Fosse.

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í mars var haldin ráðstefna í Norræna húsinu undir fyrirsögninni „Í kjölfar Píkutorfunnar... norrænn femínismi á 21. öldinni“. Ráðstefnur um sama efni voru haldnar í höfuðborgum norrænu land- anna í kjölfar útgáfu norræns greinasafns „FEMKAMP – bang om nordisk feminism“. Fyrirlesarar komu frá Norðurlöndum og Íslandi.

Danska leikkonan og leikhússtjórinn Malene Schwartz kynnti endurminningarbók sína „Livet er ikke for begyndere“ í Norræna húsinu á sumardaginn fyrsta við góða aðsókn. Allir þessir dagskrárliðir voru undir merkjum „Norðurlandanna í fókus“.

Dr. Marit Åhlén, sérfræðingur í rúnaskrift hélt fyrirlestur í lok apríl í boði Norræna hússins.

Norræna ráðstefnan „Kvinnorörelser, inspiration, intervention, irritation“ var haldin í júní í Reykjavík og voru málstofur í Norræna húsinu.

„Frændafundir 5“, ráðstefna um rannsóknir á Íslandi og í Færeyjum á veg- um heimspekideildar Háskóla Íslands og Fróðskapaseturs Færeyja var einnig haldin í júní í samstarfi við Norræna húsið.

Danski rithöfundurinn Jens Andersen sagði frá nýrri ævisögu sem hann hefur ritað um ævintýraskáldið H.C. Andersen. Dagskráin var í samvinnu við sendiráð Danmerkur.

Málþing um tungumál smáríkja var haldið í Norræna húsinu í september. Það var haldið í samvinnu við Stofnun Sigurðar Nordal, samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis og Íslenska málstöð með styrk frá norrænu málnefndinni. Málþing um málefni smáríkja á vegum Háskóla Íslands, Rannsóknaseturs um smáríki, fór einnig fram í Norræna húsinu.

Sænski spennusagnahöfundurinn Liza Marklund og norski rithöfundurinn Thorvald Steen sögðu frá bókum sínum í september. Rithöfundarnir voru í boði bókaútgefenda þeirra hér á landi. Sendiráð Svíþjóðar og Noregs styrktu einnig dagskrána.

Bókasafnið hélt uppi reglubundinni starfsemi á árinu en neyddist til að loka í júlí, svo að fastráðnir starfsmenn gætu tekið sumarleyfi, en frá því í apríl sl. hafa aðeins tveir bókasafnsfræðingar verið við störf í safninu. Merkja má vaxandi eftirspurn eftir safnefni og þjónustu.

Letterstedtski sjóðurinn styrkti safnið ennþá einu sinni til innkaupa á sænskum myndböndum/dvd diskum. Keypt eru myndbönd/dvd diskar, en höfundarréttarmál hvað snertir efni frá Danmörku valda enn miklum erfiðleikum.

Tengingar við Internetið eru yfir ljósleiðara og einnig er komið þráðlaust samband í húsið fyrir skráða notendur nets Háskóla Íslands.

Helstu dagblöð frá Norðurlöndum liggja frammi í kaffistofu Norræna hússins að vanda.

Starfsemi á alþjóðlegu sviði.

Fyrsta sýning ársins var sýningin „Manifesto 003 – Flíkur til friðar", sem finnska listakonan Jana Vyborna-Turunen, setti upp í anddyri og bókasafni.

Í sýningarsölum var opnuð sýningin „Bátur og haf" með verkum norsku listakonunnar Siri Gjesdal. Við opnunina söng kórinn „Stavanger Vocalensamble" og skáldkonan Odveig Klyve las ljóð.

Útskriftarnemar í ljósmyndun frá Iðnskóla Reykjavíkur sýndu prófverkefni sín í anddyrinu í maí og nefndu sýninguna „Ljós í ljóðum". Í júní var ljósmyndasýningin „Á veginum frá Helsinki til Vilnius", ljósmyndir eftir Finnann Santeri Sannemann.

Sumarsýning Norræna hússins „7-Sýn úr norðri" með sjö listakonum frá Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi stóð sumarlangt í sýningarsölum. Jóhanna Boga og Valgerður Hauksdóttir voru fulltrúar Íslands og sáu um undirbúning og skipulagningu. Norræna húsið lét sýningarsalinn og gæslu í té, en listakonurnar greiddu allan annan kostnað af sýningarhaldinu.

Laila Olsen sýndi málverk frá Grænlandi í anddyrinu í september.

„Norður og niður" var heitið á sýningu ungra norrænna listamanna sem stóð í sýningarsölum frá miðjum september til októberloka. Listamennirnir voru frá Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi. Sýningin hlaut styrk úr Norræna menningarsjóðnum.

„Vetrarmessa" í sýningarsölum og anddyri Norræna hússins í nóvember og fram til áramóta er einnig sýning á verkum ungra listamanna sem útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir nokkrum árum.

Samíska söngkonan Mari Boine hélt tónleika með hljómsveit sinni á vegum Norræna hússins í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs. Tónleikaför Mari Boine var skipulögð í samvinnu við Norrænu stofnunina á Álandseyjum og Norrænu stofnunina í Nuuk á Grænlandi. Uppselt var á tónleikana.

Ungir slagverksleikarar frá Tónlistarskólanum í Hørsholm héldu tónleika í apríl, Stefanoskórinn frá Uppsölum í Svíþjóð og Duo Saxopran, eða Rebecca Persson sópran og Per Egholm saxófón- og píanóleikari, héldu tónleika í maí.

Camerartica tónlistarhópurinn hélt sólstöðutónleika í júní og nokkrir hópar tónlistarmanna sóttu Ísland heim og héldu tónleika í Norræna húsinu á eigin vegum. Á Menningarnótt í Reykjavík lék hljómsveitin Spaðar og voru tónleikarnir í samstarfi við Háskóla Íslands.

Í nóvember var haldið málþing um danska kvikmyndaleikstjórann Carl Th. Dreyer. Það

var haldið í tengslum við Dreyerhátíð, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kvikmyndasafn Íslands stóðu að í Reykjavík.

Tónleikar með finnskum tónlistarmönnum, Sami Mäkelä sellóleikara og Taru Myöhänen-Mäkelä píanóleikara voru í byrjun desember. Tónleikarnir voru í samvinnu við Suomifélagið á Íslandi og Sendiráð Finnlands.

Sagnfræðingafélag Íslands hélt áfram fyrirlestraröð sinni á vor- og haustmisseri og einnig voru tónleikar á vegum tónleikanefndar Háskóla Íslands. Ýmsar stofnanir innan Háskóla Íslands stóðu fyrir hádegisfyrirlestrum í fundarsal og nokkur félagasamtök og opinberar stofnanir hafa nýtt sér fundaraðstöðu í Norræna húsinu til fyrirlestra, málþinga og opinna funda.

Sendikennarar frá Norðurlöndum hafa skrifstofur sínar í Norræna húsinu og afnot af kennslurými í kjallara. Háskóli Íslands greiðir leigu fyrir húsnæðið.

Stjórn Norræna hússins er skipuð einum fulltrúa frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Áheyrnarfulltrúi frá Færeyjum hefur setið á stjórnarfundum Norræna hússins þetta árið en Álandseyjar og Grænland hafa ekki nýtt sér rétt sinn til að senda áheyrnarfulltrúa á fundina.

23.2. Norræna eldfjallastöðin/Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)

Norræna eldfjallastöðin var lögð niður í lok júní sl. og starfsemin fluttist þá að öllu leyti til Háskóla Íslands. Nýr samningur þess efnis milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskólans tók jafnframt gildi. Samningurinn, sem gerður var með fulltingi menntamálaráðuneytisins, gildir til ársloka árið 2007 en samkvæmt honum fluttust öll verkefni Norrænu eldfjallastöðvarinnar yfir til nýs Norræns eldfjallaseturs (Nordisk Vulkanologisk Center) innan Háskólans sem stofnað var 1. júlí sl. Á sama tíma voru gerðar umtalsverðar skipulagsbreytingar á jarðvísindarannsóknum við Háskóla Íslands. Þær voru áður unnar á Raunvísindastofnun Háskólans, innan jarðeðlisfræðistofu og jarð- og landfræðistofu. Þessar stofur og Norræna eldfjallasetrið voru sameinaðar í nýja Jarðvísindastofnun Háskólans þar sem nú starfa um 60 manns. Jarðvísindastofnun Háskólans er sjálfstæð eining innan Raunvísindastofnunar.

Skipulagsbreytingarnar eru hluti af viðamiklum breytingum á skipulagi norræns rannsóknasamstarfs. Samkvæmt þeim skal yfirstjórn norrænna rannsóknastofnana flytjast yfir til þeirra landa þar sem stofnanirnar starfa. Jafnframt verður dregið úr föstum norrænum fjárveitingum til þeirra. Norræna eldfjallastöðin er fyrsta stofnunin sem breytt var á þennan hátt. Framlög af norrænum fjárlögum til starfseminnar er óbreytt 2004 og 2005 en minnkar í áföngum 2006 og 2007. Samkvæmt samningi við Norrænu ráðherranefndina mun framlagið nema um 52 millj. ísl.kr. árið 2007 (á verðlagi ársins 2004), en var 87 millj. isl.kr. árið 2004. Til að vega á móti þessari lækkun hefur menntamálaráðuneytið aukið fjárveitingar til starfseminnar um 15 millj. ísl. króna á ári frá árinu 2004. Heildarframlag ráðuneytisins til starfseminnar hækkaði þannig úr um 18 millj. ísl.kr. árið 2003 í um 33 millj. ísl.kr. árið 2004. Samanlögð hækkun á framlagi ráðuneytisins til starfseminnar á fyrsta samningstímabilinu um rekstur Norræna eldfjallasetursins, 1. júli 2004 til ársloka 2007, er svipuð og nemur lækkun fjárveitingar frá Norrænu ráðherranefndinni. Fjárveitingar til rekstursins eru því tryggðar á þessu tímabili.

Við yfirfærslu verkefna Norrænu eldfjallastöðvarinnar til Háskóla Íslands urðu margvíslegar breytingar á rekstrinum sem áður hafði verið að fyrirmynd samnorrænna stofnana. Öllum starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar var sagt upp en þeim samtímis boðin ný störf við Jarðvísindastofnun Háskólans. Bráðabirgðaákvæði voru sett við lög Háskólans til

þess að ekki þyrfti að auglýsa störfin, með það að leiðarljósi að yfirfærslan ylli sem minnstri röskun á högum starfsmanna eldfjallastöðvarinnar og rekstri starfseminnar. Allir starfsmenn voru endurráðnir og vinna flestir sambærileg störf og áður, að undanskildum stjórnunarstörfunum. Skrifstofustjóri Norrænu eldfjallastöðvarinnar var ráðinn sem skrifstofustjóri Jarðvísindastofnunar Háskólans. Starf forstöðumanns Norrænu eldfjallastöðvarinnar var lagt niður, og forstöðumaðurinn ráðinn sem sérfræðingur til Norræna eldfjallasetursins.

Fyrirhugað er að Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans viðhaldi norrænum verkefnum og tengslum í eldfjallafræði á sama hátt og Norræna eldfjallastöðin gerði áður. Í stað stjórnar Norrænu eldfjallastöðvarinnar hefur nú tekið til starfa norræn verkefnanefnd skipuð af einum vísindamanni frá hverju norrænu landanna. Verkefnanefndin hefur ráðgjafarhlutverk, sérstaklega hvað varðar norræna vídd í starfseminni. Verkefnanefndin skipar einn fulltrúa í fimm manna stjórn Jarðvísindastofnunar, en þar sitja að auki þrír starfsmenn stofnunarinnar, og einn alþjóðlegur fulltrúi, vísindamaður sem starfar utan Norðurlanda. Þannig er ætlunin að stjórn Jarðvísindastofnunar hafi norræn og alþjóðleg viðmið.

Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi mun enn sem fyrr verða stöður fyrir unga norræna vísindamenn á Norræna eldfjallasetrinu. Fimm slíkar stöður eru veittar á hverju ári til eins árs í senn. Þessar stöður hafa verið einn af hornsteinunum í norrænni eldfjallafræði allt frá stofnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Önnur mikilvæg breyting á árinu var að starfsemin flutti í ný húsakynni í Öskju, nýju Náttúrufræðahúsi Háskólans, sem er sérhannað undir starfsemina. Samnýting rannsóknaraðstöðu var höfð að leiðarljósi við hönnun húsnæðisins, þannig að ætla má að aukin eða breytt umsvif í opnu rannsóknarumhverfi verði norrænum eldfjallarannsóknum til góða.

Rannsóknarhópur Norræna eldfjallasetursins saman stóð í lok ársins af átján manns, þar af eru átta erlendir vísindamenn.

Norræn verkefni og samstarf.

Þrír norrænir styrkþegar fengu framlengingu á sínum stöðum og tveir nýjir byrjuðu á árinu. Annar þeirra sem lauk þjálfun á eldfjallastöðinni hélt til Cambridge í Englandi. Sá starfsmaður hafði unnið að rannsóknum á jarðskjálftum í Kötlu og m.a. leitt líkum að því að hin mjög staðbundna jarðskjálftavirkni undir Goðabungu sé einkenni á gúl sem sé að myndast. Dæmi um annað verkefni sem hefur fengið umtalsverða athygli eru rannsóknir á fyrirboðum jarðskjálfta. Vísbending er um að efnasamsetning vatns í borholu við Húsavík hafi breyst fyrir jarðskjálfta sem þar varð í september 2002. Af reyndari vísindamönnum hélt einn til síns heima í Noregi eftir fjögurra ára starf á Norrænu eldfjallastöðinni. Hann hafði unnið að rannsóknum á jaðargosbeltum Íslands með tilliti til uppruna bergtegunda sem þar koma fyrir. Einn danskur vísindamaður fékk styrk frá Rannís til að vinna að rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum með mælingum úr gervitunglum.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Eitt af þeim alþjóðlegu verkefnum sem unnin eru á Norræna eldfjallasetrinu er samstarf um rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli, en þar hefur Norræna eldfjallasetrið m.a. tekið þátt í rannsókn á öskulögum og öðrum vísbendingum um eldgos sem finna má í ískjörnunum. Á árinu hófst alþjóðlegt verkefni styrkt af ESB, FORESIGHT, sem Norræna eldfjallasetrið tekur þátt í. Í því er fjallað um tengsl ýmiss konar náttúruváar, m.a. jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla og tsunami sjávarflóðbylgja. Þátttakendur eru m.a. rannsóknarhópar frá Frakklandi, Bretlandi, Portúgal, Íslandi og Tyrklandi. Verkefnið er eitt af því fyrsta á Norræna eldfjallasetrinu sem tengist tsunami, en í árslok var ákveðið að huga að eflingu þess háttar rann-

sókna vegna hörmunganna í Suðaustur-Asíu í desember sl. vegna hins geysistóra jarðskjálfta og tsunami flóðbylgju sem þá varð.

Íslensk verkefni og samstarf.

Eldgos varð í Grímsvötnum í byrjun nóvember sl. Þá komu í ljós kostir þess að margir jarðvísindamenn væru á einni stofnun. Norræna eldfjallasetrið tók þátt í vinnu sem beindist að því að segja til um eldgosið í samstarfi við jarðeðlisfræðinga á Jarðvísindastofnun, ásamt Veðurstofu Íslands. Landris á Grímsfjalli var notað til að meta kvikuþrýsting og leiddi í ljós að hann væri vaxandi. Eldgosið á árinu var sérstakt fyrir þær sakir að jökulhlaup hófst fyrir eldgosið og þrýstiléttir var undanfari eldgossins. Rannsóknum á hegðun jarðskjálfta á Suðurlandi hefur verið haldið áfram. Nákvæmar landmælingar sýna að hægfara hreyfingar eiga sér stað eftir jarðskjálftana vegna útjöfnunar spennu í jarðskorpunni. Hreyfingar eru notaðar til að skilja eðli jarðskorpunnar og svörun hennar við jarðskjálftum.

24. Norrænar lánastofnanir

24.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans var góð fyrstu átta mánuði ársins. Hagnaður bankans á tímabilinu jókst um 11% í samanburði við sama tímabil á fyrra ári og var um 9,68 mia. ISK (111 mio. EUR). Vaxtamunur nam 9,5 mia. ISK (109 mio. EUR) samanborið við 8,9 mia. (102 mio. EUR) fyrir sama tímabil árið 2003. Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans var 1.474 mia. ISK (16,9 mia. EUR) í samanburði við 1.456 mia. ISK (16,7 mia. EUR) við áramótin 2003/2004. Lausafjárstaða var 278 mia. ISK (3.189 mio. EUR) á móti 239 mia. ISK (2.744 mio. EUR) um áramótin. Á tímabilinu fengu eigendur bankans, norrænu löndin fimm, greiddan arð af hagnaði ársins 2003 að fjárhæð 3,6 mia. (41,3 mio. EUR).

Umsamin ný útlán námu 1.031 mio. EUR (1.029) en útborguð lán á tímabilinu námu 779 mio. EUR (910). Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 10.472 mio. EUR samanborið við 10.522 mio. EUR um áramótin 2003/2004. Á tímabilinu voru fyrirframgreiðslur eldri lána frá viðskiptavinum áberandi í rekstri bankans. Þetta á við jafnt um norræn útlán sem lán utan Norðurlanda.

Á tímabilinu gaf bankinn út 13 flokka skuldabréfa í 6 mismunandi myntum alls að fjárhæð sem samsvarar 1.545 mio. EUR (2.759). Að teknu tilliti til framlenginga á eldri skuldabréfaflokkum að fjárhæð 630 mio. EUR, nam ný fjármögnun bankans 2.175 mio. EUR. Á vormánuðum gaf bankinn í þriðja sinn út flokk alþjóðlegra skuldabréfa (global bonds) til fimm ára að fjárhæð 1 mia. USD.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Bakfærslur vegna fyrri framlaga á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum voru hærri en ný framlög og voru nettóáhrif á afkomu bankans jákvæð um 3,3 mio. EUR.

Gert er ráð fyrir að afkomuþróun bankans á síðari hluta ársins verði jákvæð og að arðsemi eiginfjár verði svipuð og á fyrstu átta mánuðunum. Hagnaður bankans árið 2003 var 151 mio. EUR og má ætla að hann verði nálægt 170 mio. EUR eða 14,9 mia. ISK árið 2004.

Ný aðildarlönd.

Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, gerðust aðilar að bank- anum í upphafi árs 2005. Í febrúar sl. undirrituðu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna nýjan samning um NIB. Samningurinn, sem aðildarlöndin átta hafa nú staðfest, felur í sér að frá ársbyrjun 2005 verða Eistland, Lettland og Litháen aðilar að NIB á sömu forsendum og

núverandi eigendur bankans, þ.e. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Með nýja samningnum taka jafnframt gildi nýjar samþykktir fyrir bankann.

Útlán innan Norðurlanda.

Stærstur hluti útlána innan Norðurlanda var til orkumála. Bankinn fjármagnaði m.a. fjárfestingar í vatnsaflsvirkjun og jarðvarmavirkjunum á Íslandi, umhverfisvænu orkuveri í Austurríki, sem og umhverfisvænni orkuframleiðslu í Noregi og Svíþjóð. Í Finnlandi og Danmörku fjármagnaði bankinn uppbyggingu flutningsnets raforku.

Útlán utan Norðurlanda.

Alþjóðalán bankans voru sem fyrr einkum veitt til fjármögnunar innviðaframkvæmda, fyrst og fremst innan raforkugeirans og til samgangna og fjarskipta. Meðal annars fjármagnaði NIB uppbyggingu GSM-fjarskiptanets í Túnis og eflingu raforkuflutningskerfis í Rúmeníu.

Útlánarammi bankans fyrir útflutningsverkefni (PIL) var aukinn úr 3.300 mio. EUR í 4.000 mio. EUR þann 1. júlí sl. Á sama tíma tóku gildi nýjar reglur um PIL ábyrgðir eigenda. Hækkun útlánarammans hefur í för með sér aukna möguleika fyrir bankann á fjármögnun verkefna utan aðildarlandanna.

Umhverfislán.

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinunum í lánastarfsemi bankans. Á tímabilinu samþykkti bankinn níu ný umhverfislán að fjárhæð 145 mio. EUR. Af útborguðum lánum á tímabilinu voru umhverfislán nálægt 15%. Meðal verkefna má nefna fjárfestingar í vatnsfráveitu og uppsetningu mengunarbúnaðar í sænskri pappírsverksmiðju og fráveitukerfi Reykjavíkurborgar.

Innan ramma hins svokallaða Ladogaverkefnis voru samþykkt lán til fjárfestingar m.a. til fyrirtækja í pappírsiðnaði. Ladogaverkefnið er umhverfislánaverkefni sem miðar að fjármögnun verkefna á svæðinu kringum vötnin Ladoga og Onega í Rússlandi. Þeir sem njóta fjármögnunar eru fyrst og fremst einkafyrirtæki innan pappírs-, hrávöru- og málmiðnaðar. NIB hrinti verkefninu af stað í lok árs 2003 innan ramma Northern Dimension Partnership (NDEP). Í júlí sl. tók NIB á ný við formennsku í stjórn NDEP. NDEP miðar að því að samhæfa og efla fjármögnun mikilvægra umhverfisverkefna í Norðvestur-Rússlandi. NDEP hefur sett á fót fjárfestingaáætlun sem nemur nálægt 2 miljörðum EUR. Verkefni sem að umfangi nema nær hálfri þessari fjárhæð eru nú þegar komin í gang.

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu ríflega 642 mio. EUR í lok ársins. Þetta samsvarar um 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi á árinu námu rúmlega 20,2 mia. ISK (232 mio. EUR) en um 7,7 mia. (89 mio. EUR) árið 2003. Fjárhæð útborgaðra lána til Íslands á árinu er sú langhæsta í sögu bankans. Samþykkt voru ný lán til 9 nýrra verkefna að fjárhæð 23,3 mia. ISK (267 mio. EUR). Verkefnin voru fjölbreytt en þó voru verkefni á sviði orkuöflunar áberandi. Veitt var lán að upphæð 6,1 mia. ISK (70 mio EUR) til Landsvirkjunar vegna byggingar virkjunar við Kárahnjúka og lán að upphæð 6,1 mia. ISK (70 mio. EUR) til Orkuveitu Reykjavíkur vegna uppbyggingar á jarðvarmavirkjun á Hellisheiði. Til uppbyggingar á jarðvarmavirkjun á Reykjanesi var Hitaveitu Suðurnesja hf. veitt lán að fjárhæð 3,5 mia. (40 mio EUR). Af þessu má sjá að bankinn er áfram afar mikilvægur þátttakandi í fjármögn-

un orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjananna er t.a.m. um 50%. Með fjármögnun verkefna af þessu tagi er bankinn virkur bakhjarl verkefna sem stuðla að áframhaldandi jákvæðri efnahagsþróun hér á landi.

Á árinu var greitt út 2,1 milljarðs lán (24 mio. EUR) til Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á viðamiklu verkefni sem miðar að hreinsun strandlengjunnar og eflingu fráveitukerfis borgarinnar. Lán til einkafyrirtækja voru einnig áberandi á árinu, var 2,1 milljarðs lán veitt til Actavis Group hf. til fjármögnunar á nýju rannsóknarhúsi í Hafnarfirði og 1,2 milljarðs lán (14 mio. EUR) til Eimskips ehf. til fjármögnunar kaupa á FAROE skip í Færeyjum.

Auk útlána hefur bankinn verið virkur þátttakandi í samstarfi við íslenska aðila við undirbúning og ákvörðunartöku um fjárfestingarverkefni á ýmsum sviðum. Sem fyrr hefur áhersla verið lögð á umhverfismál í starfsemi bankans. Má nefna að í sambandi við ákvörðun um lánveitingar til verkefna á sviði orkumála var farið í viðamikla vinnu af hálfu bankans við mat á umhverfis áhrifum af þeirra völdum og nauðsynlegum mótaðgerðum í tengslum við umhverfisröskun. Leitað var eftir sjónarmiðum sem flestra sem höfðu hagsmuna að gæta í þessum efnum. Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á henni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar.

Lykiltölur NIB

(í milljónum evra)	*1–8/2004*	*1–8/2003*	*1–12/2003*
Hreinar vaxtatekjur	109	102	155
Hagnaður	111	100	151
Útborguð lán	779	910	1.841
Samningsbundin lán	1.031	1.029	1.859
Tekin lán (ný)	1.545	2.759	3.258
Hagnaður / eigið fé (%)	9,9	9,5	9,5
	31/8 2004	*31/8 2003*	*31/12 2003*
Útistandandi lán	10.472	10.323	10.522
Niðurstaða efnahagsreiknings	16.908	17.303	16.666
Handbært fé	3.189	3.802	2.744
Fjöldi starfsmanna	152	147	147

14/10 2004: 1.00 EUR = 87,2 ISK

24.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Megintilgangur Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) samkvæmt stofnsamningi er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Núverandi stofnfé félagsins er 98 millj. ekna. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsendna þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki

eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meira en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði. Í lok ársins var NEFCO þátttakandi í 61 verkefni sem var í gangi, með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 92 millj. ekna, en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 840 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 7, Slóvakía 2, Eistland 12, Lettland 16, Litháen 8, Úkraína 1 og Rússland 15. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 14, Finnland 13, Noregur 14 og Svíþjóð 18. Verkefnin með íslenskri aðild eru á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu og fiskvinnslu í Rússlandi. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtæki á því sviði, Slovgeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Með hliðsjón af því, að allmörg viðfangsefni sem við blasa, einkum austast í Austur-Evrópu, verða ekki leyst við óbreyttar aðstæður með markaðslausnum, var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO árið 1995 og starfrækja hann næstu þrjú árin til reynslu. Árið 1998 var ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram næstu fimm árin með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af starfsemi sjóðsins. Tilgangur sjóðsins var að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sömu landsvæðum og heföbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Á árinu var fjallað ítarlega um framtíð sjóðsins, m.a. með hliðsjón af stækkun ESB. Ákveðið var að hætta starfsemi sjóðsins í Eystrasaltsríkjunum og einbeita kröftum að verkefnum í Norðvestur-Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Úkraínu. Var ákveðið að ríkin greiddu í sjóðinn á árunum 2005–2007 um 50% af framlögum eins og þau voru 1998 til 2003. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum. Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins, hafði í árslok samþykkt að taka þátt í 43 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 2, Lettland 7, Litháen 2, Pólland 0 og Rússland 32.

24.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi lönd hafa nú gengið í ESB og hefur Norræna ráðherranefndin tekið ákvörðun um að Nopef geti starfað þar

næstu þrjú árin með því að draga hægt og bítandi úr starfsemi sinni og hætta henni alfarið að þeim tíma liðnum.

Núverandi samningur Nopef og ráðherranefndarinnar rann út í lok ársins. Gengið hefur verið frá nýjum samningi til næstu þriggja ára.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:
- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsinki í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fimm fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda voru ellefu verkefnafundir á árinu. Þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest af stjórn Nopef á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Formennska í stjórn Nopef á árinu var í höndum fulltrúa Íslands í stjórninni.

Verkefni.

Nopef bárust 215 umsóknir á árinu en þær voru 257 árið 2003. Samþykktar umsóknir voru samtals 132 (181 árið 2003).

Ekki var gert sérstakt átak á árinu af hálfu starfsmanna sjóðsins í því að koma Nopef á framfæri við íslensk fyrirtæki. Í janúar 2005 verður hins vegar kynning á sjóðnum, samhliða kynningu á öðrum norrænum sjóðum, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

24.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ). Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 milljónir SDR og 330 milljónir EUR, eða alls um 930 milljónir EUR (um 76 milljarðar ísl.kr.). NDF tók upp evruna (EUR) sem mynteiningu 1. janúar 2001. Á árinu undirritaði NDF 13 lánasamninga að fjárhæð 101 milljón EUR (um 8,3 milljarðar ísl.kr.). Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð 912 milljónir EUR (um 74

milljarðar ísl.kr.) til 183 verkefna í 33 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali (USD) á ári. Um 43% lána NDF hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 USD/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 USD/ári), og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761 – 3030 USD/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum NDF frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um 20 samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd. Stjórn sjóðsins veitti í fyrsta sinn á árinu lán til þriggja nýrra landa, Kambódíu, Kenýa og Rúanda.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 milljónir EUR (um 2,1 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum NDF árið 2001 þannig að nú getur sjóðurinn veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: (a) beint til fjárfestingarverkefna; (b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; (c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. NDF starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF hefur jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu), og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 milljónir SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Á árinu var gerð viðamikil úttekt á starfsemi NDF að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar og eru niðurstöður hennar hafðar til hliðsjónar þegar ákveðið verður hvort stofnfé sjóðsins verður aukið á árinu 2005. Slík úttekt er gerð á fimm ára fresti. Fulltrúar utanríkisráðuneyta norrænu landanna vinna nú að gerð sameiginlegrar skýrslu sem mun lýsa helstu stefnumiðum NDF næstu fimm árin og innihalda sameiginlega tillögu ráðuneytanna um stærð endurfjármögnunarinnar. Skýrslan mun liggja til grundvallar fyrir ákvörðun samstarfsráðherra Norðurlanda um endurfjármögnun sjóðsins. Í stjórn NDF sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 16, þar á meðal einn Íslendingur.

24.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu greitt út þrettán lán, fimm til Færeyja og átta til Grænlands, samtals að upphæð 36,7 MDKK.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2003/2004 119,7 MDKK og á sama tíma námu útlán samtals 97,2 MDKK.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 MDKK á ári.

Í ársreikningum fyrir árið 2003 er hagnaðurinn 36.617 DKK, sem var styrkur sjóðsins til NORA árið 2004.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is.

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2005

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2005 er óbreyttur frá síðasta ári eða 825,893 millj. d.kr. að teknu tilliti til verðlagsþróunar og gjaldeyrisbreytinga. Á greiðslugrunni eru fjárlögin 815,593 millj. dkr., sem er 10 millj. d.kr. lægri en fjárhagsramminn. Ráðherranefndin á þannig kröfu á hendur löndunum sem þeirri upphæð nemur. Ráðherranefndin innheimtir ekki þessa upphæð frá löndunum.

Í þeim áherslum sem koma fram í fjárlögunum er tekið mið af tilmælum Norðurlandaráðs, áherslum í „Nýrri norrænni dagskrá“, ásamt þeirri forgangsröðun sem formennskuáætlanir landanna hafa í för með sér.

Fjárlagaliðurinn, Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer) ásamt fjármagni til breytingar á forgangsröðun er áfram á fjárlögum fyrir 2005 og nemur 10,200 þús. d.kr. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er einkum hugsað til einstakra aðgerða fremur en langtímaverkefna. Ef veitt er fé af þessum lið til langtímaverkefna skal í upphafi fjallað um hvernig staðið skuli að framtíðarfjármögnun.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 2003 var í fyrsta sinn farið að ákvörðun samstarfsráðherranna um nýtt fjárlagaferli sem tekin var á árinu 2002. Nýja fjárlagaferlið felur í sér skýrari fyrirmæli um fjárlagagerð, hverju fagsviði eru settir fjárhagsrammar, gert er ráð fyrir aukinni þátttöku af hendi fagsviðanna, sem og nánara samráði við Norðurlandaráð um fjárlagagerðina. Miðað við fyrri fjárlagagerð er að nokkru leyti um að ræða breytingar í uppsetningu og útliti skjalsins. Fjárlög fyrir 2005 eru unnin samkvæmt ákvörðun um nýja tilhögun við fjárlagaferli.

Í fjárlögunum eru sérstök yfirlit yfir fagsviðin, jafnréttismál í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, samstarf við frjáls félagasamtök, starf að málefnum barna og unglinga, starf ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna í heild sinni og yfir fjárveitingar til upplýsingamiðlunar um norrænt samstarf. Þetta er gert vegna þeirrar athygli sem beinst hefur að þessum sviðum sökum þverfaglegs eðlis þeirra. Rannsóknaráætlanir binda þó nokkuð fjármagn í fjárlögunum og því er einnig yfirlit yfir áætlaða þróun þeirra.

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2000–2003



Óráðstafað fjármagn við árslok 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003

Fagsvið (þús. d.kr.)	1999	2000	2001	Breyting 2000–2001	2002	Breyting 2001–2002	2003	Breyting 2002–2003
Menningarsamstarf (NMR)	9.322	7.689	1.649	-6.040	2.200	551	2.615	-415
Norræni menningarsjóðurinn	2.760	5.599	2.148	-3.451	-	-2.148	-	0
Menntun og rannsóknir	12.601	2.920	1.437	-1.483	2.411	974	1.218	-1.194
Ráðherranefnd um upplýsingatækni		1.020	89	-931	32	-57	69	36
Grannsvæðin	4.417	2.900	2.396	-504	2.218	-178	2.653	435
Orkumál	202	610	107	-503	- 1.760	-1.867	1.239	2.999
Umhverfismál	2.874	559	1.051	492	347	-704	663	316
Efnahagsmál	472	36	170	134	146	-24	297	151
Byggðamál	5.613	2.035	2.283	248	790	-1.493	3	-787
Samgöngumál	166	206	42	-164	15	-27	1	-14
Landbúnaður og skógrækt	3.151	164	346	182	123	-223	166	43
Sjávarútvegsmál	102	41	116	75	184	68	3	-181
Vinnumarkaður og -umhverfi	1.365	1.432	760	-672	242	-518	311	70
Félags- og heilbrigðismál	541	447	310	-137	463	153	448	-15
Jafnréttismál	37	284	806	522	72	-734	17	-55
Samstarf í vímuefnamálum	403	46	157	111	610	453	85	-525
Aðgerðir í velferðarmálum	2.075	718	582	-136	582	0	582	0
Atvinnumál	732	152	475	323	68	-407	38	-30
Byggingar- og húsnæðismál	0	282	24	-258	0	-24	59	59
Neytendamál	1.131	868	851	-17	1.569	718	229	-1.340
Matvæli	0	478	317	-161	20	-297	12	-8
Löggjafarmál	757	851	164	-687	308	144	360	52
Önnur samnorræn starfsemi	4.989	2.109	2.931	822	1.133	-1.798	2.756	1.623
SAMTALS	**53.710**	**31.446**	**19.211**	**-12.235**	**11.774**	**-7.437**	**13.824**	**2.050**

Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki. Verkefni og styrkir eru samtals um það bil 57% af fjárlögum ráðherranefndarinnar.

Við ákvörðun fjárveitinga til hinna einstöku fjárlagaliða er horft til óráðstafaðs fjármagns frá síðasta þekkta bókhaldsári og byggt á reynslu fyrri ára varðandi þann fjárlagalið sem um ræðir. Þetta er í samræmi við ákvörðun ráðherranefndarinnar um að draga úr óráðstöfuðu fjármagni. Frá árinu 2003 hefur sú regla verið í gildi að ekki nema 5% af því fjármagni sem ætlað er til verkefna og styrkja megi yfirfæra óráðstafað á milli fjárlagaára. Miðað við fjárlagaárið 2005 er um 41 millj. d.kr. að ræða.

Á árunum 2001–2002 lækkaði óráðstafað fjármagn ráðherranefndarinnar um 7,5 millj. d.kr. eða um það bil 38%. Á tímabilinu 2002–2003 hækkaði óráðstafað fé um 8%. Að öðru leyti hefur óráðstafað fé lækkað undanfarin ár. Miðað við heildarfjárlagaramma nemur óráðstafað fjármagn 1,6% sem er vel undir markmiði ráðherranefndarinnar um 5%.

Yfirlit yfir alla fjárlagaliði

Menningarmál		**Fjárlög 2005**	**Fjárlög 2004**	**Mismunur +/-**	**%**
Menningarmál		**160.537**	**157.473**	**3.064**	**1,9%**
				-1.010	
	Almennt framlag til menningarmála	*35.212*	*36.222*		*-2,8%*
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	5.114	6.714	-1.600	-23,8%
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	30.098	29.508	590	2,0%
	Börn og unglingar	*13.694*	*13.426*	*268*	*2,0%*
	Verkefni og almennir styrkir	*13.694*	*13.426*	*268*	*2,0%*
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.246	25	2,0%
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	6.294	6.171	123	2,0%
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	6.129	6.009	120	2,0%
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	*32.780*	*32.154*	*626*	*1,9%*
	Verkefni og almennir styrkir	*27.137*	*26.605*	*532*	*2,0%*
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.655	5.544	111	2,0%
1-2222-2	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	21.482	21.061	421	2,0%
	Stofnanir	*5.643*	*5.549*	*94*	*1,7%*
1-2228-3	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.237	2.200	37	1,7%
1-2229-3	Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)	3.406	3.349	57	1,7%
	Listasvið	*35.895*	*35.315*	*580*	*1,6%*
	Verkefni og almennir styrkir	*19.231*	*18.854*	*377*	*2,0%*
1-2230-1	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.838	7.684	154	2,0%
1-2238-2	Sleipnir	2.760	2.706	54	2,0%
1-2239-1	Norræna safnanefndin (Museikommittén)	1.227	1.203	24	2,0%
1-2246-4	Norræna listamannaheimilið í Róm	856	839	17	2,0%
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.550	6.422	128	2,0%
	Stofnanir	*16.664*	*16.461*	*203*	*1,2%*
1-2255-3	Norræna sviðslistanefndin (NordScen)	7.205	7.085	120	1,7%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.535	1.603	-68	-4,2%
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	7.924	7.773	151	1,9%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	*31.870*	*29.488*	*2.382*	*8,1%*
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	7.484	6.746	738	10,9%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	10.958	10.135	823	8,1%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.084	1.854	230	12,4%
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.949	4.481	468	10,4%
1-2279-1	Viðhald menningarhúsa	1.047	1.026	21	2,0%
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	5.348	5.246	102	2,0%
	Annað menningarsamstarf	*11.086*	*10.868*	*218*	*2,0%*
	Verkefni og almennir styrkir	*11.086*	*10.868*	*218*	*2,0%*
1-2234-4	Samískt samstarf	4.211	4.128	83	2,0%
1-2296-1	Norræn menningarverkefni erlendis	6.875	6.740	135	2,0%

Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/-	Mismunur %
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni		**203.351**	**201.977**	**1.374**	**0,7%**
Menntun og rannsóknir		**202.258**	**200.905**	1.353	0,7%
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	*4.034*	*1.793*	*2.241*	*125,0%*
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir	4.034	1.793	2.241	125,0%
	Stefnumörkun o.fl.	*20.648*	*13.395*	*7.253*	*54,1%*
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	2.564	3.142	-578	-18,4%
2-2520-1	Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.823	2.234	-411	-18,4%
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun – HÖGUT	2.159	2.646	-487	-18,4%
2-2540-1	Norræn málnefnd	0	0	0	-
2-2544-1	Norræna málráðið	2.069	2.028	41	2,0%
2-2550-1	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	563	552	11	2,0%
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.544	1.892	-348	-18,4%
2-3127-1	Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.437	0	6.437	-
2-3129-1	Norrænar vísindaupplýsingar	2.550	0	2.550	-
2-3140-1	Norræna lífsiðfræðinefndin	939	901	38	4,2%
	Ferðastyrkir og tengslanet	*107.665*	*107.810*	*-145*	*-0,1%*
2-2512-2	Nordplus junior	20.309	19.911	398	2,0%
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	0	0	0	-
2-2516-2	Nordplus-mini	0	0	0	-
2-2522-2	Nordplus Voksen	9.069	8.891	178	2,0%
2-2532-2	Nordplus (Æðri menntun)	32.769	32.126	643	2,0%
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.151	1.128	23	2,0%
2-2542-1	Norrræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	0	0	0	-
2-2543-1	Nordplus sprog	8.978	8.802	176	2,0%
	Stofnun	*35.389*	*36.952*	*-1.563*	*-4,2%*
2-3115-3	Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)	35.389	36.952	-1.563	-4,2%
	Rannsóknir: Verkefni og áætlanir	*34.796*	*30.126*	*4.670*	*15,5%*
2-3111-1	Norræn öndvegissetur, hnattrænar breytingar	5.277	3.174	2.103	66,3%
2-3128-1	Norrænt rannsóknarsamstarf	8.178	0	8.178	-
2-3130-1	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	0	0	0	-
2-3131-1	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	0	3.861	-3.861	-
2-3132-1	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	0	5.157	-5.157	-
2-3133-1	Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.171	3.109	62	2,0%
2-3136-2	Rannsóknaráætlunin NORDUnet3	3.566	0	3.566	-
2-3138-1	Norræn áætlun um rannsóknarskóla	2.534	2.484	50	2,0%
2-3139-1	Öndvegissetur, læknisfræði	3.051	2.991	60	2,0%
2-3184-3	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.975	7.819	156	2,0%
2-2545-2	Kennsla um Norðurlönd erlendis[1)]	1.044	1.024	20	-26,5%
2-2554-1	Þróunarverkefnið NORDUnet2	0	507	-507	-
	Stofnanir	*35.115*	*47.781*	*-12.666*	*-26,5%*
2-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	0	6.311	-6.311	-
2-3180-3	Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	19.495	19.113	382	2,0%
2-3181-3	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.935	2.877	58	2,0%
2-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.294	7.151	143	2,0%
2-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	0	5.489	-5.489	-
2-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	5.391	6.840	-1.449	-21,2%
	Ráðherranefnd um upplýsingatækni	**1.093**	**1.072**	**21**	**2,0%**
2-3410-1	Norrænt samstarf um upplýsingatækni á vegum MR-IT	1.093	1.072	21	2,0%

Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur	+/- %
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin		**203.802**	**202.233**	**1.569**	**0,8%**
	Grannsvæðin	*84.956*	*88.942*	*-3.986*	*-4,5%*
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	13.933	13.902	31	0,2%
3-0820-2	Styrkir	24.058	19.266	4.792	24,9%
	Verkefni	*27.374*	*36.555*	*-9.181*	*-25,1%*
3-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	0	17.745	-17.745	-
3-0840-1	Menningarmiðlun	0	3.600	-3.600	-
3-0860-1	Sjálfbær auðlindabúskapur	0	10.140	-10.140	-
3-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	7.038	5.070	1.968	38,8%
3-0910-1	Pólitísk forgangsmál á grannsvæðunum	3.200	0	3.200	-
3-0920-1	Samstarfsverkefni í Eystrasaltsríkjunum	6.426	0	6.426	-
3-0930-1	Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	10.710	0	10.710	-
	Stofnanir	*19.591*	*19.219*	*372*	*1,9%*
3-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	19.591	19.219	372	1,9%
	Orkumál	*7.291*	*7.213*	*78*	*1,1%*
3-3210-1	Verkefni - Orkumál	6.279	6.156	123	2,0%
3-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (Nefp) (NEPF)	1.012	1.057	-45	-4,3%
	Umhverfismál	*42.221*	*37.993*	*4.228*	*11,1%*
3-3310-1	Verkefni - Umhverfismál	32.885	32.240	645	2,0%
3-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	9.336	5.753	3.583	62,3%
	Byggðamál	*29.884*	*29.357*	*527*	*1,8%*
3-6110-1	Verkefni - Byggðamál	19.695	19.309	386	2,0%
	Stofnanir	10.189	10.048	*141*	*1,4%*
3-6180-3	Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)	10.189	10.048	141	1,4%
	Samgöngumál	*1.079*	*1.058*	*21*	*2,0%*
3-6210-1	Verkefni - Samgöngumál	1.079	1.058	21	2,0%
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	*38.371*	*37.670*	*701*	*1,9%*
	Verkefni	*6.571*	*6.442*	*129*	-
3-6410-1	Verkefni – sameiginlegur sjóður	5.447	5.340	107	-
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.124	1.102	22	2,0%
	Landbúnaður og skógrækt	*21.356*	*20.989*	*367*	*1,7%*
	Verkefni	*12.423*	*12.179*	*244*	*2,0%*
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.390	2.633	-243	-9,2%
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðar-rannsóknir (NKJ)	1.020	710	310	43,7%
3-6540-1	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.242	3.178	64	2,0%
3-6581-1	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.771	5.658	113	2,0%
	Stofnanir	*8.933*	*8.810*	*123*	*1,4%*
3-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.933	8.810	123	1,4%
	Sjávarútvegur	*5.108*	*5.008*	*100*	*2,0%*
3-6610-1	Verkefni - Sjávarútvegur	5.108	5.008	100	2,0%
	Matvæli	*5.336*	*5.231*	*105*	*2,0%*
3-6810-1	Verkefni - Matvæli	5.336	5.231	105	2,0%

Velferðar- og atvinnumál		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/-	%
	Velferðar- og atvinnumál	**145.031**	**144.547**	**484**	**0,3%**
	Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	*13.126*	*12.870*	*256*	*2,0%*
	Verkefni	*10.308*	*10.106*	*202*	*2,0%*
4-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	6.668	6.506	162	2,5%
4-4120-2	Nordjobb	2.244	2.231	13	0,6%
4-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.396	1.369	27	2,0%
	Stofnanir	*2.818*	*2.764*	*54*	*2,0%*
4-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.818	2.764	54	2,0%
	Félags- og heilbrigðismál	*41.753*	*41.578*	*175*	*0,4%*
	Verkefni	*15.986*	*13.433*	*2.553*	*19,0%*
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	6.840	4.466	2.374	53,2%
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.034	1.014	20	2,0%
4-4340-1	Nomesko og Nososko	1.713	1.679	34	2,0%
4-4620-1	Velferðarrannsóknir	6.399	6.274	125	2,0%
	Stofnanir	*25.767*	*28.145*	*-2.378*	*-8,4%*
4-4381-3	Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV)	33.218	32.760	458	1,4%
4-4382-3	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.136	9.540	-404	-4,2%
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefna-rannsóknir (NAD)	2.956	2.640	316	12,0%
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	4.791	7.225	-2.434	-33,7%
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.253	7.132	121	1,7%
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.631	1.608	23	1,4%
	Jafnréttismál	*8.185*	*8.351*	*-166*	*-2,0%*
4-4410-1	Verkefni - Jafnréttismál	3.069	4.009	-940	-23,4%
	Stofnanir	*5.116*	*4.342*	*774*	*17,8%*
4-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	5.116	4.342	774	17,8%
	Samstarf í vímuefnamálum	*1.755*	*1.521*	*234*	*15,4%*
4-4510-1	Verkefni - Samstarf í vímuefnamálum	1.755	1.521	234	15,4%
	Atvinnumál	*67.780*	*68.039*	*-259*	*-0,4%*
4-5110-1	Verkefni - Atvinnumál	1.123	1.101	22	2,0%
4-5130-1	Expo 2005	2.550	0		-
	Stofnanir	*64.107*	*66.938*	*-2.831*	*-4,2%*
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	64.107	55.794	8.313	14,9%
4-5181-3	Norræna prófunarstofan (Nordtest)	0	11.144	11.144	-
	Efnahags- og fjármál	*1.691*	*1.658*	*33*	*2,0%*
4-5210-1	Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.691	1.658	33	2,0%
	Byggingar- og húsnæðismál	*903*	*885*	*18*	*2,0%*
4-5310-1	Verkefni – Byggingar- og húsnæðismál	903	885	18	2,0%
	Neytendamál	*8.497*	*8.330*	*167*	*2,0%*
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	6.212	6.124	88	1,4%
4-6720-4	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.285	2.206	79	3,6%
	Löggjafarmál	*1.341*	*1.315*	*26*	*2,0%*
4-7110-1	Verkefni – Löggjafarmál	1.341	1.315	26	2,0%

Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/-	%
		113.172	**111.287**	**1.885**	**1,7%**
5-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	65.221	64.344	877	1,4%
5-0185-1	Afnám landamærahindrana	2.295	0	2.295	-
5-0190-1	Endurskipulagning rannsóknarstofnana	510	0	510	-
5-0195-1	Evrópa og Norðlæga víddin	510	0	510	-
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.303	3.238	65	2,0%
5-0425-4	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.761	2.707	54	2,0%
5-0430-1	Norrænt tölfræðisamstarf	1.812	1.776	36	2,0%
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	597	585	12	2,1%
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	10.200	13.182	-2.982	-22,6%
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.240	1.216	24	2,0%
5-0460-1	Sjálfbær Norðurlönd	4.029	3.950	79	2,0%
5-0461-1	Norræn vísindaáætlun um öryggismál	0	0	0	-
5-0462-1	Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.757	2.703	54	2,0%
5-1010-1	Upplýsingamiðlun	3.882	3.806	76	2,0%
5-1020-1	Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	993	974	19	2,0%
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.964	4.867	97	2,0%
5-1030-1	Halló Norðurlönd	4.536	4.447	89	2,0%
5-1040-1	Þýðingar og túlkun	1.103	1.081	22	2,0%
5-1050-2	Starfsmannaskipti	1.947	1.909	38	2,0%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi	512	502	10	2,0%

1) Fjárlagaliðurinn 1-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis verður frá og með 1.1.2005 færður frá fagsviði menningarmála yfir á fagsvið mennta- og rannsóknarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðarins fyrir árið 2004 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2004.

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2005 og 2004

	Fjárlög 2005	Hlut-deild	Fjárlög 2004	Hlut-deild	Mismunur +/-	%
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**363.888**	**44,1%**	**359.450**	**44,0%**	**4.438**	**1,2%**
Menningarmál	160.537	19,4%	157.473	19,3%	**3.064**	**1,9%**
Menntun og rannsóknir[1)]	202.258	24,5%	200.905	24,6%	**1.353**	**0,7%**
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.093	0,1%	1.072	0,1%	**21**	**2,0%**
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**203.802**	**24,7%**	**202.233**	**24,7%**	**1.569**	**0,8%**
Grannsvæðin	84.956	10,3%	88.942	10,9%	**-3.986**	**-4,5%**
Orkumál	7.291	0,9%	7.213	0,9%	**78**	**1,1%**
Umhverfismál	42.221	5,1%	37.993	4,6%	**4.228**	**11,1%**
Byggðamál	29.884	3,6%	29.357	3,6%	**527**	**1,8%**
Samgöngumál	1.079	0,1%	1.058	0,1%	**21**	**2,0%**
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	38.371	4,6%	37.670	4,6%	**701**	**1,9%**

	Fjárlög 2005	Hlut-deild	Fjárlög 2004	Hlut-deild	Mismunur +/-	%
Velferðar- og atvinnumál	**145.031**	**17,6%**	**144.547**	**17,7%**	**484**	**0,3%**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	13.126	1,6%	12.870	1,6%	**256**	**2,0%**
Félags- og heilbrigðismál	41.753	5,1%	41.578	5,1%	**175**	**0,4%**
Jafnréttismál	8.185	1,0%	8.351	1,0%	**-166**	**-2%**
Samstarf í vímuefnamálum	1.755	0,2%	1.521	0,2%	**234**	**15,4%**
Atvinnumál	67.780	8,2%	68.039	8,3%	**-259**	**0,4%**
Efnahags- og fjármál	1.691	0,2%	1.658	0,2%	**33**	**2,0%**
Byggingar- og húsnæðismál	903	0,1%	885	0,1%	**18**	**2,0%**
Neytendamál	8.497	1,0%	8.330	1,0%	**167**	**2,0%**
Löggjafarmál	1.341	0,2%	1.315	0,2%	**26**	**2,0%**
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**113.172**	**13,7%**	**111.287**	**13,6%**	**1.885**	**1,7%**
Samtals	825.893	**100%**	**817.517**	**100%**	**8.376**	**1,0%**

1) Fjárlagaliðurinn 1-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis verður frá og með 1.1.2005 færður frá fagsviði menningarmála yfir á fagsvið mennta- og rannsóknarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðarins fyrir árið 2004 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2004.

Skipting fjárlaganna á ýmsa þætti fjárlaganna 2005 og 2004

Flokkun fjárlagaliðanna í *verkefni, styrki, stofnanir og félagasamtök,* byggir á þeirri úttekt sem gerð var á fjárlögunum árið 2000. Vakin er athygli á því að margir fjárlagaliðir gætu fallið undir fleiri flokka fjárveitinga og ræður mikilvægasti flokkurinn því undir hvaða flokk fjárveitinga fjárlagaliðurinn fellur.

Stofnanirnar eru skilgreindar út frá skipulagi þeirra en ekki faglegu inntaki. Því flokkast Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA), Norræna nýsköpunarmiðstöðin og Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) með stofnunum. Fjárveitingar til skrifstofu ráðherranefndarinnar og upplýsingaskrifstofanna í Pétursborg og Eystrasaltsríkjunum eru einnig skilgreindar sem stofnanarekstur en koma fram sem sérstakur flokkur á eftirfarandi myndum. Á yfirlitinu, *Flokkun fjárlagaliða,* er skrifstofa ráðherranefndarinnar hluti af fjárlagaliðnum *Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi,* en upplýsingaskrifstofurnar aftur á móti hluti af fjárlagaliðnum *Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin.*

Flokkun fjárlagaliða hefur að mestu leyti haldist óbreytt. Framlög til styrkja og verkefna hafa þó aukist nokkuð en dregið hefur verið úr framlögum til reksturs stofnana. Þegar endurskipulagning á fagsviði menntunar og rannsókna fer að hafa áhrif á fjárlögin má vænta þess að þessi þróun haldi áfram.

Flokkun fjárlagaliða



Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2005	Hlutdeild	Fjárlög 2004	Hlutdeild
Menningarmál	**160.537**	**19,4%**	**158.497**	**19,4%**
Verkefni	48.000	29,9%	48.759	30,8%
Styrkir	54.340	33,8%	54.299	34,3%
Stofnanir	53.130	33,1%	50.472	31,8%
Félagasamtök	5.067	3,2%	4.967	3,1%
Menntun og rannsóknir	**203.351**	**24,6%**	**200.953**	**24,6%**
Verkefni	64.939	31,9%	46.345	23,1%
Styrkir	66.757	32,8%	60.928	30,3%
Stofnanir	70.504	34,7%	92.552	46,1%
Félagasamtök	1.151	0,6%	1.128	0,6%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**203.802**	**24,7%**	**202.233**	**24,7%**
Verkefni	116.750	57,3%	124.178	61,4%
Styrkir	33.394	16,4%	25.019	12,4%
Stofnanir	53.658	26,3%	53.036	26,2%
Félagasamtök	0	0,0%	0	0,0%

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög	Hlutdeild	Fjárlög	Hlutdeild
Velferðar- og atvinnumál	**145.031**	**17,6%**	**144.547**	**17,7%**
Verkefni	42.694	29,4%	37.921	26,2%
Styrkir	2.244	1,5%	2.231	1,5%
Stofnanir	97.808	67,4%	102.189	70,7%
Félagasamtök	2.285	1,6%	2.206	1,5%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**113.172**	**13,7%**	**111.287**	**13,6%**
Verkefni	38.700	34,2%	37.873	34,0%
Styrkir	3.187	2,8%	3.125	2,8%
Stofnanir	65.221	57,6%	64.344	57,8%
Félagasamtök	6.064	5,4%	5.945	5,3%
Samtals	**825.893**	**100,0%**	**817.517**	**100,0%**
Verkefni	311.083	37,7%	295.076	36,1%
Styrkir	159.922	19,4%	145.602	17,8%
Stofnanir	261.167	31,6%	284.347	34,8%
Félagasamtök	14.567	1,8%	14.246	1,7%
Skrifstofan/upplýsingaskrifstofur	79.154	9,6%	78.246	9,6%
	825.893	100%	817.517	100%

Stofnun og samruni fjárlagaliða ásamt fjárlagaliðum sem lagðir hafa verið niður

Miðað við fjárlög fyrir árið 2004 hafa verið lagðir niður fjárlagaliðir og stofnaðir nýir og er það vegna endurskipulagningar á fagsviði mennta- og rannsóknamála. Fjárlagaliðirnir 2-2524-3 Norræni lýðháskólinn og 2-3183-3 NORDINFO hafa verið lagðir niður og verkefninu 2-2554-2 NORDUnet2 er lokið. Eftirfarandi fjárlagaliðir eru nýir á fagsviði mennta- og rannsóknamála: 2-3127-1 Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu, 2-3129-1 Norrænar vísindaupplýsingar, 2-3128-1 Norrænt rannsóknarsamstarf og 2-3136-2 NorduNET 3. Vegna endurskipulagningar hafa orðið breytingar á upphæðum ýmissa fjárlagaliða. Þær mikilvægustu má sjá á yfirlitinu *Meiri háttar hækkanir*.

Úttekt á starfsemi á grannsvæðunum hefur einnig haft áhrif á fjárlagaliðina, en framtíðarstefna um samstarf við grannsvæðin var mótuð seinni hluta ársins 2004. Eftirfarandi fjárlagaliðir á sviði grannsvæðasamstarfs hafa verið lagðir niður: 3-0830-1 Lýðræði og málefni þegnanna, 3-0840-1 Menningarmiðlun og 3-0860-1 Sjálfbær auðlindabúskapur. Stofnaðir hafa verið fjárlagaliðirnir: 3-0910-1 Pólitísk forgangsmál á grannsvæðunum, 3-0920-1 Samstarfsverkefni í Eystrasaltsríkjunum og 3-0930-1 Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland.

Miðað við fjárlög fyrir árið 2004 hefur á sviði velferðar og atvinnumála verið stofnaður fjárlagaliðurinn 4-5130-1 Expo 2005. Fjárlagaliðurinn 4-5180-3 Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur fengið nýtt heiti; Norræna nýsköpunarmiðstöðin eftir að fjárlagaliðirnir Norræni iðnaðarsjóðurinn og 4-5181-3 Norræna prófunarstofan (Nordtest) runnu saman.

Í flokknum, Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi hafa verið stofnaðir þrír nýir fjárlagaliðir: 5-0185-1 Afnám landamærahindrana, 5-0190-1 Endurskipulagning rannsóknarstofnana og 5-0195-1 Evrópa og Norðlæga víddin.



Á raunvirði hafa fjárlögin verið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár að undanskildum árunum 1995 og 1996 en þau árin var starfsemin meiri. Vegna gengislækkunar norsku krónunnar var starfsemin minni árin 2004 og 2005 miðað við verðlag ársins 2005.

Tekjuliðir fjárlaganna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum. Grundvallarreglan er sú að framlag landanna er sama upphæð og fjárlagaramminn að frádregnum gjöldum af tekjum starfsmanna, vaxtatekjum og öðrum tekjum sbr. eftirfarandi yfirlit. Framlag landanna er ákveðið samkvæmt sérstakri skiptireglu, sem byggist á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. fyrir árin 2001 og 2002.

Tekjur	Uppgjör	Skiptiregla	Fjárlög	Skiptiregla	Fjárlög	Skiptiregla
Þús. d.kr.	**2003**	**2003**	**2004**	**2004**	**2005**	**2005**
Gjöld af tekjum starfsmanna (sem renna til skrifstofu NMR)	9.151		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	6.275		5.760		4.600	
Aðrar tekjur/(eða tap)	173		800		200	
Framlag landanna	795.783		803.957		814.093	
- Danmörk	189.396	23,8%	183.302	22,8%	185.613	22,8%
- Finnland	139.262	17,5%	141.496	17,6%	145.723	17,9%
- Ísland	8.754	1,1%	8.844	1,1%	8.955	1,1%
- Noregur	186.213	23,4%	202.597	25,2%	214.106	26,3%
- Svíþjóð	272.158	34,2%	267.718	33,3%	259.696	31,9%
Samtals:	**811.382**	**100,0%**	**817.517**	**100,0%**	**825.893**	**100,0%**
Afgangur*	119					

* Jafnaðist út við seinni greiðslu frá löndunum á árinu 2004 sem gerð var samkvæmt skiptireglu varðandi árið 2003.

Athugasemdir:

Gjöld af tekjum starfsmanna: Byggja á gjaldskyldri launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.

Vaxtatekjur: Í fjárlögunum er gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 4,6 millj. d.kr., sem eru áætlaðar á grundvelli þess að væntanlegir meðalvextir fjárfestinga nemi 2,0% árið 2004 og meðallausafjárstaða á því ári nemi 230 millj. d.kr.

Aðrar tekjur: Þessi tekjuliður felur í sér dráttarvexti, gengisbreytingar og væntanlegar endurgreiðslur óráðstafaðra verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnsýsluaðilum.

Þróun lausafjárstöðu

Á eftirfarandi línuriti má sjá þróun lausafjárstöðu frá upphafi árs 2000 til 22. nóvember 2004.



Þetta línurit sýnir ákveðið mynstur í lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Þetta mynstur endurspeglar það að greiðslur frá ráðherranefndinni dreifast tiltölulega jafnt yfir árið og að framlag landanna er innheimt tvisvar á ári, í upphafi árs og um mitt árið. Miðað við fast verðlag hefur meðallausafjárstaða verið nokkurn veginn stöðug á því tímabili sem línuritið nær til að árunum 2003 og 2004 undanteknum, en þau árin er upphæðin lægri. Að mati landanna var lausafé ráðherranefndarinnar of mikið og því var ákveðið að draga úr því. Á tímabilinu 2001–2004 innheimti ráðherranefndin upphæð sem er 10 millj. d.kr. lægri en eiginlegt framlag frá löndunum og mun sami háttur hafður á varðandi árið 2005.

Kröfur gagnvart löndunum

Vegna fjárstreymisskerðingar verða til kröfur gagnvart löndunum. Skiptingin milli landanna ræðst af skiptireglunni vegna viðkomandi fjárlagaárs. Þetta felur í sér að löndin koma til með að standa í skuld við Norrænu ráðherranefndina. Skuldin ber enga vexti og ekki er tiltekinn gjalddagi. Kröfurnar dreifast á löndin samanber eftirfarandi töflu. Einnig er tiltekið hve miklar heildarkröfur verða við árslok 2005.

Kröfur miðað við einstök lönd og fjárlagaár (Þús. d.kr.)	Kröfur 2001	Kröfur 2002	Kröfur 2003	Kröfur 2004	Kröfur 2005	Samtals 31.12.2005
Danmörk	2.430	2.460	2.380	2.280	2.280	11.830
Finnland	1.830	1.850	1.750	1.760	1.790	8.980
Ísland	110	110	110	110	110	550
Noregur	2.200	2.160	2.340	2.520	2.630	11.850
Svíþjóð	3.430	3.420	3.420	3.330	3.190	16.790
Skerðing fjárstreymis	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**50.000**

Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögunum nemur hækkun á tilteknum fjárlagaliðum samtals 76,643 þús. d.kr. á verðlagi ársins 2004. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði. Þar kemur einnig fram hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur. Til samanburðar námu breytingar á fjárlögum fyrir 2004 38,274 þús. d.kr.

Meiri háttar hækkanir ***(verðlag ársins 2004 í þús. d.kr.)***

Meiri háttar hækkanir *(verðlag 2004 í þús. d.kr.)*		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Breyting
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	7.231	6.746	485
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	10.775	10.135	640
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.044	1.854	190
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.866	4.481	385
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir	3.955	1.793	2.162
2-3127-1	Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.311	0	6.311
2-3111-1	Öndvegissetur á Norðurlöndum, hnattrænar breytingar	5.174	3.174	2.000
2-3128-1	Norrænt rannsóknarsamstarf	8.018	0	8.018
2-3129-1	Norrænar vísindaupplýsingar	2.500	0	2.500
2-3136-2	Rannsóknaráætlunin NORDUnet3	3.496	0	3.496
3-0820-2	Styrkir	23.586	19.266	4.320
3-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	6.900	5.070	1.830
3-0910-1	Pólitísk forgangsmál á grannsvæðunum	3.137	0	3.137
3-0920-1	Samstarfsverkefni í Eystrasaltsríkjunum	6.300	0	6.300
3-0930-1	Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	10.500	0	10.500
3-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	9.153	5.753	3.400
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.000	710	290
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	6.706	4.466	2.240
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.900	2.640	260

Meiri háttar hækkanir *(verðlag 2004 í þús. d.kr.)*		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Breyting
4-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	5.342	4.342	1.000
4-4510-1	Verkefni – samstarf um vímuefnamál	1.721	1.521	200
4-5130-1	Expo 2005	2.500	0	2.500
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	66.938	55.794	11.144
5-0185-1	Afnmám landamærahindrana	2.250	0	2.250
5-0190-1	Endurskipulagning rannsóknarstofnana	500	0	500
5-0195-1	Evrópa og norðlæga víddin	500	0	500
	Aðrar minni háttar hækkanir			85
Hækkanir samtals				**76.643**

Lækkanir		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Breyting
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	5.014	6.714	-1.700
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	2.514	3.142	-628
2-2520-1	Stjórnarnefndin um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.787	2.234	-447
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT)	2.117	2.646	-529
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.514	1.892	-378
2-3131-1	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	0	3.861	-3.861
2-3132-1	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	0	5.157	-5.157
2-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	5.285	6.840	-1.555
2-2554-1	Þróunarverkefnið NORDUnet2	0	507	-507
2-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	0	6.311	-6.311
2-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	0	5.489	-5.489
3-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	0	17.745	-17.745
3-0840-1	Menningarmiðlun	0	3.600	-3.600
3-0860-1	Sjálfbær auðlindabúskapur	0	10.140	-10.140
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.343	2.633	-290
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	4.725	7.225	-2.500
4-4410-1	Verkefni - Jafnréttismál	3.009	4.009	-1.000
4-5181-3	Norræna prófunarstofnunin (Nordtest)	0	11.144	-11.144
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	10.200	13.182	-2.982
	Aðrar minni háttar lækkanir			-480
Lækkanir samtals				-76.443

Af heildarbreytingum sem nema 77 millj d.kr., eru mestar breytingar á fjárlagaliðum sem varða samstarf við grannsvæðin og sem varða menntun og rannsóknir. Á mennta- og rannsóknasviði eru breytingarnar vegna þess að fjármagn hefur verið flutt frá stofnunum til annars vegar stefnumörkunar, t.d. á sviði fullorðinsfræðslu (Tengslanet um fullorðinsfræðslu) og hins vegar til rannsóknasamstarfs samkvæmt tillögum þeim sem koma fram í NORIA skýrslunni. Með þessum skipulagsbreytingum er verið að fylgja eftir ákvörðun ráðherranefndarinnar frá árinu 2003 en þá var ákveðið að samnorrænar stofnanir á sviði mennta

og rannsókna skyldu annað hvort lagðar niður eins og NORDINFO og NFA eða yfirstjórn þeirra flutt til þeirra landa sem hýsa stofnanirnar.

Breytingar á sviði grannsvæðasamstarfs eru afleiðingar þeirra skipulagsbreytinga sem eru í bígerð í kjölfar inngöngu Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB þann 1. maí 2004. Ákvörðun ráðherranefndarinnar byggir að hluta til á þeirri úttekt á starfsemi ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum sem gerð hefur verið.

Í því sambandi hafa verið samdar nýjar verklagsreglur varðandi samstarf við Eystrasaltsríkin og Rússland. Þessar verklagsreglur munu vera grundvöllur breytinga sem áætlað er að hefjist á árinu 2005.

Skipulagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar til lengri tíma

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir þróun fjárlaganna, miðað við þriggja ára tímabil, að óbreyttum fjárhagsramma frá fjárlögum fyrir 2005 á því tímabili sem fjárlagaspáin nær til. Lögð er áhersla á að hér er um að ræða tæknilegt atriði en ekki pólitískt mat eða forgangsröðun. Það er því ekki tekin afstaða til hvernig það fé sem verður til ráðstöfunar verður nýtt. Þar að auki getur hluti þess fjármagns sem notað er til verkefna færst til, annaðhvort innan eða á milli einstakra fjárlagaliða.

Forsendur skipulagsramma til lengri tíma eru sem hér segir:

- Ef annað er ekki ákveðið eða áætlað, er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögum fyrir 2005 haldið óbreyttu á spátímabilinu, þ.e. árin 2006 og 2007.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun fellur niður er ekki höfð með í spátímabilinu.

Líta ber á upplýsingar um spátímabilið sem leiðbeinandi en þær sýna þá þróun sem búast má við miðað við óbreytt fjárlög næstu tvö árin, að teknu tilliti til ákveðinna og fyrirhugaðra breytinga. Hér er því ekki um að ræða fjárlög til fleiri ára þar sem upphæðir á spátímabilinu eru þekktar. Þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar eru líkt og áður einungis árlegar fjárveitingar eins og þær koma fram í samþykktum fjárlögum. Heildarrammi fjárlaganna er ákveðinn á ári hverju og er ekki þekktur fyrir spátímabilið. Í yfirlitinu er gert ráð fyrir að rammar fyrir spátímabilið séu þeir sömu og fyrir fjárlagaárið 2005.

Yfirlit í töflu á bls. 116 er samantekt fjárlagaliða hinna einstöku fagsviða.

Með hugtakinu „Frávik frá fjárlögum 2005“ er átt við muninn á upphæðum hvers árs á spátímabilinu og þeim upphæðum sem koma fram í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2005. Ef frávikið er neikvætt, merkir það ófullnægða fjármögnunarþörf á því ári spátímabilsins. Jákvætt frávik merkir að það er fjármagn til ráðstöfunar miðað við árið 2005.

Yfirlitið er samantekt yfir meginsamstarfssviðin fjögur að því gefnu að fjárlagarammi hinna einstöku sviða sé óbreyttur.

Miðað við óbreyttan heildarramma að fjárhæð 825,893 millj. d.kr. á spátímabilinu verða 15,5 millj. d.kr. samtals til ráðstöfunar fyrir árið 2006, og 23,4 millj. d.kr. fyrir árið 2007 hjá ráðherranefndinni, að gefnum ofangreindum forsendum.

Á fagsviðinu „Velferðar- og atvinnumál“ nemur fjármagn til ráðstöfunar á árinu 2006 u.þ.b 5,9 millj. d.kr.og á árinu 2007 u.þ.b. 8,9 millj. d.kr. Þetta er vegna þess að lokafjárveiting til velferðarrannsóknarverkefnisins er áætluð á árinu 2005 (fjárlagaliður 4-4620-1), og að fjárveiting til Expo er einungis veitt á árinu 2005.

Þær 2,7 millj. d.kr. sem eru til ráðstöfunar undir liðnum „Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi“ á árinu 2006 eru til komnar vegna þess að lokafjárveitingar til rannsóknarverkefnis um vestnorrænt hafveðurfar eru áætlaðar á árinu 2005.

Á fagsviðinu „Menningar-, menntamál og rannsóknir“ verða u.þ.b. 6,8 millj. d.kr. til ráðstöfunar á árinu 2006 og 11,7 millj. d.kr. á árinu 2007. Upphæðirnar endurspegla þær fjárhagslegu afleiðingar sem vænta má vegna skipulagsbreytinga varðandi rannsóknarstofnanirnar, en þær munu losa um fjármagn á spátímabilinu.

Skipulagsrammi til lengri tíma eftir sviðum (þús. d.kr.)

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2004 og 2005 og spátímabilinu 2006 og 2007 (þús. d.kr.)

	Fjárlög 2003	Fjárlög 2004	Fjárlagaspá 2005	Fjárlagaspá 2006
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**359.450**	**363.888**	**357.048**	**345.344**
Menningarmál	157.473	160.537	160.537	160.537
Menntun og rannsóknir[1)]	200.905	202.258	195.418	183.714
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.072	1.093	1.093	1.093
Frávik frá fjárlögum 2005			6.840	11.704
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**202.233**	**203.802**	**203.802**	**203.802**
Grannsvæðin	88.942	84.956	84.956	84.956
Orkumál	7.213	7.291	7.291	7.291
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	37.670	38.371	38.371	38.371
Umhverfismál	37.993	42.221	42.221	42.221
Byggðamál	29.357	29.884	29.884	29.884
Samgöngumál	1.058	1.079	1.079	1.079
Velferðar- og atvinnumál	**144.547**	**145.031**	**139.082**	**136.082**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	12.870	13.126	13.126	13.126
Byggingar- og húsnæðismál	885	903	903	903
Efnahags- og fjármál	1.658	1.691	1.691	1.691
Jafnréttismál	8.351	8.185	8.185	8.185
Neytendamál	8.330	8.497	8.497	8.497
Löggjafarmál	1.315	1.341	1.341	1.341
Samstarf í vímuefnamálum	1.521	1.755	1.755	1.755
Atvinnumál	68.039	67.780	65.230	65.230
Félags- og heilbrigðismál	41.578	41.753	38.354	35.354
Frávik frá fjárlögum 2005			5.949	8.949
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**111.287**	**113.172**	**110.415**	**110.415**
Frávik frá fjárlögum 2005			2.757	2.757
Samtals	**817.517**	**825.893**	**810.347**	**795.643**
Frávik frá fjárlögum 2005			**15.546**	**30.250**

[1)] Fjárlagaliðurinn 1-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis verður frá og með 1.1.2005 færður frá fagsviði menningarmála yfir á fagsvið mennta- og rannsóknarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðarins fyrir árið 2004 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2004.

Fjárlög ráðherranefndarinnar út frá jafnréttissjónarmiði

Norræna ráðherranefndin hefur um nokkurt skeið starfað samkvæmt yfirlýstri stefnu í jafnréttismálum. Stefnunni hefur verið fylgt eftir með verklagsreglum til að tryggja jafna þátttöku kynjanna í ýmsum samstarfsnefndum og til að meta kynja- og jafnréttisáhrif þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið eða breytinga á fyrri ákvörðunum.

Starfsemi ráðherranefndarinnar á sviði jafnréttismála byggir á samstarfsáætluninni „Norrænt samstarf um jafnréttismál 2001 – 2005“, en á grundvelli hennar eru gerðar árlegar framkvæmdaáætlanir. Meginmarkmið eru þróun lýðræðislegra og jafnra tækifæri fyrir bæði konur og karla ásamt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á öllum stigum sam-

félagsins (Gender Mainstreaming). Takmarkið er að nýta hæfileika þá og mannauð sem bæði kyn búa yfir. Þar er áhersla lögð á þrjú aðgerðasvið; samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í efnahagsmálum á Norðurlöndum; karlar og jafnrétti og ofbeldi gegn konum.

Með fjárlögum fyrir árið 2003 hóf ráðherranefndin aðgerðir til samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð. Í upphafi voru valin nokkur fagsvið sem tilraunasvið. Það var ákveðið að beina athyglinni að starfsemi þar sem væri tiltölulega auðvelt að safna upplýsingum um veitta þjónustu og þar sem mæla má neyslu þjónustunnar eftir kyni. Þessu var haldið áfram í fjárlögum fyrir árið 2005 en í þeim er í fyrsta skipti birt kynjaskipt tölfræðiyfirlit.

Nú liggja fyrir kynjaskiptar upplýsingar varðandi 36 fjárlagaliði sem eru tæplega þriðjungur heildarfjölda fjárlagaliða. Þær upplýsingar sem settar eru fram eru mjög mismunandi, en yfirleitt er þó upplýsingar að finna um þátttöku annars vegar kvenna og hins vegar karla í eftirfarandi starfsemi:

- Rannsóknir og tengslanet.
- Verkefni.
- Námskeið.
- Hreyfanleiki og styrkir.

Í sumum tilfellum varða upplýsingarnar einungis hluta þeirrar starfsemi sem fram fer innan ramma tiltekins fjárlagaliðar. Þó upplýsingarnar geti verið takmarkaðar vekja þær þó ástæðu til umhugsunar og nánari greiningar.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvernig starfsemin skiptist eftir þátttöku kvenna og karla á völdum fjárlagaliðum. Yfirlitið sýnir þó nokkurn breytileika miðað við hvort starfsemin beinist að annars vegar konum eða hins vegar körlum. Af þessum 36 fjárlagaliðum eru 17 (47%) þar sem starfsemin beinist 60% eða meira að öðru kyninu (og þar með 40% eða minna að hinu) og af þessum 5 (14%) þar sem starfsemin beinist 75% eða meira að öðru kyninu (og þar með 25% eða minna að hinu).

Þó mikill munur sé á hinum einstöku fjárlagaliðum má segja að heildarmyndin sé í jafnvægi. Í raun er skiptingin jöfn.

Skipting starfseminnar eftir kyni fjárlagaárið 2003

Fjárlagaliður	Konur	Karlar
Norræn menntun á sviði daufblindu	83%	17%
Norræna rannsóknastofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	83%	17%
Nordjobb	75%	25%
Norræna stofnunin í Finnlandi	70%	30%
Nomesko og Nososko	67%	33%
Norræna stofnunin á Álandseyjum	66%	34%
Norræna stofnunin um vísindamenntun	64%	36%
NORDPLUS	61%	39%
Sleipnir	61%	39%
Norræna listamannamiðstöðin, Dalsåsen	56%	44%
Norræna húsið í Reykjavík	54%	46%
Norræna blaðamannamiðstöðin	54%	46%
Framlag til frjálsra félagasamtaka	53%	47%
Starfsmannaskipti	53%	47%
NORDBOK	50%	50%
Norræna stofnunin um Asíurannsóknir	50%	50%
Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir	50%	50%
NOMUS	50%	50%

Fjárlagaliður	Konur	Karlar
Norræna ráðið um málefni fatlaðra	50%	50%
Norðurlandahúsið í Færeyjum	49%	51%
Listamannaheimilið í Róm	49%	51%
Norræna stofnunin á Grænlandi	47%	53%
Norræna eldfjallastöðin	45%	55%
Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	42%	58%
NORDICOM	41%	59%
Norræna samíska stofnunin	41%	59%
Norræna stofnunin um samtímalist	41%	59%
Nordregio	40%	60%
Norræn vísindaáætlun um öryggismál	38%	62%
Norræni genbankinn fyrir húsdýr	34%	66%
NorFA	32%	68%
Norræna sjóréttarstofnunin	30%	70%
NORDTEST	25%	75%
Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir	25%	75%
Samnorrænar skógarrannsóknir	22%	78%
Norrænar orkurannsóknir	20%	80%
Vegið meðaltal	**50%**	**50%**

Það má túlka skiptinguna sem fram kemur af yfirlitinu á ýmsan hátt. Oft lítur út fyrir að skiptingin endurspegli stöðuna í samfélaginu. Það kemur því ekki á óvart að starfsemi Norrænu menntamiðstöðvarinnar á sviði daufblindu beinist að miklu leyti að konum þar eð það starfsfólk sem vinnur með daufblindum eru aðallega konur. Eins má gera ráð fyrir að karlar séu ráðandi varðandi orkurannsóknir.

Það kemur meira á óvart að konur eru 75% þeirra sem fá styrki úr styrkjakerfi eins og Nordjobb sem styður vistaskipti með því að útvega ungu fólki sumarstörf. Skýring er ef til vill að tilboð um sumarstörf séu fleiri innan hefðbundinna kvennastarfa. Það er og athyglisvert að karlar eru í meirihluta í starfsemi sem stofnun á borð við NorFA heldur utan um.

Það eru þó dæmi um að staðan í jafnréttismálum sé betri hjá Norrænu ráðherranefndinni en annars staðar í samfélaginu. Hjá meirihluta fjárlagaliða virðist vera jafnvægi milli þátttöku kvenna og karla. Það getur verið vegna sérstakra jafnréttisaðgerða ráðherranefndarinnar og þeirra styrkjakerfa og stofnana sem um ræðir. Það má einnig vera að það sé vegna þess að karlmenn laðist frekar að starfsemi innan annarra fjárlagaliða. Það er alla vega ljóst að til að draga einhverjar niðurstöður af þessu yfirliti þarf að gera nánari greiningu.

Næstu skref sem Norræna ráðherranefndin hefur áætlað að stíga á þessu sviði er að tryggja að allar ráðherranefndir geri grein fyrir hvernig staðið verði að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, hver á sínu sviði. Allar ráðherranefndir eiga að skila af sér tölfræðilegum upplýsingum eigi síðar en á árinu 2005 (fjárlög ársins 2006). Sérstaklega skulu fagsviðin huga að því, hvort þörf sé á breyttri forgangsröðun eða nýjum aðgerðum á þeim samstarfssviðum sem þau bera ábyrgð á. Eins og áður hefur verið bent á er nánari úttekt á samstarfi á sviði hinna einstöku fjárlagaliða oft nauðsynleg forsenda slíkra ákvarðana.

Samstarf við frjáls félagasamtök og aðra aðila sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir.

Eins og í fyrra er í fjárlögum fyrir 2005 lagt fram sérstakt yfirlit yfir fjárveitingar til frjálsra félagasamtaka. Í yfirlitinu er gerður skýr greinarmunur á þremur flokkum og tekið mið af inntaki samstarfsins við samtök sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir,

og falla frjáls félagasamtök þar undir. Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagsamtök markast af að samræmdar kröfur um starfsemina eru ekki forsenda þess að viðkomandi samtök falli undir hugtakið frjáls félagasamtök. Því eru styrkir sem einstaklingar/óform- legir hópar jafnt sem frjáls félagasamtök geta sótt um, hluti af yfirlitinu. Það sem greinir á milli er hvort styrkþegi sé opinber aðili eða einkaaðili.

Það eru því þrír eftirgreindir flokkar sem liggja til grundvallar yfirlitinu:

- Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka.
- Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagsamtök stjórna fyrir hönd ráðherranefndarinnar.
- Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um.

Á yfirlitinu sem hér fer á eftir má sjá hvaða fjárlagaliðir fela í sér fjárveitingar og hversu háar upphæðirnar eru, samkvæmt ofangreindri flokkun. Það skal tekið fram að upphæðirnar á hverjum lið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir einstaka fjárlagaliði. Matið endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og þeim áætlunum sem liggja fyrir um hin ýmsu fagsvið fyrir árið 2005.

Fjárlagaliður		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Ráðstafað 2003
Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka				
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.246	1.280
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	1.500	1.500	1.500
1-2220-2	Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglingamenn-ingu	1.200	1.200	1.200
1-2255-3	Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen)	790	800	789
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin – NOMUS	800	789	750
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	150	150	144
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	200	200	185
1-2274-3	Norræna stofnuni á Álandseyjum	150	150	162
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	120	120	120
1-2296-1	Menningarverkefni erlendis	200	200	200
1-2234-1	Samískt samstarf	4.211	4.128	4.071
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans	1.151	1.128	1.112
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	1.500	1.500	1.400
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	500	500	500
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	200	450	200
4-6710-1	Verkefni – Neytendamál	0	163	0
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.303	3.238	3.238
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	175	175	175
SAMTALS		***17.421***	***17.637***	***17.026***
Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar				
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	500	500	275
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglinga-menningu	2.500	2.500	400
4-4120-2	Nordjobb	2.244	2.230	1.840
4-6710-1	Verkefni – Neytendamál	350	450	400
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	0	70	200
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggarnir)	4.964	4.867	4.867
5-1030-1	Halló Norðurlönd	3.000	3.000	2.400
SAMTALS		***13.558***	***13.637***	***10.382***

Fjárlagaliður		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Ráðstafað 2003
Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um				
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	0	1.000	500
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	13.450	13.450	13.000
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	2.400	2.400	2.745
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglinga-menningu	-	-	1.909
1-2231-2	Sleipnir	2.760	2.706	2.600
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	839	839	839
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	800	800	800
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	950	900	1.000
2-2522-2	Nordplus Voksen	9.069	8.891	-
2-2543-2	Nordplus Sprog	8.978	8.802	-
3-0820-2	Styrkir (þar á meðal Nordplus Nabo)	10.000	10.000	-
4-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra	1.700	1.700	1.700
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.216	1.216	1.216
Samtals		***52.186***	***52.704***	***26.309***
SAMTALS		**83.165**	**83.958**	**53.717**

Starfsemi í þágu barna og unglinga

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvaða fjárlagaliðir fela í sér samstarf í þágu barna og unglinga. Það skal tekið fram að upphæðir á hverjum fjárlagalið fyrir sig eru byggðar á mati, og því ekki bindandi fyrir fjárlagaliðina. Matið endurspeglar væntingar og reynslu fyrri ára og áætlanir fagsviðanna fyrir árið 2005.

Fjárlagaliður		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Ráðstafað 2003
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	2.000	2.000	600
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	6.200	6.200	6.200
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.246	1.280
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	6.294	6.171	6.596
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu (BUK)	6.129	6.009	6.040
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf (KM-gruppen)	500	500	500
1-2230-1	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	600	500	1.000
1-2239-1	Norræna safnanefndin (Museikommittèn)	200	150	100
1-2255-3	Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen)	400	400	440
1-2256-3	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	1.600	1.500	1.600
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	300	300	160
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	500	500	903
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	100	100	128
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	800	800	1.975
1-2296-1	Menningarverkefni á erlendri grund	500	500	500
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	2.100	2.000	1.900
	Menningarmál samtals	**29.226**	**28.876**	**29.922**
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf	2.564	3.142	4.599
2-2512-2	Nordplus junior, þar á meðal Norræna skólanetið	20.309	19.911	18.136
	Menntamál og rannsóknir samtals	**22.425**	**23.053**	**22.735**

Fjárlagaliður		Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Ráðstafað 2003
3-3310-1	Verkefni - Umhverfismál	800	1.000	200
	Umhverfismál samtals	**800**	**1.000**	**200**
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	150	450	550
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli samtals	**150**	**450**	**550**
3-4310-2	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	1.300	1.300	750
3-4384-3	NSH	1.500	1.500	1.500
3-4385-3	NUD	2.500	2.500	2.500
3-4386-3	NOPUS	500	-	-
	Félags- og heilbrigðismál samtals	**5.800**	**5.300**	**4.750**
4-6710-1	Neytendamál	850	0	855
	Neytendamál samtals	**850**	**0**	**855**
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	0	2.900	3.060
	Grannsvæðaáætlun samtals	0	**2.900**	**3.060**
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	600	600	600
Skrifstofan og önnur samnorræn verkefni samtals		**600**	**600**	**600**
BÖRN OG UNGLINGAR SAMTALS		**60.567**	**62.179**	**62.672**

Heildaryfirlit yfir starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna er fjármögnuð bæði af fjárveitingum fagsviðanna og af grannsvæðaáætluninni. Hlutdeild einstakra fagsviða fyrir árin 2004 og 2005 er byggð á mati á því hve stór hluti fjárhagsramma þeirra rennur til grannsvæðasamstarfsins. Smávægileg lækkun kemur fram í heildarframlagi til grannsvæðasamstarfs. Hvað varðar niðurstöður fyrir 2003, byggja þær á skráningu verkefnis þegar fjárveitingin var veitt og á ársskýrslum fyrir starfsárið 2003 frá stofnunum, samstarfsaðilum og styrkjakerfum.

Í samræmi við nýja stefnumörkun ráðherranefndarinnar má á árinu 2005 vænta breytinga í samstarfi við Eystrasaltsríkin eftir inngöngu þeirra í ESB sem og í samstarfi við Rússland. Þessar breytingar munu koma til framkvæmda samhliða því að núverandi rammaáætlun um grannsvæðasamstarf rennur út á árinu 2005.

	Fjárlög 2005		Fjárlög 2004		Uppgjör 2003	
Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð
Menningarmál	8%	12.843	8%	12.680	6%	9.397
Menntun og rannsóknir[1)]	1,7%	3.438	2,1%	4.200	1,7%	3.443
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	0%	0	0%	0	0%	0
Grannsvæðin	100%	84.956	100%	88.942	100%	85.951
Orkumál	50%	3.645	60%	4.328	50%	3.100
Umhverfismál	25%	10.555	30%	11.398	38%	15.250
Efnahagsmál	0%	0	15%	249	0%	0
Byggðamál	15%	4.482	15%	4.404	10%	2.921
Samgöngumál	14%	151	10%	106	14%	150

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2005 Hlutdeild	Fjárlög 2005 Upphæð	Fjárlög 2004 Hlutdeild	Fjárlög 2004 Upphæð	Uppgjör 2003 Hlutdeild	Uppgjör 2003 Upphæð
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	16%	6.139	7%	2.698	9%	3.291
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	8%	1.050	2%	257	7%	900
Félags- og heilbrigðismál	1,2%	501	1,2%	500	0,5%	200
Jafnréttismál	7%	573	10%	818	7%	550
Samstarf í vímuefnamálum	45%	790	60%	913	33%	500
Atvinnumál	2%	1.356	2%	1.361	2%	1.300
Byggingar- og húsnæðismál	10%	90	3%	27	13%	113
Neytendamál	6%	510	10%	833	2,3%	200
Löggjafarmál	8%	107	10%	132	35%	440
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	7%	7.922	7%	7.790	7%	7.440
Samtals	**16,8%**	**139.108**	**17,3%**	**141.636**	**16,7%**	**135.146**

[1] Vegna tvíbókunarvillu voru upphæðir í fjárlögum 2004 of háar.

FAGSVIÐ	Dæmi um áformað samstarf að málefnum grannsvæðanna á árinu 2005
Menningarmál 12.843 þús. d.kr.	**Börn og unglingar:** *Íþróttasamstarf*: Styrkir til íþróttasamstarfs meðal samískra barna og unglinga tekur einnig til Sama í Norðvestur-Rússlandi. *Norræna æskulýðsnefndin*: Eftirfylgni þverfaglegrar verkefnaáætlunar „Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund", sem meðal annars leiðir til aukins samstarfs við æskulýðssamtök á grannsvæðunum. *Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu*: Áframhaldandi starf að framgangi starfsáætlunar í þágu barna og unglinga á grannsvæðunum. **Norræn menningarhús og -stofnanir:** Verkefni og listviðburðir í samstarfi við grannsvæðin, t.d. þemavikur, leik- og listsýningar **Kvikmyndir og fjölmiðlar:** *Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf*: Styrkir til samstarfs á fjölmiðlasviði milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda. **Listasvið:** Gert er ráð fyrir að fjórðungur ferðastyrkja fyrir unga listamenn – *Sleipnir* – verði veittur til ferðalaga milli Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. *Nordscen* og *NOMUS* hafa gert umsækjendum frá grannsvæðunum kleift að sækja um styrki. *NIFCA* hugar að því hvort halda megi áfram gestavinnustofum í Norðvestur-Rússlandi. Samstarf við Eystrasaltsríkin og Rússland fer einnig fram á sviði menningararfs.
Menntun og rannsóknir 3.438 þús. d.kr.	Í samstarfi við ríkisstjórnir og stjórnvöld í Eystrasaltsríkjunum er verið að semja nýja framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2005–2007. Er það gert með hliðsjón af nýju grannsvæðastefnunni og nýrri samstarfsáætlun um norðurskautsrannsóknir. Pólitískt meginmarkmið er að þróa sameiginlegt norrænt-baltneskt mennta- og rannsóknasvið. Athyglinni er sérstaklega beint að almennu milliríkjasamstarfi milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna á mennta- og rannsóknasviði varðandi ferðastyrki og tengslanetaáætlanir sem og rannsóknastofnanir. Frá árinu 2005 mun umsýsla vera á höndum sameiginlegs tengslahóps, sem einnig á að sjá til þess að Nordplus Nabo (menntasvið) og Norfa Nabo (rannsóknasvið) nýtist eins vel og unnt er. Svipaður háttur verður hafður á varðandi samstarf við Norðvestur-Rússland.

Orkumál 3.645 þús. d.kr.	Með samstarfi á sviði orkumála á Eystrasaltssvæðinu er markmiðið að beina athyglinni að a) uppbyggingu tengslaneta, b) tilteknum samstarfsverkefnum þar sem sérstaklega er lögð áhersla á að byggja upp samstarfsverkefni til að auka þekkingu og færni, Eystrasaltssvæðið sem tilraunasvæði fyrir sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar, c) úttektir og skýrslugerð ásamt d) upplýsingastarfsemi. Þar beinist athyglin sérstaklega að Rússlandi, styrkjum til svæðisbundins samstarfs innan BASREC (Baltic Sea Region Energy Co-operation), styrkjum til að þróa CBEM (Common Baltic Electricity Market) ásamt orkumálasamstarfi við svæðisbundin samtök og ESB.
Umhverfismál 10.555 þús. d.kr.	Samstarf um að draga úr notkun köfnunarefnis, þróun áætlunar um verndun vatnafugla, norrænt-baltnesk samstarf um efnasambönd, málþing um sérstök þemu, samþætta vöruþróunarstefnu.
Byggðamál 4.482 þús. d.kr.	Landamærasamstarf á grannsvæðunum. Námskeið fyrir skipuleggjendur frá Eystrasaltsríkjunum. Handbók um „spatial planning" í Rússlandi (Nordregio).
Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli 6.139 þús.d.kr.	**Ráðherranefnd á sviði sjávarútvegs, landbúnaður og skógræktar, og matvæla:** Framhald á þróun samstarfs milli norrænu og baltnesku landanna á öllum stigum ráðherranefndarinnar. Undirbúningur sameiginlegs ráðherrafundar á árinu 2006 fyrir alla ráðherra á sviði landbúnaðar og skógræktar, sjávarútvegs og matvæla frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Að auki verður lögð áhersla á að fylgja eftir ráðherrayfirlýsingu um vistvæna framleiðslu. **Landbúnaður og skógrækt:** Þróun samstarfs á sviði skógarrannsókna og erfðaauðlinda plantna, þar á meðal þróun hæfni og miðlun þekkingar. **Sjávarútvegur:** Umræðuvettvangur fyrir stjórnendur, vísindamenn og samtök sjávarútvegs frá ríkjum við Eystrasaltið. **Matvæli:** Fylgja eftir sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um aukið matvælaöryggi, þ.m.t. samstarf um matvælaeftirlit, díoxín, rekjanleika og um sýkla sem berast milli manna og dýra (zoonoser). Eins verður lögð áhersla á samstarf um mataræði og næringu.
Samgöngumál 151 þús. d.kr.	Umferðaröryggi á grannsvæðunum.
Atvinnumál 1.356 þús. d.kr.	Þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum.
Byggingar- og húsnæðismál 90 þús. d.kr.	Að fylgja eftir framkvæmdaáætlun um aukin samskipti á sviði byggingamála milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem og Póllands. Koma á kerfum til að auka íbúalýðræði í Norðvestur-Rússlandi með það fyrir augum að bæta lífskjör íbúanna.

Jafnréttismál 573 þús. d.kr.	Framkvæmd samstarfsverkefna um þemu sem veittur er forgangur í samstarfsáætlunum. Sérstök áhersla á samstarf við stjórnvöld sem sinna jafnréttismálum á öllum grannsvæðunum. Verkefnum sem beinast að því að vinna gegn mansali er veittur forgangur og samstarf af ýmsum toga við yfirvöld og frjáls félagasamtök/NGO verður skipulagt til að örva almennar umræður og þekkingu varðandi mansal. Ráðstefnan Konur og Lýðræði verður haldin í Pétursborg þar sem þemu verða stjórnmál og áhrif, konur og atvinnulíf, ofbeldi gegn konum, þ.m.t. mansal. Norrænn rannsóknarskóli NIKK um þverfaglegar kynjarannsóknir hefur nú starfað á annað ár. Í því verkefni taka þátt 34 háskólar frá Norðurlöndum og grannsvæðum.
Neytendamál 510 þús. d.kr.	Markmiðið er að þróa það samstarf sem þegar fer fram með hliðsjón af inngöngu Eystrasaltsríkjanna í Evrópusambandið. Markmiðið er að þróa áfram samstarf við frjáls félagasamtök og stjórnvöld í Norðvestur-Rússlandi. Það mun gert á grundvelli fyrsta tengslanetsfundar embættismanna sem haldinn var á árinu 2004. Í samræmi við meginmarkmið um að efla stöðuga og örugga þróun, að efla lýðræði og þróun markaðshagkerfis, er samstarf á neytendasviði brýnt.

Aðgerðir á sviði vísinda og rannsókna

Á sviði vísinda og rannsókna einkennist þróun á alþjóðavettvangi af auknum fjárfestingum í rannsóknum, sem ætlað er að tryggja áframhaldandi þróun þekkingarsamfélaga. Því fylgir aukin samkeppni háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á rannsóknum. Þessir aðilar keppa um fjármagn, besta námsfólkið, vísindamenn og annað starfsfólk. Á evrópskum vettvangi er verið að kanna möguleika á að byggja upp evrópskt rannsóknarsvæði (European Research Area, ERA) og Norðurlönd standa andspænis sama úrlausnarefni, þ.e. að þróa möguleika svæðisins á vísindalegri framþróun.

Til að styrkja stöðu norrænna vísindamanna á alþjóðlegum vettvangi þarf norrænt samstarf um rannsóknir og menntun vísindafólks því að beinast út á við. Mikilvægu verkefni var því ýtt úr vör á árinu 2002 þegar ráðherranefnd um menntun og rannsóknir (MR-U) fór að tilmælum Norðurlandaráðs um að leggja fram „hvítbók“, þar sem fjallað er um möguleikana á að efla Norðurlönd sem rannsóknar- og nýsköpunarsvæði í ljósi samsvarandi umræðu á evrópskum vettvangi.

Í hvítbókinni NORIA (Nordic Research and Innovation Area), skýrslu um nýsköpun á Norðurlöndum, sem var lögð fram við árslok 2003 koma fram tillögur um uppbyggingu og eflingu Norðurlanda sem rannsóknar- og nýsköpunarsvæðis innan ramma evrópska rannsóknarsvæðisins (ERA). Á fundi ráðherranefndarinnar (MR-U 1/04) þegar fjallað var um hvernig þessum tillögum skyldi fylgt eftir lagði Norræna vísindastefnuráðið (FPR) einnig fram grundvallarsjónarmið varðandi tillögur þær sem fram koma í hvítbókinni. Ráðherranefndin (MR-U) studdi tillögurnar.

Í framhaldi af ákvörðun tekinni á MR-U 1/04 var við árslok 2004 tekin endanleg ákvörðun um hvernig skipulagi norræns rannsóknasamstarfs eftir 1. janúar 2005 skuli háttað. Markmiðið var að setja á fót norrænan samræmingaraðila á sviði rannsókna sem á grundvelli forgangsröðunar landanna á að hafa það hlutverk að leita leiða til að skapa samlegðaráhrif. Hugmyndin er að þessi aðili skuli einnig bera ábyrgð á þeim fjárveitingum til rannsókna sem í dag heyra undir MR-U. Enn skýrari áhersla á rannsóknir á Norðurlöndum ásamt endurnýjun norrænnar nýsköpunarstefnu á að ýta undir þróun Norðurlanda og Eystrasaltssvæðisins í átt að öflugu evrópsku hagvaxtarsvæði.

Norrænu fjárlögin.

Á norrænu fjárlögunum nema fjárframlög til vísinda- og þróunarsamstarfs (FoU) u.þ.b. 200 millj. d.kr. en það er töluvert minna en 1% af því heildarfjármagni sem varið er til rannsókna á Norðurlöndum. Áherslur ráðherranefndarinnar á rannsóknarsviði stuðla því einkum að því að prófa nýjar hugmyndir og örva sérstaka norræna starfsemi. Hana þarf að samræma svo hún falli að áherslum og forgangsröðun landanna. Það verður á verksviði þessa nýja samræmingaraðila að sjá til þess að það fjármagn sem ætlað er til rannsókna á norrænu fjárlögunum nýtist sem best.

Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði FoU skiptast á þrenns konar starfsemi:

- Samnorrænar rannsóknarstofnanir.
- Sjóði og styrki (Norræna stofnunin um vísindamenntun, NorFA).
- Tímabundnar rannsóknaráætlanir, rannsóknarskóla og öndvegissetur (NCoE).

Samnorrænar rannsóknarstofnanir.

Samnorrænar rannsóknarstofnanir eru stofnanir sem búa yfir einstakri sérfræðiþekkingu á sviðum þar sem Norðurlönd telja samstarf vera hagkvæmt. Af 31 stofnun ráðherranefndarinnar verja 13 þeirra meira en 50% fjárveitinga til rannsókna og nýsköpunar, og sex stofnanir verja á milli 10 og 50% fjárveitinga til rannsókna. Sem dæmi um hreinar rannsóknarstofnanir má nefna Norrænu stofnunina um Asíurannsóknir (NIAS), Norrænu sjóréttarstofnunina (NifS) og Norrænu eðlisfræðistofnunina (NORDITA).

Miðað við fjárlög 2004 eru fjárveitingar til rannsóknarstofnana minni á fjárlögum fyrir árið 2005 og fram til ársins 2007 verður dregið enn frekar úr þeim. Tekin hefur verið ákvörðun um að leggja NordInfo niður eigi síðar en við árslok 2004. Hluti þess fjármagns sem losnar við að NordInfo verður lagt niður mun nýtast á öðrum sviðum rannsóknasamstarfs. Þessi niðurskurður tengist framkvæmd ákvörðunar ráðherranefndarinnar frá árinu 2003 um að færa ábyrgð á samnorrænum stofnunum á sviði mennta og rannsókna yfir á aðildarlöndin. Stofnanirnar verða fluttar til stofnana í löndunum, t.d. háskóla, sem eru sjálfstæðar stofnanir sem lúta eigin stjórn. Hin norræna ímynd skal varðveitt og norrænir hagsmunaaðilar geta tekið þátt í samstarfinu í samræmi við löggjöf þess lands sem hýsir stofnunina.

Norrænar fjárveitingar munu eftir það að hámarki geta verið 50% af tekjum stofnunarinnar. Það fjármagn sem losnar að þessu ferli loknu verður áfram á rannsóknarsviði og mun verða viðbót við það fjármagn sem hinn nýi samræmingaraðili mun hafa til umráða.

Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA).

Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) sér um þróun og skipulagningu samstarfsverkefna og styrkjafyrirkomulags þar sem megináherslan liggur á menntun og hreyfanleika vísindamanna. Gert er ráð fyrir að þau verkefni sem NorFA sinnir í dag muni í nýju skipulagi rannsóknamála heyra undir hinn nýja samræmingaraðila.

Rannsóknaráætlanir á tímabilinu 2003–2008 í þús. d.kr.

Rannsóknaráætlanir	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Norðurskautsrannsóknir	6.132	-	-	-		-
Velferðarrannsóknir	5.314	6.274	6.399	3.000	-	-
Kyn og ofbeldi	3.808	3.861	-	-	-	-
Tungutækni	5.086	5.157	-	-	-	-

Rannsóknaráætlanir	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Faraldsfræði	3.066	3.109	3.171	3171	3.171	-
Rannsóknir á sviði öryggismála	1.599	-	-	-	-	-
Vestnorrænt hafveðurfar	2.666	2.703	2.757	-	-	-
Öndvegissetur, hnattrænar breytingar (NOS –N)	3.130	3.174	5.277	5.277	5.277	-
Öndvegissetur, sameindalæknisfræði (NOS-M)		2.991	3.051	3.051	3.051	3.051
Rannsóknarskólar (NOS-H/S)		2.484	2.534	2.534	2.534	2.534
NORDUnet3			3.566	3.566	3.566	3.566
Norræna sjávarútvegsakademían		1.000	1.020	1.020	1.020	1020
Norrænt rannsóknasamstarf			8.178	8.178	8.178	8.178
Norræna eldfjallastöðin			7.975	7.134	4.756	4.756
Kennsla um Norðurlönd erlendis			1.044	1.044	1.044	1.044
Ný starfsemi				6.997	12.375	20.823
Samtals	**30.801**	**30.753**	**44.972**	**44.972**	**44.972**	**44.972**

Yfirlit yfir rannsóknaráætlanir sem eru komnar til framkvæmda eða eru áformaðar á tímabilinu 2003–2008 í þús. d.kr. Upphæðir eru í þús. d.kr. á verðlagi hvers tíma fyrir árin 2003-2004 og á verðlagi ársins 2005 fyrir tímabilið 2005–2008. Við gerð skipulagsramma fyrir tímabilið 2005–2008 er gert ráð fyrir að fjárlagarammi Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi rannsóknarverkefni á árinu 2005 haldist óbreyttur á komandi árum.

Rannsóknaráætlanir, rannsóknarskólar og öndvegissetur.

Tímabundnum, samnorrænum rannsóknaráætlunum, norrænum rannsóknarskólum og öndvegissetrum (NCoE) hefur fram að þessu verið hrint í framkvæmd á forgangssviðum þar sem Norðurlöndin búa yfir sérþekkingu og hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Samnorrænum rannsóknaráætlunum, rannsóknarskólum og öndvegissetrum er meðal annars ætlað að stuðla að því að:

- Efla myndun tengslaneta og menntun og hreyfanleika vísindamanna.
- Tryggja skilvirka nýtingu norræns fjármagns.
- Stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum.
- Efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar (FoU).

Heildarfjárveiting vegna þátttöku í fjármögnun rannsóknaráætlana nemur u.þ.b. 45 millj. d.kr. árið 2005, samanber yfirlit hér að framan.

Ráðstöfunarfé til rannsóknaráætlana fer að vissu leyti eftir hvaða fjármuni losnar um þegar rannsóknaráætlunum lýkur. Á árinu 2005 munu til dæmis losna fjármunir vegna þess að rannsóknaráætlununum; Kyn og ofbeldi og Tungutækni lýkur. Þeir fjármunir munu verða áfram á rannsóknarsviði, meðal annars undir nýjum fjárlagalið; Norrænt rannsóknarsamstarf sem mun verða til ráðstöfunar fyrir hinn nýja samræmingaraðila á sviði rannsókna.

Á komandi árum mun einnig losna um fjármuni vegna endurskipulagningar rannsóknarstofnana, samanber það sem fjallað er um hér að framan. Dæmi um það er Norræna eldfjallastöðin þar sem losnar um 841 þús. d.kr. á árinu 2006 og 2.378 þús. d.kr. á árinu 2007. Annað dæmi um fjármuni sem losnar um frá norrænum stofnunum er þegar NordInfo verður lagt niður ekki síðar en í árslok 2004. Það mun hækka fjárlagaliðina; Norrænar vísindaupplýsingar og Norrænt rannsóknarsamstarf. Á sama hátt er gert ráð fyrir að þegar losnar um fjármuni frá öðrum norrænum rannsóknarstofnunum á tímabilinu 2005 til 2007 muni þeim verða varið til rannsókna. Þar sem stofnanaferlið er enn til umfjöllunar hefur þessum fjármunum ekki enn verið ráðstafað í yfirlitinu yfir rannsóknaráætlanir.

Samstarf á sviði upplýsingatækni beinist að nýjum forsendum og tækifærum sem tengjast aukinni notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UT). Ráðherranefndin mun í auknum mæli beina athyglinni að grunnkerfum upplýsingatækninnar. Dæmi um það er efling samstarfs varðandi NORDUnet A/S (fjarskiptanet fyrir vísindarannsóknir). Norræna samstarfsnefndin á sviði náttúruvísinda (NOS-N) hefur lagt drög að tillögu fyrir ráðherranefndinna á sviði mennta og rannsókna (MR-U) um framtíðarþróun Nordunet-samstarfsins (Nordunet3). Í framhaldi af því óskaði MR-U eftir því að samstarfsnefndir norrænu rannsóknarráðanna legðu fram endanlega tillögu sem tekin yrði til pólitískrar umfjöllunar á árinu 2004. MR-U hefur tekið frá norrænt fjármagn að því gefnu að fjármögnun fáist frá löndunum.

Fjárlagaliðir þar sem sameiginleg upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur

Verulegur hluti fjárveitinga ráðherranefndarinnar fer til upplýsingamiðlunar af ýmsum toga. Þar er um að ræða útgáfu tímarita og skýrslna, málþing og ráðstefnur, fréttamannafundi og rekstur heimasíðu með daglegum fréttum. Markmið þessarar starfsemi er margþætt. Bæði eru þar veittar upplýsingar um verkefni og niðurstöður norrænna samstarfsverkefna og almennar upplýsingar um norrænt samstarf.

Skrifstofa ráðherranefndarinnar og skrifstofa Norðurlandaráðs reka sameiginlega upplýsingadeild. Norræna ráðherranefndin stendur undir 60% af útgjöldum við rekstur deildarinnar og Norðurlandaráð 40%.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá þætti upplýsingastarfseminnar sem birtast sem sérstakir fjárlagaliðir á fjárlögum fyrir árið 2005. Hér er fyrst og fremst um að ræða starfsemi sem er sameiginleg fyrir ráðherranefndina í heild sinni. Það skal þó tekið fram að veigamikill hluti upplýsingastarfseminnar er fjármagnaður beint af fjárveitingum fagsviðanna og norrænu stofnananna. Fjármagn til upplýsinga er og oft samofið almennri starfsemi og kemur því ekki fram á þessu yfirliti.

Verðlag hvers tíma í þús.kr.		**Fjárlög 2005**	**Fjárlög 2004**	**Mismunur +/-**	**%**
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti[1)]	13.933	13.902	31	0,2%
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna[2)]	3.303	3.238	65	2,0%
5-1010-1	Upplýsingastarfsemi[3)]	3.882	3.806	76	2,0%
5-1020-1	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	993	974	19	2,0%
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.964	4.867	97	2,0%
5-1030-1	Halló Norðurlönd[4)]	4.536	4.447	89	2,0%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi[5)]	512	502	10	2,0%
Samtals		**32.123**	**31.736**	**387**	**1,2%**

1) Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum og Pétursborg sjá einnig um verkefnisstjórn fyrir hönd skrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

2) Framlag til reksturs Sambands Norrænu félaganna og svæðisbundinna upplýsingamiðstöðva í norrænu löndunum ásamt upplýsingamiðstöðinni í Suður-Slésvík.

3) Þessi fjárlagaliður sýnir hlut Norrænu ráðherranefndarinnar í fjármögnun upplýsingadeildarinnar, en launaútgjöld ráðherranefndarinnar koma fram á fjárlagalið 5-0180-3, Skrifstofa ráðherranefndarinnar. Í fjárlögum skrifstofunnar fyrir árið 2004 eru þessi útgjöld áætluð 5,68 millj. d.kr.

4) Halló Norðurlönd var í upphafi símaþjónusta en er nú öflug upplýsingaþjónusta á Netinu þar sem norrænir þegnar geta fengið upplýsingar um lög og reglur og réttindi m.a. í tengslum við búferlaflutninga milli norrænu landanna og varðandi afnám landamærahindrana. Eins er þar að finna ýmsar upplýsingar um norrænt samstarf og annað sem varðar Norðurlönd.

5) Útgáfustarfsemin er að meginhluta fjármögnuð af fagsviðunum, sem greiða fyrir þjónustu, ásamt sölu útgefinna skýrslna sem og beinum framlögum frá ráðherranefndinni og Norðurlandaráði.

786. Fyrirspurn [517. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Ástu Möller.

1. Hver hefur verið þróun mönnunar í hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sl. fjögur ár (frá janúar 2001), mælt annars vegar í fjölda hjúkrunarfræðinga á hvern inniliggjandi sjúkling og hins vegar í fjölda hjúkrunarfræðinga og annars starfsfólks í umönnun á hvern inniliggjandi sjúkling, skipt eftir sviðum?
2. Hafa verið gerðar athuganir á tengslum mönnunar innan hjúkrunar og fjölda óhappatilvika, dánartíðni, endurkomu sjúklinga og/eða lengdrar sjúkrahúsdvalar vegna fylgikvilla meðferðar?

Skriflegt svar óskast.

787. Fyrirspurn [518. mál]

til utanríkisráðherra um stuðning við börn flutningsskyldra starfsmanna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er háttað stuðningi við börn flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni við heimkomu eftir búsetu erlendis, t.d. hvað varðar skólagöngu og félagslega aðlögun?
2. Er starfandi sérstakur fjölskylduráðgjafi í utanríkisráðuneytinu? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að svo verði?

788. Fyrirspurn [519. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar á þessu ári til viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands?
2. Hver er áætlaður verkáfangi á þessu ári?
3. Hver er áætlaður heildarkostnaður?
4. Hefur fé verið tryggt til verksins?
5. Hvenær má vænta verkloka?

789. Tillaga til þingsályktunar [520. mál]

um siðareglur fyrir alþingismenn.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að móta siðareglur fyrir alþingismenn. Nefndin hafi til hliðsjónar siðareglur annarra þjóðþinga. Reglurnar verði lagðar fram í formi þingsályktunartillögu í upphafi nýs þings næsta haust.

Greinargerð.

Rétt er og eðlilegt að þingmenn setji sér siðareglur líkt og ýmsar aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu, sem og þingmenn annarra þjóðþinga. Með því styrkja þeir þingræðið og trúnað við kjósendur sína og þjóðina í heild. Í tillögunni er forsætisnefnd falið að móta reglurnar og getur hún leitað ráðgjafar við samningu þeirra, t.d. hjá Siðfræðistofnun Háskólans sem hefur aðstoðað margar starfsstéttir við samningu siðareglna. Reglurnar skulu lagðar fram í upphafi þings næsta haust í formi þingsályktunar sem yrði þá rædd í þinginu og fengi umfjöllun í nefnd.

Siðareglur í norrænum þingum.

Siðareglur hafa verið settar fyrir þingmenn á ýmsum erlendum þjóðþingum. Þær siðareglur sem danska, norska og sænska þingið hafa sett sér eru mjög svipaðar. Reglurnar eru valkvæðar en kjósi þingmenn að gangast undir þær þurfa þeir að samþykkja það skriflega og verða að beygja sig undir öll ákvæði þeirra því ekki er hægt að velja ákveðnar reglur úr og sleppa öðrum.

Norska þingið varð fyrst þessara þinga til að setja sér siðareglur í maí árið 1990. Þegar tillaga þessi var flutt á 130. þingi höfðu 162 af 165 þingmönnum undirgengist þær. Þar getur almenningur nálgast upplýsingarnar hjá þinginu. Danir fylgdu í kjölfarið árið 1994 og haustið 2003 höfðu 123 af 179 þingmönnum undirgengist reglurnar. Almenningur getur nálgast upplýsingarnar hjá þinginu en þar er forsætisnefnd þingsins heimilt að taka ákvörðun um að upplýsingarnar skuli jafnframt vera aðgengilegar fyrir almenning á heimasíðu þingsins. Hjá sænska þinginu voru settar svipaðar reglur árið 1996 þess efnis að þingmenn gætu tilkynnt hvaða tekjur þeir hefðu fyrir utan tekjur af þingstörfum og hvaða verkefni þeir hefðu með höndum utan þingstarfanna. Reglurnar eru ekki eins ítarlegar og í Danmörku og Noregi, t.d. varðandi gjafir, en samkvæmt upplýsingum frá sænska þinginu höfðu 239 af 349 þingmönnum undirgengist reglurnar haustið 2003.

Dönsku reglurnar ganga í grófum dráttum út á það að gefa þingmönnum, varaþingmönnum og ráðherrum sem ekki eru þingmenn, kost á að:

- skrá störf sín utan þings, sem dæmi má nefna stjórnunarstöður í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, önnur launuð störf, hjá hverjum og um hvaða stöðu er að ræða, sjálfstæða atvinnustarfsemi og tegund starfseminnar,
- greina frá hvers konar efnislegum eða fjárhagslegum stuðningi umfram það sem þingflokkurinn og þingið veitir og frá hverjum stuðningurinn er,
- greina frá dýrum gjöfum sem tengjast starfinu og fara yfir 2.000 d.kr. að verðgildi, tegund gjafar, hver gefur og hvenær,
- greina frá fjárhagslegum stuðningi og styrkjum sem tengjast þingmennskunni og þing-

maður tekur við frá stjórnvöldum, samtökum eða einkaaðilum erlendis, í hverju stuðningurinn er fólginn og frá hverjum hann er ef verðmætið fer yfir 2.000 d.kr.,
- greina frá ferðum og heimsóknum til útlanda sem tengjast þingmennskunni og ekki eru að fullu borgaðar af opinberu fé, stjórnmálaflokki viðkomandi þingmanns eða þingmanninum sjálfum, hvert er farið og hver greiðir,
- greina frá eignum í félögum sem fara yfir 50.000 d.kr.

Þá ber þingmönnunum enn fremur að greina frá samningum við fyrri og væntanlega vinnuveitendur um núverandi störf og framtíðarstörf, svo sem samningum um launagreiðslur, óbeinum launum, t.d. lífeyrisréttindum, og samningum um setningu, skipun eða ákvörðun um vinnu hjá framtíðarvinnuveitanda eftir að þingmennsku lýkur.

Skráning skal fara fram innan mánaðar eftir að nýkjörið þing kemur saman og nýjar skráningarskyldar upplýsingar skulu skráðar innan mánaðar eftir að þær liggja fyrir.

Í þessu sambandi skal þess getið að samkvæmt meginreglunni um aðskilnað ríkisvalds segir í 3. gr. dönsku stjórnarskrárinnar að konungurinn (þ.e. ríkisstjórnin) og þingið fari sameiginlega með löggjafarvaldið, konungurinn (þ.e. ríkisstjórnin) fari með framkvæmdarvaldið. Þar af leiðir að þingmenn eru ekki tilnefndir í nefndir á vegum ríkisins til að vinna að undirbúningi löggjafar. Ríkisstjórnin tilnefnir hins vegar sérfræðinga og ríkisstarfsmenn í þá vinnu. Þingmenn eru ekki heldur tilnefndir til setu í stjórnum eða ráðum hjá opinberum stofnunum eða fyrirtækjum. Þó er gert ráð fyrir því í einstaka löggjöf að þingmenn sinni slíkum störfum og þá í stjórnunar- og eftirlitshlutverki.

Siðareglur í breska þinginu og Evrópuþinginu.

Skráðar siðareglur (the Code of Conduct for Members of Parliament) gilda í neðri deild enska þingsins (House of Commons). Í siðareglunum er að finna ákvæði um tilgang þeirra og skyldu þingmanna gagnvart almenningi, bæði í opinberum störfum og persónulegu framferði. Sem dæmi um reglur sem lúta að því síðarnefnda má nefna óeigingirni, heiðarleika, hlutleysi og skyldu til að bera ábyrgð á gerðum sínum. Jafnframt gilda í neðri deild enska þingsins ítarlegar reglur um framferði þingmanna (the Guide to the Rules Relating to the Conduct of Members). Þær hafa að geyma ákvæði um skráningu þeirra hagsmuna sem þingmenn kunna að hafa utan þingsins. Um er að ræða 10 flokka sem taka m.a. til launaðra stjórnarstarfa í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, annarra launaðra starfa, þjónustu við viðskiptavini vegna fyrrnefndra starfa og styrkja til þingmanna, m.a. styrkja fyrir kosningar sem nema meira en 25% af kostnaði við kosningabaráttu viðkomandi þingmanns. Þá ber að gera grein fyrir dýrum gjöfum, ferðum til útlanda sem eru ekki borgaðar að fullu af þingmanninum sjálfum eða opinberu fé og hlutafjáreign þingmannsins og fjölskyldu hans. Einnig má nefna að í reglunum er að finna flokkinn „ýmislegt“ sem tekur þá til þess sem ekki fellur augljóslega undir aðra flokka, en þingmanninum finnst samt rétt að skrá. Því er sterklega höfðað til siðferðiskenndar þingmannsins sjálfs í reglunum.

Einnig eru í gildi reglur um skyldur þingmanns til að lýsa yfir hagsmunum sem hann hefur í umræðum í þinginu og nefndum þess eða í samskiptum við aðra þingmenn eða ráðherra. Mælikvarðinn er sá að þingmaður eigi að upplýsa um hagsmuni ef aðrir gætu haft ástæðu til að ætla að hann ætti að gera það. Jafnframt er að finna reglu þess efnis að þingmaður megi ekki taka að sér mál eða styðja gegn greiðslu. Þessi regla er nátengd reglunum sem fyrr var getið, þess efnis að þingmaður þurfi að tilkynna um fjárhagslega hagsmuni sem hann hefur. Kvörtunum um að þingmaður hafi brotið fyrrgreindar reglur skal beint til sérstaks embættismanns hjá þinginu (the Parliamentary Commissioner for Standards). Neðri deildin hefur

samþykkt ályktanir um fyrrgreindar reglur þess efnis að hún sé samþykk því sem þar kemur fram. Þá skal þess getið að í neðri deild enska þingsins sæta þingmenn takmörkunum hvað varðar setu í stjórnum og/eða ráðum hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Þingmenn lávarðadeildarinnar sæta einnig slíkum takmörkunum þótt ekki séu þær jafnviðamiklar.

Þá hafa verið samþykktar siðareglur fyrir lávarðadeild enska þingsins (Code of Conduct for Members of the House of Lords) sem tóku gildi í mars 2002, en hafa að geyma ákvæði keimlík þeim sem gilda um þingmenn neðri deildarinnar, bæði í siðareglum og reglum um framferði þingmanna. Siðareglur lávarðadeildarinnar eru þó styttri og hnitmiðaðri. Í þeim eru ákvæði um tilgang reglnanna, skyldu þingmannanna gagnvart almenningi og persónulegt framferði þeirra. Sömu reglur gilda um persónulegt framferði þingmanna í lávarðadeild og þingmanna í neðri deild. Þingmönnum lávarðadeildarinnar er einnig gert að skrá þá hagsmuni sem þeir hafa, hvort sem þeir eru fjárhagslegir eða ekki. Þá er tekið fram að þingmaður megi ekki taka við greiðslu frá utanaðkomandi aðila fyrir athöfn sem á sér stað í lávarðadeildinni.

Þá hefur Evrópuþingið (e. European Parliament) sett sér siðareglur fyrir þingmenn og starfsmenn þess sem ætlað er að tryggja sjálfstæði þingsins og viðhalda trúnaðartrausti almennings á því. Þingmennirnir eiga að forðast að taka við gjöfum, þurfa að skrá fjárhagslega hagsmuni sína og eignir sem geta valdið hagsmunaárekstrum í starfinu hjá þinginu og er skráningin höfð aðgengileg á netinu. Munurinn á þessum reglum og þeim sem gilda á Norðurlöndunum eru að þær er valkvæðar en ekki þessar.

Siðareglur hér á landi.

Eins og fram hefur komið hefur fjöldi starfsstétta hér á landi sett sér skráðar siðareglur. Þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti í júní 1999 reglu þess efnis að þingmenn flokksins skyldu ekki gegna föstu starfi utan þings né sitja í stjórnum banka, sjóða eða annarra stofnana sem dregið gæti úr hæfi þeirra til þingstarfa, leitt til hagsmunaárekstra eða raskað að öðru leyti stjórnarskrárbundnum skyldum þeirra. Á 126. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum (þskj. 956, 599. mál). Í 4. gr. þess er það nýmæli að lagt er til að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skuli fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þetta ákvæði frumvarpsins styðst við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegri fyrirgreiðslu þótti flutningsmönnum frumvarpsins mikilvægt að engin leynd hvíldi yfir hverjir styrktu frambjóðendur með verulegum fjárframlögum. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út leiðbeiningar um siðferði í opinberri stjórnsýslu. Samkvæmt þeim er það ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu.

Ekki hafa verið mótaðar siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi og hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir slíkum reglum. Samhliða þessari tillögu endurflytur því fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum tillögu til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni, sem áður var flutt á 127. og 130. löggjafarþingi. Þar er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Megintilgangur þeirra yrði að styrkja þar vönduð vinnubrögð og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Mótun siðareglna fyrir þingmenn.

Í tillögu þessari er ekki tekin afstaða til þess hvaða efnisatriði skuli tekin upp í siðareglur fyrir þingmenn. Telja verður eðlilegra að forsætisnefndin hafi þar frjálsar hendur, enda líklegra að þannig náist víðtæk samstaða um reglurnar. Vísað er þó til þess að í tillögugreininni er lagt til að forsætisnefnd hafi til hliðsjónar siðareglur annarra þjóðþinga.

Aðalatriðið er að þegar forsætisnefnd hefur lagt reglurnar fram í formi þingsályktunar gefist þingmönnum tækifæri til þess að fara yfir málið og ræða í þinginu þannig að breið samstaða geti náðst um þær.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga þá og var flutt aftur á 130. þingi nokkuð breytt. Tillagan er nú endurflutt óbreytt frá síðasta þingi. Þá barst umsögn um tillöguna frá Siðfræðistofun þar sem mælt er með samþykkt hennar. Þar kemur fram að til að starfs- og siðareglur nái tilgangi sínum sé nauðsynlegt að um þær ríki sem mest samstaða á Alþingi og þær njóti virks stuðnings stjórnmálaflokkanna og forystufólks á þingi. Umbætur á þessu sviði nái ekki fram að ganga nema þeir sem eru í forystu veiti þeim virkan stuðning. Í umsögn Siðfræðistofnunar kemur fram að í breska þinginu væri sérstakur embættismaður sem væri þingmönnum til aðstoðar og leiðbeiningar í málum sem varða hagsmunatengsl þingmanna, auk þess sem hann tekur við utanaðkomandi kvörtunum.

Ljóst er að siðareglur fyrir alþingismenn og aðrar starfsstéttir leysa ekki allan vanda og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni. Telja verður þó að skýrar leiðbeinandi reglur styrki störf þingmanna og auki trúnað og traust almennings.

790. Tillaga til þingsályktunar [521. mál]

um siðareglur í stjórnsýslunni.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmið með setningu reglnanna er að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Hafðar verði m.a. til hliðsjónar almennar reglur stjórnsýsluréttar um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni og réttindi eða skyldur borgaranna. Jafnframt taki reglurnar mið af leiðbeiningarreglum OECD um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Reglurnar verði undirbúnar í samráði við samtök opinberra starfsmanna og taki gildi eigi síðar en 1. júní 2005.

Greinargerð.

Tillagan felur í sér að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna. Megintilgangur þeirra yrði að styrkja vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Siðareglur.

Í mörgum ríkjum heims hefur á síðustu árum verið unnið að því að móta siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins, ýmist fyrir stjórnsýsluna í heild eða einstakar starfsstéttir innan hennar.

Starfsstéttir hér á landi hafa einnig í vaxandi mæli sett sér siðareglur, enn fremur má nefna að á vegum Alþjóðaverslunarráðsins hafa verið settar siðareglur um auglýsingar og markaðsstarfsemi sem birtar hafa verið hér á landi. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa sett starfsmönnum sínum starfsreglur sem ekki flokkast sem siðareglur en hafa engu síður siðferðilegt innihald. Fjármálaeftirlitið hefur þannig nýverið gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja og útgefenda verðbréfa um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Þá hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir siðareglum. Þar er nefnt að aukin valddreifing og auknar kröfur sem gerðar séu til þjónustu sem veitt er á vegum hins opinbera hafi haft í för með sér nýja sýn á hlutverk og skyldur opinberra starfsmanna. Eigi það jafnt við um stjórnendur sem aðra starfsmenn. Orðrétt segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Lög byggja jafnan á og fela í sér ýmiss konar siðferðileg viðmið. Siðareglur opinberra starfsmanna geta að sönnu aldrei komið í staðinn fyrir lög en eru þörf og góð viðbót við ákvæði þeirra. Full ástæða er til að kanna með skipulegum hætti möguleika á því að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi.“

Leiðbeiningarreglur OECD.

Nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um opinbera stjórnsýslu hefur birt leiðbeiningar til aðildarríkjanna um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Nefndin leggur til að við mótun siðareglna taki ríkin mið af eftirtöldum meginreglum:

1. Viðmið um hegðun og breytni skulu vera skýr og afdráttarlaus.
2. Siðareglur skulu endurspeglast í lögum.
3. Leiðbeiningar um breytni og háttsemi skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar.
4. Opinberir starfsmenn eiga að þekkja rétt sinn og skyldur í þeim tilvikum þegar grunur þeirra vaknar um að misfarið sé með vald.
5. Stjórnmálamenn skulu vera opinberum starfsmönnum góð fyrirmynd.
6. Ákvörðunartaka innan stjórnsýslunnar á að vera gagnsæ og opin fyrir gagnrýni.
7. Skýrar reglur skulu gilda um samskipti opinberra aðila og einkaaðila.
8. Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi og beita sér fyrir því að starfsmenn tileinki sér siðareglur.
9. Stefna, verkferlar og vinnulag skulu endurspegla siðareglur.
10. Starfsmannastefna og vinnuumhverfi skal stuðla að því að efla siðferðisvitund starfsmanna.
11. Skipulag stjórnsýslunnar skal tryggja að stjórnendur beri ábyrgð.
12. Skipulag og reglur skulu tryggja að unnt sé að rannsaka og refsa fyrir misgjörðir.

Samkvæmt reglunum er það því ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu.

Markmið tillögunnar – reglufesta innan stjórnsýslunnar.

Á 122. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum tillögu til þingsályktunar um bætt siðferði í opinberum rekstri. Tillagan var samþykkt í breyttri mynd 2. júní 1998 og í samræmi við þá ályktun Alþingis var skipuð nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Skýrsla forsætisráðherra um framangreint efni var lögð fram á 125. löggjafarþingi. Þar kemur m.a. fram að hér á landi hafi ekki verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn, en ýmis lög sem taka til athafna opinberra starfsmanna séu þó byggð á siðferðisreglum. Eru þar nefnd almenn hegningarlög, nr. 19/1940, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996, lög

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998.

Af hálfu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hefur verið tekin saman skrá yfir helstu meginreglur framangreindra laga er snerta kröfur til háttsemi ríkisstarfsmanna. Skráin er hvorki tæmandi né er henni ætlað að koma í stað lagareglna eða raunverulegra siðareglna. Markmið skrárinnar er að draga fram kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til ríkisstarfsmanna og vera grundvöllur að umræðum. Þar kemur fram að ætlast er til að ríkisstarfsmaður virði meginreglur góðs stjórnarfars, sé til fyrirmyndar um fagleg vinnubrögð og háttsemi, gegni starfi sínu eins vel og honum er unnt, noti aðstöðu sína aðeins í þágu almannahagsmuna, misnoti ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings og sýni varkárni varðandi persónulega háttsemi. Ljóst er að skrá þessi fullnægir ekki meginreglum þeim sem nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar leggur til að ríki taki mið af við mótun siðareglna.

Siðareglur, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Sé það vald misnotað í eigin þágu eða annarra sérhagsmuna brýtur það í bága við hagsmuni og siðferðisvitund þjóðarinnar. Skráðar siðareglur geta skýrt ábyrgð valdhafa og embættismanna og gert þeim ljóst hvar siðferðisskylda þeirra sem opinberra embættismanna liggur. Ljóst er að skráðar reglur koma þó ekki í staðinn fyrir þær óskráðu sem í grundvallaratriðum byggjast á réttlæti, heiðarleika og siðferðisþreki.

Það er skoðun flutningsmanna að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt almennum innri stjórnvaldsfyrirmælum, skráðum siðareglum, skýrum erindisbréfum og skýrt skilgreindri ábyrgð og stjórnunar- og eftirlitsheimildum innan stjórnsýslunnar ættu að geta myndað góðan ramma um sterka, heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu þar sem hagsmunir almennings eru ávallt í fyrirrúmi. Hinu eru flutningsmenn líka sammála, sem m.a. kemur fram í framangreindri skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, að vandaðar og ítarlegar siðareglur leysa ekki allan þann vanda sem upp kemur og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni.

Í fyrrnefndri skýrslu er einnig m.a. getið um hvað endurmenntun og þjálfun opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum sé mikilvæg. Nefna má í því sambandi hve mikilvægt væri að opinberir starfsmenn hefðu þekkingu á almennum reglum stjórnsýsluréttar sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni, rétt eða skyldur borgaranna. Jafnframt kemur fram að góð stjórnsýsla byggist m.a. á vel menntuðu starfsfólki með sjálfstæða siðferðislega hugsun og dómgreind. Orðrétt segir: „Þegar best lætur fer menntun starfsmanna og skráning siðareglna saman, þ.e. þegar skráning þeirra er a.m.k. öðrum þræði afurð af glímu starfsmanna sjálfra við siðferðileg viðfangsefni.“ Í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi sérstakir stjórnsýsluskólar. Eðlilegt væri jafnframt að skoða eins og þar er nefnt hvort ekki beri að starfrækja slíkan skóla hér á landi.

Tillagan var flutt á síðasta þingi og bárust um að nokkrar umsagnir sem almennt eru mjög jákvæðar m.a. frá Kennarasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Siðfræðistofnun og Félagi forstöðumanna ríkisstofnana. Ástæða er einnig til að nefna að í síðustu ársskýrslu Ríkisendurskoðunar sem rædd var nýverið á yfirstandandi þingi voru birtar siðareglur sem Ríkisendurskoðun hefur sett og fela í sér það siðferðilega gildismat sem starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðirr þeir sem starfa í umboði hennar ættu jafnan að hafa að leiðarljósi.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er gert ráð fyrir skipan nefndar til að móta siðareglur í stjórnsýslunni. Ekki er mælt fyrir um það á hvern hátt nefndin skuli skipuð. Flutningsmenn

leggja þó áherslu á að í henni sitji sérfróðir einstaklingar á sviði stjórnsýsluréttar og siðfræði.

Telja verður að setning siðareglna sé ótvírætt í samræmi við kosti reglna og reglufestu innan stjórnsýslunnar sem aftur tryggir aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð opinberra fjármuna.

791. Fyrirspurn [522. mál]

til menntamálaráðherra um háskóla á Ísafirði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir stofnun háskóla á Ísafirði?

792. Fyrirspurn [523. mál]

til heilbrigðisráðherra um húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Hvers vegna var vinna við deiliskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut ekki boðin út á almennum markaði, en sjálf hönnunin boðin út í samkeppni?
2. Hvers vegna var heildarskipulagningu LSH ekki lokið áður en ráðist var í byggingu barnaspítala, eins og ráðgjafarfyrirtækið Ementor lagði til?
3. Tengist skýrsla breska ráðgjafarfyrirtækisins Weeks frá 1970, sem byggð var á spám um þróun höfuðborgarsvæðisins um og fyrir þann tíma, ákvörðun um fyrirhugaða nýbyggingu LSH við Hringbraut?
4. Hefur verið gerður samanburður á sparnaði og skilvirkni þjónustu í Fossvogi og við Hringbraut í áætlunum um nýbyggingar?
5. Er áætlað að taka nýbygginguna við Hringbraut í notkun í áföngum eða í heild, og hvenær er það áætlað?
6. Hefur verið metin hagkvæmni staðsetningar sjúkrahúss við Hringbraut eða á öðrum lóðum sem taldar eru nær miðju höfuðborgarsvæðisins?

793. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason og Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Inga Boga Bogason frá Samtökum iðnaðarins, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Einar H. Jónsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands, Loga Krist-

jánsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands, Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík, Stefaníu Katrínu Karlsdóttur, rektor Tækniháskóla Íslands, Sverri Sverrisson, formann háskólaráðs nýs háskóla sem fyrirhugað er að stofna, Bjarka Brynjarsson frá Háskólanum í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, Sigurjón Valdimarsson og Mörthu Hjálmarsdóttur, fulltrúa kennara við Tækniháskóla Íslands, og Ásgeir Ingvason og Gunnar Hall, fulltrúa nemenda við sama skóla.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Samtökum atvinnulífsins, Verkfræðingafélagi Íslands, Tæknifræðingafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, Félagi tækniháskólakennara, Háskólanum á Akureyri, Bandalagi háskólamanna, Iðnnemasambandi Íslands og verkfræðideild Háskóla Íslands. Þá barst athugasemd frá Gunnari Hall fulltrúa nemenda við frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um Tækniháskóla Íslands verði felld úr gildi 1. júlí nk. og rekstri skólans hætt í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu skólans og Háskólans í Reykjavík í nýjum háskóla. Fyrirhuguð sameining byggist á viljayfirlýsingu menntamálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs Íslands um stofnun einkahlutafélags sem tekur við starfsemi skólanna, dags. 19. október 2004, sbr. fylgiskjal I.

Við umfjöllun málsins vöknuðu ýmsar spurningar meðal nefndarmanna varðandi væntanlegt fyrirkomulag náms eftir að Tækniháskólinn hefur verið lagður niður auk annarra atriða enda ekki miklar upplýsingar um það að finna í athugasemdum við frumvarpið. Meiri hlutinn bendir á að fyrir liggja skrifleg svör frá rektorum Háskólans í Reykjavík, HR, og Tækniháskóla Íslands, THÍ, Sverri Sverrissyni og Bjarka Brynjarssyni, sem þeir skiluðu sameiginlega til nefndarinnar þar sem ekki náðist að svara spurningum nefndarmanna munnlega á fundi sökum tímaskorts. Í þeim er komið inn á flest álitamálin og ýmsar gagnlegar upplýsingar veittar og telur meiri hlutinn rétt að geta helstu atriðanna.

Spurt var um tæknifræðinámið en við umfjöllun málsins var lýst áhyggjum af því hvort til stæði að fella niður einhverjar greinar þess og einnig hvort ekki væri hætta á því að nemendur mundu frekar kjósa að stunda tæknifræðinám erlendis þar sem engin skólagjöld væru innheimt. Í svörunum kemur fram að lögð verði mikil áhersla á tæknifræðinámið í hinumnýja háskóla, m.a. með því að bjóða í fyrsta sinn hér á landi framhaldsnám til MSc í tæknifræði. Efnislegt innihald allra námsbrauta í tæknifræði muni haldast óbreytt, en áherslusvið verði skýrð. Þannig verði tölvu- og upplýsingafræði t.d. færð undir rafmagnstæknifræði sem valsvið. Slík skipulagsbreyting sé alls ekki til þess gerð að minnka vægi tæknifræðinámsins í sameinuðum háskóla. Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn á að fyrir liggur yfirlýsing frá menntamálaráðuneyti, dags. 3. febrúar 2005, þar sem m.a. kemur fram að stefnt sé að því að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum. Hvað varðar skólagjöldin kemur fram í svörunum að innheimta þeirra geri skólanum kleift að efla námið enn frekar og það muni því styrkja stöðu háskólans í samkeppni við erlenda tækniháskóla. Kostnaður nemenda við að stunda nám erlendis sé umtalsverður og því sé talið að hófleg skólagjöld á Íslandi vegi þar lítið. Auk þess sé æskilegt að hluti námsmanna stundi háskólanám erlendis eins og verið hefur.

Spurt var hvernig samstarfi milli háskóla og rannsóknastofnana yrði háttað. Í svörunum kemur fram að THÍ hafi átt mjög gott og farsælt samstarf við rannsóknastofnanir og hafi gert samstarfssamninga við Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Íslenskar orkurannsóknir. Nýr háskóli muni halda samstarfinu áfram og fyrirætlanir séu um enn meira og markvissara samstarf. Eitt af markmiðum nýja háskólans sé að auka rannsóknir á sviði tæknifræði og verkfræði í nánu samstarfi við rann-

sóknastofnanir. Það sé mjög mikilvægt að framtíðarhúsnæði og staðsetning háskólans leyfi náið samstarf og jafnvel sambýli við rannsóknastofnanir.

Spurt var um fyrirkomulag frumgreinadeildar (nám til undirbúnings frekara námi við háskóladeildir THÍ), einkum hvar hún yrði staðsett og hvort skólagjöld yrðu innheimt. Í svörunum kemur fram að nýr háskóli muni sinna náminu með sama hætti og var í THÍ. Skólagjöld verði ekki innheimt í frumgreinadeild, deildin sé í raun ekki eins og háskóli, í því námi séu ekki stundaðar rannsóknir heldur einungis lögð áhersla á góða kennslu. Hvað varðar þá nemendur sem þegar hafa innritað sig í frumgreinadeild og stefna í kjölfarið á nám í hinum nýja háskóla var upplýst síðar í umfjölluninni af hálfu formanns háskólaráðs hins nýja háskóla og fulltrúa nemenda við frumgreinadeild THÍ að samkomulag hefði náðst þess efnis að umræddir nemendur fengju fyrstu tvö árin frítt í allar deildir en þyrftu að greiða fyrir síðasta árið. Fulltrúi nemenda lýsti yfir almennri ánægju með þetta samkomulag. Telur meiri hlutinn mikilvægt að góð sátt hafi náðst um málið. Þá kemur fram í svörunum að það sé mikið hagsmunamál fyrir háskólann að halda frumgreinanáminu sem sterkustu og að hið opinbera haldi áfram stuðningi við það.

Spurt var um hver greiði skólagjöld vegna núverandi THÍ-nemenda sem flytjast í nýjan háskóla, nánar tiltekið hvort sérstakur samningur væri við menntamálaráðuneyti vegna þessara nemenda um skólagjöldin. Í svörunum kemur fram að háskólanemar í THÍ hafi greitt innritunargjöld en ekki skólagjöld. Þegar nýr háskóli taki til starfa muni þeir stúdentar sem nú þegar eru í háskólanámi í THÍ halda áfram að greiða gjöld sem séu í samræmi við þau innritunargjöld sem ríkisháskólar innheimta. Þannig haldi þessir nemendur áfram námi án þess að greiða svokölluð skólagjöld. Menntamálaráðuneyti hafi enga samninga gert um greiðslu skólagjalda fyrir þessa nemendur.

Spurt var um fyrirkomulag heilbrigðisdeildarinnar. Í svörunum kemur fram að fyrir liggi að námið muni flytjast yfir til Háskóla Íslands, þrýstingur hafi verið frá stéttarfélögum meinatækna og geislafræðinga um flutning þangað. Í yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins, dags. 3. febrúar 2005, sem áður er getið, áréttar ráðuneytið að það hafi síðastliðið haust haft frumkvæði að viðræðum við forsvarsmenn Háskóla Íslands og stjórn hins sameinaða háskóla um fyrirkomulag kennslu í meinatækni (lífeindafræði) og geislafræði. Í kjölfar þess hafi það orðið að samkomulagi og ráðuneytið ákveðið að í haust skyldi kennsla hefjast við læknadeild Háskóla Íslands í umræddum námsgreinum sem til þessa hafi verið kenndar í THÍ. Þeir nemendur sem þegar stundi nám í þessum greinum við THÍ muni ljúka námi sínu við nýjan sameinaðan háskóla. Fari þessi flutningur því fram í fullu samráði við báða skólana og sé það í samræmi við eindreginn vilja viðkomandi fagfélaga.

Spurt var um réttindi starfsmanna og tímaramma. Í svörunum kemur fram að lögð verði áhersla á að tryggja sem best réttindi stúdenta og starfsmanna í samrunaferlinu. Stjórnarformaður hins nýja háskóla hafi tilkynnt starfsmönnum THÍ að allir fái samning við skólann. Varðandi tímarammann kemur fram að samkvæmt frumvarpinu sé gert ráð fyrir að THÍ verði lagður niður 30. júní nk. Gert sé ráð fyrir að öllum starfsmönnum THÍ verði tilkynnt 31. mars nk. að niðurlagning skólans jafngildi uppsögn. Hinn nýi háskóli hafi skuldbundið sig til að taka við öllum starfsmönnum THÍ til starfa. Sama eigi við um starfsmenn HR, þeir muni hætta starfi hjá HR og verða starfsmenn sameinaðs háskóla, ekki sé heldur gert ráð fyrir að nokkrum starfsmanni HR verði sagt upp störfum. Síðar við umfjöllunina upplýsti formaður nýs háskólaráðs að nú væri að störfum nefnd þriggja lögfræðinga sem hefði það hlutverk að tryggja að í hvívetna yrði gætt að réttarstöðu starfsmanna THÍ, m.a. væri verið að skoða lífeyrissjóðsmál starfsmanna.

Spurt var hvernig samstarfi við framhaldsskóla yrði háttað. Í svörunum kemur fram að samstarf við framhaldsskóla þurfi að efla. Fram undan sé öflugt kynningarstarf meðal starfsmanna og stjórnenda framhaldsskóla landsins. Meðal þess sem tekið verði fyrir sé athugun á hvernig samstarfi nýja skólans og framhaldsskólanna skuli háttað, hvernig því verði best fyrir komið.

Nokkuð ítarleg umræða fór fram um hvers vegna hlutafélagaformið hafi verið valið fram yfir sjálfseignarstofnun, hvort akademísku frelsi kennara verði ekki stefnt í hættu. Í svörunum kemur fram að hlutafélagaformið sé almennt heppilegra, hlutafélagalöggjöf geri ráð fyrir að hægt sé að stofna félag sem ekki sé rekið í hagnaðarskyni en svo sé gert í 2. gr. stofnsamþykkta hins nýja félags sem ætlað er að reka sameinaðan háskóla, sbr. fylgiskjal II. Þar komi fram að hlutverk félagsins sé ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri, heldur renni hugsanlegur hagnaður til frekari uppbyggingar starfseminnar. Þá eru kostir hlutafélagaformsins nánar raktir og færð rök fyrir því að akademísku frelsi sé ekki ógnað með breyttu rekstrarformi. Tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Spurt var um setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í háskólaráði. Í svörunum kemur fram að hlutverk háskólaráðs sé m.a. að ákvarða námsframboð og móta framtíðarstefnu fyrir háskólann og veita honum stuðning, aðhald og eftirlit þannig að hann ræki hlutverk sitt af kostgæfni. Í störfum sínum geti háskólaráð fengið starfsmenn og nemendur til ráðgjafar eftir því sem við á hverju sinni. Lögð sé áhersla á að gott upplýsingaflæði sé frá framkvæmdastjórn til nemenda og starfsmanna og öfugt þannig að báðir hópar geti komið ábendingum og óskum til háskólaráðs í gegnum framkvæmdastjórn. Þessi háttur hafi verið viðhafður í HR frá stofnun skólans og ekki verið gagnrýndur, hvorki af nemendum né starfsmönnum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að eðlileg þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn skólans verði tryggð og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur.

Meiri hlutinn fagnar frumvarpi þessu og telur að fyrirhuguð sameining skólanna muni efla verkfræði- og tæknifræðinám enn frekar hér á landi sem og atvinnulífið og fjölga tækifærum námsmanna til framtíðar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þau atriði sem nefnd hafa verið hér að framan verði höfð að leiðarljósi við undirbúning hins nýja háskóla, einkum er varðar eflingu tæknifræðináms, samstarf við rannsóknastofnanir og framhaldsskóla, að frumgreinanámið haldi vægi sínu og að réttindamálum starfsmanna og nemenda verði sinnt af kostgæfni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 10. febr. 2005.

Gunnar Birgisson, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Hjálmar Árnason.

Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Viljayfirlýsing um stofnun einkahlutafélags er taki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands.

(19. október 2004.)

Aðilar að þessari viljayfirlýsingu eru menntamálaráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands fyrir hönd Sjálfseignarstofnunar Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV).

Af hálfu ríkisstjórnar er yfirlýsing þessi háð því að Alþingi fallist á þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að af sameiningu Háskólans í Reykjavík (hér eftir nefndur HR) og Tækniháskóla Íslands (hér eftir nefndur THÍ) geti orðið. Verður frumvarp sem inniheldur þær breytingar lagt fram á Alþingi haustið 2004. Fjárskuldbindingar gagnvart hinum nýja skóla (hér eftir nefndur háskólinn) eru háðar samþykki Alþingis skv. fjárlögum.

Aðilar eru sammála um að gera þurfi átak til að auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Hvort tveggja er forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni í atvinnulífi hér á landi. Mikilvægt er að háskólinn mæti þörfum atvinnulífs og einstaklinga fyrir trausta og góða tækni- og rekstrarþekkingu. Með hinum nýja háskóla er stigið skref í átt til þess að tryggja áhrif og þátttöku atvinnulífs í háskólastarfi hér á landi.

1. Stefnt er að því að á næstu vikum verði gengið frá samþykktum fyrir einkahlutafélag er reki háskólann og að hann fái formlegt starfsleyfi menntamálaráðuneytis, sbr. lög um háskóla, nr. 36/1997, fyrir árslok 2004. Jafnframt er að því stefnt að starfsemi HR og THÍ verði endanlega sameinuð í hinum nýja háskóla í síðasta lagi í júní 2005.
2. Aðstandendur háskólans, sem eru Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands (fyrir hönd SVÍV), skipa stjórn hins nýja félags sem jafnframt gegnir hlutverki háskólaráðs og markar það stefnu um rekstur og starfsemi háskólans. Gert er ráð fyrir að háskólinn hafi heimild til að innheimta skólagjöld.
3. Aðstandendur háskólans munu leggja til 300 m. kr. eigið fé og annað sem nauðsynlegt er til að háskólinn geti sinnt hlutverki sínu af metnaði og vaxið og dafnað í samræmi við hlutverk sitt að því gefnu að samkomulag náist við menntamálaráðuneytið um stuðning við starfsemi skólans, sbr. 13. tölulið þessarar yfirlýsingar. Einkahlutafélagið verður ekki rekið í hagnaðarskyni fyrir eigendur félagsins.
4. Aðstandendur háskólans skuldbinda sig til að uppfylla í hvívetna kröfur um gæði náms og rannsókna er stjórnvöld gera skv. lögum, reglugerðum, tilmælum og alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland á aðild að.
5. Aðstandendur háskólans tryggja að nemendur sem hafið hafa nám í HR og THÍ þegar háskólinn verður stofnaður skulu eiga rétt á að ljúka því í samræmi við þær skuldbindingar sem skólarnir hafa stofnað til. Jafnframt því mun háskólinn samræma kennsluskrár og námskröfur og bjóða fram endurskipulagt nám við fyrsta hentugleika.
6. Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að nemendur sem þurfa að stunda verklegt nám og starfsnám hjá stofnunum hins opinbera geti gert það áfram á sömu forsendum og verið hefur við THÍ.
7. Háskólinn mun bjóða nám til BA-, BS- og diplómaprófs í þeim greinum sem HR og THÍ hafa boðið upp á. Auk þess er að því stefnt að stofnaðar verði nýjar deildir á fyrsta starfsári skólans í kennslufræði og verkfræði.

8. Háskólinn mun bjóða upp á það framhaldsnám sem þegar hefur verið heimilað við núverandi skóla. Auk þess er stefnt að því að hann bjóði upp á MS-gráðu í verkfræði og meistaragráðu í kennslufræði sem og frekara framhaldsnám eftir aðstæðum og nánara samkomulagi við menntamálaráðuneytið.
9. Háskólinn mun bjóða upp á sérhæft undirbúningsnám, sambærilegt námi í frumgreinadeild THÍ.
10. Stefnt er að því að háskólinn standi fyrir diplóma- og viðbótarnámi og stuðli að eflingu símenntunar í samvinnu við aðila sem vinna að þeim málefnum.
11. Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir framlögum til skólans vegna kennslu í samræmi við reglur ráðuneytisins um fjármögnun háskóla. Heildarnemendaígildum háskólans mun fjölga miðað við núverandi skóla og verður fjölgunin fyrst og fremst í reiknilokkum 4 og 5 eins og þeir eru skilgreindir í reglum nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla.
12. Við háskólann verða stundaðar rannsóknir og á næstu árum mun framlag ríkisins til rannsókna fara stigvaxandi til ársins 2009, háð þeim fyrirvörum sem settir verða í kennslu- og rannsóknasamningi og almennum kröfum um árangur rannsóknarstarfseminnar. Háskólinn mun auk þess efla rannsóknar- og þróunarstarf með fjármögnun frá fyrirtækjum, samtökum atvinnurekanda, samkeppnissjóðum innan lands og erlendis og í samstarfi við rannsókna- og fræðslustofnanir.
13. Stefnt er að undirritun samnings, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr 136/1997, um háskóla, sem taki til kennslu- og rannsókna eigi síðar en í júní 2005 og mun hann ná til fimm ára.
14. Menntamálaráðuneytið leggur hinum nýja háskóla til afnot af núverandi búnaði THÍ.

Fylgiskjal II.

Samþykktir fyrir Hástoð ehf.

1. gr. Heiti og heimilisfang

Heiti félagsins er Hástoð ehf. Heimili félagsins er að Ofanleiti 2, Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk félagsins er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, m.a með því að efla og auka menntun, rannsóknir og nýsköpun á háskólastigi, sem nýtist atvinnulífinu. Í þeim tilgangi rekur félagið háskóla, sem verður meginverkefni félagsins, og aðra þá starfsemi sem þjónað getur þessu hlutverki. Hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri.

Félagið hyggst sinna hlutverki sínu varðandi menntun og rannsóknir meðal annars með gerð þjónustusamninga við stjórnvöld um fjárveitingar. Þá hyggst félagið sinna hlutverki sínu með því að taka að sér margvíslega þjónustu á sviði menntunar og rannsókna og þar m.a. samstarf við fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðrar menntastofnanir á Íslandi og erlendis.

3. gr. Hlutafé

Hlutafé félagsins er kr. 15 milljónir. Hlutaféð skiptist í hluti að fjárhæð ein króna að nafnvirði eða margfeldi þar af. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé.

4. gr. Hlutafjáraukning og -lækkun, hlutabréf, hlutaskrá og eigendaskipti

Stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutafé um kr. 385 milljónir í einu lagi eða áföngum. Hluthafar hafa forkaupsrétt að því hlutafé í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Eigi síðar en þegar háskóli félagsins tekur til starfa skal hlutafé vera kr. 300 milljónir. Að öðru leyti þarf samþykki hluthafafundar til að auka hlutafé enda samþykki 2/3 hluthafa þá tillögu. Stjórnin ákveður nafnverð hluta, útboðsgengi eða skiptigengi og aðrar sölureglur, frest til áskriftar og greiðslu ákveður stjórnin og skal í einu og öllu fara eftir ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla einkahlutafélagalaga, nr. 138/1994.

Stjórn á forkaupsrétt að fölum hlutum fyrir hönd félagsins. Hluthafar eiga forkaupsrétt að fölum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína að félaginu sjálfu frágengnu.

Eigendaskipti að hlutum öðlast gildi við tilkynningu til stjórnar. Verði ágreiningur um verð hluta skulu dómkvaddir matsmenn kallaðir til. Frestur forkaupsréttarhafa til að nýta sér forkaupsrétt er einn mánuður frá tilkynningu stjórnar til þeirra um sölu hlutanna og skulu seldir hlutir staðgreiddir.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti án samþykkis stjórnar félagsins. Aðeins hluthafafundur getur ákveðið að lækka hlutafé og þá með samþykki 2/3 hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá að lögum.

5. gr. Réttindi og ábyrgð hluthafa

Hluthafar bera ekki ábyrgð umfram hluti sína í félaginu. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn nema landslög kveði á um slíkt. Félagið má kaupa eigin hlut að lögmæltu hámarki. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir hluti í eigu félagsins.

6. gr. Hluthafafundur

Æðsta vald er í höndum lögmætra hluthafafunda. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er boðaður með bréfi eða á sannanlegan hátt með a.m.k. fjórtán daga fyrirvara, en lengst með fjögurra vikna fyrirvara. Hluthafafund skal halda að ákvörðun stjórnar eða að ósk hluthafa sem ráða yfir a.m.k. tíunda hluta hlutafjár. Slík ósk skal berast stjórninni skriflega og fundarefni tilgreint og ber stjórninni þá að halda fund innan fjórtán daga.

7. gr. Ársreikningar og aðalfundur

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfund skal halda fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Skal hann boðaður öllum hluthöfum með bréfi eða með auglýsingu í fjölmiðlum, með minnst fjórtán daga fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara og skal geta um sérstök fundarefni í fundarboði. Fundurinn skal jafnframt vera opinn öllum stjórnarmönnum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Tillögur stjórnar eða hluthafa, sem leggja skal fyrir aðalfund, þar á meðal tillaga um stjórn, skulu liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir fundinn. Tillögur um breytingar á samþykktum skal þó kynna hluthöfum a.m.k. tveimur vikum fyrir fund. Að öðrum kosti verða þær ekki teknar til afgreiðslu.

Á dagskrá aðalfundar skulu m.a. vera eftirtaldir liðir:

a) Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um hag félagsins, starfsemina undanfarið ár og framtíðaráform.
b) Ársreikningar lagðir fram til samþykktar.
c) Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs lögð fram til kynningar.
d) Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

e) Tillaga um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda.
g) Kjör endurskoðanda.
h) Önnur mál löglega upp borin eða mál sem stjórnin hefur undirbúið.
Annað hvert ár kýs aðalfundur stjórn félagsins.

8. gr. Stjórnarkjör

Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum, og þremur til vara, til tveggja ára í senn. Samkomulag er um að stofnendur félagsins Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands skipi stjórn þess. Fyrir fyrsta kjörtímabil stjórnar skipar Verslunaráð Íslands þrjá menn í stjórn, þar af einn sem formann, Samtök atvinnulífsins einn mann og Samtök iðnaðarins tvo menn en sameiginlega skipa þessir aðilar einn stjórnarmann. Frá og með aðalfundi félagsins árið 2006 skipar Verslunarráð Íslands fjóra menn, þar af einn sem formann stjórnar, Samtök atvinnulífsins einn og Samtök iðnaðarins tvo menn.

9. gr. Helstu verkefni og stjórnarhættir stjórnar

Meginverkefni félagsins er að reka háskóla. Stjórn félagsins, sem er jafnframt háskólaráð háskólans, annast umsýslu eigna. Stjórnin markar stefnu félagsins og háskólans, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði, gæði kennslu og aðra meginstarfstilhögun háskólans. Jafnframt ákveður stjórn skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra. Stjórnin skal setja sér starfsreglur í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem VÍ, SA og Kauphöll Íslands hafa gefið út. Þar skal m.a. fjalla um verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra (rektors), og gæðakröfur til framkvæmdastjóra (rektors), kennara og annarra stjórnenda skólans. Stjórnin er í forsvari fyrir félagið og háskólann. Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins. Stjórnin ein getur skuldbundið háskólann fjárhagslega.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi með dagskrá og minnst þriggja daga fyrirvara nema brýn nauðsyn sé að halda fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna situr hann. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum en þó þurfa minnst fjórir stjórnarmenn að greiða tillögu atkvæði sitt til þess að hún teljist samþykkt. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók.

Félagið ábyrgist skuldbindingar félagsins með eignum sínum. Stjórnin skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans. Stjórnin afgreiðir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir háskólann og ársreikning hans. Stjórninni er heimilt að skipa sérstakar nefndir til tímabundinna verkefna, s.s. fjáröflunar, endurnýjunar tækjabúnaðar, þróunarverkefna eða annars sem er talið rétt að sérstakur starfshópur sinni. Daglegur rekstur, þar með talið starfsmannahald, fjármálaumsýsla, áætlunargerð og bókhald félagsins, er í höndum framkvæmdastjóra.

10. gr. Framkvæmdastjóri/rektor

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra félagsins, sem jafnframt er rektor háskólans, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum. Rektor háskólans kemur fram fyrir hönd félagsins og háskólans, annast daglegan rekstur hans, fer með prókúruumboð og getur skuldbundið félagið í málum sem eru á verksviði hans. Rektor ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart stjórn. Rektor situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti nema stjórnin ákveði annað um einstaka fundi. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiri háttar. Slíkar ráðstafanir getur rektor aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi háskólans. Í slíkum tilvikum skal stjórninni tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, að undangengnu mati dómnefndar, og aðra starfsmenn skólans og víkur þeim frá. Þó skal rektor hafa samráð við stjórn um ráðningu og starfsskyldur prófessora, deildarforseta og annarra framkvæmdastjóra skólans. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

11. gr. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Hagnaði félagsins skal aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur arður út úr félaginu.

12. gr. Breytingar á samþykktum - félagsslit

Breytingar á þessum samþykktum verður að samþykkja með atkvæðum 2/3 hluthafa og hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á lögmætum aðalfundi eða hluthafafundi. Afgreiða skal tillögu um að slíta félaginu eins og tillögu um lagabreytingu og gilda þá ákvæði einkahlutafélagalaga um félagsslit. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess.

Við slit á félaginu skal hluthafafundur jafnframt ákvarða um ráðstöfun eigna, greiðslu skulda og skuldbindinga félagsins, þar á meðal um réttindi þeirra námsmanna sem ekki hafa lokið námi. Við félagsslit skal einungis framreiknað hlutafé renna til eigenda félagsins, en eignir umfram skuldir að öðru leyti skulu renna til almannaheilla í samræmi við hlutverk félagsins skv. ákvörðun hluthafafundar.

Þannig skráð hjá Fyrirtækjaskrá 11. janúar 2005.

794. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Að mati 1. minni hluta er sjálfsagt og nauðsynlegt að kanna sameiningu skóla á háskólastigi eða nánari samvinnu þeirra á milli. 1. minni hluti telur það geta verið góðan kost að sameina t.d. umrædda skóla, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Grundvallaratriði er að áfram verði jafnrétti til náms í tæknigreinum, að sameiningin verði til að styrkja tæknínám í landinu. Þá þarf að tryggja að hin nýja skólastofnun, sem er rekin að stærstum hluta fyrir opinbert fé, verði ekki rekin í hagnaðarskyni heldur með það markmið eitt að bjóða upp á fyrsta flokks nám. Markmiðið er að efla nám í tæknifræðum og fjölga tæknimenntuðu fólki og því verður að vanda vel til verka.

Enginn vafi leikur á því að við sameiningu skóla sem þessara verða til mörg tækifæri en þau nýtast ekki nema þannig sé gengið frá að jafnrétti sé til náms og stofnunin búi við skýrt akademískt frelsi. Það er vissulega jákvætt að atvinnulífið komi með fjármuni inn í menntakerfið en það má ekki verða til þess að ganga gegn áðurtöldum markmiðum, heldur til að efla þau. 1. minni hluti leggur því til þær breytingar sem hér verða raktar á eftir.

Það er ámælisvert hve skammur tími var gefinn til umfjöllunar um málið þar sem nefndin hélt aðeins tvo fundi um það og er það óviðunandi með öllu þegar lagðar eru til jafnmiklar breytingar á skólakerfinu og hér blasa við.

Stefnuleysi stjórnvalda í málefnum háskólastigsins kemur skýrt fram í þessu máli öllu. Brýnt er að unnin verði heildstæð stefnumótun um málefni háskólastigsins þar sem tekið er á rekstrarformi skólanna, stjórnun, tekjuöflun og inntaki þeirra. Þessu hefur menntamálaráðherra ekki sinnt og kemur það alvarlega niður á allri umræðu um sameiningu skóla á háskólastigi enda kostirnir ekki verið kannaðir að neinu marki og er öll meðferð málsins af hálfu stjórnvalda verulega yfirborðskennd.

Við vinnslu málsins lagði 1. minni hluti ríka áherslu á að rekstrarformi skólans verði breytt úr einkahlutafélagi í sjálfseignarstofnun. Engin rök hafa komið fram sem styðja einkahlutafélagsform um rekstur hins nýja skóla. Það form er sniðið að rekstri í hagnaðarskyni og hefur sjálfseignarformið utan um rekstur háskóla gefist vel. Það er almennt mælt með því af íslensku skólafólki sem hinu hentugasta utan um rekstur einkarekinna skólastofnana. Þá er það sannfæring 1. minni hluta að einkahlutafélagsformið ógni sjálfstæði og frelsi skólans, en sjálfseignarstofnunarformið tryggir það aftur á móti og eflir. 1. minni hluti flytur í tengslum við mál þetta breytingartillögu þar sem lögð er til breyting á 3. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997. Þar er lagt til að þeir einkaaðilar sem heimilt verður að stofna háskóla skuli vera sjálfseignarstofnanir. Þannig er sjálfstæði og akademískt frelsi einkarekinna háskóla tryggt.

Rekstrarform hins sameinaða skóla breytist ekki í grundvallaratriðum þrátt fyrir ákvæði annarrar greinar stofnsáttmála Hástoðar um að allur hagnaður af rekstri skólans skuli ganga til hans að fullu. Áfram er um að ræða form þar sem eigendur geta keypt og selt hluti sína í félaginu að vild og engin trygging er fyrir því hverjir kunna að eignast skólann síðar meir. Ekkert virðist mæla gegn því rekstrarformi og 1. minni hluti ítrekar áskoranir til stofnenda skólans um að breyta rekstrarforminu úr einkahlutafélagsformi í sjálfseignarstofnun. Með því móti væri málið nær því þannig vaxið að hægt sé að veita því stuðning.

Annað meginatriði við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík snýst um að ekki verði erfiðara að komast að í tæknínámi en öðrum námsgreinum. 1. minni hluti telur að tæknínám eigi eins og flest annað nám á háskólastigi að standa einnig til boða í opinberum skóla, t.d. Háskóla Íslands eða Iðnskólanum í Reykjavík, gegn hefðbundnum gjöldum en ekki einungis í einkareknum skóla gegn mun hærri skólagjöldum en opinberu skólarnir innheimta. Þar með tekur 1. minni hluti undir þær skoðanir sem komu fram í umsögn rektors Háskólans á Akureyri, Þorsteins Gunnarssonar, sem heldur því fram að með samþykkt þessa frumvarps þurfi stjórnvöld að endurskoða stefnu um skólagjöld þar sem sú mismunun sem hér hefur verið innleidd ógni stöðu opinberra íslenskra háskóla gagnvart erlendum háskólum. Þessi breyting fer fram án heildstæðrar umræðu um skólagjöld og fjármögnun háskólastigsins til framtíðar. Með þessu er verið að raska núverandi fyrirkomulagi og fella fleiri námsgreinar undir það að standa einungis til boða gegn háum gjöldum.

Við vinnslu málsins telur 1. minni hluti að fram sé komið skuldbindandi loforð um að nám í frumgreinadeild verði áfram til staðar og að ekki verði innheimt skólagjöld við það enda um nám á framhaldsstigi að ræða. 1. minni hluti leggur mikla áherslu á að þetta gangi eftir og að jafnframt verði aðfaranám á borð við tæknistúdentsnám og frumgreinadeildarnám eflt við Iðnskólann í Reykjavík og/eða aðra verkmenntaskóla.

Þá er mikilvægt að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum, t.d. í Iðnskólanum í Reykjavík eða Háskóla Íslands, til að fjölga valkostum og efla námið enn frekar. Það er mikilvægt að framboð á tæknínámi verði ekki fátæklegra eftir sameininguna og renni að stórum hluta inn í verkfræðinámið heldur standi það áfram sem öflugt, sérstakt

nám við hinn nýja skóla. Færsla líftæknigreinanna til Háskóla Íslands er fordæmi fyrir tækninámi við skólann og ber að mati 1. minni hluta að kanna kosti þess til hlítar að kenna tæknigreinarnar í Háskóla Íslands.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd lögðu ríka áherslu á að allir kostir til sameiningar yrðu skoðaðir. Sameining HR og THÍ, sameining THÍ og HÍ og sameining THÍ og Viðskiptaháskólans á Bifröst. Að slíkri könnun lokinni er best að taka afstöðu til þess hvaða sameining sé heppilegust og tryggi öflugt tækninám í landinu. Með þessum skóla virðist stefnt að háskólarekstri í tvenns konar formi: HÍ og HA annars vegar, THÍ/HR hins vegar. Þessir skólar virðast eiga að vera jafnvígir gagnvart fjármunum úr ríkissjóði en alveg er óljóst af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort milli þeirra er einhver verkaskipting. HÍ/HA með skyldur, en nýi skólinn færri. HÍ/HA fái skráningargjöld, hinn talsverð skólagjöld að vild.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að fulltrúar nemenda og kennara eigi sæti í háskólaráði skólans en fyrir því er ekki gert ráð nú. Það er mikilvægt til að efla akademískt frelsi skólans að viðhorf samfélagsins innan hans, nemenda og kennara, eigi þar vísan stað. Einnig skal tekið undir kröfur BHM um að réttindi starfsmanna verði tryggð og gengið vandlega frá öllum lausum endum í því samhengi. Allur aðdragandi málsins er ámælisverður af hálfu stjórnvalda. Málið var aldrei kynnt fyrir Alþingi þegar ákveðið var að fara þessa leið heldur kom það fyrir bæði þing og þjóð í fjölmiðlum. Það kom síðan vanbúið og illa unnið til Alþingis þannig að þetta annars góða mál var orðið tortryggilegt og laskað. Með framgöngu sinni hafa menntamálayfirvöld unnið þessari sameiningu tjón sem ber að harma þar sem hún getur verið góður kostur til að efla tækninám sé vel að málum staðið bæði hvað varðar eignarformið og uppbyggingu tæknináms við aðra opinbera skóla um leið. Ef sú leið verður farin að tækninám verði einungis hægt að stunda í einkareknum skóla gegn skólagjöldum þarf að kanna vel hvort ráðast eigi í uppbyggingu tæknináms við opinbera skóla á borð við Iðnskólann eða Háskóla Íslands.

Alþingi, 14. febr. 2005.

Björgvin G. Sigurðsson, frsm.	Mörður Árnason.	Katrín Júlíusdóttir.

795. Breytingartillögur [398. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar (BjörgvS, MÁ, KJúl).

1. Við bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:
   Við 3. málsl. 3. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla, bætist: og skulu þeir þá vera sjálfseignarstofnanir.
2. Heiti frumvarpsins verði: **Frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 136/1997, um háskóla.**

796. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Um árabil hefur verið unnið að því í ráðuneyti menntamála að einkavæða tækninám á háskólastigi án teljandi árangurs þar til nú að Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum iðnaðarins og Verslunarráð Íslands hafa stofnað einkahlutafélagið Hástoð ehf. Menntamálanefnd hefur þurft að fjalla um málið undir tímapressu, enda er gert ráð fyrir að hinn nýi háskóli taki til starfa eftir fjóra mánuði. 2. minni hluti átelur það hversu skammur tími var gefinn til umfjöllunar um málið, en nefndin hélt aðeins tvo fundi um það, sem hlýtur að teljast ófullnægjandi þegar gerðar eru jafnviðamiklar breytingar og hér eru í uppsiglingu.

Annar minni hluti gagnrýnir það að hin nýja skólastofnun skuli eiga að verða rekin sem einkahlutafélag og fellir sig ekki við þær skýringar sem eigendur gefa á þeirri niðurstöðu. Hingað til hefur Háskólinn í Reykjavík verið rekinn sem sjálfseignarstofnun líkt og Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Listaháskóli Íslands o.fl. skólar í menntaflórunni. Þau rök sem fram eru færð fyrir því að sjálfseignarstofnanaforminu var hafnað eru einkum þau að hlutafélagaformið sé sveigjanlegra, ábyrgðin sé skýrari, allir eigendur hafi aðkomu að stjórn og ekki verði hætta á því að skólinn endi uppi munaðarlaus eins og gæti gerst ef um sjálfseignarstofnun væri að ræða. Um þetta segir í svörum fulltrúa hinna nýju stofnunar, sem send voru menntamálanefnd og undirrituð eru af Guðfinnu S. Bjarnadóttur: „Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugarfarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskiptum viðkomandi ekki óskað frekar.“ Þá telja fulltrúar eigendanna mikilvægt að í hlutafélagi eigi hver og einn sinn hlut og geti tekið hann út úr félaginu, slíkt sé ekki hægt þegar um sjálfseignarstofnun er að ræða. 2. minni hluti hafnar þessum rökum og bendir á að ekki hafi komið upp teljandi vandræði við rekstur þeirra sjálfseignarstofnana sem við höfum innan skólakerfisins í dag. Einnig tekur 2. minni hluti undir gagnrýni þá sem kemur fram í umsögn BHM um málið, en þar segir: „Almennt vill BHM taka fram að þegar breytt er um rekstrarform fyrir starfsemi í almannaþágu á borð við kennslu og rannsóknir í a) ríkisháskóla svo sem Tækniháskóla Íslands, og b) sjálfseignarstofnun, svo sem Háskólanum í Reykjavík, sem fjármögnuð er með (i) beinum ríkisframlögum til kennslu og rannsókna og (ii) óbeinum ríkisframlögum í formi niðurgreiddra lána úr ríkisstofnuninni Lánasjóði íslenskra námsmanna sem notuð eru til greiðslu skólagjalda án lögbundins hámarks, komi ekki til greina hvorki frá sjónarhóli skattgreiðenda, lýðræðislegs umboðs og eftirlits, notenda né starfsmanna – að starfsemin sé rekin í (einka)hlutafélagsformi.“ Einnig skal tekið undir kröfur BHM um að réttindi starfsmanna verði tryggð í hvívetna og þótt aðstandendur hins nýja skóla hafi reynt að sannfæra nefndina um að ekki standi annað til, þá er rétt að benda á IV., V., VI. og VIII. kafla umsagnar BHM, sem fjalla um réttindamálin og annað þeim tengt. Þá er það, að mati 2. minni hluta, ófært að hin nýja skólastofnun skuli ætla að útiloka nemendur og kennara frá setu í háskólaráði, en þar mun eingöngu fyrirhugað að sitji stjórn einkahlutafélagsins.

Þegar litið er til þess hversu stutt er síðan Tækniháskóli Íslands var stofnaður og hversu illa stjórnvöld hafa sinnt þörfum verkfræðideildar Háskóla Íslands hingað til er ekki sjálfgefið að einkarekin stofnun, sem rekin verður fyrir opinbert fé, verði svo miklu öflugri við

það eitt að fá heimild til að taka skólagjöld, jafnvel þó að stofnframlag eigenda komi til í ofanálag. Það er, að mati 2. minni hluta, í hæsta máta óeðlilegt að loka alla tæknimenntun á háskólastigi inni í stofnun sem innheimtir skólagjöld, en slíkt verður raunin þegar T HÍ hefur verið lagður niður. Þar með tekur 2. minni hluti undir sjónarmið Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, sem í umsögn til nefndarinnar heldur því fram að með samþykkt þessa frumvarps þurfi stjórnvöld að endurskoða stefnu um skólagjöld, þar sem sú mismunun sem hér hefur verið innleidd ógni stöðu opinberra íslenskra háskóla gagnvart erlendum háskólum. Með þetta í huga boðar 2. minni hluti frumvarp til laga um breytingu á háskólalögum þar sem tryggt verði að sjálfseignarstofnanir og hlutafélög, sem reka háskólastofnanir, hafi ekki heimild til að taka skólagjöld fyrir nám/námsleiðir sem lýkur með prófgráðum sem ekki er jafnframt hægt að taka í opinberum háskólum án skólagjalda.

Annar minni hluti er ekki sannfærður um að reynt hafi verið til þrautar að sameina THÍ og verkfræðideild Háskóla Íslands. Það virðist skynsamlegt í svo smáu samfélagi sem Ísland er að efla frekar einn verkfræðiháskóla, gera hann faglega sterkan og hæfan til að taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, heldur en að dreifa kröftunum á þann hátt sem hér er gert. 2. minni hluti tekur undir efasemdir sem koma fram í umsögn deildarforseta verkfræðideildar HÍ til nefndarinnar varðandi það hversu fáir nemendur hafi í raun fullnægjandi undirbúning í stærðfræði og raunvísindum til að standa undir verkfræðinámi í tveimur skólum á Íslandi. Því verður ekki á móti mælt að mannafli og fjármunir á Íslandi eru takmarkaðir og ekki verður litið framhjá þeirri staðreynd að hæfir verkfræðikennarar eru ekki á hverju strái. Því er eðlilegt að spurt sé á hvern hátt hin nýja háskólastofnun telji að hún geti farið strax af stað með nám til meistaraprófs, ekki síst í ljósi þess hversu miklum erfiðleikum slíkt hefur verið bundið í þjóðskólanum okkar. Fullnægjandi svör við þessum spurningum fengust ekki í nefndarstarfinu. Loks er rétt að geta þess að ekki komu fram í nefndarstarfinu upplýsingar um það á hvern hátt menntamálaráðuneytið hugsi sér að tryggja hæfa kennara við hina nýju stofnun, í ljósi þess að hæfnisdómar lektora og dósenta við THÍ miðuðust við að þeir kenndu tæknifræði en ekki verkfræði.

Það er von 2. minni hluta að færsla náms í geislafræði og meinatækni yfir til Háskóla Íslands gangi vel og telur 2. minni hluti þá ráðstöfun af hinu góða úr því sem komið er. Einnig er rétt að taka fram að 2. minni hluti lítur það jákvæðum augum að samkomulag skuli hafa náðst við nemendur frumgreinadeildar um framvindu náms þeirra og skólagjöld í því sambandi. Á sama tíma ber að lýsa áhyggjum yfir væntanlegri stöðu tæknifræðinnar í hinni nýju stofnun. Það liggur fyrir að greinum í tæknifræði verður fækkað og það er mat 2. minni hluta að sú staðreynd stangist á við yfirlýsingar eigenda um að efla beri tæknimenntunina til muna frá því sem verið hefur.

Það er stefna 2. minni hluta að háskólanám eigi að vera hægt að stunda án skólagjalda, slíkt tryggi efnahagslegt jafnrétti til náms. Til þess að ógna ekki því jafnvægi þurfum við að auka það fé sem sett er til starfrækslu þjóðskóla okkar. Slíkt hlýtur að teljast skynsamlegra en að dreifa kröftunum um of. Einnig er nauðsynlegt að stjórnvöld komi sér upp heildstæðri stefnu í málefnum háskóla, bæði hvað varðar háskólakennslu og háskólarannsóknir. Slíka stefnu þarf að vinna í góðu samstarfi við háskólastúdenta, háskólakennara og fræðasamfélagið í heild sinni. Sá gjörningur sem hér er framkvæmdur með því að afnema lög um Tækniháskóla Íslands er ekki hluti af slíkri stefnumótun.

Í ljósi þeirra grundvallarsjónarmiða sem koma fram í nefndaráliti þessu leggur 2. minni hluti til að frumvarpið verði **fellt.** Þess í stað axli stjórnvöld ábyrgðina á því að efla tæknimenntun á háskólastigi í skapandi samvinnu við aðila á vinnumarkaði og tryggi jafnframt

viðgang verkfræðideildar Háskóla Íslands, ekki hvað síst hvað varðar meistara- og doktorsnám.

Alþingi, 14. febr. 2005.

Kolbrún Halldórsdóttir.

797. Svar [464. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða aukaverk og viðbætur hefur þurft að vinna við Kárahnjúkavirkjun frá því að framkvæmdir hófust og hver er kostnaðurinn vegna þessa? Svar óskast sundurliðað eftir verksamningum.*
2. *Hvaða aðili samþykkir aukaverk vegna Kárahnjúkavirkjunar?*
3. *Hafa verið gerðar aukalega rannsóknir á jarðfræði Kárahnjúkasvæðisins og hafa þær leitt eitthvað nýtt í ljós?*
4. *Hafa stíflumannvirki verið endurhönnuð og ef svo er, hver var kostnaðurinn við það?*
5. *Hvernig hljóðar verkáætlun fyrir Kárahnjúkavirkjun? Hvaða verkliðir ganga samkvæmt áætlun og hverjir ekki?*
6. *Hefur ráðherra gert áætlun um hvernig skuli brugðist við ef svo mikill dráttur verður á gerð virkjunarinnar við Kárahnjúka að ekki takist að afhenda orku til Alcoa á umsömdum tíma?*

Leitað var til Landsvirkjunar um svör við fyrirspurninni. Svör við 1.–5. lið byggjast á svörum Landsvirkjunar.

1. Við allar virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar verða breytingar meðan á verktímanum stendur. Slíkar breytingar eru oftast tengdar þeim jarðfræðilegu aðstæðum sem fram koma við gröft fyrir mannvirkjunum. Jafnframt ber að hafa í huga að lokahönnun fer jafnan fram eftir að framkvæmdir eru hafnar og því þarf oft að semja um breytingar vegna útfærslu á endanlegum lausnum.

Fjölmargar breytingar hafa verið gerðar við Kárahnjúkavirkjun vegna endanlegra ákvarðana um tæknilegar útfærslur. Það á við um alla verksamningana. Mestar breytingar á magni, tíma og kostnaði eru vegna Kárahnjúkastíflu og þá einkum vegna aðstæðna á botni Hafrahvammagljúfurs. Fastur botn er þar neðar en búist var við og lausnir vegna misgengis bergs á botni gljúfursins voru flóknari og tímafrekari en reiknað hafði verið með.

Samið hefur verið við verktaka Kárahnjúkastíflu og aðrennslisganga um greiðslur fyrir allar breytingar sem orðið hafa til síðustu áramóta.

Í fjárhagsáætlunum fyrir allar framkvæmdir Landsvirkjunar er gert ráð fyrir talsverðum ófyrirséðum kostnaði umfram upphaflega verksamninga til að mæta breytingum og aukaverkum sem ávallt koma upp á framkvæmdatímanum.

Landsvirkjun hefur upplýst um heildarfjárhæðir tilboða eftir útboð, en að öðru leyti eru einstakir þættir tilboða og samninga og breytingar á þeim trúnaðarmál samningsaðilanna, verktakanna eða framleiðendanna annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar. Því hefur fyrirtækið ekki gefið upplýsingar um einstaka þætti samninga.

2. Framkvæmdaeftirlit og verkefnisstjórn Landsvirkjunar leggja mat á aukaverk og breytingar og gera tillögur til yfirstjórnar til endanlegrar afgreiðslu og samþykktar.

3. Gerðar hafa verið viðbótarrannsóknir bæði í lónsstæði og í beinum tengslum við framkvæmdir við stíflurnar. Úrvinnsla þessara rannsókna og athugana stendur yfir hjá jarðvísindamönnum og hönnuðum.

4. Sjálf aðalstíflan hefur verið löguð að breyttum jarðfræðilegum aðstæðum og sumir hlutar hennar endurhannaðir, m.a. fremsti hluti hennar, svokallaður táveggur. Hönnun stíflunnar að öðru leyti er óbreytt frá upphaflegri tilhögun.

5. Allir verkþættir við Kárahnjúkavirkjun eru innan ramma verkáætlunar nema Kárahnjúkastífla, sem orðin er u.þ.b. fjórum mánuðum á eftir upphaflegri verkáætlun.

6. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun hefur verið samið við verktakann Impregilo um að flýta verki sínum við Kárahnúkastíflu þannig að fylling í Hálslón og rekstur virkjunarinnar geti hafist á réttum tíma þrátt fyrir áorðnar tafir. Fylling ætti því að hefjast 1. september 2006 og framleiðsla raforku með fyrstu tveim vélasamstæðunum gæti því hafist 1. apríl 2007 eins og gert er ráð fyrir í samningi Landsvirkjunar og ALCOA.

Það er alfarið í verkahring samningsaðila, Landsvirkjunar og ALCOA en ekki ráðherra að bregðast við hugsanlegum töfum á afhendingu raforku til Fjarðaáls á umsömdum tíma.

798. Fyrirspurn [524. mál]

til landbúnaðarráðherra um útræðisrétt strandjarða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju?

799. Fyrirspurn [525. mál]

til umhverfisráðherra um skoðunarferðir í Surtsey.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Stendur til að heimila ferðamönnum að stíga á land í Surtsey?

800. Fyrirspurn [526. mál]

til umhverfisráðherra um upplýsingar um landnám lífvera í Surtsey.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Er fyrirhugað að almenningur fái aukna fræðslu og upplýsingar um landnám lífvera í Surtsey?

801. Fyrirspurn [527. mál]

til forsætisráðherra um hlut húsnæðiskostnaðar í neysluverðsvísitölu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Er fyrirhugað að endurskoða hlutfall húsnæðiskostnaðar við útreikning á vísitölu neysluverðs?
2. Kemur til greina að Seðlabankinn miði við aðra vísitölu en núverandi neysluverðsvísitölu við framfylgd þess verðbólgumarkmiðs sem honum hefur verið sett?

802. Fyrirspurn [528. mál]

til fjármálaráðherra um fjármál hins opinbera.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig hafa eftirfarandi þættir í fjármálum hins opinbera þróast árin 2003 og 2004, sundurliðað eftir árum:

a. ætluð útgjöld ríkisins í samþykktum fjárlögum,
b. upphæð samþykktra fjáraukalaga,
c. niðurstöðutala ríkisreiknings,
d. áætlaðar tekjur ríkisins í samþykktum fjárlögum,
e. andvirði seldra ríkiseigna,
f. útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
g. útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
h. afkoma ríkissjóðs?

Skriflegt svar óskast.

803. Fyrirspurn [529. mál]

til fjármálaráðherra um Gini-stuðul og tekjuskattsbreytingar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver hefði Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, ásamt fjármagnstekjum, verið árið 2003, miðað við óbreyttar tekjur,

a. ef nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar sem koma eiga til framkvæmda á kjörtímabilinu hefðu verið í gildi árið 2003,
b. ef jafnmiklum fjármunum og áætlað er að fari í nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar hefði verið varið til að hækka persónuafslátt?

Skriflegt svar óskast.

804. Fyrirspurn [530. mál]

til forsætisráðherra um stöðvun á söluferli Landssímans.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Kemur til greina að undirbúningur að sölu Landssímans verði stöðvaður til að ráðrúm gefist til að kanna kosti þess að sameina aðila um rekstur á einu grunnneti fjarskipta og gagnaflutnings í landinu?

805. Fyrirspurn [531. mál]

til samgönguráðherra um grunnnet fjarskipta.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hver er afstaða ráðherra til hugmynda um að aðilar sameinist um rekstur eins öflugs grunnnets fjarskipta og gagnaflutninga fyrir landið allt?

806. Fyrirspurn [532. mál]

til landbúnaðarráðherra um endurheimt votlendis.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar um endurheimt votlendis, sem skipuð var 1996?
2. Hversu mikið hefur verið endurheimt af votlendi síðan nefndin hóf störf og hversu stór hluti hins endurheimta votlendis er sjálfstætt verkefni, þ.e. tengist ekki mótvægisaðgerðum vegna framkvæmda?
3. Hversu mikla fjármuni hefur nefndin haft til ráðstöfunar í beinar aðgerðir til að endurheimta votlendi á þessum tíma?
4. Eru uppi áform um að auka þetta starf með tilliti til nýjustu frétta af koltvísýringsmengun frá framræstum mýrum?

807. Frumvarp til laga [533. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 32. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda skv. 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Því er ætlað að taka af öll tvímæli um kærurétt vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi og áréttar löggjafarvilja við setningu laga nr. 7/1998. Málsgreinin er samhljóða niðurlagsmálsgrein 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur.

Tilefni þess að frumvarpið er lagt fram er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. janúar 2005 í málinu nr. E-1288/2003, en það er mál Hjörleifs Guttormssonar gegn Alcoa á Íslandi ehf. (áður Reyðarál ehf.), Fjarðaáli sf., Reyðaráli ehf. (áður Alcoa á Íslandi ehf.), fjármálaráðherra, umhverfisráðherra og íslenska ríkinu. Dómkröfur stefnanda voru í fjórum liðum þar sem hann krafðist ómerkingar á eftirfarandi úrskurðum og ákvörðunum. Í fyrsta lagi úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum 1. og 2. áfanga 420 þús. tonna álvers í Reyðarfirði, í öðru lagi úrskurði umhverfisráðherra um að ákvörðun Skipulagsstofnunar um

matsskyldu álvers í Reyðarfirði fyrir allt að 322 þús. tonna ársframleiðslu skuli óbreytt standa, í þriðja lagi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf. og í fjórða lagi ákvörðun umhverfisráðherra um að vísa frá kæru stefnanda á ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf.

Nánar tiltekið er tilefni frumvarps þessa afstaða dómsins til kröfu stefnanda um ómerkingu á ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 14. júlí 2003 um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf. á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði, sbr. þriðja lið hér að framan. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði ekki haft stöðu „aðila" við meðferð og útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi til Reyðaráls ehf. og því hafi honum ekki verið heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til ráðherra. Meginrökin voru í fyrsta lagi þau að í lögskýringargögnum væri ekki að finna afstöðu löggjafans til þess hvort almenningur, sem gert hefur athugasemdir við auglýsta tillögu Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) um starfsleyfi, skuli hafa rétt til stjórnsýslukæru til ráðherra og þá með hvaða hætti og í öðru lagi að ekki verði ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á stjórnsýsluvenju þess efnis að allir sem gert hafi athugasemd við auglýsingu um starfsleyfi njóti heimildar til stjórnsýslukæru til ráðherra skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Á þessum forsendum komst dómarinn að þeirri niðurstöðu að um stjórnsýslukæru skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 skyldi fara samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt því sé einungis aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til umhverfisráðherra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og stefnandi í þessu tilfelli hafi ekki þeirra hagsmuna að gæta sem geri hann að aðila máls í skilningi stjórnsýslulaga. Auk þessara atriða telur dómari stefnanda hvorki geta vísað til Árósasamningsins eða tilskipunar 2003/35/EB til að skýra 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998, enda hafi Árósasamningurinn ekki verið fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum og tilskipunin ekki verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Til frekari glöggvunar á þessum atriðum er X. kafli dómsins birtur sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Vilji löggjafans.

Þegar náið er rýnt í umfjöllun Alþingis um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem varð að lögum nr. 7/1998, verður ekki betur séð en vilji löggjafans sé alveg skýr. Hann byggist á þeirri meginstefnu, sem innleidd er með nútímalegum umhverfisrétti, að almenningi skuli tryggð aðkoma að málum og hlutdeild í ákvarðanatöku. Sú stefna kemur skýrt fram í ræðu umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, þegar hann mælti fyrir frumvarpi til laga um hollustuhætti í október 1997 (194. mál 122. löggjafarþings). Í máli ráðherrans kemur hvað eftir annað fram að hann telur mikilvægt að allur almenningur eigi þess kost að gera athugasemdir við útgáfu starfsleyfa starfsleyfisskyldra framkvæmda. Formaður umhverfisnefndar á þessum tíma var Ólafur Örn Haraldsson og kemur einnig skýrt fram í máli hans hversu mikilvægt sé að aðkoma almennings að starfsleyfisveitingum sé greið. Í annarri umræðu um málið segir hann orðrétt:

„Ég tel líka að kæruferlið hafi verið stórbætt. Þótt endalaust megi segja að það eigi að vera lengra eða annars konar, þá er ljóst hvernig það er núna. Ég vil láta það koma fram hér að átta vikur þurfa að líða frá því að auglýsing Hollustuverndar kemur fram þar til athugasemdafrestur rennur út. Hollustuvernd hefur síðan fjórar vikur til að gaumgæfa og vinna að þeim athugasemdum sem koma fram og kynna mönnum niðurstöður. Síðan hefur sá sem kært hefur eða gert hefur athugasemdir, tvær vikur til að ákveða hvort hann vill kæra áfram og þá til ráðherra og þar tel ég að við séum með mun betri lausn en áður hefur verið á þessum málum, þ.e. að ráðherrann tekur á þessu öllu. Þá hefur ráðherra fjórar vikur til að úrskurða

um málið. Ég legg áherslu á að kærandanum er í hag að fá úrskurðinn sem fyrst í stað þess að þurfa að bíða lengi eftir honum. Að vísu hefur ráðherrann lengri tíma ef um stórmál er að ræða. Þetta hvort tveggja er grundvallaratriði í þessum málum og lýtur að almannarétti sem mönnum er mjög kær og hefur einmitt komið til mikillar umræðu núna við útgáfu starfsleyfa og starfrækslu stóriðju og reyndar fleiri tegunda atvinnurekstrar. Það er almannarétturinn, réttur hvers einstaklings, réttur hvers Íslendings, réttur félaga, réttur fyrirtækja og stofnana til að gera athugasemdir og hafa áhrif á umhverfi sitt og þróun atvinnulífsins, sem er tryggður þarna og fram hjá þessum grundvallaratriðum megum við aldrei horfa þó við séum ósammála um ýmis atriði."

Fyrirmynd í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Formaður umhverfisnefndar ítrekar þennan skilning sinn á rétti almennings til kæru í andsvari síðar í annarri umræðu, en þá segir hann:

„Við glímum við grundvallaratriðin, verndun umhverfisins, rétt almennings og uppbyggingu atvinnulífsins.[...] Ég vil þó minna á eitt aðalatriði, eina aðallínu sem við getum fikrað okkur eftir. Við höfum að undanförnu verið að setja lög um áhrif almennings á umhverfismál og ég vil nefna mat á umhverfisáhrifum sem væntanlegt er inn í þingið, bygginga- og skipulagsmál og núna um starfsleyfi. Í öllum þessum lögum er gert ráð fyrir að almenningur komi að með umsagnarrétti, tillögurétti og afskiptum þannig að áður en til starfsleyfis kemur hafa hin stærri mál og mjög mengandi atvinnurekstur eða þar sem grunur er um mjög mengandi atvinnurekstur, þurft að fara í gegnum þrenns konar ferli þar sem okkur gefst tækifæri, almennum borgurum, til að taka á þessum málum. Þetta er þó verulegur réttur sem við skulum ekki gleyma. Við höfum reynt í starfi okkar að tryggja þennan rétt því þegar við erum farin héðan, hvort sem við erum ráðherrar eða almennir þingmenn þá standa lögin eftir og öllum er okkur kær réttur borgaranna til að móta það umhverfi sem við teljum best í landinu, bæði í umhverfismálum og í atvinnumálum."

Í þessu síðasta andsvari sínu vísaði formaður umhverfisnefndar til laga um mat á umhverfisáhrifum, sem stóð til að endurnýja. Þegar nýtt frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum kom fram á 125. löggjafarþingi gat þar að líta afar skýrt ákvæði er varðar kærurétt til ráðherra. Það er að finna í 12. gr. laganna, sem fjallar um málskot og hljóðar svo:

„Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr."

Til að benda á ósamræmið milli þessarar greinar laga um mat á umhverfisáhrifum og 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, skal sú síðarnefnda einnig birt hér (1. og 2. mgr.):

„Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefnda.“

Í frumvarpi þessu er lagt til að orðalagið úr lögunum um mat á umhverfisáhrifum verði sett inn í lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo að samhljómur sé í því hvernig farið skuli með kærurétt til ráðherra í þessum skyldu lögum.

Almenningur hefur hlutverki að gegna.

Við skoðun þessa máls verður að hafa í huga hvernig umhverfisréttur hefur þróast undanfarin ár, í honum hefur ekki hvað síst verið lögð rík áhersla á andmæla- og upplýsingarétt almennings. Má í því sambandi benda á Ríó-yfirlýsinguna, sem er grundvölluð á samstarfi og samvinnu milli ríkja, mikilvægra atvinnugreina samfélagsins og fólks almennt. 10. regla yfirlýsingarinnar fjallar beinlínis um mikilvægi þess að almenningur hafi trygga aðkomu að öllum þáttum er varða umhverfismál. Hún er svohljóðandi:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum.“

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að líta til Árósasamningsins sem undirritaður var fyrir Íslands hönd 25. júní 1998. Honum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum, aðild að ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum. Einnig er rétt að benda á 5. og 6. gr. tilskipunar 85/337/EBE, sem fjalla um skyldur yfirvalda til að upplýsa um áform framkvæmdaraðila og um að aðgangur almennings að þeim upplýsingum sé tryggður, og einnig má benda á tilskipun 97/11/EB en með henni er verið að tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Byggjast ákvæði tilskipunarinnar á ákvæðum Árósasamningsins. Anda þeirra tilskipana og samninga sem hér hafa verið nefndir er að finna í lögunum um Evrópska efnahagssvæðið, en þar segir að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningnum. Í sömu lögum eru einnig áminningar til þeirra sem með völdin fara um að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða. Einn veigamikill þáttur í slíku er hið virka samspil stjórnvalda og almennings í landinu, en þá þarf líka að vera tryggt í löggjöf að almenningur hafi raunverulega möguleika á að beita stjórnvöld aðhaldi.

Fylgiskjal.

Úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-1288/2003, X. kafli.

Niðurstaða um ákvörðun umhverfisráðherra 14. júlí 2003

Eins og áður greinir kærði stefnandi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis 14. mars 2003 til umhverfisráðherra með bréfi dagsettu og mótteknu 28. sama mánaðar. Með bréfi ráðuneytisins 9. maí 2003 var stefnanda tilkynnt að úrskurður ráðuneytisins um stjórnsýslukæru hans gæti ekki legið fyrir innan fjögurra vikna, en áætlað væri að afgreiða málið fyrir 23. maí 2003. Með bréfi 2. júní 2003, eða rúmum níu vikum eftir móttöku kæru stefnanda, var frávísun kærunnar boðuð vegna skorts stefnanda á heimild til kærunnar og stefnanda gefinn kostur á andmælum. Með bréfi ráðuneytisins 14. júlí 2003 var stefnanda tilkynnt um ákvörðun ráðherra um að vísa kæru hans frá. Voru þá liðnar rúmar 15 vikur frá því ráðuneytið móttók stjórnsýslukæru stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, eins og þeim var breytt með lögum nr. 164/2002, skal Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögunum, en undir viðaukann fellur meðal annars rekstur álvera. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar skal Umhverfisstofnun vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Umhverfisstofnunar innan átta vikna frá auglýsingu. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar skal Umhverfisstofnun, innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út, taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim, sem athugasemdir hafa gert, tilkynnt um afgreiðsluna. Í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 segir að kæra megi ákvarðanir Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfa samkvæmt 6. gr. til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því stofnunin tekur þær. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar skal ráðherra kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að honum berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.

Af orðalagi framangreindra ákvæða verður engin ályktun dregin um kæruheimild þeirra sem gert hafa athugasemdir við auglýsta tillögu að starfsleyfi samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998. Kemur því fyrst til skoðunar hvort leiðbeiningar um lögskýringu með hliðsjón af þessu álitaefni sé að finna í tiltækum lögskýringagögnum.

Í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 7/1998 var upphaflega gert ráð fyrir að heimilt væri að vísa ágreiningi um ákvörðun yfirvalda, annarra en umhverfisráðherra, til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum við frumvarpið var ekki sérstaklega vikið að því hverjir gætu skotið málum til úrskurðarnefndarinnar, en vísað til þess að greinin væri að mestu samhljóða 26. gr. þágildandi laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðishætti. Í tíð þeirra laga hafði tíðkast sú framkvæmd á grundvelli þágildandi stjórnvaldsfyrirmæla, sbr. einkum 2. mgr. 72. gr. og 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, eins og þessum ákvæðum var breytt með reglugerð nr. 26/1997, að þeim sem gert hafði athugasemdir við auglýstar tillögur Hollustuverndar ríkisins um starfsleyfi var heimilt að kæra álit stjórnar stofnunarinnar til sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt nefndri 26. gr. laganna. Við umfjöllun um það frumvarp sem varð að lögum nr. 7/1998 gerði meirihluti umhverfisnefndar Alþingis tillögu að þeirri breytingu á ákvæðum frumvarpsins um máls-

meðferð og úrskurði, að í stað kæru til sérstakrar úrskurðarnefndar væri heimilt að kæra ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa samkvæmt 6. gr. frumvarpsins til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því ákvörðunin var tekin. Þessi breytingatillaga meirihluta nefndarinnar varð að lögum.

Í áliti meirihluta umhverfisnefndar, sem fylgdi framangreindri breytingatillögu, segir að gert sé ráð fyrir að unnt verði að kæra ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa, sbr. 6. gr. frumvarpsins, til ráðherra. Segir að nefndinni þyki þetta fyrirkomulag vera meira í samræmi við þróun þá sem orðið hafi í stjórnsýslunni undanfarin ár og þá meginreglu að mál sem snerti mikilvæga hagsmuni fái vandaða meðferð innan stjórnsýslunnar og að þar sé möguleiki á endurskoðun með stjórnsýslukæru. Einnig hafi verið bent á nauðsyn þess, á grundvelli jafnræðisreglu stjórnsýslulaganna, að allar stjórnsýslukærur, er varði sömu efnisreglur, séu kæranlegar til sama úrskurðaraðila. Í ræðum flutningsmanns frumvarpsins, Guðmundar Bjarnasonar þáverandi umhverfisráðherra, og fyrirsvarsmanns meirihlutaálits umhverfisnefndar, Ólafs Arnar Haraldssonar, þáverandi formanns umhverfisnefndar, koma fram athugasemdir um mikilvægi þess að tryggja almenningi rétt til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi. Hins vegar kemur ekki fram í þessum gögnum afstaða þessara manna til þess hvort almenningur, sem gert hefur athugasemdir við auglýsta tillögu um starfsleyfi, skuli hafa rétt til stjórnsýslukæru til ráðherra og þá með hvaða hætti.

Samkvæmt framangreindu skera lögskýringagögn ekki úr um hvernig skýra skuli 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 með tilliti til kæruheimildar þeirra aðila sem gert hafa athugasemdir við auglýsta tillögu Umhverfisstofnunar um starfsleyfi samkvæmt 6. gr. laganna. Kemur næst til skoðunar hvort venja hafi myndast um heimild til stjórnsýslukæru til ráðherra að þessu leyti líkt og stefnandi málsins heldur fram.

Í málinu hefur verið lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar, sem starfaði samkvæmt áðurnefndri 26. gr. laga nr. 81/1988, þar sem fjallað var um stjórnsýslukæru stefnanda máls þessa vegna tiltekins úrskurðar stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Þá hafa verið lagðir fram úrskurðir umhverfisráðherra í tveimur málum þar sem fjallað hefur verið efnislega um stjórnsýslukærur einstaklinga vegna útgáfu starfsleyfis. Telur stefnandi umrædd gögn sýna að sú framkvæmd hafi lengi tíðkast að þeim, sem gert hafa athugasemdir við auglýsingu Umhverfisstofnunar um tillögu að starfsleyfi, hafi verið játuð heimild til stjórnsýslukæru til sérstakrar úrskurðarnefndar í tíð laga nr. 81/1988 og til umhverfisráðherra eftir gildistöku laga nr. 7/1998.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður sá sem ber fyrir sig venju að leiða tilvist og efni hennar í ljós. Eins og áður greinir var fyrirkomulagi laga um málsmeðferð og úrskurði vegna útgáfu starfsleyfa breytt með lögum nr. 7/1998. Í framhaldi af setningu laganna var þeim stjórnvaldsfyrirmælum einnig breytt sem þáverandi framkvæmd studdist við, sbr. nú reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Hafa núgildandi stjórnvaldsfyrirmæli ekki að geyma ítarlegri ákvæði um kæruheimild en lög nr. 7/1998 andstætt ákvæðum reglugerðar nr. 26/1997 sem áður er getið um. Að mati dómara getur því sú framkvæmd sem tíðkaðist í tíð laga nr. 7/1988 þegar af þessum ástæðum ekki haft þýðingu við skýringu 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998.

Þeir framlögðu úrskurðir umhverfisráðherra, þar sem fjallað hefur verið um kærur vegna útgáfu starfsleyfa eftir gildistöku laga nr. 7/1998, eru óljósir með tilliti til þess atriðis hvort kærendur höfðu lögvarða hagsmuni samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar vegna nábýlis við þá starfsemi sem til stóð að leyfa. Verður engin ályktun dregin af þessum úrskurðum um að heimild til stjórnsýslukæru samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 sé af umhverfisráðuneytinu talin rýmri en leiðir af almennum reglum. Samkvæmt þessu verður

ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á stjórnsýsluvenju þess efnis að allir, sem gert hafi athugasemd við auglýsingu um starfsleyfi, njóti heimildar til stjórnsýslukæru samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Þegar af þessari ástæðu getur venja í þessa átt ekki haft þýðingu um skýringu á umræddu lagaákvæði.

Við skýringu 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 getur Árósasamningurinn 30. október 2001, sem ekki hefur verið fullgiltur hér á landi, eða tilskipun nr. 2003/35/EB, sem ekki hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. samnefnd lög nr. 2/1993, ekki haft þýðingu. Er það á valdi löggjafans að ákveða hvort og með hvaða hætti þessar réttarheimildir verða leiddar í íslenskan rétt. Þá telur dómari að þær réttarreglur EES-réttar, sem fjalla um mat á umhverfisáhrifum, hafi ekki þýðingu við skýringu þeirra reglna sem hér um ræðir. Sjónarmið stefnanda um að almennt beri að auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku, sem lýtur að umhverfismálum, eru enn fremur ekki þess eðlis að þau geti haft áhrif á lagalega meðferð þeirra réttarheimilda sem hér eru til umfjöllunar.

Samkvæmt framangreindu verður ekki hjá því komist að skýra 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar um skilyrði fyrir stjórnsýslukæru. Samkvæmt þessu er aðeins aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til umhverfisráðherra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Er almennt viðurkennt að aðilar stjórnsýslumáls séu þeir einir sem hafi verulegra einstaklingslegra hagsmuna að gæta af stjórnvaldsákvörðun. Samkvæmt þessu gera lög nr. 7/1998 ráð fyrir því að hver sem er geti gert athugasemdir við auglýsingu um tillögu að starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna, án þess þó að þessum aðilum sé veitt fullkomin aðilastaða eða heimild til stjórnsýslukæru samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laganna.

Í VI. kafla hér að framan eru rakin tengsl stefnanda við þá starfsemi, sem var andlag þess starfsleyfis, sem stefnandi kærði til umhverfisráðherra. Í samræmi við þau sjónarmið sem þar koma fram telur dómari stefnanda ekki hafa sýnt fram á að umrætt starfsleyfi hafi haft beina eða verulega þýðingu fyrir atvinnuhagsmuni hans eða aðra lögverndaða hagsmuni. Eru tengsl stefnanda við umrædda útgáfu starfsleyfis því eingöngu leidd af heimilisfesti og búsetu hans í því sveitarfélagi, þar sem starfsemin er ráðgerð. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi ríkari hagsmuna að gæta vegna starfsleyfisins en almennt gerist um íbúa þess landssvæðis sem hér um ræðir. Samkvæmt þessu verður að telja að stefnandi hafi ekki haft stöðu aðila við meðferð og útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi til Reyðaráls ehf. (nú stefnda Alcoa á Íslandi ehf.) 14. mars 2003. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 var stefnanda því ekki heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til ráðherra. Dómari telur rétt að taka fram að með þessari niðurstöðu er ekki tekin afstaða til réttar stefnanda samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 til að bera undir dómstóla málsmeðferð og ákvarðanir Umhverfisstofnunar sem beindust sérstaklega að honum, en um slíkar kröfur er ekki að ræða í málinu, enda er Umhverfisstofnun ekki aðili að málinu líkt og áður greinir í IX. kafla dómsins.

Í málinu liggur fyrir að stefnanda var ranglega leiðbeint um heimild til kæru af Umhverfisstofnun í bréfi 14. mars 2003 og um það efni vísað til 33. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þessi afstaða stofnunarinnar getur, ein og sér, ekki haggað réttri skýringu á 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Í málinu liggur einnig fyrir að umhverfisráðuneytið braut gegn ákvæðum 3. mgr. 32. gr. laganna við meðferð stjórnsýslukæru stefnanda, meðal annars með því að draga úr hófi að taka skýra afstöðu til kærunnar. Þessir annmarkar á málsmeðferð, hversu andstæðir góðum stjórnsýsluháttum sem þeir kunna að vera, geta þó ekki heldur leitt til þess að stefnandi teljist hafa heimild til kæru andstætt ákvæðum 3. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Aðrir ætlaðir ann-

markar á málsmeðferð stefnda umhverfisráðherra, svo sem brot á upplýsingarétti eða andmælarétti stefnanda undir meðferð málsins, eru sömuleiðis ekki þess eðlis að þeir geti valdið ómerkingu þeirrar stjórnvaldsákvörðunar sem hér um ræðir, jafnvel þótt fallist væri á málsástæður stefnanda þar að lútandi.

Samkvæmt framangreindu verður sýknað af kröfu stefnanda um ómerkingu á umræddri ákvörðun umhverfisráðherra 14. júlí 2003.

808. Frumvarp til laga [534. mál]

um breytingu á lögum um háskóla, nr. 136/1997.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum háskólum er óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla.

2. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna bætist: sbr. þó 2. mgr. 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki þarf að deila um það að háskólamenntun verður sífellt mikilvægari í okkar þjóðfélagi. Æ fleiri atvinnugreinar gera kröfu um háskólapróf og sívaxandi hluti hvers kyns náms hérlendis er á háskólastigi. Allt bendir til að sú þróun haldi áfram og að með tímanum verði háskólanám af einhverju tagi lokaáfangi í allri almennri menntun. Af þessu leiðir að menntun verður stöðugt mikilvægari sem lykill að fjölbreyttum atvinnutækifærum og að sama skapi enn þýðingarmeiri fyrir atvinnulíf og samfélag. Jafnrétti til náms er því lykillinn að jöfnum tækifærum.

Skólagjöld eru í eðli sínu andstæð þessari jafnréttishugsjón og sé litið á þær námsleiðir sem nú eru í boði á háskólastigi hérlendis er ljóst að þar vantar þónokkuð upp á jafnrétti í þessu tilliti. Tilefni frumvarpsins er einkum sú ákvörðun menntamálayfirvalda að leggja Tækniháskóla Íslands niður og færa stærstan hluta þess náms sem þar er í boði undir einkahlutafélag sem leggur skólagjöld á nemendur. Með þessari breytingu verður jafnrétti til náms í tæknigreinum á Íslandi skert verulega.

Þá verður ekki fram hjá því litið að í Listaháskóla Íslands, sem er sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins, þarf að greiða umtalsverð skólagjöld. Á næsta skólaári nema þau 195 þús. kr. fyrir þriggja til fjögurra ára nám í tónlist, myndlist, leiklist, hönnun og arkitektúr, sem ýmist lýkur með BA- eða BFA-gráðu. Því má gera ráð fyrir að hver nemandi í Listaháskóla Íslands verði að reiða fram um 600–800 þús. kr. í skólagjöld fyrir háskólagráðu sína. Rétt þykir að

hafa einnig hliðsjón af því við endurskoðun þessa þáttar í lögum um háskóla svo að sama gildi um alla opinbera háskóla í þessum efnum.

Flutningsmenn telja brýnt að skólagjöld á háskólastigi verði ekki til þess að stýra vali nemenda á námsleiðum og hrekja fólk frá því námi sem hugur þess stendur helst til. Markmiðið með þessu frumvarpi er að tryggja þennan mikilvæga þátt í raunverulegu jafnrétti til náms.

809. Frumvarp til fjáraukalaga [535. mál]

fyrir árið 2005.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2005, sbr. sundurliðun 2:

		M.kr.
a.	**11-411 Byggðastofnun**	
	1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	100
	1.12 Til atvinnuþróunarfélaga, styrkir og hlutafjárkaup	400
b.	**11-501 Nýsköpunarsjóður**	
	1.01 Nýsköpunarsjóður, stofnfjáraukning	1.000
	Greitt úr ríkissjóði	*1.000*

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var settur á fót 1. janúar 1998 um leið og Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Fiskveiðilánasjóður voru sameinaðir í Fjárfestingabanka atvinnulífsins. Stofnframlagið var 4 milljarðar kr. og er hlutverk sjóðsins skilgreint svo í lögum um sjóðinn, nr. 61/1997: „Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána skv. II. kafla.“

Ekki er vafi á því að Nýsköpunarsjóður hefur gegnt mikilvægu hlutverki og stutt mörg sprotafyrirtæki yfir erfiðasta hjallann með því að leggja fram nýtt hlutafé. Hjá sjóðnum hefur safnast dýrmæt þekking starfsmanna á ýmsu sem viðkemur rekstri smárra fyrirtækja og hvernig stuðla megi að vexti þeirra, enda hefur Nýsköpunarsjóður einbeitt sér að svokölluðu þróunarstigi sprotafyrirtækja.

Nýsköpunarsjóður fær hins vegar ekki fé af fjárlögum heldur skal ráðstöfunarfé hans vera arður af eigin fé, afborganir og vextir af útlánum, hlutafjáreign og aðrar tekjur, eins og segir í 8. gr. laganna um hann. Nú er svo komið að allt fé Nýsköpunarsjóðs er bundið í þeim fyrirtækjum sem hann hefur stutt við bakið á og ekkert svigrúm til að liðsinna nýjum aðilum nema með því takmarkaða fé sem eftir atvikum losnar við sölu á eignarhlut sjóðsins í fyrir-

tækjum sem fjárfest hefur verið í. Þau eru hins vegar flest mjög ung og ótímabært að sjóðurinn hverfi á braut. Almenn fjárfesting er mjög lítil innan lands og flestir stærri fjárfestingaraðilar róa nú fyrst og fremst á erlend mið.

Afleiðingin er sú að myndast hefur svokallað fjárfestingargat, hlekkur hefur slitnað í þeirri keðju sem sprotafyrirtækin þurfa að fikra sig eftir á leið sinni til vaxtar og fulls þroska. Nýsköpunarsjóður sem áður brúaði bilið á milli upphafsfjár stofnenda, styrkja og minni opinberra sjóða, svo sem Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs, og stærri fjárfesta er ekki lengur í færum til að gegna því hlutverki. Þetta kemur fram í viðvarandi deyfð á sviði nýsköpunar enda bætist sá vandi sem af þessu fjárfestingargati hlýst ofan á afar óhagstæð efnahagsskilyrði fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar og þá ekki síst sprotafyrirtæki og smá og meðalstór fyrirtæki í þeim geira. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að ráðin verði bót á fjárþurrð til nýsköpunar með framlagi upp á 1 milljarð kr. til auka stofnfé Nýsköpunarsjóðs.

Jafnframt er brýnt að efla þann hluta nýsköpunar sem fram fer sveðisbundið á vettvangi atvinnuþróunarfélaganna. Ljóst er að það fé sem varið er til atvinnuþróunar og atvinnuráðgjafar, og kemur að stærstum hluta frá Byggðastofnun en er að öðru leyti framlög sveitarfélaga og fleiri aðila í heimabyggð, rétt dugar fyrir rekstri starfseminnar. Ráðgjöfina sjálfa og þróunarstarfið þarf að efla, t.d. eru víða uppi óskir um að ráða viðbótarstarfsmenn til að sinna sérstaklega nýsköpunarstarfi á sviði ferðamála. Til þess að þetta starf nái tilgangi sínum að fullu, þarf að vera mögulegt að veita styrki til fyrirtækja á frumstigi og fylgja þeim eftir með þátttöku í upphafsfjármögnun og hlutafjárkaupum. Þannig mætti hugsa sér að á vegum atvinnuþróunarfélaganna störfuðu svæðisbundnir fjárfestingarsjóðir sem tækju þátt í upphafsfjármögnun smærri fyrirtækja. Atvinnuþróunarfélögin yrðu þannig virkir þátttakendur í því að stofna til atvinnurekstrar í smáum stíl og styðja við fyrirtækin þar til þau eru komin í aðstöðu til að leita hófanna hjá stærri fjárfestingaraðilum, svo sem fjárfestingarsjóðum landshlutanna, Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóði. Í þessu skyni er lagt til að veita annars vegar 100 millj. kr. til að efla atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni, þ.e. til að efla starfsemi atvinnuþróunarfélaga, en hins vegar 400 millj. kr. til að fjármagna styrki og hlutafjárkaup á vegum atvinnuþróunarfélaga, sbr. það sem að framan greinir.

Á 130. löggjafarþingi lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, og var hún samþykkt, sbr. þskj. 1135, 33. mál. Samkvæmt þingsályktuninni skal ríkisstjórnin leggja framkvæmdaáætlun fyrir Alþingi næstkomandi haust til staðfestingar. Vonir eru bundnar við að þær aðgerðir sem þingsályktunin felur stjórnvöldum að ráðast í leiði til úrbóta og markvissari vinnubragða af hálfu hins opinbera.

Þær aðstæður sem nú eru í þessum efnum lýsa sér, eins og áður sagði, einkum og sér í lagi í algerum skorti á fé, nýsköpunarfé til að styðja fyrirtækin yfir erfiðasta hjallann, af þróunarstigi og upp í raunverulegan rekstur og þá stærð að áhugi stærri fjárfesta vakni. Við svo búið má ekki standa og þetta ástand kallar á að gripið verði til aðgerða þegar í stað til að gera Nýsköpunarsjóði kleift að sinna hlutverki sínu og efla atvinnuþróunarstarfsemi á landsbyggðinni. Því er hér lagt fram frumvarp til fjáraukalaga þar sem gert er ráð fyrir 1 milljarði kr. til að auka stofnfé Nýsköpunarsjóðs, 100 millj. kr. til atvinnuráðgjafa og atvinnuþróunarfélaga, og 400 millj. kr. til að efla getu atvinnuþróunarsjóða landshlutanna til hlutafjárkaupa og þátttöku í svæðisbundnum verkefnum. Mat þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að slíkar fjárveitingar séu nauðsynlegar í a.m.k. þrjú ár til að styrkja nýsköpun, vöxt og viðgang sprotafyrirtækja til framtíðar.

Fylgiskjal.

Nýsköpunarsjóður:

Yfirlit yfir helstu fjármögnunaraðila sem tengjast nýsköpun og hlutafjárkaupum.



810. Fyrirspurn [536. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Hver er formleg staða svokallaðra Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins gagnvart stofnuninni?

811. Frumvarp til laga [537. mál]

um breytingu á lögum um meinatækna, nr. 99/1980, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um meinatækna, nr. 99/1980.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Leyfi skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa prófi í lífeindafræði frá háskóla hér á landi.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leitað umsagnar Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Enginn má kalla sig sérfræðing á tilteknu sviði lífeindafræði nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.
   Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um veitingu sérfræðileyfa innan lífeindafræði að fengnum tillögum landlæknis, Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögunum:

a. Í stað orðsins „meinatæknir“ í 1., 3., 5., 7. og 8. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lífeindafræðingur.
b. Í stað orðanna „Meinatæknafélags Íslands“ í 3. gr. kemur: Félags lífeindafræðinga.
c. Í stað orðsins „meinatæknastarfa“ í 4. gr. kemur: starfa lífeindafræðings.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um lífeindafræðinga.**

II. KAFLI
Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna bætist: þ.m.t. rannsóknastofur þar sem stundaðar eru lækningarannsóknir.

6. gr.

Við 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna bætist: og hvort stofnunin uppfylli þær faglegu kröfur sem gera þurfi til viðkomandi starfsemi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er komið til móts við óskir meinatækna um að starfsheiti þeirra verði breytt úr meinatæknir í lífeindafræðingur og ákvæði um að meinatæknir starfi á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðings verði fellt brott. Enn fremur er sett í lögin heimild til þess að setja í reglugerð ákvæði um sérfræðiviðurkenningu meinatæknis/lífeindafræðings.

Tækniháskóli Íslands annast nú menntun meinatækna. Í október sl. varð samkomulag um stofnun nýs háskóla með samruna Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands og er stefnt að því að starfsemin verði endanlega sameinuð sumarið 2005. Því er lagt til að ekki verði gert ráð fyrir því í lögunum að lífeindafræðingar skuli hafa lokið prófi frá tilteknum háskóla, heldur verði vísað til háskóla hér á landi, þannig að það eigi við um þann eða þá háskóla sem hverju sinni annast menntun lífeindafræðinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með aukinni sérhæfingu meinatækna/lífeindafræðinga hafa komið fram óskir um að heimilt verði að veita sérfræðileyfi í lífeindafræði. Hér er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um veitingu sérfræðileyfa að fengnum tillögum landlæknis, Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga. Í reglugerðinni verði gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að öðlast sérfræðileyfi og í hvaða undirsérgreinun lífeindafræði veita megi sérfræðileyfi. Þess verði gætt að það heiti sem sérfræðingur í lífeindafræði fær heimild til að nota beri með sér að um sé að ræða sérfræðing í lífeindafræði, þannig að því verði ekki ruglað saman við heiti sérfræðinga í öðrum greinum, svo sem lækna með sérfræðileyfi í meinafræði og undirgreinum hennar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 6. gr. verði felld brott en hún hljóðar svo: „Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.“ Slík ákvæði er ekki að finna í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir með hliðstæða menntun og verður ekki séð að nauðsynlegt sé að hafa sérstakt ákvæði í lögum um ábyrgð á störfum lífeindafræðinga fremur en annarra hliðstæðra stétta. Ekki ætti að þurfa að taka fram að lífeindafræðingar, eins og raunar allir starfsmenn, beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart yfirmanni og hann geti falið þeim ábyrgð á tilteknum starfsþáttum, svo sem tæknilegri framkvæmd rannsókna. Yfirmaður ber ábyrgð á starfsemi sinnar einingar. Ekki er gert ráð fyrir að niðurfelling þessa ákvæðis leiði til þess að gera þurfi breytingar á starfsemi eða stjórnfyrirkomulagi rannsóknadeilda og rannsóknastofa sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana. Þannig verði mat og túlkun niðurstaðna klínískra rannsókna, sem eru grundvöllur ákvörðunar frekari meðferðar sjúklings, að sjálfsögðu áfram á ábyrgð læknis. Þá geti stjórnendur stofnunar eftir sem áður ákveðið stjórnskipulag stofnunarinnar og hvaða kröfur eru gerðar til menntunar og reynslu þegar auglýst er eftir yfirmanni rannsóknastofu, enda séu þær í eðlilegu samræmi við innihald starfsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um. 4. gr.

Meinatæknar hafa um alllangt skeið óskað eftir að starfsheiti þeirra verði breytt. Landlæknisembættið kannaði m.a. starfsheiti hliðstæðra stétta í nálægum löndum og enn fremur var höfð hliðsjón af starfsheitum annarra heilbrigðisstétta. Í samræmi við óskir meinatækna og að höfðu samráði við landlækni er lagt til að heiti fræðigreinarinnar breytist úr meinatæki í lífeindafræði (e. biomedical science, s. biomedisinsk laboratorie vetenskap) og starfsheiti meinatækna verði lífeindafræðingur. Í samræmi við það er lagt til að heiti laganna verði lög um lífeindafræðinga.

Um 5. og 6. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði 6. gr. laga um meinatækna er ljóst að meinatæknir getur ekki fengið leyfi til að reka rannsóknastofu, nema hann ráði lækni sem er sérfræðingur á viðkomandi sviði og þeir meinatæknar sem starfa á rannsóknastofunni, þ.m.t. rekstrarleyfishafi, starfi undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðingsins.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um heilbrigðisþjónustu veitir ráðherra stofnun því aðeins leyfi að ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt og skal hann leita álits landlæknis um nauðsyn og gagnsemi stofnunar. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu skulu allir landsmenn eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna er landlæknir ráðgjafi ráðherra um allt er varðar heilbrigðismál. Samkvæmt því verður að telja eðlilegt að ráðherra leiti álits landlæknis á því hvort stofnun uppfylli þær faglegu kröfur sem gera verði til hennar, m.a. með vísan til 1. mgr. 1. gr. laganna. Til að tryggja frekar að stofnanir sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir uppfylli faglegar kröfur er því lagt til að kveðið verði á um faglegt mat landlæknis í 27. gr. laganna.

Með vísan til framangreinds er í 5. gr. frumvarpsins lagt til að hnykkt verði á því að ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu um að leyfi ráðherra þurfi til að setja stofn eða reka sjúkrahús og hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni, taki til rannsóknastofa, þar sem fyrirhugað er að stunda lækningarannsóknir. Þá er lagt til í 6. gr. frumvarpsins að tekið verði fram í 2. mgr. 27. gr. að leita skuli álits landlæknis á því hvort fyrirhuguð stofnun sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir, hvort sem um er að ræða sjúkrahús eða aðra starfsemi sem talin er vera í lækningaskyni, þ.m.t. rannsóknastofur, uppfylli þær faglegu kröfur sem gera þurfi til hennar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meinatækna, nr. 99/1980, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsheiti meinatæknis verði lífeindafræðingur og að heiti laganna breytist í samræmi við það. Lagt er til að fellt verði úr lögunum ákvæði um að

meinatæknir starfi á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðings og jafnframt að tekin verði í lögin heimild til þess að setja reglugerð um sérfræðiviðurkenningu lífeindafræðings.

Ekki verður séð að löggilding frumvarpsins hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

812. Nefndarálit [399. mál]

um frv. til l. um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Orkuveitu Reykjavíkur, Húsavíkurbæ, Byggðastofnun, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bandalagi háskólamanna.

Með frumvarpinu er lagt til að Húsavíkurbæ verði veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur og er frumvarpið flutt að beiðni Húsavíkurbæjar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febr. 2005.

Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Einar Oddur Kristjánsson. | Kjartan Ólafsson.

Sigurður Kári Kristjánsson. | Einar Már Sigurðarson. | Ásta R. Jóhannesdóttir.

Jóhann Ársælsson. | Birgir Ármannsson.

813. Breytingartillögur [399. mál]

við frv. til l. um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „desembermánuði 2004“ komi: marsmánuði 2005.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „1. janúar 2005“ komi: 1. apríl 2005.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „31. desember 2004“ komi: 1. apríl 2005.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
   Rekstrarlega séð skal yfirtaka Orkuveitu Húsavíkur ehf. á Orkuveitu Húsavíkur miðuð við 1. janúar 2005.

814. Frumvarp til laga [538. mál]

um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

a. kenninafn, eiginnafn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
c. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
d. kynferði,
e. ríkisfang,
f. hvort viðkomandi er vopnaður,
g. hvort viðkomandi er ofbeldishneigður,
h. hvort viðkomandi er á flótta,
i. ástæðu fyrir skráningu,
j. aðgerðir sem farið er fram á.

2. gr.

Við b-lið 1. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. vegna óútfylltra skilríkja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
4. vegna útgefinna persónuskilríkja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, voru settar reglur um starfrækslu staðbundins hluta kerfisins hér á landi sem nauðsynlegar voru vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Af hálfu ráðherraráðs Evrópusambandsins var íslenskum stjórnvöldum tilkynnt, skv. 8. gr. 2 (a) samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, um samþykkt gerðar frá 29. apríl sl., „Council Regulation concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System, including in the fight against terrorism“. Um er að ræða minni háttar breytingar á ákvæðum Schengen-samningsins um upplýsingakerfið sem lagðar eru til vegna þeirra samræmdu reglna sem gilda í Schengen-samstarfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið fjallar um þær upplýsingar um einstaklinga sem skrá má í Schengen-upplýsingakerfið. Hér er lagt til að felldur verði niður núgildandi c-liður 1. mgr. ákvæðisins sem kveður á um að skrá skuli fyrsta bókstaf annars eiginnafns. Þá verði heimilt að skrá upplýsingar um þá einstaklinga sem eru á flótta. Sem fyrr er þessi upptalning tæmandi.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að við b-lið 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýir töluliðir sem kveða á um upplýsingar sem skrá má um einstaklinga þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar, sbr. 96. gr. Schengen- samningsins. Skv. b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna hefur Útlendingastofnun heimild til þess að bregðast við þeim upplýsingum sem skráðar eru á grundvelli framangreinds b-liðar 1. mgr. 6. gr. Um er að ræða upplýsingar um óútfyllt skilríki og útgefin persónuskilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið. Með persónuskilríkjum er átt við vegabréf, nafnskírteini og ökuskírteini.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum um hvaða upplýsingar má skrá um einstakling í Schengen-upplýsingakerfi íslenskra stjórnvalda. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

815. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Elínu R. Jensdóttur frá Einkaleyfastofu, Rannveigu Gunnarsdóttur frá Lyfjastofnun, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Guðmund Oddsson og Örn Guðmundsson frá Actavis, Einar Örn Davíðsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jóhann M. Lenharðsson frá Vistor, Ingunni Björnsdóttur frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Valborgu Kjartansdóttur frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Aðalstein Jens Loftsson frá Eli Lilly Danmark A/S og Hólmfríði Grímsdóttur og Einar Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Actavis hf., Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, PharmaNor hf., Samtökum atvinnulífsins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Eli Lilly Danmark A/S, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Iðntæknistofnun og Lyfjastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að í ákvæði einkaleyfalaga, þar sem mælt er fyrir um að einkaréttur samkvæmt einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar, verði tiltekið sérstaklega að einkarétturinn taki ekki til rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform. Með frumvarpinu er leitast við að innleiða í íslensk lög tiltekinn efnisþátt í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 er varðar einkaleyfisvernd á vernduðu efni uppfinningar. Er efni tilskipunarinnar að öðru leyti á sviði lyfjamála og heyrir undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins en jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á lyfjalögum vegna hennar á þessu þingi.

Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu fela í sér, eins og fram kemur í athugasemdum með því, að framleiðanda samheitalyfs „er heimilt að gera hér á landi allar rannsóknir og prófanir og aðrar tengdar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í því skyni að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf án þess að slíkt brjóti gegn einkaleyfisrétti eða vottorðum um viðbótarvernd lyfja“. Í umsögnum frá umboðsaðilum frumlyfjaframleiðenda hér á landi, sem og í máli fulltrúa þeirra sem komu á fund nefndarinnar, er það gagnrýnt að lögleiða eigi þennan þátt tilskipunarinnar sérstaklega og á undan öðrum þáttum hennar og þá sérstaklega ákvæðum hennar um lengri verndartíma frumlyfja. Byggist þessi gagnrýni á því að umrædd tilskipun eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en 30. október 2005 og að aðildarríki EES hafi frest til þess tíma að innleiða hana. Nefndin tók af þessu tilefni til skoðunar hvort ástæða væri til að fresta gildistöku laganna samkvæmt frumvarpinu. Er það niðurstaða meiri hlutans að þótt tilskipun sú sem frumvarpið byggist á komi ekki til framkvæmda innan EES fyrr en 30. október 2005 sé ekkert því til fyrirstöðu að hún sé innleidd fyrr hér á landi að því leyti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er það mat meiri hluta nefndarinnar að ekki sé ástæða til að fresta gildistöku laganna enda hafi ekki verið sýnt fram á að breytingin hafi í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir frumlyfjaframleiðendur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 15. febr. 2005.

Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Einar Oddur Kristjánsson. | Kjartan Ólafsson.

Sigurður Kári Kristjánsson. | Birgir Ármannsson.

816. Frumvarp til laga [539. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jónína Bjartmarz, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með þjónusturými er í lögum þessum átt við öll húsakynni undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, svo og samkomutjöld og sýningartjöld, sem almenningur hefur aðgang að vegna við-

skipta og veittrar þjónustu og þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi, þar með talin m.a. áhorfendasvæði, biðstofur, gestamóttaka, forstofur, gangar og snyrtiherbergi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þar með talið íþrótta- og tómstundastarf. Sama á við um þjónustusvæði utan húss séu þau undir föstu eða færanlegu þaki og meira en að hálfu leyti umlukin veggjum eða sambærilegum mannvirkjum.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 5. mgr. fellur brott.

d. 6. mgr., sem verður 4. mgr, orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. mgr. 9. gr. skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi hans sjá til þess að hann njóti þess réttar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. koma til framkvæmda 1. maí 2006.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er vinnuvernd starfsmanna með vísan til gildandi vinnuverndarlaga og tóbaksvarnalaga og vernd almennings með vísan til hratt vaxandi fjölda vísindalegra sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum. Þegar þetta meginmarkmið er uppfyllt má búast við ýmiss konar öðrum ávinningi af reykbanninu, bæði fyrir samfélag og einstaklinga.

Forsaga.

Í áranna rás hafa íslensk stjórnvöld verið í fararbroddi í heiminum í lagasetningu og forvörnum á sviði tóbaksvarna og mörg lönd litið hingað til lands þegar marka á stefnu í tóbaksvörnum.

Lög um tóbaksvarnir tóku gildi 1. janúar 1985[1] og hafa breyst nokkuð á þeim tíma sem liðinn er. Í 1. gr. núgildandi tóbaksvarnalaga, nr. 6/2002, er lögð áhersla á að draga skuli úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og hlífa fólki við áhrifum tóbaksreyks. Einnig segir þar að virða beri rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Frá 1985 hefur þrisvar verið hert á ákvæðum tóbaksvarnalaga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fólk þurfi að anda að sér tóbaksreyk frá öðrum. Í 9. gr. laganna, eins og þau eru nú, er kveðið á um að reykingar séu óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félaga-

samtaka en leyfa megi þær með ákveðnum skilyrðum á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum. Í ljósi nýrrar þekkingar um skaðsemi óbeinna reykinga er afnám undanþágu 9. gr. laganna eðlileg framvinda.

Árið 1980 voru lög um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum samþykkt af Alþingi[2]. Markmið vinnuverndarlaga, nr. 46/1980, er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. Í ákvæði 65. gr. laganna kemur fram að atvinnurekanda ber að grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Miðað við núverandi undanþágu, sem veitinga- og skemmtistaðir hafa frá 9. gr. tóbaksvarnalaga, nýtur starfsfólk þessara staða ekki þeirra réttinda sem vinnuverndarlögum er ætlað að tryggja því jafnt sem öðru vinnandi fólki.

Árið 1999 samþykkti Alþingi með öllum greiddum atkvæðum Heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Er henni ætlað að marka stefnu í heilbrigðismálum fram til ársins 2010. Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að koma reykingum Íslendinga á aldrinum 18–69 ára niður fyrir 15% (eru nú tæplega 20%) og reykingum ungmenna 14–17 ára undir 5% (eru nú 7,7%)[3].

16. júní 2003 skrifuðu Íslendingar undir rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um tóbaksvarnir og voru þeir meðal fyrstu þjóða sem það gerðu. Í 8. grein samningsins er staðfest að aðilar viðurkenni að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti sýnt að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum og fötlun og þeir skuldbindi sig til þess hver og einn að samþykkja og framkvæma lög og aðrar ráðstafanir til verndar gegn óbeinum reykingum á vinnustöðum innan húss, í almenningsfarartækjum, á stöðum sem ætlaðir eru fyrir almenning innan húss og, eftir því sem við á, öðrum stöðum fyrir almenning[4].

Í ljósi vinnuverndarlaga, tóbaksvarnalöggjafar, heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 og þess að Ísland hefur fullgilt rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut sem þau hafa markað og tryggi öllum reyklaust vinnuumhverfi, þar með talið á veitinga- og skemmtistöðum.

Óbeinar reykingar.

Í tóbaksreyk eru nokkur þúsund efni og efnasambönd. Uppruni þeirra er margvíslegur: þetta eru efni úr tóbaksjurtinni sjálfri, efni notuð við ræktun hennar (t.d. skordýraeitursleifar), efni notuð við vinnslu plöntunnar (t.d. klórsambönd) og efni notuð til að auka fíknaráhrif nikótíns (t.d. ammoníak). Fjölmörg þessara efna og efnasambanda eru hættuleg heilsu manna, þar á meðal eru tugir krabbameinsvaldandi efna.

Þegar sígaretta eða annað tóbak brennur verða til tvær tegundir reykjar, annars vegar reykurinn sem reykingamenn sjúga að sér, kallaður meginreykur (main stream smoke), og hins vegar reykurinn sem myndast þegar tóbakið sjálft brennur, hliðarreykur (side stream smoke). Reykurinn sem reykingamenn sjúga að sér verður til við tiltölulega fullkominn bruna (600–800°C) og inniheldur minna af skaðlegum efnum fyrir vikið. Reykurinn sem myndast þegar tóbakið brennur sjálft myndast hins vegar við ófullkominn bruna (u.þ.b. 350°C) og inniheldur því meira af skaðlegum efnum[5]. Meiri hluti hverrar sígarettu (og annars tóbaks) brennur upp án sogs og myndar hættulegri reykinn (hliðarreykinn). Reykmengun sem myndast þar sem reykt er innan húss, t.d. á veitinga- og skemmtistöðum, verður því til að meiri hluta úr hinum hættulegri hliðarreyk.

Óbeinar reykingar (passive smoking, involuntary smoking) er það þegar einstaklingur andar að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk. Sá sem verður fyrir óbeinum reykingum andar að sér sömu efnum og sá sem reykir.

Afleiðingar óbeinna reykinga.

Rúm hálf öld er síðan fyrstu sannanir um skaðleg áhrif reykinga á heilsu komu fram og hafa þau margoft verið staðfest síðan. Áratugir eru liðnir frá því að menn gerðu sér grein fyrir því að reykingar þungaðra kvenna hafa skaðleg áhrif á fóstur. Styttra er síðan vísbendingar komu fram um heilsuskaða hjá þeim sem ekki reykja sjálfir en búa við tóbaksreykmengað andrúmsloft á heimili eða í vinnu.

Á undanförnum árum hefur komið fram fjöldi rannsókna sem sýna að slíkar „óbeinar" reykingar eru skaðlegar heilsunni og geta auk ýmiss konar óþæginda og vanlíðunar valdið mörgum sömu sjúkdómum og hljótast af því að reykja. Taflan hér á eftir sýnir heilsufarslegar afleiðingar óbeinna reykinga.

Þekktar afleiðingar óbeinna reykinga.

Fullorðnir:

Lungnakrabbamein.
Hjarta- og æðasjúkdómar.
Brjóstverkir og fleiri einkenni hjartasjúkdóma versna.
Astmaköst hjá þeim sem hafa astma.
Berkjubólga versnar.
Heilablóðfall.
Fósturvöxtur minni en ella (lítil fæðingarþyngd).
Fæðing fyrir tímann.

Börn:

Vöggudauði.
Eyrnabólgur.
Sýkingar í öndunarfærum.
Þróun astma hjá einkennalausum.
Astmaköst hjá þeim sem hafa astma.

Aðrar afleiðingar óbeinna reykinga:

Öndunarerfiðleikar.
Ógleði.
Óþægindi í öndunarfærum.
Höfuðverkur.
Hósti.
Óþægindi í augum.

Taflan er fengin hjá breska læknafélaginu (British Medical Association, 2002[6]).

Óþægindi í augum, nefi og öndunarfærum eru algengustu og best staðfestu heilsufarsáhrif óbeinna reykinga. Sýnt hefur verið fram á að tóbaksreykur og þau efni og efnasambönd sem hann inniheldur, hafa áhrif á starfsemi bifhára í öndunarvegi og draga úr hreinsun slíms og óhreininda, m.a. reykagna úr öndunarvegi og lungum[7]. Þetta getur valdið því að þeir sem verða fyrir óbeinum reykingum reglulega eigi frekar á hættu að fá langvinn öndunarfæraeinkenni, svo sem hósta, slímuppgang og mæði[8]. Einnig hefur verið sýnt fram á að þeir sem verða fyrir tóbaksreyk heima eða í vinnunni séu í 40–60% meiri hættu á að fá astma en þeir sem ekki verða fyrir tóbaksreyk[9]. Fólk sem er með astma fær ekki aðeins alvarlegri astmaköst ef það verður fyrir tóbaksreyk heldur líður því almennt verr og þarf oftar að leggjast inn á sjúkrahús[10].

International Agency for Research on Cancer (IARC) skoðaði nýlega allar stærri rannsóknir þar sem könnuð höfðu verið tengsl milli óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Þessi sérfræðingahópur kemst að þeirri niðurstöðu að óbeinar reykingar geti aukið hættu á lungnakrabbameini um 20–30%[11]. Tengsl eru milli þess magns reykjar sem einstaklingur verður fyrir og hættu á lungnakrabbameini, rétt eins og hjá reykingamönnum. Einnig benda rannsóknarniðurstöður til þess að óbeinar reykingar geti aukið hættuna á legháls-[12] og brjóstakrabbameini[13].

Margar rannsóknir hafa sýnt að óbeinar reykingar auka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum hjá þeim sem búa við reykingar heima eða í vinnunni. Þessar rannsóknir benda til að ef einstaklingur sem reykir ekki á maka sem reykir eða vinnur í reykmettuðu umhverfi eykst hættan á að hann fái hjartaáfall um 25–30%[14]. Ekki er línulegt samband milli reykjarmagns og áhrifa á hjarta- og æðakerfi, eins og þegar lungnakrabbamein hlýst af tóbaksreyk. Sérfræðingar hafa komist að því að aðeins lítið magn reykjar þarf til að hafa áhrif á storknun blóðs og myndun blóðtappa en langtímaáhrif koma fram í æðakölkun[15]. Allt eru þetta áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma.

Nokkuð er um að rannsóknir sýni tengsl milli óbeinna reykinga og heilablóðfalls. Í ljós hefur komið að fólk sem verður reglulega fyrir óbeinum reykingum er í tvöfalt meiri hættu á að fá heilablóðfall en þeir sem verða ekki fyrir óbeinum reykingum[16]. Nýleg rannsókn sýnir einnig að konur sem urðu fyrir óbeinum reykingum á heimili sínu voru í 50% meiri hættu á að fá heilablóðfall í fyrsta sinn en hinar sem ekki önduðu að sér reyk í heimahúsum[17].

Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir óbeinum reykingum. Tóbaksreykur minnkar lungnavirkni þeirra og þau verða viðkvæmari fyrir sýkingum í öndunarfærum, svo sem lungnabólgu, berkjubólgu og eyrnabólgu[18]. Óbeinar reykingar hafa jafnframt verið tendgar minni vexti lungna[19] (lungun verða ekki eins stór og í jafnöldrum sem búa ekki við reyk heima við). Einnig valda óbeinar reykingar einkennum eins og hósta og blístri í öndunarfærum[20]. Börn reykingafólks fá líka oftar astma en börn þeirra sem reykja ekki og óbeinar reykingar auka fjölda og þunga astmakastanna[21]. Í Bretlandi er áætlað að um 17.000 börn undir fimm ára aldri séu lögð inn á sjúkrahús á ári hverju vegna heilsubrests sem rekja má til óbeinna reykinga[22].

Ófædd börn verða fyrir óbeinum reykingum ef móðir þeirra reykir eða ef reykt er umhverfis þungaða móður. Lítil fæðingarþyngd[23] og fyrirburafæðing[24] er algengari ef móðirin hefur orðið fyrir óbeinum reykingum á meðgöngu og hættan eykst eftir því sem óbeinu reykingarnar eru meiri og tíðari[25]. Einnig hefur verið bent á að vöggudauði sé algengari ef barn verður fyrir óbeinum reykingum[26].

Heilsuvernd starfsmanna.

Margir starfsmenn veitinga- og skemmtistaða verða fyrir miklum áhrifum af óbeinum reykingum. Þetta er ein fárra stétta sem ekki fær vernd samkvæmt 9. gr. tóbaksvarnalaga og 1. gr. vinnuverndarlaga. Þetta starfsfólk býr margt við það í vinnu sinni að anda að sér reykmenguðu lofti þó að sannað sé að það valdi óþægindum, sjúkdómum og dauðsföllum. Til eru fjölmargar rannsóknir sem benda til þess að óbeinar reykingar á vinnustöðum séu skaðlegar heilsu fólks. Rannsakendur hafa til að mynda sýnt fram á að fólk sem vinnur á vínveitingabar en reykir ekki sé með svipaða þéttni nikótíns í blóði og fólk sem reykir daglega[27].

Þegar rannsóknir, þar sem könnuð hafa verið tengsl lungnakrabbameins og þess að vinna á veitinga- eða skemmtistað, eru skoðaðar kemur í ljós að fólk sem vinnur á börum og veitingahúsum er í allt að 50% meiri hættu á að fá lungnakrabbamein[28]. Einnig hefur nýleg

rannsókn frá Nýja-Sjálandi (3,8 milljónir íbúa) sýnt fram á að hægt sé að fækka dauðsföllum um 300 á ári ef óbeinar reykingar eru takmarkaðar[29].

Nýlega gerðu Svíar, Finnar og Eistar sameiginlega rannsókn þar sem komu fram tengsl milli óbeinna reykinga og margra einkenna, svo sem langvinns hósta, blísturs í öndunarfærum, óeðlilegrar slímmyndunar og mæði. Einnig fundu þeir sterk tengsl milli magns tóbaksreykjar í umhverfi fólks og óþæginda í öndunarfærum og að óbeinar reykingar í vinnu eru hættulegri en óbeinar reykingar á heimili[30]. Nærtækasta skýringin á þessu er að í vinnu reykja fleiri í einu rými og að tillitssemi er sennilega meiri á heimili. Fleiri rannsóknir hafa sýnt hið sama[31]. Þessar niðurstöður benda til þess að sérstaklega mikilvægt sé að vernda starfsfólki fyrir tóbaksreyk í vinnunni.

Enn frekari rökstuðningur fyrir algjöru banni við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum hefur fengist úr rannsóknum á heilsu og vellíðan starfsmanna fyrir og eftir bann. Í rannsókn sem gerð var í Kaliforníu kom fram að þjónustufólk kvartaði undan óþægindum í öndunarfærum, svo sem hósta, mæði, blístri í öndunarfærum og óþægindum í augum, nefi og hálsi fyrir bann. Einum mánuði eftir bannið höfðu einkenni í öndunarfærum minnkað um 60% og óþægindi um 80%. Lungnavirkni hafði einnig aukist nokkuð[32]. Þessar rannsóknarniðurstöður sýna að það að útiloka óbeinar reykingar á umhverfi starfsmanna hefur mjög fljótt jákvæð áhrif á líðan þeirra. Rannsóknarniðurstöður um neikvæð langtímaáhrif óbeinna reykinga benda til þess að bann hafi ekki síður mjög jákvæð áhrif á heilsu fólks og fækki ótímabærum dauðsföllum.

En þótt margir starfsmenn veitinga- og skemmtistaða sé í hættu vegna óbeinna reykinga eru sumir hópar viðkvæmari en aðrir. Eins og minnst var á hér að framan hefur verið sýnt fram á skaðleg áhrif óbeinna reykinga á fóstur þungaðra kvenna og meiri einkenni meðal astmasjúklinga. Starfsmenn sem reykja sjálfir verða einnig fyrir skaðlegum áhrifum af völdum óbeinna reykinga á vinnustað sínu í ofanálag við eigin reykingar.

Heilsuspillandi áhrif tóbaksreykjar á fólk í þjónustustörfum virðast nokkuð óyggjandi en spyrja mætti af hverju núverandi löggjöf um reyklaus svæði og loftræstingar er ekki fullnægjandi til að vernda starfsfólk og af hverju sé þörf á algjöru banni. Nokkrar ástæður liggja þar að baki:

1. Starfsfólk fær ekki þá heilsuvernd sem það á rétt á. Þrátt fyrir að skipt sé í reyksvæði og reyklaus svæði á veitinga- og skemmtistöðum og farið sé fullkomlega að lögum og reglum þarf starfsfólk engu að síður að sinna starfi sínu á reyksvæðum. Með því að hafa svæði en ekki algjört bann fer þessi hópur því áfram á mis við þá vinnuvernd sem 1. gr. vinnuverndarlaga er greinilega ætlað að tryggja öllu vinnandi fólki.
2. Reykur berst milli reyksvæða og reyklausra svæða. Nokkrar erlendar mælingar sýna að þrátt fyrir að reyklaus svæði séu notuð, eins og til er ætlast, dugi þau ekki til að vernda þá gesti sem á þeim eru né starfsfólkið. Ástralskir heilsugæslulæknar gerðu nýlega athugun á 17 veitingastöðum og börum sem allir voru með reyklaus svæði og reykingasvæði. Mældu þeir nikótín og önnur efni úr tóbaksreyk í andrúmslofti á báðum þessum svæðum og komust að þeirri niðurstöðu að reyklausu svæðin veittu litla vernd gegn óbeinum reykingum. Reykmengunin mældist þar í besta falli helmingi minni en á reykingasvæðunum[33]. Norðmenn hafa gert nokkrar svipaðar mælingar og í ljós hefur komið að þótt hlutfall efna úr tóbaksreyk sé eitthvað lægra á reyklausum svæðum en reyksvæðum þá eru efnin jafnan langt yfir hættumörkum (allt upp í 560 $\mu g/m^3$, mörkin eru 10 $\mu g/m^3$)[34].
3. Reglur um reyklaus svæði og loftræstingu virðast ekki vera virtar. Sumarið 2002 var gerð ítarleg vettvangskönnun á 40 veitingastöðum í Reykjavík þar sem leyft var að

reykja. Kom í ljós að á öllum nema einum vantaði meira eða minna á að settum skilyrðum væri fullnægt. Á flestum þessum stöðum var að vísu skipting í reyklaus svæði og reykingasvæði en aðeins á um helmingi staðanna voru reyklausu svæðin álíka stór eða stærri en reykingasvæðin (reiknað út frá borðafjölda). Á þremur stöðum voru reykingar leyfðar í öllu þjónusturýminu. Loftræsting var í flestum tilvikum annaðhvort engin sýnileg eða lítt eða ekki virk. Á þeim stöðum þar sem ástandið var skást að þessu leyti nægði loftræstingin aðeins á einum stað (tveir alveg aðskildir salir) til að reykurinn mengaði ekki finnanlega andrúmsloftið á reyklausu svæðunum. Athyglisvert er að í ljós kom að aðeins 8% gesta reyktu en hin 92% gerðu það ekki[35].

4. Loftræstibúnaður ræður ekki við tóbaksreykjarmengun. Erlendir sérfræðingar hafa komist að því að það getur tekið meira en þrjár klukkustundir að hreinsa burt 95% af reyk eftir að reykingum er hætt. Einnig hafa þeir komist að því að loftræstikerfi sem almennt eru notuð á veitinga- og skemmtistöðum ráða ekki við að hreinsa andrúmsloftið af tóbaksreyk[36].

Aðrir kostir af löggjöf þessari.

1. Vernd gesta gegn óbeinum reykingum.

Þótt meginmarkmiðið sé að hlífa starfsfólki við óbeinum reykingum vinnst það einnig að allir gestir veitinga- og skemmtistaða fá sömu vernd. Augljóst má vera hve mikilvægt það er, ekki síst fyrir ákveðna hópa, svo sem þungaðar konur, börn og fólk með öndunarfærasjúkdóma eða hjartasjúkdóma.

2. Minnkun heildarreykinga.

Reynslan sýnir að bann við reykingum á vinnustöðum, þar með töldum veitinga- og skemmtistöðum, dregur úr heildarreykingum í samfélaginu. Í Kaliforníu, þar sem slíkt bann hefur gilt síðan 1998, drógust reykingar saman eftir bannið og nú reykja 16,4% en 33% í Kentucky þar sem slík lög eru ekki í gildi[37]. Í mati sem Írar gerðu stuttu eftir að slík lög tóku gildi hjá þeim kom einnig fram að 20% reykingamanna slepptu alveg að reykja þegar þeir fóru út á veitinga- eða skemmtistaði og það bendir til minnkunar í heildarreykingum[38].

Þrátt fyrir að stutt sé síðan löggjöf um þessi efni tók gildi bæði í Noregi og á Írlandi benda nýjar tölur til þess að fleiri hafi hætt að reykja þar eftir að nýju lögin tóku gildi og að sala á sígarettum hafi dregist saman. Um 40.000 Norðmenn hafa hætt að reykja síðan lögin tóku gildi í júní 2004 og er það mun meira en undanfarin ár[39]. Einnig hafa borist fréttir af því að sala á tóbaki hafi dregist saman á Írlandi. Í september tilkynnti Gallaher Group, sem er með um helmingsmarkaðshlutdeild í sígarettusölu á Írlandi, að sala á sígarettum frá fyrirtækinu hefði minnkað um 7,5% og fyrirtækið seldi 260 milljón færri sígarettur frá janúar til júní 2004 en næstu sex mánuði á undan[40]. Í byrjun nóvember bárust svo fréttir frá næststærsta tóbakssala Íra um að sala þeirra hafi minnkað um 10% árið 2004 og að fyrirtækið búist við að selja 200 milljón færri sígarettur í ár en í fyrra[41]. Þessar tölur benda til þess að reyklausir veitingastaðir hafi áhrif á heildarreykingar þjóðarinnar.

Á skemmtistöðum er mikið um að ungt fólk reyki. Við slíkar aðstæður er sú hætta vel þekkt að æskufólk sem áður hefur ekki reykt byrji að prófa það („fikta"). Þetta getur verið upphafið að daglegum reykingum. Við bann má búast við að dragi úr þessari hættu en einnig má búast við að samkvæmisreykingar minnki.

Reyklaust umhverfi er einnig mikilvægur stuðningur við þá sem hætta að reykja. Kanadískir rannsóknarmenn spurðu 191 fyrrverandi reykingamenn um ástæður þess að þeir hættu. Um 39% sögðu ástæðuna vera lagasetningu sem bannaði reykingar á öllum opinberum stöð-

um. Einnig kom í ljós að reykingamenn sem reyndu að hætta voru þrisvar sinnum líklegri til að ná því markmiði þar sem slík lög voru í gildi en þar sem ekki voru slík lög[42].

3. Minni kostnaður.

Sé litið til kostnaðar við rekstur veitinga- og skemmtistaða sést að ýmis ávinningur fylgir því að þeir séu reyklausir. Nægir að nefna minni eldhættu og minni viðhaldsþörf vegna skemmda á húsbúnaði og óþrifa. Einnig hafa óbeinar reykingar aðrar afleiðingar fyrir starfsfólk, vinnuveitendur og heilbrigðiskerfið. Óbeinar reykingar hafa sterklega verið tengdar við fjarvistir frá vinnu, fjölda heimsókna til lækna og notkun lyfja[43]. Hagfræðistofnun HÍ mat framleiðslutap vegna óbeinna reykinga á Íslandi árið 2000 upp á 448 milljónir[44]. Athuga ber að aðeins var tekið mið af hjartasjúkdómum og lungnakrabbameini en fjarvistir frá vinnu o.fl. voru ekki teknar þar inn í. Ætla má að talan mundi hækka ef það væri gert.

4. Minni eldhætta.

Búast má við að brunahætta á veitingastöðum minnki við að gera þá reyklausa þar sem bruni af völdum tóbaksreykinga eru ein af þremur algengustu orsökum bruna á Íslandi. Þegar tölur Brunamálastofnunar frá árunum 1995–2003 eru skoðaðar kemur í ljós að um 3% bruna á Íslandi eru af völdum reykinga (þ.e. brunar sem eru það stórir að þeir séu tilkynntir til lögreglu[45]. Þetta eru um 30 brunar á ári sem telst 68 milljónir í eignatap á verðlagi ársins 2003 samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar HÍ[46].

Viðhorf viðskiptavina veitinga- og skemmtistaða.

Gallup gerði tvívegis viðhorfsrannsókn (2002 og 2004) þar sem skoðuð voru viðhorf fullorðinna til reykinga á veitinga- og kaffihúsum og árið 2004 var spurt hvort fólk mundi fara sjaldnar, jafnoft eða oftar á þessa staði ef þeir væru alveg reyklausir. Í báðum rannsóknunum kom fram að rúmlega 60% svarenda voru andvíg reykingum á veitinga- og kaffihúsum og í maí 2004 sögðust 85,8% svarenda mundu fara jafnoft eða oftar á veitingastaði eða kaffihús ef þessir staðir yrðu reyklausir. Aðeins 14,1% töldu sig mundu fara sjaldnar. Athygli vekur að 52,8% fólks sem reykir sögðust mundu fara jafnoft eða oftar á kaffihús og veitingastaði ef þeir yrðu reyklausir. Þessar niðurstöður benda til þess að meiri hluti fullorðinna sé hlynntur algjörlega reyklausum veitinga- og kaffihúsum[47].

Áhrif reykbanns á rekstur veitingahúsa.

Þar sem lög um reyklausa veitinga- og skemmtistaði hafa tekið gildi, hafa áhyggjur víða vaknað meðal veitingamanna. Þeir hafa áhyggjur af því að tap verði á rekstri, að þeir verði að segja upp fólki og jafnvel að fyrirtækið beri sig ekki ef staðurinn verður reyklaus. Fjárhagsleg áhrif reykingabanns á veitinga- og skemmtistöðum hafa verið skoðuð mjög víða og ekki finnast nein áreiðanleg gögn sem styðja þessar áhyggjur veitingamanna[48].

Árið 1997 var gerð rannsókn í Bandaríkjunum þar sem bornar voru saman borgir sem annars vegar leyfðu reykingar á veitinga- og skemmtistöðum og hins vegar borgir sem leyfðu þær ekki. Niðurstaða þessarar rannsóknar var að enginn munur var á hlutfallslegri sölu drykkja og matar í þeim borgum sem bornar voru saman[49]. Þessar niðurstöður studdu margar fyrri rannsóknir sem höfðu sýnt hið sama. Í annarri rannsókn, sem gerð var í Texas 2002, voru bornar saman sölutölur 12 ár aftur í tímann (fyrir lagasetningu) og ári eftir lagasetningu og komust menn að því að enginn munur var á sölu drykkjar og matar á þessum tíma[50]. Niðurstöður þessara tveggja rannsókna hafa verið staðfestar í samantekt 97 rannsókna þar sem fram kemur að engar áreiðanlegar heimildir séu fyrir því að bann við reykingum á þess-

um stöðum hafi neikvæð fjárhagsleg áhrif, heldur voru ýmist engin áhrif eða jákvæð áhrif á sölu og fjölda starfa í atvinnugreininni[51].

Reynsla annarra þjóða.

Með aukinni þekkingu á þeim afleiðingum sem óbeinar reykingar geta haft á heilsu hafa mörg lönd hert tóbakslöggjöf sína á undanförnum árum til verndar landsmönnum.

Þróun reykleysis á veitingastöðum á sér hvað lengsta sögu í Bandaríkjunum og náði þar fyrst til einstakra borga og sýslna en síðan heilla ríkja. Kaliforníuríki bannaði fyrst reykingar í veitingastöðum árið 1994 en fjórum árum síðar var bannið fært út og látið ná yfir hvers kyns veitinga- og skemmtistaði. Hafa kannanir sýnt mikinn og vaxandi stuðning við þetta bann, einnig meðal reykingamanna og veitingahúsaeigenda[52]. Eins og áður hefur komið fram hafa sömuleiðis komið fram eindregin jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan starfsmanna[53].

Fordæmi Kaliforníumanna hefur verið víða fylgt þar vestra og þróunin ekki síst markast af því að æ fleiri ríki og borgir fella bann við reykingum á veitingastöðum inn í heildarlöggjöf um reyklausa vinnustaði („smokefree workplace legislation“) þar sem engir vinnustaðir eru undanskildir. Í New York-borg tóku slík lög t.d. gildi í mars 2003 en reykingar höfðu þá verið bannaðar þar á matsölustöðum um átta ára skeið. Þrátt fyrir hrakspár andstæðinga virðist hið víðtæka bann ekki hafa bitnað á veitingahúsarekstri eða ferðaþjónustu yfirleitt í New York-borg[54]. Bloomberg, borgarstjóri New York-borgar, sagði til að mynda í viðtali að störfum á veitinga- og skemmtistöðum hefði fjölgað um 8% fyrsta árið eftir bannið. Einnig hefur hann fullyrt að reykingabannið sé ekki lengur deiluefni og stuðningur sé alltaf að aukast.

Svipuð þróun og í Bandaríkjunum er nú í Kanada þar sem þrjú af fylkjunum tíu hafa þegar sett sér lög um reyklausa vinnustaði. Í Bresku Kólumbíu tóku 1. maí 2002 gildi lög þar sem reykingar eru bannaðar á opinberum stöðum, þar með töldum veitinga- og skemmtistöðum, nema í afmörkuðum herbergjum þar sem engin þjónusta er veitt. Ottawa hefur gengið lengst fylkja í Kanada og tók upp algjört bann 1. ágúst 2001[55].

Árið 2004 bönnuðu bæði Írar og Norðmenn reykingar á öllum veitinga- og skemmtistöðum. Hjá Írum var um víðtæka vinnuverndarlöggjöf að ræða en vinnuverndarsjónarmið vó einnig mjög þungt hjá Norðmönnum. Í báðum löndum hefur framkvæmd laganna gengið mjög vel.

Tóbaksvarnaráð Írlands (Office of Tobacco Control) mat árangurinn á Írlandi rúmum mánuði eftir að bannið tók gildi og bar saman við tölur frá því mánuði fyrir bannið. Í þessu mati kom fram 97% hlýðni við bannið, 71% þeirra sem spurðir voru höfðu farið á bar síðastliðinn hálfan mánuð en 68% fyrir bann (aukningin var meðal þeirra sem ekki reyktu en þeir sem reyktu fóru jafnoft og áður, 74%). Um 92% sögðust fara jafnoft eða oftar á veitingastaði og 20% reykingamanna sögðust sleppa því að reykja þegar þau færu út[56].

Norðmenn gerðu könnun á stuðningi við löggjöfina bæði í maí 2004 (fyrir gildistöku löggjafar) og í október 2004. Í maí studdu 54% Norðmanna bannið en í október hafði stuðningur aukist upp í 62%[57]. Samtímis mátu Norðmenn heilsu og vellíðan starfsmanna fyrir og eftir bannið en verið er að vinna úr októbermatinu.

Í maí síðastliðnum samþykkti sænska þingið að banna frá og með 1. júní 2005 reykingar í öllum húsakynnum þar sem matur og drykkur er framreiddur, hvort heldur er á matsölustöðum, kaffihúsum, krám, börum eða skemmtistöðum. Svíar völdu að fara aðra leið en Norðmenn og Írar og leyfa reykingar í sérstökum reykherbergjum þar sem hvorki má framreiða né neyta matar eða drykkjar[58].

Skotar eru að íhuga svipaða löggjöf og nágrannar þeirra Írar, Ástralar eru að íhuga algjört bann á landsvísu en þegar er bann í einhverjum borgum og borgarstjóri Lundúnaborgar hefur lýst yfir áhuga og óskað eftir stuðningi heilbrigðisráðherra Bretlands við að setja á svipað bann í London og gert var í New York 2003. Liverpoolborg ákvað nýlega að gera alla vinnustaði í borginni reyklausa, þar með einnig veitinga- og skemmtistaði, og varð fyrst breskra borga til þess.

Dæmin hér að framan sýna að víða hefur svipuð löggjöf og lögð er til hér þegar tekið gildi og stendur umræða um slíka lagasetningu einnig yfir mjög víða annars staðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, var kveðið á um bann við reykingum í „þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita.“ Ákvæðið var síðar skýrt nánar á dreifispjaldi um takmarkanir reykinga á vinnustöðum. Voru þar m.a. nefnd helstu dæmi um hvað teldist til þess hluta húsnæðis þar sem ekki mætti reykja. Fyrrgreindu orðalagi í 1. mgr. 9. gr. var ekki breytt með breytingalögum nr. 101/1996 en í breytingalögum nr. 95/2001 er í þessu sambandi talað um „þjónusturými“, án skýringa. Lagt er til að úr þessu verði bætt með því að skilgreina þetta hugtak í lögum um tóbaksvarnir.

Um 2. gr

Um a-lið. Breytingin á 1. mgr. 9. gr. felst í viðbótarákvæði um að við tiltekin skilyrði skuli farið með þjónustusvæði utan húss með sama hætti og þjónusturými innan húss að því er varðar bann við reykingum. Er þá einkum litið til svæða í tengslum við kaffihús og aðra matsölustaði. Reglan sem hér er sett fram er hin sama og í írsku lögunum sem sagt er frá hér að framan.

Um b-lið. Í lið þessum felst sú breyting sem er megintilgangur frumvarpsins, þ.e. afnám undanþágu frá reykingabanni sem veitinga- og skemmtistöðum er veitt í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 6/2002. Núgildandi ákvæði laganna um reykingar á veitinga- og skemmtistöðum voru sett með lögum nr. 95/2001. Með þeim var gengið lengra en áður í viðleitni til að vernda fólk fyrir tóbaksreyk á þessum stöðum. Um rök fyrir því að ganga enn lengra og banna reykingar þar alfarið í öllu þjónusturými er vísað til greinargerðarinnar hér á undan.

Um c-lið. Breytingin tengist því að þjónusturými á veitinga- og skemmtistöðum verða með öllu reyklaus skv. b-lið og því ekki ástæða til að kveða framvegis sérstaklega á um skyldu stjórnenda veitingastaða til að vernda starfsfólkið gegn tóbaksreyk.

Um d-lið. Breytingin samkvæmt þessum lið tengist breytingunni samkvæmt b-lið með hliðsjón af því að ekki er að sinni hróflað við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 6/2002 um heimild til reykinga í tilteknum gistiherbergjum á gististöðum. Að því er varðar veitinga- og skemmtistaði er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að stuðla að því að banni við reykingum verði framfylgt með setningu reglugerðar um framkvæmd bannsins í samráði við aðra ráðherra.

Um 3. gr.

Breytingin á 1. mgr. 12. gr. er eðlileg afleiðing breytingar skv. b-lið 2. gr. frumvarpsins, sbr. einnig það sem áður segir um gististaði.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að veitinga- og skemmtistaðir hafi frest til að undirbúa starfsemi sína og laga hana að áformuðum breytingum til 1. maí 2006, en þá eigi staðirnir að vera orðnir reyklausir.

Heimildir.

1. Lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.
2. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.
3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti (2001). Heilbrigðisáætlun til ársins 2010: Langtímamarkmið í heilbrigðismálum. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
4. World Health Organization (2003). WHO Framework Convention on Tobacco Control. Geneva: WHO.
5. US Environmental Protection Agency (EPA). (1992). Respiratory health effect of passive smoking: Lung Cancer and other disorders. Washington DC, EPA, Office of Research and Development.
6. British Medical Association (2002). Toward smoke-free public places. London: BMA.
7. Bascom, R., Kesavanathan, J. et al. (1995). Sidestream tobacco smoke acutely alters human mucociliary clearance. Environmental Health Perspectives, 103(1), 1026–1030.
   Walker, J.C. Kendal-Reed, M. et al. (1996). Olfactory and trigeminal responses to nicotine. Drug Development Research, 38, 160–168.
8. Lam, T.H., Ho, L.M. et al. (2000). Environmental tobacco smoke exposure among police officers in Hong Kong. Journal of the American Medical Association, 284, 756–63.
   White, J.R., Froeb, H.F. et al. (1991). Respiratory illness in non-smokers chronically exposed to tobacco smoke in the workplace. Chest, 100, 39–43.
9. Jindal, S.K., Gupta, D., og Singh, A. (1994). Indices of morbidity and control of asthma in adult patients exposed to environmental tobacco smoke. Chest, 106, 746–9.
10. Sippel, J.M., Pedula, K.L., Vollmer, W.M., Vuist, A.S., og Osborne, M.L. (1999). Associations of smoking with hospital-based care and quality of life in patients with obstructive airway disease. Chest, 115, 691–9.
11. WHO Internationa Agency for Research on Cancer (in press). Monograph on the evaluation of carcinogenic risks to humans, Volume 83: Tobacco smoke and involuntary smoking. Lyons: WHO IARC.
12. Tay, S.K. og Tay, K.J. (2004). Passive cigarette smoking is a risk factor in cervical neoplasia. Gynecologic Oncology, 93(1), 116–20.
13. California Environmental Protection Agency, Air Resources Board. (2003). Proposed identification of environmental tobacco smoke as a toxic air contaminant. Part B: Health effects. California: EPA.
14. Glantz, S.A., & Parmley, W.W. (1995). Passive smoking and heart disease. Mechanisms and risk. Journal of American Medical Association, 273, 1047–1053.
    He, J., Vupputuri, S., Allen, K., Prerost, M., Hughes, J., & Whelton, P. (1999). Passive smoking and the risk of coronary heart disease – a meta-analysis of epidemiologic studies. New England Journal of Medicine, 340, 920–926.
    Kawachi, I., Colditz, G.A., Speizer, F.F., Manson, J.F., Stamfer, M.J., Willett, W.C. et al. (1997). A prospective study of passive smoking and coronary heart disease. Circulation, 95, 2374–9.
    Law, M.R., Morris, J.K. og Wald, N.J. (1997). Environmental tobacco smoke and ischaemic heart disease: an evaluation of the evidence. British Medical Journal, 315, 973–9.
15. Glantz, S.A., & Parmley, W.W. (1995). Passive smoking and heart disease. Mechanisms and risk. Journal of American Medical Association, 273, 1047–1053.
16. Bonita, R., Duncan, J. et al. (1999). Passive smoking as well as active smoking increases the risk of acute stroke. Tobacco Control, 8, 156–160.
17. You R.X. et al. (1999). Ischemic stroke risk and passive exposure to spouses' cigarette smoking. American Journal of Public Health, 89, 572–5.
18. World Health Organisation (1999). International consultation on environmental tobacco smoke and child health: consultation report. Geneva: WHO.
19. Strachan, D.P., & Cook, D.G. (1998). Health effects of passive smoking: parental smoking, middle ear disease and adenotonsillectomy in children. Thorax, 53, 50–56.
20. World Health Organisation (1999). International consultation on environmental tobacco smoke and child health: consultation report. Geneva: WHO.
21. Strachan, D.P., & Cook, D.G. (1998). Health effects of passive smoking: parental smoking and childhood asthma: longitudinal and case-control studies. Thorax, 53, 204–212.
22. Royal College of Physicians of London. (1992). Smoking and the young. London, RCP.
23. Misra, D.P og Nguyen, R.H. (1999). Environmental tobacco smoke and low birth weight: a hazard in the workplace? Environmental Health Perspective, 107, 897–90.
24. Windham, G.C. Hopkins, B. Fenster, L. og Swan, S.H. (2000). Pre-natal active or passive tobacco smoke exposure and the risk of pre-term delivery or low birth weight. Epidemiology, 11, 427–33.

25. Hruba, D. og Kachlik, P. (2000). Influence of maternal active and passive smoking during pregnancy on birthweight in newborns. Central European Journal of Public Health, 8, 249–52.
26. Blair P.S., Fleming P.J., Bensley D. et al. (1996). Smoking and Sudden Infant Death Syndrome: results from 1993 – 5 case-control study for confidential inquiry into stillbirths and deaths in infancy. British Medical Journal, 313, 195–198.
Royal College of Physicians of London. (1992). Smoking and the young. London, RCP.
27. Akbar-Khanzadeh, F., & Greco, T.M. (1996). Health and social concerns of restaurant/bar workers exposed to environmental tobacco smoke. Med Lav, 87(2), 122–132.
28. Siegel, M. (1993). Involuntary smoking in the restaurant workplace. A review of employees exposure and health effects. Journal of the American Medical Association, 270, 490–493.
29. Woodward, A. og Laugesen, M. (2001). How many deaths are caused by second-hand cigarette smoke? Tobacco Control, 10, 283–388.
30. Larsson, M.L., Loit, H.M., Meren, M., Pölluste, J., Magnusson, A., Larsson, K., & Lundback, B. (2003). Passive smoking and respiratory symptoms in the FinEsS Study. European Respiratory Journal, 21, 672–676.
31. Jansson, C., Chinn, S., Jarvis, D., Zock, JP., Torén, K. & Burney, P. (2001). Effects of passive smoking on respiratory symptoms, bronchial responsiveness, lung function and total IgE in the European Community Respiratory Health Survey: a cross-sectional study. Lancet, 2103–2109.
Leuenberger, P., Schwartz, J., Ackermann-Liebrich, U., et al. (1994). Passive smoking exposure in adults and chronic respiratory symptoms (SAPALDIA study). American Journal of Respiratory Critical Care Medicine, 150, 1222–1228.
White, J.R., Froeb, H.F., & Kulik, J.A. (1991). Respiratory illness in non-smokers chronically exposed to tobacco smoke in the work place. Chest, 100(1), 39–43.
32. Eisner, M.D., Smith, A.K., & Blanc, P.D. (1998). Bartenders respiratory health after establishment of smoke-free bars and taverns. Journal of American Medical Association, 280, 1909–1914.
33. Cains, T., Cannata, S., Poulos, R., Ferson, M.J. og Stewart, B.W. (2004). Designated "no smoking" areas provide from partial to no protection from environmental tobacco smoke. Tobacco control, 13, 17–22.
34. Ministry of Health (2002). Proposition to the Odelsting: Smoke-Free Food and Drink Establishments. Ósló: Ministry of Health.
35. Tóbaksvarnanefnd (2002). Vettvangskönnun á 40 veitingastöðum í Reykjavík. Reykjavík: Tóbaksvarnanefnd.
36. Repace, J. (1994). Risk management and passive smoking at work and at home. St. Louis University Public Law Review, 13(2), 763–785.
37. Balluz, L., Ahluwalia, I.B., Murphy, W., Mokdad, A., Giles, W., og Harris, V.B. (2004). Surveillance for certain health behaviors among selected local areas – United States, Behavioral Risk Factor Surveillance System, 2002. MMWR Surveillence Summary, 53(5), 1–100.
38. Office of Tobacco Control (2004). Smoke-Free Workplace Legislation Implementation: Progress Report, May 2004. Office of Tobacco Control
39. Sanner, T. (2004). Stor minskning av rökare efter norska rökförbudet. Birt: 25. ágúst 2004. http://www.tobaks-fakta.org/Default.asp?bhcd=16&bhsh=1024&bhsw=1280. Skoðað: 15. nóvember 2004.
40. Halm, J. (2004). Cigarette sales in Ireland fall. Birt: 10. september 2004. http://www.bbc.co.uk/worldservice/learningenglish/newsenglish/witn/2004/09/040910_smoking_ban.shtml. Skoðað: 15. nóvember 2004.
41. The Irish Examiner. (2004). Smoking Ban hits cigarette sales. Birt: 9. nóvember 2004. http://www.examiner.ie/registration/login_and_reg.asp?page. Skoðað: 15. nóvember 2004.
42. Hammond, D., McDonald, P.W., Fong, G.T., Brown, K.S., og Cameron, R. (2004). The impact of cigarette warning labels and smoke-free bylaws on smoking cessation. Canadian Journal of Public Health, 95(3), 201–204.
43. McGhee, S.M. et al. (2000). Passive smoking at work: the short-term cost. Journal of Epidemiology and Community Health, 54, 673–676.
Parrott, S., Godfrey, C., og Raw, M. (2000). Cost of employee smoking in the workplace in Scotland. Tobacco Control, 9, 187–192.
44. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). Kostnaður vegan reykinga á Íslandi árið 2000. Reykjavík: Hagræðistofnun.
45. Guðmundur Gunnarsson. (2004). Brunar að völdum tóbaks 1995–2004. Brunamálastofun.
46. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). Kostnaður vegan reykinga á Íslandi árið 2000. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
47. IMG Gallup (2002). Tóbaksvarnaráð: Viðhorf til reykinga mars 2002. Reykjavík: Gallup.
IMG Gallup (2004). Tóbaksvarnaráð: Viðhorf til reykingar maí 2004. Reykjavík: Gallup.
48. Scollo, M., Lal, A., Hyland, A., og Glantz, S. (2003). Review of the quality of studies on the economic effects of smoke-free policies on the hospitality industry. Tobacco Control, 12, 13–20.
49. Glantz, S.A., og Smith, L.R.A. (1997). The effect of ordinances requiring smoke-free restaurants and bars on revenues: a follow up. American Journal of Public Health, 87(10), 1687–1693.

50. Huang, P., De, A.K., og McCrucker, M.E. (2004). Impact of smoking ban in restaurant and bar revenues-El Paso, Texas, 2002. Morbidity and Mortality Weekly Report, 53(7), 150–152.
51. Scollo, M., Lal, A., Hyland, A., og Glantz, S. (2003). Review of the quality of studies on the economic effects of smoke-free policies on the hospitality industry. Tobacco Control, 12, 13–20.
52. Tang, H., Cowling, D.W., Lloyd, J.C., Rogers, T., Koumjian, K.L., Stevens, C.M., Bal, D.G. (2003). Changes of Attitudes and Patronage Behaviors in Response to a Smoke-Free Bar Law. American Journal of Public Health, 93, 611–617.
53. Eisner, M.D., Smith, A.K., & Blanc, P.D. (1998). Bartenders' respiratory health after establishment of smoke-free bars and taverns. Journal of American Medical Association, 280, 1909–1914.
54. Hyland, A. og Tuk, J. (2001). Restaurant employment boom in New York City. Tobacco Control, 10, 199–200.
55. Office of Tobacco Control & Health and Safety Authority (2002). Report on the health effects of environmental tobacco smoke (ETS) in the workplace. Írland: OTC & HAS.
56. Office of Tobacco Control (2004). Smoke-Free Workplace Legislation Implementation: Progress Report, May 2004. Office of Tobacco Control.
57. Sosial- og helsedirektoratet. (2004). Enda flere er positive til røykfrie serveringssteder. Ósló: Social- og helsedirektoratet.
58. Persson, G., & Johansson, M. (2003). Regeringens proposition: Rökfria serveringsmiljöer. Stokkhólmur.

817. Frumvarp til laga [540. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í upphafi 3. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þær er tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umrædda breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Verði frumvarp þetta að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 3. gr. laga um stjórn fiskveiða að í stað sjávarútvegsráðherra ákvarði umhverfisráðherra heildaraflamark ár hvert á þeim stofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Þar sem orðið ráðherra kemur fyrir síðar í greininni er þá samkvæmt breytingartillögunni vísað til umhverfisráðherra í stað sjávarútvegsráðherra.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að skipuð verði ný stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

818. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, vegna innleiðingar á þeim þætti 8. liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 sem varðar tilteknar rannsóknir og prófanir á einkaleyfisvernduðu efni uppfinningar. Fyrrnefnd tilskipun var samþykkt í kjölfar samningaviðræðna milli hagsmunaaðila í Evrópusambandslöndunum, m.a. frumlyfjaframleiðenda og samheitalyfjaframleiðenda. Með tilskipuninni er m.a. kveðið á um að frumlyfjaframleiðendur fái lengri verndartíma fyrir frumlyf gegn því að samheitalyfjaframleiðendur fái heimildir til rannsókna á einkaleyfistíma. Það raskar jafnvægi þeirrar sáttar sem þarna varð til milli hagsmunaaðila að samheitalyfjaframleiðendur fái sín auknu réttindi á undan frumlyfjaframleiðendum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Minni hlutinn telur því, með vísan til forsögu málsins, eðlilegt að ákvæði tilskipunarinnar öðlist gildi samtímis.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæðin verði innleidd í lög um einkaleyfi sem heyra undir iðnaðarráðherra. Tilskipun 2004/27/EB heyrir almennt undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og er gert ráð fyrir breytingu á lyfjalögum til að innleiða hana að öðru leyti. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. einkaleyfalaganna verði óbreytt hvað það varðar að einkaréttur samkvæmt einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar. Hins vegar er lagt til að tekið verði sérstaklega fram í lögunum að einkarétturinn taki ekki til rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform.

Ekki var efnislegur ágreiningur í nefndinni um málið sjálft og framsetningu þess í lagatexta. Við umfjöllun í nefndinni hafa hins vegar ekki verið færð fram frambærileg rök fyrir því að láta breytingar á lögum um einkaleyfi ganga fram fáeinum mánuðum á undan þeim breytingum á lyfjalögum og reglugerðum sem gera þarf til að innleiða nefnd ákvæði tilskipunarinnar. Þvert á móti hafa ýmsir umsagnaraðilar mælt gegn því að þetta verði gert eða talið fram rök gegn því eins og sjá má í fylgiskjölum með nefndarálitinu. Þar skal fyrst telja heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið en einnig Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Eli Lilly Danmark A/S, Félag íslenskra stórkaupmanna og Lyfjastofnun.

Minni hluti iðnaðarnefndar leggur því til að sú breyting sem í frumvarpinu felst komi til framkvæmda 30. október 2005 og flytur breytingartillögu um það. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. febr. 2005.

Jóhann Ársælsson, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Einar Már Sigurðarson.

819. Breytingartillaga [251. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar (JÁ, ÁRJ, EMS).

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 30. október 2005.

820. Fyrirspurn [541. mál]

til menntamálaráðherra um samning um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvað líður gerð samnings um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings?
2. Hvenær er áætlað að skrifa undir slíkan samning?

821. Fyrirspurn [542. mál]

til menntamálaráðherra um einkarekna grunnskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Er von á almennri löggjöf um einkarekna grunnskóla, þ.e. skóla sem reknir eru af öðrum en opinberum aðilum, utan ramma hverfisskólanna?
2. Ætti í slíkri löggjöf að mati ráðherra að
   a. samræma framlög til slíkra skóla,
   b. takmarka eða banna innheimtu skólagjalda ofan á opinbera framlagið?

822. Fyrirspurn [543. mál]

til samgönguráðherra um rekstrarkostnað Reykjavíkurflugvallar.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver er árlegur heildarkostnaður íslenska ríkisins af rekstri flugvallar í Reykjavík?
2. Hvað af þessum kostnaði gæti sparast ef allt flug yrði fært til Keflavíkurflugvallar?
3. Gerir ráðherra ráð fyrir að íslenska ríkið eigi eftir að taka meiri þátt í rekstrarkostnaði Keflavíkurflugvallar en verið hefur til þessa? Ef svo er, um hvaða upphæðir gæti þar verið að ræða?

823. Skýrsla [544. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2004.

Samantekt um störf Íslandsdeildar ÖSE-þingsins.

Fulltrúar Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu alla helstu fundi þingmannasamkundunnar á árinu. Pétur H. Blöndal, formaður, og Jóhanna Sigurðardóttir sóttu vetrarfundina í Vínarborg í febrúarmánuði, auk ritara, og fullskipuð sendinefnd tók virkan þátt í ársfundinum sem haldinn var í Edinborg að þessu sinni. Þá sótti formaður Íslandsdeildar aukastjórnarnefndarfund þingsins á eynni Ródos ásamt ritara. Íslandsdeildin var að venju afar virk í störfum sínum á árinu og ber þar helst að nefna frumkvæði formanns deildarinnar að stofnun sérstakrar nefndar ÖSE-þingsins sem hefði eftirlit með fjármálum ÖSE. Frumkvæði Péturs H. Blöndal var einróma samþykkt á ársfundi þingsins í Edinborg og var nefndin skipuð á haustmánuðum í umboði forseta ÖSE-þingsins. Eru miklar vonir bundnar við að með störfum nefndarinnar hljóti þjóðkjörnir þingmenn sem á ÖSE-þinginu sitja aukið hlutverk við að hafa eftirlit með hvernig skattfé þjóðanna er varið.

Skýran greinarmun verður að gera á Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu annars vegar og ÖSE-þinginu hins vegar. ÖSE er alþjóðastofnun sem starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975 og er ætlað að stuðla að friðar- og öryggissamvinnu aðildarríkjanna 55. Líkt og gildir um aðrar alþjóða- og milliríkjastofnanir fer starfsemi ÖSE fram í umboði stjórnvalda aðildarríkjanna. ÖSE-þingið starfar á hinn bóginn í umboði þjóðþinga aðildarríkjanna og er þingmannasamkunda rúmlega 300 þjóðkjörinna þingmanna. Jafnvel þótt samskipti ÖSE-þingsins við ÖSE séu mikil eru formlegu tengslin lítil en hafa þó farið vaxandi. ÖSE-þingið hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1992 er fyrsti ársfundurinn fór fram í Búkarest. Á þeim fundi var ákveðið að stofna skrifstofu ÖSE-þingsins í Kaupmannahöfn. Samskipti ÖSE og ÖSE-þingsins eru helst í því formi að helstu forsvarsmenn ÖSE ávarpa þingfundi og nefndarfundi og svara spurningum þingmanna. Þá eru ályktanir ársfundar ÖSE-þingsins lagðar fyrir stofnunina og þeim svarað af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þá er vonast til að með stofnun sérnefndar um fjármál ÖSE muni eftirlitshlutverk ÖSE-þingsins aukast.

Inngangur.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin, sem er stærsta svæðisbundna alþjóðastofnun heims sem starfar eingöngu að öryggismálum, starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Þingmannasamkunda ÖSE (ÖSE-þingið) starfar til hliðar við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og er skipuð þjóðkjörnum þingmönnum aðildarríkjanna. Starf stofnunarinnar á öryggismálasviðinu er mjög víðfeðmt og tekur til flestra þátta í samfélagsgerð þeirra ríkja eða svæða sem sjónum er beint að. Dæmi um þetta er starfsemi ÖSE á sviði afvopnunarmála, fyrirbyggjandi erindrekstur, traustvekjandi aðgerðir og sáttaumleitanir, kosningaeftirlit og efling mannréttinda, lýðræðisþróunar og hagræns öryggis og umhverfisöryggis. Meginstef starfs stofnunarinnar er náin samvinna jafnbærra aðila og bera vinnureglur og verklag stofnunarinnar með sér að ríkin sem þar starfa saman standa jafnfætis. Höfuðstöðvar ÖSE eru í Vínarborg. Ákvarðanataka stofnunarinnar fer að megninu til fram innan fastaráðsins sem fundar vikulega og í sitja fastafulltrúar aðildarríkja ÖSE. Þá eru einnig vikulegir fundir hjá öryggissamstarfsvettvangi ÖSE (Forum for Security Co-opera-

tion) og eru þar sérstaklega rædd þau ríki eða svæði þar sem ófriðlega horfir. Æðsta ákvörðunarvald ÖSE eru leiðtogafundir en þess á milli fundar ráðherraráðið, vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er í raun yfirheiti yfir alla þær ákvarðanir og starfsemi sem aðildarríkin hafa komið sér saman um að framfylgja. Til að tryggja skilvirka starfsemi hefur stofnunin komið á fót nokkrum embættum og undirstofnunum. Fyrst og fremst má þar telja skrifstofu formennskuríkis ÖSE en formennskan skiptist milli aðildarríkjanna og stendur í eitt ár í senn. Formennskuríkið ber höfuðábyrgð á framkvæmd ákvarðana stofnunarinnar og samhæfingu starfseminnar. Árið 2004 fóru Búlgarar með formennskuna í ráðherraráði ÖSE. Slóvenar tóku við áramótin 2004–5. Þá ber að telja skrifstofu höfuðstöðvanna í Vínarborg sem framkvæmdastjóri ÖSE veitir forstöðu. Meginverkefni höfuðstöðvanna er að styðja við vettvangsstarf ÖSE og samskipti við aðrar alþjóðastofnanir og ríki. Skrifstofa lýðræðismála og mannréttinda er í Varsjá og fellur til að mynda allt kosningaeftirlit ÖSE undir væng hennar. Þá má nefna skrifstofu sérlegs fulltrúa ÖSE fyrir minnihlutahópa sem er í Haag og skrifstofu sérlegs fulltrúa stofnunarinnar í frelsi fjölmiðla sem er í Vínarborg. Þá hefur ÖSE sett á fót sérstakan sátta- og gerðardómstól sem úrskurðar í deilumálum aðildarríkja sem eru einnig aðilar að sátta- og gerðarsáttmála ÖSE. Dómstóllinn hefur aðsetur í Genf. Þá eru einnig sérstakir fulltrúar ÖSE sem sjá um að framfylgja tilgreindum afvopnunarákvæðum Dayton-friðarsamninganna í Bosníu og Hersegóvínu. Og síðast en ekki síst má nefna skrifstofu ÖSE-þingsins í Kaupmannahöfn.

Einn mikilvægasti og mest sýnilegi hluti starfsemi ÖSE á sér stað hjá vettvangsskrifstofum stofnunarinnar og hefur hann náð að skila afar miklum árangri, ekki síst á síðustu fimm árum. Fulltrúar ÖSE sem starfa á vettvangsskrifstofum stofnunarinnar starfa náið með valdhöfum í þeim ríkjum eða héröðum þar sem starfið fer fram og liðsinna við að efla innviði lýðræðis og mannréttinda auk annarra þátta. Vettvangsstarfið er einkar viðamikið og alls eru um 3.000 manns alla jafna að slíkum störfum á hverjum tíma. Þess ber að geta að aðeins fáir þessara fulltrúa eru kostaðir af ÖSE, langflestir eru útsendir starfsmenn aðildarríkjanna sem starfa í nafni ÖSE. Vettvangsskrifstofur ÖSE eru alls 18 talsins. Sex þeirra eru í Suðaustur-Evrópu (Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu, Serbíu og Svartfjallalandi, Kosovo-héraði og í Skopje, höfuðborg Makedóníu), þrjár í Austur-Evrópu (Hvíta-Rússlandi, Moldóvu og Úkraínu), fjórar í Kákasus (Aserbaídsjan, Georgíu og Armeníu) og fimm í Mið-Asíu (Kasakstan, Úsbekistan, Kirgistan, Tadsjikistan og Túrkmenistan). Undanfarin ár hefur ÖSE einsett sér að styrkja vettvangsstörf stofnunarinnar og er það í takt við áherslur þær sem komið hafa ítrekað fram hjá þingmannasamkundu ÖSE.

Alls hljóðaði heildarfjárhagsáætlun ÖSE fyrir árið 2004 upp á rúmar 180 millj. evra, um 15 milljarða kr., og var það um 1% aukning frá árinu á undan. Á reikningsárinu 2003 fór langstærstur hluti þess fjármagns í rekstur og starfsemi stóru vettvangsskrifstofanna, eða um 127 millj. evra, en rekstur höfuðstöðvanna hljóðaði upp á um 24 millj. evra. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fór stighækkandi árin 1993–2000 og náði hámarki það ár enda var umfangsmikilli uppbyggingar- og þróunarstarfsemi hrint í framkvæmd í Suðaustur-Evrópu á seinni hluta tíunda áratugarins í kjölfar Bosníu-stríðsins og ekki síst átakanna í Kosovo- héraði árið 1999. Fjárhagur ÖSE er fjármagnaður með föstu framlagi aðildarríkjanna sem ákveðið hefur verið samkvæmt almennum stöðlum. Framlag Íslands er 0,19% af heildarfjárhagsáætlun. ÖSE-þingið er eðli málsins samkvæmt mun minna í sniðum en stofnunin sjálf og er rekstrarkostnaður hennar greiddur með fastaframlögum þjóðþinga aðildarríkjanna, eða af utanríkisráðuneytum þar sem því er að skipta. Heildarfjárhagsáætlun ÖSE-þingsins fyrir árið 2004 var rúmar 2 millj. evra eða um 165 millj. kr. og greiddi Alþingi 0,19% þess.

Átökin á Balkanskaga á tíunda áratug síðustu aldar urðu til þess að ÖSE hlaut viðamikið hlutverk við uppbyggingarstarf. Vegur og virðing stofnunarinnar jókst í kjölfarið og umsvifin jukust í hlutfalli við það. Á síðustu árum hefur ÖSE lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að slökkva þá ófriðarelda sem blossað hafa upp á svæðinu og samfara því og breyttri stöðu í alþjóðamálum hafa sjónir stofnunarinnar beinst í auknum mæli í austurveg. Kákasuslýðveldin og Mið-Asíuríkin hafa notið samstarfsins við ÖSE í ríkum mæli á síðustu árum og missirum og er ljóst að mun meiri pólitísk vigt hefur verið lögð í að aðstoða ríkin á þessum landsvæðum. Þrátt fyrir það hefur ÖSE enn ríkar skuldbindingar í suðausturhluta Evrópu er því enn svo að á síðustu árum hefur framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu, friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði, uppbyggingarverkefni í Serbíu og Svartfjallalandi, auk þróunarverkefna í öðrum ríkjum á svæðinu, verið langveigamestu verkefni ÖSE. Á þessum stöðum hefur stofnuninni verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðla og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE á árinu, þ.m.t. forsetakosningarnar í Úkraínu og farsæl niðurstaða þeirra. Alþjóðleg barátta gegn hryðjuverkastarfsemi hefur mótað nokkuð starf ÖSE á undanförnum árum enda fer mikilvæg alþjóðasamvinna á sviði t.a.m. löggæslumála fram undir væng stofnunarinnar. Þá hefur ÖSE reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur fyrir mörg önnur knýjandi málefni líkt og baráttuna gegn mansali, eiturlyfjasmygli og vopnasmygli. Helsti styrkur ÖSE felst í fjölda aðildarríkjanna og tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Er stofnunin því breiður samráðs- og samvinnuvettvangur ólíkra ríkja sem sett hafa sér sömu markmið. ÖSE hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í því að efla samfélagslegt öryggi borgaranna á grunni forsendna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið og nýtist það starf einkar vel í baráttunni gegn hryðjuverkum, mansali og þjóðernisofstæki.

ÖSE-þingið hefur að mörgu leyti endurspeglað starf stofnunarinnar með nefndastarfi sínu sem helgast af hinum þremur víddum ÖSE, þ.e. stjórnmálum og öryggismálum, efnahags- og umhverfismálum og lýðræðis- og mannréttindamálum. Að auki er þingið mikill aflvaki fyrir áherslubreytingar á starfi ÖSE og veitir einnig stofnuninni óformlegan pólitískan stuðning. Fulltrúar ÖSE-þingsins sem eru þjóðkjörnir fulltrúar þjóðþinganna hafa verið ötulir talsmenn starfsemi stofnunarinnar heima fyrir og hefur sá stuðningur verið stofnuninni mikilvægur. Aukins skilnings hefur gætt á störfum þingsins á undanförnum árum og er nú svo komið að þingmannasamkundan á afar farsælt samstarf við ÖSE en á það þótti skorta fyrir nokkrum árum. Ályktanir ÖSE-þingsins rata inn á borð ráðherraráðsins og fastaráðsins og hljóta þar umfjöllun. Ljóst þykir að þátttaka ÖSE-þingsins í yfirgripsmikilli starfsemi ÖSE er mikill akkur fyrir stofnunina. Þá tekur ÖSE-þingið afar virkan þátt í grasrótarstarfi stofnunarinnar, ekki síst með kosningaeftirlitsstörfum þingmanna sem sæti eiga á þinginu. Auk hefðbundinna nefndastarfa ÖSE-þingsins eru starfræktir ýmsar sérnefndir sem ræða og eru ráðgefandi í tilteknum málefnum, svo sem um stöðu mála í Moldóvu, stjórnmálaástandið í Úkraínu, jafnréttismál ÖSE og fjármál ÖSE, svo fá dæmi eru nefnd. Oftar en ekki hefur starf sérnefnda þessara skilað miklum árangri við að fá deiluaðila að samningaborðinu og við að upplýsa mál og kynna fyrir almenningi.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru Pétur H. Blöndal, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Dagný Jónsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokksins, og Jóhanna Sigurðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki

Sjálfstæðisflokksins, Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokksins, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2003 var þannig:

1. nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal.
Til vara:	Guðlaugur Þór Þórðarson.
2. nefnd um efnahagsmál, vísindamál,	
tæknimál og umhverfismál:	Dagný Jónsdóttir.
Til vara:	Hjálmar Árnason.
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Jóhanna Sigurðardóttir.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Starfsemi á árinu 2004.

a. Fundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.

Dagana 19.–20. febrúar komu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess saman til fundar í Vínarborg. Var þetta í þriðja sinn sem efnt var til svonefndra vetrarfunda ÖSE-þingsins, með þátttöku allra fulltrúa ÖSE-þingsins sem heimangengt áttu, eftir ákvörðun stjórnarnefndar þar að lútandi í febrúar árið 2001. Var fundurinn sóttur af fulltrúum 50 landsdeilda ÖSE-þingsins, auk ýmissa samstarfsaðila, og sem fyrr var meginmarkmiðið að gefa fulltrúum ÖSE-þingsins sem sæti ættu í málefnanefndum þingsins færi á að auka samskiptin við embættismenn ÖSE. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal og Jóhanna Sigurðardóttur, auk Belindu Theriault, starfandi ritara Íslandsdeildar.

Fundur stjórnarnefndarinnar var haldinn 19. febrúar. Bruce George, forseti ÖSE-þingsins, lagði í inngangsorðum sínum áherslu á það að framkvæmdarvaldið yrði að hlusta á uppbyggilega gagnrýni frá þingmönnum og viðurkenna þannig mikilvægi lýðræðislegs aðhalds að starfsemi ÖSE. Hann vildi að litið yrði á ÖSE-þingið sem áreiðanlegan samstarfsaðila sem legði sitt af mörkum til að ná markmiðum ÖSE. Hann sagði samskipti framkvæmdarvalds og þingmannasamkundu hafa batnað stórlega á síðustu árum og ekki væri lengur ástæða til að hafa áhyggjur af því samstarfi. Frekar þyrfti að huga að samstarfinu innan ÖSE. Þar gengi ákvarðanataka í mikilvægum málum vægast sagt hægt, sérstaklega hvað varðar endurskipulagningu starfseminnar. Illa gengi að ná samstöðu um ráðningu í yfirmannastöður innan stofnunarinnar og væru því mikilvægar stöður ómannaðar langtímum saman. Þá ræddi forsetinn um komandi ÖSE-þing í Edinborg í júlí en þar yrði rætt sérstaklega um hvernig bregðast ætti við nýjum hættum á sviði öryggismála.

Á fundi stjórnarnefndar voru gerðar smávægilegar breytingar á starfsreglum ÖSE- þingsins, farið yfir skýrslu gjaldkera og rætt um fundi þá sem fram undan væru. Þá var farið yfir skýrslur um kosningaeftirlit síðustu mánaða. Þær fjölluðu um eftirlit með forsetakosningum í Aserbaídsjan og Georgíu og þingkosningum í Georgíu, Rússlandi og Serbíu og Svartfjallalandi og kom fram margvísleg gagnrýni á framkvæmd þessara kosninga þó að jafnframt hafi verið tekið fram það sem jákvætt var. Fengu fulltrúar þessara ríkja tækifæri til að tjá sig um niðurstöður og tillögur kosningaeftirlitsmanna. Skýrsla vinnuhóps um málefni Hvíta-Rússlands skilaði skýrslu um ferð sína til Hvíta-Rússlands í lok síðasta árs, en valdníðsla er enn landlæg þar í landi. Þingkosningar voru fyrirhugaðar haustið 2004 og mundi framtíð landsins ráðast af framkvæmd og úrslitum þeirra.

Þá var á fundi stjórnarnefndarinnar rætt um hvernig bæta mætti starf ÖSE-þingsins og var áhersla lögð á að ályktanir þyrftu að vera markvissari og tengja þyrfti þær betur við starf undirstofnana ÖSE. Velja ætti einstök mál til að fylgja eftir. Jafnframt þyrfti hver landsdeild að vinna vel á heimavelli og eiga samskipti við sinn utanríkisráðherra um málefni ÖSE og tryggja að skoðanir hennar komist áfram til viðkomandi fastafulltrúa hjá ÖSE. Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildar, kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál og minnti á bréf sem hann hefði nýverið sent forseta ÖSE-þingsins um fjárhagsáætlun ÖSE. Þingið hefur á undanförnum tveimur árum gefið álit sitt á fjárhagsáætlun ÖSE og fagnaði Pétur þeirri þróun. Hann taldi hins vegar að sú vinna sem færi fram á vegum þingsins væri ekki nógu markviss og metnaðarfull. Fjárhagsáætlunin væri stefnumarkandi plagg og öflugt lýðræðislegt eftirlit þjóðþinganna því nauðsynlegt. Pétur lagði til að vinnuhópur yrði settur á laggirnar til að skoða sérstaklega fjárhagsáætlun ÖSE og leggja fram tillögur. Forsetinn sagði fjárhagsáætlun ÖSE mjög torskilið plagg upp á 1.300–1.600 síður. Einungis fáar landsdeildir tækju þátt í umræðunni. Hann viðurkenndi að þingið þyrfti að taka betur á þessu máli og fagnaði því að Íslandsdeildin ætlaði að leggja nokkuð af mörkum til þessarar vinnu. Formaður hollensku landsdeildarinnar tók undir með Pétri og upplýsti að hann hefði sent bréf til forsetans um sama mál fyrir nokkru. Hann furðaði sig á því að forsetinn hefði ekki svarað tillögu Péturs efnislega, þ.e. hvort setja ætti af stað vinnuhóp til að fjalla um fjárhagsáætlun ÖSE. Svör forsetans voru áfram frekar loðin en hann sagðist ætla að skoða málið og fá Hollendinga, Íslendinga og aðra áhugasama til að mynda hóp.

Á sameiginlegum fundi allra málefnanefnda voru tvö megindagskrárefni: viðræður við formann ráðherraráðs ÖSE og veiting blaðamannaverðlauna. Formaður ráðherraráðs ÖSE, utanríkisráðherra Búlgaríu, hélt framsöguerindi og svaraði spurningum fundarmanna. Hann lagði áherslu á að ekki ætti að setja ný stefnumið fram í hvert skipti sem skipt væri um formennskuland, heldur ætti að framkvæma fyrri ákvarðanir. Því ætluðu Búlgarar að einbeita sér að því að framkvæma þau stefnumál sem tekin hafði verði ákvörðun um í Maastricht í formennskutíð Hollendinga. Öryggismál og stöðugleiki á 21. öld, sérstaklega stefna til að mæta hryðjuverkaógn, stefna í efnahagsmálum og stefna gegn mansali væru meðal áhersluatriða. Hann sagði að vinna þyrfti að praktískum lausnum á margvíslegum vandamálum, svo sem hvað snertir öryggi í flughöfnum, aðgerðir til að koma í veg fyrir fölsun ferðaskilríkja o.s.frv. Þá væri nauðsynlegt að samhæfa starfsemi ÖSE og starfsemi annarra alþjóðastofnana, t.d. NATO, Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna. Þá væri vægi menntunar sem liðar í átakavörnum að aukast og jafnframt væri mikilvægt að vinna áfram að því að bæta stjórnsýslu og lýðræðisþróun í mörgum ÖSE-ríkjum. Innri endurskoðun á störfum ÖSE væri brýn, sérstaklega þyrfti að athuga hvernig bæta mætti ákvarðanatökuferlið og gera stofnunina sveigjanlegri. Samstöðureglan gerði t.d. ýmsa ákvarðanatöku mjög erfiða. Formaður ráðherraráðsins ræddi að lokum um mikilvægt starf ÖSE á vettvangi og fór yfir stöðu mála á ýmsum svæðum, m.a. í Mið-Asíu og Suðaustur-Evrópu. Hann lagði áherslu á samstarf við ÖSE-þingið og ræddi sérstaklega mikilvægt hlutverk þess við kosningaeftirlit. Blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins voru veitt á vetrarfundinum. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Nefnd til varnar blaðamönnum, sem eru alþjóðasamtök sem vinna í þágu frjálsrar fjölmiðlunar.

Allar þrjár málefnanefndir ÖSE-þingsins héldu fundi í tengslum við vetrarfundinn. Á fundi 1. nefndar um stjórnmál og öryggismál hélt utanríkisráðherra Andorra framsöguerindi. Formaður fastaráðs ÖSE, Ivo Petrov, sendiherra Búlgaríu, fjallaði um starf fastaráðsins fram undan, en unnið verður að því að fylgja eftir ákvörðunum Maastricht-fundar ráðherraráðsins. Hann rakti fundi og verkefnavinnu fram undan. Yfirmaður sendinefndar ÖSE í Moldóvu, sendiherrann William Hill, fór yfir starf sendinefndarinnar, en unnið er mikilvægt starf við

að eyða rússneskum vopnum og skotfærum í landinu sem er mikið verk. Vonast var til að verkinu lyki á næstu sex mánuðum. Háttsettur ráðgjafi í löggæslumálum hjá ÖSE, Richard Monk, ræddi málefni lögreglusveita. Sagði hann spillingu vera helsta vandamálið í tengslum við þjálfun lögreglusveita í fyrrverandi einræðisríkjum. Ekki væri nóg að halda tæknileg námskeið, heldur þyrfti að breyta löggæslumenningu í viðkomandi ríkjum. Lögreglumenn væru oft á mjög lágum launum og teldu sig þurfa að ná endum saman með því að þiggja mútur. Sums staðar væru lögregluembætti til sölu. Breyting á viðhorfum lögreglumanna væri langtímaverkefni því að það tæki mörg ár eða jafnvel kynslóð til að ná fram raunverulegum breytingum. T.d. skorti oft það grundvallarviðhorf að hlutverk lögreglunnar væri að vernda borgarana en ekki ríkið. Jafnframt færi mikið fé til spillis þegar vestræn ríki legðu peninga í átak til að byggja upp lögreglusveitir í þessum ríkjum. Lögreglan á viðkomandi stað skorti oft grundvallarkunnáttu til að rannsaka glæpi og alla innviði vantaði. Vestræn ríki legðu oft til dýran tækjabúnað sem ekki væri grundvöllur til að nota. Háttsettir lögregluforingjar væru sendir til Vesturlanda á námskeið þar sem lögð væri áherslu á dýra tækni þegar þá skorti kannski skrifborð og blýanta heima fyrir. Monk sagði að geta til upplýsingagreiningar væri forsenda þess að hægt væri að búa til svæðisbundið samstarf gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Hann sagði frá því að ÖSE væri núna með lögregluverkefni í Kirgistan. Þetta væri 18 mánaða áætlun, en 5–10 ára áætlun þyrfti til að ná raunverulegum árangri. Þá væri verið að búa til áætlun fyrir Kákasussvæðið. Hann bað þingmenn að styðja þetta starf með tvennum hætti. Það þyrfti mjög færa sérfræðinga á sviði lögreglumála í þessi verkefni sem hefðu þekkingu á alþjóðastarfi, en framboð væri of lítið eins og sakir standa. Þingmenn gætu skoðað hvernig mætti mynda hóp í sínu landi sem gæti verið til taks í slík verkefni. Síðan væri fjármögnun verkefna eilífur höfuðverkur. Þessi verkefni væru fjármögnuð með frjálsum framlögum aðildarríkjanna, ekki af fjárhagsáætlun ÖSE. Enn þyrfti hálfa milljón evra til að klára verkefnið í Kirgistan og jafnframt þyrfti að fá yfir milljón evrur vegna verkefnis sem er verið að undirbúa fyrir Armeníu og Aserbaídsjan. Á meðan ykist máttur skipulagðrar glæpastarfsemi.

Í 2. nefnd um efnahags-, vísinda- og tækni- og umhverfismál var fjallað um efnahagsástandið í Georgíu og jafnframt um starfsemi ÖSE á sviði efnahags- og umhverfismála og tóku sérfræðingar frá ÖSE þátt í umræðum. Fund 3. nefndar um lýðræði og mannréttindamál ávörpuðu þeir Rolf Ekeus, sérlegur erindreki ÖSE í réttindum minnihlutahópa (HCNM), og forstöðumaður Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR), sendiherrann Christian Strohal. Jafnframt hélt Jutta Wolke, starfandi fulltrúi ÖSE á sviði eftirlits með frelsi fjölmiðla (RFOM), erindi.

Í óformlegum samræðum við fulltrúa á vetrarfundinum kom fram að ýmsir eru farnir að hugsa sér til hreyfings hvað varðar framboð til formanns ÖSE-þingsins, en kosið verður á ÖSE-þinginu í júlí. Meðal hugsanlegra frambjóðenda eru Frakki, Þjóðverji, Bandaríkjamaður og Finni. Þetta er þó allt á frumstigi enn þá og vel hugsanlegt að aðrir blandi sér í slaginn.

b. 13. ársfundur ÖSE-þingsins.

Dagana 5.–9. júlí var tólfti ársfundur ÖSE-þingsins haldinn í Edinborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Meginþema Edinborgarfundarins var samstarf og bandamenn: viðbrögð við nýjum ógnum. Tóku skýrslur og ályktanir málefnanefndanna þriggja mið af þessu þema og var þar rætt um víðtækt samstarfsnet Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og hvernig það nýtist í baráttunni gegn þeim vám sem standa aðildarríkjunum fyrir þrifum, svo sem alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi, mansal, peningaþvætti og vopnasmygl. Yfir

þrjú hundruð fulltrúar 55 aðildarríkja ÖSE-þingsins sátu setningarfund ársfundarins og hlýddu á setningarávarp Bruce George, fráfarandi forseta ÖSE-þingsins. Auk þess ávörpuðu eftirfarandi tignargestir þingfundinn: Peter Hain, leiðtogi Verkamannaflokksins í breska þinginu, Solomon Passy, utanríkisráðherra Búlgaríu og formaður ráðherraráðs ÖSE, Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, Gabriel Romanus, forseti Norðurlandaráðs, og Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE. Fyrsti formlegi liður ársfundarins var fundur stjórnarnefndar ÖSE-þingsins sem skipuð er formönnum allra landsdeilda auk formanna og annarra embættismanna málefnanefndanna. Á fundinum voru teknar fyrir áfangaskýrslur sérnefnda ÖSE-þingsins og skýrslur frá fundum og ráðstefnum sem efnt hafði verið til á árinu á vegum ÖSE-þingsins. Var fundarmönnum m.a. sagt frá árangri ráðstefnu um Miðjarðarhafssvæðið og trúfrelsi sem var í Rómaborg haustið 2003, auk þess sem fjallað var um kosningaeftirlit á vegum ÖSE-þingsins. Þá var stuttlega rætt um ráðstefnur og fundi þá sem fram undan væru. Að því loknu héldu gjaldkeri þingsins og framkvæmdastjórinn framsögur. Kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, gjaldkeri þingsins, sagði að samkvæmt úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG væru sjóðir ÖSE-þingsins vel stæðir og lagði hann fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2004–2005 sem var samþykkt. Í áætluninni er gert ráð fyrir 4% hækkun frá síðasta ári. Þá sagði Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, stuttlega frá helstu breytingum á störfum skrifstofu ÖSE-þingsins og verkefnum þess. Sagði hann að umsvif skrifstofunnar og verkefni hennar hefðu aukist afar mikið á undanförnum árum en þrátt fyrir það væri starfsmannafjöldinn svipaður og áður hefði verið og útgjöldin einnig. Á fundinum voru einnig teknar fyrir breytingar á þingsköpum ÖSE-þingsins sem fjölluðu um hlutverk stjórnarnefndarinnar í vísun viðbótarályktana til nefnda. Var breytingartillögunni, sem lögð var fram í nafni forseta þingsins, ætlað að einfalda ferlið og formfesta þær venjur sem skapast hefðu. Var tillagan hins vegar felld á grundvelli samstöðureglunnar, þar sem fulltrúar Frakklands, Ítalíu og Úkraínu voru henni andvígir. Fyrir ársfundinn í Edinborg höfðu verið lagðar fram 13 viðbótarályktunartillögur frá landsdeildum og var þeim vísað til viðeigandi málefnanefnda í lok fundarins.

Á opnunarfundi ÖSE-þingsins hlýddu fulltrúar á ávörp forseta þingsins og tignargesta. Í ávarpi sínu sagðist Bruce George, fráfarandi forseti þingsins, hafa leitast við, undanfarin tvö ár, að koma því til leiðar að ÖSE ætti erindi í þeim fjölmörgu brýnu úrlausnarmálum sem aðildarríkin glímdu við nú um stundir. Til þess yrði stofnunin einnig að horfa inn á við og líta á það sem betur mætti fara í starfsemi hennar. Evrópskar milliríkjastofnanir kepptu á nokkurs konar samkeppnisvettvangi þar sem hver og ein þeirra stefndi að auknum hlut í fjárveitingum aðildarríkjanna. Eitt þeirra atriða sem stæði starfsemi ÖSE fyrir þrifum og kæmi í veg fyrir skilvirkni hennar væri samstöðureglan svonefnda. Sagðist hann hafa komið þeirri hugmynd sinni á framfæri að ÖSE ætti að gera ákvarðanatökuferli sitt sveigjanlegra og beita mismunandi reglum á mismunandi úrlausnarefni og ferli líkt og ÖSE-þingið gerði, en þar er á stundum beitt samstöðureglu, afbrigði af samstöðureglu (samstaða mínus eitt ríki), einföldum meiri hluta, og meiri hluta að ⅔. Þá sagðist George fylgjandi hugmyndum formanns ráðherraráðsins um úrbætur á starfsemi ÖSE og enn fremur að gera ætti embætti framkvæmdastjórans mun pólitískara í eðli sínu, meira í ætt við embætti framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Þá rakti forsetinn helstu pólitísku stefnumið ÖSE-þingsins, þ.m.t. samstarf við Evrópuráðið, NATO og svæðisbundnar stofnanir, störf sérnefnda þingsins og samstarfið við vettvangsskrifstofur ÖSE. Peter Hain, leiðtogi Verkamannaflokksins í breska þinginu, sagði í ávarpi sínu að ÖSE væri stofnun sem væri betur til þess fallin en aðrar stofnanir að glíma við mörg þeirra erfiðu úrlausnarefna sem ÖSE-ríkin ættu sameiginleg. Með það fyrir augum sagði Hain að ÖSE yrði að einbeita sér að því að auka vegferð lýðræðisins og aðstoða

nýfrjáls ríki í þeirri þróun. Í því tilliti væri hlutverk ÖSE-þingsins ærið. Þá sagði hann að ÖSE ætti að styrkja starf sitt er miðaði að verndun mannréttinda. Í þriðja lagi sagði hann að efnahagslegar framfarir væru undirstaða lýðræðis- og réttarfarsumbóta og því ætti ÖSE að halda áfram stuðningi sínum við hagkerfi ríkjanna í austri. Að lokum ítrekaði Hain að baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi væri góður staður fundinn á vettvangi ÖSE. Því næst tók utanríkisráðherra Búlgaríu, sem fer með formennsku í ráðherraráði ÖSE, Solomon Passy, til máls og skýrði þingmönnum frá starfi ráðherraráðsins á undanförnum mánuðum. Lagði hann í upphafi út frá því að ÖSE-þingið hefði styrkt stöðu sína mjög á síðustu árum og væri mikils metinn bandamaður stofnunarinnar í helstu verkefnum hennar. Aukin samskipti við þingið væri ofarlega á markmiðslista ráðherraráðsins þetta árið. Þá ræddi hann um starf ÖSE á vettvangi og hve mikilvægu hlutverki það hefði að gegna á ófriðarsvæðum og í nýfrjálsu ríkjunum og nefndi dæmi því til stuðnings. Hvað ráðherraráðið varðaði sagði Passy að nokkurt ráðleysi ríkti þar og sagði að ekki mætti bíða með að hrinda umfangsmiklum úrbótum í framkvæmd. Afar mikilvægt væri að færa ÖSE nær umbjóðendum sínum. Skrifræði hefði vikið fyrir mannlegum þáttum á undanförnum árum og skýrrar pólitískrar sýnar væri þörf. Nefndi hann sem dæmi að um helmingur útgjalda stofnunarinnar á vettvangi væri enn í Suðaustur-Evrópu. Aftur á móti hefði starfsemin í Mið-Asíu aðeins um 6% fjármagnsins til umráða og starfsemin á Kákasussvæðinu 15%. Í ljósi samtímaógna væru slíkar ráðstafanir út í hött. Þá tók hann undir með Bruce George og sagði að mikilvægt væri að framkvæmdastjórinn fengi aukið pólitískt hlutverk. Vonaðist hann til þess að umfangsmikilli umbótaáætlun yrði hrundið í framkvæmd eftir ráðherrafundinn sem haldinn yrði í Sofíu í desember. Bað hann enn fremur um stuðning ÖSE- þingsins við þær umbætur. Að lokinni framsögu Solomons Passys héldu Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, og Gabriel Romanus, forseti Norðurlandaráðs, ræður. Síðastur flutti Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, ræðu sína. Þar sagði hann frá þeim breytingum sem ráðist hefði verið í til að bæta starfsemi ÖSE og laga hana að breyttum aðstæðum og kröfum. Sagði hann að sjóðskerfi stofnunarinnar hefði verið breytt með það fyrir augum að auka gagnsæi og skilvirkni og að störf stofnunarinnar endurspegli betur þær pólitísku ákvarðanir sem liggi til grundvallar. Þá sagði hann að það ylli sér verulegum áhyggjum hve fáar konur væri við stjórnvölinn í vettvangsskrifstofum ÖSE og í aðalskrifstofunni í Vínarborg og sagði að stofnunin yrði að gera bragarbót á því. Þá fagnaði hann yfirlýstum vilja formanns ráðherraráðsins til að auka pólitísk ítök framkvæmdastjóraembættisins. Að lokum þakkaði framkvæmdastjórinn Bruce George fyrir störf sín og sagði að það væri honum að þakka að samskipti stofnunarinnar og þingsins hefðu aldrei verið með betra móti.

Á fundi 1. nefndar (nefndar um stjórnmál og öryggismál) var tekin fyrir skýrsla kanadíska þingmannsins Cliffords Lincolns sem bar yfirskrift meginþema fundarins. Umræðurnar í nefndinni snerust um fjölmörg málefni sem tæpt var á í skýrslunni, m.a. baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, útbreiðslu gereyðingarvopna ýmiss konar, landamæravörslu, löggæslumál, nauðsyn úrbóta á starfsemi ÖSE, jafnréttisáætlun ÖSE og nauðsyn þess að fækka útsendum starfsmönnum á vegum ÖSE. Í ályktun meginskýrslu 1. nefndar var hryðjuverkastarfsemi í hvers kyns mynd fordæmd harðlega og greint frá meginhlutverki þjóðþinga aðildarríkjanna við að berjast gegn þeirri vá. ÖSE-þinginu var gefið ákveðið hlutverk og mælst til þess að kraftar þess yrðu nýttir til samhæfingar löggjafar og annars þess er til þjóðþinganna tekur. Þá voru aðildarríki ÖSE hvött til þess að endurskoða afstöðu sína til samstöðureglunnar og þá sérstaklega hvött til þess að hætt yrði að beita samstöðureglunni í málefnum er tengdust stjórnun stofnunarinnar og ákvarðanir í starfsmannahaldi. Í ályktuninni var farsælu vettvangsstarfi ÖSE fagnað og hvatt til þess að fjármagn og mannafli verði

færður á þau svæði þar sem nauðsyn væri brýnust. Á fundinum voru tekin fyrir fern viðbótarályktunardrög og samþykkt og vísað til meðferðar þingfundar. Ályktanirnar sem samþykktar voru fjölluðu um: heildarbann gegn notkun jarðsprengna, pólitískt ástand í Úkraínu, stöðu mála í Moldóvu, og vernd helgra staða í Jerúsalem. Ætlunin var að fjalla um ályktun um Hvíta-Rússland en hún var dregin til baka og þess í stað samþykkt yfirlýsing. Þá ræddi nefndin um hið eldfima ástand sem skapast hefði í Suður-Ossetíu. Í lok fundarins var kosið í embætti nefndarinnar. Kosningarnar fóru þannig að sænski þingmaðurinn Göran Lennmarker var endurkjörinn formaður, Mónakóbúinn Jean-Charles Gardetto var kjörinn varaformaður og belgíski þingmaðurinn Pieter De Crem var kjörinn skýrsluhöfundur.

Í 2. nefnd (nefnd um efnahags-, vísinda og umhverfismál) var tekin fyrir skýrsla rússneska þingmannsins Leoníds Ivantsjenkós sem einnig fjallaði um meginþema fundarins. Efnistökin voru þó önnur en í 1. nefnd og var megininntakið það að aðildarríkjum ÖSE stafaði hætta af umhverfismengun sem víða mætti finna. Brýndi skýrslan fyrir aðildarríkjum að efla umhverfisvernd og þá ekki síður að standa við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem þau hefðu undirgengist í þessum málum, þ.m.t. Kyoto-bókunina. Þá var hvatt til frekara samstarfs ríkja í milli og lögð áhersla á að forvarnir í umhverfismálum og úrlausn brýnna mála væru hreint öryggismál og þyrfti því að setja í forgang. Þá var enn fremur hvatt til aukins samstarfs við svæðisbundin samtök og ríkjasambönd á borð við Eystrasaltsráðið, Svartahafsráðið og Samveldi sjálfstæðra ríkja. Nefndin tók tvenn viðbótarályktunardrög til meðferðar. Annars vegar ályktun um Kosovo-hérað, sem lögð var fram af Ítalska þingmanninum, Giovanni Kessler. Hins vegar var um að ræða ályktun um efnahagslegt samstarf við ríki Miðjarðarhafsins, sem Kanadamaðurinn Jerry Grafstein lagði fram. Báðar voru samþykktar og vísað til þingfundar. Í lok fundarins var kosið í trúnaðarstörf nefndarinnar og fór kosningin þannig að Bandaríkjamaðurinn Benjamin Cardin var endurkjörinn formaður, portúgalski þingmaðurinn Maria Santos varaformaður og Rússinn Leoníd Ivantsjenkó var endurkjörinn skýrsluhöfundur.

Í 3. nefnd (nefnd um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál) var tekin fyrir skýrsla hollenska þingmannsins Nebahat Albayrak sem, eins og hinar meginskýrslur fastanefndanna, bar titil meginþema fundarins en fjallaði að megninu til um tvennt: annars vegar um minnihlutahópa og hins vegar um mansal. Í skýrslunni var bent á að aðstaða minnihlutahópa væri víða mjög bág í aðildarríkjunum og að brýnna úrbóta væri þörf. Voru ríkin hvött til að hrinda áætlunum í framkvæmd sem miðuðu að betri samloðun slíkra hópa í þjóðfélag ríkjanna. Rolf Ekeus, sérlegur fulltrúi ÖSE í málefnum minnihlutahópa, hélt einnig framsögu á fundinum. Í líflegum umræðum um mansal tók Helga Konrad, sérlegur fulltrúi ÖSE í þeim málaflokki, þátt. Meginefni ályktunarinnar kvað á um að aðildarríkjunum bæri að samhæfa betur lagaramma sína hvað mansal varðaði og að ÖSE hlyti aukið hlutverk í fyrirbyggjandi aðgerðum. Nefndin ræddi enn fremur sérstaka viðbótarályktun sem fjallaði um mansal. Auk hennar tók nefndin fern viðbótarályktunardrög til meðferðar og fjölluðu þau um: baráttuna gegn kynþáttahatri, baráttu gegn pyndingum, meðferð minnihlutahópa, og loks um alvarleg mannréttindabrot í Líbýu. Voru öll drögin samþykkt og vísað til þingfundar. Í lok fundar var kosið í trúnaðarembætti nefndarinnar. Þýski þingmaðurinn Claudia Nolte var kjörinn í embætti formanns og sænski þingmaðurinn Cecilia Wigström í embætti varaformanns. Þá var belgíski þingmaðurinn Anne-Marie Lizin kjörinn sem skýrsluhöfundur.

Efnt var til þingfundar miðvikudaginn 9. júlí. Meðal dagskrárliða var skýrsla gjaldkera þingsins, kanadíska þingmannsins Jerry Grafstein, og skýrsla framkvæmdastjóra ÖSE-þingsins, Spencer Oliver. Þá var efnt til almennra umræðna um skýrslur og ályktunardrög málefnanefndanna. Í umræðum kom fram að ÖSE væri einstök stofnun með einstaka eiginleika. Þá var bent á mikilvægi ÖSE-þingsins sem væri einu alþjóðaþingmannasamtökin sem í sætu

fulltrúar þriggja heimsálfa sem ættu hagsmuna að gæta í friðsamlegri og stöðugri Evrópu. Væri ÖSE-þingið því í kjöraðstöðu til að ræða þau mál sem mest brynni á, í og við jaðra ÖSE-svæðisins. Þá beindust umræður nokkuð að starfsemi og skipulagi ÖSE og umbótum þeim sem framkvæmdastjórinn hefði beitt sér fyrir. Nokkrir bentu á nauðsyn þess að ÖSE einbeitti sér í auknum mæli að málefnum sem sneru að ÖSE-svæðinu í heild sinni, þ.e. vandamálum líkt og mansali, í stað ofuráherslunnar á starfsemi ÖSE innan nýfrjálsra ríkja. Þá voru ályktanir málefnanefnda og viðbótarályktanir samþykktar. Ályktanirnar voru steyptar saman í skjal sem nefnist Rotterdam-yfirlýsing ÖSE-þingsins. Þá hlýddu þingmenn á ávörp Bruce Georges, forseta ÖSE-þingsins, Inge Lönning, forseta Norðurlandaráðs, og Geertje Lycklama a Nijeholt, formanns hollensku sendinefndarinnar. Í lok fundarins var kjörið í trúnaðarembætti þingsins. Bruce George var endurkjörinn forseti. Í kosningum til embætta varaforseta voru sex í kjöri. Flest atkvæði hlutu Georgíuþingmaðurinn Nino Bujanadze, tyrkneski þingmaðurinn Nevzat Yaltcintas og sænski þingmaðurinn Tone Tingsgård. Voru þau öll kjörin til þriggja ára. Þá var ítalski þingmaðurinn Giovanni Kessler kjörinn í embætti varaforseta til eins árs. Þá var Jerry Grafstein endurkjörinn til tveggja ára í embætti gjaldkera.

Auk funda í málefnanefndum og þingfundar voru haldnir sérlegir fundir til hliðar við þinghaldið. Efnt var til fundar um málefni Miðjarðarhafsins auk þess sem sérnefnd ÖSE-þingsins um gagnsæi og góð vinnubrögð og nefnd um málefni Abkasíu funduðu. Þá var efnt til málþings um ástand mála í Moldóvu og Hvíta-Rússlandi. Að venju var efnt til sérlegs kvennafundar ÖSE-þingsins í boði hollensku sendinefndarinnar. Þess má geta að íslenska sendinefndin var hin eina á ÖSE-þinginu í Rotterdam sem var aðeins skipuð konum.

c. Aukastjórnarnefndarfundur.

Stjórnarnefnd ÖSE-þingsins kom saman til fundar á eynni Ródos 30. september í tengslum við ráðstefnu um málefni Miðjarðarhafsins og ráðstefnu um mansal sem haldnar voru á vegum gríska þingsins dagana 29. September til 2. október. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Pétur H. Blöndal formaður, auk Andra Lútherssonar ritara. Meginefni ráðstefnanna var annars vegar samskipti ÖSE-þingsins við Miðjarðarhafsríkin en nokkuð hefur verið unnið að því að efla þau, ekki síst í ljósi hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum. Hins vegar var rætt með heildrænum hætti um baráttuna gegn mansali í Evrópu og sérfræðingar frá ýmsum alþjóðastofnunum og frjálsum félagasamtökum fengnir til að leggja fram álit sitt á árangri af því starfi og benda á færar leiðir.

Fundirnir hófust miðvikudaginn 29. október með ráðstefnu um mansal í Evrópu. Í fyrsta hluta ráðstefnunnar ávarpaði nýkjörinn forseti ÖSE-þingsins, Alcee Hastings, fundargesti og sagði í ræðu sinni að hundruð þúsunda manna á ÖSE-svæðinu yrðu fyrir beinum eða óbeinum áhrifum mansals um þessar mundir og að á örskömmum tíma hafi mansal og tengd glæpastarfsemi orðið að stóriðnaði. Skipaði mansal þriðja sætið hvað stærð og umfang skipulegrar glæpastarfsemi varðaði, á eftir eiturlyfjasmygli og vopnasmygli. Sagði Hastings að aðgerðaáætlun ÖSE væri skýr í þessum málum og væri þar sjónum aðallega beint að rótum vandans, fátækt og fáfræði. Í ræðu hans kom jafnframt fram að engar auðveldar lausnir væru til á þessum vanda en samt sem áður væri rík þörf á skjótum viðbrögðum. Væri það ekki síst í verkahring löggjafans að sporna við þessum vanda. Eftir ræðu forsetans tók Anna Benaki, forseti gríska þingsins, til máls og lagði á það áherslu að mansal og tengd glæpastarfsemi vægi að rótum og stöðugleika lýðræðislegra samfélaga. Menn yrðu að huga að versnandi lífskjörum víða um heim sem væru uppspretta og forsenda þess að fólk, oftast nær ungar stúlkur, væru hnepptar í ánauð og seldar hæstbjóðanda. Bæri Vesturlöndum siðferðisleg skylda til að

gera sitt ýtrasta til að leysa úr þessum vanda og þyrftu ríki að leggjast á eitt að samhæfa aðgerðir sínar. Eftir ræðu Benaki tók formaður grísku landsdeildarinnar, Panos Kammenos, til máls. Í máli hans kom fram nokkur óánægja með að ríki og alþjóðastofnanir einblíndu um of á afleidd vandamál mansals en litu fram hjá rótum vandans og þeirra hryllilegu brota á almennum lýðréttindum sem fram færu. Sagði hann að full ástæða væri til að setja baráttuna gegn mansali á oddinn í alþjóðasamskiptum um þessar mundir. Þetta mál mætti ekki týnast í t.a.m. umræðunni um baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi. Aðrir sem héldu framsögur á fundinum voru Aristóteles Pavlidis, aðstoðarinnanríkisráðherra Grikklands, sem lagði á það áherslu að mansal væri ein helsta öryggisógn við evrópsk ríki, og Helga Konrad, sérlegur fulltrúi ÖSE í málefnum mansals, sem ræddi um lagalegar og félagslegar hliðar mansals og með hvaða hætti ÖSE-ríkin gætu komið til móts við fórnarlömb þessarar glæpastarfsemi. Í öðrum hluta ráðstefnunnar var sjónum beint að viðbrögðum og áætlunum alþjóðastofnana til að stemma stigu við mansali. Fyrra ávarpið flutti Daniel Esdras, formaður sendinefndar Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar (IOM) í Grikklandi. Hann sagði frá þeim aðgerðum sem stofnunin hefði ráðist í til lausnar þessum vanda í suðausturhluta Evrópu. Þá tók til máls Marjan Wijers, formaður sérfræðinganefndar Evrópusambandsins um mansal. Hún rakti niðurstöður rannsókna nefndarinnar sem starfrækt hefur verið síðan í september 2003. Í framsögunni gagnrýndi hún nokkuð tvískinnung þann sem ríkti meðal margra aðildarríkja og lyti að stefnu ríkja í flóttamannamálum sem hefði áhrif á fórnarlömb mansals. Þá ítrekaði hún að menn yrðu ekki aðeins að ræða vanda þeirra sem skilgreindust sem bein fórnarlömb mansals heldur ekki síður aðstæður þeirra þjóðfélagshópa sem glæpahringir herjuðu á. Í þriðja hluta ráðstefnunnar var rætt um alþjóðlega stefnumótun á þessu sviði og voru tveir framsögumenn fengnir til að lýsa skoðunum sínum á því hvar úrbóta væri helst þörf. Annars vegar hlýddu fundargestir á áhugaverðan fyrirlestur Kristinu Kangaspunta, sérfræðings Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn mansali, sem dró upp dökka mynd af aðstæðum þess unga fólks sem yrði glæpahringum að bráð. Til hliðar við fyrirlesturinn sýndi Kangaspunta valin atriði úr kvikmyndinni Lilja 4ever. Hins vegar flutti Marcin Swiecicki, yfirmaður efnahags- og umhverfisdeildar ÖSE, fyrirlestur og beindi þar sjónum sínum að hagrænum þáttum mansals. Í fjórða og síðasta hluta ráðstefnunnar var fjallað um einstök landsvæði og áhrif mansals á þau. Fyrst ræddi Arta Dade, formaður albönsku landsdeildarinnar, um áhrif og útbreiðslu mansals í Albaníu, bæði sem upprunalands og, til skamms tíma, lands þar sem ungar stúlkur ættaðar í Austur-Evrópu og Kákasus væru geymdar um stund og svo sendar áfram til Vestur-Evrópu. Sagði hún að umfangsmikil áætlun albanskra stjórnvalda til að sporna gegn ólöglegum innflutningi fólks hefði borið árangur og síðan 2002 gæti landið ekki skilgreinst lengur sem „áningarstaður“ fyrir fórnarlömb mansals. Þá tók til máls Panayiotis Roumeliotis, prófessor í alþjóðasamskiptum og fyrrum ráðherra í ríkisstjórn Grikklands, sem fjallaði um stefnu ESB í mansalsmálum í Suður-Evrópu. Næstur í röðinni var Bandaríkjamaðurinn Bonnie Miller, geðlæknir sem um árabil hefur starfrækt miðstöðvar fyrir fórnarlömb mansals á Balkanskaga. Miller sagði frá reynslu sinni og þeim vandamálum sem brýnast væri að leysa. Síðust á mælendaskrá var Rússinn Elena Mizulina, fyrrum formaður rússnesku landsdeildarinnar og núverandi fulltrúi Dúmunnar í stjórnlagadómstól Rússlands, sem ræddi um mansal og stöðu þeirra mála í Rússlandi.

Stjórnarnefndin kom saman til fundar 30. september. Fyrstur tók til máls forseti þingsins, Alcee Hastings, sem ræddi um helstu áfanga í starfsemi þingsins frá ársfundinum í Edinborg. Þá ræddi hann um samskipti ÖSE í Vínarborg og þingsins og sagði frá skipan þriggja sérlegra fulltrúa forsetans í málefnum Ngarno-Karabak (Svíinn Göran Lennmarker), í jafnréttismálum (Svíinn Tone Tingsgård) og baráttunni gegn mansali (Bandaríkjamaðurinn Chris

Smith). Þá sagði hann frá því að hollenski þingmaðurinn Nebahat Albayrak hefði verið skipaður formaður sérstakrar nefndar er fjallaði um fjármál ÖSE, og stofnað hafði verið til að frumkvæði Péturs H. Blöndals, formanns íslensku landsdeildarinnar. Því næst tóku til máls Panos Kammenos, formaður grísku landsdeildarinnar, kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, gjaldkeri þingsins, sem ræddi um fjármál þess, og framkvæmdastjórinn Spencer Oliver. Í máli Olivers kom m.a. fram að aðgangur sérlegs fulltrúa ÖSE-þingsins hjá ÖSE í Vínarborg að fundum ráðherraráðsins og undirnefnda þess væri ekki eins mikill og æskilegt væri og sagði að úr því yrði að bæta sem fyrst. Það sama kom fram hjá Andreas Nothelle, fulltrúa ÖSE-þingsins í Vínarborg, sem ítrekaði mikilvægi þess að fulltrúi þingsins gæti setið alla fundi stofnunarinnar. Því næst tók til máls Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, en þetta var í annað sinn sem hann mætti til haustfundar ÖSE-þingsins gagngert til að kynna formönnum landsdeilda fjárhagsáætlun ÖSE á sama tíma og fastanefndirnar í Vínarborg fengu þær í hendur. Í ávarpi Kubis kom fram að talsverðar endurbætur hefðu farið fram á stöðlum og vinnuferli tengdu fjárhagsáætluninni og komið þannig til móts við kröfur um aukið gagnsæi. Þá bæri nú sjóðsstjórum að gera efnislega grein fyrir áætlunum sínum. Sagði Kubis að heildarfjárhagsáætlunin væri um 1% lægri en árið á undan og að á heildina litið kæmi í henni fram nokkur tilfærsla fjármagns frá vettvangsskrifstofum ÖSE til höfuðstöðvanna í Vínarborg og enn fremur frá suðausturhluta Evrópu til Kákasus-svæðisins og Mið-Asíuríkjanna. Þá ræddi framkvæmdastjórinn nokkuð um yfirlýstan hug formennskuríkis ÖSE til endurskipulagningar og kerfisbreytinga innan stofnunarinnar og sagðist vera að fylgja þeim markmiðum eftir með skipulegum hætti. Breytingar væru þannig ráðgerðar á eðli og hlutverki formennskuríkisins, framkvæmdastjórans, og stöðu þingsins innan ÖSE. Í umræðum sem á eftir fylgdu var mikið rætt um málefni fjárhagsáætlunar ÖSE og framkvæmdastjórinn inntur svara við spurningum um gagnsæi og skilvirkni stofnunarinnar. Var sérstaklega spurt um m.a. reiknilíkan útgjalda, möguleikann á utanaðkomandi endurskoðun ársreikninga og möguleika á því að svipta þau ríki sem ekki greiða árgjöld sín atkvæðisrétti sínum. Pétur H. Blöndal ávarpaði framkvæmdastjórann á fundinum og lýsti yfir áhyggjum sínum af því að fjárhagsáætlun ÖSE, sem næmi milljónum evra hvert ár, sætti ekki viðeigandi endurskoðun og eftirliti og væru framlög aðildarríkjanna því í raun fé án hirðis. Þetta vekti upp ýmsar siðferðislegar spurningar sem fulltrúum ÖSE-þingsins, þjóðkjörnum þingmönnum aðildarríkjanna 55 og málsvörum skattgreiðenda bæri að taka á. Rakti hann aðdraganda þess að þingið samþykkti stofnun sérstaks vinnuhóps um fjármál ÖSE. Þá sagði Pétur brýnt að einfalda fjárhagsáætlunina og vonaðist eftir farsælu samstarfi við höfuðstöðvarnar í Vínarborg í því samhengi. Sagðist hann vonast til að vinnuhópurinn skilaði af sér tillögum um betri nýtingu á fé skattborgaranna fyrir vetrarfundinn í Vín á næsta ári. Þá spurði hann Kubis sérstaklega um samanburð á eftirliti með fjárhagsáætlun ÖSE og Evrópuráðsins í Strassborg og einnig um framlög til einstakra verkefna sem ekki væru tilgreind í fjárhagsáætluninni. Í svörum Kubis kom fram að hann fagnaði stofnun vinnuhóps þingsins um fjárhagsáætlun ÖSE og tók undir með hve mikilvægt það væri að þingið gæfi álit sitt á skjalinu. Þá sagðist hann telja að stofnunin notfærði sér nýjustu og bestu fáanlegu aðferðir við áætlunarferlið og fjárhagsstjórn. Vildi framkvæmdastjórinn ekki kannast við að utanaðkomandi endurskoðun skorti og benti á að ÖSE hefði síðan 1999 greitt fyrir utanaðkomandi endurskoðunarþjónustu. Jafnframt því hefði hann mælst til þess að ráðherraráðið setti á stofn endurskoðunarnefnd sem ryndi í vinnubrögð innri endurskoðenda ÖSE. Að lokum sagði framkvæmdastjórinn að þau ríki sem ættu vangoldin gjöld hefðu enn fullan atkvæðisrétt og að engin breyting yrði gerð á því. Minnti hann á að í mörgum þessara ríkja hefðu skuldir safnast upp á sama tíma og stríðsátök hefðu verið.

Lokadag haustfundanna, 1. október, var haldin ráðstefna um málefni Miðjarðarhafsins, líkt og á fyrri haustfundum. Í fyrstu lotu ráðstefnunnar var umræðuefnið öryggi og stöðugleiki við Miðjarðarhaf og voru framsögumenn Alcee Hastings, forseti ÖSE-þingsins, Yannis Valinakis, aðstoðarutanríkisráðherra Grikklands, Bruce George, fyrrum forseti ÖSE-þingsins, og Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE. Í annarri lotu var fjallað um hryðjuverkastarfsemi og harðlínuöfl við Miðjarðarhafið. Frummælendur voru: Panos Kammenos, formaður grísku landsdeildarinnar, Adrian Severin, fyrrum forseti ÖSE-þingsins, Athanassios Dokos, forstöðumaður grísku alþjóðamálastofnunarinnar, Mary Bossi, prófessor í alþjóðasamskiptum, og Sotiris Roussos, lektor í alþjóðasamskiptum. Í þriðju og síðustu lotu ráðstefnunnar var sjónum beint að viðskiptum og efnahagslífi í Miðjarðarhafsríkjum og voru frummælendur þrír: Jerry Grafstein, gjaldkeri ÖSE-þingsins, Janez Lenarcic, formaður tengslahóps ÖSE við Miðjarðarhafið og fastafulltrúi Slóveníu við ÖSE, og Charalambos Tsardanides, forstöðumaður grískrar stofnunar um alþjóðleg efnahagsmál. Eftir ávörp frummælenda voru frjálsar umræður.

Alþingi, 3. febr. 2005.

Pétur H. Blöndal, form.	Dagný Jónsdóttir, varaform.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er því ætlað að:

1. meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr ágreiningi,
4. stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er miðað við að þau ríki sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 eigi aðild að þinginu og að þau taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Nú eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglur ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Þá er gert ráð fyrir að málefnanefndir komi saman í Vínarborg ár hvert og hlýði þar á framlag embættismanna ÖSE. Auk þingfunda er miðað við að innan þingsins starfi þrjár fastanefndir sem fjalli um mál á afmörkuðu sviði. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok þingfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (3. nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum málefnanefndanna þriggja og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Samkvæmt þingsköpum ÖSE-þingsins skal þingið og framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skulu teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri samstöðureglu (consensus rule) sem gildir á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins lýtur svokallaðri consensus minus two reglu sem felur í sér að þrjú eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á ársfundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem unnið er að hjá stofnuninni. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans sem mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex, enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnharðan.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

		Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A.	Bandaríkin	17	17
B.	Rússland	15	15
C.	Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D.	Kanada og Spánn	10	20
E.	Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F.	Rúmenía	7	7
G.	Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H.	Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I.	Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J.	Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K.	Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
	Samtals		**317**
Vatíkanið getur sent allt að tveimur áheyrnarfulltrúum á fundi ÖSE-þingsins.			

824. Skýrsla [545. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2004.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

VES-þingið var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman alls 370 þjóðkjörnir þingmenn. Stór hluti þeirra, eða 115 þingmenn, er frá stofnaðildarríkjum VES, sem eru alls tíu talsins, þ.e. Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Sambandsaðild (e. affiliate member) eiga átta ný ESB-ríki, Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Slóvakía, Litháen, Eistland, Lettland og Slóvenía. Aukaaðild (e. associate member) að þinginu eiga þau þrjú evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur og Tyrkland. Sambandsaukaaðild (e. affiliate associate member) að VES-þinginu eiga Rúmenía og Búlgaría. Áheyrnaraðild (e. observer countries) eiga þau ESB ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Þá hafa tvö ný ESB-ríki stöðuna sambandsáheyrnaraðili (e. affiliate observer countries), þ.e. Malta og Kýpur. Króatía hefur samstarfssamning (e. affiliate associate member country) við VES-þingið og fulltrúar þjóðþinga Albaníu, Makedóníu, Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu og Svartfjallalands hafa stöðu sérlegra gesta (e. special guests). Loks hafa fulltrúar rússneska þingsins og úkraínska þingsins stöðu fastagesta (e. permanent guests).

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeild á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, tíu varaforsetar þess (einn frá hverju aðildarríkjanna), nefndarformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við for-

sætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

Starfsemi og umræður á VES-þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannaviddar Vestur-Evrópusambandsins og skv. 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er VES-þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. VES-þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur fram að „ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skal birta árlega skýrslu um starfsemi sína [...] til þingmannasamkundu sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans [...]". Starfsemi VES-þingsins er þannig bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur VES-þingið haft það hlutverk, í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000, að vera tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur VES-þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna- og þróunarstarfs í hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, tveimur fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng Vestur-Evrópusambandsins.

2. Örar breytingar í öryggis- og varnarmálum Evrópu – breytt staða VES-þingsins.

Á árinu 2004 varð áframhald á lífseigri umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en sem kunnugt er hafa miklar og örar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu síðustu ár. Metnaður Evrópusambandsins á þessu sviði hefur verið mikill en efnislegar ákvarðanir sem til grundvallar liggja má rekja til leiðtogafundar Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember 1998 er öryggismálum álfunnar var beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar" ESB og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50–60.000 manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hafa færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO. Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur sem leiðtogar Evrópuríkja nýta til að skýra frá stefnumiðum sínum. Þá viðheldur VES-þingið nánum tengslum við rússnesku

dúmuna og býður jafnframt þingmönnum frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, Makedóníu og Úkraínu til funda. Á árinu jók stjórnarnefnd VES-þingsins við réttindi þeirra sem ekki hafa fulla aðild að þinginu og hafa allir nú t.a.m. fullt málfrelsi á þingfundum.

VES-þingið hefur verið afgerandi þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Annað væri ótækt þar eð mál er lúti að beitingu herafla og útgjalda til öryggis- og varnarmála væru bundin við þjóðríkin, þau þyrftu að njóta samþykkis þjóðþinga og þar af leiðandi væri það hlutverk fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu sem í sætu fulltrúar þjóðþinganna að ræða slík mál. Hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna ESB lýtur ekki stefnu framkvæmdastjórnar bandalagsins sem slíks heldur er um milliríkjamálefni að ræða. Er þetta grundvallaratriði og hafa fulltrúar VES-þingsins því lagt ofuráherslu á að það séu þjóðþing aðildarríkjanna sem hafi eftirlit með þessum málaflokki en ekki Evrópuþingið. Milliríkjamálefni eigi að endurspegla með störfum fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu sem hafi bein tengsl við umbjóðendur, þ.e. kjósendur í aðildarríkjunum. Reynslan af slíkum þingmannasamkundum hafi verið afar farsæl og nægi þar að nefna, auk VES-þingsins, NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og þingmannasamkundu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Þegar kemur að framkvæmdahlið þessara mála þá gegnir utanríkismálastjóri ESB einnig stöðu framkvæmdastjóra VES og í fastaráði VES sitja fulltrúar í stjórnmála- og öryggismálanefnd ESB. Með þessu móti hafa þegar skapast ákveðin formleg tengsl milli þjóðþinganna og framkvæmdahliðarinnar í málefnum er lúta að evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunni. Hins vegar er staðan sú að hvorki VES-þinginu né Evrópuþinginu hefur verið gefinn kostur á að tryggja nægilega það þinglega eftirlit með starfsemi ESB á sviði öryggis- og varnarmála sem getið er um í endurskoðaða Brussel-sáttmálanum. Þar með er talin sú grundvallarskylda ráðherraráðs VES að birta þinginu ársskýrslu um starfsemina og að svara ályktunum þingsins og fyrirspurnum tiltekinna þingmanna.

Á árinu undirrituðu leiðtogar Evrópusambandsríkjanna stjórnarskrá Evrópusambandsins í Rómaborg og í kjölfar þess hófst staðfestingarferlið í þjóðþingum aðildarríkjanna – en þeim fjölgaði um tíu á árinu. Stjórnarskrá ESB staðfesti að nokkru áhyggjur manna af því að ekki yrði tekið á því hvernig haga bæri þátttöku þjóðkjörinna þingmanna í störfum ESB, bæði á öryggis- og varnarmálasviðinu og öðrum. Samkvæmt stjórnarskránni er staða þjóðþinganna veik en á hinn bóginn minntu talsmenn VES-þingsins á það á fundum ársins að í því lægju einnig tækifæri.

Enn hefur ekkert verið ákveðið um hvar þingleg umræða um þennan málaflokk eigi að liggja og auk þess hefur engin ákvörðun verið tekin um uppsögn endurskoðaða Brussel-sáttmálans. Mikilvægustu greinar sáttmálans, er kveða á um þinglegt eftirlit og sameiginlegar varnarskuldbindingar, væru því í fullu gildi og yrði svo áfram þar til annað væri ákveðið. Nauðsyn væri því á áframhaldandi starfsemi VES-þingsins í sömu mynd og hafa forsvarsmenn VES-þingsins ítrekað mikilvægi þess að nýta vel tímann til að kynna þá starfsemi sem fram færi á þinginu og hafa þannig styrkt stöðu þess þegar kæmi að fyrirsjáanlegum breytingum á fyrirkomulagi. Segja má því að eftir undirritun stjórnarskrárinnar ríki nú meiri stöðugleiki hvað varðaði framtíð VES-þingsins og þessa málaflokks en verið hefur á síðustu missirum. Ljóst er að með stjórnarskránni er enn mörgum mikilvægum spurningum ósvarað, t.a.m. spurningum um þinglegt eftirlit og lýðræðishallann svonefnda, en að sama skapi hafa

áhyggjur manna um að VES-þingið yrði senn aflagt og verkefni þess færð yfir til Evrópuþingsins án samráðs minnkað um sinn.

3. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2004.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Aðalmenn Íslandsdeildar á árinu voru Bjarni Benediktsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjón Hjörleifsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2004 var eftirfarandi:

Forsætisnefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Guðjón Hjörleifsson.
Stjórnarnefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Guðjón Hjörleifsson.
Stjórnmálanefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Drífa Hjartardóttir.
Varnarmálanefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.
Nefnd um almannatengsl:	Bryndís Hlöðversdóttir.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Tækni- og geimvísindanefnd:	Bryndís Hlöðversdóttir.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.
Þingskapanefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.

4. Þátttaka Íslandsdeildar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 50. fundar VES-þingsins.

Dagana 2.–4. júní var fyrri hluti 50. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson, Guðjón Hjörleifsson og Bryndís Hlöðversdóttir,

auk Andra Lútherssonar ritara. Umræður um sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins, þinglegt eftirlit með öryggis- og varnarstefnu ESB og Evrópusamvinna um upplýsingagjöf til almennings um öryggis- og varnarmál álfunnar voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á júnífundinum. Þá var meðal annars rætt um skýrslu um stöðuna í öryggis- og varnarmálum Eystrasaltsríkjanna þriggja og hættur á árásum með kjarna-, efna- eða lífefnavopnum.

Nokkuð bar á umræðum um stjórnarskrárdrög ESB og spurninguna um hvernig öryggis- og varnarmálaþátturinn yrði meðhöndlaður í sáttmálanum sem verður að hljóta staðfestingu allra ESB-ríkjanna tuttugu og fimm. Vestur-Evrópusambandið grundvallast á endurskoðaða Brussel-sáttmálanum frá 1954 sem inniheldur sameiginlegt varnarákvæði og tengir þannig öryggi aðildarríkja VES að Atlantshafsbandalaginu. Í þeim stjórnarskrárdrögum sem fram hafa komið til þessa hefur orðalag um öryggis- og varnarmál verið afar óljóst og hafa t.a.m. fulltrúar VES-þingsins unnið að því að efla það með það fyrir augum að stjórnarskráin tæki við endurskoðaða Brussel-sáttmálanum. Í upphafi þingfundar hélt Armand de Decker, forseti VES-þingsins, ræðu þar sem hann ítrekaði ríka nauðsyn þess að komið yrði á fót alþjóðlegu þingmannasamstarfi innan ESB með það að markmiði að þinglegt eftirlit yrði haft með öryggis- og varnarmálastefnu ESB og komið þannig í veg fyrir lýðræðishallann svonefnda í þessum málaflokki. Sagði hann í tilefni af leiðtogafundi ESB sem halda átti síðar í mánuðinum að ekki væri of seint að leggja lokahönd á stjórnarskrárdrög sambandsins og hvað varnarþáttinn varðaði væri enn færi á að leggja fram orðalag sem færi nærri endurskoðaða Brussel-sáttmálanum. Átti hann þar við að gefa þjóðþingum færi á fjölþjóðlegri samvinnu með það að markmiði að eiga umræður við framkvæmdarvaldið um öryggis- og varnarsamstarf. Taldi de Decker að eins og stjórnarskrárdrögin litu út nú um stundir væri óhugsandi að ógilda endurskoðaða-Brussel sáttmálann í ljósi þess að þjóðþing aðildarríkja ESB verði að hafa tækifæri til að leggja sitt fram til sameiginlegra ákvarðana í evrópskum varnarmálum. Taldi hann eðlilegt að slíkur vettvangur ætti nána samvinnu við Evrópuþingið. De Decker hefur verið ötull talsmaður þess að þjóðþingum ESB-ríkjanna beri að hafa eftirlit með öryggis- og varnarmálastefnu ESB á sínu færi og að slík samkunda væri í ætt við VES-þingið. Tveir tignargestir ávörpuðu þingfundinn að þessu sinni. Annar þeirra var Peter Struck, varnarmálaráðherra Þýskalands, sem lagði á það áherslu í ræðu sinni að ekki mætti leggja endurskoðaða Brussel-sáttmálann af fyrr en öll aðildarríki ESB hefðu staðfest stjórnarskrá sambandsins því ella myndaðist tómarúm í öryggis- og varnarmálum álfunnar. Í umræðum eftir ávarpið sagði Struck aðspurður að hann teldi að VES-þingið í sinni núverandi mynd mundi starfa í þrjú til fjögur ár til viðbótar. Í ávarpi sínu vék Struck einnig að samskiptum ESB við Atlantshafsbandalagið og sagði að ESB yrði að halda áfram að byggja upp varnargetu sína en gæta þess þó að forðast tvíverknað þegar NATO og varnargeta þess væri annars vegar. Lagði hann áherslu á að ESB yrði að þróa og viðhalda varnarkerfum og þótt að ESB ætti enn nokkuð í land með að verða aðsópsmikill gerandi á hnattræna vísu þá væri það þegar orðið strategískur samstarfsaðili Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins. Ítrekaði hann þó að ekki væri um það að ræða að ESB hygðist verða keppinautur Bandaríkjanna. Lykilatriðið væri að ESB og Bandaríkin öxluðu byrðarnar jafnt á vegferð sinni að sameiginlegum hagsmunamálum. Með það fyrir augum væri mikilvægt að slíkir samstarfsaðilar ræddu með opinskáum hætti hverjir þeir hagsmunir væru, hvernig taka ætti á aðsteðjandi ógnum og hve mikla áherslu ætti að setja á beitingu herafla. Í lok ávarps síns vék Struck að málefnum Íraks og sagði að eins og aðstæður væru nú væri ekki von til þess að þýskar hersveitir yrðu sendar til landsins. Þá sagðist hann aðspurður ekkert vilja segja um það hvort NATO fengi eitthvert hlutverk í Írak en sagðist ekki telja að NATO gæti náð neinum þeim árangri í landinu sem

hersveitir bandalagsríkjanna gætu náð án fulltingis NATO. Sagðist hann og finna fyrir auknum vilja Bandaríkjamanna til að fá ESB til uppbyggingarstarfs nú eftir stríðsátökin og fagnaði því.

Bernardino Leon-Gross, varnarmálaráðherra Spánar, flutti einnig ræðu á fundinum í París og fjallaði um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Sagði hann að Spánverjar hefðu þurft að kljást við hryðjuverkaógnina um áratugabil og því snemma lært að alþjóðleg samvinna væri skilvirkasta leiðin til að berjast gegn slíkri ógn. Taldi hann að mikill árangur hefði náðst á vettvangi ESB með hinni sameiginlegu stefnu í öryggis- og varnarmálum í hættuástandsstjórnun og baráttu gegn hryðjuverkum en að enn meira væri krafist af sambandinu í þessu veru. Öryggis- og varnarmálastefnunni væri ekki stefnt gegn Atlantshafsbandalaginu en ætti að verða til þess að meiri árangur næðist en ella. Þá sagðist Leon-Gross harma það að efasemdaraddir hefðu heyrst um getu og vilja nýrrar ríkisstjórnar Spánar til að berjast gegn hryðjuverkum. Annað hefði komið í ljós á síðustu mánuðum enda væri baráttan gegn hryðjuverkum efst á forgangslista ríkisstjórnar jafnaðarmanna líkt og verið hefði með fráfarandi stjórn. Þá fagnaði hann í ræðu sinni stjórnarskrárdrögum ESB og sérstaklega því að nú innihéldu drögin málsgreinar um Petersberg-verkefnin svonefndu. Sagði hann að aðildarríkin hefðu nú komist fyrir þann ágreining sem ríkti um sameiginlegar varnir og virtu nú sértæka öryggis- og varnarstefnu ríkjanna án þess að grafa undan samstöðunni innan sambandsins. Öll aðildarríkin sem hefðu vilja og getu til samstarfs gætu nú fallist á skipulegt samstarf (e. structured cooperation). Aðspurður sagði Leon-Gross að ráðherraráð VES hefði ekki boðið nýju ESB-ríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu fulla aðild að VES í ljósi hinnar umfangsmiklu endurskipulagningar sem ESB stendur nú frammi fyrir á vettvangi öryggis- og varnarmála. Vék hann einnig að þeim friðargæsluverkefnum sem ESB stæði að og sagði að aukins framlags af hálfu ESB væri þörf á ýmsum svæðum. Sagði hann meðal annars að spænska stjórnin hefði sýnt friðargæslunni í Kosovo-héraði mikinn áhuga og komist að þeirri niðurstöðu að þau úrræði sem hingað til hefði verið beitt hefðu ekki leitt til neins árangurs.

Í umræðum um skýrslu Russell-Johnstons lávarðar um upplýsingagjöf til almennings komu fram mikil vonbrigði með hversu illa væri staðið að miðlun upplýsinga um öryggis- og varnarmálastefnu ESB til evrópsks almennings. Framkvæmdarvaldið var ekki aðeins gagnrýnt fyrir sinnuleysi sitt heldur voru þjóðþingin einnig gagnrýnd fyrir að miðla ekki mikilvægum upplýsingum um þingmannasamstarf á þessu sviði til umbjóðenda sinna. Þá kom fram að svo virtist sem öll umræða um stefnu ESB á sviði öryggis- og varnarmála væri aðeins á færi örfárra sérfræðinga og að mikilvægar ákvarðanir í þessum málaflokki kæmist seint og illa inn á borð þjóðþinganna. Töldu fundarmenn að þetta stæði almennri umræðu um öryggi álfunnar fyrir þrifum og kröfðust þess að orðræðan yrði aukin og færð út til almennings. Þá var til umræðu skýrsla franska þingmannsins Jean-Marie Le Guen um hryðjuverkaárásir með kjarna, efna- eða lífefnavopnum. Í tilmælum skýrslunnar var því beint til ráðherraráðsins að úrskurða um hvort slíkar árásir mundu skilgreinast sem vopnuð árás í anda 5. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans og þannig kalla á sameiginleg varnarviðbrögð. Í tilmælunum var enn fremur farið fram á að ESB kveði fastar að orði um varnir gegn hryðjuverkaárásum af þessu tagi í stjórnarskrá sinni.

VES-þingið fjallaði líka um málefni Íraks á fundi sínum í París undir dagskrárliðnum brýn utandagskrárumræða. Í ályktun þingsins sem samþykkt var samhljóða voru ríkisstjórnir hvattar til að styðja almennar þingkosningar í landinu með það fyrir augum að valdaafsal til innlendra stjórnvalda geti farið fram sem fyrst. Þá ályktaði þingið í þá veru að ríkt nauðsyn væri á að tryggja áframhaldandi veru alþjóðlega friðargæsluliðsins í Írak. Enn fremur var

ályktað að Sameinuðu þjóðirnar yrðu að gegna lykilhlutverki við hið pólitíska umbreytingarferli sem nú ætti sér stað í landinu.

b. Síðari hluti 50. fundar VES-þingsins.

Dagana 29. nóvember–1. desember fór seinni hluti 50. fundar VES-þingsins fram í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson, Guðjón Hjörleifsson og Helgi Hjörvar, í forföllum Bryndísar Hlöðversdóttur aðalmanns og Þórunnar Sveinbjarnardóttur varamanns, auk Andra Lútherssonar ritara. Helstu skýrslur sem fyrir þinginu lágu að þessu sinni fjölluðu um evrópsk öryggis- og varnarmál 50 árum eftir undirritun endurskoðaða Brussel-sáttmálans, samskipti Bandaríkjanna og Evrópu á sviði öryggis- og varnarmála, samvinnu Bandaríkjanna og Evrópu á sviði hergagnaframleiðslu, og stöðu mála í Úkraínu. Belgíski þingmaðurinn Stef Goris var kjörinn nýr forseti VES-þingsins, en Lúxemborgarinn Marcel Glesener hafði gegnt embættinu eftir að Belginn Armand de Decker lét af þingmennsku í sumar og gerðist ráðherra í ríkisstjórn Belgíu.

Í upphafi þingfundar hélt fráfarandi starfandi forseti ræðu um starfsemi þingsins og helstu málefni sem fyrir því lægju. Í ræðunni ræddi Glesener um niðurstöður Evrópuþingskosninganna í maí sl. og nefndi að nú um stundir væru tíu ný ríki fullir þátttakendur í Evrópusamstarfi, þ.m.t. öryggis- og varnarsamstarfi Evrópusambandsins og stjórnmála- og öryggismálanefnd sambandsins, þar sem undirbúningur sameiginlegrar stefnu í öryggis- og varnarmálum færi fram. Á það bæri þó að minna að það væru enn þjóðþing aðildarríkjanna sem sinntu lýðræðislegu eftirliti með þeim ákvörðunum sem stjórnvöld tækju. Ákvörðunum sem að mestu leyti væru háðar samstöðu allra ESB-ríkjanna. Í því ljósi væri nauðsyn á að árétta það að afar mikilvægt væri að fulltrúum þjóðþinganna sem á VES-þinginu sætu yrði gert auðveldara að fjalla um málefni Evrópustefnunnar í öryggis- og varnarmálum. Þess vegna hefði verið ákveðið að veita nýju aðildarríkjunum atkvæðisrétt á VES-þinginu jafnvel þótt ráðherraráð VES hefði tekið þá ákvörðun að ekki væru ástæður fyrir þau að gerast fullir aðilar að VES. Þá hefði stjórnarnefndin einnig tekið þá ákvörðun að auka réttindi áheyrnaraðila að þinginu í sama augnamiði. Því næst vék forsetinn máli sínu að stjórnarskrá ESB og því staðfestingarferli sem væri hafið. Sagði hann að þær greinar sem lytu að öryggis- og varnarmálum í stjórnarskránni væru byggðar á lagasafni Vestur-Evrópusambandsins en mikilvægt væri að ítreka að stjórnarskráin byggðist ekki á nokkrum mikilvægum greinum endurskoðaða Brussel-sáttmálans sem væri því, eðli málsins samkvæmt, enn í gildi. Af því leiddi að aðildarríki ESB hefðu tekið þá skynsamlegu ákvörðun að taka ekki afstöðu, að sinni, til hugsanlegrar uppsagnar Brussel-sáttmálans. Sagði forsetinn enn fremur að um leið og leiðtogar ESB-ríkjanna undirrituðu stjórnarskrána hefðu menn ályktað sem svo að engin þörf væri lengur á að ræða frekar stofnanalega hlið öryggis- og varnarmálastefnu ESB eða þá spurninguna um hvar þinglegt eftirlit mundi fara fram. Annað hefði þó komið á daginn. Á nýliðnum fundi fastafulltrúa Vestur-Evrópusambandsins hefði komið fram hjá nokkrum þeirra skýr vilji til að ræða frekar hlutverk þjóðþinganna og þá sérstaklega hlutverk VES-þingsins hvað þetta varðaði.

Nýkjörinn forseti þingsins, Stef Goris, ræddi um sömu mál í innsetningarávarpi sínu. Sagði hann að fulltrúar VES-þingsins ættu að vera í rónni yfir að meiri stöðugleiki ríkti nú um tilvist þingsins í kjölfar undirritunar stjórnarskrárinnar. Nú ættu menn að einbeita sér að því að upplýsa ráðamenn í Evrópu um það merka starf sem fram færi undir merkjum VES-þingsins og að tilvist þess sé einkar mikilvæg fyrir lýðræðislega umræðu um öryggis- og varnarmál í álfunni. Í raun ættu menn að berjast gegn tilraunum til þess að lama starfsemi þingsins. Þá sagði Goris að menn væru almennt á því máli að alvarleg mistök hefðu verið

gerð þegar stjórnvöld í aðildarríkjunum færðu verkefni VES til ESB og að þær ákvarðanir hefðu þegar haft mjög alvarlegar pólitískar afleiðingar. Með samþykkt Nissa-sáttmálans hefðu hin stofnanalegu tengsl VES og ESB, sem ákveðin höfðu verið með Maastricht-sáttmálanum sem kvað einnig á um hlutverk VES-þingsins, verið rofin og forðast að útkljá mál er varða þinglegt eftirlit með málaflokknum. Vandamál á borð við lýðræðishallann sem fylgdi í kjölfarið væru því enn óleyst og fyrir lægi að stjórnarskráin tæki ekki á þeim. Sagði hann að nú væri brýnt að VES-þingið nýtti sér þetta millibilsástand og legði áherslu á þrjú mál. Í fyrsta lagi væri mikilvægt að ráðherraráð VES nýtti sér möguleika sína til upplýsingagjafar, á grundvelli 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans, og veitti þinginu allar viðeigandi upplýsingar um þróun mála innan ESB og Atlantshafsbandalagsins, líkt og það hefði gert til skamms tíma. Í öðru lagi væri brýnt að formaður ráðherraráðsins nýtti tækifæri til að upplýsa fulltrúa VES-þingsins munnlega þannig að nýjustu upplýsingar lægju ætíð til grundvallar umræðum á þinginu. Og í þriðja lagi lagði forsetinn til að óformleg samskipti ráðherraráðsins og þingsins yrðu efld. Goris vék einnig að málefnum nýju ESB-ríkjanna og yfirlýstum vilja þeirra til að axla sameiginlegar varnarskuldbindingar á grundvelli 5. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans. Sagðist hann ekki skilja hvaða ástæður lægju til grundvallar þeirri ákvörðun að synja átta nýjum ESB-ríkjum undirskriftar að sáttmálanum og hafna aukaaðildarumsókn Búlgara og Rúmena, þegar Tékkar, Ungverjar og Pólverjar hefðu fengið slíka aðild í kjölfar stækkunar NATO árið 1999. Þá vék Goris að málefnum Atlantshafsstrengsins og sagði að þrátt fyrir að VES-þingið væri evrópsk þingmannasamkunda þá væri staðreyndin sú að í henni tækju þátt þau NATO-ríki sem ekki væru í ESB og þau ESB-ríki sem ekki væru í NATO og því væri þingið í afar ákjósanlegri stöðu til þess að efla tengslin yfir hafið. VES-þingið væri eina þingmannasamkundan sem hefði aðgang að bæði stjórnmála- og öryggismálanefnd ESB og Norður-Atlantshafsráðinu og því ætti að nýta krafta hennar til að efla samstarf og traust á milli ESB og NATO.

Einn þeirra sérlegu gesta VES-þingsins sem hélt ræðu var Luc Frieden, varnarmálaráðherra Lúxemborgar, sem tók við formennsku í ráðherraráði VES í upphafi árs 2005. Í áhugaverðri ræðu ráðherrans kom fram að hann teldi að þróun öryggis- og varnarmálaþátta stjórnarskrárinnar, sem rekti upphaf sitt til Maastricht-sáttmálans frá 1991, ætti á endanum að verða til þess að ESB verði heildræn pólitísk stofnun. Svo það markmið náist verður ESB að hafa yfir að ráða trúverðugri getu til að framkvæma hernaðaraðgerðir. Staðfesting stjórnarskrárinnar þýði því í raun samþykkt á sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins. Lagði Frieden áherslu á að þessi staðreynd verði að liggja til grundvallar umræðum þeim sem nú færu fram á þjóðþingum aðildarríkja ESB. Þá ræddi ráðherrann um þær vár sem stæðu fyrir dyrum og minnti þingmenn á að ógnir í öryggismálum væru nú hnattrænar í eðli sínu og það væri mikilvæg forsenda þess að ESB hefði afráðið að efla pólitíska, efnahagslega og ekki síst hernaðarlega getu sína svo sambandið megi verða traustur og skilvirkur bandamaður Atlantshafsbandalagsins. Í ræðunni kom fram að margt hefði áunnist á tiltölulega stuttum tíma en að sama skapi væri brýnt að ESB-ríkin settu öryggis- og varnarmálin í aukinn forgang, ekki bara í orði heldur einnig á borði. Nefndi hann þau friðargæsluverkefni sem ESB hefði tekið að sér á undanförnum árum og missirum á Balkanskaga, Afríkuríkinu Kongó og nú síðast í Kákasusríkinu Georgíu. Í þessum aðgerðum hefði styrkur ESB komið berlega í ljós en jafnframt hefðu þær sýnt fram á að sambandið yrði að auka getu sína á þessu sviði. Vék ráðherrann sérstaklega að þætti þeirra Evrópuríkja sem ekki væru aðilar að ESB og sagðist vera ánægður með að samþykktir ESB frá Nissa skyldu ekki vera túlkaðar þröngt og að þriðju ríkjum væri gefið færi á að taka þátt í aðgerðum sambandsins. Þakkaði hann sérstaklega framlagi íslenskra, norskra, búlgarskra, rúmenskra og

tyrkneskra stjórnvalda til þeirra verkefna sem enn væri unnið að. Rifjaði ráðherrann upp markmið sambandsins sem lágu til grundvallar ákvörðunum leiðtogafundarins í Helsinki árið 1999 og sagði að nú um stundir væri mikill vilji til að hrinda þeim markmiðum í framkvæmd. Árið 2010 yrði ESB að hafa lokið við Helsinki-ferlið eins og það liti út og í samræmi við greinar stjórnarskrárinnar. Það þýddi að eiginlegir hlutir á borð við strategíska færslugetu, beitingu herafla, samræmingarhæfni hergagna og úthaldsgetu hersveita yrði að hafa verið náð í samræmi við þá forskrift sem fyrir lægi. Þá yrðu menn að hafa í huga að nýta bæri til fullnustu þau tækifæri sem fælust í Berlín-plús samkomulagi ESB og NATO, bæði er varðaði tæknilega og hernaðarlega þætti. Að loknu ávarpi ráðherrans svaraði hann spurningum þingmanna. Í svari hans við spurningu breska þingmannsins David Atkinsons um hvort rétt væri að Hollendingar, sem fóru með formennsku í ráðherraráði VES síðari hluta ársins 2004, hefðu lagt til að VES-þingið yrði lagt niður í núverandi mynd svaraði ráðherrann því til að hann gæti ekki sagt til um afstöðu hollenskra stjórnvalda en afstaða sín og ríkisstjórnar Lúxemborgar væri sú að full þörf væri á VES-þinginu og að það yrði ekki lagt niður í núverandi mynd á næstu missirum. Enn væru of mörg mál sem ætti eftir að leysa og meðan endurskoðaði Brussel-sáttmálinn væri í gildi væri nauðsyn á VES-þinginu. Sagði hann, í þessu samhengi, að efla yrði umræðu um hvert skyldi stefna með þinglega vídd öryggis- og varnarstefnu ESB. Fullljóst væri að ákvarðanir um beitingu herafla lægju hjá þjóðþingum og mundu gera það áfram og að á meðan svo væri væri rík ástæða fyrir tilvist evrópskrar þingmannasamkundu á borð við VES-þingið. Engin nauðsyn væri á því að leggja af hluti sem gengju vel og hefðu skilað árangri. En á hinn bóginn mætti ekki skella skollaeyrum við því að það væru ætíð ástæður til að endurskoða starfsemi og bæta vinnuferli. Lagði hann til að menn nýttu vel tímann uns stjórnarskráin yrði staðfest.

Af þeim skýrslum og ályktunum sem ræddar voru á desemberþinginu má nefna skýrslu gríska þingmannsins Elsu Papadimitriou um nýjar ógnir í öryggiskerfi Altantshafsríkja en þar kom fram að afar brýnt væri að Evrópuríkin og Bandaríkin ættu opinskáar viðræður á víðfeðmum vettvangi um stríðið í Írak, málefni Miðausturlanda, stöðu aðgerða í Afganistan, gereyðingarvopn í Íran og fleira. Í umræðum komu fram þungar áhyggjur af samskiptum Evrópu og Bandaríkjanna og sagt að úrbóta væri þörf. Höfðu menn miklar áhyggjur af vaxandi andúð Evrópubúa í garð Bandaríkjanna og hversu mjög almenningsálitið hefði snúist gegn Bandaríkjamönnum á þeim afar stutta tíma sem liðinn væri frá hryðjuverkaárásunum mannskæðu árið 2001. Rík þörf væri því á að bæta samskiptin við nýju Bush-stjórnina í Washington og lögð á það áhersla að VES-þingið legði sitt af mörkum til að svo mætti vera. Þá má einnig nefna skýrslu breska lávarðarins Russel-Johnston um stjórnarskrá Evrópusambandsins, framlag þingmanna og almenningsálitið í Evrópu. Þar voru þjóðþing aðildarríkjanna hvött til að leggja ríkari áherslu á að uppfræða almenning í löndunum um þau brýnu verkefni í öryggis- og varnarmálum álfunnar sem nú stæðu fyrir dyrum, þann árangur sem náðst hefði og síðast en ekki síst hvað þyrfti til svo að markmið ESB mættu verða að veruleika. Þá var bent á að innanlandsstjórnmál mættu ekki hafa áhrif á umræður um staðfestingu stjórnarskrárinnar í þjóðþingunum. Einnig má nefna skýrslu Portúgalans Antonio Nazaré Pereira um evrópska öryggismálastefnu fimmtíu árum eftir undirritun endurskoðaða Brussel-sáttmálans þar sem hnykkt var á þeim atriðum er fram komu í máli forseta VES- þingsins og getið var um hér að framan.

Auk Luc Friedens, varnarmála-, fjármála- og dómsmálaráðherra Lúxemborgar, ávörpuðu eftirfarandi tignargestir desemberfund VES-þingsins: Elmar Mammadyarov, utanríkisráðherra Aserbaídsjan, Alessandro Minuto Rizzo, aðstoðarframkvæmdastjóri Atlantshafsbanda-

lagsins, George Iacovou, utanríkisráðherra Kýpur, og Olivier Kamitatu, forseti þjóðþings lýðveldisins Kongó.

Alþingi, 15. febr. 2005.

Bjarni Benediktsson, form.	Guðjón Hjörleifsson, varaform.	Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit, tilmæli og fyrirmæli VES-þingsins árið 2004.

Fyrri hluti 50. þingfundar, 2.–4. júní:

1. tilmæli nr. 742, um hraðlið evrópskra landgöngusveita – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilmæli nr. 743, um Evrópusamvinnu um upplýsingagjöf til almennings um öryggis- og varnarmál álfunnar,
3. tilmæli nr. 744, um friðargæsluverkefni Evrópusambandsins í suðausturhluta Evrópu,
4. tilmæli nr. 745, um öryggis- og varnarmál í Eistlandi, Lettlandi og Litháen,
5. ályktun nr. 119, um þinglegt eftirlit með sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum – umræður og svör við fyrirspurnum þingmanna,
6. tilmæli nr. 746, um hryðjuverkaárásir með kjarna, efna- eða lífefnavopnum,
7. tilmæli nr. 747, um evrópska varnarmálastofnun – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
8. ályktun nr. 120, um loftferðasamstarf Evrópu og Kína,
9. ályktun nr. 121, um valdaskipti í Írak,
10. tilmæli nr. 748, um sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum í kjölfar stækkunar ESB – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
11. ályktun nr. 122, um sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum í kjölfar stækkunar ESB, og
12. ákvörðun nr. 27, um sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum í kjölfar stækkunar ESB.

Síðari hluti 50. þingfundar, 29. nóvember–1. desember:

1. tilmæli nr. 749, um evrópska öryggismálastefnu fimmtíu árum eftir undirritun endurskoðaða Brussel-sáttmálans – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. ályktun nr. 123, um stjórnarskrá Evrópusambandsins: framlag þingmanna og almenningsálit,
3. tilskipun nr. 120, um evrópska öryggismálastefnu fimmtíu árum eftir undirritun endurskoðaða Brussel-sáttmálans – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
4. tilmæli nr. 751, um stöðugleika og öryggi í Suður-Kákasus,
5. tilmæli nr. 752, um samstarf í innkaupum á varnarkerfum í Evrópu – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
6. tilmæli nr. 753, um samstarf ESB og Bandaríkjanna í tæknilegum þáttum hergagnaiðnaðar,
7. tilmæli nr. 754, um ómönnuð árásarloftför framtíðarinnar,

8. tilmæli nr. 755, um geimvarnir og öryggis- og varnarmálastefnu ESB,
9. tilmæli nr. 756, um friðargæsluverkefni ESB í Afríku,
10. ályktun nr. 124, um þingmannasamstarf við ríki Miðjarðarhafsins,
11. ályktun nr. 125, um stöðu mála í Úkraínu,
12. tilmæli nr. 757, um nýjar ógnir í öryggiskerfi Atlantshafsríkja, og
13. tilmæli nr. 758, um evrópskar hersveitir á Balkanskaga.

825. Skýrsla [546. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2004.

1. Inngangur.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 46 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 630 fulltrúar sem skiptast til helminga í aðalmenn og varamenn. Þá eiga 18 áheyrnarfulltrúar rétt til setu á þinginu. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir,
- vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikilvægir. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög þeirri öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif

langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Fram til 1. október 2004 voru aðalmenn Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, en við andlát hans var Birgir Ármannsson skipaður í sætið, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Við upphaf 131. löggjafarþings var kjörin ný Íslandsdeild. Þar voru aðalmenn Sólveig Pétursdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Andri Lúthersson.

3. Helstu málefni Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins árið 2004.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnahags-, laga-, stjórnsýslu- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört á þeim 15 árum sem liðin eru síðan Berlínarmúrinn féll og á árinu náði stofnunin þeim merka áfanga að aðildarríkin urðu fjörutíu og sex talsins þegar Mónakó hlaut formlega aðild. Segja má að ríki Evrópuráðsins myndi nú eina órofa pólitíska heild – að Hvíta-Rússlandi einu undanskildu – og með vaxandi verkefnum og skuldbindingum aðildarríkja og auknum umsvifum er óhætt að segja að vægi ráðsins hefur því aukist verulega undanfarin ár. Framtíð Evrópuráðsins sjálfs var mjög til umræðu á árinu enda hafði verið ákveðið að efna til þriðja leiðtogafundar Evrópuráðsins í Póllandi um mitt árið 2005. Efni fundarins var mjög í umræðunni og í lok árs var mikill samhljómur um að efni og ástæður væru til að helga fundinn framtíð Evrópuráðsins í nýrri stofnanaskipan Evrópu annars vegar og hins vegar hvernig efla mætti innra starf stofnunarinnar og veita henni skýra pólitíska sýn til framtíðar.

Á sama tíma og Evrópuráðið hefur eflst hafa aðrar evrópskar fjölþjóðastofnanir einnig gert það og er þá einkum átt við Evrópusambandið og ÖSE (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu). Að mörgu leyti starfa þessar þrjár mikilvægu stofnanir á sömu eða svipuðum slóðum, ekki bara landfræðilega, heldur einnig þegar litið er til málaflokkanna – lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins. Í þessu samhengi hefur Evrópusambandið að sjálfsögðu nokkra sérstöðu enda um mun dýpra og víðtækara samstarf þar að ræða. Nokkurra væringa hefur hins vegar gætt í samskiptum þessara þriggja stofnana á síðustu árum – sérstaklega þó Evrópuráðsins og ÖSE – og hafa menn greint mikla samkeppni milli þeirra um verkefni og skyldur. Báðar stofnanir eru fjármagnaðar með framlögum aðildarríkjanna og því um eðlilega samkeppni um fjármagn að ræða en á hinn bóginn hefur einnig orðið vart við vissan tvíverknað sem getur orðið aðildarríkjunum kostnaðarsamur. Evrópuráðið er í raun eina samevrópska stofnunin sem hefur svo mörg Evrópuríki innanborðs frá vestri til austurs. Þessi staðreynd gerir það að verkum að Evrópuráðið er í ákjósanlegri stöðu til að ná árangri við framrás grundvallargilda sinna, lýðræðis, mannréttinda og réttarríkis, í gegnum sáttmálasafn

stofnunarinnar og sérfræðistofnanir þess. Einnig hefur verið nefnt að Evrópuráðið sé „eðlilegur" samstarfsaðili Evrópusambandsins og í þessu ljósi bæri sambandinu að nýta sérfræðiþekkingu og -stofnanir Evrópuráðsins mun betur en gert hefði verið til þessa.

Starfsemi Evrópuráðsþingsins var víðfeðm á árinu og málaflokkarnir sem til umræðu voru þinginu og í nefndum þess fjölmargir. Sem endranær voru það pólitísku málin, átök og milliríkjadeilur, sem mesta athygli fönguðu á þingfundum og af þeim málum má nefna aðdraganda stríðsins í Írak og uppbyggingarstarfið þar í landi, sambúð Bandaríkjanna og Evrópu, deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs, lýðræðisþróunina í Georgíu, forsetakosningar í Úkraínu, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og hlutverk Sameinuðu þjóðanna. Eru þetta aðeins fá af þeim málum sem mikla athygli hlutu á þingfundum Evrópuráðsins. Íslandsdeildin tók þátt í flestum þessara umræðna, auk margra annarra, og var afar virk í störfum þingsins.

Nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins var kjörinn á júnífundi þingsins og hlaut breski þingmaðurinn Terry Davis flest atkvæði og sigraði fráfarandi framkvæmdastjóra, Walter Schwimmer, og utanríkisráðherra Eistlands, Kristinu Ojuland. Þá tók nýr íslenskur dómari sæti í Mannréttindadómstól Evrópu en dómarar eru, líkt og framkvæmdastjórar stofnunarinnar, kosnir af Evrópuráðsþinginu.

Hér á eftir fara ítarlegri upplýsingar um starfsemi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins á árinu 2003.

4. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 2004.

a. Fyrsti hluti þingsins.

Dagana 26.–30. janúar fór fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2004 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Á janúarfundi Evrópuráðsþingsins var m.a. efnt til brýnnar utandagskrárumræðu um hryðjuverkastarfsemi og þá ógn sem lýðræðisríkjum stafar af henni. Til grundvallar umræðunum lá skýrsla tyrkneska þingmannsins Murat Mercan þar sem ráðherraráð Evrópuráðsins var m.a. hvatt til þess að hefja vinnu við að leggja drög að sáttmála um baráttu gegn hryðjuverkum og að í þeim sáttmála væri hryðjuverkastarfsemi skilgreind. Þá kom í skýrslunni fram að örðugt hefði verið fyrir Sameinuðu þjóðirnar að leggja slík drög þar eð mikill ágreiningur hefur verið uppi meðal aðildarríkja um skilgreiningu á hryðjuverkum. Einnig var efnt til brýnnar utandagskrárumræðu um stjórnarskrárvandann í Úkraínu. Til stóð að ræða skýrslu Svisslendingsins Dicks Martys um líknardráp á þingfundinum í janúar í ljósi þess að á fundi þingsins í október hafði meiri hluti þingheims fellt það út af dagskrá og vísað málinu aftur til nefndar. Félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefnd þingsins tók málið aftur á dagskrá og skýrslunni og ályktunardrögum var breytt lítillega til samræmis við fyrri umræður. Hins vegar var enn andstaða við skýrsludrögin á janúarþinginu og samþykkti þingheimur að vísa málinu til nefndar á ný. Og lá í loftinu að líklega yrði málið fært á dagskrá á næsta fundi þingsins að nýju. Þá bar það til tíðinda fyrsta þingdag að fulltrúar landsdeilda Möltu og Írlands voru sviptir atkvæðisrétti sínum. Forsaga þess máls var sú að á haustfundi Evrópuráðsþingsins 2003 var samþykkt ályktun og tilmæli frá jafnréttisnefnd þingsins um að allar landsdeildir sem sæti ættu á þinginu skyldu vera skipaðar að minnsta kosti einum fulltrúa annars hvors kynsins ellegar missa atkvæðisrétt sinn á þinginu og í nefndum. Nokkrar landsdeildir voru eingöngu skipaðar körlum og var þeim ritað bréf frá framkvæmdastjóra þingsins í byrjun ársins 2004 þar sem minnt var á breytingarnar sem samþykktar höfðu verið. Í byrjun janúarþingsins voru fimm landsdeildir sem enn var þannig ástatt um. Í þremur tilfellum voru konur skipaðar í landsdeildirnar áður en þingfundur hófst, en í tilfelli Möltu og Írlands náðist

það ekki. Voru fulltrúarnir því sviptir atkvæðisrétti sínum fram að næsta þingfundi þegar kjörbréf sendinefndanna tveggja yrðu yfirfarin á ný. Í ávarpi þingforsetans, Peters Schieders, varð honum tíðrætt um þau áhrif sem þjóðþingin hefðu á málefni líðandi stundar og sagði að áhrifavaldi því væru settar ýmsar skorður á tímum aukinnar hnattvæðingar og samkeppni um athygli fjölmiðla. Á hinn bóginn hefði Evrópuráðsþingið uppfyllt skyldur sínar gagnvart umbjóðendum sínum afar vel á síðustu árum, ekki síst með því að veita ríkisstjórnum aðildarríkjanna verulegt aðhald. Slíkt aðhald birtist t.a.m. í því þegar ráðherrar, þjóðhöfðingjar og aðrir tignargestir ávörpuðu þingheim og svöruðu spurningum þingmanna.

Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum. Sólveig Pétursdóttir tók þátt í umræðum um hryðjuverkastarfsemi og ógn hryðjuverka við lýðræðissamfélög og var talsmaður flokkahóps hægrimanna. Í ræðu Sólveigar kom fram að áhrifa hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin gætti enn og að umtalsverður árangur hefði náðst að undanförnu í baráttunni gegn hryðjuverkum. Hins vegar væru margar hindranir á þeirri leið. Sagði hún að þessi barátta kallaði á nýjar og breyttar aðferðir og að sumar þjóðir hefðu verið lengur en aðrar að átta sig á hinni nýju heimsmynd í kjölfar hryðjuverkanna 11. september 2001. Hins vegar væri staðan nú um stundir sú að allir ættu að geta talað sama máli og því væri brýn þörf á því að friðelskandi þjóðir Evrópu sameinuðust í þessari baráttu. Varaði Sólveig jafnframt við áhrifum þess að grafa undan farsælu öryggissamstarfi Atlantshafsþjóða sem kynni að afvegaleiða hina afar knýjandi umræðu um baráttuna gegn hryðjuverkum. Þá sagði þingmaðurinn að leiðir til að stemma stigu við hryðjuverkaógninni væru mun fleiri en beiting hervalds sem lokaúrræði. Sagði hún t.a.m. ríka nauðsyn vera á því að alþjóðasamfélagið almennt og Evrópuráðið sérstaklega næðu samstöðu um heildrænan alþjóðasáttmála um baráttuna gegn hryðjuverkum. Hryðjuverk væru hrein ógn við lýðræðið og að breytinga á sviði alþjóðalaga væri þörf til að uppræta þá ógn.

Þá tók Sólveig Pétursdóttir þátt í umræðum um stöðu almenningsfjölmiðla og sagði í ræðu sinni að sjálfstæði og frelsi almenningsútvarps- og sjónvarpskerfa væri grundvallarforsenda lýðræðisins. Sólveig, sem var talsmaður hægrimanna í umræðunum, sagði að í Evrópu væru víða blikur á lofti hvað starfsemi þessara almenningsfjölmiðla varðaði, hvort sem þeir séu í eigu ríkisins eða einkaaðila. Annars vegar hefðu stjórnvöld í Austur-Evrópu vegið að starfsemi og sjálfstæði fjölmiðlanna og að nauðsynlegt væri að úrbótum, sem alþjóðasamfélagið hefur beitt sér fyrir, yrði hrundið í framkvæmd. Sagði hún stöðuna allt aðra þegar litið væri á Vestur-Evrópuríki, þar sem víðast hvar hefði átt sér stað samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Athugunarvert væri hvort og þá hvernig Evrópuríkin gætu stemmt stigu við samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Í ræðunni kom fram að þessi mál væru ofarlega á baugi á Íslandi og að þar væri að störfum nefnd er fjallaði um hringamyndun á fjölmiðlamarkaði. Sólveig lagði áherslu á að stjórnvöldum í Evrópuríkjum bæri að slá skjaldborg um tjáningarfrelsið og sjálfstæði fjölmiðla, en að á sama tíma yrði að gæta þess að ekki væri vegið að almannahagsmunum. Þá sagði hún almenningsfjölmiðla og sem óheftur aðgangur er að, vera afar mikilvæga í menningarlegu tilliti, sérstaklega í löndum eins og Íslandi, þar sem mikill menningararfur væri fólginn í tungumálinu.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Alvaro Gil-Robles, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Tassos Papadopoulos, forseti Kýpur, Bernard Rudolf Bot, utanríkisráðherra Hollands sem fór með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins fyrri hluta ársins 2004, Mikhail Saakashvili, forseti Georgíu, og Sergio Páes Verdugo, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU).

b. Annar hluti þingsins.

Dagana 26.–30. apríl fór annar hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2004 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Margrét Frímannsdóttir í fjarveru Össurar Skarphéðinssonar, auk Andra Lúthersonar ritara. Á aprílfundi Evrópuráðsþingsins var m.a. efnt til fjögurra umræðna undir dagskrárliðnum brýn utandagskrárumræða, þ.e. um málefni nýrrar innflytjendastefnu Hollands og stöðu mála í Kosovo-héraði, Kýpur og Armeníu. Af öðrum málum sem miklar umræður stóðu um má nefna eflingu Sameinuðu þjóðanna og umræður um líknardráp en þeim hafði tvívegis verið skotið á frest áður. Á þingfundinum voru kjörnir fulltrúar 18 Evrópuráðsríkja til setu í Mannréttindadómstól Evrópu, þ.m.t. Íslands. Davíð Þór Björgvinsson lagaprófessor var kjörinn fulltrúi Íslands til setu í dómstólnum með miklum meiri hluta atkvæða og tók hann um haustið sæti Gauks heitins Jörundssonar. Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, hélt ræðu við upphaf þingfundarins mánudaginn 26. apríl og sagði meðal annars að hann fagnaði því sérstaklega að allar landsdeildirnar sem sæti ættu á Evrópuráðsþinginu væru nú skipaðar bæði konum og körlum og þakkaði breytingar þær á þingsköpum sem samþykktar voru árið 2003. Nokkur órói hafði skapast á fyrsta þingfundi ársins 2004 þegar tvær landsdeildir, Möltu og Írlands, höfðu aðeins á körlum að skipa. Nú hefðu konur verið skipaðar í landsdeildirnar og sagði Schieder að Evrópuráðsþingið væri nú að mörgu leyti fyrirmynd annarra alþjóðaþingmannasamkundna en jafnframt að hann vonaðist eftir að konur mundu í náinni framtíð skipa mun fleiri sæti í landsdeildum en þær gerðu nú. Vék hann því næst að málefnum þingsins og sagði að sjá mætti glögglega á dagskrá þingsins að þar væru til umræðu þau mál sem mest brynnu á Evrópubúum þessa dagana. Hann sagði að á undanförnum árum hefði þingið beitt sér mjög hart fyrir að hefja umræður um erfið úrlausnarefni. Fagnaði hann þessu og sagðist vonast til að framhald yrði á. Ræddi hann sérstaklega um málefni Kýpur og lýsti yfir djúpum vonbrigðum sínum með að Kýpur-Grikkir hefðu fellt sameiningu við tyrkneska hlutann í þjóðaratkvæðagreiðslu nokkrum dögum áður. Sagði hann að Evrópuráðsþingið virti úrslitin en að vonbrigðin væru mikil. Sögulegt tækifæri hefði gengið úr greipum. Þá vék hann máli sínu að Ísrael og fordæmdi morð á tveimur leiðtogum Hamas-hreyfingarinnar. Schieder sagðist telja málefni Miðausturlanda vera í blindgötu ofbeldis og að verknaður Ísraelsstjórnar hefði gert lítið annað en að hella frekari olíu á eldinn. Mannréttindi almennra borgara yrði að virða og báðir deiluaðilar yrðu að bæta ráð sitt. Að lokum ræddi Schieder um stækkun Evrópusambandsins og sagði að stór og mikilvægur áfangi í ferli friðar og farsældar mundi nást 1. maí er tíu ný ríki gerðust aðilar að sambandinu. Af þeim málum sem rædd voru í Strassborg að þessu sinni má nefna málefni Hvíta-Rússlands. Þingið samþykkti á fundi sínum að beita hvít-rússnesk stjórnvöld „pólitískum hámarksþrýstingi“ með það að markmiði að þau upplýstu um afdrif fjögurra andófsmanna sem hurfu sporlaust á árunum 1999 og 2000. Var samþykkt að refsiaðgerðum yrði beitt sem meðal annars fælust í því að hugsanlega yrði Hvíta-Rússlandi meinuð öll aðild að ákvörðunum og framkvæmd samþykkta Evrópuráðsins og að pólitísk samskipti yrðu lítil sem engin. Að sama skapi yrði aukið mjög við samskipti Evrópuráðsins við félagasamtök. Á fundi sínum samþykkti Evrópuráðsþingið tillögur til úrbóta fyrir Mannréttindadómstól Evrópu sem á síðustu árum hefur átt í miklum erfiðleikum með að sinna öllum þeim mikla fjölda kærumála sem til hans berst, einkum frá nýju aðildarríkjunum í Mið- og Austur- Evrópu. Mæltist þingið meðal annars til þess að aðildarríkin öxluðu auknar byrðar við framkvæmd mannréttindasáttmála Evrópu. Í ályktun þingsins var enn fremur stutt að kjörtímabil dómara við dómstólinn skyldi vera 9 ár og að þeir gætu ekki verið endurkjörnir.

Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, tók þátt í umræðum þingsins um eflingu Sameinuðu þjóðanna og var þar talsmaður flokkahóps hægrimanna. Í ræðu sinni tók Sólveig undir með öðrum ræðumönnum sem sögðu að Íraksstríðið hefði reynt mjög á þanþol Sameinuðu þjóðanna og að á mörgum sviðum hefðu samtökin brugðist án þess þó að sökinni væri skellt á eitt ríki öðrum fremur. Slíkt hefði einnig gerst áður, t.a.m. á Balkanskaga, og svæðisbundnar stofnanir líkt og Atlantshafsbandalagið orðið að grípa inn í hættuástand til að afstýra frekari hörmungum. Sagði hún að allir hlytu að vera þeirrar skoðunar að það væri eflingu stofnunarinnar síst til framdráttar að ásaka einstök ríki fyrir að ekki hefði náðst samstaða um tiltekin mál í öryggisráðinu. Umbætur til framtíðar væru lykilatriðið.

Sólveig sagði að Sameinuðu þjóðirnar væru hinn rétti vettvangur fyrir mörg afar mikilvæg málefni og með starfi sínu ynnu samtökin að bættum hag hundruða milljóna manna þótt kastljósi fjölmiðla væri beint annað. Barátttan gegn mansali, alnæmi og fátækt væru fáein dæmi um þá mikilvægu málaflokka sem Sameinuðu þjóðirnar beittu sér fyrir úrlausn á. Í ræðunni sagði Sólveig að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna yrði að endurspegla aðildarríki stofnunarinnar og jafnframt yrði að gæta að skilvirkni stofnunarinnar. Taldi hún að aukinn fjöldi sæta í öryggisráðinu, bæði fastafulltrúa og kjörinna, hefði mikið gildi og að ný ríki sem hlytu fast sæti í öryggisráðinu undirgengust sömu skyldur og nytu sömu réttinda og þau sem fyrir eru. Sagði Sólveig að minni ríki gætu haft pólitísk áhrif á alþjóðavettvangi og í flestum tilfellum væru þau áhrif afar jákvæð. Í mörgum tilfellum væru smærri ríki betur til þess fallin að miðla málum og Norðurlöndin væru gott dæmi um það. Þá sagði hún að Íslendingar hefðu tilkynnt um framboð sitt til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2009–2010 og væri það rökrétt framhald á þeirri stefnu íslenskra stjórnvalda að stuðla að friði, öryggi, lýðræði og hagsæld.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Stéphane Valéri, forseti þjóðarráðs Mónakó, Ivo Sanader, forsætisráðherra Króatíu, Nurtay Abikayev, forseti þjóðþings Kasakstan, Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, og Ilham Aliiyev, forseti Aserbaídsjan.

c. Þriðji hluti þingsins.

Dagana 21.–25. júní fór þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2004 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson, auk Andra Lútherssonar ritara. Þá sótti Margrét Frímannsdóttir nefndarfundi. Á júnífundi Evrópuráðsþingsins bar einna hæst kjör í embætti framkvæmdastjóra Evrópuráðsins en kosið er í þá stöðu af þingheimi á fjögurra ára fresti. Þrír höfðu sótt um stöðuna að þessu sinni, breski þingmaðurinn Terry Davis, formaður flokkahóps jafnaðarmanna á þinginu, Kristina Ojuland, utanríkisráðherra Eistlands og fyrrum formaður flokkahóps frjálslyndra, og Walter Schwimmer, fráfarandi framkvæmdastjóri Evrópuráðsins. Úrslit urðu á þann veg að Terry Davis hlaut meiri hluta atkvæða í fyrstu umferð og var þar með kjörinn framkvæmdastjóri til næstu fjögurra ára. Næstflest atkvæði hlaut Schwimmer og kom Ojuland þar nokkuð á eftir.

Í upphafsávarpi Peters Schieders ræddi hann nokkuð um úrslit Evrópuþingskosninganna sem farið höfðu fram stuttu áður í öllum aðildarríkjunum, þar á meðal nýju ríkjunum tíu. Sagði Schieder að kosningarnar hefðu verið gríðarmiklar að umfangi og að framkvæmd þeirra ættu í raun að vera gleðiefni. Á hinn bóginn hefðu úrslit þeirra þau áhrif að menn verði að hugsa næstu skref. Fyrir tuttugu árum hefði þátttaka í Evrópuþingskosningum verið um og yfir fimmtíu af hundraði. Nú væri staðan hins vegar allt önnur. Meðaltalið væri um 45% og það sem meira væri, í sumum af nýju aðildarríkjunum hefði kosningaþátttakan verið um

20% og jafnvel minni. Á sama tíma og þessi þróun ætti sér stað hefðu ýmsir flokkahópar sem aðhylltust lýðskrum og öfgastefnu vaxið mjög í fylgi. Þá hefðu enn fremur frambjóðendur sem hefðu uppi mjög opinskáa og óvægna gagnrýni á ESB aukið við fylgi sitt. Sagði þingforsetinn að svo virtist vera sem Evrópuþingið bæri allan skaða af öllu því sem framkvæmdaarmur ESB hefði láðst að gera á undanförnum árum. Evrópusambandinu bæri skylda til að upplýsa Evrópubúa um á hvaða vegferð sambandið sé og hver séu meginmarkmið þess en sá boðskapur hefði því miður greinilega ekki komist til skila. Sagði Schieder að þetta væri mikið áhyggjuefni, ekki bara fyrir ESB, heldur fyrir alla Evrópubúa. Stofnanir og samtök Evrópuríkja yrðu að taka þessa stöðu með í reikninginn og reyna að snúa við blaðinu og koma fram með jákvæð skilaboð. Eitt skref í þessa átt væri t.a.m. opinská og almenn umræða um stjórnarskrárdrög sambandsins sem ættu enn eftir að hljóta samþykki aðildarríkjanna tuttugu og fimm. Af þeim fjölmörgu málum sem rædd voru á þinginu að þessu sinni voru til dæmis skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins. Samþykkti þingið að hætta eftirliti með lýðræðisumbótum í landinu og lýsti því yfir að lagaumbætur síðustu þriggja ára hefðu skilað meiri árangri en allan áratuginn þar á undan. Sérstaklega var tekið til stjórnarskrárbreytinga þar sem dauðadómar voru afnumdir og að ríkisvaldið leyfði ekki nokkurt form af pyntingum. Þá kom fram í tilmælum þingsins að mikill árangur hefði náðst í að knýja fram aukin borgaraleg réttindi. Af öðrum málum má nefna skýrslu þingsins um framlag Evrópuráðsins til friðar í Írak sem fjallað var um undir liðnum brýn utandagskrárumræða. Samþykkti þingið að Evrópuráðið ætti að verða við beiðni Sameinuðu þjóðanna um að aðstoða við uppbyggingarferlið og eflingu lýðræðis í landinu. Beindi þingið þeim tilmælum til ráðherraráðsins að sérfræðingar Feneyjanefndarinnar yrðu fengnir til að aðstoða Íraka við að leggja drög að nýrri stjórnarskrá. Í upphafi þingfundar höfðu komið fram tvær aðrar beiðnir um brýna utandagskrárumræðu, um stöðu mála í Téténíu og um þriðja leiðtogafund Evrópuráðsins. Hlutu þessi mál ekki nægan fjölda atkvæða til að verða tekin fyrir á dagskrá.

Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum. Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar og talsmaður flokkahóps hægrimanna, tók þátt í umræðum þingsins um skýrslu Ítalans Guiseppe Gaburro um heimilisþrældóm þar sem fjallað var um sívaxandi vanda af ólöglegri starfsemi tengdri flutningi kvenna frá fátækum svæðum til ríkja í Evrópu þar sem þeim væri haldið gegn vilja sínum og gert að vinna gegn afar lágum launum eða launalaust. Í skýrslunni kemur fram að í upphafi er ungt fólk, oftast konur, ginnt til að koma til Evrópu til starfa eða sem skiptinemar eða til að giftast. Flestar konur flyttust búferlum sjálfviljugar en þegar á áfangastað væri komið væru þær oft neyddar til starfa gegn hótunum. Greindi skýrslan frá því að skipuleg glæpasamtök leituðust við að lokka konur til Evrópu á þennan hátt og þrifust þannig á fátækt og fáfræði fórnarlambanna. Í ræðu Sólveigar kom fram að ekki væri hægt að nefna ánauð erlendra kvenna sem haldið væri föngnum á heimilum í Evrópu neitt annað en nútímaþrældóm. Evrópuráðið ætti ekki að líða nútímaþrælahald hvort sem það væri inni á heimilum eða annars staðar. Sólveig sagði að mannréttindi margra kvenna væru þannig þverbrotin. Til þessa hefði oft lítið verið hægt að gera til að rétta fórnarlömbunum hjálparhönd því að úrræðin skorti, þ.e. löggjöf aðildarríkja tæki ekki mið af aðstæðum þessara kvenna. Hvatti hún til þess að ríki endurskoðuðu innflytjenda- og refsilög svo að fórnarlömb slíkra glæpa gætu kært brotamennina og fengið alla nauðsynlega aðstoð. Hún benti enn fremur á að þau vandamál sem fjallað væri um í skýrslunni, þ.e. heimilisþjónusta, au pair, skiptinemaáætlanir og póstlistagiftingar tengdust oft mansali. Mansal væri sérstakt vandamál sem Evrópuráðið yrði nauðsynlega að taka á strax. Sólveig vakti athygli á breytingum á íslenskri löggjöf í þessu sambandi, bæði útlendingalögum og hegningarlögum. Þá tók hún undir tilmæli í

skýrslunni um að þörf væri á að ræða sérstaklega drög að bókun eða sáttmála Evrópuráðsins er fjallaði um réttindi heimilisstarfsmanna. Sagði Sólveig að þetta væri brýnn vandi sem sneri einnig að löglegri starfsemi á sviði vinnumiðlunar og skiptinemaáætlana. Glæpasamtök gætu þannig staðið fullkomlega löglegri og nauðsynlegri starfsemi fyrir þrifum og stjórnvöld yrðu því að hafa færar leiðir til að skilja á milli löglegrar starfsemi og ólöglegrar.

Össur Skarphéðinsson lagði á fundi flóttamannanefndarinnar fram skýrslubeiðni sína um málefni alþjóðlegra starfsmannaleigna til undirritunar. Í skýrslubeiðninni kom fram að starfsemi margra alþjóðlegra starfsmannaleigna brytu í bága við mannréttindi og að brögð hefðu verið að því að þær nýttu sér óljósa löggjöf í þeim löndum þangað sem þær sendu erlent vinnuafl. Farið var fram á að Evrópuráðsþingið rannsakaði starfsmannaleigumarkaðinn í skýrslu sem tekin yrði síðar fyrir af þinginu. hlaut beiðnin áskilin fjölda undirskrifta og var þar með vísað til fastanefndar þingsins til frekari afgreiðslu.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, Jan Petersen, utanríkisráðherra Noregs sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins seinni hluta árs 2004, Jean Lemierre, bankastjóri Evrópska uppbyggingar- og framþróunarbankans, Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, og Robert Kocharian, forseti Armeníu.

d. Fjórði hluti þingsins.

Dagana 4.–8. október fór fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2004 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu nýskipaðrar Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Margrét Frímannsdóttir, í fjarveru Össurar Skarphéðinssonar, auk Andra Lútherssonar ritara. Þess má geta að í þetta sinn var Íslandsdeildin eina landsdeildin á þingfundinum sem eingöngu var skipuð konum. Á haustfundi Evrópuráðsþingsins bar einna hæst umræður um hryðjuverk, stöðu mála í Tétníu, kosningaþátttöku kvenna og umræður um skuldbindingar Serbíu og Svartfjallalands á vettvangi Evrópuráðsins. Þingið samþykkti ályktun um áhrif hryðjuverka á aðildarríki Evrópuráðsins þar sem hvatt var til þess að stofnunin beitti sér fyrir að komið væri á sameiginlegu lagalegu umhverfi hvað aðgerðir gegn skipulegum hryðjuverkum varðar. Í því samhengi var enn fremur mælst til þess að Evrópuráðsríkin kæmust að sameiginlegri niðurstöðu um eina skilgreiningu á hryðjuverkum, en skortur á slíkri skilgreiningu er oft talin standa sameiginlegum aðgerðum fyrir þrifum. Þá hvatti þingið til þess að vitnavernd yrði aukin í aðildarríkjunum svo auðveldara yrði að sækja hryðjuverkamenn til saka. Í ályktuninni kom einnig fram að efla ætti samvinnu milli lögreglu, sérsveita og dómskerfis aðildarríkjanna og jafnframt að íhuga bæri möguleikann á að útvíkka sameiginlegu handtökuskipun Evrópusambandsins til Evrópuráðsríkjanna allra. Þá hvatti þingið til þess að lögsaga stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna næði einnig til hryðjuverka. Í umræðum um stöðu mála í Tétníu var vikið að hryðjuverkaógninni og nýliðnum atburðum í Beslan. Í ræðum kom fram að mannréttindi í Tétníu væru þverbrotin og aðstæður almennra borgara óásættanlegar og að svo hefði lengi verið. Jafnframt kom fram að héraðið væri að mörgu leyti orðið gróðrarstía fyrir upprennandi hryðjuverkamenn. Í ályktun þingsins var mælst til þess að Evrópuráðið beitti sér fyrir því að efnt yrði til hringborðsumræðna um ástand mála í Tétníu með þátttöku allra hlutaðeigandi aðila og að meginmarkmið þeirra ætti að vera að fylgjast með ástandi í mannréttindamálum, dómsmálum og lýðræðisþróun í lýðveldinu. Þá var mælst til þess að fram færi söfnun og upptaka léttvopna og að baráttan gegn skipulegri glæpastarfsemi yrði efld sem og að frjálsir fjölmiðlar yrðu styrktir.

Í upphafsávarpi sínu ræddi Peter Schieder, forseti þingsins, um hryðjuverkaógnina og sagði að í starfi sínu á síðustu tveimur árum hefði hann þurft allt of oft að senda forsetum þjóðþinga aðildarríkjanna samúðarkveðjur vegna válegra tíðinda. Sú hafði einnig verið raunin nokkrum vikum fyrr eftir atburðina í Beslan. Fagnaði hann miklum áhuga þingsins á hryðjuverkaumræðunni og yfirlýstum vilja þess til að samræma aðgerðir aðildarríkja Evrópuráðsins til að stemma stigu við þeirri ógn sem af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi hlytist. Þó vildi hann nota tækifærið og minna á að hryðjuverkaöfl spryttu ekki upp úr engu. Þar lægju ýmsar forsendur til grundvallar og menn yrðu að huga að því úr hvaða umhverfi hryðjuverkamenn eru sprottnir á sama tíma og fordæma bæri öll verk af þeirra hendi. Í annan stað minnti hann fulltrúa á að það væri skylda þingmanna að skilja á milli þess sem talist gætu eðlileg viðbrögð við hryðjuverkavánni og þeirrar tilhneigingar stjórnvalda margra ríkja að kasta ýmsum almennum lýðréttindum fyrir róða undir því yfirskyni að um baráttu gegn hryðjuverkum væri að ræða. Ítrekaði Schieder að ef hryðjuverkamönnum tækist að ginna þjóðir inn á slíkar brautir þá færu þeir með sigur af hólmi. Þá vék forsetinn máli sínu að samskiptum Evrópuráðsins við Afríkuálfu og fagnaði stofnun afríska þingmannasambandsins fyrr á árinu. Sagði hann að Evrópuríkjum bæri að efla hjálparstarf í Afríku með það fyrir augum að lina þjáningar og harðræði þeirra milljóna sem sýktar væru af alnæmi. Nefndi hann að í löndunum sunnan Sahara væru ellefu milljónir barna sem misst hefðu foreldra sína úr alnæmi. Setti Schieder þetta í samhengi við íbúatölur í Evrópu og sagði að ef þessir munaðarleysingjar teldust vera ein Evrópuþjóð þá væri hún tólfta stærsta aðildarríki Evrópuráðsins. Sagði hann að Evrópuráðsþinginu bæri að láta rödd sína heyrast í þessu brýna máli og ef það yrði rætt í Strassborg mundi það vekja athygli og eftirtekt á alþjóðavettvangi. Þá sagði hann frá því að með fullri aðild Mónakó að Evrópuráðinu síðar í vikunni mynduðu aðildarríkin órofa heild Evrópuríkja að frátöldu Hvíta-Rússlandi. Vildi hann nota tækifærið og hvetja hvítrússnesk stjórnvöld að stíga þau skref sem nauðsynleg væru til að sameinast fjölskyldu Evrópuríkja.

Terry Davis, sem kjörinn var framkvæmdastjóri Evrópuráðsins á sumarfundi þingsins, ávarpaði þingið í fyrsta sinn á haustfundi þess. Í framsögu sinni fór hann yfir helstu forgangsmál sín og ræddi þar meðal annars um leiðtogafund Evrópuráðsins sem ráðgert er að halda í Varsjá í maí á næsta ári. Þá ræddi hann um aðgerðir Evrópuráðsins í baráttunni gegn hryðjuverkum og mansali jafnframt því sem hann ræddi um samskipti Evrópuráðsins við aðrar samevrópskar alþjóðastofnanir á borð við Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum. Sólveig Pétursdóttir tók þátt í umræðum um hryðjuverkavána í Evrópuráðsríkjum, sem talsmaður flokkahóps hægrimanna, þar sem hún fordæmdi harðlega nýlegar hryðjuverkaárásir í Rússlandi. Í ræðunni kom fram að alþjóðasamfélagið hefði horft skelfingu lostið á atburðina í Beslan og fólk spyrði sig hvernig einstaklingar gætu framið slík óhæfuverk og hvað þeir teldu sig áorka með slíkum aðgerðum. Svörin væru hvorki einföld né augljós. Um skipulega starfsemi væri að ræða og að ásetningurinn væri að vekja ótta og skelfingu meðal saklausra borgara. Sólveig lagði þunga áherslu á að það væri engum pólitískum málstað til framdráttar að fremja óhæfuverk sem slík og að ekkert gæti réttlætt árásir á saklausa borgara. Um hreina glæpi gegn mannkyni væri að ræða. Hefðu hryðjuverkin fært heim sanninn um mikilvægi styrkrar alþjóðlegrar samstöðu í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Sagði Sólveig að á meðal nýlegra fórnarlamba hryðjuverkastarfsemi væru m.a. ríki á borð við Spán, Tyrkland og Marokkó. Þar fyrir utan hefði mörgum Evrópuráðsríkjum borist hótanir á síðustu missirum sem taka bæri alvarlega. Rík þörf væri á því að vera stöðugt á varðbergi og

Evrópuráðsríki mættu hvergi hvika í viðleitni sinni til að uppræta hryðjuverkaöfl. Hvað það varðaði sagði Sólveig að fjölmargt væri hægt að gera innan Evrópuráðsins. Hvatti hún m.a. ríki sem ekki hefðu staðfest og fullgilt sáttmála Evrópuráðsins á þessu sviði að gera það hið fyrsta jafnframt því sem hún hvatti Evrópuráðið til að halda áfram starfi því sem miðaði að heildrænum sáttmála um hryðjuverkastarfsemi. Þá væri afar mikilvægt að aðildarríkin héldu áfram að leita allra leiða til að sporna gegn fjármögnun starfsemi hryðjuverkahópa með smygli á vopnum, eiturlyfjum og fólki. Í lok ræðunnar sagði Sólveig að á fundi í Reykjavík í september hefðu formenn utanríkismálanefnda þjóðþinga Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna auk Richards Lugars, formanns utanríkismálanefndar bandarísku öldungadeildarinnar, samþykkt harðorða yfirlýsingu þar sem óhæfuverkin í Rússlandi voru fordæmd. Sagðist Sólveig vona að innan Evrópuráðsþingsins ríkti sama einurð og vilji til að stöðva hryðjuverkastarfsemi.

Þá tók Íslandsdeildin virkan þátt í umræðum um þátttöku kvenna í kosningum. Í ræðu Sólveigar Pétursdóttur kom fram að konur víðs vegar hefðu þurft að berjast fyrir atkvæða- og framboðsrétti sínum þrátt fyrir að nokkur munur væri á árangri þjóða hvað þetta varðaði. Hins vegar væru þau dæmi sem nefnd væru í skýrslu Írans Pascals Mooneys, um það m.a. að í þónokkrum Evrópuráðsríkjum tíðkaðist að höfuð fjölskyldunnar greiddi atkvæði fyrir hennar hönd, bæði ólýðræðisleg og algerlega óásættanleg. Meðan slíkt liðist lægi Evrópuráðið einnig undir ámæli í augum utanaðkomandi aðila. Sagði Sólveig að tölur þær sem í skýrslunni kæmu fram vektu menn til umhugsunar. Meðaltal þingkvenna í þjóðþingum Evrópuráðsríkjanna væri 18,4% og þótt það væri afar lágt hlutfall þá væri sú tala hreinlega há miðað við hlutfall þingkvenna í tilteknum Evrópuráðsríkjum. Sagði hún þingheimi að það hlyti að vera fullljóst að helmingur mannkyns væri konur og spurði hvers konar skilaboð væri verið að senda konum og dætrum þeirra. Þá ræddi Sólveig um reynsluna á Norðurlöndunum og hverju hún hefði skilað í breyttum hugsunarhætti. Í ræðu sinni benti Sólveig á að meira að segja í Afganistan, fátæku og stríðshrjáðu ríki sem hefði sætt stjórn talebana, væri það metnaðarfull stefna stjórnvalda að 25% þingmanna í þingkosningum næsta árs væru konur. Spurði hún hvort það gæti verið að sum Evrópuráðsríki gætu lært af Afgönum.

Siv Friðleifsdóttir sagði í ávarpi sínu að tæplega væri hægt að ræða um fullþróað lýðræði fyrr en þátttaka kvenna í stjórnmálum væri hlutfallslega jöfn þátttöku karla. Í því ljósi væri óhætt að segja að lýðræði hefði ekki náð þroska fyrr en konur væru 40–50% þingmanna. Þá sagði Siv að það væri afar mikilvægt að konur og stúlkur hefðu sterkar fyrirmyndir í stjórnmálum og nefndi dæmi um að á Íslandi hefði tíð Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta breytt hugsunarhætti heillar kynslóðar sem ólst ekki upp við neitt annað en konu sem forseta. Þá ræddi hún reynslu Íslendinga af þverpólitískri nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum fyrir kosningarnar 1999 og hverju hún hefði skilað og arfleifð Kvennalistans. Ræddi hún enn fremur stöðu kynjanna á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili og sagði að af 18 nýjum þingmönnum voru 2003 hefðu 15 karlar og 3 konur verið kjörnar. Sagði hún að dæmin frá Íslandi og annars staðar þar sem þróunin hefði verið jákvæð í gegnum tíðina sýndu ljóslega fram á mikilvægi þess að upplýsa þjóðir. Í skýrslunni sem til grundvallar lægi, kæmi fram skýr vitnisburður um að margt væri að og því afar brýnt að eyða þeim hindrunum sem konum væru settar fyrir aukinni þátttöku í stjórnmálum. Ef pólitískur vilji væri nægur ættu meginmarkmið skýrslunnar að hafa náð fram að ganga mun fyrr en árið 2020.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Gertrude Mongella, forseti afríska þingmannasambandsins, Antonio La Pergola, formaður Feneyjanefndarinnar, Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Supachai Panitchapakdi, framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Jan Petersen, utanríkisráðherra Noregs, sem fór með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðs-

ins síðari hluta ársins 2004, Albert krónprins af Mónakó, Giovanni di Stasi, forseti ráðstefnu sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu, Recep Erdögan, forsætisráðherra Tyrklands, og Herwig Schlögl, aðstoðarframkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

5. Stjórnarnefnd.

a. Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Ósló.

Hinn 7. september sl. fór fram venjubundinn haustfundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins. Var fundurinn að þessu sinni haldinn í Ósló. Fundinn sótti Andri Lúthersson ritari af hálfu Íslandsdeildar. Hryðjuverkin í Beslan í Norður-Ossetíu sem framin höfðu verið nokkrum dögum fyrr settu mark sitt á fundinn og var samþykkt yfirlýsing þar sem þau voru harðlega fordæmd. Tóku margir til máls við upphaf fundarins og lýstu yfir skömm sinni á óhæfuverkunum í Beslan og hvöttu til þess að Evrópuráðsríkin sameinuðust enn betur í baráttu sinni gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi. Nefndu menn jafnframt að leita yrði allra leiða til þess að koma í veg fyrir að öfgaöfl, sem ranglega settu myrkraverk sín í trúarlegan búning, næðu að sá frekari hatri á Vesturlöndum í huga múslima. Þá var hvatt til þess að Evrópuráðið hraðaði sem frekast væri vinnu sinni að heildarsáttmála um baráttu gegn hryðjuverkum.

Á fundinum héldu ýmsir tignargestir ávörp auk forseta Evrópuráðsþingsins, Peters Schieder, sem stjórnaði fundum. Jörgen Kosmo, forseti norska þingsins, hélt ræðu við upphaf fundarins og vottaði þar rússnesku þjóðinni samúð sína vegna hryðjuverkanna. Þá vék hann máli sínu að formennsku Norðmanna í ráðherraráði Evrópuráðsins seinni hluta ársins 2004 og sagðist vilja sérstaklega benda á eitt forgangsmálanna. Taldi hann afar mikilvægt að reynt yrði að auka samráð og efnislega verkaskiptingu á milli Evrópuráðsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópusambandsins. Sagðist hann á þeirri skoðun að þingmannavídd þessara alþjóðastofnana mundi hagnast verulega á betri samskiptum milli stofnananna enda í hag allra að styrkja starf þingmannasamkundnanna. Þá taldi hann og mikilvægt að þingin sjálf, hvort sem um væri að ræða Evrópuráðsþingið, ÖSE-þingið eða Evrópuþingið, forðaðist að útvíkka starfsemi sína frekar en orðið er. Um talsverðan tvíverknað væri nú þegar að ræða og stæði það frekari styrk þingmannasamkundnanna fyrir þrifum. Í þessu samhengi benti Kosmo á að Evrópuráðsþingið hefði skilað afar góðu starfi hvað varðaði Balkanskaga, Téténíu og Kákasussvæðið í heild. Þá minnti hann einnig á að Evrópuráðið mætti ekki heldur gleyma eftirlitshlutverki sínu í Noregi eða öðrum vestur-evrópskum lýðræðisríkjum, mikilvægt væri að öll aðildarríkin sættu sama eftirliti.

Þá flutti Jan Petersen, utanríkisráðherra og formaður ráðherraráðs Evrópuráðsins síðari hluta árs 2004, ræðu þar sem hann fór yfir helstu forgangsmál Norðmanna. Sagði hann að hryðjuverkin í Beslan kölluðu á að Evrópuráðið og aðrar stofnanir skyldu vinna mun harðar að uppbyggingu innviða á Kákasussvæðinu sem væri orðið gróðrarstía fyrir hryðjuverkaöfl. Þá vék hann að helstu forgangsmálum Norðmanna í formennsku ráðherraráðsins og sagði þau vera aðallega af þrennum toga. Í fyrsta lagi væri frekari efling mannréttinda og lagalegs samstarfs ríkja í milli. Hvað þetta varðar léki Mannréttindadómstóllinn mikilvægt hlutverk. Petersen nefndi að brýnt væri að umbótaáætlun fyrir dómstólinn yrði hrint sem fyrst í framkvæmd, sérstaklega bókun nr. 14 við mannréttindasáttmálann sem miðar að einföldun stjórnkerfis dómstólsins. Í öðru lagi legðu Norðmenn áherslu á að styrkja samstarfið milli Evrópuráðsins og annarra samevrópskra stofnana. Sagði ráðherrann að nokkur brögð væru að því að samkeppni ríkti milli stofnana á evrópskum vettvangi. Því yrði að breyta og efla samstarfið þess í stað. Ætti þetta aðallega við um samskipti Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Í þriðja lagi væri markmiðið að efla hlutverk Evrópuráðsins við

að koma í veg fyrir að átök brjótist út. Í því augnamiði beindi stofnunin sjónum sínum að því að breiða út góða stjórnsýsluhætti og efla samskipti ólíkra menningarheima. Þá vék Petersen stuttlega að framlagi Norðmanna til friðarumleitana fyrir botni Miðjarðarhafs en Terje Röd Larsen, sérlegur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í deilum Ísraela og Palestínumanna, sem átti að ávarpa stjórnarnefndarfundinn, átti ekki heimangengt. Sagði Petersen frá stöðu mála og þeim forsendum sem hann sæi til grundvallar því að unnt yrði að koma friðarferlinu aftur í gang í anda „vegvísis til friðar". Grundvallarforsenda væri að um tveggja-ríkja lausn væri að ræða og undir þeim formerkjum væru fimm álitaefni sem leysa þyrfti úr. Í fyrsta lagi yrði að koma í veg fyrir að landtökumenn á Gaza-ströndinni yrðu færðir á Vesturbakkann. Í öðru lagi yrði brottfærsla landtökumanna að vera í nánu samráði við heimastjórn Palestínu. Í þriðja lagi yrðu Ísraelsmenn og palestínska heimastjórnin að semja um það, á grundvelli landamæranna frá 1967, hvert landtökumenn yrðu fluttir. Í fjórða lagi mætti ekki hreyfa við frekari landtöku Ísraela á Vesturbakkanum og í síðasta lagi yrði að semja um stöðu palestínskra flóttamanna. Ítrekaði Petersen að Evrópuríkin yrðu að styðja friðarferlið af heilum hug. Að öðrum kosti væri friðarferlið dæmt til að mistakast. Að lokum ræddi Petersen um mikilvægi Norður- Evrópu fyrir álfuna alla, ekki síst með tilliti til umhverfisþátta. Sagði ráðherrann frá því sem Norðmenn hefðu gert til að styðja við umhverfisvernd í Norðvestur-Rússlandi og lýsti þeim vám sem þar væru fyrir hendi vegna slæmrar umgengni um kjarnorkuúrgang og gamla kjarnorkukafbáta.

Á stjórnarnefndarfundinum voru kjörbréf nýrra landsdeilda Austurríkis, Belgíu, Lettlands, Lúxemborgar, Möltu, Rússlands og Spánar samþykkt. Þá var fjallað um skýrslur málefnanefnda þingsins og fjallað um dagskrá haustfundar Evrópuráðsþingsins. Af skýrslum þeim sem nokkrar umræður voru um má nefna skýrslu stjórnmálanefndarinnar um ástand mála á Norður-Írlandi, skýrslu laga- og mannréttindanefndarinnar um nýja trúarbragðalöggjöf í Búlgaríu og skýrslu um internetið og löggjöf til að sporna gegn óæskilegum áhrifum þess. Þá fjallaði stjórnarnefndin um fyrirliggjandi skýrslubeiðnir málefnanefndanna og vísaði þeim til réttra nefnda á grundvelli umsagnar fastanefndarinnar.

b. Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Varsjá.

Hinn 23. nóvember var efnt til stjórnarnefndarfundar Evrópuráðsþingsins í Varsjá en Pólverjar tóku við formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins í nóvember 2004. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, auk Örnu Bang alþjóðaritara. Fyrir utan venjubundin stjórnarnefndarstörf fór mestur fundartími í ávarp utanríkisráðherra Póllands og formanns ráðherraráðsins, Wlodzimierz Cimoszewicz, sem ræddi um málefni þriðja leiðtogafundar Evrópuráðsins sem ráðgert er að halda í Varsjá 16.–17. maí 2005. Þá var efnt til brýnnar utandagskrárumræðu um málefni Hvíta-Rússlands, rætt um nýafstaðnar forsetakosningar í Úkraínu auk þess sem rætt var um framlag Evrópuráðsins til baráttunnar gegn hryðjuverkum.

Fundurinn hófst á því að Jozef Oleksy, forseti neðri deildar pólska þingsins, bauð fundargesti velkomna og minnti á að Pólland hefði verið annað ríkið í Mið- og Austur-Evrópu sem gerðist aðili að Evrópuráðinu eftir að járntjaldið féll. Í ávarpi utanríkisráðherrans Wlodzimierz Cimoszewicz kom fram að Pólverjar, líkt og margar aðrar þjóðir Mið- og Austur-Evrópu, væru afar viðkvæmir gagnvart því er dregnar væru pólitískar línur innan álfunnar og byggðist það á nýliðinni sögu og því ranglæti sem þjóðirnar urðu að sæta á dögum kalda stríðsins. Sagði hann að það væri ákveðin hætta fólgin í því að Evrópusambandið auki á þá tilfinningu meðal þjóðanna sem utan þess standa að þær séu útilokaðar frá samrunaþróuninni og í annarri deild en aðildarríkin. Þetta vilji Pólverjar forðast fyrir alla muni og hét ráð-

herrann því að pólsk stjórnvöld mundu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að forðast að slík þróun ætti sér stað. Minnti hann á að Evrópuráðið hefði verið fyrsta evrópska fjölþjóðastofnunin sem opnaði dyr sínar fyrir nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og í því ljósi legðu Pólverjar mikið upp úr því að Evrópuráðið aðlagaðist fljótt að breyttum aðstæðum í evrópskri stofnanagerð og verði í fararbroddi í umræðu um mannréttindi, lýðræði og forsendur réttarríkisins í álfunni. Markmiðið væri Evrópa án þröskulda og til að svo mætti verða væri rík nauðsyn á að skilgreina með skýrum hætti hvaða verkefnum hver fjölþjóðastofnun ætti að sinna og koma þannig í veg fyrir hættu á tvíverknaði. Í þessu samhengi benti ráðherrann á að afar mikilvægt væri að skilgreina muninn á starfsemi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Evrópuráðsins. Báðar stofnanirnar hefðu verið aðsópsmiklar í þeim víðfeðmu pólitísku umbreytingum sem orðið hefðu undanfarin 15 ár, en nú væri kominn tími til að aðgreina verksvið stofnananna með skýrum hætti líkt og Norðmenn hefðu lagt til í síðustu formennskutíð Evrópuráðsins. Þá vék Cimoszewicz að málefnum Úkraínu og sagði að Pólverjar ættu mikið undir því að sú pólitíska ólga sem upp spratt í kjölfar fyrri forsetakosninganna mundi fljótt réna. Í þessu samhengi nefndi hann einnig stöðu mála í Hvíta- Rússlandi og lýsti yfir þungum áhyggjum af stjórnarfari þar. Því næst ræddi ráðherrann um ógnir samtímans og sagði það afar mikilvægt að Evrópuráðið beitti sér af fullum þunga í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Sagði hann að sú barátta mundi styrkjast mikið með almennri og útbreiddri framkvæmd ýmissa sáttmála Evrópuráðsins á þessu sviði. Að lokum ræddi Cimoszewicz um þriðja leiðtogafundinn og helstu málefni hans. Sagðist hann vonast til þess að fundurinn yrði árangursríkur og jafnframt nokkurs konar útgangspunktur fyrir allsherjarendurskilgreiningu á fjölþjóðlegu stofnanakerfi álfunnar og til eflingar sameiginlegum evrópskum gildum. Ræða yrði því og ákvarða samstarfsreglur stofnana á borð við Evrópuráðið, ESB, ÖSE, undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna og ýmsar aðrar svæðisbundnar stofnanir. Í ávarpinu kom fram að af tilteknum málefnasviðum væri markmiðið að mótuð yrði pólitísk stefna ráðsins hvað varðaði baráttu gegn mansali og hryðjuverkum, peningaþvætti, spillingu, skipulega glæpastarfsemi, barnaþrældóm, verndun minnihlutahópa, og frjálsa fólksflutninga. Þegar hefði verið unnið að stefnumótun á sviði fjölmiðlafrelsis, jafnréttis kynjanna, eflingar grasrótarsamtaka, menntamála, heilbrigðismála, félagslegra réttinda, sjálfbærrar þróunar, og fjölmenningarsamfélagsins, sem lagt yrði fyrir leiðtogafundinn í vor.

Að loknum föstum dagskrárliðum stjórnarnefndarfundarins tóku við umræður um kosningaeftirlit Evrópuráðsins í forsetakosningunum í Úkraínu fyrr í mánuðinum. Ýmsir nefndarmenn tóku til máls, þar á meðal nokkrir sem tekið höfðu þátt í eftirlitinu, og ræddu stjórnmálaástandið í landinu. Sögðust menn almennt hafa nokkrar áhyggjur af því að upp úr kynni að sjóða og voru á því máli að Evrópuráðinu bæri að nota pólitískan styrk sinn til að leiða deilandi aðila að samningaborðinu og koma í veg fyrir að svo færi. Þá ræddu fundarmenn um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi, eina Evrópuríkinu sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, og lýstu yfir þungum áhyggjum af viðvarandi mannréttindabrotum og ofríki stjórnvalda þar í landi. Samþykkti stjórnarnefndin yfirlýsingu um pólitískt ástand í Hvíta-Rússlandi þar sem stjórnvöld voru harðlega gagnrýnd og hvatt til þess að viðeigandi úrbótum í mannréttindamálum, leikreglum réttarríkisins og almennu lýðræði yrði hrundið í framkvæmd tafarlaust. Einungis þannig mundi Hvíta-Rússland uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart Evrópuráðinu og endurheimta sæti sitt meðal evrópskra bræðraþjóða.

Að loknum umræðum um Úkraínu og Hvíta-Rússland var rætt um þær skýrslur og ályktunardrög sem fyrir fundinum lágu. Ástæðulaust er að rekja almennar umræður en af þeim málum sem mest kvað að má nefna skýrslu um framkvæmd ákvarðana Mannréttindadómstóls

Evrópu, skýrslu um eftirlitsferli Evrópuráðsþingsins, skýrslu um hópa fólks sem ekki hefðu getað snúið til heimkynna sinna vegna vopnaðra átaka á Balkanskaga, og skýrslu um hagnýtingu menningarbundinna þátta í baráttunni gegn hryðjuverkum.

6. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Siv Friðleifsdóttir.
Stjórnarnefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Siv Friðleifsdóttir.
Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Birgir Ármannsson.
Laga- og mannréttindanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Birgir Ármannsson.
Jafnréttisnefnd:	Össur Skarphéðinsson.
Til vara:	Margrét Frímannsdóttir.
Efnahagsnefnd:	Siv Friðleifsdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Siv Friðleifsdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Þingskapanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Birgir Ármannsson.
Mennta- og vísindanefnd:	Siv Friðleifsdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Össur Skarphéðinsson.
Til vara:	Margrét Frímannsdóttir.
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Össur Skarphéðinsson.
Til vara:	Margrét Frímannsdóttir.

b. Þátttaka í nefndafundum utan þings.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu nokkra nefndarfundi á árinu. Kristinn H. Gunnarsson sótti fund umhverfisnefndar í Mexíkóborg í janúarmánuði, fund efnahagsmálanefndar í París í febrúar, og fundi umhverfisnefndar, menningar- og menntamálanefndar og efnahagsnefndar í París í september. Siv Friðleifsdóttir sótti fund menningar- og menntamálanefndar í París í desember. Þá sótti Össur Skarphéðinsson fundi jafnréttisnefndar og flóttamannanefndar í París í september og fund flóttamannanefndar í París í desember.

Alþingi, 9. febr. 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Siv Friðleifsdóttir, varaform.	Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2004.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum Evrópuráðsþingsins árið 2004:

Fyrsti hluti þingfundar, 26.–30. janúar:
- tilmæli nr. 1647, um efnahagslegar afleiðingar stækkunar ESB og næstu verkefni,
- ályktun nr. 1365, um efnahagslegar afleiðingar stækkunar ESB og næstu verkefni,
- tilmæli nr. 1648, um afleiðingar stækkunar ESB á frjálsa fólksflutninga á Evrópuráðssvæðinu,
- tilmæli nr. 1649, um fulltrúa til kjörs í Mannréttindadómstól Evrópu,
- ályktun nr. 1366, um fulltrúa til kjörs í Mannréttindadómstól Evrópu,
- tilmæli nr. 1644, um hryðjuverk og ógnina við lýðræðisríki,
- tilmæli nr. 1645, um aðstoð og vernd til handa hælisleitenda í evrópskum höfnum,
- tilmæli nr. 1646, um aðstoð til handa þróunarríkjunum,
- ályktun nr. 1364, um stjórnmálaástandið í Úkraínu,
- tilmæli nr. 1642, um ástand mála á Kýpur,
- ályktun nr. 1362, um ástand mála á Kýpur,
- tilmæli nr. 1643, um lýðræðislegar stofnanir í Georgíu,
- ályktun nr. 1363, um lýðræðislegar stofnanir í Georgíu,
- tilmæli nr. 1641, um almannafjölmiðla,
- ályktun nr. 1358, um virkni lýðræðislegra stofnana í Aserbaídsjan,
- ályktun nr. 1359, um pólitíska fanga í Aserbaídsjan,
- ályktun nr. 1360, um kjörbréf landsdeilda Írlands og Kýpur,
- ályktun nr. 1361, um skuldbindingar Armeníu á vettvangi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1357, um Strassborg sem höfuðborg Evrópu, og
- tilmæli nr. 1640, um þriðju ársskýrslu mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins.

Annar hluti þingfundar, 26.–30. apríl:
- álit nr. 252, um viðbótarbókun við Mannréttindasáttmála Evrópu um lífefnarannsóknir,
- tilmæli nr. 1661, um framtíð almannatrygginga í Evrópu,
- ályktun nr. 1375, um stöðu mála í Kosovo-héraði,
- tilmæli nr. 1660, um stöðu mála í Kosovo-héraði,
- ályktun nr. 1376, um Kýpur,
- ályktun nr. 1377, um skuldbindingar Albaníu á vettvangi Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1657, um mannshvörf í Hvíta-Rússlandi,
- ályktun nr. 1371, um mannshvörf í Hvíta-Rússlandi,
- tilmæli nr. 1658, um ofsóknir á hendur fjölmiðlum í Hvíta-Rússlandi,
- ályktun nr. 1372, um ofsóknir á hendur fjölmiðlum í Hvíta-Rússlandi,
- tilmæli nr. 1659, um eflingu Sameinuðu þjóðanna,
- ályktun nr. 1373, um eflingu Sameinuðu þjóðanna,
- álit nr. 251, um viðbótarbókun nr. 14 við sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, breytingar á stjórnkerfi sáttmálans,
- ályktun nr. 1374, um skuldbindingar Armeníu á vettvangi Evrópuráðsins,
- álit nr. 250, um aðildarumsókn furstadæmisins Mónakó,

- ályktun nr. 1370, um kjörbréf landsdeildar Serbíu og Svartfjallalands,
- tilmæli nr. 1656, um stöðu mála í evrópskum fangelsum og gæsluvarðhaldsstofnunum,
- tilmæli nr. 1655, um evrópska eftirlitsstofnun með fólksflutningum,
- álit nr. 249, um útgjöld Evrópuráðsþingsins árið 2005, og
- álit nr. 248, um fjárhagsáætlun Evrópuráðsins fyrir árið 2005.

Stjórnarnefndarfundur, 2. mars:
- tilmæli nr. 1650, um tengslin milli brottfluttra Evrópumanna og heimalanda þeirra,
- tilmæli nr. 1651, um leiðir til að sporna við ránum á afrískum menningarverðmætum,
- tilmæli nr. 1652, um menntun flóttamanna,
- tilmæli nr. 1653, um reikningsendurskoðun á grundvelli umhverfismála,
- tilmæli nr. 1654, um ríkisborgararétt og jafnrétti,
- ályktun nr. 1367, um ógnir af hryðjuverkum með lífefnavopnum,
- ályktun nr. 1368, um skýrslubeiðnir Evrópuráðsþingsins, og
- ályktun nr. 1369, um fjármál flokkahópa Evrópuráðsþingsins.

Þriðji hluti þingfundar, 21.–25. júní:
- tilmæli nr. 1667, um stöðu flóttamanna og í Rússlandi og nokkrum löndum Samveldis sjálfstæðrar ríkja,
- tilmæli nr. 1668, um stjórn vatnaforða í Evrópu,
- tilmæli nr. 1669, um alþjóðleg vatnasvæði í Evrópu,
- ályktun nr. 1386, um framlag Evrópuráðsins til friðar í Írak,
- ályktun nr. 1387, um einokun á rafrænum fjölmiðlum og hugsanlega misbeitingu valds á Ítalíu,
- ályktun nr. 1388, um ítalska löggjöf um rökstuddan grun,
- ályktun nr. 1383, um skuldbindingar Bosníu og Hersegóvínu á vettvangi Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1664, um skuldbindingar Bosníu og Hersegóvínu á vettvangi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1384, um eflingu lýðræðislegra stofnana í Bosníu og Hersegóvínu,
- ályktun nr. 1385, um hættuástandsstjórnun og hlutverk kvenna,
- tilmæli nr. 1665, um hættuástandsstjórnun og hlutverk kvenna,
- tilmæli nr. 1666, um evrópskt bann við að beita börn líkamlegum refsingum,
- ályktun nr. 1380, um skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1662, um skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1381, um framkvæmd Tyrklands á dómum Mannréttindadómstóls Evrópu,
- ályktun nr. 1382, um framlag Evrópska uppbyggingar- og framþróunarbankans (EBRD) í Mið- og Austur-Evrópu,
- tilmæli nr. 1663, um heimilisþrældóm,
- ályktun nr. 1378, um evruna, og
- ályktun nr. 1379, um samsetningu fastanefndar (Bureau) Evrópuráðsþingsins.

Stjórnarnefndarfundur, 8. september:
- tilmæli nr. 1670, um internetið og lög,
- tilmæli nr. 1671, um samþykkt bókana við mannréttindasáttmála Evrópu,
- tilmæli nr. 1672, um Þróunarbanka Evrópuráðsins: sameinuð rödd,
- tilmæli nr. 1673, um peningafalsanir,
- tilmæli nr. 1674, um vanda sem blasir við evrópskum ljósvakamiðlum,
- ályktun nr. 1389, um Evrópuráðið og stöðu mála á Norður-Írlandi,

- ályktun nr. 1390, um nýja trúarbragðalöggjöf í Búlgaríu,
- ályktun nr. 1391, um samþykkt bókana við mannréttindasáttmála Evrópu,
- ályktun nr. 1392, um viðskiptasiðferði í Evrópu,
- ályktun nr. 1393, um löggjafarþing og upplýsingasamfélagið,
- ályktun nr. 1394, um mannfjölgunarmál, og
- ályktun nr. 1395, um innihald yfirlýsinga og skýrslubeiðna Evrópuráðsþingsins.

Fjórði hluti þingfundar, 4.–8. október:

- tilmæli nr. 1680, um nýja aðferð við mat á lýðræðisþróun,
- ályktun nr. 1407, um nýja aðferð við mat á lýðræðisþróun,
- tilmæli nr. 1682, um fræðslustefnu í Evrópu,
- tilmæli nr. 1681, um úrræði til að sporna við heimilisofbeldi í Evrópu,
- tilmæli nr. 1683, um mannfjöldaþróun í Evrópu,
- ályktun nr. 1402, um pólitíska stöðu mála í Tétníu,
- tilmæli nr. 1678, um pólitíska stöðu mála í Tétníu,
- ályktun nr. 1403, um stöðu mannréttinda í Tétníu,
- tilmæli nr. 1679, um stöðu mannréttinda í Tétníu,
- ályktun nr. 1405, um framkvæmd ályktunar 1361 og 1374 um skuldbindingar Armeníu á vettvangi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1404, um stöðu tétenskra flóttamanna,
- ályktun nr. 1406, um hækkandi hitastig jarðar,
- ályktun nr. 1401, um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og hið hnattræna hagkerfi,
- ályktun nr. 1400, um hryðjuverkavána í Evrópuráðsríkjum,
- tilmæli nr. 1677, um hryðjuverkavána í Evrópuráðsríkjum,
- ályktun nr. 1397, um lýðræðislegar stofnanir í Serbíu-Svartfjallalandi,
- ályktun nr. 1398, um framkvæmd ályktunar 1358 um skuldbindingar Aserbaídsjan á vettvangi Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1399, um Evrópustefnu í fólksfjöldaþróun,
- tilmæli nr. 1675, um Evrópustefnu í fólksfjöldaþróun,
- tilmæli nr. 1676, um þátttöku kvenna í kosningum, og
- ályktun nr. 1396, um alþjóðaviðskipti og Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Stjórnarnefndarfundur, 25. nóvember:

- tilmæli nr. 1684, um framkvæmd ákvarðana Mannréttindadómstóls Evrópu,
- tilmæli nr. 1685, um hópa fólks sem ekki hafa getað snúið til heimkynna sinna vegna vopnaðra átaka á Balkanskaga,
- tilmæli nr. 1686, um frjálsar ferðir og réttinn til að sameina fjölskyldur,
- tilmæli nr. 1687, um hagnýtingu menningarbundinna þátta í baráttunni gegn hryðjuverkum,
- tilmæli nr. 1688, um tvístraða menningarhópa,
- tilmæli nr. 1689, um veiðimennsku og jafnvægi í umhverfi Evrópu,
- ályktun nr. 1408, um stöðu mála í Vestur-Sahara,
- ályktun nr. 1409, um framlag þingmanna til Stöðugleikasáttmála Suðaustur-Evrópu,
- ályktun nr. 1410, um endurgreiðslur erlends gjaldeyris í Ljubljanska-bankanum á árunum 1977–1991,

- ályktun nr. 1411, um framkvæmd ákvarðana Mannréttindadómstóls Evrópu,
- ályktun nr. 1412, um eftirlitsferli Evrópuráðsþingsins,
- ályktun nr. 1413, um leiðir til að sporna gegn rafmagnsleysi í Evrópu, og
- ályktun nr. 1414, um hópa fólks sem ekki hafa getað snúið til heimkynna sinna vegna vopnaðra átaka á Balkanskaga.

826. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Örlygsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna.

a. Í stað „58,70 kr.“ í 1. tölul. kemur: 41,10 kr.
b. Í stað „52,80 kr.“ í 2. tölul. kemur: 36,90 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nágrannalöndum okkar hafa áfengisgjöldin lækkað verulega síðustu ár. Jafnvel hefur verið talað um dóminóáhrif á Norðurlöndum. Danir lækkuðu áfengisgjald á sterkt áfengi í október 2003 um 45%. 1. mars 2004 lækkuðu Finnar áfengisgjald um 44% á sterkt áfengi, 10% á léttvín og 30% á bjór. Svíar stefna að 40% lækkun áfengisgjalds á þessu ári og Norðmenn hafa lækkað áfengisgjald um 20% síðan 2002. Íslendingar hækkuðu hins vegar áfengisgjald á sterkt áfengi um 15% í desember 2002 og aftur um 7% í nóvember 2004. Þrátt fyrir það er hér aðeins lagt til að lækka gjaldið á léttvín og bjór um 30% en ekki á sterkt áfengi.

Greinilegt er að neysla áfengis er ekki á undanhaldi á Íslandi þrátt fyrir heimsmet í áfengisgjaldi. Rannsóknir sýna að í þeim löndum þar sem áfengisgjald er hátt er mikið um ólöglegt áfengi á borð við heimabrugg og smygl. Sem dæmi má nefna að í könnun sem gerð var fyrir Félag íslenskra stórkaupmanna í desember 2003 kom fram að tæpur fjórðungur landsmanna hafði neytt heimabruggs undanfarna 12 mánuði og 31% fólks á aldrinum 20–29 ára. Þess má auk þess geta að þegar áfengisgjald á sterkt áfengi var hækkað um 15% í desember 2002 jókst magn sterks áfengis sem lagt var hald á um rúmlega 30%. Á höfuðborgarsvæðinu eru jafnframt fimm verslanir starfræktar sem selja víngerðarefni þótt óheimilt sé að brugga vökva á Íslandi með hærra áfengisinnihaldi en 2,25%. Tekjumissir ríkissjóðs getur verið umtalsverður vegna óskráðrar neyslu þótt lítið liggi fyrir um hann eðli máls samkvæmt. Í nágrannalöndum okkar Noregi og Svíþjóð er óskráð neysla í kringum 50% af heildaráfengisneyslunni. Engar nákvæmar tölur eru til hérlendis en áætlað hefur verið að óskráð neysla jafngildi þriðjungi af skráðri neyslu (Fræðslumiðstöð í fíknivörnum 1998).

Ferðamenn kvarta stórum undan háu áfengisverði hér á landi. Verðið hefur slæm áhrif á ferðaþjónustuna. Ráðstefnuhald, árshátíðir erlendra fyrirtækja, óvissuferðir og fleira sem byggir upp íslenska ferðaþjónustu geldur alvarlega fyrir álagningu ríkissjóðs á áfengi.

Fjölmörg nýleg dæmi frá nágrannalöndunum sanna að þrátt fyrir lækkun áfengisgjalds

þurfa tekjur ríkissjóðs ekki að skerðast. Danir sem lækkuðu áfengisgjald á sterkt áfengi um 45% í desember 2003 hafa þegar náð sömu tekjum í ríkissjóð og áður þar sem óskráð neysla hefur stórlega minnkað. Í Sviss var áfengisgjald lækkað um 50% árið 1999. Engu að síður jukust tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi í Sviss um 10% milli áranna 1998 og 2000. Svipaða sögu má segja frá Noregi og fleiri ríkjum. Óskráð neysla áfengis heggur töluvert í tekjurnar en dæmin sanna að mikil fylgni er á milli smygls á áfengi og gjalda ríkissjóðs.

Með lækkun áfengisgjalds á léttvín og bjór sem lögð er til í þessu frumvarpi er ekki einungis tryggt að ferðaþjónustan fái vind í seglin heldur má líka færa sterk rök fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist eftir slíka breytingu. Talsmenn ferðaþjónustunnar hafa margsinnis bent á mikilvægi málsins á umliðnum árum en að sögn þeirra munu tekjur og umsvif ferðaþjónustunnar aukast til muna ef lækkun áfengisgjalds nær fram að ganga. Að sjálfsögðu má ætla að samhliða slíkum breytingum í ferðaþjónustunni aukist tekjur ríkissjóðs. Í lokin er vert að minnast á umfang óskráðrar neyslu. Miðað við reynslu nágrannaríkjanna minnkar hún til muna samhliða lækkun áfengisgjalds. Því má ætla að skráð og lögleg neysla aukist og þá um leið tekjur ríkissjóðs.

Áfengisgjöld í kr. á Íslandi, í ESB-ríkjum og ríkjum sem hafa sótt um aðild að ESB.

	Lítri af sterku áfengi, 40%	Lítri af léttvíni, 11%	Lítri af bjór, 5%
Austurríki	342,0	0,0	22,0
Belgía	568,0	46,0	18,0
Búlgaría	88,0	15,0	3,0
Bretland	1.066,0	239,0	81,0
Danmörk	667,0	92,0	40,0
Eistland	317,0	65,0	15,0
Finnland	970,0	207,0	86,0
Frakkland	496,0	3,0	11,0
Þýskaland	447,0	0,0	8,0
Grikkland	323,0	0,0	12,0
Holland	609,0	57,0	21,0
Írland	1.348,0	263,0	85,0
Ísland	2.646,0	462,0	161,0
Ítalía	220,0	0,0	15,0
Kýpur	71,0	0,0	19,0
Lettland	316,0	49,0	9,0
Litháen	317,0	42,0	9,0
Lúxemborg	356,0	0,0	8,0
Malta	829,0	0,0	8,0
Pólland	369,0	32,0	18,0
Portúgal	302,0	0,0	13,0
Rúmenía	37,0	6,0	5,0
Slóvakía	205,0	0,0	8,0
Spánn	254,0	0,0	8,0
Svíþjóð	1.891,0	208,0	69,0
Tékkland	263,0	0,0	0,4
Tyrkland	1.183,0	123,0	54,0

	Lítri af sterku áfengi, 40%	Lítri af léttvíni, 11%	Lítri af bjór, 5%
Ungverjaland	235,0	2,0	16,0
Meðalverð í ESB	597,7	68,3	29,4
Staðalfrávik	587	111,2 kr.	36,4 kr.
Fervik			24,23 kr.







Áfengisneysla í Danmörku í alkóhóllítrum samkvæmt upplýsingum um gjöld frá skattyfirvöldum.

	Fyrri helmingur ársins 2003	Fyrri helmingur ársins 2004	Hlutfall
Bjór	11.855.283	11.102.515	93,7%
Léttvín	9.624.537	9.393.732	97,6%
Sterkt áfengi	2.693.266	3.609.126	134,0%
Samtals	24.173.086	24.105.373	99,7%

Gjöld á sterkt áfengi í Danmörku m.v. 35% lækkun.

70 cl 40%		Danmörk 1. jan. 2004	Verð í Þýskalandi	M.v. 35% lækkun áfengisgjalds
Gengi evru	7,44	100,00		
Heildarverð	evrur	13,44	9,95	10,95
Virðisaukaskattur	25%	2,69	1,37	2,19
Verð til neytenda án vsk.	evrur	10,75	8,58	8,76
Flöskugjald í evrum	1,60	0,22	0,04	0,22
Verð til neytenda að frádegnu flöskugjaldi	evrur	10,54	8,54	8,54
Áfengisgjald (sterkt áfengi)	evrur	5,65	3,65	3,65
Verð til neytenda að frádegnum gjöldum	evrur	4,89	4,89	4,89
		58% af rúmmáli		80% af rúmmáli
Alkóhóllítrar		6.995.033		9.648.321
Tekjur ríkisins af vsk.	d. kr.	499.645.214		561.193.235
Tekjur ríkisins af flöskugjaldi	d. kr.	39.971.617		55.133.265
Tekjur ríkisins af áfengisgjaldi	d. kr.	1.049.254.950		935.991.927
Tekjur ríkisins alls	**d. kr.**	**1.588.871.781**		**1.552.318.427**
Tekjuaukning	**d. kr.**			**(36.553.355)**

Útreikningar fyrir tólf mánaða tímabil m.v. selda áfengislítra í Danmörku 2003. Gert er ráð fyrir að þeir verði 58% af neyslunni 2004.
Áfengisgjald upp á 3,65 evrur samsvarar 97,00 dönskum krónum á alkóhóllítra.
Aukin sala er eingöngu tilkomin vegna tilfærslu frá landamæraverslun til Danmerkur og ekki aukinnar neyslu.

827. Fyrirspurn [548. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun veggjalds í Hvalfjarðargöngum.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Með hvaða hætti telur ráðherra að ríkið eigi að taka þátt í lækkun veggjalda í Hvalfjarðargöngum?

828. Fyrirspurn [549. mál]

til viðskiptaráðherra um fasteignir í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hversu margar fasteignir, þ.e. íbúðir annars vegar og lóðir hins vegar, eru skráðar í veðmálabækur sem eign viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem starfa eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sundurliðað eftir fyrirtækjum og þeim embættum sem annast slíkar skráningar?

Skriflegt svar óskast.

829. Svar [502. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vinnu útlendinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er fyrirhugað aukið samstarf Schengen-ríkjanna til þess að hindra brot á vinnulöggjöf ríkjanna?*
2. *Er fyrirhugað aukið eftirlit við komu til landsins til að hindra brot á vinnulöggjöfinni? Ef svo er, í hverju felst það?*
3. *Hvernig er eftirliti lögreglu háttað varðandi útlendinga sem dveljast og vinna hér á landi og hver hefur árangurinn verið?*
4. *Hversu mörg dvalarleyfi hafa verið gefin út hér á landi síðustu tíu ár og hvernig skiptist fjöldinn milli þjóðerna?*
5. *Eru fyrirhugaðar aðgerðir hjá lögreglu til að fylgjast með hvort farið sé að lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga? Ef svo er, hverjar eru þær?*

1. Á vettvangi Schengen-samstarfsins hefur verið gripið til ráðstafana gegn ólöglegum innflutningi fólks á Schengen-svæðið. Samstarf á þessu sviði mun aukast enn frekar á næstu árum, enda eru mál þessi í brennidepli víðast hvar í Evrópu. Brot á vinnulöggjöf ríkjanna fellur á hinn bóginn alfarið utan þess ramma sem Schengen-samstarfinu hefur verið settur.

2. Umfang brota á vinnulöggjöfinni hefur ekki verið kannað með þeim hætti að unnt sé að fullyrða eitthvað um umfang og eðli brotanna. Þó virðist sem langstærstur hluti þeirra mála sem upp koma eða spurnir berast af snúist um atvinnuþátttöku fólks frá nýju ESB-ríkjunum tíu. Þetta fólk hefur þá réttarstöðu að það getur ferðast löglega til landsins sem ferðamenn. Þar sem fólkið ferðast innan Schengen-svæðisins er ekki heimilt að framkvæma sérstakt landamæraeftirlit við komuna til Íslands nema í ákveðnum sérgreindum tilvikum. Þess vegna er ekki hægt að kanna kerfisbundið hver tilgangur dvalar viðkomandi er hérlendis eða hvernig högum hans er háttað (fjárhagur, húsnæði). Því er ekki raunhæft að taka á þessu vandamáli nema að mjög takmörkuðu leyti við landamæragæslu. Vakni grunur um að ferðamenn ætli sér að vinna hér á landi, án þess að fyrir liggi gögn því til staðfestingar, hefur

lögregla á innri landamærum leiðbeint viðkomandi um þær reglur sem gilda um atvinnuþátttöku hérlendis, auk þess sem lögregluyfirvöldum í viðkomandi umdæmi hefur verið gert viðvart ef talið er líklegt að ætlunin sé að vinna þar ólöglega. Þótt langstærstur hluti þessa fólks sé frá nýju aðildarríkjunum tíu má ekki gleyma öðrum þeim sem njóta áritunarfrelsis og komast inn á Schengen-svæðið í skjóli þess frelsis þrátt fyrir að tilgangur þeirra sé að vinna.

Gagnvart fólki frá ríkjum utan Evrópu er reynt að halda uppi öflugu eftirliti sem felst í að kanna lögmæti komu þess, þ.e. að kanna hver sé tilgangur komunnar, hvernig fjárhag viðkomandi er háttað og hvar hann muni dveljast. Ætíð er nokkuð um að fólki sé vísað frá á landamærunum þegar það getur ekki gert nægilega glögga grein fyrir tilgangi dvalar sinnar á Íslandi.

3. Eftirlit með útlendingum er í höndum lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal sjá um að lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga sé framfylgt. Vægi þessa eftirlits í störfum lögreglunnar hefur stöðugt aukist samhliða því sem reynsla eykst við úrlausn þeirra. Lögregla fer oftar en áður á vinnustaði og athugar hvort ólögleg atvinnustarfsemi sé stunduð. Þegar þetta eftirlit tók að eflast (eftir 1999) var ólöglegt vinnuafl helst að finna á næturklúbbum og í fiskiðnaði á höfuðborgarsvæðinu. Nú finnst ólögmætt vinnuafl varla á fyrrgreindum stöðum og verður að ætla að það megi rekja til þess að eftirlitið varð skilvirkara og lögreglumenn meðvitaðri um réttarheimildir til eftirlitsins. Þannig hefur skilvirkt eftirlit þegar skilað árangri. Að sögn lögreglumanna nú er ólöglegt vinnuafl einkum að finna í byggingariðnaði. Mat ráðherra er að eftirlitið þurfi að efla enn frekar og fylgja beri þessum málum fastar eftir þegar grunur vaknar um refsiverða háttsemi.

4. Fjöldi dvalarleyfa sem gefin hafa verið út sl. fjórtán ár birtast í töflu hér að neðan. Þessar tölur er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar ásamt fleiri tölfræðilegum upplýsingum er varða útlendinga.

Veitt dvalarleyfi 1990–2003.

	Ný leyfi	Framlengingar	Alls
1990	1.047	1.053	2.100
1991	1.053	1.083	2.136
1992	491	1.116	1.607
1993	417	1.264	1.681
1994	494	1.154	1.648
1995	554	1.087	1.641
1996	1.539	477	2.016
1997	1.751	1.039	2.790
1998	1.845	1.337	3.182
1999	2.333	2.243	4.576
2000	2.833	2.931	5.764
2001	2.753	3.772	6.515
2002	1.656	4.192	5.848
2003	1.372	3.763	5.135

Veitt dvalarleyfi 1990–2003.



Veitt ný dvalarleyfi 1990–2003.



Veitt framlengd dvalarleyfi 1990–2003.



Áreiðanlegar upplýsingar um ríkisfang dvalarleyfishafa ná einvörðungu til ársins 2004. Ástæður þessa eru þær að Útlendingastofnun tók á haustmánuðum ársins 2003 í notkun nýtt tölvukerfi sem leysti eldra kerfi af hólmi. Við gagnaflutning milli þessara ólíku tölvukerfa reyndist ekki unnt að flytja traustar tölulegar upplýsingar um ríkisfang þeirra sem hér fengu útgefið dvalarleyfi fram til ársins 2003. Athugun innan Útlendingastofnunar hefur leitt í ljós að samsetning þessa hóps eftir ríkisfangi hefur ekki tekið verulegum breytingum síðustu ár.

Á eftirfarandi töflu má sjá hvernig fjöldi útgefinna leyfa skiptist eftir þjóðernum árið 2004. Þar er greint frá heildarfjölda leyfa og síðan þeim 14 ríkjum sem flestir leyfishafar komu frá.

Ríkisfang	2004
CN	344
DE	244
IT	220
LT	364
PH	449
PL	1200
PT	712
RU	142
SK	113
TH	294
UA	88
US	1172
VN	166
YU	333
Samtals:	7510



Landakóðar:

CN Kína	RU Rússland
DE Þýskaland	SK Slóvakía
IT Ítalía	TH Taíland
LT Litháen	UA Úkraína
PH Filippseyjar	US Bandaríkin
PL Pólland	VN Víetnam
PT Portúgal	YU Júgóslavía (Serbía og Svartfjallaland)

5. Ráðuneytið hefur á síðustu vikum rætt við fulltrúa ríkislögreglustjóra og lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu hvernig best sé að framfylgja lögum um atvinnuþátttöku útlendinga. Ákveðið hefur verið að Útlendingastofnun sendi lögreglustjórum mánaðarlega lista yfir handhafa þeirra dvalarleyfa sem renna út í þeim mánuði og lögregla fylgi því eftir að viðkomandi hverfi af landi brott en hefji ekki ólöglega atvinnuþátttöku. Þá hafa komið fram tillögur um að endurskoða gildistíma skattkorta útlendinga í tímabundinni dvöl þannig að þau taki mið af gildistíma dvalarleyfa. Enn fremur hefur verið rætt um að fjarlægja nöfn útlendinga af þjóðskrá þegar löglegri dvöl þeirra lýkur. Síðastnefndu aðgerðirnar eru á verksviði fjármálaráðuneytis og Hagstofu Íslands. Þá er til skoðunar að fella mál í auknum mæli í þann farveg að þeim ljúki með lögreglustjórasátt um sektargreiðslu en tilgangurinn með því er einkum sá að gera lögreglustjórum kleift að sinna fleiri brotamálum en ella. Það er að mati ráðherra brýnt að tryggja að þeir sem nýta útlendinga í atvinnustarfsemi í trássi við lög og rétt séu látnir sæta ábyrgð vegna þess.

830. Skýrsla [550. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2004.

1. Inngangur.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfsstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur ráðið saman til nefndarfunda fjórum sinnum á ári og skipuleggur árlegar þemaráðstefnur þar sem rætt er eitt tiltekið málefni, svo sem umhverfismál, menningarmál og öryggismál. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af 7 alþingismenn. Hvert hinna ríkjanna fjögurra (ásamt sjálfsstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert ríki skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn, um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um framkomnar tillögur og sendir þingið frá sér tilmæli til ráðherranefndar. Á Norðurlandaráðsþinginu gefa samstarfsráðherrar Norðurlanda þinginu skýrslu og svara fyrirspurnum. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandasamvinnunnar. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í upphafi starfsársins 2004 skipuðu Íslandsdeildina Jónína Bjartmarz, formaður, þingflokki Framsóknarflokks, Rannveig Guðmundsdóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigríður A. Þórðardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Gunnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Þann 28. janúar var sú breyting gerð að Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti varamanns í stað Þorgerðar K. Gunnarsdóttur.

Ný Íslandsdeild var kosin 1. október við upphaf 131. þings. Ein breyting var á skipan aðalmanna þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir tók við af Sigríði A. Þórðardóttur. Þær breytingar urðu á varamönnum að Kjartan Ólafsson tók við af Arnbjörgu Sveinsdóttur og Siv Friðleifsdóttir tók sæti Kristins H. Gunnarssonar. Á fundi Íslandsdeildar þann 7. október var Jónína Bjartmarz kjörin formaður deildar og Drífa Hjartardóttir varaformaður. Stígur Stefánsson alþjóðaritari gegndi starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á starfsárinu 2004.

2.2. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Á 55. þingi Norðurlandaráðs í Ósló 27.–29. október 2003 var kosið í nefndir fyrir starfsárið 2004 og varð nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz áttu sæti í forsætisnefnd. Í efnahags- og viðskiptanefnd sátu Drífa Hjartardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Sigríður A. Þórðardóttir sat í velferðarnefnd. Í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd áttu sæti Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson og var hann jafnframt varaformaður nefndarinnar. Sigurður Kári sat einnig í eftirlitsnefnd. Þegar Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti í Íslandsdeildinni í stað Sigríðar A. Þórðardóttur tók hún jafnframt sæti Sigríðar í velferðarnefnd.

Auk nefndarsetu sátu fulltrúar Íslandsdeildar í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs, auk þess sem þeir sátu í stjórnum stofnana og ráða tilnefndir af Norðurlandaráði. Arnbjörg Sveinsdóttir sat í vinnuhópi um strandveiðar á vegum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Rannveig Guðmundsdóttir gegndi stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá Þingmannanefnd um norðurskautsmál. Rannveig gegndi enn fremur formennsku í stjórn Norræna menningarsjóðsins. Þuríður Backman sat í stjórn norrænnar samstarfsmiðstöðvar um málefni fatlaðra og Jónína Bjartmarz átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans.

2.3. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar fimm sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum, þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá, svo og gagnkvæm upplýsingaskipti fulltrúa Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs. Þá voru febrúarfundir Norðurlandaráðs sem fram fóru í Reykjavík undirbúnir (sjá 5.1.). Töluvert var rætt um eftirfylgni við tilmæli Norðurlandaráðs en eftir breytingarnar á skipulagi ráðsins sem tóku gildi 1. janúar 2002 hefur verið lögð áhersla á nánari tengsl við þing ríkjanna og hlutverk landsdeilda við að fylgja tilmælum eftir heima í héraði. Voru tilmæli Norðurlandaráðs send til viðkomandi fastanefnda Alþingis. Hugmyndin að baki þessari ráðstöfun er sú að fastanefndirnar fái tilmælin til upplýsingar og geti jafnframt fylgt þeim eftir í löggjafarstarfi þegar við á. Þá var á fundum Íslandsdeildar rætt um skipan fulltrúa Íslandsdeildar í nefndir Norðurlandaráðs og nauðsyn þess að Íslandsdeild fengi fulltrúa í sem flestum af hinum fimm málefnanefndum Norðurlandaráðs. Framboðsmál Íslandsdeildar til forseta og varaforseta Norðurlandaráðs árið 2005 voru rædd á fundi Íslandsdeildar í september og var samþykkt samhljóða að Rannveig Guðmundsdóttir yrði forsetaefni og Jónína Bjartmarz varaforsetaefni.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Valgerði Sverrisdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, og fór hann fram í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu 11. október. Fundurinn var haldinn í aðdraganda 56. Norðurlandaráðsþings og var þingið sjálft, formennska Íslands innan Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2004, og áherslur í starfsáætlun Norðurlandaráðs árið 2005 helstu umræðuefnin. Ráðherra skýrði frá því hvað úr formennskuáætlun Íslands sem bar nafnið „Auðlindir Norðurlanda – Lýðræði, menning, náttúra“ mundi bera hæst á þinginu. Nefndi ráðherra m.a. Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi, úttekt á samgöngumálum

Vestur-Norðurlanda og hugmyndir um grannsvæðasamstarf með nágrannaríkjum Norðurlanda í vestri. Þá nefndi ráðherra áframhaldandi starf til að afnema landamærahindranir og vinnu svonefndrar lýðræðisnefndar ráðherranefndarinnar sem skoðað hefur þróun lýðræðis á tímum hnattvæðingar og hraðra framfara í upplýsingatækni. Jónína Bjartmarz kynnti áherslumál Norðurlandaráðs fyrir starfsárið 2005 en fjögur þemu hafa verið sett á oddinn:

- áframhaldandi vinna að afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum með áherslu á hindranir sem varða atvinnulífið;
- að styrkja norrænt samstarf og hlutverk þess í nýrri Evrópu;
- að mynda brú á milli ESB/ESS-svæðisins og Rússlands;
- og styðja við sjálfbæra þróun á Vestur-Norðurlöndum, norðurskautssvæðinu og á Barentssvæðinu.

Hver málefnanefnd Norðurlandaráðs skilgreinir svo forgangsmál sín út frá þessum fjórum þemum.

Íslandsdeild þáði boð Norðurlandaráðs um að senda þingmenn á ýmsar alþjóðaráðstefnur fyrir hönd ráðsins á starfsárinu 2004. Sóttu íslenskir þingmenn þær ráðstefnur sem fulltrúar sérstakra sendinefnda Norðurlandaráðs. Á meðal þeirra viðburða sem þingmenn Íslandsdeildar sóttu má nefna Eystrasaltsráðstefnuna í Bergen, Þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál í Nuuk, Norræna daga í þýska þinginu í Berlín og Eystrasaltsþingið í Ríga. Þingmenn Íslandsdeildar sóttu einnig ráðstefnur á vegum sinna nefnda í Norðurlandaráði og er þess getið að aftan í umfjöllun um hverja nefnd fyrir sig.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 28. júní og var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga samanlagt 90 þús. dkr. Alls bárust níu umsóknir og ákvað Íslandsdeildin að veita sex umsækjendunum styrk. Arnar Páll Hauksson, Áskell Þórisson, Helgi Þorsteinsson, Steingerður Ólafsdóttir og Þröstur Haraldsson hlutu 16.500 dkr. hver og Þorsteinn Gunnarsson hlaut 7.500 dkr.

Haukur Tómasson tónskáld hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 (sjá nánar 4. kafla). Af því tilefni stóð Íslandsdeild Norðurlandaráðs í samvinnu við hóp íslenskra tónlistarmanna og Þjóðmenningarhúsið fyrir dagskrá til heiðurs verðlaunahafanum sem fram fór í Þjóðmenningarhúsinu að kvöldi 17. nóvember. Þar var tónlist Hauks leikin og m.a. boðið upp á frumflutning á nýju kórverki. Jónína Bjartmarz, formaður Íslandsdeildar, hélt hátíðarræðu, Matthías Johannessen skáld las eigið ljóð og Árni Heimir Ingólfsson hélt fyrirlestur um tónlist Hauks.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Af hálfu Íslandsdeildar sátu Jónína Bjartmarz og Rannveig Guðmundsdóttir í forsætisnefnd. Sænski þingmaðurinn Gabriel Romanus gegndi embætti forseta Norðurlandaráðs á árinu og er hann úr flokkahópi miðjumanna.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 2004, líkt og áður hafði verið gert. Eftir breytingarnar á nefndakerfi Norðurlandaráðs sem tóku gildi árið 2002 er aukin áhersla lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndar, þar á meðal friðargæslu og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES,

ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri stofnanir. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd hélt sjö fundi á árinu en auk þess fóru fram sameiginlegir fundir nefndarinnar og ýmissa aðila, m.a. hefðbundnir fundir nefndarinnar með norrænu forsætisráðherrunum og utanríkisráðherrunum á þingi Norðurlandaráðs. Af helstu málum sem forsætisnefnd fjallaði um, fyrir utan hefðbundin störf, má nefna framtíðarskipulag norræns samstarfs og viðræður við norrænu þingforsetanna um þau mál. Viðræður við norrænu þingforsetana um stöðu og framtíð norræns samstarfs hófust þegar fulltrúar forsætisnefndar Norðurlandaráðs gengu á fund forsetanna í tengslum við árlegan samráðsfund þeirra í Ósló 24. maí. Þar voru ræddar leiðir til þess að tryggja nánari tengsl milli Norðurlandaráðs og þjóðþinganna, t.d. með aukinni samvinnu og upplýsingamiðlun á milli málefnanefnda Norðurlandaráðs og tilsvarandi fastanefnda þjóðþinganna. Þá var rætt hvernig tryggja mætti skilvirkni í starfsemi ráðsins sem veitti því sveigjanleika þannig að það gæti brugðist hratt við breytingum á pólitísku umhverfi sínu. Þá var hlutverk Norðurlandaráðs í þingmannasamstarfi í N-Evrópu rætt. Miklar breytingar hafa verið á pólitísku landslagi N-Evrópu, nú síðast með stækkun ESB 1. maí 2004, og því þarf að aðlaga skipulag alþjóðlegs þingmannasamstarfs að breyttum aðstæðum. Í því sambandi var nefnt hve mörg þingmannasamtök starfa á svæðinu og lýstu forsetarnir áhyggjum af því að svo fjölbreytt stofnanaflóra gæti leitt til óskilvirkni og tvíverknaðar. Mætti sjá fyrir sér að ráðið tæki að sér samræmingarhlutverk milli þingmannasamtaka á svæðinu.

Í framhaldi af fundinum var sérstökum framtíðarhópi komið á innan Norðurlandaráðs til að gera úttekt á þingmannasamstarfi í norðanverðri Evrópu. Var m.a. litið til þess hvernig tekist hefur til með þingmannasamvinnu Norðurlandaráðs við Eystrasaltsþingið, Eystrasaltsráðstefnuna og Þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál. Vinnuhópinn skipuðu eftirtaldir Norðurlandaráðsliðar: Gabriel Romanus og Kent Olsson frá Svíþjóð, Outi Ojala og Arja Alho frá Finnlandi, Inge Lønning frá Noregi, Jens Christian Larsen frá Danmörku og Rannveig Guðmundsdóttir. Hópurinn hélt nokkra fundi og undirbjó útspil Norðurlandaráðs til norrænu þingforsetanna fyrir fund með þeim á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Varðandi aukna skilvirkni lagði framtíðarhópurinn til að tvær breytingar verði gerðar á fundaáætlun ráðsins. Annars vegar að Norðurlandaráðsþing verði fært og haldið á vorin í stað hausts til að þinghald rekist ekki á við fjárlagagerð í þjóðþingunum. Hins vegar verði sameiginlegum fundum málefnanefnda og flokkahópa utan Norðurlandaráðsþings fækkað úr fjórum í þrjá. Þar með mundi skapast svigrúm og sveigjanleiki til þess að beina kröftum í átt að auknu samstarfi við fastanefndir þjóðþinganna og/eða samstarfsverkefnum í N-Evrópu.

Ýmsar hugmyndir að endurskipulagningu þingmannasamstarfs í N-Evrópu hafa verið nefndar og ræddi framtíðarhópurinn möguleika á því að Norðurlandaráð tæki að sér sérstakt samræmingarhlutverk milli stofnana á svæðinu. Jafnframt var lögð áhersla á að varðveita það sem er einstakt við ráðið sem er hið nána samstarf við ríkisstjórnirnar. Ráðherrar eru meðlimir ráðsins og bera ábyrgð gagnvart þingmönnum. Þannig hafa þingmenn í ráðinu margvísleg formleg réttindi gagnvart ríkisstjórnunum sem er einstakt í alþjóðlegu þingmannasamstarfi og jafnframt helsti styrkur ráðsins. Afar litlar líkur eru taldar á að breiðari þingmannasamtök í N-Evrópu gætu náð slíku samstarfi við ríkisstjórnirnar. Hvað varðar hið mögulega samræmingarstarf, þá var vitnað til þess að ráðið hefur reynslu af slíku þar sem það ýtti norðurskautssamstarfinu úr vör og sér um skipulagningu og skrifstofu Eystrasalts-

ráðstefnunnar. Eystrasaltsráðstefnan er þingmannaráðstefna sem haldin er einu sinni á ári með þátttöku þingmanna frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Þýskalandi og Rússlandi.

3.2. Menningar- og menntamálanefnd.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti. Enginn íslenskur fulltrúi sat í nefndinni á starfsárinu 2004.

Á starfsárinu beindi menningar- og menntamálanefnd m.a. sjónum sínum að líftækni, gæðastjórnun í skólastarfi, fullorðinsfræðslu og norrænni menningarpólitík. Nefndin stóð fyrir ráðstefnu um gæði í grunnskólum á Norðurlöndum í tengslum við febrúarfundi Norðurlandaráðs hér á landi. Norðurlöndin er oft nefnd sem fyrirmynd annarra landa í alþjóðlegum könnunum. Þrátt fyrir það er oft mikið um harða sjálfsgagnrýni innan einstakra Norðurlanda þegar skólastarf er annars vegar. Þessi þversögn varð til þess að ráðstefnan bauð upp á líflegar umræður og mikinn vilja manna til að læra hver af öðrum. Þátttakendur voru meira en 100 frá öllum Norðurlöndunum og sjálfsstjórnarsvæðunum og voru menn sammála um að margt mætti betur fara hvað varðar gæði þeirrar vinnu sem fram fer. Sérstaklega er mikilvægt að þróa aðferðir til að meta gæði, auk þess að bæta samspil heimilis og skóla.

3.3. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd voru Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sem gegndu jafnframt stöðu formanns og varaformanns nefndarinnar. Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Á starfsárinu vann nefndin tillögur um norræna skattstofu, opinn hugbúnað og opna hugbúnaðarstaðla í upplýsingatæknistefnu Norðurlanda. Einnig vann nefndin tillögu um norræna skattaráðstefnu sem beindi sjónum að lausn vandamála og hindrana sem einstaklingar og fyrirtæki mæta vegna mismunandi skattalöggjafar á Norðurlöndum. Þá vann nefndin tillögu um að halda sameiginlega vinnumarkaðsráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna en aðild Eystrasaltsríkjanna að ESB mun auka mjög flæði á milli vinnumarkaða þessara landa. Þeirri ráðstefnu er ætlað að vera framhald á ráðstefnu um vinnumarkaðssamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem haldin var í Stokkhólmi 31. ágúst og Drífa og Steingrímur sóttu fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við áherslur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar á málefni Vestur-Norðurlanda árið 2004 ákvað efnahags- og viðskiptanefnd að helga sumarfund sinn vestnorrænum málum, sér í lagi samgöngu- og byggðamálum. Sumarferð nefndarinnar var farin til Færeyja og Íslands 10.–14. ágúst. Í Færeyjum átti nefndin fund með efnahagsnefnd færeyska þingsins um þróun atvinnumála eyjanna og var þingmaðurinn Henrik Old í forsvari fyrir Færeyinga. Þá átti nefndin kynningarfundi með forstjóra færeyska símans, Andrass Róni, um stöðu fjarskiptamála í Færeyjum. Nefndarmenn kynntu sér gerð jarðganga undir sjó á fundi og í skoðunarferð með Dávið Reinert Hansen, forstjóra Vágagangna og Norðureyjaganga. Þá átti nefndin fund með Óla Hammer, forstjóra rekstrarfélags ferjunnar Norrænu, um stöðu farþegasamgangna á sjó og sigldi því næst með Norrænu til Íslands. Eftir komuna

til Seyðisfjarðar voru virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka skoðaðar og að því loknu var boðið upp á skoðunarferð um Norðurland. Á Akureyri var Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri heimsótt. Rektor Háskólans á Akureyri, Þorsteinn Gunnarsson, kynnti starfsemi skólans stuttlega en því næst gerðu Hjalti Jóhannesson og Jón Þ. Heiðarsson grein fyrir drögum að úttekt á flug- og skipasamgöngum á Vestur-Norðurlöndum sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina að frumkvæði íslensku formennskunnar. Elín Árnadóttir kynnti norræna úttekt á stöðu atvinnumarkaða á norrænum jaðarsvæðum og Grétar Þór Eyþórsson gerði grein fyrir samanburðarrannsókn á starfsskilyrðum smárra sveitarfélaga á Íslandi, Færeyjum og Álandseyjum. Efnahags- og viðskiptanefnd heimsótti einnig Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Þar tóku Joan Nymand Hansen og Jón Haukur Ingimundarson á móti nefndinni. Joan flutti fyrirlestur um efnahagsþróun á norðurskautssvæðinu m.a. út frá skýrslu Norðurskautsráðsins um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum en Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sá um ritstjórn skýrslunnar sem alþjóðlegt teymi vísindamanna tók þátt í að semja.

3.4. Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd voru Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson og var hann jafnframt varaformaður nefndarinnar. Nefndin annast málefni sem varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd lagði áherslu á orkumál á starfsárinu og vann tillögu um frekari samræmingu á norrænum flutningskerfum fyrir rafmagn til að tryggja aukið dreifingaröryggi og skilvirkni. Þá gekkst nefndin fyrir stórri þríhliða orkumálaráðstefnu í Ósló 11. desember í samvinnu við Eystrasaltsþingið og Beneluxþingið. Á ráðstefnunni var rætt um pólitískar og efnahagslegar leiðir til að tryggja öruggt framboð sjálfbærra orkugjafa. Á starfsárinu stóð nefndin fyrir stuttum málstofum um gildi og framtíð norræna umhverfissáttmálans, samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði umhverfismála, og umsjón og eftirlit með villtum rándýrastofnum á Norðurlöndum. Þá fjallaði nefndin um vistvænar landbúnaðarvörur á Norðurlöndum og vann tillögu um að leita leiða til að auka dreifingu vistvænna matvæla á norrænum mörkuðum.

Á septemberfundum Norðurlandaráðs á Álandseyjum efndi umhverfis- og náttúruauðlindanefnd til málstofu um örugga meðhöndlun og flutning kjarnorkuúrgangs. Á málstofunni kom m.a. fram að á næstu fimm árum mun úrgangur frá kjarnorkuverum í Svíþjóð og Noregi verða um 10.000 tonn. Það verður erfiðleikum bundið að flytja úrganginn á öruggan hátt um Evrópu og Rússland og snýst vandinn fyrst og fremst um að finna farartæki sem geta flutt úrganginn á öruggan hátt. Bellona-umhverfisverndarsamtökin norsku vilja því að innflutningur og útflutningur kjarnorkuúrgangs verði bannaður. Peter Wikberg frá Umsýslustöð kjarnorkueldsneytis í Svíþjóð lýsti áætlunum Svía um að byggja geymslu djúpt í jörðu fyrir kjarnorkuúrgang annaðhvort í Oskarhamn eða í Forsmark árið 2008.

Í samræmi við áherslur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar á málefni Vestur-Norðurlanda árið 2004 hélt umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sumarfund sinn á Grænlandi. Þema fundarins var náttúruvernd, úrgangur og lifandi auðlindir og átti nefndin m.a. fund með umhverfisnefnd grænlenska þingsins um þessi mál.

Ásta R. Jóhannesdóttir sótti tvær ráðstefnur Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun fyrir hönd umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Ásta var einnig fulltrúi nefndarinnar á ársfundi NAMMCO sem fram fór í Færeyjum í byrjun mars.

Á starfsárinu kom umhverfis- og náttúruauðlindanefnd á fót vinnuhópi til að skipuleggja

ráðstefnu um framtíðarhorfur strandveiða á Norðurlöndum. Arnbjörg Sveinsdóttir sem sat í nefndinni sem varamaður tók sæti í vinnuhópnum og er fyrirhugað að ráðstefnan fari fram í byrjun apríl 2005.

3.5. Velferðarnefnd.

Í upphafi árs var Sigríður A. Þórðardóttir fulltrúi Íslandsdeildar í velferðarnefnd en hinn 22. september tók Arnbjörg Sveinsdóttir sæti hennar. Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, börnum og unglingum, og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Á árinu 2004 fjallað nefndin m.a. um samstarf við Eystrasaltsríkin um forvarnir í áfengismálum. Þau mál komu til umræðu á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs í Helsinki í apríl í sérstakri málstofu um lýðheilsu og heilbrigðismál. Í umræðum var rætt um sjúkdóma sem tengjast lífsstíl, svo sem áfengissýki og vímuefnafíkn, auk þess sem áhersla var lögð á baráttu gegn smitsjúkdómum eins og berklum og eyðni í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi.

Sumarfundur nefndarinnar fór fram í Danmörku og var helgaður umbótum á skipulagi sveitarfélaga á Norðurlöndum. Öll löndin hafa verið að ganga í gegnum umbreytingar á þessu sviði þar sem nokkur flutningur hefur verið á verkefnum á milli ríkis og sveitarfélaga og/eða annarra stjórnsýslustiga. Hlýddi nefndin á fyrirlestra um skilyrði danskra sveitarfélaga og fyrirhugaðar umbætur á sveitarstjórnarstiginu í Danmörku sem bæði fela í sér flutning verkefna til sveitarfélaga og röð sameiningar sveitarfélaga sem á að skila færri en stærri og sterkari sveitarfélögum.

Vinnuhópur velferðarnefndar um málefni barna og ungmenna starfaði árin 2003–2004. Hópurinn hefur unnið að úttekt á stöðu barna og ungmenna á Norðurlöndum, í Eystrasaltslöndunum og í Norðvestur-Rússlandi. Í því skyni hefur hópurinn m.a. heimsótt löndin og skoðað skýli og neyðarmóttöku fyrir götubörn, barnaheimili og barnaspítala auk þess sem nefndin átti fund með fulltrúum hjálparsamtaka sem beita sér fyrir málefnum barna. Ætlunin er að gefa velferðarnefnd mynd af aðgerðum norrænna stjórnvalda og þjóðþinga á þessu sviði, og koma með tillögur að því hvernig Norðurlandaráð getur unnið að því að ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði virk og virt í Eystrasaltslöndunum og Norðvestur-Rússlandi.

3.6. Borgara- og neytendanefnd.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum. Enginn fulltrúi Íslandsdeildar sat í nefndinni starfsárið 2004.

Nefndin beindi sjónum sínum að ýmsum sviðum á starfsárinu, t.d. breyttum aðstæðum varðandi mansal og baráttu gegn því eftir stækkun ESB, jafnréttismálum út frá sjónarhóli karla og aðstæðum og samstarfi við frumbyggja á Barentssvæðinu. Hvað hið síðastnefnda varðar vann nefndin tillögu um að Norræna ráðherranefndin styddi frumbyggja sérstaklega í samstarfi við Norðvestur-Rússland og að ráðherranefndin ynni með samtökum Sama við að greina landamærahindranir sem Samar verða fyrir á Norðurlöndum.

Sumarfundur borgara-og neytendanefndar var haldinn á Ísafirði. Þar sem enginn Íslendingur var í nefndinni sótti Jónína Bjartmarz, formaður Íslandsdeildar, fund nefndarinnar og var í hlutverki gestgjafa. Á fundinum kynnti Níels Einarsson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar vinnu að skýrslu Norðurskautsráðsins um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum,

Ingólfur Gíslason flutti erindi um byggðaþróun við sjávarsíðuna og Anna Karlsdóttir ræddi stöðu kvenna í fiskiðnaði. Nefndin heimsótti fjölmenningarsetrið á Ísafirði þar sem Elsa Árnadóttir tók á móti hópnum og kynnti starfsemina. Dragana Zastavnikovics flutti erindi á persónulegum nótum um það að vera flóttamaður á Íslandi og Ingibjörg Daníelsdóttir greindi frá því hvernig tekið hefur verið á móti innflytjendum og reynt að innlima þá á virkan hátt í samfélagið. Eftir fundinn á Ísafirði hélt nefndin til Reykjavíkur og fór í kurteisisheimsókn á Bessastaði þar sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók á móti nefndinni.

Borgara- og neytendanefnd gekkst fyrir sérstakri ráðstefnu um skipulega glæpastarfsemi á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum á septemberfundi Norðurlandaráðs á Álandseyjum. Sérfræðingar frá Europol og samstarfsnefnd sem stjórnar aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi á svæðinu ítrekuðu nauðsyn þess að auka þátttöku Rússlands í þessu samstarfi. Samstarf við Rússa væri lykill að árangri í þessari baráttu og þar gætu norrænir stjórnmálamenn lagt sitt á vogarskálarnar. Fram kom að alls kyns fíkniefnasmygl væri að aukast. Þetta á við um hass, kannabis, kókaín, heróín og fleiri efni. Glæpasamtök ganga lengra en áður í að hóta vitnum, lögreglu, saksóknurum og stjórnmálamönnum. Þátttakendur í ráðstefnunni lögðu áherslu á að ná til þeirra sem standa að mansali til kynlífsþrælkunar. Aðgerðir verða að beinast að því að hafa hendur í hári skipuleggjendanna og tryggja góða vitnavernd fyrir þær konur sem vilja bera vitni. Enn fremur var komið inn á tengsl glæpastarfsemi og hryðjuverka. Europol telur að hryðjuverkastarfsemi feli sig á bak við skipulagða glæpastarfsemi og noti hana til fjármögnunar, og í ljósi þess yrðu lögregluyfirvöld og leyniþjónustur um allan heim að starfa meira saman til þess að vinna bug á þessu vandamáli.

3.7. Eftirlitsnefnd.

Fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs var Sigurður Kári Kristjánsson. Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins. Fyrir utan hefðbundin störf gerði eftirlitsnefnd á starfsárinu 2004 sérstaka úttekt á þeim stofnunum sem sinna svæðisbundnu samstarfi yfir landamæri á Norðurlöndum.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru þrenn, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun, og voru þau afhent við hátíðlega athöfn á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 2. nóvember.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Finnski rithöfundurinn Kari Hotakainen hlaut verðlaunin árið 2004 fyrir skáldsöguna Juoksuhaudantie (Skotgrafarvegur). Í rökstuðningi dómnefndar segir að verkið sé gagnrýnið á samfélagið og uppbygging sögunnar sé úthugsuð. Skotgrafarvegur lýsi upplausn norræns velferðarsamfélags og noti skopstælingu og kaldhæðni í lýsingu sinni á samtímanum og ekki síst hefðbundnu hlutverki karlmanna.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt árlega, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Haukur Tómasson hlaut tónlistarverð-

launin 2004 fyrir tónlistina við óperuna Fjórði söngur Guðrúnar sem fjallar um Guðrúnu Gjúkadóttur sem hefnir sín grimmilega á þeim sem beitt hafa hana ranglæti. Í rökstuðningi dómnefndar sagði m.a.: „Í verki Hauks Tómassonar, Fjórði söngur Guðrúnar, er gríðarleg spenna milli nútímalegra og nýskapandi þátta og gömlu bókmenntahefðarinnar sem höfundurinn sækir til Eddunnar. Hrynjandi Eddukvæðanna endurspeglast í takti tónlistarinnar og blóðhefndarfrásögnin er sögð í hljómum og laglínum. Tónlistin túlkar vel sterkar tilfinningarnar. Allt frá ljósum sætleika ástarinnar til hatursofsa myrkursins. Þetta er stórbrotið verk þar sem skiptast á hljómfagrar og innilegar aríur og ískaldur raunveruleiki og örlagaþrungnir taktar og þar sem heildaráhrifin eru úthugsuð og kraftmikil svo minnir á Íslendingasögurnar.“ Skömmu eftir að Haukur tók við verðlaunum sínum stóð hópur íslenskra tónlistarmanna fyrir dagskrá honum til heiðurs í samvinnu við Íslandsdeild Norðurlandaráðs og Þjóðmenningarhúsið (sjá kafla 2.3.).

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 var samþykkt að koma á árlegum náttúru- og umhverfisverðlaunum. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hafa í störfum sínum sýnt náttúrunni virðingu. Umhverfisverndarsamtökin Coalition Clean Baltic í Svíþjóð hlutu náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2004 fyrir það að hafa búið til öflugt samstarfsnet umhverfissamtaka á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og víðar. Samtökin voru stofnuð árið 1990 af umhverfisverndarsamtökum frá níu löndum við Eystrasalt til þess að auðvelda samstarf um verndun hafsvæðisins. Starfsaðferðir CCB eru einkum þær að dreifa upplýsingum, standa að umhverfisfræðslu og annarri starfsemi til að vekja athygli almennings, en einnig vinna samtökin að samstarfsverkefnum sem ríku löndin við Eystrasaltið fjármagna.

Framangreind verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þús. dkr.

5. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kemur að jafnaði saman til nefndarfunda fjórum sinnum á ári til þess að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing. Í tengslum við þessa nefndarfundi fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem eitthvert eitt efni er tekið fyrir.

5.1. Febrúarfundur Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Febrúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Reykjavík dagana 1.–2. febrúar sl. Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðasvið Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu fundanna í samvinnu við starfsfólk skrifstofu Norðurlandaráðs og fleiri aðila. Fundirnir fór fram á Hótel Nordica. Um 180 þátttakendur sóttu ráðstefnuna, þar af 79 þingmenn frá Norðurlöndum auk hóps þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum.

Auk hefðbundinna funda í nefndum og flokkahópum var haldinn einn sameiginlegur fundur alls ráðsins og fjallaði hann um formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Á fundinum kynntu Siv Friðleifsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Árni Magnússon félagsmálaráðherra áætlunina sem nefnist „Auðlindir Norðurlanda – Lýðræði, menning, náttúra“. Jónína Bjartmarz setti fundinn og sagði það vera nýlega hefð í Norðurlandaráði að halda febrúarfundina í því landi sem tekið hefur við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Hugsunin að baki því er að gefa norrænum samstarfsráðherra formennskulandsins færi á að kynna formennskuáætlunina í grófum drættum, auk þess sem málefnanefndir Norðurlandaráðs eigi kost á að funda nánar með einstökum fagráðherrum um áherslur formennskulandsins á afmarkaðri sviðum. Því

næst tók Siv Friðleifsdóttir til máls og lagði áherslu á áframhaldandi starf til að afnema landamærahindranir á milli Norðurlanda en Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, hefur stýrt því starfi fyrir hönd ráðherranefndarinnar. Þá greindi Siv frá áformum um að styrkja stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi og hugmyndum um grannsvæðasamstarf í austur við ey- og strandríki við Norður-Atlantshaf, einkum um umhverfismál. Hefur Páli Péturssyni, fyrrverandi félagsmálaráðherra, verið falið það verkefni að fylgja eftir tillögum um aukið vægi Vestur-Norðurlanda. Að síðustu ræddi Siv um norræna lýðræðisnefnd sem komið hefur verið á fót og ætlað er að skoða þróun lýðræðis á Norðurlöndum og leggja fram tillögur um hvernig styrkja megi lýðræðisferlið í ljósi aukinnar hnattvæðingar og framfara í upplýsingatækni. Árni Magnússon gerði grein fyrir megináherslum á félags- og heilbrigðissviðinu. Þar á meðal eru hugmyndir um samanburð á starfsmannastefnu á heilbrigðissviði á Norðurlöndum og aukið samráð lýðheilsustofnana landanna. Á formennskuárinu mun Ísland leggja til að horft verði til nýrra leiða í atvinnumálum fatlaðra, m.a. með því að breyta þeirri hugsun að fötlun feli í sér óvinnufærni. Þorgerður K. Gunnarsdóttir greindi frá helstu áherslum á mennta- og menningarsviðinu. Í formennskuáætluninni er lögð áhersla á að fylgja eftir Hvítbók um Norðurlönd sem rannsóknar- og nýsköpunarsvæði, sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2003. Í henni ber hæst tillögur um að tengja sem best saman háskóla, rannsóknastofnanir og sjóði sem styðja rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Markmiðið er að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og byggja brýr milli vísindasamfélagsins og nýsköpunar. Auk þess er lagt til að stofna norrænan margmiðlunarsjóð og gera átak í að kynna norræna menningu á erlendum vettvangi.

Auk kynningarfundarins um formennskuáætlunina í Norrænu ráðherranefndinni tóku ráðherrar þátt í fundum einstakra málefnanefnda Norðurlandaráðs og gerðu grein fyrir áherslum á afmarkaðri sviðum. Á fundi umhverfis- og náttúruauðlindanefndar fór Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra yfir helstu atriði er varða umhverfisstefnu Norðurlanda. Þá var Jonas Ebbesson dósent gestur nefndarinnar og ræddi endurskoðun norræna umhverfissáttmálans og sagði hana geta falið í sér að sáttmálinn yrði látinn ná til stærra svæðis. Í fyrsta áfanga væri hægt að fá Eystrasaltsríkin til þátttöku, en síðar einnig Pólland, Þýskaland og Rússland. Einnig væri rætt um að hægt væri að taka sáttmálann til efnislegrar endurskoðunar þannig að hann næði einnig til óbeinna umhverfisáhrifa, náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni/verndunar tegunda og hugsanlega einnig til efnasambanda.

Á fundi borgara- og neytendanefndar greindi Árni Magnússon frá áherslum í jafnréttismálum sem eru kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænni efnahagspólitík, vernd gegn ofbeldi, og karlar og jafnrétti. Á árinu verður m.a. gerð úttekt á fæðingar- og foreldraorlofi á Norðurlöndunum og leitað leiða til að vinna gegn launamuni kynjanna.

Drífa Hjartardóttir stýrði sínum fyrsta fundi sem nýr formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra tók þátt í fundinum og gerði grein fyrir áherslum Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu málefnasviði. Sameining Norræna iðnaðarsjóðsins og Nordtest í Norrænu nýsköpunarmiðstöðina hefði verið vel heppnuð og væri miðstöðin mikilvægasti aðilinn á þessu sviði. Miðstöðin beinir sjónum sínum að litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sjálfbærum hagvexti, innri markaði Norðurlanda og landamærahindrunum. Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, og Kjetil Storvik, framkvæmdastjóri Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, voru einnig gestir nefndarinnar og ræddu landamærahindranir. Atvinnulífið hefur undir áhrifum frá Norrbackskýrslunni og Schlüterferlinu fengið áhuga á að leysa vandamál sín varðandi landamærahindranir. Samkvæmt könnun Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar nefna fyrirtæki helst skatta, tolla og virðisaukamat sem landamæravandamál, en þó aðallega

skatta. Í dag getur fyrirtæki til dæmis ekki nýtt sér tap í einu Norðurlandanna til frádráttar á hagnaði í öðru. Þá var Már Guðmundsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, gestur nefndarinnar og gerði grein fyrir stöðu og horfum í íslensku efnahagslífi.

Þrjár nefndir Norðurlandaráðs, menningar- og menntamálanefnd, borgara- og neytendanefnd og velferðarnefnd, efndu til ráðstefnu um siðfræði í líftækniiðnaði á febrúarfundunum. Á ráðstefnunni töluðu nokkrir af helstu sérfræðingum Norðurlanda á sviði líftækni og lífsiðfræði. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, ræddi um samband einstaklinga og vísindarannsókna og þátt vísindarannsókna í nýjum sjúkdómsmeðferðum. Sagði Kári m.a. að sjúklingar hefðu ekki einungis réttindi heldur einnig skyldu til að leggja af mörkum til vísindarannsókna með því að veita vísindamönnum aðgang að erfðaupplýsingum. Gisela Dahlqvist, prófessor við háskólann í Umeå, ræddi um nútímaerfðatækni og læknavísindi framtíðarinnar. Hún benti á að við munum ekki geta útrýmt sjúkdómum með einræktun, en erfðatæknin mun leggja sitt af mörkum við þróun lyfja, sjúkdómsgreiningar og einnig fyrirbyggjandi meðferðir. Hún nefndi magasár, þunglyndi og krabbamein sem dæmi um sjúkdóma sem betri lyf munu fást við með hjálp erfðatækninnar.

5.2. Júnífundir Norðurlandaráðs í Kristiansand.

Sameiginlegur fundur ráðsins fjallaði um landamærahindranir á Norðurlöndum. Vinna að afnámi landamærahindrana hefur staðið yfir frá árinu 2002 þegar rannsókn Ole Norrbacks á réttarstöðu Norðurlandabúa sýndi fram á margvísleg vandamál og hindranir þegar þeir flytjast á milli Norðurlanda. Dæmi um þetta eru skattavandamál fólks sem sækir vinnu sína yfir landamæri, sköttun lífeyrisgreiðslna sem greiddar eru yfir landamæri, tregða við að viðurkenna gagnkvæm starfsréttindi o.fl. Norræna ráðherranefndin réð Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, til að hafa umsjón með starfi til afnáms þessara hindrana á árinu 2003 og aftur árið 2004. Á fundinum í Kristjánssandi sagði Schlüter mikinn árangur hafa náðst hvað varðar samræmingu laga og gagnkvæma samninga. Meðal þeirra mála sem búið er að leysa nefndi Schlüter nýjan menntaskólasamning og norræna yfirlýsingu um æðri menntun. Hann ítrekaði þó að enn sé margt ógert í þessum efnum. Schlüter sagði það vonbrigði hve illa gengi að koma á frjálsum norrænum vinnumarkaði fyrir þær 750 þúsundir manna sem ekki hefðu norrænan ríkisborgararétt en eru með dvalar- og atvinnuleyfi í einhverju Norðurlandanna. Runar Patriksson frá Svíþjóð og fleiri Norðurlandaráðsliðar tóku til máls og bentu á að margvísleg vandamál varðandi skatta og eftirlaun biðu úrlausnar. Patriksson hefur lagt fram tillögu í Norðurlandaráði um að koma á fót norrænni skattastofnun til að veita borgurunum upplýsingar og greiða úr vanda sem upp kemur við skattlagningu tekna sem greiddar eru yfir landamæri.

5.3. Septemberfundir Norðurlandaráðs á Álandseyjum.

Á sameiginlega fundi ráðsins voru tvö mál til umræðu, annars vegar umhverfismál í Eystrasalti og hins vegar framtíðarform norræns samstarfs. Álenski þingmaðurinn Lasse Wiklöf flutti framsögu um umhverfi Eystrasalts fyrir hönd gestgjafanna. Wiklöf ítrekaði hversu viðkvæmt hafsvæðið væri fyrir fosfórlosun sem eyðileggur hafsbotninn og eyðir lífi í Eystrasalti. Sagði hann bæði fiskeldi og vandamál sem verða vegna losunar áburðar í hafið frá landbúnaði vera tifandi umhverfissprengjur á Eystrasaltssvæðinu. Hætta væri á að hagræðingu í landbúnaði hinna nýju aðildarríkja ESB sem liggja að Eystrasalti muni fylgja aukin notkun áburðar og þar með aukin mengun. Því væri nauðsynlegt að grípa til aðgerða til varnar umhverfi Eystrasalts og sagði Wiklöf að það væri því miður ekki hægt öðru vísi en að ganga gegn öflugum hagsmunahópum. Rannveig Guðmundsdóttir tók til máls og greindi

frá því að í byrjun september hefði hún bæði sótt þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál í Nuuk og Eystrasaltsráðstefnuna í Björgvin og að þar hefðu umhverfismál verið í brennidepli. Áherslurnar á þessum ráðstefnum undirstrikuðu þá þróun síðustu ára að umhverfisvernd hafsins á norðurhveli verður sífellt mikilvægara verkefni enda hafi rannsóknir sýnt að ýmsar umhverfisbreytingar, svo sem loftslagsbreytingar, gerast mun hraðar við norðurskaut en í öðrum heimshlutum. Hvatti Rannveig til þess að Norðurlandaráð legði meiri áherslu á umhverfi hafsins í sínu starfi. Asmund Kristoffersen, formaður umhverfis- og auðlindanefndar Norðurlandaráðs, tók einnig til máls og sagði að nefndin mundi hafa samband við pólitíska tengiliði í löndunum við Eystrasalt til leita leiða til að tryggja viðkvæmt vistkerfi þessa hafsvæðis.

Seinna málið á dagskrá sameiginlega fundarins var framtíð norræns samstarfs og gerði forseti ráðsins, Gabriel Romanus, grein fyrir viðræðum sínum við forseta norska Stórþingsins, Jørgen Kosmo, um þau mál. Þar hefur meðal annars verið rætt um aukna tengingu starfs Norðurlandaráðs við þingin, sem t.d. má styrkja með auknu samráði málefnanefnda ráðsins og samsvarandi nefnda í þjóðþingunum. Þá hefur kostnaður við Norðurlandaráð verið til umræðu, vinnulag og árangur af tilmælum ráðsins. Hugmyndir hafa verið uppi um að Norðurlandaráð geti gegnt sérstöku hlutverki við að samræma starf ólíkra alþjóðlegra stofnana og samráðsvettvanga í N-Evrópu.

6. Þemaráðstefna Norðurlandaráðs um hina norðlægu vídd ESB.

Þemaráðstefna Norðurlandaráðs um hina norðlægu vídd ESB eftir stækkun sambandsins 1. maí var haldin í Helsinki dagana 14.–15. apríl. Í tengslum við ráðstefnuna fóru einnig fram hefðbundnir fundir í nefndum og flokkahópum. Hin norðlæga vídd er stefnurammi ESB um svæðasamstarf milli ESB og nágrannalanda þess á nyrstu landamærum sambandsins. Stefnan tekur til Eystrasaltsins, norðurheimskautssvæðisins og Norðvestur-Rússlands. Meginmarkmið hinnar norðlægu víddar er að tryggja stöðugleika og öryggi á svæðinu. Önnur framkvæmdaáætlun hennar fyrir árin 2004–2006 er nú í gildi. Breytingin frá fyrri framkvæmdaáætlun er helst sú að nú snýst stefnan fyrst og fremst um samstarf við Norðvestur-Rússland enda gengu Eystrasaltsríkin í ESB 1. maí 2004.

Við setningu ráðstefnunnar töluðu m.a. Gabriel Romanus, forseti Norðurlandaráðs, Paavo Lipponen, forseti finnska þingsins, Pat Cox, forseti Evrópuþingsins, Siv Friðleifsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, og Jens Christian Larsen sem fer með málefni hinnar norðlægu víddar innan Norðurlandaráðs. Romanus lagði áherslu á að norðlæga víddin yrði að vera meira en orðin tóm og að gerðir yrðu að fylgja hástemmdum yfirlýsingum. Áþreifanlegur árangur yrði að nást ef stefnan ætti að njóta stuðnings. Lipponen, sem var helsti hvatamaður að því að ESB tók upp hina norðlægu vídd, taldi að hún hefði skilað sérlega góðum árangri hvað varðar samstarf á umhverfissviði. Máli sínu til stuðnings benti hann á vatnshreinsistöð sem verið er að byggja upp í St. Pétursborg en hún er stærsta samvinnuverkefni sem ráðist hefur verið í með Rússum og mun bæta mjög umhverfi hafsins í austanverðu Eystrasalti. Siv Friðleifsdóttir greindi frá því að Norræna ráðherranefndin ynni nú að því að endurmóta stefnu sína gagnvart Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Frá því snemma á síðasta áratug hefðu um 20% af fjárlögum norræna samstarfsins farið í verkefni á þessu grannsvæði og samstaða væri nú um að auka norræn verkefni í Rússlandi. Samtímis eykst pólitískt samstarf við Eystrasaltsríkin en þau verða fullgildir aðilar að Norræna fjárfestingarbankanum í ársbyrjun 2005. Jens Christian Larsen taldi æskilegt að styrkja norðlægu víddina með því að gera hana að sjálfstæðum lið í fjárlögum ESB í stað þess að hún ein-

skorðaðist við verkefni sem sæktu fé í sjóði sambandsins í samkeppni við verkefni á öðrum svæðum.

Að setningarathöfn lokinni skiptist ráðstefnan upp í sex málstofur. Fyrsta málstofa bar yfirskriftina sameiginlegt þekkingarsvæði og tók til samvinnu um menntun, vísindarannsóknir og nýsköpun. Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, benti í erindi sínu á að til að halda samkeppnishæfni í hnattvæddum heimi yrðu Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin að styrkja samvinnu um vísindarannsóknir og nýsköpun á svæðinu. Eftir að hafa farið halloka gagnvart Bandaríkjunum og Austurlöndum fjær hefur ESB gert átak á þessu sviði frá árinu 2000. Jafnhliða því að taka þátt í evrópsku samstarfi á þessu sviði hefur Norræna ráðherranefndin birt hvítbók um norrænt rannsóknar- og nýsköpunarsvæði þar sem m.a. er lögð til sérstök samvinna við Eystrasaltsríkin.

Önnur málstofan fjallaði um forsendur félagslegrar og efnahagslegrar þróunar í Rússlandi. Aðalhagfræðingur Rússlandsdeildar Alþjóðabankans, Aleksander Morozov, dró upp mynd af hagþróun í Rússlandi en þar hefur hagvöxtur verið mikill á undanförnum árum, atvinnuleysi hefur minnkað, grynnkað hefur verið á skuldum hins opinbera en verðbólga er þó mikil. Efnahagur landsins er stöðugri en áður en nokkur hætta er þó fólgin í því hversu háðir Rússar eru olíuútflutningi. Varaformaður samtaka iðnaðarins í Rússlandi, Igor Yurgens, greindi frá því að allt of margar opinberar eftirlitsstofnanir væru í Rússlandi og of mikill tími og fjármunir fyrirtækja færu í eftirlitsstarf þeirra. Mikilvægt væri að einfalda allt regluverk og gera skattkerfið gagnsætt til að skapa fyrirtækjarekstri góð skilyrði. Það mundi auka fjárfestingu en hún hefur verið of lítil á undanförnum árum.

Þriðja málstofan var um lýðheilsu og heilbrigðismál. Í umræðum var áhersla lögð á baráttu gegn smitsjúkdómum eins og berklum og eyðni í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi en auk þess var rætt um sjúkdóma sem tengjast lífsstíl svo sem áfengissýki og vímuefnafíkn. Fram kom að einungis 1% eyðnisjúkra í Rússlandi fá nauðsynlega lyfjameðferð.

Fjórða málstofan fjallaði um iðnþróun við Eystrasalt og setti Drífa Hjartardóttir hana sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs. Í ávarpi sínu lagði Drífa áherslu á efnahagslega samþættingu álfunnar við stækkun ESB og ábyrgð stjórnmálamanna og stjórnenda í atvinnulífinu á að nýta þau tækifæri sem stækkunin hefur í för með sér. Sagði Drífa að eftir stækkun mundu svæðisbundnir ríkjahópar láta meira að sér kveða í stjórnmálum sambandsins en fyrr og að líta bæri á svæðissamstarf innan hinnar norðlægu víddar í því ljósi. Jón Sigurðsson, forstjóri Norræna fjárfestingarbankans, gaf yfirlit yfir aukin viðskipti Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna en þau hafa tvöfaldast á undanförnum áratug. Þá greindi Jón frá lánveitingum Norræna fjárfestingarbankans til ríkjanna en lán hafa einkum verið veitt til orkugeirans til að fjármagna umbreytingu frá mengandi orkuvinnslu til umhverfisvænni lausna. Auk þess hefur bankinn veitt lán til uppbyggingar á sviði samgöngumála.

Samstarf á sviði umhverfismála var yfirskrift fimmtu málstofunnar. Var þar rætt um umhverfisstefnu St. Pétursborgar, þátttöku frjálsra félagasamtaka í samstarfsverkefnum á sviði umhverfismála, samvinnu ESB og Rússlands á þessu sviði og umhverfissamvinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við Rússa og Eystrasaltsríkin. Fram kom m.a. að löggjöf á sviði umhverfismála er mjög skammt á veg komin í Rússlandi en hún er svæðisbundin í fylkjum og sjálfsstjórnarsvæðum. Ferlið er dýrt og krefst mikillar sérfræðiþekkingar og lýsti Dimitry Alexeevich, formaður umhverfisnefndar St. Pétursborgar, eftir aðstoð við stefnumörkun og löggjöf á umhverfissviðinu.

Sjötta málstofan fjallaði um mansal og vændi. Fram kom að viðhorf ríkja til þessa vanda er mismunandi, sum lönd eins og Svíþjóð og Noregur nálgast vandann á grundvelli jafnréttis

kynjanna og líta á vændi og mansal sem ofbeldi gagnvart konum. Önnur ríki fást við mansal út frá stefnu gegn ólöglegum innflytjendum og enn önnur líta á þennan vanda sem þátt í stærri baráttu gegn alþjóðlegum glæpahringum. Evrópuþingmaðurinn Patsy Sörensen greindi frá baráttu gegn mansali innan ESB en hún hefur fylgst með ólíkri stefnu einstakra Evrópulanda á þessu sviði. Hún undirstrikaði að sem glæpastarfsemi er mansal einkar ábatasamt og áhættulítið því fórnarlömbin þora sjaldnast að leita hjálpar. Í máli Sörensen og fleiri málshefjenda kom fram að samræmdar aðgerðir gegn mansali yrðu að vera a.m.k. þrenns konar: Í fyrsta lagi fyrirbyggjandi aðgerðir sem beinast að þeim bágu félagslegu aðstæðum sem fórnarlömbin búa við, auka þyrfti meðvitund í löndum fórnarlambanna um hættuna sem fylgir gylliboðum um störf á Vesturlöndum, auk aðgerða til að draga úr eftirspurninni í móttökulöndunum. Í öðru lagi var lögð áhersla á vitnavernd og lögfræðiaðstoð fyrir fórnarlömbin og í þriðja lagi þyrfti að sækja þá aðila sem standa að baki mansali til saka. Barátta Ítala og Belga gegn mansali hefur verið á þessum grundvelli og er nú fyrirmynd sams konar aðgerða í öðrum Evrópulöndum.

7. 56. þing Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð hélt sitt 56. þing í sænska þinginu Ríkisdeginum dagana 1.–3. nóvember. Við upphaf almennra umræðna eftir þingsetningu 1. nóvember kynnti forsætisráðherra Dana, Anders Fogh Rasmussen, formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2005 en áætlunin nefnist „Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning, náttúra“. Steingrímur J. Sigfússon veitti andsvar við ræðu forsætisráðherra, lýsti vonbrigðum yfir því að ekki væri minnst einu orði á stuðning Dana við ólöglegt stríð í Írak sem byggst hefði á fölskum forsendum og sagðist sakna norrænna stjórnmálaskörunga á borð við Olof Palme sem unnu að friði og beittu sér fyrir því að öll ríki heims, þ.m.t. stórveldin, færu að alþjóðalögum. Fogh Rasmussen svaraði því til að ræða hans á þinginu ætti að fjalla um formennskuáætlun Dana en ekki utanríkismál og lagði áherslu á að þátttaka Dana í stríðinu byggðist á því að Írak hefði ekki fylgt samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Rannveig Guðmundsdóttir var framsögumaður flokkahóps jafnaðarmanna í almennu umræðunum og ræddi m.a. samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Eftir inngöngu landanna í ESB væri samstarfið nú á jafnréttisgrundvelli, ríkin væru orðin aðilar að Norræna fjárfestingarbankanum og í framtíðinni væri að vænta aukins beins samstarfs á milli málefnanefnda Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins sem er samstarfsvettvangur þinga Eystrasaltsríkjanna og var sett á fót að fyrirmynd Norðurlandaráðs. Rannveig ræddi jafnframt samþættingu á milli Norðurlanda og afnám tæknilegra landamærahindrana og fagnaði því að Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, mun stýra því starfi áfram á árinu 2005. Enn fremur lýsti Rannveig stuðningi jafnaðarmanna við hugmyndir norrænu forsætisráðherranna um að ESB komi sér saman um sameiginleg takmörk á því hve langt megi ganga í lækkun skatta og gjalda á áfengi. Þá sagði Rannveig það áframhaldandi forgangsmál jafnaðarmanna að berjast gegn mansali kvenna og barna.

Umræða um landamærahindranir á Norðurlöndum fór fram á öðrum degi þingsins, 2. nóvember. Landamæralaus Norðurlönd komust á dagskrá árið 2002 með rannsókn Ole Norrbacks á réttarstöðu Norðurlandabúa þegar þeir flytjast á milli Norðurlanda. Dæmi um brotalamir eru skattavandamál fólks sem sækir vinnu sína yfir landamæri, sköttun lífeyrisgreiðslna sem greiddar eru yfir landamæri, tregða við að viðurkenna gagnkvæm starfsréttindi o.fl. Norræna ráðherranefndin réð Poul Schlüter til að hafa umsjón með starfi til afnáms þessara hindrana og flutti Schlüter skýrslu sína á þinginu. Greindi hann m.a. frá samkomulagi sem auðveldar og hraðar afgreiðslu nýrra kennitalna þegar fólk flytur á milli Norðurlanda

og samkomulagi sem gerir það auðveldara fyrir framhaldsskólanema að nema utan heimalands síns.

Drífa Hjartardóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs, var framsögumaður nefndarinnar í umræðunni um landamærahindranir og lagði áherslu á þær hindranir sem fyrirtæki finna fyrir á Norðurlöndum. Í máli Drífu kom fram að nær helmingur fyrirtækja sem stunda viðskipti á milli Norðurlanda mæta einhvers konar viðskiptahindrunum. Þrátt fyrir að Poul Schlüter hefði unnið árangursríkt starf undanfarin tvö ár við að fjarlægja landamærahindranir milli Norðurlandanna væru enn mörg vandamál óleyst sem snúa að atvinnulífinu og fagnaði Drífa því að Schlüter mun einbeita sér að hindrunum á sviði atvinnulífsins á starfsárinu 2005. Það mundi hafa í för með sér að norrænt atvinnulíf yrði enn samkeppnishæfara á alþjóðamarkaði.

Ásta R. Jóhannesdóttir tók einnig þátt í umræðunni um landamærahindranir og tók dæmi af nýrri skýrslu um fjarskiptamarkaðinn þar sem fram kemur að norræn símafyrirtæki misnoti einokunaraðstöðu til að selja þjónustu sína allt of dýrt. Í skýrslunni kemur m.a. fram að það er tvisvar sinnum dýrara að hringja í þrjár mínútur frá Íslandi til Svíþjóðar en frá Svíþjóð til Íslands. Ásta sagði að á sama hátt og reynt er að vinna að samræmingu á hinum háa bankakostnaði vegna peningasendinga milli Norðurlanda og vinna að því að bankakostnaður verði sá sami hvort heldur væri um erlenda eða innlenda millifærslu að ræða þá vonaði hún að einhvern tíma tækist að koma á samræmdum fjarskiptamarkaði á Norðurlöndunum þar sem það kostar það sama að hringja hvaðan sem og hvert sem er innan Norðurlandanna.

Umhverfismál voru til umræðu á þinginu og var m.a. lögð fram endurskoðuð stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun. Sigurður Kári Kristjánsson tók til máls og fagnaði því að í stefnu ráðherranna kæmi fram að vinna bæri að því að fá alþjóðlegt samþykki fyrir hvalveiðum. Sigurður sagði vandamálin varðandi hvalveiðar flókin en ef reynt væri að einfalda málið eins og frekast er unnt þá stæði eftir spurningin um það hvort ekki eigi að gilda sömu reglur um nýtingu auðlinda sjávar og um nýtingu annarra auðlinda. Fyrir þjóðir sem eru háðar nýtingu sjávarauðlinda er það óþolandi að aðrar kröfur séu gerðar til veiða í hafi en veiða á landi. Í báðum tilfellum hlýtur grundvallarreglan að vera sú að maðurinn hafi rétt til nýtingar á villtum dýrastofnum svo lengi sem það er gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Þess vegna væri hin nýja áhersla ráðherranefndarinnar jákvætt skref og vonandi yrði henni fylgt eftir af fullri alvöru.

Málefni Vestur-Norðurlanda voru einnig í brennidepli á þinginu og fór fram sérstök umræða um þau. Valgerður Sverrisdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, hóf umræðuna og kynnti skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi. Í skýrslunni er m.a. áhersla lögð á grannsvæðastefnu Norðurlanda til vesturs sem felur í sér samstarf við ey- og strandríki við norðanvert Atlantshaf um umhverfi hafsins og önnur sameiginleg hagsmunamál.

Jónína Bjartmarz tók þátt í umræðunni og benti á að gríðarlegur landfræðilegur munur væri á Norðurlöndum frá ísbreiðum Grænlands til hveitiakra Danmerkur og að það væri fyrst og síðast samkennd sem væri grundvöllur norræns samstarfs. Í þessari samkennd fælist að þjóðirnar viðurkenndu þennan mikla mun og byggðu þrátt fyrir hann upp samstarf á ólíkum sviðum. Jónína þakkaði ráðherranefndinni fyrir skýrsluna og fagnaði sérstaklega hugmyndum um grannsvæðastefnu í vestur um umhverfi hafsins. Umhverfismál í hafi væru óháð landamærum og því væri það sérstakt hagsmunamál allra landa við Norður-Atlantshaf sem nýta auðlindir hafsins að eiga samstarf til að tryggja að hægt sé að stunda þá nýtingu áfram á sjálfbæran hátt. Benti Jónína á að málefni Vestur-Norðurlanda væru nú forgangsmál bæði

í starfsáætlun Norðurlandaráðs og formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni og því vænti hún þess að gott samstarf þingmanna og ráðherra gæti tekist um málaflokkinn.

Steingrímur J. Sigfússon, varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs, var talsmaður nefndarinnar um úttekt ráðherranefndarinnar á samgöngumálum á Vestur-Norðurlöndum sem náði jafnt til flug- og skipasamgangna. Steingrímur sagði stærstu vandamálin í samgöngumálum Vestur-Norðurlanda skortinn á beinum flugsamgöngum á milli vestnorrænu höfuðborganna og há flugfargjöld. Það væri þörf fyrir fjárfestingar á þessu sviði auk bættra skilyrða til flugrekstrar. Þar bæri fyrst að nefna þörfina á lengingu flugbrautarinnar í Nuuk og afnám hindrana sem felast í ströngum reglum um flugrekstur bæði á Grænlandi og í Færeyjum. Að lokum nefndi Steingrímur þá skoðun sína að Færeyjar ættu að fá fulla aðild að Norðurlandaráði og að það mál væri prófsteinn á það hve sveigjanlegt norrænt samstarf er og hver aðlögunarhæfnin er að breyttum aðstæðum í hinu pólitíska umhverfi.

Á þriðja og síðasta degi þinghalds fór fram umræða um jafnréttismál. Jónína Bjartmarz svaraði fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs tillögu borgara- og neytendanefndar um að jafnréttissjónarmið réðu við starf ráðsins svo og skipan í ráð og nefndir á vegum þess. Jónína fagnaði tillögunni og sagði hana góða viðbót við jafnréttisstefnu Norðurlandaráðs og þá ákvörðun forsætisnefndar að vinna að jafnréttisáætlun fyrir ráðið á starfsárinu 2005. Hún benti þó á að taka þarf tillit til stöðugt fleiri þátta við skipan í nefndir á vegum ráðsins. Þar þyrfti að huga að flokkapólitísku jafnvægi, jafnvægi á milli landa, jafnvægi milli kynja auk þess sem tillit væri tekið til sérþekkingar þingmanna. Það væri því erfitt að láta kapalinn ganga upp svo öllum líki en ljóst væri að tillit til kyns væri mjög veigamikill þáttur.

Í umræðum um norrænt menningarsamstarf tók Rannveig Guðmundsdóttir til máls sem formaður Norræna menningarsjóðsins og gerði grein fyrir helstu nýjungum í rekstri sjóðsins. Ber þar helst að nefna aukinn sveigjanleika þar sem nú væri tekið við lægri umsóknum sex sinnum á ári sem eru afgreiddar hratt á rafrænan hátt af sjóðsstjórn. Þá er veittur einn stór styrkur til sýningarhalds hvert ár, gjarnan til farandsýningar sem getur farið á milli safna á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð ákvað að stofna norræn kvikmyndaverðlaun sem veitt verða handritshöfundum, leikstjórum eða framleiðendum. Skilyrðin fyrir veitingu verðlaunanna eru að viðkomandi hafi gert myndir sem hafa rætur í norrænni menningu og skera sig úr hvað varðar listræna nýsköpun þar sem hinar mörgu hliðar listformsins sameinast í heilsteypt verk. Norrænu kvikmyndaverðlaunin verða að upphæð 350 þús. dkr. eins og bókmennta-, tónlistar- og umhverfisverðlaunin. Kostnaður við umsjón verðlaunanna greiðist af Norræna kvikmyndasjóðnum. Hvert Norðurlandanna skal tilnefna aðila í dómnefnd sem mun sjá um að veita verðlaunin.

Steingrímur J. Sigfússon tók þátt í utanríkismálaumræðunni og sagðist verða að rifja upp ræðu sína frá árinu áður þegar hann gerði stuðning Íslands og Danmerkur við einleik Bandaríkjanna og Bretlands í Írak að umtalsefni. Síðan þá hefði spilaborg blekkingarinnar hrunið, ekki hefðu reynst vera nein gereyðingarvopn í Írak og aðrar upplýsingar sem leiddu til stríðsins, svo sem frásagnir af tilraunum Íraka til úrankaupa í Afríku, hefðu reynst ósannar. Nú hefði framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, lýst þeirri skoðun sinni að um ólöglegt árásarstríð hafi verið að ræða. Steingrímur sagði það hlutverk Norðurlanda sem friðsamlegra smáríkja í Evrópu að standa vörð um alþjóðalög og mannréttindi og standa á móti því að einstök stórveldi taki sér rétt til hernaðaríhlutunar án samþykkis öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Til þess að Norðurlönd gætu látið til sín taka sem ein heild yrðu Danmörk og Ísland að hætta stuðningi við Bandaríkin í þessu máli og taka sig af lista hinna viljugu þjóða.

Við þinglok fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta og varaforseta Norðurlandaráðs. Rannveig Guðmundsdóttir var kjörin forseti og Jónína Bjartmarz varaforseti. Í ræðu nýkjörins forseta sagði Rannveig jafnrétti, lýðræði, virðingu fyrir hvert öðru og jöfnuð vera samnorræn gildi sem ásamt sameiginlegri menningu og tungu væru kjölfesta norræns samstarfs. Í þjóðfélagsgerðum okkar kæmu þau ekki síst fram í norræna velferðarríkinu sem hefur verið stolt okkar út á við, þjóðfélagsgerð sem byggist á jafnrétti, réttlæti og jöfnum tækifærum. Ein stærsta áskorun sem norrænir stjórnmálamenn takast á við nú á dögum eru breyttar aðstæður í aldurssamsetningu þjóðanna og harðnandi alþjóðleg samkeppni sem hefur sett pressu á velferðarríkið og krefst nýrrar hugsunar og framþróunar þess. Þá sagði Rannveig að Norðurlandaráð hefði ávallt axlað ábyrgð í umhverfi sínu og þannig hefði samstarf og aðstoð við Eystrasaltsríkin orðið mikilvægur þáttur í starfi ráðsins þegar ríkin endurheimtu frelsi sitt. Meginviðfangsefnin í samstarfi við Eystrasaltsríkin nú væru á sviði umhverfisverndar og heilbrigðis- og félagsmála, og barátta gegn skipulegri glæpastarfsemi og mansali. Þau kaflaskil áttu sér stað á árinu að Eystrasaltsríkin gengu í ESB. Af því tilefni setti forsætisnefnd vinnuhóp á laggirnar til að skoða hvernig best væri að þróa áframhaldandi samstarf við Eystrasaltsþingið. Þá taldi Rannveig að samhliða umfjöllun um framtíðarhlutverk Norðurlandaráðs í Norður-Evrópu muni ráðið jafnframt eiga áframhaldandi samræður við forseta þjóðþinganna um aukna skilvirkni og nánari tengingu við þjóðþingin. Tryggja þarf enn betur að málefni og tilmæli Norðurlandaráðs fái umfjöllun þingnefnda heima fyrir og samræma vinnuáætlanir þannig að starf þingmanna í ráðinu og á heimaþingi stangist ekki á.

Eftir kosningar í nefndir og ráð er nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir fyrir starfsárið 2005: Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz halda sætum sínum í forsætisnefnd. Í efnahags- og viðskiptanefnd situr Drífa Hjartardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Arnbjörg Sveinsdóttir situr í velferðarnefnd, Ásta R. Jóhannesdóttir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og Sigurður Kári Kristjánsson í borgara- og neytendanefnd. Sigurður Kári er jafnframt í eftirlitsnefnd.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður haldið í Reykjavík 25.–27. október nk.

Alþingi, 16. febr. 2005.

Jónína Bjartmarz, form.	Drífa Hjartardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Tilmæli og ákvörðun um innra starf samþykkt á starfsárinu 2004.

1. Tilmæli 1/2004: Norræn skattstofa (A 1320/næring).
2. Tilmæli 2/2004: Opinn hugbúnaður (A 1341/næring).
3. Tilmæli 3/2004: Opnir staðlar/opinn hugbúnaður í upplýsingatæknistefnu Norðurlanda (A 1341/næring).

4. Tilmæli 4/2004: Norrænt flutningskerfi fyrir rafmagn (A 1339/miljö).
5. Tilmæli 5/2004: Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála 2005–2008 (B 220/næring).
6. Tilmæli 6/2004: Norræn framkvæmdaáætlun á sviði menntamála- og rannsóknarsamstarfs 2005–2007 (B 221/kultur).
7. Tilmæli 7/2004: Samstarfsáætlun á sviði neytendamála 2005–2010 (B 226/medborger).
8. Tilmæli 8/2004: Norræn skattaráðstefna (A 1357/næring).
9. Tilmæli 9/2004: Norrænt samstarf landamærahéraða (A 1353/kk).
10. Tilmæli 10/2004: Ráðstefna um framtíð strandveiða á Norðurlöndum (A 1342/miljø).
11. Tilmæli 11/2004: Vistvænar landbúnaðarvörur á Norðurlöndum (A 1346/miljø).
12. Tilmæli 12/2004: Norræn samstarfsáætlun um nýsköpunarstefnu 2005–2010 (B 227/næring).
13. Tilmæli 13/2004: Norræn hönnun og samstarf menningar- og atvinnulífs (A 1347/kultur og A 1351/kultur).
14. Tilmæli 14/2004: Úttekt á „Norrænu tengslaneti fyrir fullorðinsfræðslu“ og styrkir til alþýðufræðslusamtaka (A 1338/kultur).
15. Tilmæli 15/2004: Samþykktir fyrir kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs (B 229/kultur).
16. Tilmæli 16/2004: Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar 2005 (B 228/presidiet; C 2).
17. Tilmæli 17/2004: Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen 2006–2008 (B 230/presidiet).
18. Tilmæli 18/2004: Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland 2006–2008 (B 231/presidiet).
19. Tilmæli 19/2004: Samstarf við frumbyggja á Barentssvæði (A 1359/medborger).
20. Tilmæli 20/2004: Vinnumarkaðsráðstefna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna 2005 (A 1360/næring).
21. Ákvörðun 1/2004: Jafnréttisreglur í Norðurlandaráði (A 1354/medborgar).

831. Svar [455. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um viðbótarlaun og launakönnun út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

1. *Hver voru viðbrögð ráðherra við tilmælum Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu, sem fram komu í bréfi til ráðuneytisins dags. 25. nóvember sl., um að gerð yrði launakönnun og áhrif nýs launakerfis frá 1997 skoðuð með hliðsjón af kynja- og jafnréttissjónarmiðum?*

Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum til ársins 2008 er eitt af verkefnum þeim sem fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á „Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna“. Í greinargerð ráðuneytisins til Jafnréttisstofu um stöðu þeirra verkefna sem ráðuneytið ber ábyrgð á, dags. 31. janúar 2005, er m.a. gerð grein fyrir stöðu þessa verkefnis. Þar er því lýst að þar sem undirbúningur og innleiðing hinna nýju kerfa hafi dregist fram yfir þau tímamörk sem samið var um á sínum tíma, hafi ekki tekist að halda þá tímaáætlun sem sett var fram á sínum tíma varðandi vinnu við að skilgreina þær kröfur sem launagögn þurfa að uppfylla til að hægt sé að nýta þau við mat á kynbundnum launamun. Fyrir liggi ný verkáætlun sem gerir ráð fyrir að hið nýja launa- og starfsmannakerfi komist í gagnið á þessu ári. Í kjölfar þess er gert ráð fyrir að fylgst verði reglulega með

þróun kynjabundins launamunar. Í þessu sambandi má benda á að af hálfu ráðuneytisins hefur tvisvar sinnum á undanförnum árum verið leitað til Félagsvísindastofnunar með ósk um slíka úttekt en Félagsvísindastofnun hefur ekki treyst sér til slíks þar sem ekki er í núverandi kerfi hægt að flokka launagögn í samræmi við starfaflokkun Hagstofu Íslands en gert er ráð fyrir þeirri flokkun í þeim skilgreiningum sem hið nýja mannauðs- og launakerfi byggist á.

2. *Hafa verið gefnar út leiðbeiningarreglur um greiðslu á viðbótarlaunum í samræmi við álit Ríkisendurskoðunar og tilmæli Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu í áðurnefndu bréfi? Ef svo er, hvernig eru þær leiðbeiningar? En ef svo er ekki, hver er skýringin á því?*

Í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, segir að ákvarðanir forstöðumanna um að greiða starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum skuli fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setji. Í samræmi við 52. gr. sömu laga ber fjármálaráðherra að hafa samráð við heildarsamtök starfsmanna ríkisins við setningu reglna af þessu tagi. Ríkisendurskoðun virðist ekki hafa byggt á þessu lagaákvæði í úttekt sinni.

Ekki hafa verið settar reglur á grundvelli fyrrgreindrar 3. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996. Ástæða þess er sú að í tengslum við upptöku hins nýja launakerfis á sínum tíma, ákvað þáverandi fjármálaráðherra í samráði við formann BSRB, að ekki yrði að svo stöddu lögð vinna í útfærslu og framkvæmd reglna um viðbótarlaun skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996.

832. Frumvarp til laga [551. mál]

um miðlun vátrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um miðlun vátrygginga hér á landi. Með miðlun vátrygginga er átt við starfsemi sem felst í að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samninga um vátryggingu, að koma á slíkum samningum eða að aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, einnig þegar krafa um vátryggingarbætur er sett fram.

Heimild til miðlunar vátrygginga hér á landi hafa:

1. vátryggingamiðlarar sem hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins skv. 9. gr.,
2. vátryggingaumboðsmenn sem skráðir eru hjá vátryggingafélagi, sbr. 39. gr.,
3. vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu utan Íslands sem fengið hafa starfsleyfi í heimaríki, sbr. 55. gr.,
4. vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn með aðalstöðvar utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem fengið hafa leyfi hér á landi til að reka útibú, sbr. 57. gr.

Lögin gilda um miðlun endurtrygginga, að undanskildum ákvæðum VI. og XI. kafla.

Ákvæði VI. og XI. kafla gilda ekki við miðlun stóráhættu.

2. gr.

Ófrávíkjanleiki.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu viðskiptamanns.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Vátryggingamiðlun:*
   a. starfsemi vátryggingamiðlara sem felst í að miðla á eigin ábyrgð vátryggingum, sbr. 1. mgr. 1. gr., og byggist á hlutlausri greiningu vátryggingarsamninga sem í boði eru á markaði,
   b. starfsemi vátryggingamiðlara sem felst í að miðla á eigin ábyrgð vátryggingum, eins eða fleiri vátryggingafélaga, sbr. 1. mgr. 1. gr.
2. *Vátryggingamiðlari:* einstaklingur eða lögaðili sem stundar miðlun frum- og/eða endurtrygginga gegn endurgjaldi.
3. *Vátryggingaumboðsmaður:* einstaklingur eða lögaðili sem á grundvelli samnings miðlar frum- og/eða endurtryggingum, sbr. 1. mgr. 1. gr., á vegum eins eða fleiri vátryggingafélaga og á ábyrgð þeirra gegn endurgjaldi.
4. *Vátryggingasölumaður:* starfsmaður sem starfar á vegum og á ábyrgð vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags við miðlun vátrygginga.
5. *Aðildarríki:* ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
6. *Heimaríki:* aðildarríki þar sem aðalstöðvar vátryggingamiðlara eru og starfsleyfi er gefið út.
7. *Gistiríki:* aðildarríki þar sem vátryggingamiðlari með aðalstöðvar í öðru aðildarríki hefur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar.
8. *Þriðja ríki:* ríki utan hins Evrópska efnahagssvæðis.
9. *Eftirlitsstjórnvöld:* aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með vátryggingamiðlurum, vátryggingafélögum og vátryggingastarfsemi, hér á landi Fjármálaeftirlitið.
10. *Varanlegur miðill:* tæki sem gerir viðskiptamanni kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma.
11. *Virkur eignarhlutur:* bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórn viðkomandi félags.
12. *Stóráhætta:* greinaflokkar vátrygginga er tengjast atvinnurekstri og stærri fyrirtækjum sérstaklega, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

4. gr.

Starfsemi undanþegin lögunum.

Lögin taka ekki til:

1. starfsemi vátryggingafélaga og starfsmanna þeirra, nema annars sé getið,
2. ráðgjafar sem tilfallandi er veitt innan ramma annarrar atvinnustarfsemi þegar tilgangurinn með ráðgjöfinni er ekki sá að aðstoða viðskiptamann við gerð eða framkvæmd vátryggingarsamnings,

3. almennrar upplýsingagjafar um vátryggingar eða þess að koma á tengslum við vátryggingafélag að því tilskildu að tilgangurinn sé ekki sá að aðstoða viðskiptamenn við að gera eða efna vátryggingarsamning, enda fái viðkomandi ekki endurgjald fyrir,
4. starfsemi í atvinnuskyni þar sem fram fer meðferð vátryggingarkrafna vátryggingafélags, tjónsuppgjör og sérfræðimat á tjónakröfum.

5. gr.

Takmörkun á gildissviði.

Lögin taka ekki til miðlunar vátrygginga ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Vátryggingarsamningurinn krefst eingöngu þekkingar á þeirri vátryggingarvernd sem hann veitir.
2. Vátryggingarsamningurinn er ekki líftryggingarsamningur.
3. Vátryggingarsamningurinn tekur ekki til skaðabótaábyrgðar.
4. Miðlun vátrygginga er ekki aðalatvinna viðkomandi.
5. Vátryggingin kemur til viðbótar tryggingu eða þjónustu sem látin er í té af hvaða aðila sem er ef vátryggingin nær yfir:
   a. hættu á að vörur, sem aðili lætur í té, bili, glatist eða skemmist eða
   b. farangur, sem skemmist eða glatast, og aðra áhættu sem tengist ferð sem bókuð er hjá þeim aðila, jafnvel þótt vátryggingin feli í sér líftryggingu eða skaðabótaábyrgð, að því tilskildu að vátryggingarverndin sé til viðbótar við aðalverndina gegn áhættu tengdri ferðinni.
6. Árlegt iðgjald er ekki hærra en 40.000 kr., þó aldrei hærra en 500 evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi evru á hverjum tíma.
7. Gildistími vátryggingarsamnings er ekki lengri en fimm ár.

II. KAFLI
Veiting starfsleyfis vátryggingamiðlara.

6. gr.

Starfsleyfisveitandi.

Fjármálaeftirlitið veitir vátryggingamiðlara starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

Vátryggingamiðlara er heimilt að hefja starfsemi þegar leyfi Fjármálaeftirlitsins hefur verið veitt.

7. gr.

Umsókn einstaklinga.

Umsókn einstaklinga um starfsleyfi vátryggingamiðlara skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda.
2. Upplýsingar um greinaflokka vátrygginga sem miðla á, sbr. 22. og 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi.
3. Staðfesting á að umsækjandi uppfylli kröfur skv. 15. gr.
4. Staðfesting á að starfsmenn umsækjanda uppfylli kröfur skv. 17. gr.
5. Upplýsingar um fyrirhugað starfsskipulag þar sem m.a. skal greina frá hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt, starfsstöð, fyrirhuguðum fjölda starfsmanna, innra eftirliti og áhættustýringu.
6. Áætlun um starfsemina þar sem eftirfarandi skal koma fram:

a. rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði,
b. áætluð staða starfseminnar samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu reikningsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld,
c. áætlun um hvernig umsækjandi hyggst standa við skuldbindingar sínar fyrstu þrjú reikningsárin.

7. Vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu, skilmála hennar ásamt heiti og aðsetri hlutaðeigandi vátryggingafélags.
8. Greinargerð um náin tengsl við vátryggingafélög og vátryggingamiðlara.
9. Í hvaða ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins fyrirhugað er að stunda vátryggingamiðlun.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

8. gr.

Umsókn lögaðila.

Umsókn lögaðila um starfsleyfi vátryggingamiðlara skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda.
2. Upplýsingar um greinaflokka vátrygginga sem miðla á, sbr. 22. og 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi.
3. Samþykktir félagsins.
4. Áætlun um starfsemina þar sem eftirfarandi skal koma fram:
   a. rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði,
   b. áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu reikningsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld,
   c. áætlun um hvernig umsækjandi hyggst standa við skuldbindingar sínar fyrstu þrjú reikningsárin.
5. Nöfn, kennitölur og lögheimili stofnenda og hluthafa.
6. Nöfn, kennitölur og lögheimili stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.
7. Staðfesting á að fyrirsvarsmenn umsækjanda uppfylli kröfur skv. 16. gr.
8. Staðfesting á að starfsmenn umsækjanda uppfylli kröfur skv. 17. gr.
9. Vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu, skilmála hennar ásamt heiti og aðsetri hlutaðeigandi vátryggingafélags.
10. Greinargerð um náin tengsl við vátryggingafélög og vátryggingamiðlara.
11. Í hvaða ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins fyrirhugað er að stunda vátryggingamiðlun.
12. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

9. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að fullbúin umsókn barst.

Í starfsleyfi skal koma fram til hvaða greinaflokka vátrygginga starfsleyfið tekur.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu um starfsleyfi vátryggingamiðlara í Lögbirtingablaði.

10. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn um starfsleyfi ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal umsókninni synjað.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda sex mánuðum frá móttöku umsóknar.

11. gr.

Skrá yfir veitt starfsleyfi.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá, vátryggingamiðlaraskrá, yfir þá sem leyfi hafa til vátryggingamiðlunar hér á landi.

Eftirfarandi atriði skulu skráð:

1. Nafn, kennitala og lögheimili vátryggingamiðlara.
2. Útgáfudagur starfsleyfis.
3. Greinaflokkar vátrygginga sem heimilt er að miðla.
4. Tengsl við vátryggingafélög og vátryggingamiðlara.
5. Heiti og aðsetur þess vátryggingafélags er veitir lögboðna starfsábyrgðartryggingu. Gildistími vátryggingarinnar og vátryggingarfjárhæð.
6. Nöfn, kennitölur og heimili stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þegar við á.
7. Í hvaða ríkjum vátryggingamiðlari stundar starfsemi á grundvelli 56. gr.

Allar breytingar varðandi atriði sem skráð eru í vátryggingamiðlaraskrá skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær hafa tekið gildi.

Almenningi skal heimill aðgangur að vátryggingamiðlaraskrá.

12. gr.

Heiti.

Sá einn má nota heitið vátryggingamiðlari sem hefur starfsleyfi hér á landi og er skráður í vátryggingamiðlaraskrá.

Sé hætta á að villst verði á nafni erlends vátryggingamiðlara sem starfar hér á landi á grundvelli 55. gr. og innlends vátryggingamiðlara getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annar vátryggingamiðlarinn verði auðkenndur sérstaklega.

13. gr.

Breyting á starfsemi.

Vátryggingamiðlari sem hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi. Í umsókn skal koma fram hvaða greinaflokka fyrirhugað er að taka upp, þá skulu fylgja umsókn gögn er sanna að gild starfsábyrgðartrygging sé fyrir hendi. Afgreiðsla umsóknarinnar fer skv. 9. gr.

14. gr.

Takmarkanir á starfsemi.

Vátryggingamiðlari skal einungis miðla frumtryggingum á vegum vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi vátryggingafélags í aðildarríki telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, enda séu uppfyllt skilyrði laga um vátryggingastarfsemi varðandi heimildir til stofnunar útibús eða til að veita hér þjónustu án starfsstöðvar.

Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. mgr.

III. KAFLI
Hæfiskröfur vátryggingamiðlara.

15. gr.
Hæfisskilyrði einstaklings.

Einstaklingur sem stundar vátryggingamiðlun skal vera lögráða og vera búsettur hér á landi. Hann má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Eistaklingur sem stundar vátryggingamiðlun skal búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt. Hann má ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að hann misnoti aðstöðu sína eða skaði starfsemina.

Einstaklingur sem stundar vátryggingamiðlun skal jafnframt hafa staðist próf í miðlun vátrygginga skv. 18. gr.

Ríkisborgarar annarra aðildarríkja eru undanþegnir búsetuskilyrðum séu þeir búsettir í aðildarríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

16. gr.
Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra lögaðila.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri vátryggingamiðlara skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið.

Um stjórn og framkvæmdastjóra vátryggingamiðlara gilda ákvæði laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

17. gr.
Hæfisskilyrði starfsmanna vátryggingamiðlara.

Starfsmaður vátryggingamiðlara, sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við vátryggingamiðlun skv. 1. tölul. 3. gr., skal hafa staðist próf í miðlun vátrygginga. Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða á starfsmannahaldi ber vátryggingamiðlara að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein.

Vátryggingamiðlari skal tryggja að vátryggingasölumenn er starfa á hans vegum búi yfir nægilegri starfsreynslu og þekkingu til að geta sinnt vátryggingamiðlun, þar á meðal á meginatriðum þessara laga, laga um vátryggingastarfsemi, laga um vátryggingarsamninga og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Vátryggingasölumenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Þeir skulu ekki hafa á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög,

bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Viðskiptaráðherra getur sett nánari reglur um hæfisskilyrði starfsmanna vátryggingamiðlara, m.a. um lágmarksþekkingu.

18. gr.

Próf í miðlun vátrygginga.

Prófnefnd hefur umsjón með prófi í miðlun vátrygginga sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. Viðskiptaráðherra skipar þriggja manna prófnefnd til fjögurra ára í senn. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Prófnefnd er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd prófs, þar á meðal prófkröfur og prófsefnislýsingu, og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild.

IV. KAFLI
Fjárhagslegar kröfur vátryggingamiðlara.

19. gr.

Fjárhagsleg staða. Áætlun.

Vátryggingamiðlari skal á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Ef líkur eru á því að vátryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum skal hann gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir stöðu sinni og leggja fyrir það áætlun um endurreisn fjárhags. Fjármálaeftirlitið ákveður hvort þær ráðstafanir teljast fullnægjandi.

Áætlun skv. 1. mgr. skal m.a. innihalda áætlaðan rekstrarkostnað, sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld og áætlaðan efnahagsreikning.

Gefi ársreikningur vátryggingamiðlara Fjármálaeftirlitinu vísbendingu um að vátryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum getur Fjármálaeftirlitið gert vátryggingamiðlara að skila áætlun skv. 1. mgr.

Meðan áætlun skv. 1. mgr. er í gildi skal Fjármálaeftirlitið ekki framsenda tilkynningu vegna ráðagerða vátryggingamiðlara um starfsemi erlendis, sbr. 56. gr.

20. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Vátryggingamiðlurum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Slík trygging getur verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging jafngild að mati Fjármálaeftirlitsins. Nánari ákvæði um gildissvið vátryggingarinnar, þ.m.t. vátryggingarfjárhæðir, skal setja í reglugerð.

Vátryggingamiðlari skal senda Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á endurnýjun starfsábyrgðartryggingar.

21. gr.

Viðtaka fjármuna.

Vátryggingamiðlari má ekki taka við iðgjöldum, vátryggingarbótum eða öðrum fjármunum fyrir hönd vátryggingafélags eða viðskiptamanns nema samkvæmt skriflegri heimild.

22. gr.

Vörslufjárreikningar.

Vátryggingamiðlara er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem á vörslufé kunna að falla, renna til eiganda þess. Vátryggingamiðlari er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Viðskiptaráðherra setur nánari reglur um vörslufjárreikninga.

V. KAFLI
Starfshættir vátryggingamiðlara.

23. gr.

Yfirsýn yfir starfsemina og sérstakar ráðstafanir.

Vátryggingamiðlari skal:

1. gæta þess að framkvæmdastjóri vátryggingamiðlunar hafi yfirsýn yfir rekstur miðlunarinnar, þar á meðal fjárhagslega stöðu,
2. gæta þess að sá starfsmaður, sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við vátryggingamiðlun skv. 1. tölul. 3. gr., hafi yfirsýn yfir rekstur miðlunarinnar,
3. gæta þess að fjöldi vátryggingasölumanna er starfa á hans vegum sé hæfilegur svo fullvíst megi telja að hann hafi yfirsýn yfir reksturinn.

24. gr.

Ráðningar- eða verksamningar.

Vátryggingamiðlari skal gera skriflegan ráðningar- og/eða verksamning við vátryggingasölumenn sem eru í þjónustu hans eða koma fram fyrir hans hönd. Þar skal kveðið á um réttindi og skyldur aðila, þar á meðal um að vátryggingasölumaður starfi á ábyrgð og undir stjórn og eftirliti vátryggingamiðlarans. Vátryggingamiðlari skal tryggja að vátryggingasölumaður falli undir starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlarans. Vátryggingasölumaður sem er í þjónustu eða kemur fram fyrir hönd vátryggingamiðlara skal starfa í fullu samræmi við þær reglur sem gilda um miðlun vátrygginga. Viðkomandi ber að leysa starf sitt af hendi í samræmi við góðar venjur í vátryggingaviðskiptum.

25. gr.

Samningur um þjónustu.

Vátryggingamiðlari skal gera skriflegan samning við viðskiptamenn sína áður en hann tekur til starfa fyrir viðkomandi. Í samningi skal koma fram í hverju umboð vátryggingamiðlarans felst, hversu víðtækt það er og til hvaða þátta á starfssviði hans það nær. Einnig skal koma fram hvort honum er heimilt að taka við fjármunum fyrir hönd viðskiptamanna og um skil á þeim.

26. gr.

Skilríki.

Hver sá sem er í þjónustu eða kemur fram fyrir hönd vátryggingamiðlara skal við störf sín framvísa fullnægjandi skilríkjum sem gefin eru út af vátryggingamiðlara sem hann starfar fyrir.

27. gr.

Trúnaðarupplýsingar.

Vátryggingamiðlari, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, vátryggingasölumenn, aðrir starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu vátryggingamiðlara eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingarnar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

Við miðlun vátrygginga skal fullnægja skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

28. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Vátryggingamiðlari skal starfa í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur á vátryggingamarkaði og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Verði misbrestur á skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið.

29. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra hefur heimild til að kveða nánar á um starfshætti vátryggingamiðlara í reglugerð, þar á meðal um yfirsýn vátryggingamiðlara yfir rekstur.

VI. KAFLI

Upplýsingaskylda vátryggingamiðlara.

30. gr.

Upplýsingar við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings.

Áður en vátryggingarsamningur er gerður skal vátryggingamiðlari láta væntanlegum vátryggingartaka í té a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og heimilisfang vátryggingamiðlarans.
2. Hvar vátryggingamiðlari er skráður og hvernig ganga megi úr skugga um skráninguna.
3. Hvort hann veitir ráðgjöf á grundvelli a- eða b-liðar 1. tölul. 3. gr.
4. Hvort vátryggingamiðlari eigi virkan eignarhlut í vátryggingafélagi.
5. Hvort vátryggingafélag eða móðurfélag vátryggingafélags eigi virkan eignarhlut í vátryggingamiðlara.
6. Um endurgjald skv. 1. mgr. 32. gr.

Við endurnýjun vátryggingarsamnings, eða breytingu á honum, skal veita vátryggingartaka upplýsingar skv. 1. mgr. hafi breytingar orðið á atriðum sem talin eru upp í 1.–6. tölul.

Miðli vátryggingamiðlari vátryggingum á grundvelli b-liðar 1. tölul. 3. gr. skal væntanlegur vátryggingartaki upplýstur um heiti vátryggingafélaganna áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi.

Upplýsingaskylda vátryggingafélags samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga og vátryggingastarfsemi hvílir á vátryggingamiðlara við vátryggingamiðlun eftir því sem við á.

31. gr.

Rökstuðningur ráðgjafar.

Áður en vátryggingarsamningur er gerður skal vátryggingamiðlari skilgreina, einkum á grundvelli upplýsinga frá væntanlegum vátryggingartaka, kröfur og þarfir hans. Skal hann skýra væntanlegum vátryggingartaka frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum hans. Rökstuðningur skal taka mið af eðli þess vátryggingarsamnings sem mælt er með.

32. gr.

Endurgjald.

Væntanlegur vátryggingartaki skal jafnan upplýstur um endurgjald sem vátryggingamiðlari þiggur eða áskilur sér vegna viðskiptanna. Skýrt skal koma fram hvor skuli greiða endurgjaldið, væntanlegur vátryggingartaki eða vátryggingafélag.

Vátryggingamiðlari má ekki taka við endurgjaldi af neinu tagi frá vátryggingafélagi nema vegna vátryggingarsamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingartaka.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skal einnig veita við breytingu eða endurnýjun á vátryggingarsamningi.

33. gr.

Form upplýsinga.

Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessum kafla skal veita:

1. skriflega eða á öðrum varanlegum miðli,
2. á skýran og nákvæman hátt sem viðtakandanum er skiljanlegur,
3. á íslensku eða öðru tungumáli sem báðir aðilar samþykkja.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er heimilt að veita upplýsingar munnlega óski væntanlegur vátryggingartaki þess sérstaklega eða ef vátryggingarverndar er þörf þegar í stað. Í slíkum tilvikum skal veita upplýsingar í samræmi við 1. mgr. þegar í stað eftir gerð vátryggingarsamnings.

Við miðlun vátrygginga í símsölu skal veita upplýsingar skv. 9. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu veittar þegar í stað eftir gerð vátryggingarsamnings.

VII. KAFLI

Afturköllun og innlögn starfsleyfis vátryggingamiðlara.

34. gr.

Ástæður afturköllunar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi vátryggingamiðlara þegar:

1. vátryggingamiðlari hefur fengið starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. vátryggingamiðlari hefur ekki gilda starfsábyrgðartryggingu,
3. eftirlitsgjald er í vanskilum,
4. vátryggingamiðlari eða starfsfólk hans uppfylla ekki hæfisskilyrði sem fram koma í 15.–17. gr.,
5. starfsleyfi hefur ekki verið nýtt innan tólf mánaða frá því að það var veitt, því verið ótvírætt afsalað eða starfsemi hefur verið hætt í meira en sex mánuði samfellt,
6. vátryggingamiðlari brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal vátryggingamiðlara veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

Við afturköllun starfsleyfis skal Fjármálaeftirlitið taka vátryggingamiðlara út af vátryggingamiðlaraskrá.

35. gr.

Tilkynning um afturköllun starfsleyfis.

Afturköllun á starfsleyfi vátryggingamiðlara skal tilkynnt fyrirsvarsmanni eða stjórn vátryggingamiðlara og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki vátryggingamiðlari útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynning send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

36. gr.

Innlögn starfsleyfis.

Hyggist vátryggingamiðlari hætta starfsemi, standi hann ekki lengur fyrir sjálfstæðri starfsemi eða starfi hann ekki lengur hjá vátryggingamiðlara skal hann skila inn starfsleyfi sínu.

Áður en vátryggingamiðlari hættir starfsemi og leggur inn starfsleyfi sitt skal hann gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja réttarstöðu viðskiptamanna sinna. Hann skal upplýsa viðsemjendur sína, þ.e. vátryggingafélög og þá sem hafa falast eftir vátryggingu, um innlögn starfsleyfis. Hann skal jafnframt leitast við að fá annan til þess bæran aðila, einn eða fleiri, til að taka að sér að þjónusta þá vátryggingarsamninga sem komið hefur verið á. Hann skal gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum.

Vátryggingamiðlara sem hyggst skila inn starfsleyfi sínu skv. 1. mgr. er óheimilt að segja upp starfsábyrgðartryggingu fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlits á innlögn leyfis.

Við innlögn starfsleyfis skal vátryggingamiðlari felldur út af vátryggingamiðlaraskrá. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu þess efnis í Lögbirtingablaði.

Óski aðili sem lagt hefur starfsleyfi inn að hefja starfsemi að nýju fer um þá umsókn eftir ákvæðum II. kafla.

VIII. KAFLI

Tilkynningar og skil á gögnum vátryggingamiðlara.

37. gr.

Skil ársreiknings.

Vátryggingamiðlari skal senda Fjármálaeftirlitinu ársreikning endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af vátryggingamiðlara og stjórn og framkvæmdastjóra þegar um lögaðila er að ræða.

Í skýringum ársreiknings skal greina frá heildarfjárhæð fjármuna sem vátryggingamiðlari varðveitir á vörslufjárreikningum í árslok fyrir hönd viðskiptaaðila, sbr. 22. gr. Þá skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að meðferð vátryggingamiðlara á fjármunum undangengið reikningsár sé í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga.

Ársreikningi skal fylgja skrá yfir þau vátryggingafélög sem miðlað er til vegna vátryggingaráhættu hér á landi ásamt iðgjaldamagni og þóknun frá hverju félagi vegna vátryggingarsamninga sem komið hefur verið á, með skiptingu á greinaflokka vátrygginga. Einnig skal fylgja greinargerð um önnur tengsl við vátryggingafélög.

38. gr.

Tilkynning um framkomna skaðabótakröfu.

Vátryggingamiðlari skal þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef gerð er skaðabótakrafa vegna starfa hans. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um efni og fjárhæð kröfunnar.

IX. KAFLI
Skráning vátryggingaumboðsmanns.

39. gr.

Skráning vátryggingaumboðsmanns.

Þegar vátryggingafélag hefur gert samning við vátryggingaumboðsmann um miðlun vátrygginga félagsins skal félagið skrá vátryggingaumboðsmann, sbr. 40. gr. Almenningi skal heimill aðgangur að upplýsingum um skráða vátryggingaumboðsmenn hjá viðkomandi vátryggingafélagi.

Vátryggingaumboðsmanni er heimilt að hefja starfsemi þegar hann hefur verið skráður hjá vátryggingafélagi.

Þegar vátryggingaumboðsmaður hættir að miðla vátryggingum á vegum vátryggingafélags skal hann tekinn út af skrá félagsins.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um skráningu vátryggingaumboðsmanns.

40. gr.

Skilyrði skráningar.

Áður er vátryggingafélag skráir vátryggingaumboðsmann skal félagið ganga úr skugga um að:

1. einstaklingur sem starfar sem vátryggingaumboðsmaður uppfylli ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr.,
2. vátryggingaumboðsmaður sem starfar sem lögaðili uppfylli ákvæði 16. gr.,
3. vátryggingasölumenn sem starfa á ábyrgð vátryggingaumboðsmanns uppfylli skilyrði 2. og 3. mgr. 17. gr.

41. gr.

Heiti.

Sá einn má nota heitið vátryggingaumboðsmaður sem hefur verið skráður hjá vátryggingafélagi.

Sé hætta á að villst verði á nafni erlends vátryggingaumboðsmanns sem starfar hér á landi á grundvelli 55. gr. og innlends vátryggingaumboðsmanns getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annar vátryggingaumboðsmaðurinn verði auðkenndur sérstaklega.

42. gr.

Takmarkanir á starfsemi.

Vátryggingaumboðsmaður skal einungis miðla frumtryggingum á vegum vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi vátryggingafélags í aðildarríki telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, enda séu uppfyllt skilyrði laga um vátryggingastarfsemi varðandi heimildir til stofnunar útibús eða til að veita hér þjónustu án stofnunar útibús.

Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. mgr.

43. gr.

Viðtaka fjármuna.

Vátryggingaumboðsmaður má ekki taka við iðgjöldum, vátryggingarbótum eða öðrum fjármunum fyrir hönd vátryggingafélags eða viðskiptamanns nema samkvæmt skriflegri heimild.

44. gr.

Vörslufjárreikningur.

Vátryggingaumboðsmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem á vörslufé kunna að falla, renna til eiganda þess. Vátryggingaumboðsmaður er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Viðskiptaráðherra setur nánari reglur um vörslufjárreikninga.

X. KAFLI

Starfshættir vátryggingaumboðmanns.

45. gr.

Yfirsýn yfir starfsemina og sérstakar ráðstafanir.

Vátryggingaumboðsmaður skal:

1. gæta þess að framkvæmdastjóri vátryggingaumboðsmanns hafi yfirsýn yfir rekstur starfseminnar,
2. gæta þess að sá starfsmaður, sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við miðlun vátrygginga, sbr. 1. mgr. 1. gr., hafi yfirsýn yfir rekstur starfseminnar,
3. gæta þess að fjöldi vátryggingasölumanna er starfa á hans vegum sé hæfilegur svo fullvíst megi telja að hann hafi yfirsýn yfir reksturinn.

46. gr.

Ráðningar- eða verksamningar.

Vátryggingaumboðsmaður skal gera skriflegan ráðningar- og/eða verksamning við vátryggingasölumenn sem eru í þjónustu hans eða koma fram fyrir hans hönd. Þar skal kveðið á um réttindi og skyldur aðila, þar á meðal um að vátryggingasölumaður starfi á ábyrgð og undir stjórn og eftirliti vátryggingaumboðsmanns. Vátryggingasölumaður sem er í þjónustu eða kemur fram fyrir hönd vátryggingaumboðsmanns skal starfa í fullu samræmi við þær reglur sem gilda um miðlun vátrygginga. Viðkomandi ber að leysa starf sitt af hendi í samræmi við góðar venjur í vátryggingaviðskiptum.

47. gr.

Skilríki.

Hver sá sem er í þjónustu eða kemur fram fyrir hönd vátryggingaumboðsmanns skal við störf sín framvísa fullnægjandi skilríkjum sem útgefin eru af vátryggingaumboðsmanni sem hann starfar fyrir.

48. gr.

Trúnaðarupplýsingar.

Vátryggingaumboðsmaður, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, vátryggingasölumenn, aðrir starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu vátrygginga-

umboðsmanns eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingarnar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

Við miðlun vátrygginga skal fullnægja skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

49. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Vátryggingaumboðsmaður skal starfa í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur á vátryggingamarkaði og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Verði misbrestur á skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið.

50. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra hefur heimild til að kveða nánar á um starfshætti vátryggingaumboðsmanna í reglugerð, þar á meðal um yfirsýn vátryggingaumboðsmanna yfir rekstur.

XI. KAFLI
Upplýsingaskylda vátryggingaumboðmanns.

51. gr.

Upplýsingar við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings.

Áður en vátryggingarsamningur er gerður skal vátryggingaumboðsmaður láta væntanlegum vátryggingartaka í té a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og heimilisfang vátryggingaumboðsmanns.
2. Hvar vátryggingaumboðsmaður er skráður og hvernig ganga megi úr skugga um skráninguna.
3. Heiti þeirra vátryggingafélaga sem hann er umboðsmaður fyrir.
4. Hvort vátryggingaumboðsmaður eigi virkan eignarhlut í vátryggingafélagi.
5. Hvort tiltekið vátryggingafélag eða móðurfélag tiltekins vátryggingafélags eigi virkan eignarhlut í vátryggingaumboði.
6. Um endurgjald skv. 1. mgr. 53. gr. þegar við á.

Við endurnýjun vátryggingarsamnings, eða breytingu hans, skal veita vátryggingartaka upplýsingar skv. 1. mgr. hafi breytingar orðið á atriðum sem talin eru upp í 1.–6. tölul.

Upplýsingaskylda vátryggingafélags samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga og lögum um vátryggingastarfsemi hvílir á vátryggingaumboðsmanni við miðlun vátrygginga eftir því sem við á.

52. gr.

Rökstuðningur ráðgjafar.

Áður en vátryggingarsamningur er gerður skal vátryggingaumboðsmaður skilgreina, einkum á grundvelli upplýsinga frá væntanlegum vátryggingartaka, kröfur og þarfir hans. Skal hann skýra væntanlegum vátryggingartaka frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum hans. Umfang skýringa miðast við hversu flóknum vátryggingarsamningi mælt er með.

53. gr.

Endurgjald.

Miðli vátryggingaumboðsmaður vátryggingum í sama greinaflokki á vegum fleiri en eins vátryggingafélags skal væntanlegur vátryggingartaki upplýstur um endurgjald sem vátryggingaumboðsmaður þiggur eða áskilur sér vegna viðskiptanna. Skýrt skal koma fram hvor skuli greiða endurgjaldið, væntanlegur vátryggingartaki eða vátryggingafélag.

Eigi væntanlegur vátryggingartaki að greiða endurgjald sem vátryggingaumboðsmaður þiggur eða áskilur sér vegna viðskiptanna, að hluta eða öllu leyti, skal hann ávallt upplýstur um endurgjaldið áður en hann er skuldbundinn af samningi.

Upplýsingar samkvæmt ákvæðinu skal einnig veita við breytingu eða endurnýjun á vátryggingarsamningi.

54. gr.

Form upplýsinga.

Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessum kafla skal veita:

1. skriflega eða á öðrum varanlegum miðli,
2. á skýran og nákvæman hátt sem viðtakandanum er skiljanlegur,
3. á íslensku eða öðru tungumáli sem báðir aðilar samþykkja.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er heimilt að veita upplýsingar munnlega óski væntanlegur vátryggingartaki þess sérstaklega eða ef vátryggingarverndar er þörf þegar í stað. Í slíkum tilvikum skal veita upplýsingar í samræmi við 1. mgr. þegar í stað eftir gerð vátryggingarsamnings.

Við miðlun vátrygginga í símsölu skal veita upplýsingar skv. 9. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu veittar þegar í stað eftir gerð vátryggingarsamnings.

XII. KAFLI

Starfsemi á milli landa.

55. gr.

Starfsemi erlendra vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna hér á landi.

Vátryggingamiðlari eða vátryggingaumboðsmaður, sem er skráður eða hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki, getur stofnsett útibú hér á landi eða veitt þjónustu án starfsstöðvar einum mánuði eftir að Fjármálaeftirlitinu hefur borist tilkynning frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki viðkomandi um fyrirhugaða starfsemi.

56. gr.

Starfsemi innlendra vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna erlendis.

Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn, sem vilja stunda starfsemi í öðru aðildarríki með stofnun útibús eða veita þar þjónustu án starfsstöðvar, skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu slíka fyrirætlan. Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal koma fram:

1. aðildarríki þar sem viðkomandi hyggst stofnsetja útibú og heimilisfang þess eða
2. aðildarríki þar sem viðkomandi hyggst veita þjónustu án stofnunar útibús.

Fjármálaeftirlitið skal innan mánaðar tilkynna lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis fyrirætlan viðkomandi, enda sé af hálfu aðildarríkis óskað eftir slíkum upplýsingum.

Vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanni er heimilt að hefja starfsemi einum mánuði eftir að Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt viðkomandi að tilkynning um fyrirhugaða

starfsemi hafi verið send gistiríki en þegar í stað óski aðildarríki ekki eftir slíkum upplýsingum.

57. gr.

Stofnun útibús vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna utan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanni með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi. Um leyfisveitingu og starfsemi slíkra aðila gilda ákvæði 71.–76. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

58. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur sett reglugerð um heimildir erlendra vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna til starfsemi hér á landi og innlendra vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna erlendis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra aðila og um heimildir innlendra aðila til að stunda starfsemi erlendis.

XIII. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

59. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum þessum, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, laga um vátryggingastarfsemi og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

60. gr.

Eftirlitsgjald.

Vátryggingamiðlarar sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi útgefið af Fjármálaeftirlitinu skulu árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar í samræmi við ákvæði laga þar um. Jafnframt skulu vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn sem heimild hafa til að starfa hér á landi skv. 57. gr. greiða eftirlitsgjald árlega.

61. gr.

Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja.

Lögbæru yfirvaldi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

62. gr.

Viðurlög.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara.

XIV. KAFLI

Innleiðing, gildistaka og breyting á öðrum lögum.

63. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/92/EB frá 9. desember 2002, um miðlun vátrygginga.

64. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

65. gr.

Breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Eftirtaldar breytingar verða á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, við gildistöku laga þessara:

1. 2. málsl. 1. gr. fellur brott.
2. Skilgreiningar á hugtökunum „vátryggingamiðlun“, „vátryggingamiðlari“ og „vátryggingaumboðsmaður“ í 7. gr. falla brott.
3. Skilgreining á hugtakinu „vátryggingasölumaður“ í 7. gr. orðast svo: starfsmaður sem starfar á vegum og á ábyrgð vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags.
4. 3. mgr. 13. gr. fellur brott.
5. IX. kafli fellur brott.

66. gr.

Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi: Vátryggingamiðlarar skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingamiðlarar sem fengið hafa starfsleyfi skv. 81. gr. laga um vátryggingastarfsemi við gildistöku þessara laga skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði laga þessara og skulu uppfylla þau eigi síðar en 1. júlí 2005.

Vátryggingamiðlarar sem uppfyllt hafa kröfu um þekkingu og starfsreynslu á grundvelli 1.–4. tölul. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 853/1999, um miðlun vátrygginga, eru undanþegnir töku prófs skv. 3. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga þessara.

Hafi vátryggingamiðlari lagt inn starfsleyfi sitt fyrir gildistöku laga þessara gilda ákvæði þeirra um hvernig hann getur öðlast starfsleyfi á ný.

Vátryggingaumboðsmenn sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði laganna og skulu uppfylla þau eigi síðar en 1. júlí 2005.

Vátryggingasölumenn skulu uppfylla hæfiskröfur laga þessara innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 15. maí 2002. Í nefndina voru skipuð Kjartan Gunnarsson, f.h. viðskiptaráðuneytis, formaður, Rúnar Guðmundsson, f.h. Fjármálaeftirlitsins, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, f.h. Neytendasamtakanna, og Baldvin Hafsteinsson, f.h. hóps vátryggingamiðlara innan Félags íslenskra stórkaupmanna. Starfsmaður nefndarinnar og varamaður formanns var Þóra M. Hjaltested, viðskiptaráðuneytinu.

Þóra M. Hjaltested tók við sem formaður nefndarinnar í október 2003. Baldvin Hafsteinsson hætti í nefndinni og tók Andrés Magnússon við af honum í mars 2004, f.h. hóps vátryggingamiðlara innan Félags íslenskra stórkaupmanna. Fjölgað var í nefndinni sumarið 2004, en þá tóku sæti í nefndinni Jóhann Tómas Sigurðsson, f.h. Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, og Sigmar Ármannsson, f.h. Sambands íslenskra tryggingarfélaga.

Með frumvarpinu er lögð til innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/92/EB frá 9. desember 2002, um miðlun vátrygginga. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003 sem staðfest var af Alþingi með þingsályktun á þskj. 1133 (481. mál) á 130. löggjafarþingi. Þá eru í frumvarpinu ýmis ákvæði er lúta að starfsemi þeirra er starfa við miðlun vátrygginga og rétt þótti að setja í heildarlöggjöf um miðlun vátrygginga.

Við frumvarpsvinnuna hefur nefndin horft til sambærilegrar frumvarpsvinnu í Danmörku og Noregi. Þá hefur jafnframt verið höfð hliðsjón af upplýsingum frá breska fjármálaeftirlitinu (FSA) auk þess sem tilteknir nefndarmenn hafa sótt sérfræðingafundi á vegum Evrópusambandsins varðandi tilskipunina.

Um tíu ár eru frá því fyrstu reglur um starfsemi vátryggingamiðlara voru leiddar í lög hér á landi. Á þessum árum hefur greinin fest sig í sessi og hefur það m.a. kallað á aukna reglusetningu. Helgast það sumpart af starfsemi greinarinnar sem slíkrar, breyttum viðhorfum og efni tilskipana. Þar sem tilskipun um miðlun vátrygginga hefur í för með sér talsverðar breytingar á lagaumhverfi starfsgreinarinnar var talið rétt og eðlilegt á þessum tímapunkti að leggja til að sérstök lög yrðu sett um miðlun vátrygginga.

II. Um efni tilskipunarinnar.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/92/EB, um miðlun vátrygginga, mælir fyrir um rétt vátrygginga- og endurtryggingamiðlara til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli skráningar í heimaríki. Eitt helsta markmið tilskipunarinnar er að afnema hindranir á því að vátryggingamiðlarar geti stundað starfsemi sína óhindrað á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur er í tilskipuninni stefnt að aukinni neytendavernd, m.a. með því að setja strangari kröfur um starfsemi vátryggingamiðlara og mæla fyrir um aukna upplýsingagjöf til neytenda. Tilskipunin skilgreinir miðlun vátrygginga sem þá „starfsemi að kynna, bjóða fram eða inna af hendi annað undirbúningsstarf fyrir gerð vátryggingarsamninga, gerð slíkra

samninga eða aðstoð við stjórnun og framkvæmd slíkra samninga, einnig þegar krafa um vátryggingarbætur er sett fram". Ekki er litið á starfsemi vátryggingafélaga og tilfallandi upplýsingagjöf innan ramma annarrar atvinnustarfsemi sem miðlun vátrygginga.

Samkvæmt tilskipuninni skulu vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar vera skráðir hjá lögbæru yfirvaldi í heimaríki sínu. Til að hljóta slíka skráningu verða vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar að búa yfir fullnægjandi þekkingu og hæfni samkvæmt viðmiðum sem heimaríki mælir fyrir um. Gerð er krafa um óflekkað mannorð og að viðkomandi hafi forræði yfir búi sínu. Þá er mælt fyrir um að vátryggingamiðlarar skuli hafa starfsábyrgðartryggingu til að mæta bótakröfum sem leitt geti af vanrækslu í starfi og mælir tilskipunin fyrir um hækkun á lágmarksfjárhæðum slíkra vátrygginga frá því sem verið hefur. Vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, sem skráður er hjá lögbæru yfirvaldi í heimaríki sínu, er samkvæmt tilskipuninni heimilt að starfa hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Hafi vátryggingamiðlari í hyggju að stunda starfsemi sína utan heimaríkis síns skal hann tilkynna það lögbæru yfirvaldi þar sem hann er skráður og ber því að framsenda slíkar tilkynningar til þeirra aðildarríkja sem þess óska.

Tilskipunin hefur að geyma ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara gagnvart viðskiptamönnum sínum. Þessi ákvæði miða að því að auka vernd neytenda. Enn fremur mælir tilskipunin fyrir um að aðildarríki skuli koma á málsmeðferð sem geri viðskiptamönnum og samtökum neytenda kleift að leggja fram kvartanir gegn vátrygginga- og endurtryggingamiðlurum.

Tilskipunin felur í sér lágmarkssamræmingu og hafa aðildarríki því nokkurt svigrúm varðandi innleiðingu og geta sett strangari reglur en tilskipunin mælir fyrir um. Lokið skal við að innleiða tilskipunina fyrir 15. janúar 2005 og fellur þá úr gildi tilskipun nr. 77/92/EBE frá 13. desember 1976 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að umboðsmenn í vátryggingum og vátryggingamiðlarar (úr ISIC-flokki 630) geti nýtt sér staðfesturétt og rétt til að stunda þjónustustarfsemi á því sviði, svo og sérstakar bráðabirgðaráðstafanir varðandi þá starfsemi.

III. Gildandi réttur.

Reglur um störf vátryggingamiðlara eru í dag í IX. kafla laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, og reglugerð um miðlun vátrygginga, nr. 853/1999. Þá eru í gildi reglugerð um vátryggingaskyldu vegna miðlunar vátrygginga, nr. 352/1997, og reglugerð um prófnefnd vátryggingamiðlara, námskeið og próf til þess að mega stunda miðlun vátrygginga, nr. 350/1997, með síðari breytingum.

Með lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, voru í fyrsta skipti leidd í lög ákvæði er lúta að miðlun vátrygginga. Á þeim tíma voru reglur aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis mjög mismunandi að efni, sums staðar voru gerðar vægar kröfur eða starfsemi var jafnvel ekki háð starfsleyfi en annar staðar höfðu verið sett sérstök lög um efnið. Á þeim tíma er lög um vátryggingastarfsemi voru samþykkt hafði miðlun vátrygginga verið rekin í mjög litlum mæli sem sjálfstæð atvinnustarfsemi hér á landi. Ákvæðum um miðlun vátrygginga var breytt töluvert þegar lögum um vátryggingastarfsemi var breytt með lögum nr. 63/1997.

Með núgildandi löggjöf er m.a. innleidd tilskipun nr. 77/92/EBE sem var í raun fyrsta skref í þá átt að vátryggingamiðlarar gætu nýtt sér staðfesturétt og rétt til að stunda þjónustu án starfsstöðvar. Þá er í gildandi lögum einnig tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla Evrópusambandsins, nr. 92/48/EB, þar sem leitast er við að stuðla að samhæfingu ákvæða aðildarríkjanna um fagkröfur og skráningu vátryggingamiðlara.

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2004 kemur fram að 30. júní 2004 voru 17 vátryggingamiðlarar skráðir í vátryggingamiðlaraskrá. Hefur fjöldi þeirra verið 16–19 síðustu fjögur árin.

IV. Meginefni og helstu nýmæli í frumvarpinu.

1. Inngangur.

Frumvarpið hefur að geyma almennar reglur um miðlun vátrygginga. Reglurnar lúta annars vegar að því hverjir hafa heimild til að miðla vátryggingum og hvaða hæfiskröfur þeir þurfa að uppfylla. Hins vegar er fjallað um starfsemi, starfshætti og upplýsingagjöf til neytenda. Í störfum sínum ber þeim er miðla vátryggingum einnig að taka mið af ákveðnum ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi og reglum er lúta að réttarsambandi milli vátryggingafélagsins og vátryggingartaka eða hins vátryggða, en í störfum sínum bera þeir er miðla vátryggingum ákveðnar skyldur sem ella hvíldu á vátryggingafélögum. Reglur þessar er að finna í lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þau lög falla úr gildi 1. janúar 2006 og taka þá gildi ný lög um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

2. Meginþættir frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í meginatriðum í tvo hluta, annars vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingamiðlara og hins vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingaumboðsmanna. Reglurnar eru að miklu leyti sambærilegar og spegla kaflarnir hvor annan. Rétt þótti til hægðarauka að greina á milli þessar tveggja flokka, þannig verði lögin, verði frumvarpið að lögum, aðgengilegri og þægilegri í notkun. Þó taka I. kafli um gildissvið og orðskýringar og XII.–XIV. kafli bæði til vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna.

Frumvarpið tekur enn fremur til starfsemi endurtryggingamiðlara. Endurtryggingamiðlarar eru þó undanþegnir ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu.

3. Nýmæli í frumvarpinu.

Ein af meginbreytingum sem frumvarpið leggur til lýtur að skilgreiningu á miðlun vátrygginga. Í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins hafa fram að þessu gilt ólíkar reglur um starfsemi þeirra sem hafa heimild til að miðla vátryggingum í hverju ríki. Til að tryggja jafnræði milli þessara aðila og vernd viðskiptamanna tekur frumvarpið til þeirra allra, svo sem vátryggingamiðlara, umboðsmanna og banka.

Skilgreiningin sem lögð er til grundvallar og byggist á tilskipuninni er mun víðtækari en í núgildandi lögum. Starfsemi fleiri aðila getur því fallið undir lög og reglur um miðlun vátrygginga en nú. Starfsemi vátryggingaumboðsmanna er dæmi um það, en lög um vátryggingastarfsemi skilgreina vátryggingaumboðsmann sem þann er starfar í nafni og fyrir hönd ákveðinna vátryggingafélaga, eins eða fleiri, við að kynna, gera tillögu um og undirbúa vátryggingarsamninga eða aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, svo sem þegar tjón hefur orðið. Hingað til hefur starfsemi þessara aðila ekki verið skráningar- eða leyfisskyld heldur hafa vátryggingaumboðsmenn starfað á ábyrgð vátryggingafélaga. Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi þessara aðila verði háð skráningu vátryggingafélags og er gerð krafa um að áður en skráning eigi sér stað skuli vátryggingafélag ganga úr skugga um að vátryggingaumboðsmaður, og eftir atvikum starfsmenn hans, hafi nægilega þekkingu til að bera til að geta miðlað vátryggingum. Þá er gert að skilyrði að slíkir aðilar séu lögráða og hafi forræði á búi sínu.

Eftir sem áður er gert ráð fyrir að áður en vátryggingamiðlari geti hafið starfsemi verði viðkomandi að sækja um starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlit verði starfsleyfisveitandi en ekki viðskiptaráðherra eins og samkvæmt núgildandi lögum. Yrði slík skipan í

samræmi við starfsleyfisveitingar á sviði fjármálamarkaðar, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í frumvarpinu er lagt er til að tekin verði upp reglan um eitt starfsleyfi sem þekkt er í annarri löggjöf er lýtur að starfsemi vátryggingafélaga og annarra fjármálafyrirtækja. Reglan felur það í sér að á grundvelli starfsleyfis sem veitt er í heimaríki vátryggingamiðlara eða skráningar vátryggingaumboðsmanns geti viðkomandi starfað í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins með stofnun útibús eða veitt þar þjónustu án stofnunar útibús.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði auknar kröfur til þekkingar og hæfis stofnenda, stjórnenda, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem miðla vátryggingum. Í núgildandi lögum og reglugerðum um miðlun vátrygginga er m.a. gert ráð fyrir að umsækjandi um leyfi vátryggingamiðlara hafi staðist próf í miðlun vátrygginga, það sama á við um framkvæmdastjóra lögaðila. Krafa um próf á samsvörun í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þar sem gerð er krafa um að allir starfsmenn sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Miðlun vátrygginga er vandasöm starfsgrein sem þarfnast umtalsverðar þekkingar. Hefur því verið leitast við að tryggja hæfni og koma í veg fyrir mistök með því að mæla fyrir um tiltekna almenna menntun og hafa próf verið notuð sem mælikvarði á þekkingu og hæfi.

Frumvarpið tekur til endurtryggingamiðlara. Fram til þessa hafa innlendir vátryggingamiðlarar einungis starfað við miðlun frumtrygginga. Erlendir vátryggingamiðlarar hafa hins vegar stundað miðlun bæði frum- og endurtrygginga hér á landi. Þá má gera ráð fyrir að innlendir vátryggingamiðlarar muni í einhverjum tilvikum taka upp miðlun endurtrygginga hér á landi. Samkvæmt 2. gr. laga um vátryggingastarfsemi gilda ákvæði VII. kafla laganna, um starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi, ekki um endurtryggingar sem þau vátryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr. laganna, kaupa erlendis. Vænta má breytinga hvað það varðar á næstu missirum þar sem á vegum Evrópusambandsins er nú unnið að undirbúningi tilskipunar um starfsemi endurtryggingafélaga.

4. Aukin neytendavernd.

Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um starfshætti þeirra er miðla vátryggingum auk ákvæða laga um vátryggingastarfsemi og vátryggingarsamninga. Þá eru nokkuð ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf við miðlun vátrygginga. Er lagt mikið upp úr að væntanlegur vátryggingartaki hafi nægilega vitneskju um þá vátryggingu sem hann hyggst taka, m.a. er gert ráð fyrir að vátryggingamiðlari og vátryggingaumboðsmaður greini aðila frá þeim forsendum sem liggja að baki ráðgjöf um val á vátryggingu. Auk þess er áhersla lögð á að upplýsingar um helstu atriði vátryggingar og atriði er varða vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmenn sjálfa séu upplýst áður en gengið er frá vátryggingarsamningi, hann endurnýjaður eða honum breytt.

V. Þjóðhagslegt mat á eftirliti.

Í frumvarpinu er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi þeirra sem miðla vátryggingum. Þörfin á eftirliti er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. 3. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999. Eftirlitsheimildin byggist á tilskipun nr. 2002/92/EB, um miðlun vátrygginga. Verður nú gerð stutt grein fyrir þörf fyrir eftirlit, mat á kostnaði við eftirlitið og skipulag eftirlitsins.

a. Greining á þörf fyrir eftirlit.

Frumvarp þetta byggist að langmestu leyti á tilskipun sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn um miðlun vátrygginga. Í tilskipuninni er kveðið á um grunnþætti í eftirliti á þessu sviði vátryggingastarfsemi.

Nýjung í frumvarpinu er fjárhagslegt eftirlit með þeim er stunda vátryggingamiðlun. Slíkt fjárhagslegt eftirlit hefur í raun ekki tíðkast þrátt fyrir að vátryggingamiðlarar lúti nú reglum um skil á ársreikningum. Ástæður þess að í frumvarpinu er lagt til að hafið verði eftirlit með fjárhag eru fyrst og fremst að miðlun vátrygginga er eina eftirlitsskylda starfsemin á fjármálamarkaði sem ekki lýtur fjárhagslegu eftirliti. Hefur verið talið að slíkt geti gefið röng skilaboð til neytenda þar sem um starfsleyfisskylda starfsemi er að ræða. Ekki síður er ástæðan sú að vátryggingamiðlarar hafa oft með höndum fjármuni annarra og er talið eðlilegt með sömu rökum og gilda um aðra fjármálastarfsemi að slík starfsemi lúti opinberu eftirliti. Hefur það sýnt sig við gjaldþrot vátryggingamiðlara síðustu ár að æskilegt hefði verið ef Fjármálaeftirlitið hefði haft upplýsingar um stöðu mála fyrr og þá ef til vill getað gripið fyrr inn í en gert var.

b. Mat á kostnaði við eftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar kosta starfsemi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt 3. tölul. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, skulu félög og einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr. Við síðustu lagabreytingu var lágmarksfjárhæðin hækkuð um 50.000 kr. þar sem nokkurt misræmi var talið á milli hlutdeildar vátryggingamiðlara í álögðu eftirlitsgjaldi og þess tíma sem að jafnaði hefur verið varið í eftirlit með þeim.

Almennt markmið með starfsemi fjármálaeftirlits er að stuðla að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, auka öryggi eigna og stuðla að bættri vernd neytenda. Slíkt eftirlit er talið hafa í för með sér mikinn ávinning fyrir samfélagið. Beinn kostnaður við eftirlitið liggur fyrir en erfitt er að meta hvort opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur í för með sér óbeinan kostnað. Óbeinn kostnaður einstaklinga getur t.d. verið fólginn í hærra verði þjónustu sem til kemur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar verða að greiða. Almennt má gera ráð fyrir að slíkur óbeinn kostnaður vegi ekki þungt þegar horft er til ávinnings sem felst í aðhaldi og eftirliti með fjármálafyrirtækjum sem miðar að því að draga úr og koma í veg fyrir áföll. Þannig verður að ætla að eftirlitið leiði ekki til hærra verðs á þjónustu eftirlitsskyldra aðila en vera mundi ef ekkert eftirlit væri með starfsemi þeirra.

Í frumvarpinu er ekki lagt nákvæmt mat á áhrif þess á núverandi rekstrarkostnað eftirlitsins. Ætla má að einhver kostnaðarauki fylgi því að koma ákvæðum laganna í framkvæmd af hálfu Fjármálaeftirlitsins, en verkefni þau sem frumvarpið hefur í för með sér eru bæði tímabundin og varanleg. Hins vegar er erfitt að meta langtímaáhrif frumvarpsins þar sem kostnaður af framkvæmd laga af þessu tagi ræðst einkum af þróun markaðarins. Því er talið eðlilegt að nánari áhrif frumvarpsins verði fremur metin í tengslum við frumvörp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem lögð eru fram á hverju haustþingi.

c. Skipulag eftirlits.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar á meðal miðlun vátrygginga, er beint eftirlit framkvæmt af eftirlitsstjórnvaldi. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins felst að miklu leyti í öflun upp-

lýsinga um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, vettvangsrannsóknum, sérstökum athugunum og öðrum aðferðum sem gera því kleift að kanna hvort starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Meginábyrgðin á eftirlitinu er hins vegar á hendi eftirlitsskyldra aðila sjálfra. Það er á ábyrgð stjórnenda að skipuleggja starfsemi sína þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og eftirfylgni við lög og reglur.

Reglur um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru settar með lögum og reglugerðum. Í vissum tilfellum hefur Fjármálaeftirlitið heimild til setningar reglna um einstaka þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Framkvæmd eftirlitsins er þannig í höndum Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið hefur víðtækar heimildir til að krefjast úrbóta komi í ljós við athuganir þess að eftirlitsskyldir aðilar fylgi ekki lögum eða öðrum reglum sem um starfsemina gilda. Kveðið er á um slíkar heimildir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar sem tilnefnd er af Hæstarétti.

Skipulag eftirlitsins byggist að langmestu leyti á erlendum fyrirmyndum og er ætlað að miða að því að opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hér á landi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í gildandi tilskipunum á Evrópska efnahagssvæðinu og alþjóðlegum grunnreglum um árangursríkt fjármálaeftirlit.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna fimm greinar er lúta að gildissviði, takmörkun á gildissviði og orðskýringum. Í kaflanum eru m.a. innleiddar 1. og 2. gr. og 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er gildissvið þess afmarkað. Er nauðsynlegt að túlka ákvæðið með hliðsjón af 4. og 5. gr. frumvarpsins þar sem er að finna takmarkanir á gildissviði laganna. Styðst greinin við 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Í greininni er leitast við að skilgreina þá starfsemi sem fellur undir hugtakið miðlun vátrygginga. Þá er í 2. mgr. að finna upptalningu á þeim aðilum sem hafa heimild til að miðla vátryggingum hér á landi.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram að frumvarpið taki til miðlunar vátrygginga hér á landi. Þá er skilgreint nánar hvað felist í miðlun vátrygginga, þ.e. sú starfsemi að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samning um vátryggingu, að koma á slíkum samningum eða aðstoð við framkvæmd slíkra samninga. Sú starfsemi að setja fram kröfu um vátryggingarbætur telst einnig til miðlunar vátrygginga.

Í reglugerð nr. 853/1999, um miðlun vátrygginga, kemur fram að í miðlun vátrygginga felist m.a. að undirbúa samning um vátryggingu, gerð slíkra samninga og aðstoð við framkvæmd á slíkum samningum, einnig þegar krafa um vátryggingarbætur er sett fram. Þá kemur fram að reglugerðin taki ekki til starfsemi sem rekin sé í umboði einstakra vátryggingafélaga, þar sem einungis fer fram tjónsuppgjör eða ráðgjöf á vátryggingasviði.

Í almennum athugasemdum er vikið að því að eitt af markmiðum tilskipunarinnar er að jafna stöðu þeirra aðila sem hingað til hafa stundað sambærilega starfsemi á sviði miðlunar vátrygginga. Hérlendis hefur starfsemi banka og sparisjóða er lýtur að milligöngu um sölu á vátryggingum aukist gífurlega síðustu missirin. Auk þess hafa svokallaðir tryggingaráðgjafar verið starfandi en ekki fallið undir reglur um miðlun vátrygginga. Eðlilegt er að sömu

eða sambærilegar reglur gildi um starfsemi þeirra aðila er hafa sambærilegan starfa og á það sérstaklega við þegar löggjafinn hefur mælt fyrir um að starfsemi skuli vera leyfisskyld og lúta opinberu eftirliti. Með rýmri skilgreiningu tilskipunarinnar á miðlun vátrygginga fjölgar til muna þeim aðilum sem þarfnast skráningar eða leyfis. Er það í samræmi við umræðu sem farið hefur fram hérlendis síðustu missirin um nauðsyn þess að gerðar verði breytingar hvað þetta atriði varðar í hérlendri löggjöf.

Í 1. mgr. er hugtakið miðlun vátrygginga notað. Í lögum og reglugerðum hafa ýmist verið notuð hugtökin vátryggingamiðlun eða miðlun vátrygginga. Í frumvarpinu er gengið út frá að miðlun vátrygginga sé yfirhugtak, sem taki yfir starfsemi vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanna og annarra sem eftir atvikum stunda þá starfsemi sem fellur undir skilgreiningu á miðlun vátrygginga í 1. mgr.

Ekki er nauðsynlegt að innt sé af hendi öll sú starfsemi sem talin er upp í málsgreininni til þess að starfsemi aðila verði talinn miðlun vátrygginga, eingöngu er nauðsynlegt að innt sé af hendi eitt af þeim atriðum sem talin eru upp. Til að starfsemi falli undir skilgreiningu á miðlun vátrygginga þarf hún jafnframt að fela í sér framlag af hálfu viðkomandi, t.d. að leitað sé eftir tilboðum í vátryggingar og ráðgjöf veitt að þeim fengnum. Er nauðsynlegt að greina skýrt á milli þeirrar háttsemi sem fellur undir 1. gr. frumvarpsins og háttsemi sem fellur undir undanþáguákvæði 4. gr. Starfsemi aðila, sem hefur atvinnu af því að meta vátryggingarþörf viðskiptamanna og ráðleggja þeim um vátryggingar sem í boði eru, fellur undir skilgreiningu 1. gr. á miðlun vátrygginga. Á það við hvort sem það er viðskiptamaðurinn sem t.d. leitar eftir tilboðum í vátryggingar eða aðilinn sjálfur. Ef slík ráðgjöf er hins vegar veitt tilfallandi innan ramma annarrar atvinnustarfsemi er hugsanlegt að undanþáguákvæði 2. tölul. 4. gr. geti átt við. Ef háttsemi felur t.d. eingöngu í sér að koma upplýsingum á milli vátryggingartaka og vátryggingafélags án þess að veitt sé ráðgjöf um vátryggingarsamninginn fellur slík starfsemi undir undanþáguákvæði 3. tölul. 4. gr.

Upp geta komið tilvik þar sem ekki er fyllilega ljóst hvort starfsemi fellur undir 1. gr. eða 4. gr. Dæmi um slík tilvik má nefna starfsemi fasteignasala þegar kaupandi merkir við á kaupsamningi hvar hann hyggst vátryggja fasteign lögbundinni brunatryggingu. Það sama má segja um bifreiðasala sem í tengslum við sölu ökutækja framsenda beiðni kaupanda um lögbundna ökutækjatryggingu til viðkomandi vátryggingafélags. Ef bifreiðasali framsendir eingöngu hina lögákveðnu vátryggingarbeiðni til vátryggingafélags fellur slík starfsemi undir undanþáguákvæði 3. tölul. 4. gr. Nánar er fjallað um þetta atriði í athugasemdum við 4. gr. Þá er ekki gert ráð fyrir að starfsemi t.d. skattaráðgjafa og endurskoðenda, sem veita tilfallandi ráðgjöf um vátryggingar innan ramma annarrar atvinnustarfsemi, falli undir skilgreiningu 1. gr. á miðlun vátrygginga.

Í 2. mgr. er skilgreint hverjir hafi heimild til miðlunar vátrygginga hér á landi. Eru það í fyrsta lagi vátryggingamiðlarar sem fengið hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, í öðru lagi vátryggingaumboðsmenn sem skráðir hafa verið hjá vátryggingafélagi. Í þriðja lagi vátryggingamiðlarar eða vátryggingaumboðsmenn sem hafa aðalstöðvar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og hafa starfsleyfi í því ríki eða verið þar skráðir. Loks í fjórða lagi vátryggingamiðlarar eða vátryggingaumboðsmenn með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa heimild til að reka hér útibú.

Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að lögin skuli gilda um miðlun endurtrygginga, sem er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að sömu reglur skuli gilda um miðlun vátrygginga, hvort heldur um er að ræða frumtryggingar eða endurtryggingar. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði um upplýsingaskyldu eigi ekki við um miðlun endurtrygginga, enda eiga neytendur ekki þar hlut að máli.

Í 4. mgr. er lagt til að ákvæði frumvarpsins um upplýsingskyldu gildi ekki um miðlun stóráhættu. Með sama hætti og varðandi miðlun endurtrygginga, er ekki sama þörf á neytendavernd við miðlun stóráhættu og við miðlun frumtrygginga, þar sem miðlun stóráhættu varðar þá greinaflokka vátrygginga er tengjast atvinnurekstri og stærri fyrirtækjum sérstaklega. Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið stóráhætta verði skilgreint með sama hætti og það er skilgreint í 7. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ekki verði vikið frá ákvæðum laganna viðskiptamönnum til tjóns. Ákvæðið byggist á tilskipuninni um miðlun vátrygginga og samrýmist jafnframt ákvæðum ýmissa nýlegra laga sem tryggja neytendavernd með þessum hætti. Á greinin fyrst og fremst við um þau ákvæði laganna sem varða samskipti vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns við viðskiptamenn sína. Í frumvarpinu eru lagðar til ákveðnar lágmarksreglur og er í greininni tekinn af allur vafi um að óheimilt sé að víkja frá þeim lágmarksreglum, enda yrði þá vegið að þeirri vernd sem frumvarpið mælir fyrir um viðskiptamönnum vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna til handa.

Það leiðir hins vegar af ákvæðinu að aðilum er heimilt að semja um réttarstöðu sem er viðskiptamanni hagstæðari en vera mundi samkvæmt lögunum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna orðskýringar á ýmsum grundvallarhugtökum frumvarpsins. Auk þess er að finna skilgreiningu á hugtökum sem nauðsynlegt var talið að hafa í sérstökum lögum um miðlun vátrygginga, sem eru skilgreind með sama hætti í frumvarpinu og í lögum um vátryggingastarfsemi. Með ákvæðinu eru innleiddar ýmsar skilgreiningar 2. gr. tilskipunarinnar.

Verður hér vikið að helstu hugtökum sem skilgreind eru í ákvæðinu og fela í sér nýmæli.

Í 1. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *vátryggingamiðlun*. Samkvæmt ákvæðinu er um vátryggingamiðlun að ræða þegar vátryggingamiðlari stundar starfsemi á eigin ábyrgð, sem felst í að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samninga um vátryggingu, að koma á slíkum samningum eða aðstoða við framkvæmd þeirra, á grundvelli hlutlausarar greiningar skv. a-lið 1. tölul. eða á grundvelli takmarkaðs fjölda, þ.e. vátrygginga eins eða fleiri vátryggingafélaga, skv. b-lið 1. tölul.

Vátryggingamiðlun eins og hún er skilgreind í núgildandi lögum og reglugerðum lýtur að eftirfarandi starfsemi:

1. Að undirbúa samninga um vátryggingu.
2. Gerð slíkra samninga.
3. Aðstoð við framkvæmd á slíkum samningum, einnig þegar krafa um vátryggingarbætur er sett fram.

Þannig hefur starfsemi þar sem eingöngu fer fram ráðgjöf án þess að jafnframt sé veitt aðstoð við að koma á vátryggingarsamningi ekki verið talin leyfisskyld og hefur ekki fallið undir lög eða reglugerð um miðlun vátrygginga. Frumvarpið leggur til breytingar hvað það varðar.

Í e-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar, punktum i) og iii), og 2. mgr. 12. gr. er að finna ákvæði um upplýsingaskyldu. Af punkti i) e-liðar 1. mgr. og 2. mgr. leiðir að tilkynni vátryggingamiðlari viðskiptamanni sínum að ráðgjöf hans byggist á hlutlausri greiningu, ber honum skylda til að veita ráðgjöf sína á grundvelli greiningar á nægilega mörgum vátryggingarsamningum, sem í boði eru á markaðnum, til að hann geti komið með tillögu, í samræmi

við faglegar viðmiðanir, um hvaða vátryggingarsamningur samrýmist þörfum viðskiptamannsins. Það leiðir enn fremur af punkti iii) e-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar að vátryggingamiðlari skuli upplýsa viðskiptamann sinn um að ráðgjöf hans byggist ekki á hlutlausri greiningu vátryggingarsamninga á markaði, þrátt fyrir að hann sé ekki bundinn samningsskyldu til að stunda vátryggingamiðlun eingöngu fyrir eitt eða fleiri vátryggingafélög. Af þessum atriðum má leiða að vátryggingamiðlari á að koma fram sem óháður ráðgjafi viðskiptamannsins.

Í a- og b-lið 1. tölul. 3. gr. er að finna skilgreiningu á starfsemi sem fellur undir framangreinda umfjöllun. Er annars vegar lagt til að vátryggingamiðlari sé óháður og veiti viðskiptamanni sínum ráðgjöf á grundvelli hlutlausrar greiningar á nægilega mörgum vátryggingarsamningum, sem í boði eru á markaðnum, til að hann geti komið með tillögu, í samræmi við faglegar viðmiðanir, um hvaða samningur samrýmist best þörfum viðskiptamannsins. Hversu margir vátryggingarsamningarnir skulu vera verður að meta í hverju tilfelli, t.d. með hliðsjón af því um hvaða vátryggingargrein er að ræða. Samkvæmt þessari skilgreiningu er um vátryggingamiðlun að ræða þegar vátryggingamiðlari leitar eftir tilboðum í vátryggingu fyrir viðskiptamann sinn, fyrirtæki eða einstakling, hjá tilteknum fjölda vátryggingafélaga á markaði.

Hins vegar getur vátryggingamiðlari eingöngu miðlað vátryggingum á eigin ábyrgð frá einu eða fleiri félögum. Hann starfar þá ekki á þeirra ábyrgð eins og vátryggingaumboðsmaður gerir. Í slíkum tilvikum ber vátryggingamiðlara að upplýsa viðskiptamann sinn um nöfn þeirra vátryggingafélaga.

Starfsemi vátryggingamiðlara fellur nú undir lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, eins og áður hefur verið vikið að. Hefur starfsemin hingað til verið fólgin í að leita tilboða í vátryggingar fyrir viðskiptamann án þess að viðkomandi vátryggingamiðlari sé samningsbundinn einu eða fleiri tilteknum vátryggingafélögum um að miðla vátryggingum á þeirra vegum. Í reglugerð um miðlun vátrygginga er raunar lagt bann við að vátryggingamiðlari tengist einstökum vátryggingafélögum, en m.a. er gert ráð fyrir að í umsókn vátryggingamiðlara um starfsleyfi sé lögð fram yfirlýsing um sjálfstæði gagnvart einstökum vátryggingafélögum og að engin fjárhagsleg tengsl séu við vátryggingafélög, sem miðlað er til vegna eignaraðildar eða hagsmuna annarra en þeirra sem tengjast þeim vátryggingarsamningnum sem komið er á. Með b-lið 1. tölul. 3. gr. frumvarpsins er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar lögð til sú veigamikla breyting að vátryggingamiðlari geti miðlað vátryggingum á vegum eins eða fleiri vátryggingafélaga á eigin ábyrgð. Hefur þetta nýmæli í för með sér að tiltekin vátryggingamiðlari getur á eigin ábyrgð stundað miðlun vátrygginga í tengslum við eitt vátryggingafélag, en þarf ekki að veita hlutlausa greiningu á vátryggingarsamningum sem í boði eru á markaði.

Í 2. tölul. 3. gr. er lögð til ný skilgreining á hugtakinu *vátryggingamiðlari*, sem samkvæmt ákvæðinu er einstaklingur eða lögaðili sem stundar starfsemi sem felst í að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samninga um vátryggingu, að koma á slíkum samningum eða aðstoða við framkvæmd þeirra, gegn endurgjaldi. Skilgreiningin byggist á 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, þar sem hugtakið er skilgreint með sambærilegum hætti.

Í frumvarpinu er lagt til að vátryggingamiðlari geti starfað sem einstaklingur eða lögaðili. Til umræðu var að gera að skilyrði að vátryggingamiðlarar gætu einungis starfað í lögaðilaformi en helstu ástæður er að í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög eru skýrar reglur um form og efni slíkra félaga en jafnframt þykir eðlilegt að miðlun vátrygginga sé líkt og önnur leyfisskyld starfsemi rekin í lögaðilaformi. Síðustu ár hafa enn fremur nær allir nýir vátryggingamiðlarar valið lögaðilaformið á rekstri sínum. Í 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar

kemur fram að vátryggingamiðlari sé lögaðili eða einstaklingur sem hefur eða stundar vátryggingamiðlun gegn þóknun. Af þeim sökum var talið að skilyrði íslenskrar löggjafar um lögaðilaform myndi brjóta í bága við ákvæði tilskipunarinnar og ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um staðfestu og þjónustufrelsi.

Starf vátryggingamiðlara felst í að yfirfara vátryggingaþörf viðskiptamanna og ráðleggja að slíkri niðurstöðu fenginni hvaða vátrygging henti viðkomandi best, gegn endurgjaldi. Hefur þar ekki áhrif hver greiðir vátryggingamiðlara endurgjald, vátryggingafélag eða viðskiptamaður. Ekki hefur heldur áhrif í hvaða formi endurgjaldið er innt af hendi, þannig getur verið um að ræða peningagreiðslu eða annan umsaminn ávinning. Mikilvægt er að viðskiptamaður sé upplýstur um endurgjald og hverjum beri að greiða slíkt endurgjald, í samræmi við það er lögð til ný regla í 32. gr. er lýtur að slíkri upplýsingaskyldu.

Í 3. tölul. er lögð til ný skilgreining á hugtakinu *vátryggingaumboðsmaður*. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um vátryggingastarfsemi frá árinu 1994 kom fram að óþarft væri að setja ákvæði um umboðsmenn innlendra vátryggingafélaga, þar sem þeir störfuðu á ábyrgð vátryggingafélaga.

Í frumvarpinu er skilgreining á hugtakinu vátryggingaumboðsmaður og er hún orðuð á nokkuð annan hátt en í lögum um vátryggingastarfsemi. Skilgreining sú sem lögð er til er samhljóða sambærilegri skilgreiningu danskra laga um vátryggingamiðlun og norsku frumvarpi um sama efni. Í frumvarpinu er lagt til að vátryggingaumboðsmaður miðli vátryggingum á vegum eins eða fleiri vátryggingafélaga og á ábyrgð þeirra. Viðkomandi vátryggingafélag ber ábyrgð á starfsemi vátryggingaumboðsmanns og tekur sú ábyrgð bæði til faglegra starfa viðkomandi og fjárhagslegar ábyrgðar. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir að vátryggingaumboðsmenn leggi fram starfsábyrgðartryggingu líkt og vátryggingamiðlarar, enda beri vátryggingafélag fulla ábyrgð á starfi viðkomandi.

Þá er lagt til í frumvarpinu að vátryggingaumboðsmenn verði að uppfylla tilteknar hæfiskröfur og að þeir séu sérstaklega skráðir hjá vátryggingafélagi. Skal sú skráning vera aðgengileg almenningi.

Hugtakið vátryggingaumboðsmaður í frumvarpinu tekur til þess hóps sem hefur undirgengist samning við eitt eða fleiri vátryggingafélög um að miðla vátryggingum á þeirra vegum. Sem dæmi um aðila sem munu falla undir þetta hugtak eru bankar og sparisjóðir auk óþekkts hóps annarra aðila sem inna af hendi starfsemi sem fellur undir skilgreiningu á miðlun vátrygginga. Þessi hópur aðila hefur fram að þessu ekki lotið sértæku eftirliti á þessu sviði.

Með sama hætti og varðandi vátryggingamiðlara er gert ráð fyrir að vátryggingaumboðsmenn geti starfað sem einstaklingar eða lögaðilar og jafnframt að þjónusta þeirra sé innt af hendi gegn endurgjaldi.

Lögð er til breyting á skilgreiningu á hugtakinu *vátryggingasölumaður*. Er enn fremur lagt til að skilgreiningu laga um vátryggingastarfsemi verði breytt með sambærilegum hætti. Með vátryggingasölumanni er átt við starfsmann sem starfar á vegum og á ábyrgð vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags við miðlun vátrygginga. Rétt þykir að sambærileg skilgreining taki til starfsmanna allra þeirra aðila er komið geta að sölu eða miðlun vátrygginga hér á landi. Ákvæði frumvarps þessa taka ekki til starfsmanna vátryggingafélaganna, enda er sérstaklega tekið fram í 1. tölul. 4. gr. að lögin taki ekki til vátryggingafélags og starfsmanna þess nema annars sé sérstaklega getið.

Í 10. tölul. er lögð til skilgreining á nýju hugtaki, varanlegur miðill, sem byggist á 12. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu merkir varanlegur miðill, auk pappírs, tæki sem gerir viðskiptamanni kleift að geyma upplýsingar sem beint er til hans óbreyttar,

þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma. Varanlegir miðlar geta einkum verið disklingar, geisladiskar, stafrænir mynddiskar (DVD) og harðir diskar í tölvu viðskiptamanna þar sem tölvupóstur er vistaður. Vefsetur á netinu teljast hins vegar ekki til varanlegra miðla, nema þau uppfylli viðmiðanir sem er að finna í skilgreiningu hugtaksins, þar sem hægt er að breyta upplýsingum á vefsíðum og þær uppfylla almennt ekki kröfurnar um að vera beint sérstaklega til einstaks viðskiptamanns. Venjulegur gsm-sími telst heldur ekki til varanlegs miðils þar sem í þeim er ekki nægilegt pláss til að geyma upplýsingar. Það má því ætla að til að upplýsingar teljist uppgefnar á varanlegum miðli verði þær að vera þannig að viðskiptamanni sé kleift að kynna sér þær með því að lesa þær. Símbréf, tölvupóstur, upplýsingar á disklingi, geisladiski eða stafrænum mynddiski (DVD) uppfylla þessar kröfur, sem og tölvupóstur, en hann vistast yfirleitt á harðan disk tölvu viðskiptamanns og er hægt að prenta út á pappír.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna upptalningu á þeirri starfsemi sem telst undanþegin lögunum. Í ýmsum greinum tilskipunarinnar er að finna undanþágur frá gildissviði hennar. Í 3. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði er lúta að innleiðingu á 3. og 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 1. gr. tilskipunarinnar eru innleidd í 5. gr. frumvarpsins.

Í 1. tölul. er lagt til að starfsemi vátryggingafélags og starfsmanna þeirra falli ekki undir lög um miðlun vátrygginga. Er það í samræmi við skilgreiningu á gildissviði frumvarpsins. Um starfsemi vátryggingafélaga og starfsmanna þeirra gilda lög um vátryggingarsamninga og lög um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á.

Í 2. tölul. er vikið að ráðgjöf sem tilfallandi er veitt innan ramma annarrar atvinnustarfsemi. Skilyrði er að tilgangurinn með ráðgjöfinni sé ekki að aðstoða viðskiptamann við gerð eða framkvæmd vátryggingarsamnings. Töluliðurinn varðar innleiðingu á 3. lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar og umfjöllun í 12. mgr. inngangs hennar, þar sem m.a. kemur fram að tilskipuninni sé ekki ætlað að gilda um aðila sem stunda aðra atvinnustarfsemi en miðlun vátrygginga, svo sem skattasérfræðinga eða endurskoðendur, sem veita tilfallandi ráðgjöf um vátryggingarvernd í starfi sínu. Það sama getur átt við um starfsemi lögmanna, sem algengt er að veiti ráðgjöf um vátryggingar sem lið í almennri hagsmunagæslu viðskiptamanna sinna.

Í 3. tölul. greinarinnar er vikið að undanþágu er lýtur að almennri upplýsingagjöf um vátryggingar eða þegar tengslum við vátryggingafélög er komið á, að því tilskildu að tilgangurinn sé ekki að koma á vátryggingarsamningi. Sem dæmi um starfsemi sem getur fallið undir þennan tölulið er aðkoma bifreiðasala að málum er snúa að löggiltum ökutækjatryggingum. Í 91. og 92. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. og 8. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatryggingar, er kveðið á um að öll skráð ökutæki skuli vera vátryggð ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns og eiganda sem vátryggingartaka. Sú venja hefur þróast við kaup og sölu ökutækja hjá bifreiðasala að á stöðluðum eyðublöðum bifreiðasala, kaupsamningi og/eða afsali, er sérstakur reitur þar sem kaupandi getur merkt við hjá hvaða vátryggingafélagi hann hyggst vátryggja bifreið sína. Samkvæmt lögum og reglum um starfsemi bifreiðasala hvílir á bifreiðasala skylda að senda tilkynningu um eigendaskipti ökutækja til ökutækjaskrár, Umferðarstofu. Í þeirri tilkynningu skal vátryggingafélags getið. Hið sama á við um nýskráningu ökutækja. Sú þjónusta bifreiðasala að kaupandi bifreiðar geti tilgreint á nýskráningar- og eigendaskiptatilkynningum, kauptilboði eða afsali hvaða vátryggingafélagi hann hyggst vátryggja bifreiðina hjá flokkast undir lögbundna þjónustu sem bifreiðasali innir af hendi fyrir kaupanda. Hefur þessi framkvæmd þróast í áranna rás í tengslum við viðleitni stjórnvalda og vátryggingafélaga til að fækka óvátryggðum ökutækjum í um-

ferðinni. Hið sama getur átt við um framsendingu bifreiðasala á beiðni um húftryggingu, í tengslum við lögmæltar ábyrgðartryggingar ökutækja. Umræða um vátryggingarsamninginn og umfang hans, svo sem um verð og eigin áhættu fer fram á milli eiganda (kaupanda) bifreiðar og vátryggingafélags.

Um leið og bílasali veitir ráðgjöf eða býður fram aðra þjónustu eða aðstoð er lýtur að undirbúningi vátryggingarsamnings er hann farinn að miðla vátryggingum í skilningi 1. mgr. 1. gr. Sambærileg aðstaða getur skapast í öðrum atvinnugreinum, svo sem um aðkomu fasteignasala vegna lögboðinna brunatrygginga húseigna eins og áður hefur verið nefnt í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins. Fer það eftir mati hverju sinni hvort tiltekin starfsemi fellur undir 1. gr. eða undanþáguákvæði 3. tölul. 4. gr.

Í 4. tölul. er lagt til að starfsemi í atvinnuskyni þar sem fram fer meðferð vátryggingarkrafna vátryggingafélags, tjónsuppgjör og sérfræðimat á tjónakröfum falli ekki undir lög um miðlun vátrygginga. Starfsemi þessi felur ekki í sér að verið sé að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samning um vátryggingu. Er þessi regla í samræmi við núverandi lagareglur.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um takmörkun á gildissviði laganna og styðst greinin við 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 1.–4. tölul. ber að skoða í samhengi þar sem þeir þurfa allir að vera uppfylltir til að takmörkunin eigi við.

Í 1. tölul. er gert að skilyrði að vátryggingarsamningurinn krefjist eingöngu þekkingar á þeirri vátryggingarvernd sem vátryggingarsamningurinn veitir, sem dæmi má nefna er ferðaskrifstofur bjóða upp á forfallatryggingar í tengslum við sölu á ferð.

Í 2. tölul. er gert að skilyrði að vátryggingarsamningurinn feli ekki í sér líftryggingu. Líftryggingar eru flóknar vátryggingar, þar sem viðskiptamaður hefur þörf fyrir ítarlegar upplýsingar áður en vátryggingarsamningur er gerður og kallar á sérfræðiþekkingu þess sem miðlar vátryggingunni.

Í 3. tölul. er gert að skilyrði að vátryggingarsamningurinn taki ekki til skaðabótaábyrgðar.

Í 4. tölul. kemur er gert ráð fyrir að sá er miðli vátryggingunni hafi ekki aðalatvinnu af starfanum.

Í 5. tölul. kemur fram að miðlun vátrygginga, sem veitt er af aðila er stundar sölu á vöru eða ferðaþjónustu, sé undanþegin ákvæðum laganna, enda séu skilyrði a- og b-liðar töluliðarins uppfyllt. Í a-lið er vísað til vátrygginga sem ná yfir hættu á að vörur bili, glatist eða skemmist. Þá er í b-lið vísað til vátrygginga sem seldar eru af ferðaskrifstofum í tengslum við ferð, þegar vátryggingin greiðir bætur þegar farangur skemmist eða glatast eða þegar vátryggingin er gegn annarri áhættu sem tengist ferð, t.d. forfallatrygging. Vakin er athygli á því að vátrygging skv. b-lið getur falið í sér líftryggingu eða skaðabótaábyrgð að því gefnu að vátryggingarverndin sé til viðbótar við aðalverndina gegn áhættu tengdri ferðinni.

Ákvæði 1.–5. tölul. verður að túlka í samhengi við 6. og 7. tölul. varðandi hámark iðgjalds og lengd gildistíma vátryggingarsamnings. Samkvæmt greininni má árlegt iðgjald ekki vera hærra en 40.000 kr., en þó aldrei hærra en 500 evrur miðað opinbert viðmiðunargengi evru hverju sinni. Þá má gildistími vátryggingarinnar ekki vera lengri en fimm ár í heild og tekur sá tími jafnframt til framlengingar á vátryggingunni. Fari árlegt iðgjald yfir 40.000 kr. eða sé gildistími lengri en fimm ár fellur starfsemi viðkomandi undir gildissvið laganna.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna reglur er lúta að veitingu starfsleyfis vátryggingamiðlara. Helsta nýmæli sem lagt er til í kaflanum er að starfsleyfisveiting færist yfir til Fjármálaeftirlits frá viðskiptaráðherra til samræmis við flestar aðrar leyfisveitingar á sviði fjármálamarkaðar. Í kaflanum er jafnframt að finna skilyrði sem einstaklingar og lögaðilar þurfa að uppfylla til að hljóta starfsleyfi. Þá er fjallað um umsóknarferlið, skrá yfir veitt starfsleyfi og reglur er lúta að breytingu á starfsemi. Núgildandi reglur um umsókn um starfsleyfi vátryggingamiðlara er að finna í 6.–12. gr. reglugerðar nr. 853/1999, um miðlun vátrygginga. Reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpinu er óbreyttar að hluta en varðandi tiltekin atriði eru lagðar til ítarlegri reglur en í gildandi reglugerð.

Um 6. gr.

Í greininni er lögð til efnisleg breyting á tilhögun starfsleyfisveitinga, en kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið veiti vátryggingamiðlurum starfsleyfi. Samkvæmt núgildandi lögum og reglugerð veitir viðskiptaráðherra vátryggingamiðlurum starfsleyfi að fenginni umsögn Fjármálaeftirlits. Sú þróun hefur átt sér stað síðustu ár að starfsleyfisveitingar á fjármálamarkaði hafa færst frá viðskiptaráðherra til Fjármálaeftirlitsins. Er sú skipan mála í samræmi við almenna venju í Evrópu og er veiting starfsleyfis í raun einn hluti af opinberu eftirliti með starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis, í þessu tilviki vátryggingamiðlara. Breyting þessi hefur enn fremur í för með sér að umsækjandi um starfsleyfi getur kært synjun Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi til kærunefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 7. gr.

Í greininni eru talin upp þau gögn sem fylgja skulu umsókn um starfsleyfi einstaklings sem vátryggingamiðlara. Upptalningin er ekki tæmandi þar sem gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti óskað frekari skýringa eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að upplýsingar sem fram koma í umsókn séu ítarlegar. Markmiðið er að umsækjendur geri sér fyrir fram grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að stunda og sýni fram á að þeir séu hæfir til að sinna henni. Um hæfi umsækjanda og starfsmanna hans er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum og sérstakri umfjöllun um hæfiskröfur í III. kafla.

Í greininni eru lagðar til ýmsar breytingar frá núgildandi reglum í 6. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga, nr. 853/1999. Helstu breytingar lúta að því að veita skal ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, m.a. er lýtur að starfsstöð, fjölda starfsmanna, innra eftirliti og áhættustýringu. Þá er gert ráð fyrir að lögð sé fram áætlun um starfsemina fyrir næstu þrjú reikningsár, þar sem m.a. komi fram rökstuðningur á kostnaði við að koma starfseminni af stað og hvernig greiða eigi þann kostnað, áætluð staða starfseminnar samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu reikningsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína í lög um vátryggingastarfsemi þar sem gert er ráð fyrir að vátryggingafélag skuli leggja fram áætlun um fyrirhugaða starfsemi með umsókn um starfsleyfi. Ákvæði frumvarpsins er ekki jafn ítarlegt og ákvæði laga um vátryggingastarfsemi og má rekja það til þess að ekki eru gerðar fjárhagslegar kröfur til vátryggingamiðlara með sama hætti og gjaldþolsreglur laga um vátryggingastarfsemi kveða á um. Undirstrika þessi nýju ákvæði þá áherslu sem lögð er á að umsækjanda sé ljóst strax í upphafi hvernig hann hyggst haga rekstrinum og að hann ætli raunverulega að hefja starfsemi. Jafnframt er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið geti strax í upphafi við afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi lagt mat á þau

atriði sem snúa að þessum hluta rekstrar vátryggingamiðlara. Þá er ljóst að Fjármálaeftirlitið mun ekki gefa út starfsleyfi nema ljóst sé að umsækjandi hyggist hefja starfsemi.

Skilyrði greinarinnar eiga ekki eingöngu við í upphafi þegar sótt er um leyfi til vátryggingamiðlunar því skv. 34. gr. frumvarpsins getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi séu skilyrði greinarinnar ekki lengur uppfyllt.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að umsókn lögaðila um starfsleyfi vátryggingamiðlara. Greinin er að miklu leyti samhljóða ákvæði 7. gr. um umsókn einstaklinga um starfsleyfi og eiga sömu sjónarmið við og er vísað til umfjöllunar um 7. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um þann tímafrest sem Fjármálaeftirlitið hefur við afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi vátryggingamiðlara. Er lagt til að afgreiðslu umsóknar skuli vera lokið innan mánaðar frá því Fjármálaeftirlitinu barst fullbúin umsókn um starfsleyfi. Vakin er athygli á því að það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin. Þar sem afgreiðslutími er ekki langur þykir ekki ástæða til að mæla fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli senda umsækjanda tilkynningu um hvenær umsókn teljist fullnægjandi. Í tilskipuninni er ekki að finna tímafresti við afgreiðslu umsókna, en reynsla af afgreiðslu umsókna gefur vísbendingu um að mánuður sé nægilega langur tími fyrir Fjármálaeftirlitið til að leggja mat á fullbúna umsókn.

Í 2. mgr. kemur fram að í starfsleyfi skuli tilgreina hvaða greinaflokka vátrygginga starfsleyfið tekur til.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli birta tilkynningu um starfsleyfi vátryggingamiðlara í Lögbirtingablaðinu. Er ákvæðið efnislega óbreytt frá 14. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um rökstuðning synjunar umsóknar og fresti er Fjármálaeftirlitið hefur er umsókn er synjað. Um nýmæli er að ræða, en rétt þótti til samræmis við aðra löggjöf er lýtur að fjármálastarfsemi og reglna stjórnsýsluréttar að kveða á um slíka fresti í lögum. Lagt er til að frestur til að hafna umsókn verði einn mánuður, í samræmi við afgreiðslufrest umsókna. Þá er jafnframt lagt til að synjun skuli alltaf hafa borist umsækjanda innan sex mánaða frá móttöku umsóknar.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli halda skrá um veitt starfsleyfi og er ákvæðið efnislega samhljóða 13. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga. Nýmæli er að í skránni skal koma fram í hvaða ríkjum vátryggingamiðlari stundar starfsemi á grundvelli 54. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Grein þessi er efnislega sambærileg 3. mgr. 13. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Í greininni er staðfest að starfsheitið vátryggingamiðlari er lögverndað starfsheiti með sama hætti og verið hefur. Þannig hafa aðrir en þeir sem fengið hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins og verið skráðir í vátryggingamiðlaraskrá ekki heimild til að nota heitið vátryggingamiðlari.

Um 13. gr.

Í greininni eru reglur er lúta að því þegar breyting er fyrirhuguð á starfsemi vátryggingamiðlara, t.d. ef hann hyggst taka upp miðlun á nýjum greinaflokki vátrygginga. Er lagt til að vátryggingamiðlari skuli sækja um slíka breytingu til Fjármálaeftirlitsins og að afgreiðslan fari eftir ákvæðum 9. gr. frumvarpsins. Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga.

Um 14. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga, sem byggist á 5. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Í greininni er kveðið á um að vátryggingamiðlari megi einungis miðla vátryggingum til vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi, hafi stofnað hér útibú eða veiti þjónustu án útibús. Eðlilegt er að hafa slíka reglu til áréttingar þar sem vátryggingastarfsemi er starfsleyfisskyld starfsemi.

Um III. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði er lúta að hæfiskröfum stofnanda, stjórnanda, framkvæmdastjóra og starfsmanna vátryggingamiðlunar. Þá eru lagðar til reglur er varða próf í miðlun vátrygginga. Í kaflanum eru fjórar greinar og eru með þeim innleidd ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um hæfisskilyrði sem einstaklingar verða að uppfylla til að geta stundað vátryggingamiðlun. Efnislega eru gerðar sömu kröfur og í lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um miðlun vátrygginga. Í greininni er gert ráð fyrir að einstaklingur sem hyggst stunda vátryggingamiðlun sé lögráða og búsettur á Íslandi. Jafnframt er kveðið á um að einstaklingar megi ekki hafa misst forræði á búi sínu síðustu fimm ár. Til skoðunar kom að útiloka alla einstaklinga sem sætt hafa skiptameðferð á búi sínu en sú regla þótti of ströng. Ýmsar ástæður geta verið þess valdandi að menn missa forræði á búi sínu án þess að slíkt gefi tilefni til að ætla að þeir séu ófærir til að gegna störfum vátryggingamiðlara.

Þá er tilskilið að einstaklingur hafi ekki á síðustu fimm árum gerst sekur um meiri háttar brot tengd atvinnurekstri. Fimm ára markið gengur lengra en ákvæði hlutafélagalaga en verður að teljast eðlilegt með tilliti til þeirra ríku ábyrgðar sem í störfum vátryggingamiðlara felst. Það tímamark er enn fremur í samræmi við aðra löggjöf á fjármálamarkaði.

Í 2. mgr. er kveðið á um matskenndar reglur um hæfi einstaklinga til að sinna starfi vátryggingamiðlara. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga er Fjármálaeftirlitinu heimilt að fullvissa sig um hæfni umsækjanda, m.a. þekkingu á íslenskum vátryggingamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur nýtt þessa heimild í langflestum tilvikum þegar unnið hefur verið að umsögnum vegna umsókna einstaklinga og lögaðila um starfsleyfi til miðlunar vátrygginga, með því að kalla umsækjendur á fund þar sem farið er yfir lög og reglur á sviði vátrygginga og þekkingu viðkomandi á efninu. Gera má ráð fyrir að við mat á hæfi skv. 2. mgr. verði slíkt áfram tíðkað, enda hefur þessi leið gefist vel fram að þessu til að kanna þekkingu.

Þá er í 3. mgr. gert ráð fyrir, til að tryggja lágmarksþekkingu umsækjanda í lögum og reglum um miðlun vátrygginga, að viðkomandi skuli hafa staðist próf í miðlun vátrygginga. Í 9. gr. núgildandi reglugerðar um miðlun vátrygginga er m.a. gert ráð fyrir að umsækjandi um leyfi vátryggingamiðlara hafi staðist próf í miðlun vátrygginga. Um próf í vátryggingamiðlun gildir nú reglugerð nr. 350/1997, um prófnefnd vátryggingamiðlara, námskeið

og próf til þess að mega stunda miðlun vátrygginga. Fyrstu námskeið og próf í vátryggingamiðlun voru haldin á árinu 1997 og hafa verið haldin þrisvar sinnum síðan.

Þegar lögum um vátryggingastarfsemi var breytt með lögum nr. 63/1997, en breytingin laut m.a. að innleiðingu á ákvæðum um miðlun vátrygginga í íslenskan rétt, var vísað til þess að varðandi hæfisskilyrði skyldi höfð hliðsjón af lögum um verðbréfaviðskipti og lögum um verðbréfasjóði. Ákvæði um menntunarkröfur voru fyrst tekin upp á sviði verðbréfamiðlunar með lögum nr. 27/1986 og hafa verið í lögum er varða verðbréfamiðlun og síðar viðskipti fjármálafyrirtækja síðan. Hafa ákvæðin tekið töluverðum breytingum í gegnum árin og hefur tilhneigingin verið sú að slíkar kröfur nái ekki aðeins til framkvæmdastjóra heldur jafnframt til þeirra starfsmanna sem bera ábyrgð á daglegri starfsemi og eru þannig nær viðskiptamönnum sínum.

Vátryggingamiðlun er vandasöm starfsgrein og þarfnast umtalsverðar þekkingar. Hefur verið leitast við að tryggja hæfi vátryggingamiðlara og koma í veg fyrir mistök með því að gera almenna kröfu um menntun. Í gildandi reglum um starfsemi vátryggingamiðlara er gerð krafa um að einstaklingur sem sækir um leyfi til vátryggingamiðlunar hafi staðist próf í vátryggingamiðlun og tekur sú krafa til framkvæmdastjóra ef um lögaðila er að ræða. Þegar reglur voru fyrst settar um starfsemi vátryggingamiðlara var starfsemin rétt að hefjast og starfsemin smá í sniðum. Höfðu leyfishafar eða framkvæmdastjórar leyfishafa með höndum flesta ef ekki alla þætti rekstrarins. Af þeim sökum var eðlilegt að hæfiskrafan tæki til þeirra.

Undanfarin ár hefur starfsemi vátryggingamiðlara breyst og hefur í mörgum tilfellum færst á hendur færri en stærri aðila. Snýst hlutverk framkvæmdastjóra nú oft á tíðum um almenna stjórnun fremur en að viðkomandi komi að miðlun vátrygginga. Þannig er það oft ekki framkvæmdastjórinn sem stundar hina daglegu miðlun vátrygginga heldur aðrir starfsmenn viðkomandi lögaðila. Tilskipun um miðlun vátrygginga kveður á um að framkvæmdastjórar skuli hafa almenna þekkingu á starfsemi vátrygginga, áhersla er hins vegar lögð á að þeir sem beint komi að miðlun vátrygginga hafi nægilega sérþekkingu til að bera. Er því lagt til í 17. gr. frumvarpsins að kröfur um menntun og próf í miðlun vátrygginga verði lögð á þann eða þá sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við miðlun vátrygginga. Engu að síður er áfram gert ráð fyrir að þeir sem velja þá leið að stunda vátryggingamiðlun í eigin nafni skuli hafa lokið prófi í miðlun vátrygginga. Hvað varðar stjórnendur og framkvæmdastjóra er hins vegar gert ráð fyrir að þeir hafi til að bera almenna þekkingu til að geta gegnt stöðu sinni. Með þessari breytingu er ekki verið að leggja alfarið til að framkvæmdastjórar vátryggingamiðlara verði undanþegnir kröfum um próf í vátryggingamiðlun. Í flestum tilfellum verður að ætla að skipulag fyrirtækjanna sé þannig að eðlilegt sé að framkvæmdastjóri hafi lokið prófi í vátryggingamiðlun.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur er lúta að kröfu um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra lögaðila sem hyggst stunda vátryggingamiðlun. Skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylla sömu efnislegu skilyrði og einstaklingar skv. 1. og 2. mgr. 15. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög gildi að meginstefnu til um vátryggingamiðlara sem reknir eru í lögaðilaformi, að því marki sem eðli rekstursins kallar ekki á sérstakar reglur.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að hæfi starfsmanna vátryggingamiðlara. Felur greinin í sér nýmæli þar sem fram að þessu hafa ekki verið gerðar sérstakar hæfiskröfur til starfs-

manna vátryggingamiðlara. Byggist ákvæðið á kröfum sem gerðar eru til þeirra aðila er koma beint að miðlun vátrygginga í 1. og 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Er í ákvæðinu, með sama hætti og í öðrum ákvæðum kaflans, leitast við að tryggja hæfi þeirra aðila er koma að miðlun vátrygginga og vernda með þeim hætti viðskiptamenn viðkomandi.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að sá starfsmaður vátryggingamiðlara sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við miðlun vátrygginga, sem felst í að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samninga um vátryggingar, að koma á slíkum samningum eða aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, skuli hafa lokið prófi í miðlun vátrygginga. Mikilvægt er að sá starfsmaður sem hefur yfirumsjón með slíkri starfsemi hafi sérfræðiþekkingu til að bera sem þykir tryggð með kröfu um próf í miðlun vátrygginga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að vátryggingamiðlari skuli tryggja að vátryggingasölumenn sem starfa á hans vegum búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt vátryggingamiðlun. Er t.d. mikilvægt að vátryggingasölumenn hafi þekkingu á meginatriðum laga þessara, laga um vátryggingastarfsemi, laga um vátryggingarsamninga og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þrátt fyrir að vátryggingasölumenn starfi sem verktakar, starfa þeir á ábyrgð viðkomandi vátryggingamiðlara sem ber lögum samkvæmt ábyrgð á að viðskiptamenn hljóti upplýsingar og jafnframt að ákvæði laga um starfshætti séu uppfyllt. Ýmsar leiðir eru til að tryggja slíka þekkingu og eru námskeið ein leið. Var m.a. rætt um að gera kröfu um próf sambærilegt því sem vátryggingamiðlarar þurfa að þreyta, en horfið var frá því. Þá hefur verið rætt um að samtök vátryggingamiðlara taki saman námsefni og standi fyrir námskeiði fyrir vátryggingasölumenn. Nauðsynlegt er að vátryggingamiðlarar hugi vel að þessu og tryggi nægilega þekkingu og hæfni starfsmanna sinna áður en þeir hefja störf.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vátryggingasölumenn skuli vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Ekki þótti rétt að gera jafnríkar kröfur hvað varðar búsforræði og til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar sem um starfsmenn viðkomandi aðila er að ræða og bera vátryggingasölumenn til dæmis ekki hina fjárhagslegu ábyrgð á starfseminni. Þá var einnig litið til þess að í annarri löggjöf á fjármagnsmarkaði eða sambærilegri löggjöf eru ekki gerðar slíkar kröfur til starfsmanna leyfisskyldra aðila. Byggist ákvæðið sem fyrr segir á tilskipuninni. Í ákvæðinu er jafnframt gert að skilyrði að vátryggingasölumenn hafi ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Er þar um að ræða kröfur sambærilegar við þær sem gerðar eru til stjórnarmann og framkvæmdastjóra.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra geti sett nánari reglur um hæfisskilyrði starfsmanna vátryggingamiðlara, þar á meðal um lágmarksþekkingu.

Um 18. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að prófi í miðlun vátrygginga. Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að sérstök þriggja manna prófnefnd, skipuð af viðskiptaráðherra, hafi umsjón með prófi í miðlun vátrygginga. Rétt þykir að festa í lög helstu ákvæði um skipan prófnefndar, heimild til töku þjónustugjalda o.s.frv. Próf skulu að jafnaði haldin árlega, en kunna þó að vera haldin með lengra millibili, t.d. ef þátttaka nær ekki vissu lágmarki. Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra mæli fyrir um nánari prófkröfur, framkvæmd prófa og undanþáguheimildir í formi reglugerðar.

Í 2. mgr. er lagt til að prófnefnd hafi heimild til að fela óháðum aðilum að sjá um framkvæmd prófa. Fram til þess hafa námskeið og próf í vátryggingamiðlun verið haldin á vegum prófnefndar sem hefur gert samning við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um framkvæmdina. Lagt er til að nánari útfærsla á framkvæmd, prófkröfum o.fl. verði í reglugerð. Líklegt má telja að við nánari útfærslu verði horft til prófs í verðbréfaviðskiptum og starfa

prófnefndar verðbréfaviðskipta, en nokkur reynsla er komin þar á auk fyrri reynslu á sviði miðlunar vátrygginga.

Um IV. kafla.

Í kaflanum eru fjórar greinar er fjalla um fjárhagslegar kröfur sem gerðar eru til vátryggingamiðlara og reglur er lúta að viðtöku fjármuna. Í kaflanum eru innleidd ákvæði 3. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um 19. gr.

Í greininni er mælt fyrir um fjárhagslega stöðu vátryggingamiðlara. Í 1. mgr. er kveðið að um að vátryggingamiðlari skuli á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Í núgildandi lögum og reglum um miðlun vátrygginga er ekki að finna sambærilegt ákvæði og er ákvæðið eitt þeirra ákvæða sem fela Fjármálaeftirlitinu fjárhagslegt eftirlit með vátryggingamiðlurum eins og fjallað var um í almennum athugasemdum. Lagt er til að vátryggingamiðlari skuli upplýsa Fjármálaeftirlitið eigi hann ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum og leggja fram áætlun um endurreisn fjárhagsins. Sambærilegt en ítarlegra ákvæði er að finna í lögum um vátryggingastarfsemi er lýtur að vátryggingafélögum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið meti hvort þær ráðstafanir sem vátryggingamiðlari leggur til teljist fullnægjandi. Er með ákvæði þessu gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti haft nánara eftirlit með fjárhagslegri stöðu vátryggingamiðlara og geti gripið fyrr inn í en verið hefur, stefni í vandræði. Með því að gera kröfu um að vátryggingamiðlari leggi fram áætlun um endurreisn fjárhags er enn fremur líklegt að vátryggingamiðlari geri sér betur grein fyrir stöðu sinni og horfum til framtíðar.

Í 2. mgr. kemur fram hvað áætlun skv. 1. mgr. skuli innihalda. Er þar lagt til að áætlun skuli fela í sér áætlun um rekstrarkostnað, sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld og áætlaðan efnahagsreikning.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti lagt fyrir vátryggingamiðlara að skila áætlun um fjárhagslega stöðu sína gefi ársreikningur viðkomandi tilefni til að ætla að vátryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið geti gripið til slíkra aðgerða gefi ársreikningur tilefni til.

Þá er í 4. mgr. lagt til að Fjármálaeftirlitið framsendi ekki tilkynningu vátryggingamiðlara um fyrirhugaða starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu til eftirlitsstjórnvalda á EES-svæðinu á meðan áætlun skv. 1. mgr. er í gildi. Ekki er eðlilegt að heimila vátryggingamiðlara sem er að vinna sig út úr fjárhagsvandræðum að hefja starfsemi erlendis, enda getur slík útrás verið kostnaðarsöm og hefur reynslan leitt í ljós að útrás getur breytt miklu varðandi fjárhag vátryggingamiðlara á mjög stuttum tíma.

Um 20. gr.

Í greininni eru reglur um starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlara og er henni ætlað að innleiða 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Um starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlara gildir nú reglugerð nr. 352/1997, en samkvæmt henni er heimilt að undanþiggja tjón er verður vegna stórkostlegs gáleysis. Frumvarp þetta leggur til efnislega breytingu er þetta varðar því gert er ráð fyrir að ábyrgðartryggingin skuli bæði taka til tjóns sem valdið er af almennu og stórkostlegu gáleysi. Þá skal vátryggingin gilda á öllu EES-svæðinu eins og nú er. Starfsábyrgðartryggingin skal taka bæði til vátryggingamiðlarans og starfsmanna hans. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vátryggingamiðlari geti haft í vinnu á sínum vegum launþega og verktaka, sem er þekkt í starfi vátryggingamiðlara hér á landi og víða í Evrópu. Ljóst er að

starfsábyrgðartrygging viðkomandi verður að taka jafnt til launþega og verktaka sem starfa á hans ábyrgð.

Lagt er til að nánari reglur um starfsábyrgðartryggingu verði að finna í sérstakri reglugerð líkt og nú er. Þá er einnig lagt til að senda skuli Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á endurnýjun vátryggingarinnar, en í framkvæmd hefur skort á hvað það varðar.

Í núgildandi reglugerð um vátryggingaskyldu vegna miðlunar vátrygginga eru vátryggingarfjárhæðir mun lægri en tilskipunin kveður á um. Samkvæmt tilskipuninni er lágmarksfjárhæð ein milljón evra eða um 85 milljónir íslenskra króna vegna hvers einstaks tjóns og ein og hálf milljón evra eða um 127 milljónir íslenskra króna vegna heildartjóna á ári hverju.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um að vátryggingamiðlari megi ekki taka við iðgjöldum, vátryggingarbótum eða öðrum fjármunum fyrir hönd vátryggingafélags eða viðskiptamanna nema samkvæmt skriflegri heimild. Ákvæðið er að mestu efnislega óbreytt frá 2. mgr. 82. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Eðlilegt er að taka af allan vafa um að skrifleg heimild þurfi að liggja fyrir áður en vátryggingamiðlari tekur við fjármunum. Jafnframt er gert ráð fyrir í 25. gr. frumvarpsins að í samningi um þjónustu skuli koma fram hvort vátryggingamiðlari hafi slíka heimild. Dæmi eru um að starfandi vátryggingamiðlarar hafi heimild til móttöku fjármuna.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um skyldu vátryggingamiðlara til að halda þeim fjármunum sem tekið er við aðgreindum frá eigin fé. Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um að viðskiptaráðherra setji reglugerð um vörslufjárreikninga. Sambærilega skyldu er nú að finna í 3. mgr. 82. gr. laga um vátryggingastarfsemi og 18. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga. Þá er jafnframt að finna sambærilegar reglur um fasteignasala, sbr. 17. gr. laga nr. 99/2004, og um lögmenn, sbr. 23. gr. laga nr. 77/1998. Ástæða þykir til áréttingar að kveða á um að þeir vextir sem kunna að falla á vörslufé renni til þess sem á fjármunina, þannig að ekki leiki vafi á því að vátryggingamiðlara beri að skila þeim. Þá þykir einnig rétt að taka sérstaklega fram að innstæða á vörslufjárreikningi er ekki eign vátryggingamiðlara, hún er ekki hæft aðfararandlag kröfuhafa hans og kemur ekki til skipta ef bú hans sætir slíkri meðferð.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru sjö ákvæði um starfshætti vátryggingamiðlara. Flest ákvæðanna eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum en í 23. gr. er að finna nýmæli er lýtur að nauðsynlegri yfirsýn vátryggingamiðlara yfir starfsemina og um sérstakar ráðstafanir missi hann þá yfirsýn.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur er lúta að nauðsyn þess að vátryggingamiðlari hafi á öllum stundum yfirsýn yfir starfsemina. Í 1. tölul. er kveðið á um að framkvæmdastjóri vátryggingamiðlunar skuli hafa yfirsýn yfir rekstur hennar, þar á meðal fjárhagslega stöðu. Tengist þetta ákvæði 19. gr. þar sem gert er ráð fyrir að vátryggingamiðlari skuli á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og ef í óefni stefni skuli hann skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um fjárhagslega stöðu og hvernig hann hyggist bregðast við. Eins og starfsemi vátryggingamiðlara og vátryggingasölumanna er háttað er nokkur hætta á að framkvæmdastjóri eða leyfishafi missi yfirsýn yfir reksturinn. Þar sem vátryggingasölumenn eru

alla jafna nokkuð sjálfstæðir í störfum sínum og eðli starfseminnar er slíkt að vátryggingasölumenn sinna starfi sínu sjálfstætt og oft á tíðum inn á heimilum væntanlegra viðskiptamanna, er hætta á að yfirsýn tapist. Með sama hætti er í 2. tölul. kveðið á um að sá starfsmaður sem hefur umsjón með daglegri starfsemi skuli hafa yfirsýn yfir reksturinn. Tengjast þessir töluliðir ákvæðum 3. tölul. þar sem kveðið er á um að vátryggingamiðlari skuli takmarka fjölda þeirra vátryggingasölumanna sem starfa á hans vegum svo hann hafi yfirsýn yfir starfsemi þeirra. Ella skuli hann ráða til starfa vátryggingasölumann sem lokið hefur prófi í miðlun vátrygginga sem komið geti til aðstoðar við umsjón með daglegri starfsemi. Hjá Fjármálaeftirlitinu hefur á síðustu árum þróast sú verklagsregla við vinnslu umsagna um umsóknir að miða við að einn vátryggingamiðlari hafi ekki fleiri en 12–15 vátryggingasölumenn við miðlun vátrygginga á sínum vegum, nema að hann grípi til sérstakra ráðstafana. Hafi hann fleiri í sinni þjónustu er hætt við að hann missi yfirsýn yfir reksturinn. Ekki var talin ástæða til að kveða nákvæmlega á um fjölda vátryggingasölumanna sem hver vátryggingamiðlari getur haft í sinni þjónustu án þess að nauðsyn beri til að ráða vátryggingasölumann sem lokið hefur prófi í miðlun vátrygginga. Þó er ljóst að í umfjöllun um leyfisveitingar mun Fjármálaeftirlitið hafa þennan fjölda, 12–15 vátryggingasölumenn, til viðmiðunar, eins og gert hefur verið síðustu árin. Skortur á yfirsýn hefur verið ein af meginástæðum þess að vátryggingamiðlanir hafa orðið gjaldþrota síðustu ár. Er hér því um ákaflega mikilvægt atriði að ræða í starfsemi vátryggingamiðlara.

Um 24. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að skyldu vátryggingamiðlara til að gera skriflega ráðningar- og/eða verksamninga við þá sem eru í hans þjónustu. Mikilvægt er að í slíkum samningum komi skýrt fram að viðkomandi starfi á ábyrgð og undir stjórn vátryggingamiðlarans. Í vátryggingamiðlun hefur fá upphafi tíðkast að vátryggingasölumenn séu ýmist verktakar eða launþegar. Kom til skoðunar að gera kröfu um að vátryggingasölumenn skyldu eingöngu starfa sem launþegar viðkomandi vátryggingamiðlara, þar sem slíkt vinnuréttarsamband samræmist mun betur ábyrgð og skyldum viðkomandi og venjulegum skilgreiningum á launþega og verktakasamböndum. Eftir nokkra skoðun var fallið frá þeirri hugmynd, enda tíðkast það á Norðurlöndum með svipuðum hætti og hér að vátryggingasölumenn starfi sem verktakar en þó alfarið á ábyrgð og undir stjórn vátryggingamiðlara. Þá er einnig mikilvægt að allir vátryggingasölumenn sem starfa á ábyrgð vátryggingamiðlara falli undir starfsábyrgðartryggingu viðkomandi, en nánar er fjallað um það í athugasemdum við 20. gr.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 17. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga. Jafnframt er sambærilegt ákvæði í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um starfshætti vátryggingamiðlara, nr. 7/2002. Í greininni er fjallað um skyldu vátryggingamiðlara til að gera skriflegan samning við viðskiptamenn sína áður en hann hefur störf fyrir viðkomandi. Er gert ráð fyrir að í slíkum samningi komi m.a. fram í hverju störf vátryggingamiðlara eigi að felast og hvort vátryggingamiðlari hafi heimild til að taka á móti fjármunum fyrir hönd viðskiptamanna.

Um 26. gr.

Í greininni er lagt til að tekið verið upp efnislega óbreytt ákvæði 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga, sem kveður á um að vátryggingamiðlari og vátryggingasölumenn skuli í starfi sínu framvísa skilríkjum sem útgefin eru af vátryggingamiðlara. Sambærileg

regla gildir jafnframt um þá sem hafa með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélaga.

Um 27. gr.

Í greininni er að finna almennar reglur um þagnarskyldu. Að auki gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eins og vikið er að í lokamálslið greinarinnar. Meginreglan um þagnarskyldu kemur fram í 1. mgr., er greinin sambærileg þagnarskylduákvæði 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Er í ákvæðinu hnykkt á því að upplýsingar sem leynt eiga að fara geta bæði verið viðskiptalegs og persónulegs eðlis. Enda þótt beiting ákvæðisins hljóti alltaf að vera háð mati yrði í vafatilvikum að telja að upplýsingar sem vátryggingamiðlari byggi yfir um viðskiptamann sinn félli undir þagnarskyldu, nema atvik bentu til annars. Tekin er af allur vafi um það í ákvæðinu að þagnarskylda um trúnaðarupplýsingar tekur til allra þeirra sem koma að starfsemi vátryggingamiðlara.

Um 28. gr.

Ákvæði þetta er sambærilegt ákvæði 12. gr. laga um vátryggingastarfsemi þar sem kveðið er á um að vátryggingastarfsemi skuli rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum. Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er jafnframt fjallað um að Fjármálaeftirlitið skuli m.a. fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felist í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum og eins almennra siðareglna og viðtekinna venja í vátryggingastarfsemi. Þá geta ákvæði reglugerða, reglna og tilmæla Fjármálaeftirlitsins veitt leiðbeiningu.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að viðskiptaráðherra hafi heimild til að kveða nánar á um starfsemi vátryggingamiðlara í reglugerð. Þörf á nánari reglum lýtur fyrst og fremst að nánari útfærslu á reglum er varða yfirsýn vátryggingamiðlara yfir reksturinn og störf vátryggingasölumanna.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara. Í 30. gr. er fjallað um upplýsingar sem veita ber við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings. Í 31. gr. er kveðið á um að veita beri rökstuðning vegna ráðgjafar. Í 32. gr. eru reglur um endurgjald við miðlun vátrygginga. Þá er í 33. gr. fjallað um á hvaða formi upplýsingarnar skuli veita. Í kaflanum eru innleidd ákvæði 12. og 13. gr. tilskipunarinnar.

Í samræmi við 3. og 4. mgr. 1. gr. taka ákvæði þessa kafla ekki til starfsemi endurtryggingamiðlara eða þegar um miðlun stóráhættu er að ræða.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um hvaða upplýsingar skuli að lágmarki veita væntanlegum vátryggingartaka við gerð vátryggingarsamnings. Sömu upplýsingar skal jafnframt veita við breytingu hans eða endurnýjun.

Ákvæði tilskipunarinnar um upplýsingaskyldu eru ein af meginatriðum tilskipunarinnar, en tilgangur reglnanna er að viðskiptamenn fái nægilegar upplýsingar áður en þeir verða bundnir af vátryggingarsamningi og geti þannig tekið upplýsta ákvörðun.

Vátryggingamiðlara ber að veita viðskiptamanni upplýsingar samkvæmt greininni áður en vátryggingarsamningur er gerður. Ekki eru tiltekin nein tímamörk hvað þetta varðar, en æskilegt er að upplýsingar séu veittar strax í upphafi þar sem viðskiptamaður verður að hafa haft möguleika til að meta upplýsingar sem hann fær í hendur.

Þær upplýsingar sem vátryggingamiðlara ber að veita eru í fyrsta lagi upplýsingar um nafn og heimilisfang. Í öðru lagi hvar vátryggingamiðlari er skráður og hvernig ganga megi úr skugga um skráninguna. Í þriðja lagi skal hann greina frá því hvort ráðgjöf er veitt á grundvelli a- eða b-liðar 1. tölul. 3. gr., þ.e. hvort ráðgjöf byggist á hlutlausri greiningu eða takmarkist við eitt eða fleiri vátryggingafélög. Þá kemur fram í 3. mgr. að ef ráðgjöf er veitt á grundvelli b-liðar skuli viðskiptamaður upplýstur um heiti vátryggingafélaganna. Í fjórða lagi skal veita upplýsingar um hvort vátryggingamiðlari eigi virkan hlut í vátryggingafélagi og í fimmta lagi hvort vátryggingafélag eða móðurfélag vátryggingafélags eigi virkan eignarhlut í vátryggingamiðlara. Hugtakið virkur eignarhlutur er skilgreint í 11. tölul. 3. gr. Í sjötta lagi skal veita upplýsingar um endurgjald skv. 32. gr.

Í 4. mgr. er að finna reglu til áréttingar um að upplýsingaskylda sem lögum samkvæmt hvílir á vátryggingafélagi hvíli á vátryggingamiðlara eftir því sem við getur átt. Eru ákvæði um upplýsingaskyldu nú í VI. kafla laga um vátryggingastarfsemi, auk laga um vátryggingarsamninga. Í nýjum lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, sem taka gildi 1. janúar 2006 er jafnframt að finna ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu. Í þeim lögum er til dæmis gert ráð fyrir að væntanlegur vátryggingartaki skuli við töku vátryggingar upplýstur um þá aðila sem hafa með höndum þjónustu vegna kvörtunar- og ágreiningsmála er tengjast vátryggingarsamningum, svo og um rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

Um 31. gr.

Í greininni, sem er nýmæli, er mælt fyrir um að vátryggingamiðlari skuli áður en vátryggingarsamningur er gerður veita væntanlegum vátryggingartaka rökstuðning fyrir ráðgjöf sem veitt er. Með greininni er innleitt ákvæði 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar. Greinin er nauðsynleg væntanlegum vátryggingartökum til að þeir getið fyllilega lagt mat á ráðgjöf vátryggingamiðlara og mikilvæg viðbót við þá neytendavernd sem frumvarpið felur í sér.

Um 32. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um endurgjald vátryggingamiðlara og skyldu hans til að upplýsa væntanlegan vátryggingartaka um fjárhæð þess endurgjalds sem vátryggingamiðlari innheimtir fyrir þjónustu sína. Í 82. gr. laga um vátryggingastarfsemi, 2. mgr. 17. gr. núgildandi reglugerðar um miðlun vátrygginga, svo og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits um starfshætti vátryggingamiðlara, er gert ráð fyrir að vekja skuli athygli væntanlegra vátryggingartaka á rétti til að fá upplýsingar um þóknun. Í frumvarpinu er lögð til efnisleg breyting á gildandi ákvæðum í þá átt að vátryggingamiðlari skuli í öllum tilvikum upplýsa um endurgjald. Er það sama leið og mörg Evrópuríki hafa valið. Upplýsingar um endurgjald og hver skuli greiða það, viðskiptamaður eða vátryggingafélag, eru mikilvægt atriði í mati væntanlegs vátryggingartaka á störfum vátryggingamiðlara til dæmis á því tilboði um vátryggingu sem vátryggingamiðlari hefur aflað. Þannig getur það skipt máli fyrir vátryggingartaka við mat á tilboðum að hafa upplýsingar um að vátryggingamiðlari fái 10% þóknun frá einu vátryggingafélaganna en 15% frá öðru. Algengt er að endurgjald vátryggingamiðlara sé greitt af vátryggingafélögum þó færst hafi í vöxt að endurgjald sé greitt af viðskiptamönnum, vátryggingartökum. Vegna hneykslismáls er tengist endurgjaldi vátryggingamiðlara, sem kom upp í Bankaríkjunum og teygði anga sína til nokkurra Evrópuríkja, hyggjast einhver ríki

Evrópusambandsins banna að vátryggingafélög greiði þóknun vátryggingamiðlara. Ekki þykir ástæða til að ganga svo langt, en rétt að kveða á um að ávallt skuli upplýst um endurgjald.

Í núgildandi lögum hafa viðskiptamenn rétt á að fá upplýsingar um endurgjald sem vátryggingamiðlari þiggur vegna viðskiptanna óski þeir eftir því og ber vátryggingamiðlara að vekja athygli viðkomandi á þeim rétti. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið hafi í för með sér breytingu á þeim upplýsingum sem vátryggingamiðlari veitir um endurgjaldið. Endurgjald sem vátryggingamiðlarar þiggja fyrir að koma á vátryggingarsamningi er breytilegt eftir vátryggingafélögum, vátryggingagreinum og samningstíma. Í ákveðnum tilvikum er endurgjaldið einfalt þar sem greidd er ákveðin prósenta af iðgjaldi en í öðrum tilvikum er um flóknari útreikning á ræða. Þá er oft um að ræða að vátryggingamiðlara beri að endurgreiða tiltekið hlutfall af endurgjaldi falli vátryggingarsamningur úr gildi. Gera verður ráð fyrir að þegar vátryggingamiðlari viti upplýsingar um endurgjald muni hann greina viðskiptamanni með einföldum hætti frá endurgjaldinu sem hann þiggur við gerð vátryggingarsamningsins, til dæmis að hann hljóti tiltekna prósentu af iðgjaldi í upphafi og að endurgjaldið sé háð gildistíma vátryggingarsamningsins. Þá beri honum að endurgreiða hlutfall af endurgjaldinu falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en samningstíminn er liðinn. Varðandi það hversu ítarlegar upplýsingar um endurgjald skuli vera, ber að hafa í huga að tilgangurinn með upplýsingaskyldunni er sá að viðskiptamaður geti með hlutlægum hætti metið þau tilboð sem vátryggingamiðlari hefur aflað við undirbúning að gerð vátryggingarsamnings.

Um 33. gr.

Í greininni eru reglur um það í hvaða formi vátryggingamiðlari skuli veita upplýsingar samkvæmt lögunum. Ákvæði greinarinnar eru byggð á 13. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að vátryggingamiðlari skuli veita upplýsingar samkvæmt kaflanum skriflega eða á öðrum varanlegum miðli. Samkvæmt skilgreiningu 3. gr. frumvarpsins er varanlegur miðill, auk pappírs, sérhvert tæki sem gerir viðskiptamanni kleift að geyma upplýsingar sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar sem geymdar eru óbreyttar og vísast til umfjöllunar í athugasemdum við 3. gr. Upplýsingarnar skulu veittar á skýran og nákvæman hátt sem er viðskiptamanni skiljanlegur á íslensku eða öðru tungumáli sem báðir aðilar hafa samþykkt.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé heimilt að veita upplýsingar munnlega þegar vátryggingartaki hefur óskað þess sérstaklega eða vátryggingarverndar er þörf þegar í stað. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að upplýsingar skv. 1. mgr. séu veittar þegar í stað eftir gerð vátryggingarsamningsins.

Í 3. mgr. kemur fram að ef vátryggingum er miðlað í símsölu skuli veita upplýsingar skv. 9. gr. frumvarps til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu, sem væntanlega verður að lögum á 131. löggjafarþingi, en greinin varðar upplýsingar sem veita skal við sölu eða markaðssetningu í síma. Samkvæmt því ákvæði skal í upphafi símtals greina nafn þess sem hringir, nafn þjónustuveitanda og að tilgangur símtalsins sé viðskiptalegs eðlis. Þá skal veita upplýsingar um einkenni fjármálaþjónustunnar, um heildarverð að meðtöldum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum eða grundvöll fyrir útreikningi verðs, ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð. Einnig skal veita upplýsingar um rétt til að falla frá samningi og allt sem nýtingu slíks réttar tengist. Þegar eftir gerð vátryggingarsamnings skal vátryggingamiðlari veita upplýsingar skv. 1. mgr. ákvæðisins.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um afturköllun og innlögn starfsleyfis. Ákvæði kaflans eru að mestu efnislega óbreytt frá gildandi lögum og reglum. Í 34. gr. er að finna almenna reglu um ástæður afturköllunar. Í 35. gr. eru reglur um tilkynningar um afturköllun starfsleyfis. Þá eru í 36. gr. reglur um innlögn starfsleyfis.

Um 34. gr.

Í greininni eru talin upp helstu tilvik sem leitt geta til afturköllunar starfsleyfis vátryggingamiðlara. Lagt er til í 1. mgr. að um sé að ræða heimild Fjármálaeftirlitsins til að afturkalla starfsleyfi, fremur en skyldu. Ástæðan er sú að afturköllun er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem veltur á mati og er því eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort beitt skuli afturköllun eða öðrum vægari úrræðum. Ákvæði 1. mgr. eru að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði laga og reglugerðar um miðlun vátryggingar.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að áður en til afturköllunar komi skuli veita hæfilegan frest til úrbóta, sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Er það í samræmi við hina almennu meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins að veita slíkan frest til úrbóta. Þó kunna að vera fyrir hendi þær aðstæður að frestur geti leitt til tjóns, t.d. fyrir viðskiptamenn vátryggingamiðlara, auk þess sem frestur til úrbóta á ekki við aðstæður samkvæmt sumum töluliða 1. mgr. Getur því ekki verið um fortakslausan rétt vátryggingamiðlara að ræða hvað þetta snertir.

Um 35. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur er lúta að tilkynningum um afturköllun starfsleyfis, en lagt er til að afturköllun skuli tilkynna fyrirsvarsmanni eða stjórn vátryggingamiðlara og að afturköllun skuli rökstudd. Þá er gert ráð fyrir að birt sé tilkynning um afturköllun í Lögbirtingablaðinu og fjölmiðlum. Lýtur slík opinber tilkynning að neytendaverndarsjónarmiðum. Þá er jafnframt lagt til að ef vátryggingamiðlari starfrækir útibú eða veitir þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki skuli eftirlitsstjórnvöldum þess ríkis tilkynnt um afturköllunina.

Um 36. gr.

Í greininni er að finna reglur er varða innlögn starfsleyfis af fúsum og frjálsum vilja. Er í greininni lagt til að ef vátryggingamiðlari stundar ekki lengur sjálfstæða starfsemi eða starfar ekki lengur hjá vátryggingamiðlara skuli hann leggja inn starfsleyfi sitt. Slíkt mundi vátryggingamiðlari í flestum tilvikum gera um leið og hann hættir starfsemi þar sem starfsábyrgðartryggingar eru kostnaðarsamar, en vátryggingamiðlara er ekki heimilt að segja upp starfsábyrgðartryggingu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur staðfest innlögn starfsleyfis.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli þar sem sú skylda er lögð á vátryggingamiðlara að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja réttarstöðu viðskiptamanna sinna og leitast við að fá annan til þess bæran aðila til að taka að sér að þjónusta þá vátryggingarsamninga sem komið hefur verið á. Gera skal Fjármálaeftirlitinu grein fyrir slíkum ráðstöfunum. Þykir rétt að mæla fyrir um slíka háttsemi í lögum en reglan er í samræmi við þær kröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir til vátryggingamiðlara hyggist þeir leggja inn starfsleyfi. Þá er gert ráð fyrir að vátryggingamiðlari upplýsi viðskiptamenn og vátryggingafélög um innlögn starfsleyfisins. Eru þessar reglur fallnar til þess að viðskiptamenn verði ekki fyrir tjóni, auk þess að draga úr óvissu viðskiptamanna er vátryggingamiðlari hættir störfum.

Gert er ráð fyrir með sama hætti og nú er gert að Fjármálaeftirlitið birti tilkynningu um innlögn starfsleyfis auk þess sem fella skal nafn vátryggingamiðlara út af vátryggingamiðlaraskrá.

Í 5. mgr. er kveðið á um hvernig fara skuli með beiðni aðila sem lagt hefur inn starfsleyfi sitt að hefja starfsemi á nýjan leik. Fer um slíka beiðni sem nýja umsókn um starfsleyfi og fer um afgreiðslu hennar eftir ákvæðum II. kafla. Er þessi regla efnislega óbreytt frá núgildandi reglum.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er lúta að tilkynningum og um skil á gögnum til Fjármálaeftirlitsins. Í 37. gr. eru reglur er lúta að skilum ársreiknings og í 38. gr. eru reglur er varða tilkynningu um framkomna skaðabótakröfu.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu vátryggingamiðlara til að senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning. Skal ársreikningi skilað eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsársins. Skylda þessi hvílir á öllum vátryggingamiðlurum, hvort heldur starfsemin er rekin sem einkafyrirtæki eða í hlutafélagsformi. Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga.

Um 38. gr.

Ákvæðið lýtur að eftirlitshlutverki Fjármálaeftirlitsins og kveður á um að Fjármálaeftirlitinu skuli tilkynnt um það komi fram skaðabótakröfur vegna starfa vátryggingamiðlara. Greint skal frá efni og fjárhæð kröfunnar. Sambærilegt ákvæði er í 24. gr. reglugerðar um miðlun vátrygginga.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur er lúta að skráningu vátryggingaumboðsmanna hjá vátryggingafélagi. Eins og vikið hefur verið að er nýmæli að vátryggingaumboðsmenn þarfnist sérstakrar skráningar áður en þeir geta hafið störf. Er krafa um skráningu í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, m.a. 3. gr. hennar. Ákvæði kaflans eru efnislega samhljóða ákvæðum er varða starfsleyfi vátryggingamiðlara eftir því sem við á. Í 39. gr. er að finna ákvæði er lúta að skráningu vátryggingaumboðsmanna. Í 40. gr. er kveðið á um skilyrði slíkrar skráningar. Um heiti vátryggingaumboðsmanna er fjallað í 41. gr. og takmarkanir á starfsemi í 42. gr. Í 43. gr. er kveðið á heimild vátryggingaumboðsmanna til viðtöku fjármuna. Loks er í 44. gr. að finna reglur er lúta að skyldu til að halda vörslufjárreikninga.

Um 39. gr.

Í greininni er kveðið á um að áður en vátryggingaumboðsmanni er heimilt að hefja miðlun vátrygginga fyrir hönd vátryggingafélags skuli félagið skrá viðkomandi. Gert er ráð fyrir að almenningi sé heimill aðgangur að upplýsingum um skráða vátryggingaumboðsmenn hjá viðkomandi vátryggingafélagi. Með greininni er lögð til innleiðing á 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Hugtakið vátryggingaumboðsmaður er skilgreint í 3. gr. sem einstaklingur eða lögaðili sem á grundvelli samnings stundar þá starfsemi að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samning um vátryggingu, að koma á slíkum samningi eða aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, á vegum eins eða fleiri vátryggingafélaga og á þeirra ábyrgð gegn endurgjaldi. Valin var sú leið að skráning vátryggingaumboðsmanna verði hjá hverju og einu vátryggingafélagi og ábyrgð lögð á þau að ganga úr skugga um að hæfisreglur séu uppfylltar. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að kalla eftir upplýsingum um skráningar þegar þurfa þykir, á grundvelli ákvæða frumvarpsins og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Lagt er til að vátryggingaumboðsmaður geti hafið störf þegar hann hefur verið skráður hjá vátryggingafélagi. Þá skal fella viðkomandi vátryggingaumboðsmann út af skrá hætti hann að miðla vátryggingum á vegum vátryggingafélagsins.

Lagt er til í 4. mgr. að Fjármálaeftirlitið geti sett nánari reglur um skráningu vátryggingaumboðsmanna.

Um 40. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að skilyrðum fyrir skráningu vátryggingaumboðsmanna. Vátryggingafélag ber ábyrgð á að ganga úr skugga um að skilyrðin séu uppfyllt. Með sama hætti og vátryggingamiðlarar verður vátryggingaumboðsmaður og vátryggingasölumenn á hans vegum að uppfylla tiltekin skilyrði um hæfi til starfans. Í fyrsta lagi er lagt til að einstaklingur sem starfar sem vátryggingaumboðsmaður skuli uppfylla ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. er lúta að hæfisskilyrðum einstaklinga er sækja um starfsleyfi til miðlunar vátrygginga. Er þar um að ræða skilyrði um lögræði, búsetu, forræði á búi og að viðkomandi hafi ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Þá er gert að skilyrði að viðkomandi búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt starfinu á tilhlýðilegan hátt. Í öðru lagi er gert að skilyrði að vátryggingaumboðsmaður, sem stundar rekstur í lögaðilaformi, skuli uppfylla ákvæði 16. gr. er lúta að hæfisskilyrðum lögaðila sem sækja um starfsleyfi til miðlunar vátrygginga. Þá er í þriðja lagi kveðið á um að starfsmenn vátryggingaumboðsmanns sem starfa við miðlun vátrygginga skuli uppfylla skilyrði 2. og 3. mgr. 17. gr. er varða þekkingu og starfsreynslu, lögræði, forræði á búi o.fl. Hvað varðar þriðja skilyrðið þá tekur það samkvæmt orðanna hljóðan til þeirra starfsmanna vátryggingaumboðsmann sem koma að miðlun vátrygginga. Ef t.d. er tekið dæmi um viðskiptabanka eða sparisjóð sem miðlar vátryggingum samkvæmt samningi við tiltekið vátryggingafélag mundi slík hæfiskrafa taka til þeirra starfsmanna bankans sem koma að miðlun vátrygginga. Ekki er nauðsynlegt að allir starfsmenn bankans hafi slíka þekkingu.

Um 41. gr.

Hér er að finna reglur er lúta að heimild til að nota heitið vátryggingaumboðsmaður, en eingöngu þeir sem eru á skrá sem slíkir hjá vátryggingafélagi hafa heimild til að nota heitið.

Um 42. gr.

Greinin kveður á um takmarkanir á starfsemi og er efnislega samhljóða 14. gr. varðandi vátryggingamiðlara.

Um 43. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur er lúta að heimild vátryggingaumboðsmanns til viðtöku fjármuna fyrir hönd vátryggingafélags eða viðskiptamanns og er ákvæðið efnislega samhljóða 21. gr.

Um 44. gr.

Greinin sem er efnislega samhljóða 22. gr. kveður á um skyldu vátryggingaumboðsmanns til að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé.

Um X. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur er varða starfshætti vátryggingaumboðsmanna. Reglurnar eru efnislega samhljóða ákvæðum V. kafla um starfshætti vátryggingamiðlara eftir því sem við getur átt.

Um 45. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að skyldu vátryggingaumboðsmanns til að hafa yfirsýn yfir starfsemina. Með sama hætti og í 23. gr., er varðar vátryggingamiðlara, er lögð áhersla á að vátryggingaumboðsmaður hafi nægilega yfirsýn yfir reksturinn, hvílir sú skylda á framkvæmdastjóra og jafnframt á þeim starfsmanni sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við miðlun vátrygginga, sbr. 1. mgr. 1. gr. Hvað varðar þá skyldu sem hvílir á framkvæmdastjóra er raunar um að ræða áréttingu á þeirri ábyrgð sem hvílir á framkvæmdastjóra samkvæmt hlutafélagalögum. Nauðsynlegt er þó að kveða á um slíka ábyrgð í lögunum þar sem rekstur vátryggingaumboðs er ekki bundinn við lögaðila.

Þá er jafnframt kveðið á um að fjöldi vátryggingasölumanna skuli takmarkaður þannig að yfirsýn tapist ekki. Mikilvægi þess að vátryggingaumboðsmaður hafi yfirsýn yfir starfsemina á við hér með sama hætti og varðandi vátryggingamiðlara. Í umfjöllun um 23. gr., er varðar vátryggingamiðlara, kemur fram að verklagsregla hafi mótast hjá Fjármálaeftirlitinu varðandi fjölda vátryggingasölumanna undir stjórn og ábyrgð hvers vátryggingamiðlara. Ekki er víst að sömu sjónarmið eigi við um fjölda vátryggingasölumanna er starfa á ábyrgð vátryggingaumboðsmanns, enda bera vátryggingafélög ábyrgð á starfi viðkomandi.

Um 46. gr.

Hér er lagt til að ávallt sé gerður skriflegur ráðningar- eða verksamningur við vátryggingasölumenn sem starfa á vegum viðkomandi vátryggingaumboðsmanns. Ákvæðið er efnislega samhljóða 24. gr.

Um 47. gr.

Í greininni er kveðið á um að vátryggingaumboðsmaður og starfsmenn hans skuli ávallt framvísa skilríkjum við störf sín. Greinin á sér hliðstæðu í 26. gr.

Um 48. gr.

Greinin kveður á um hvernig farið skuli með trúnaðarupplýsingar sem viðskiptamaður veitir.

Um 49. gr.

Ákvæðið, sem er samhljóða 28. gr., kveður á um að vátryggingaumboðsmaður skuli ávallt starfa í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur á vátryggingamarkaði. Að jafnaði myndi Fjármálaeftirlitið snúa sér til vátryggingafélags hefði það athugasemdir við störf vátryggingaumboðsmanns, enda ber vátryggingafélag ábyrgð á störfum viðkomandi.

Um 50. gr.

Í greininni er viðskiptaráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um starfshætti vátryggingaumboðsmanna í reglugerð.

Um XI. kafla.

Kaflinn fjallar um upplýsingaskyldu og er efnislega samhljóða VI. kafla er fjallar um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara. Samkvæmt 3. og 4. mgr. 1. gr. eiga ákvæði þessa kafla ekki við um miðlun endurtrygginga eða við miðlun stóráhættu.

Um 51. gr.

Greinin, sem er efnislega samhljóða 30. gr., varðar upplýsingar sem vátryggingaumboðsmaður skal veita væntanlegum vátryggingartaka við gerð, endurnýjun eða breytingu vátryggingarsamnings.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að vátryggingaumboðsmaður skuli áður en vátryggingarsamningur er gerður greina frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum hans. Ákvæðið er sambærilegt 31. gr.

Um 53. gr.

Í greininni er kveðið á um upplýsingaskyldu sem hvílir á vátryggingaumboðsmanni sem miðlar vátryggingum í sama greinaflokki á vegum fleiri en eins vátryggingafélags og lýtur að fjárhæð endurgjalds sem hann þiggur eða áskilur vegna viðskiptanna og greitt er af vátryggingafélagi. Í slíkum tilvikum eiga við sömu sjónarmið og varðandi vátryggingamiðlara, að upplýsingar um endurgjald eru liður í mati viðskiptamanns á þeim tilboðum og því starfi sem vátryggingaumboðsmaður innir af hendi.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir þeirri eðlilegu reglu að í þeim tilvikum sem viðskiptamanni ber að greiða endurgjald fyrir þjónustu vátryggingaumboðsmanns sé hann ávallt upplýstur um fjárhæð þess áður en hann er skuldbundinn af samningi.

Um 54. gr.

Hér er fjallað um á hvaða formi upplýsingar sem veita ber samkvæmt þessum kafla laganna skuli veittar. Ákvæðið á hliðstæðu í 33. gr.

Um XII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er lúta að starfsemi vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna á milli landa. Með kaflanum eru innleidd ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar, sem fela í sér meginreglu EES-samningsins um staðfesturétt og gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa. Í 55. gr. eru ákvæði er lúta að starfsemi erlendra vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna hér á landi. Ákvæði 56. gr. varðar starfsemi innlendra vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna erlendis. Í 57. gr. eru ákvæði er varða heimildir vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna utan Evrópska efnahagssvæðisins til að stofna útibú hérlendis. Loks er í 58. gr. að finna heimild til handa viðskiptaráðherra til að setja í reglugerð nánari reglur um starfsemi á milli landi.

Um 55. gr.

Í greininni er að finna reglur er lúta að heimild erlendra vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna til að starfa hér á landi með stofnun útibús eða með því að veita þjónustu án starfsstöðvar. Tilskipunin kveður á um regluna um eitt starfsleyfi, sem felur í sér að á grundvelli skráningar eða starfsleyfis í heimaríki er vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanni heimilt að starfa í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Er lagt til

í greininni að erlendum aðilum sé samkvæmt þessari grein heimilt að hefja starfsemi einum mánuði eftir að Fjármálaeftirlitinu hefur borist tilkynning frá lögbæru stjórnvaldi í heimaríki viðkomandi um slíkt. Heimildir erlendra aðila til að veita þjónustu hér á landi takmarkast ávallt af umfangi starfsleyfis eða skráningar í heimaríkinu.

Um 56. gr.

Í greininni er kveðið á um reglur er lúta að starfsemi innlendra vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna erlendis. Vátryggingamiðlari eða vátryggingaumboðsmaður sem hyggst starfa erlendis, með stofnun útibús eða veita þar þjónustu án starfsstöðvar, ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíka fyrirætlan. Innan mánaðar frá móttöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkisins tilkynningu um fyrirætlan viðkomandi. Vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanni er heimilt að hefja starfsemi mánuði eftir að Fjármálaeftirlitið hefur sent slíka tilkynningu. Hafi aðildarríki sem starfsemi er fyrirhuguð í lýst því yfir að það vilji ekki fá slíkar upplýsingar er heimilt að hefja starfsemi þegar í stað. Svo virðist sem langflest ríki Evrópusambandsins vilji fá slíkar upplýsingar áður en starfsemi erlendra aðila hefst í viðkomandi ríki.

Um 57. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur er lúta að heimild vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna, sem skráðir eru í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, að hefja starfsemi hér á landi. Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að veita slíkum aðila leyfi til að stofna útibú hér á landi. Þá er gert ráð fyrir að um afgreiðslu á umsókn frá slíkum aðila og starfsemina að öðru leyti gildi ákvæði 71.–76. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Um 58. gr.

Með ákvæðinu er mælt fyrir um almenna heimild ráðherra til setningar reglugerðar varðandi starfsemi vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna á milli landa.

Í vinnunefnd eftirlitsstjórnvalda ríka á Evrópska efnahagssvæðinu á vátryggingasviði (e. CEIOPS) er nú unnið að samræmdum reglum um tilkynningar vegna starfsemi á milli landa og hvað skuli koma fram í slíkum tilkynningum. Fjármálaeftirlitið er þátttakandi í því starfi. Gera má ráð fyrir að nánari reglur verði settar í reglugerð um tilkynningaskylduna og að þær reglur muni styðjast við niðurstöðu vinnunefndarinnar.

Um XIII. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er lúta að eftirliti og viðurlögum við brotum gegn lögunum. Í 59. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna. Í 60. gr. eru ákvæði um greiðslu eftirlitsgjalds. Í 61. gr. er fjallað um aðstoð Fjármálaeftirlitsins við yfirvöld annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er í 62. gr. ákvæði um viðurlög við brotum gegn lögunum.

Um 59. gr.

Í greininni er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna. Tekur eftirlitið til starfsemi þessara aðila innan lands og utan. Meðal annars er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega nöfn þeirra sem taldir eru bjóða þjónustu sem lögin taka til án þess að hafa starfsleyfi. Þannig getur Fjármálaeftirlitið gefið út viðvaranir hugsanlegum viðskiptamönnum til hagsbóta.

Um 60. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir sem hafi heimild til miðlunar vátrygginga skuli greiða árlegt eftirlitsgjald. Eftirlitsgjaldið er ákveðið árlega samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Vátryggingaumboðsmenn sem skráðir eru hjá vátryggingafélagi á Evrópska efnahagssvæðinu greiða ekki slíkt eftirlitsgjald þar sem þeir starfa á ábyrgð vátryggingafélagsins og vátryggingafélagið greiðir eftirlitsgjald. Þeir lúta jafnframt eftirliti heimaríkis.

Um 61. gr.

Ákvæðið kveður á um aðstoð Fjármálaeftirlitsins við yfirvöld annarra EES-ríkja og er í samræmi við þá meginreglu EES-réttarins að eftirlit sé á hendi stjórnvalda í heimaríki vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns. Með ákvæðinu eru innleidd ákvæði 9. gr. tilskipunarinnar.

Um 62. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum, eða fangelsi allt að einu ári, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Ákvæðið byggist að nokkru á 8. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að aðildarríki skuli sjá til þess að hæfileg viðurlög séu við brotum á ákvæðum laga er innleiða tilskipunina.

Um XIV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um innleiðingu og gildistöku, auk breytinga á öðrum lögum.

Um 63. og 64. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 65. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum. Breytingar þær sem lagðar eru til eru nauðsynlegar þar sem í lögum þessum er lagt til að ákvæði er varði miðlun vátrygginga verði að finna í einum lögum.

Um 66. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum. Nauðsynlegt er að gera breytingu á 3. tölul. 5. gr. laganna þar sem með lögum þessum er gerð breyting á skilgreiningu á hugtakinu miðlun vátrygginga. Breytingin lýtur að því að ljóst sé að greiðsla eftirlitsgjalds hvílir eingöngu á vátryggingamiðlurum en ekki jafnframt á vátryggingaumboðsmönnum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er vikið að stöðu vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna sem eru starfandi við gildistöku laganna. Er ekki gert ráð fyrir að starfandi vátryggingamiðlarar sæki um starfsleyfi á ný, en þeir þurfa að fara vel yfir starfsemina með tilliti til nýrra reglna frumvarpsins. Er lagt til að vátryggingamiðlurum og vátryggingaumboðsmönnum verði veittur frestur til 1. júlí 2005 til að uppfylla skilyrði laganna.

Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um hæfisskilyrði vátryggingasölumanna. Þykja sex mánuðir hæfilegur frestur til að uppfylla skilyrði laganna er varða hæfisskilyrði

vátryggingasölumanna, sem starfa á vegum vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um miðlun vátrygginga.

Með frumvarpinu er lögð til innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins nr. 2002/92/EB frá 9. desember 2002, um miðlun vátrygginga. Eitt helsta markmið tilskipunarinnar er að afnema hindranir á því að vátryggingamiðlarar geti stundað starfsemi sína óhindrað á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur er í tilskipuninni stefnt að aukinni neytendavernd, m.a. með því að setja strangari kröfur um starfsemi vátryggingamiðlara og mæla fyrir um aukna upplýsingagjöf til neytenda.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

833. Svar [508. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um forsjárlausa foreldra.

1. *Telur dómsmálaráðherra ástæðu til að skoða sérstaklega stöðu forsjárlausra foreldra eða endurskoða löggjöf með það að markmiði að bæta eða breyta stöðu þeirra? Ef svo er, með hvað hætti?*

Dómsmálaráðherra telur að staða forsjárlausra foreldra og löggjöf á sviði barnaréttar þurfi að vera stöðugt til skoðunar. Ráðuneytið fylgist grannt með þróun þessara mála í nágrannalöndum okkar. Sérstök sifjalaganefnd starfar á vegum ráðuneytisins. Fjöldi manna beinir ábendingum og erindum til ráðherra og ráðuneytisins auk þess sem það fjallar á kærustigi um mikinn fjölda deilumála á milli foreldra sem rekin eru fyrir stjórnvöldum. Þá hefur forsjárnefnd sú er fyrirspyrjandi nefnir starfað undanfarin ár og skilað tillögum um afmörkuð atriði á þessu sviði. Allt hefur þetta starf leitt til þess að fjölmargar réttarbætur hafa verið gerðar á sviði barnaréttar síðustu ár, ekki síst að því er varðar réttarstöðu forsjárlausra foreldra. Hefur í raun orðið algjör bylting á því sviði á undanförnum árum með því að réttur þessa hóps til umgengni við börn sín hefur verið tryggður, reglur hafa verið settar um aðgang forsjárlausra foreldra að upplýsingum um börn sín og fleiri atriði, auk þess sem talsvert meira en helmingur barna lýtur nú sameiginlegri forsjá beggja foreldra sinna eftir skilnað eða sambúðarslit. Sérstaklega er rétt að minna á að Alþingi samþykkti fyrir tæplega tveimur árum ný barnalög þar sem meðal annars voru lögfestar ýmsar tillögur forsjárnefndarinnar. Við setningu þeirra laga var leitað til ýmissa aðila og margar ábendingar komu fram við endurskoðunina. Fjallað var um allar ábendingar og niðurstaða Alþingis var sú sem raun ber vitni. Voru ýmsar breytingar samþykktar en þær tillögur sem ekki hlutu hljómgrunn voru ekki taldar í samræmi við þá hagsmuni sem verið var að fjalla um. Áréttað skal að markmið með endurskoðun barnalaga var fyrst og fremst að skoða hvort og með hvaða hætti þörf væri á að

bæta réttarstöðu barna á þeim sviðum sem lögin taka til. Barnalög eru í eðli sínu ekki jafnréttislög í þeim skilningi að þeim sé ætlað að tryggja jafna stöðu beggja foreldra eftir skilnað eða sambúðarslit heldur lög sem hafa að markmiði að tryggja rétt barns varðandi atriði eins og feðrun, rétt þess til forsjár og umgengni auk framfærslu o.fl. Réttarstaða barna hér á landi varðandi þessi atriði er góð og til samræmis við það sem best gerist og það sama gildir um stöðu forsjárlausra foreldra. Enda þótt nauðsynlegt sé að skoða stöðugt með opnum hug það sem betur má fara í þessari löggjöf og hlusta eftir þeim ábendingum sem fram koma er því tæpast ástæða til að leggja á ný í heildarendurskoðun ákvæða barnalaga, enda er lítil reynsla af ýmsum ákvæðum þeirra eins og gefur að skilja.

2. *Hvað afstöðu hefur núverandi dómsmálaráðherra til þeirra tillagna sem svokölluð forsjárnefnd setti fram í áfangaskýrslu sinni í júní 1999?*

Mat ráðherra er að þær tillögur sem forsjárnefnd setti fram á sínum tíma í áfangaskýrslu sinni hafi flestar verið skynsamlegar og horft til framfara í þessum málaflokki. Þessar tillögur hafa að verulegu leyti þegar komið til framkvæmda eins og nánar er rakið hér á eftir.

A. Kynning á sameiginlegri forsjá.

Forsjárnefnd setti fram tillögur sínar 1999. Á sama ári fól dómsmálaráðherra sifjalaganefnd að endurskoða barnalögin. Fljótlega kom í ljós að töluverðar breytingar yrðu gerðar á lögunum. Ekki var ráðist í að gera sérstakan bækling um sameiginlega forsjá á þessu stigi. Samhliða gildistöku laganna í nóvember 2003 voru á hinn bóginn settar á heimasíðu ráðuneytisins ýmsar gagnlegar upplýsingar um málefni barnalaga m.a. um forsjá og umgengni. Að því er sameiginlega forsjá varðar hefur greinilega gengið vel að kynna það fyrirkomulag, sbr. hér að neðan.

B. Ráðgjöf fyrir foreldra við skilnað.

Í því skyni að hjálpa foreldrum að ná samkomulagi í ágreiningsmálum um forsjá og umgengni var ákveðið með lögum nr. 23/1995, sbr. nú í 33. gr. barnalaga, að aðilum í þeim málum skuli boðin sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem barni er fyrir bestu. Þetta úrræði var tekið upp í kjölfar ábendinga forsjárnefndar. Ekki þarf að velkjast í vafa um, að samkomulag í þessum viðkvæmu málum er farsælli lausn, bæði fyrir foreldra og börn, en dómur eða úrskurður stjórnvalds. Þessi ráðgjöf er foreldrum að kostnaðarlausu.

Sýslumönnum ber að leiðbeina foreldrum við skilnað og sambúðarslit um atriði eins og forsjá, m.a. um sameiginlega forsjá og hvað hún felur í sér, umgengni o.fl. Verði samkomulag milli foreldra staðfestir sýslumaður samning þar að lútandi en rísi ágreiningur um forsjá eða umgengni er skylt að bjóða foreldrum ráðgjöf fagmanns (sálfræðings) til lausnar þeirri deilu.

C. Sameiginleg forsjá meginregla.

Á meðal þess sem nefndin lagði til var að sameiginleg forsjá yrði meginreglan við hjónaskilnað eða sambúðarslit og að kannað yrði hvort ekki væri ástæða til að gefa foreldrum sem hafa sameiginlega forsjá barna sinna kost á að leita úrskurðar sýslumanns um ágreiningsefni. Breytingar hafa þegar verið gerðar á barnalögum þannig að síðarnefnda tillagan hefur verið lögfest. Núgildandi ákvæði barnalaga um skipan forsjár við sambúðarslit er á þá leið að foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði sameiginleg eða í höndum annars hvors. Í sumum nágrannaríkjum okkar er þessu stillt upp með þeim hætti að forsjá

skuli vera sameiginleg eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé sérstaklega ákveðið. Í raun og veru er ekki ýkja mikill munur á þessu tvennu en rétt er að gefa þessu gaum nú að fenginni þeirri reynslu sem við búum að um sameiginlega forsjá. Mikilvægt er þó að gera sér grein fyrir því að fólk verður ekki þvingað af yfirvöldum til að taka sameiginlegar ákvarðanir um börn sín ef enginn vilji er til þess.

Rétt er að vekja athygli á því að sameiginleg forsjá hefur sótt mjög á sem það fyrirkomulag sem foreldrar velja eftir skilnað. Þannig tóku foreldrar ákvörðun um að forsjá skyldi vera sameiginleg eftir skilnað eða sambúðarslit í ríflega 22% allra tilvika árið 1994, tveimur árum eftir að þetta úrræði kom fyrst til sögunnar. Þetta hlutfall hefur síðan hækkað og var komið yfir 60% árið 2003.

D. Ráðstafanir til að knýja fram umgengni.

Forsjárnefnd lagði einnig til að gripið yrði til margþættra ráðstafana til að tryggja forsjárlausu foreldri vernd gagnvart því þegar forsjárforeldrið tálmar umgengni að ástæðulausu og jafnvel með ólögmætum hætti. Benti forsjárnefnd á ýmis úrræði í því sambandi, svo sem frystingu meðlagsgreiðslna til forsjárforeldrisins, niðurfellingu greiðslu barnabóta, skyldu til að leita ráðgjafar og takmarkanir á úrskurðum um viðbótarframlög frá forsjárforeldrinu.

Ráðherra hefur af ýmsum ástæðum efasemdir um margt í þessum tillögum. Almennt virðist óheppilegt að takmarka framfærsluframlög til barns vegna deilna foreldra um óskylda hluti. Þá verður að benda á að nokkurt ósamræmi er milli þessara tillagna og fullyrðingar í áfangaskýrslu nefndarinnar neðst á bls. 19, þar sem segir „Samkvæmt þeim upplýsingum sem forsjárnefnd hefur aflað sér er dagsektarúrræðið í reynd gagnslaust.“ Sú leið sem farin er í núgildandi barnalögum að reyna að þvinga forsjárforeldri til að láta af tálmunum með því að beita fjárhagslegum þvingunum virðist þannig ekki veita neina tryggingu fyrir árangri. Það er heldur ekki til neins að leggja lagaskyldur til að þiggja ráðgjöf á þá sem engin ráð vilja þiggja.

Þess má geta í þessu samhengi að sifjalaganefnd fjallaði um tillögur forsjárnefndar við síðustu endurskoðun barnalaga og um þetta segir m.a. í greinargerð: „Þau sjónarmið hafa komið fram við umfjöllun um umgengnismál að rétt væri að grípa til ráðstafana eins og þeirra að „frysta“ meðlagsgreiðslur til foreldris sem tálmar umgengni eða að heimila stjórnvöldum að hafna kröfu um aukið meðlag eða sérstakt framlag vegna umgengnistálmunar. Nefndarmenn eru á einu máli um að slík úrræði geti ekki komið til álita til framdráttar umgengnisrétti. Leggja ber á það áherslu að barn á sjálfstæðan rétt til framfærslu úr hendi foreldris og að sú framfærsla sé í samræmi við þarfir barnsins og fjárhagsstöðu foreldis. Sifjalaganefnd getur ekki fallist á að það sé í samræmi við hagsmuni barns að skerða rétt þess til framfærslu úr hendi foreldris í því skyni að koma umgengni á og er nefndinni ekki kunnugt um að slík úrræði finnist í löggjöf annarra ríkja.“

Þegar fólk ber ekki gæfu til að ná samkomulagi um umgengni forsjárlauss foreldris við barn eftir skilnað er oft horft til ríkisvaldsins og kröfum beint að því í þá veru að ríkið verði að tryggja að umgengni fari fram. Koma verður til móts við þessar kröfur eins og unnt er, en nauðsynlegt er að hugsa málið til enda áður en ákvarðanir eru teknar um ný úrræði til að þvinga fram umgengni.

3. Hvað líður seinni áfangaskýrslu nefndarinnar?

Ráðuneytið kallaði eftir lokaskýrslu nefndarinnar á árinu 2003 og liggur fyrir að henni verður skilað í lok næsta mánaðar.

834. Svar [446. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um viðskipti við ráðningarstofur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða ráðuneyti og ríkisstofnanir skiptu við ráðningarstofur og vinnumiðlara árin 2002 og 2003?*
2. *Hvað var ráðið í mörg störf með þeim hætti?*
3. *Hversu mikið var ráðningarstofunum greitt fyrir störf sín á þessum árum?*
4. *Hvaða ríkisstofnanir og ráðuneyti höfðu á þessum árum samninga við einstakar ráðningarstofur og þá hvaða ráðningarstofur?*
5. *Hafa slíkar ráðningar verið boðnar út á vegum ráðuneytanna eða stofnananna? Ef ekki, hvers vegna ekki?*

Forstöðumenn ríkisstofnana fara með ráðningarmál starfsmanna hjá stofnunum sem þeir stýra. Er það alfarið ákvörðun forstöðumanna einstakra ríkisstofnana hvort og þá í hvaða mæli stofnunin skiptir við ráðningarstofur og vinnumiðlara.

Fjársýsla ríkisins, sem heldur bókhald ráðuneyta og margra ríkisstofnana, getur ekki veitt sundurliðað þær upplýsingar sem óskað er eftir úr bókhaldskerfum sínum, þar sem viðskipti við ráðningastofur eru ekki sérgreindar í bókhaldi ríkisins. Einnig er því þannig farið að ýmis fyrirtæki sem veita þjónustu á þessu sviði eru jafnframt með aðra þjónustu, svo sem rekstrarráðgjöf og starfsmannaráðgjöf, og því er ekki hægt að greina úr bókhaldi hvaða þjónusta hafi verið keypt.

Til þess að unnt væri að svara fyrirspurninni lið fyrir lið þyrfti því að leita upplýsinga hjá hverju ráðuneyti og ríkisstofnun fyrir sig og vinna síðan úr þeim upplýsingum. Slík upplýsingaöflun og úrvinnsla yrði bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Því liggur fyrir að ógjörningur er að afla umbeðinna upplýsinga innan þess tímafrests sem þingsköp setja svörum við fyrirspurnum.

Með hliðsjón af framansögðu er ekki unnt að veita ítarlegra svar.

835. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.

Flm.: Birgir Ármannsson.

1. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Kaupendum er heimilt að skipta við aðra seljendur en aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningurinn nær til ef sýnt þykir fram á að slíkir seljendur bjóði vöru eða þjónustu á betri kjörum en aðilar rammasamningsins eða að kaup á vöru eða þjónustu viðkomandi seljenda séu hagstæðari fyrir kaupandann með tilliti til þarfa hans að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi 3. mgr. 22. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, segir að í rammasamningi sé heimilt að ákveða að kaupendur sem lögin ná til séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningurinn tekur til. Af því leiðir að þegar slíka beina heimild er ekki að finna í rammasamningnum sjálfum eru allir kaupendur skuldbundnir til að beina viðskiptum sínum eingöngu til þeirra seljenda sem aðild eiga að samningnum. Í framkvæmd eru heimildir af þessu tagi fátíðar og er því almenna reglan sú að rammasamningur bindur hendur kaupenda og seljendur sem ekki eiga aðild að samningum hafa enga möguleika á að selja ríkisstofnunum og öðrum opinberum aðilum sem lög um opinber innkaup ná til vörur sínar eða þjónustu á því tímabili sem rammasamningur er í gildi, oft um nokkurra ára skeið.

Ætla má að um það bil 400 opinberir aðilar eigi aðild að rammasamningskerfi Ríkiskaupa og gildandi samningar eru vel á annað hundrað. Veltan í kerfinu hefur farið vaxandi á undanförnum árum og samkvæmt innkaupastefnu ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að auka hana enn frekar á næstu árum, um sem nemur 30% árlega fram til ársins 2006. Er þá bæði stefnt að því að fjölga þeim opinberu stofnunum sem nýta þetta samningsform og jafnframt að fjölga vöruflokkum í kerfinu. Veltan í krónum talið var áætluð 2,2 milljarðar árið 2002 og er gert ráð fyrir að hún hafi náð um 3,2 milljörðum á árinu 2004.

Rammasamningum er einkum ætlað að taka til innkaupa sem eru undir viðmiðunarmörkum um útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup. Þau mörk eru miðuð við kaup á vörum undir 5 millj. kr. og kaup á þjónustu og verkum undir 10 millj. kr. Þessi viðmiðunarmörk eru þó alls ekki algild enda er í 2. mgr. 22. gr. að finna ákvæði þar sem fram kemur að við innkaup innan rammasamninga teljist skyldu til útboðs fullnægt jafnvel þótt innkaupin sé yfir viðmiðunarfjárhæðum. Því er ljóst að lagaramminn gefur afar rúmar heimildir til að auka mjög umfang rammasamninga frá því sem nú er.

Eitt helsta markmiðið með rammasamningum er að stuðla að hagkvæmari innkaupum fyrir ríkið og ríkisaðila. Talið er að með sameiginlegum innkaupamætti þessara aðila megi ná fram hagstæðari kjörum en ella. Slíkt er í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda á undanförnum árum um hagkvæmni og ráðdeild í opinberum rekstri. Sá vandi fylgir hins vegar rammasamningum að þeir eru ósveigjanlegir og minnka svigrúm bæði kaupenda og seljenda á gildistíma samninga. Kaupendur eru eins og áður er rakið yfirleitt skuldbundnir til að beina viðskiptum sínum eingöngu til seljenda sem eiga aðild að samningum jafnvel þótt þeir kynnu að eiga kost á hagstæðari eða hentugri valkostum varðandi vörukaup hjá öðrum seljendum og seljendur eru bundnir af því að selja á tilteknum viðskiptakjörum út allt samningstímabilið. Verst er þó staða þeirra seljenda sem af einhverjum ástæðum eru ekki valdir til þátttöku í rammasamningi, með hinu ósveigjanlega fyrirkomulagi eru þeir sviptir öllum möguleikum til að eiga viðskipti við ríkið og ríkisaðila á gildistíma samningsins, en þessir aðilar eru oft langstærsti eða í einstökum tilvikum eini hugsanlegi kaupandinn á markaðnum. Þeir eiga því ekki kost á að bjóða vörur sínar um það bil 400 ríkisaðilum, hvorki einum né fleiri í senn, jafnvel þótt þeir kunni að geta boðið vörur sem eru ódýrari eða henta betur þörfum kaupandans en þær sem aðilar rammasamningsins hafa upp á að bjóða. Í þessu sambandi má benda á að á gildistíma rammasamnings er vel hugsanlegt að aðilar, sem upphaflega fengu ekki aðild að samningnum, hafi náð að lækka kostnað sinn við innflutning eða framleiðslu, náð hagstæðari samningum við birgja eða eigi kost á að bjóða nýja vöru, sem ekki stóð til boða þegar upphaflegt útboð vegna rammasamnings átti sér stað. Núgildandi lagaákvæði og framkvæmd geta því falið í sér samkeppnishömlur, sem bæði geta leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir kaupendur og seljendur og verið sérstaklega tilfinnanleg fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru

valin til þátttöku í rammasamningi í upphafi. Slíkir aðilar geta lent í þeirri stöðu að geta ekki einu sinni gert tilraun til þess að selja opinberum aðilum vörur sínar á samningstímabilinu, óháð verði og aðstæðum að öðru leyti.

Með þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu er ætlunin að auka svigrúmið að þessu leyti. Verði frumvarpið að lögum fá þeir aðilar sem standa utan rammasamnings tækifæri til að gera opinberum aðilum tilboð um viðskipti. Um leið fá kaupendur sem eru áskrifendur að rammasamningskerfinu aukið svigrúm til að eiga viðskipti við aðra seljendur en aðila rammasamnings í þeim tilvikum þegar slík viðskipti henta þeirri stofnun sem þeir veita forstöðu. Ekki er ástæða til að ætla að slík breyting vinni gegn almennum markmiðum ríkisstjórnarinnar um aukna hagkvæmni í opinberum innkaupum enda hvílir sú skylda áfram á einstökum forstöðumönnum eða innkaupastjórum hjá opinberum stofnunum að velja þá seljendur sem annaðhvort geta boðið vörur á hagstæðari kjörum eða hafa vörur sem henta betur til þeirra þarfa sem eru fyrir hendi hjá kaupandanum. Þá er ekki heldur ástæða til að ætla að breytingin sem slík sé til þess fallin að draga úr notkun rammasamningskerfisins svo neinu nemi, enda er áfram gert ráð fyrir því að innkaup innan rammasamninga verði meginreglan í sambandi við þau viðskipti sem slíkir samningar ná til.

Þótt með þessu frumvarpi sé aðeins lögð til takmörkuð breyting á því ákvæði sem varðar rammasamninga í lögum um opinber innkaup er full ástæða til að taka fleiri atriði í því sambandi til nánari skoðunar. Breytingin mun hins vegar sníða ákveðna agnúa af núverandi fyrirkomulagi með það að markmiði að auka svigrúm bæði kaupenda og seljenda í þessum viðskiptum.

836. Svar [391. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um hlutafjáreign einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir einstaklingar voru hluthafar í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands á árunum 1999–2004?*
2. *Hver var hlutur þeirra í heildarhlutafé þessara fyrirtækja á fyrrgreindu árabili?*

Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.

Óskað var eftir svörum við fyrirspurninni frá Verðbréfaskráningu Íslands. Áður en vinnsla upplýsinga fór fram leitaði Verðbréfaskráning til Persónuverndar sem veitti samþykki sitt. Eftirfarandi er listi frá Verðbréfaskráningu þar sem fram kemur hlutur einstaklinga í skráðum félögum 2000 til 2004 en fram kom í svari Verðbréfaskráningar að fyrsta hlutafélagið í Kauphöll Íslands var rafrænt skráð 13. júní 2000 og miðast gefnar upplýsingar við upphaf þess dags.

Hlutur einstaklinga í skráðum félögum

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2003	Hlutabréf í AFL fjárfestingarfélag hf.	3.112	98,89%	3.147	325.980.085	17,15%	1.900.552.392
2003	Hlutabréf í fjárfestingarfél. Atorka hf.	5.415	99,43%	5.446	864.888.983	38,04%	2.273.650.000
2004	Hlutabréf í fjárfestingarfél. Atorka hf.	5.890	98,76%	5.964	1.120.677.419	40,40%	2.773.650.000
2000	Hlutabréf í Austurbakka hf.	207	90,00%	230	10.818.881	75,13%	14.400.000
2001	Hlutabréf í Austurbakka hf.	291	92,97%	313	1.074.656	7,46%	14.400.000
2002	Hlutabréf í Austurbakka hf.	279	93,31%	299	10.590.081	73,54%	14.400.000
2003	Hlutabréf í Austurbakka hf.	264	92,96%	284	12.865.866	85,18%	15.104.127
2004	Hlutabréf í Austurbakka hf.	228	93,06%	245	13.476.821	89,23%	15.104.127
2001	Hlutabréf í Auðlind hf.	9.154	99,54%	9.196	1.338.784.934	81,68%	1.639.000.000
2001	Hlutabréf í Baugur Group hf.	1.751	92,40%	1.895	92.398.039	5,45%	1.695.813.982
2002	Hlutabréf í Baugur Group hf.	1.552	92,71%	1.674	96.481.309	4,03%	2.395.676.412
2001	Hlutabréf í Delta hf.	1.247	94,97%	1.313	93.562.027	42,90%	218.102.182
2001	Hlutabréf í Framtak Fjárfestingarbanki	1.099	88,84%	1.237	130.422.253	9,73%	1.340.705.574
2002	Hlutabréf í Framtak Fjárfestingarbanki	1.341	89,94%	1.491	170.646.355	6,99%	2.440.705.574
2001	Hlutabréf í Burðarás hf.	17.716	98,21%	18.038	1.625.284.752	53,15%	3.057.905.205
2002	Hlutabréf í Burðarás hf.	18.253	98,01%	18.624	1.938.041.472	37,62%	5.152.154.232
2003	Hlutabréf í Burðarás hf.	16.082	98,17%	16.382	1.154.814.640	26,01%	4.440.000.000
2004	Hlutabréf í Burðarás hf.	19.704	98,29%	20.046	953.192.267	17,15%	5.558.817.644
2001	Hlutabr. í Straumur Fjárfestingarbanki	7.528	99,43%	7.571	1.160.265.300	41,37%	2.804.584.794
2002	Hlutabr.i Straumur Fjárfestingarbanki	6.769	99,40%	6.810	966.939.853	34,48%	2.804.584.794
2003	Hlutabr.í Straumur Fjárfestingarbanki	4.738	96,67%	4.901	525.835.857	12,67%	4.149.492.204
2004	Hlutabr.í Straumur Fjárfestingarbanki	4.101	96,40%	4.254	496.865.659	9,20%	5.400.000.000
2004	Hlutabréf í Fiskmarkaði Íslands	131	70,81%	185	35.302.584	49,64%	71.116.333
2001	Hlutabréf í HB Granda hf.	949	90,90%	1.044	150.165.834	10,15%	1.478.950.000

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2002	Hlutabréf í HB Granda hf.	942	92,26%	1.021	121.533.193	8,22%	1.478.950.000
2003	Hlutabréf í HB Granda hf.	760	91,24%	833	74.934.688	5,07%	1.478.950.000
2004	Hlutabréf í HB Granda hf.	597	91,71%	651	163.641.975	11,06%	1.478.950.000
2001	Hlutabréf í Guðmundi Runólfssyni hf.	69	85,19%	81	89.731.452	64,97%	138.113.534
2002	Hlutabréf í Guðmundi Runólfssyni hf.	60	89,55%	67	62.460.718	45,22%	138.113.534
2003	Hlutabréf í Guðmundi Runólfssyni hf.	58	89,23%	65	61.927.036	44,84%	138.113.534
2001	Hlutabréf í Hampiðjunni	427	91,43%	467	209.134.999	41,83%	500.000.000
2002	Hlutabréf í Hampiðjunni	397	91,69%	433	188.766.277	37,75%	500.000.000
2003	Hlutabréf í Hampiðjunni	347	92,53%	375	179.581.916	35,92%	500.000.000
2004	Hlutabréf í Hampiðjunni	295	91,90%	321	165.485.947	33,10%	500.000.000
2001	Hlutabréf í Haraldi Böðvarssyni hf.	805	94,15%	855	299.822.161	27,26%	1.100.000.000
2001	Hlutabréf í Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf.	302	91,79%	329	179.430.974	26,64%	673.500.226
2002	Hlutabréf í Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf.	310	92,26%	336	164.438.943	24,42%	673.500.226
2003	Hlutabréf í Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf.	299	91,72%	326	158.635.562	23,55%	673.500.226
2000	Hlutabréf í Bakkavör Group hf.	4.061	94,71%	4.288	39.038.151	7,82%	499.470.002
2001	Hlutabréf í Bakkavör Group hf.	4.241	93,72%	4.525	424.750.951	28,02%	1.515.830.002
2002	Hlutabréf í Bakkavör Group hf.	3.740	94,37%	3.963	503.338.643	33,09%	1.521.054.749
2003	Hlutabréf í Bakkavör Group hf.	3.504	94,32%	3.715	440.690.347	28,97%	1.521.054.749
2004	Hlutabréf í Bakkavör Group hf.	3.264	93,71%	3.483	424.999.291	26,29%	1.616.592.755
2000	Hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands	27.280	97,44%	27.998	407.745.559	9,95%	4.100.000.000
2001	Hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands	25.575	97,55%	26.218	357.559.616	7,74%	4.618.550.000
2002	Hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands	24.133	97,49%	24.754	363.418.804	6,71%	5.418.214.020
2000	Hlutabréf í Íslandsbanka hf.	11.791	95,61%	12.333	2.374.526.271	23,75%	10.000.000.000
2001	Hlutabréf í Íslandsbanka hf.	11.142	95,96%	11.611	2.149.466.405	21,49%	10.000.000.000
2002	Hlutabréf í Íslandsbanka hf.	10.287	96,25%	10.688	1.888.901.915	18,89%	10.000.000.000
2003	Hlutabréf í Íslandsbanka hf.	10.651	96,43%	11.045	2.875.581.199	27,39%	10.500.000.000
2004	Hlutabréf í Íslandsbanka hf.	9.880	96,15%	10.276	2.557.508.850	22,83%	11.200.000.000
2000	Hlutabréf í Líf hf.	813	94,53%	860	145.136.756	48,38%	300.000.000
2001	Hlutabréf í Líf hf.	718	95,10%	755	454.826.900	75,80%	600.000.000
2002	Hlutabréf í Líf hf.	684	95,00%	720	265.379.955	61,72%	430.000.000

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2003	Hlutabréf í Líf hf.	607	96,04%	632	129.061.345	30,01%	430.000.000
2000	Hlutabréf í Opin Kerfi hf.	1.455	91,34%	1.593	74.030.631	35,25%	210.000.000
2001	Hlutabréf í Opin Kerfi hf.	1.471	92,92%	1.583	75.274.058	31,72%	237.343.750
2002	Hlutabréf í Opin Kerfi hf.	1.320	93,09%	1.418	73.389.214	30,92%	237.343.750
2003	Hlutabréf í Opin Kerfi hf.	1.760	94,37%	1.865	73.706.075	24,80%	297.198.896
2004	Hlutabréf í Opin Kerfi hf.	453	94,97%	477	3.694.520	1,22%	303.884.661
2000	Hlutabréf í Össuri hf.	4.956	94,15%	5.264	57.995.740	17,66%	328.441.000
2001	Hlutabréf í Össuri hf.	4.678	95,12%	4.918	50.231.180	15,29%	328.441.000
2002	Hlutabréf í Össuri hf.	4.656	95,76%	4.862	46.265.631	14,09%	328.441.000
2003	Hlutabréf í Össuri hf.	4.238	95,69%	4.429	40.299.723	12,27%	328.441.000
2004	Hlutabréf í Össuri hf.	3.213	95,17%	3.376	28.128.033	8,83%	318.441.000
2001	Bréf í Hlutabréfasjóð Búnaðarbankans	9.975	99,70%	10.005	2.166.579.876	89,02%	2.433.790.922
2002	Bréf í Hlutabréfasjóð Búnaðarbankans	9.889	99,74%	9.915	2.302.288.864	94,60%	2.433.790.922
2003	Bréf í Hlutabréfasjóð Búnaðarbankans	9.264	99,77%	9.285	2.107.000.717	86,57%	2.433.790.922
2001	Hlutabréf í Eskja hf.	243	87,10%	279	64.980.258	14,40%	451.221.070
2002	Hlutabréf í Eskja hf.	216	88,89%	243	53.051.458	11,76%	451.221.070
2003	Hlutabréf í Eskja hf.	185	87,68%	211	56.413.092	12,50%	451.221.070
2000	Hlutabréf í Húsasmiðjunni hf.	2.731	92,14%	2.964	197.568.400	70,38%	280.702.640
2001	Hlutabréf í Húsasmiðjunni hf.	1.816	91,90%	1.976	67.897.197	24,19%	280.702.640
2000	Hlutabréf í Talentu-Hátækni	455	90,28%	504	1.536.422	13,38%	11.480.000
2001	Hlutabréf í Talentu-Hátækni	474	90,29%	525	1.669.752	14,54%	11.480.000
2001	Hlutabréf í Flugleiðum hf.	4.366	96,76%	4.512	648.587.552	28,11%	2.307.000.000
2002	Hlutabréf í Flugleiðum hf.	3.825	97,16%	3.937	524.691.955	22,74%	2.307.000.000
2003	Hlutabréf í Flugleiðum hf.	4.440	96,12%	4.619	312.646.605	13,55%	2.307.000.000
2004	Hlutabréf í Flugleiðum hf.	3.949	95,55%	4.133	207.735.048	8,19%	2.537.000.000
2000	Hlutabréf í Íslenskum aðalverktökum hf.	561	91,07%	616	276.690.773	19,76%	1.400.000.000
2001	Hlutabréf í Íslenskum aðalverktökum hf.	566	91,88%	616	266.093.191	19,01%	1.400.000.000
2002	Hlutabréf í Íslenskum aðalverktökum hf.	537	91,64%	586	225.077.297	16,08%	1.400.000.000
2000	Hlutabréf í Brú fjárfestingar hf.	1.215	91,77%	1.324	150.391.209	30,08%	500.000.000

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2001	Hlutabréf í Brú fjárfestingar hf.	1.127	92,23%	1.222	121.176.258	22,38%	541.568.113
2002	Hlutabréf í Brú fjárfestingar hf.	1.469	92,62%	1.586	158.147.866	11,18%	1.415.121.096
2000	Hlutabréf í Og fjarskipti hf.	537	81,24%	661	51.322.448	16,04%	320.000.000
2001	Hlutabréf í Og fjarskipti hf.	971	86,62%	1.121	125.649.911	12,25%	1.026.085.648
2002	Hlutabréf í Og fjarskipti hf.	974	87,91%	1.108	140.596.609	13,70%	1.026.085.648
2003	Hlutabréf í Og fjarskipti hf.	967	86,65%	1.116	147.156.435	4,25%	3.466.109.327
2004	Hlutabréf í Og fjarskipti hf.	1.039	88,28%	1.177	217.605.387	5,01%	4.341.428.160
2002	Hlutabréf í Járnblendinu	939	94,09%	998	52.195.220	4,79%	1.090.720.000
2001	Hlutabréf í Jarðborunum hf.	831	95,30%	872	61.158.716	23,56%	259.600.000
2002	Hlutabréf í Jarðborunum hf.	711	94,42%	753	54.675.403	21,06%	259.600.000
2003	Hlutabréf í Jarðborunum hf.	631	95,90%	658	109.028.243	27,26%	400.000.000
2004	Hlutabréf í Jarðborunum hf.	577	94,28%	612	67.027.157	16,76%	400.000.000
2002	Hlutabréf í Kaldbak hf.	8.556	99,49%	8.600	271.349.453	18,23%	1.488.429.649
2003	Hlutabréf í Kaldbak hf.	6.870	99,42%	6.910	193.130.312	11,01%	1.754.429.649
2000	Hlutabréf í Kaupþing Búnaðarbanki hf.	5.147	92,86%	5.543	59.271.064	6,12%	968.608.926
2001	Hlutabréf í Kaupþing Búnaðarbanki hf.	3.221	93,88%	3.431	98.324.495	6,04%	1.628.626.184
2002	Hlutabréf í Kaupþing Búnaðarbanki hf.	10.569	98,02%	10.782	47.462.077	22,07%	215.073.706
2003	Hlutabréf í Kaupþing Búnaðarbanki hf.	29.155	97,58%	29.879	63.155.601	14,34%	440.548.512
2004	Hlutabréf í Kaupþing Búnaðarbanki hf.	27.058	97,19%	27.839	88.083.520	13,33%	660.685.640
2001	Hlutabréf í Keflavíkurverktökum hf.	24	82,76%	29	40.946.498	12,89%	317.706.907
2001	Hlutabréf í Kögun	901	90,55%	995	28.840.144	32,04%	90.000.000
2002	Hlutabréf í Kögun	785	90,96%	863	27.254.497	30,28%	90.000.000
2003	Hlutabréf í Kögun	591	88,74%	666	21.403.477	23,78%	90.000.000
2004	Hlutabréf í Kögun	1.145	90,37%	1.267	28.448.288	14,74%	193.000.000
2000	Hlutabréf í Landsbanka Íslands hf.	14.951	97,53%	15.329	732.622.341	10,70%	6.845.703.621
2001	Hlutabréf í Landsbanka Íslands hf.	14.434	97,76%	14.765	688.432.825	10,06%	6.845.703.621
2002	Hlutabréf í Landsbanka Íslands hf.	13.991	97,76%	14.311	775.083.008	11,32%	6.845.703.621
2003	Hlutabréf í Landsbanka Íslands hf.	13.617	97,71%	13.936	864.721.483	11,53%	7.500.000.000
2004	Hlutabréf í Landsbanka Íslands hf.	12.363	97,32%	12.704	749.195.366	9,25%	8.100.000.000

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2001	Hlutabréf í Marel hf.	1.670	93,14%	1.793	58.080.394	24,19%	240.064.000
2002	Hlutabréf í Marel hf.	1.733	94,03%	1.843	59.836.071	24,93%	240.064.000
2003	Hlutabréf í Marel hf.	1.533	94,05%	1.630	59.857.369	24,93%	240.064.000
2004	Hlutabréf í Marel hf.	1.248	92,17%	1.354	51.898.670	21,62%	240.064.000
2004	Hlutabréf í Medcare Flaga hf.	533	84,20%	633	138.244.594	20,62%	670.509.232
2000	Hlutabréf í Líftæknisjóðnum hf.	625	89,54%	698	542.497.668	46,69%	1.161.908.109
2001	Hlutabréf í Líftæknisjóðnum hf.	642	88,55%	725	492.022.884	42,35%	1.161.908.109
2002	Hlutabréf í Líftæknisjóðnum hf.	636	88,70%	717	448.493.082	31,70%	1.414.908.108
2003	Hlutabréf í Líftæknisjóðnum hf.	553	88,76%	623	40.026.504	21,46%	186.490.811
2004	Hlutabréf í Líftæknisjóðnum hf.	528	88,59%	596	43.775.802	23,47%	186.490.811
2000	Hlutabréf í Nýherja hf.	849	89,18%	952	61.822.939	23,42%	264.000.000
2001	Hlutabréf í Nýherja hf.	825	90,86%	908	59.605.842	22,58%	264.000.000
2002	Hlutabréf í Nýherja hf.	728	91,46%	796	58.254.886	22,07%	264.000.000
2003	Hlutabréf í Nýherja hf.	605	91,39%	662	50.397.115	19,09%	264.000.000
2004	Hlutabréf í Nýherja hf.	425	91,99%	462	63.922.305	24,21%	264.000.000
2001	Hlutabréf í Ker hf.	965	93,33%	1.034	110.790.918	11,19%	989.860.496
2002	Hlutabréf í Ker hf.	876	92,50%	947	95.319.302	9,63%	989.860.496
2001	Hlutabréf í Olíuverslun Íslands	449	92,58%	485	42.218.402	6,30%	670.000.000
2002	Hlutabréf í Olíuverslun Íslands	393	92,47%	425	35.442.098	5,29%	670.000.000
2001	Hlutabréf í Actavis Group hf.	1.058	91,60%	1.155	117.865.523	27,79%	424.074.105
2002	Hlutabréf í Actavis Group hf.	2.294	94,75%	2.421	175.870.315	29,46%	597.074.105
2003	Hlutabréf í Actavis Group hf.	2.884	94,71%	3.045	830.457.388	27,74%	2.993.780.301
2004	Hlutabréf í Actavis Group hf.	2.741	94,55%	2.899	696.717.433	23,27%	2.993.780.301
2001	Hlutabréf í Sæplast hf.	405	89,60%	452	45.256.760	35,04%	129.147.698
2002	Hlutabréf í Sæplast hf.	342	92,43%	370	46.352.003	32,63%	142.062.468
2003	Hlutabréf í Sæplast hf.	326	93,68%	348	44.772.450	31,52%	142.062.468
2001	Hlutabréf í Samherja hf.	2.026	93,67%	2.163	614.750.443	37,03%	1.660.000.000
2002	Hlutabréf í Samherja hf.	2.162	93,07%	2.323	637.944.724	38,43%	1.660.000.000
2003	Hlutabréf í Samherja hf.	1.809	93,44%	1.936	619.399.196	37,31%	1.660.000.000
2004	Hlutabréf í Samherja hf.	1.465	93,37%	1.569	589.531.538	35,51%	1.660.000.000

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2001	Hlutabréf í Sölumiðstöð hraðfrystihús	233	78,98%	295	22.237.312	1,49%	1.496.384.085
2002	Hlutabréf í Sölumiðstöð hraðfrystihús	389	84,20%	462	29.724.417	1,99%	1.496.384.085
2003	Hlutabréf í Sölumiðstöð hraðfrystihús	225	87,89%	256	15.144.767	1,01%	1.496.384.085
2004	Hlutabréf í Sölumiðstöð hraðfrystihús	213	83,86%	254	71.578.824	4,61%	1.551.384.085
2001	Hlutabréf í SÍF hf.	1.555	85,35%	1.822	178.532.889	12,07%	1.478.873.239
2002	Hlutabréf í SÍF hf.	1.271	86,29%	1.473	125.303.231	8,40%	1.490.979.600
2003	Hlutabréf í SÍF hf.	1.069	86,00%	1.243	109.818.623	7,33%	1.499.216.526
2004	Hlutabréf í SÍF hf.	937	82,19%	1.140	138.890.121	2,43%	5.715.883.192
2001	Hlutabréf í Landssíma Íslands hf.	890	93,88%	948	32.093.977	0,46%	7.036.445.469
2002	Hlutabréf í Landssíma Íslands hf.	1.089	97,84%	1.113	40.231.783	0,57%	7.036.445.469
2003	Hlutabréf í Landssíma Íslands hf.	1.205	97,41%	1.237	50.733.416	0,72%	7.036.445.469
2004	Hlutabréf í Landssíma Íslands hf.	1.211	97,27%	1.245	53.927.328	0,77%	7.036.445.469
2000	Hlutabréf í Sjóvá-Almennar hf.	774	90,32%	857	327.802.902	56,03%	585.000.000
2001	Hlutabréf í Sjóvá-Almennar hf.	768	89,82%	855	307.584.233	52,58%	585.000.000
2002	Hlutabréf í Sjóvá-Almennar hf.	752	90,28%	833	288.805.331	49,37%	585.000.000
2001	Hlutabréf í Skeljungi	461	89,00%	518	166.285.385	22,01%	755.400.841
2002	Hlutabréf í Skeljungi	293	88,25%	332	60.017.424	7,95%	755.400.841
2000	Hlutabréf í Skýrr hf.	1.785	93,55%	1.908	41.527.643	20,76%	200.000.000
2001	Hlutabréf í Skýrr hf.	1.684	94,45%	1.783	41.154.363	20,58%	200.000.000
2002	Hlutabréf í Skýrr hf.	1.528	94,61%	1.615	38.713.293	14,70%	263.361.022
2001	Hlutabréf í Skagstrendingi hf.	374	93,50%	400	16.632.131	4,92%	338.126.452
2002	Hlutabréf í SR-mjöl hf.	618	87,17%	709	108.472.875	8,78%	1.236.000.000
2001	Hlutabréf í Síldarvinnslunni hf.	531	91,08%	583	59.331.128	5,39%	1.100.000.000
2002	Hlutabréf í Síldarvinnslunni hf.	479	91,59%	523	52.755.016	4,50%	1.171.600.000
2003	Hlutabréf í Síldarvinnslunni hf.	923	91,21%	1.012	111.944.745	6,58%	1.700.000.000
2000	Hlutabréf í Aco Tæknival hf.	362	91,88%	394	40.193.773	26,25%	153.109.144
2001	Hlutabréf í Aco Tæknival hf.	340	92,64%	367	60.782.245	17,33%	350.809.144
2002	Hlutabréf í Aco Tæknival hf.	342	93,44%	366	45.632.443	10,41%	438.509.144

Ár	Hlutabréf	Fjöldi einstaklinga	%	Heildarfjöldi	Hlutir einstaklinga	%	Útgefið nafnverð
2003	Hlutabréf í Tækifæri hf.	2	4,55%	44	14.871	0,00%	542.857.872
2004	Hlutabréf í Tækifæri hf.	2	4,55%	44	14.871	0,00%	542.857.872
2001	Hlutabréf í Þorbirni Fiskanesi	346	85,86%	403	876.239.206	78,74%	1.112.763.089
2002	Hlutabréf í Þorbirni Fiskanesi	322	88,22%	365	646.235.306	58,07%	1.112.763.089
2003	Hlutabréf í Þorbirni Fiskanesi	291	89,54%	325	622.786.201	55,97%	1.112.763.089
2001	Hlutabréf í Þróunarfélaginu	389	88,81%	438	57.117.432	5,19%	1.100.000.000
2000	Hlutabréf í Tryggingarmiðstöðinni hf.	594	88,39%	672	44.864.015	19,25%	233.099.042
2001	Hlutabréf í Tryggingarmiðstöðinni hf.	477	88,66%	538	34.133.396	14,64%	233.099.042
2002	Hlutabréf í Tryggingarmiðstöðinni hf.	450	86,87%	518	114.540.218	12,28%	932.396.168
2003	Hlutabréf í Tryggingarmiðstöðinni hf.	437	88,82%	492	116.299.758	12,47%	932.396.168
2004	Hlutabréf í Tryggingarmiðstöðinni hf.	385	87,70%	439	97.970.211	10,51%	932.396.168
2001	Hlutabréf í Tanga hf.	324	90,76%	357	413.249.963	51,53%	801.993.182
2002	Hlutabréf í Tanga hf.	275	91,97%	299	15.321.398	1,74%	881.993.182
2003	Hlutabréf í Tanga hf.	308	91,67%	336	20.851.410	2,36%	881.993.182
2004	Hlutabréf í Tanga hf.	303	91,54%	331	20.656.410	2,34%	881.993.182
2001	Hlutabréf í Þormóði ramma-Sæberg hf	546	88,21%	619	398.967.113	30,69%	1.300.000.000
2002	Hlutabréf í Þormóði ramma-Sæberg hf	463	90,43%	512	366.803.114	28,22%	1.300.000.000
2003	Hlutabréf í Þormóði ramma-Sæberg hf	428	91,26%	469	367.647.121	28,28%	1.300.000.000
2004	Hlutabréf í Þormóði ramma-Sæberg hf	405	89,60%	452	365.533.642	28,12%	1.300.000.000
2001	Hlutabréf í Útgerðarfélagi Akureyringa	1.522	95,07%	1.601	73.523.790	6,89%	1.067.055.000
2002	Hlutabréf í Vátryggingarfélagi Íslands	333	93,28%	357	11.349.554	2,10%	541.630.040
2003	Hlutabréf í Vátryggingarfélagi Íslands	289	94,44%	306	9.196.516	1,69%	545.757.040
2000	Hlutabréf í Vinnslustöðinni hf.	393	88,91%	442	230.359.059	14,72%	1.565.000.000
2001	Hlutabréf í Vinnslustöðinni hf.	372	90,07%	413	219.896.912	14,05%	1.565.000.000
2002	Hlutabréf í Vinnslustöðinni hf.	277	89,07%	311	219.643.881	14,03%	1.565.000.000
2003	Hlutabréf í Vinnslustöðinni hf.	431	92,69%	465	340.593.540	21,76%	1.565.000.000
2004	Hlutabréf í Vinnslustöðinni hf.	390	91,55%	426	280.210.900	17,90%	1.565.000.000

837. Svar [497. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars og Marðar Árnasonar um flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.

1. *Í hvaða löndum á Evrópska efnahagssvæðinu, öðrum en Íslandi, eru starfræktir flutningsjöfnunarsjóðir olíuvara?*

Ekki er vitað til þess að í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu séu starfræktir flutningsjöfnunarsjóðir olíuvara með sama hætti og gert er á Íslandi. Í því sambandi skal nefnt að ekki bárust á þeim stutta tíma, sem ætlaður var til að svara fyrirspurninni, viðbótarupplýsingar frá eftirlitsstofnun EFTA og Evrópusambandinu sem skiptu sérstöku máli. Upplýsingar um flutningsaðstoðarkerfi á þó að vera unnt að finna, m.a. á vef eftirlitsstofnunar EFTA. Noregur verður nefndur hér sérstaklega.

Til skamms tíma nutu flutningar á ákveðnum tegundum olíu ríkisaðstoðar samkvæmt sérstöku kerfi í Noregi. Frá byrjun ársins 2004 gildir hins vegar þar í landi endurskoðað flutningsaðstoðarkerfi við iðngreinar þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA (sjá www.invanor.no). Ríkisaðstoð til sjávarútvegs og landbúnaðar er utan við þetta kerfi. Flutningsaðstoðarkerfið er á ábyrgð norska sveitarstjórnar- og byggðamálaráðuneytisins. Það tekur til nánar tiltekinna iðngreina en ekki olíuvara sérstaklega og sætir ýmsum skilyrðum. Þannig geta fyrirtæki, m.a. í matvælagreinum, sótt um styrk vegna flutninga á aðföngum til þeirra eða flutninga á framleiðslu frá þeim. Miðað er við ákveðnar byggðir landsins, sem eru sérstaklega tilgreindar, lágmark flutningskostnaðar sem endurgreitt er að hluta, mismikið eftir byggðum, og lágmarksfjarlægðir, tengdar atvinnustarfsemi fyrirtækisins. Sótt er um eftir á samkvæmt þessu kerfi, í fyrsta sinn 1. júní 2005 fyrir árið 2004.

Markmiðið með hinum norskum reglum frá 24. júní 2004 er að bæta fyrirtækjum í ákveðnum atvinnugreinum hluta af aukaútgjöldum sínum vegna flutnings vara langar leiðir og stuðla þannig að auknum hagvexti í byggðum er standa höllum fæti. Flutningana má stunda með mismunandi farartækjum samkvæmt tilteknum skilyrðum. Kerfið tengist gjöldum atvinnurekenda. Hámark getur verið á aðstoð. Margháttaður flutningskostnaður fellur undir kerfið. Fé kemur af fjárlögum. Styrkir eru taldir ríkisaðstoð á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið en byggðasjónarmið liggja til grundvallar kerfinu. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur ekki verið talið að greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara væri ríkisaðstoð í skilningi samningsins heldur ríkisstuðningur. Eftirlitsstofnun EFTA fékk mál varðandi sjóðinn til meðferðar fyrir nokkrum árum en gerði ekki athugasemdir.

2. *Hve miklu fé er varið til flutningsjöfnunar olíuvara á hvern íbúa á Íslandi annars vegar og í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins hins vegar?*

Árið 2003 voru greiðslur á Íslandi vegna bifreiðabensíns um 97 millj. kr., vegna gasolíu um 379 millj. kr. og annarra olíublandna til brennslu um 46 millj. kr. Gasolíur eru notaðar bæði til bifreiða og skipa. Greiðslurnar úr sjóðnum námu samtals um 531 millj. kr., sem gerir röskar 1.800 kr. á mann árið 2003 miðað við fjölda Íslendinga 1. desember 2004 (290.490). Vestfirðir, Norðurland og Austurland fá um helmingi meira úr sjóðnum en þessir landshlutar greiða í hann.

Í Noregi eru greiðslur á fjárlögum 2005 vegna framangreinds flutningsaðstoðarkerfis vegna iðngreina fyrir árið 2004 áætlaðar 195 millj. norskra króna. Ekki kemur þar fram að nokkuð af því sé vegna flutnings olíuvara sérstaklega. Fjárhæðin gerir miðað við sölugengið 9,71 kr. hinn 17. febrúar 2005 1.893 millj. norskra króna. Miðað við mannfjöldatölur í júlí

2004 (4.574.560) gerir greiðsla á mann 41 norska krónu eða um 400 íslenskar krónur. Íslenska talan er hærri en hjá Norðmönnum. Þess ber þó að gæta að ríkisaðstoð Norðmanna til sjávarútvegs og landbúnaðar er ekki inni í tölum þessum eins og áður hefur komið fram.

3. *Er beitt öðrum aðferðum við flutningsjöfnun í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins? Ef svo er, í hvaða löndum, með hvaða aðferðum og í hve miklum mæli?*

Hér skal vísað til svars undir 1. lið varðandi upplýsingar frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar voru gefnar sérstakar upplýsingar um norska flutningsaðstoðarkerfið. Þótt ríkisaðstoð sé að aðalreglu til bönnuð í stofnsáttmála Evrópusambandsins og 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er þar að finna víðtækar undantekningar sem ríki hafa nýtt sér í ríkum mæli. Svo sem fram kom varðandi Noreg er ríkisaðstoð veitt þar á sviði flutninga.

Til frekari fróðleiks má nefna hér að í 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru m.a. undantekningar er heimila: aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara, aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið og aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

838. Tillaga til þingsályktunar [553. mál]

um skipulagða leit að krabbameini í ristli.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þuríður Backman, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var af Alþingi og gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 2001, er fjallað um krabbameinsvarnir. Þar segir m.a. að aðalmarkmiðið sé að dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.

Þá er fjallað almennt um krabbamein en um þriðjungur þjóðarinnar fær krabbamein á lífsleiðinni og nálægt fjórðungur landsmanna deyr af völdum þess. Tíðni krabbameina fer vaxandi upp að ákveðnum aldri. Rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli lífshátta og krabbameina. Einnig eru ýmis efni í umhverfinu krabbameinsvaldandi. Að öllu óbreyttu er búist við áframhaldandi hækkun á tíðni (nýgengi) og dánartíðni krabbameina umfram eðlilegar aldurshækkanir. Miklar framfarir hafa orðið í meðferð ýmissa tegunda krabbameina þannig að margir fá nú bót meina sinna og öðrum er gert mögulegt að lifa lengur með sjúkdóm sinn en áður þekktist. Þá er að lokum getið þeirra leiða sem beita skal til að ná fyrrgreindum markmiðum:

1. Fræðsla um áhættuþætti krabbameina.

2. Aðgerðir sem hvetja til heilbrigðra lífshátta.
3. Gerð klíniskra leiðbeininga er lúta að greiningu og meðferð krabbameina.
4. Skipulögð krabbameinsleit og eftirlit með áhættuþáttum.
5. Efling rannsókna á tengslum krabbameina og lífshátta, umhverfishátta og þjóðfélagsstöðu.

Hér á landi hefur skipulögð leit að leghálskrabbameini verið framkvæmd um 40 ára skeið og leit að brjóstakrabbameini hófst 1986.

Krabbamein í ristli og endaþarmi er annað algengasta krabbameinið meðal Íslendinga og önnur algengasta dánarorsökin af völdum krabbameina en fram til þessa hefur fræðsla og forvarnir gegn því ekki verið forgangsverkefni. Á vegum landlæknisembættisins var þó lögð mikil vinna til gerðar klíniskra leiðbeininga um ristilkrabbamein með yfirskriftinni: *Skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi*. Leiðbeiningarnar voru birtar sem drög 11. janúar 2002 og var leitað eftir faglegum ábendingum/breytingartillögum, studdum heimildum. Leiðbeiningarnar voru síðan uppfærðar 1. janúar 2003 á vefsíðu landlæknisembættisins (www.landlaeknir.is) með svohljóðandi inngangi:

Skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi

Inngangur

Mikilvægi þess að geta fækkað dauðsföllum af völdum krabbameina er öllum ljóst. Krabbamein í ristli og endaþarmi eru í dag orsök mikils heilsutjóns og eru þriðja algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal Íslendinga. Nokkrar mjög stórar rannsóknir þar sem einstaklingum hefur verið fylgt eftir í nálægt tvo áratugi hafa sýnt óyggjandi að fækka má dauðsföllum af völdum þessara krabbameina með skimun þar sem leitað er að blóði í hægðum. Þar sem bein áhætta er lítil og minnkun áhættu með skimun tekur fjölda ára að koma fram er ekki óeðlilegt að enn hefur ekki verið sýnt fram á minnkun heildardánartíðni vegna skimunar.

Þann 8. mars 2000 skipaði Sigurður Guðmundsson landlæknir starfshóp sem fékk það hlutverk að gera tillögur að leiðbeiningum um skimun fyrir ristilkrabbameini á Íslandi. Hópinn skipuðu Ásgeir Theodórs læknir, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum (formaður), Friðbjörn Sigurðsson læknir, sérfræðingur í krabbameinslækningum (ritari), Jón Steinar Jónsson læknir, sérfræðingur í heimilislækningum, Nick Cariglia læknir, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum, Sigurður Ólafsson læknir, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum, og Tryggvi Stefánsson læknir, sérfræðingur í almennum skurðlækningum. Hópurinn hefur nú skilað áliti sínu til landlæknis.

Leiðbeiningarnar voru birtar sem drög 11. janúar 2002 og var leitað eftir faglegum ábendingum/ breytingartillögum, studdum heimildum. Umsagnir bárust m.a. frá Félagi meltingarsérfræðinga og Félagi íslenskra heimilislækna og voru þær sendar Ásgeiri Theodórs. Hefur hann ásamt starfshópnum og stýrihópi um klíniskar leiðbeiningar tekið afstöðu til þeirra. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var sú að ekki væri ástæða til breytinga á ráðleggingunum.

Hafa verður í huga að leiðbeiningar sem þessar þurfa að vera í sífelldri endurskoðun í ljósi nýrrar þekkingar og mun landlæknisembættið sjá til þess að þær verði endurskoðaðar reglulega.

Fyrir hönd starfshóps og stýrihóps um klíniskar leiðbeiningar:

Ásgeir Theodórs, formaður starfshóps.
Ari Jóhannesson, formaður stýrihóps.
Sigurður Guðmundsson landlæknir.
Sigurður Helgason, ritstjóri klíniskra leiðbeininga.

Niðurstaða starfshópsins var eftirfarandi:

Starfshópurinn mælir með því að hafin verði skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi á Íslandi.

Slík skimun á að beinast að:

A. Einstaklingum, körlum og konum, 50 ára og eldri, sem eru án einkenna og teljast í meðaláhættu.
B. Einstaklingum, körlum og konum, með aukna áhættu á krabbameinum í ristli eða endaþarmi.

A. Einstaklingar, karlar og konur, 50 ára og eldri, sem eru án einkenna og teljast í meðaláhættu.

Eftirfarandi leitaraðferð verði beitt:

- *Leit að blóði í hægðum einu sinni á ári.* Þrjár slembirannsóknir hafa sýnt fram á lækkun á dánartíðni af völdum krabbameins í ristli og endaþarmi. Mælt er með ristilspeglun (total colonoscopy) hjá þeim einstaklingum sem greinast með blóð í hægðum.

Skimunarhópurinn telur að nú þegar liggi fyrir óyggjandi niðurstöður rannsókna sem sýna að skimun fækkar dauðsföllum af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi. Sú skimunaraðferð sem mest hefur verið rannsökuð er leit að blóði í hægðum. Hlutfallsleg lækkun á dánartíðni (relative risk reduction) er 0,84. Því er mælt með að sú skimunarleið verði valin. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til hvort eigi að hafa eldri aldurstakmörk við skimunina og telur að meta eigi í hverju tilfelli hvort aldraður einstaklingur hafi gagn af skimun.

Líklegt er að aðrar skimunaraðferðir eigi eftir að reynast áhrifaríkari við að lækka dánartíðni þótt enn liggi niðurstöður slembirannsókna ekki fyrir. Þær skimunaraðferðir sem lofa mestu eru:

- *Stutt ristilspeglun (flexible sigmoidoscopy).* Engar góðar slembirannsóknir liggja enn fyrir, en tilfella viðmiðunarrannsóknir (case control studies) benda til 30–40% lægri dánartíðni af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi hjá sjúklingum sem hafa farið í stutta ristilspeglun. Stutta ristilspeglun ætti líklega að gera á 5 ára fresti. Ekki liggja fyrir góðar rannsóknir sem sameina leit að blóði í hægðum og stutta ristilspeglun.
- *Ristilspeglun.* Engar slembaðar rannsóknir liggja fyrir, en líklegt er að við ristilspeglun finnist stór hluti forstiga krabbameina í ristli og endaþarmi. Meiri fylgikvillar eru við ristilspeglun en við aðrar skimunaraðferðir og hún er kostnaðarsamari. Ef einstaklingur hefur farið í ristilspeglun sem var eðlileg á hann ekki að þurfa að fara í skimun næstu 7–10 árin.

Ekki er tímabært að mæla með almennri notkun þessara aðferða við skimun þjóðarinnar en þó geta verið ýmsar ástæður fyrir því að velja þær sem skimunaraðferð hjá vissum hluta fólks. Á það t.d. við þá sem ekki vilja láta skoða saur árlega eða þá sem hafa farið í ristilspeglun vegna annarrar ábendingar. Það má nefna að í ráðleggingum Bandaríkjamanna eru gefnir upp valkostir um hvaða skimunaraðferð skuli nota. Mikilvægara er að skimun verði framkvæmd en hvaða leitaraðferð er notuð. Finna verður betri skimunaraðferðir en leit að blóði í hægðum og er hugsanlegt að Íslendingar geti hér lagt sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins með því framkvæma slembirannsókn þar sem hjá öðrum hópnum yrði leitað að blóði í hægðum en ristilspeglun gerð hjá hinum hópnum. Því er lagt til:

- *Að kannaður verði betur grundvöllur þess að gera slembirannsókn þar sem leit að blóði í hægðum er borin saman við ristilspeglun.* Ýmislegt bendir til þess að með ristilspeglun verði unnt að finna stóran hluta af forstigum krabbameina í ristli og endaþarmi, en rann-

sókn vantar þar sem þessar tvær skimunarleiðir eru bornar saman til að meta lækkun á dánartíðni af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi.

B. Einstaklingar, karlar og konur, með aukna áhættu á krabbameinum í ristli eða endaþarmi.

1) Þeir sem eiga náinn ættingja (foreldra, systkin eða barn) með krabbamein í ristli eða endaþarmi.

Ef einn fyrsta stigs ættingi hefur greinst eftir 55 ára aldur með krabbamein.

- Sama skimun og við meðaláhættu, en hefja skimunina við 40 ára aldur.

Ef fyrsta stigs ættingi hefur greinst yngri en 55 ára eða tveir fyrsta stigs ættingjar greinast.

- Ristilspeglun (á 5–7 ára fresti) og fyrsta speglun við 40 ára aldur eða 10 árum yngri en sá ættingi var þegar hann greindist með sjúkdóminn.

Ef þrír fyrsta stigs ættingjar hafa greinst.

- Sama eftirlit og greiningaraðferðir og ráðlagt varðandi HNPCC.

2) Þeir sem hafa fjölskyldusögu um HNPCC (Hereditary Nonpolyposis Colorectal Cancer).

- Erfðaráðgjöf.
- Erfðarannsókn (gene testing) fyrir HNPCC.
- Ristilspeglun á 1–2 ára fresti, fyrsta speglun við 25 ára aldur eða við 5 ára yngri aldur en yngsti meðlimur fjölskyldunnar sem hefur greinst með ristilkrabbamein.

3) Þeir sem hafa fjölskyldusögu um FAP (Separistill – Familial Adenomatous Polyposis).

- Erfðaráðgjöf.
- Erfðarannsókn. Ef erfðagalli finnst ekki útilokar það ekki FAP nema ættinginn með sjúkdóminn hafi þekktan erfðagalla.
- Stutt ristilspeglun á 1 árs fresti frá 10–12 aldri ef erfðagalli finnst eða ef ekki ar hægt að finna erfðagalla hjá sjúklingi.
- Ef FAP greinist, er ráðlagt að fjarlægja ristilinn við 18–20 ára aldur.

4) Þeir sem hafa fyrri sögu um bólgusjúkdóm (Colitis ulcerosa eða Crohn´s sjúkdóm) í ristli.

Bólga í öllum ristlinum:

- Ristilspeglun með sýnatöku árlega eða annað hvert ár, sem hefst 8–10 árum eftir greiningu.

Bólga aðeins í vinstri hluta ristilsins:

- Ristilspeglun með sýnatöku árlega eða annað hvert ár, sem hefst 15 árum eftir greiningu.

5) Þeir sem hafa fyrri sögu um kirtilæxli (adenomatous polyp).

Ef kirtilæxli er > 1 sm eða 3 kirtilæxli eða fleiri:

- Ristilspeglun á 3ja ára fresti.

Ef ristill er án kirtilæxla eða eitt til tvö lítil finnast (< 1 cm):

- Ristilspeglun á 5 ára fresti

Ef ristilhreinsun er ófullnægjandi, eða kirtilæxli eru mörg, eru með ífarandi illkynja vexti, stór eða flöt:

- Ristilspeglun eftir 3–12 mánuði, háð mati læknis.

6) Þeir sem hafa fyrri sögu um krabbamein í ristli eða endaþarmi og hafa farið í aðgerð með lækningu í huga.

- Ristilspeglun innan 3 mánaða frá aðgerð, ef hún var ekki framkvæmd fyrir skurðaðgerðina. Síðan ristilspeglun eftir 3 ár og síðan á 5 ára fresti.

Hér liggja því fyrir mjög nákvæmar ráðleggingar („evidence based“) um forvarnaaðgerðir fyrir einstaklinga sem eru 50 ára og eldri. Einnig eru ítarlegar leiðbeiningar um forvarnaaðgerðir fyrir þá sem teljast í aukinni áhættu svo og sjúklinga sem hafa greindan sjúkdóm sem þarfnast reglulegs eftirlits.

Mikilvægt er að fylgja þessum leiðbeiningum eftir með markvissum aðgerðum að hálfu heilbrigðisyfirvalda.

Þá hefur farið fram skipulagt fræðsluátak undir yfirskriftinni *Vitundarvakning gegn ristilkrabbameini* (október 2002). Átak þetta var alfarið kostað af fyrirtækjum sem sýndu málefninu skilning og velvild. Öll undirbúningsvinna var unnin í sjálfboðavinnu, svo sem gerð fræðslubæklinga, sjónvarpsþáttar og fyrirlestra og gerð vefsíðu (www.vitundarvakning.is).

Vert er að minnast ómetanlegs stuðnings Árna heitins Ragnars Árnasonar alþingismanns sem sýndi þessu verkefni brennandi áhuga vegna skilnings hans á aukinni fræðslu um þennan sjúkdóm og mikilvægi þess að fólk hafi góða þekkingu á tilurð og fyrstu einkennum hans. Hann var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu. um auknar forvarnir gegn krabbameinum í meltingarvegi. Góð samstaða fékkst um tillöguna meðal alþingismanna allra stjórnmálaflokkanna og 3. maí 2002 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttunni við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi.“

Niðurstöður erlendra rannsókna.

Í mörg ár hefur verið deilt um réttmæti skimunar (kembileitar) og markvissra forvarna gegn krabbameini í ristli og endaþarmi. Ítarlegar og vandaðar rannsóknir hafa nú verið gerðar með þátttöku nokkur hundruð þúsund einkennalausra einstaklinga á aldrinum 45–75 ára. Niðurstöður þessara rannsókna benda eindregið til að með skipulagðri skimun fyrir ristilkrabbameini megi fækka dauðsföllum vegna þessa sjúkdóms um 15% til 33%.

Með aðferðum sem er beitt í heilsuhagfræðinni hefur jafnframt verið sýnt fram á að kostnaðarvirknihlutfall (cost-effectiveness ratio) fyrir leit að þessu krabbameini er hagkvæm forvarnaíhlutun. Þessum sömu aðferðum beita heilbrigðisyfirvöld víða í vaxandi mæli þegar teknar eru ákvarðanir um forgangsröðun í heilbrigðismálum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur birt skýrslu um kostnað og ábata kerfisbundinnar skimunar eftir krabbameini í ristli og endaþarmi í nóvember 2002. Í samantekt skýrslunnar segir: „Mikilvægar vísbendingar eru til þess að skimun dragi úr nýgengi og dánartíðni vegna krabbameina í endaþarmi og ristli“.

Krabbamein í ristli og endaþarmi

Rannsóknir

	Minnesota 1975-1992	Nottingham 1981-1995	Funen 1985-1995
Fjöldi	46.551 (50-80 ára)	152.850 (50-75ára)	61.933 (45-75 ára)
Skimun	Hvert eða annað	Annað hvert	Annað hvert
Eftirfylgd	13 ár	7-8 ár	10 ár
Jákvætt FOBT	9.8%	2.3% -1%	1.8% -0.8%
Þátttaka	90.2%	54%	67%
Ristilspeglun	38%	4.3%	4%
Hlutf. dánartíðni	0.67 (0.50-0.87)	0.85 (0.74-0.98)	0.82(0.68-0.99)
Hlutf. lækk. dánartíðni	33%	15%	18%

Staðreyndir um krabbamein í ristli og endaþarmi.

Hve algengur er sjúkdómurinn?

Krabbamein í ristli (og endaþarmi) er annað algengasta krabbameinið sem greint er hjá Íslendingum og önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina. Það greinast um 120 einstaklingar árlega með þetta krabbamein og um 50 Íslendingar deyja árlega af völdum þessa sjúkdóms. Nýgengi (ný tilfelli sem greinast á ári) sjúkdómsins fer vaxandi samkvæmt nýlegri spá um nýgengi krabbameina á Norðurlöndum fram til ársins 2020 og vegna hækkandi aldurs er spáð verulegri fjölgun tilvika eða 46% hjá körlum en 22,6% hjá konum. Hér á landi er spáð fjölgun greindra tilvika um 85% hjá körlum en um 70% hjá konum ef miðað er við meðaltal áranna 1993–97 til meðaltals áranna 2018–2020.

DAUÐSFÖLLUM FÆKKAÐ UM 15%–33% HJÁ EINKENNALAUSUM EINSTAKLINGUM SEM LEITAÐ ER HJÁ BORIÐ SAMAN VIÐ EINSTAKLINGA ÞAR SEM EKKI ER LEITAÐ AÐ BLÓÐI Í HÆGÐUM.



Ristilkrabbamein er nú algengasta krabbameinið (304.687 tilfelli) í Evrópu samkvæmt nýjustu upplýsingum frá WHO Globocan, þegar austurhlutinn og EFTA-löndin eru tekin með, þ.e. hærra nýgengi en nýgengi lungnakrabbameins (301.090 tilfelli).

Hverjir fá þetta krabbamein?

Áhættuþættir þessa sjúkdóms eru vel þekktir en þeir vega ekki allir jafnþungt. Meira en ¾ hlutar (75%) þessara krabbameina greinast hjá fólki með meðaláhættu, þar sem hækkandi aldur skiptir mestu máli. Flest krabbameinanna greinast hjá einstaklingum sem eru komnir yfir fimmtugt. Margir þeirra eru engu að síður á „besta“ aldri þegar áfallið kemur.

Hér á Íslandi greinast 67% fólks fyrir 75 ára aldur, 56% fyrir 70 ára aldur og tæp 40% fyrir 65 ára aldurinn. Árlega greinast um 50 einstaklingar með sjúkdóminn á aldrinum 45–65 ára.

Er mögulegt að fyrirbyggja ristilkrabbamein?

Þessari spurningu er hægt að svara játandi og ekki er deilt um það lengur. Flest þessara krabbameina hafa góðkynja forstig, sem nefnt er kirtilæxli eða ristilsepi. Um 20–25% þeirra sem eru 50 ára og eldri hafa þegar myndað þessa sepa, en ekki nema lítill hluti þeirra (4–6%) verður illkynja. Þar sem þetta forstig er oftast einkennalaust, eins og reyndar byrjandi krabbamein í ristli, þarf að leita að þessum meinsemdum hjá einkennalausu fólki. Það skiptir sköpum að greina meinsemdina snemma og þarna skilur á milli lækningar og alvarlegra veikinda vegna krabbameins með meinvörpum (hefur náð að sá sér) þar sem fimm ára lífslíkur eru verulega skertar.

Í baráttunni við þennan sjúkdóm er mikilvægt að þekkja fyrstu einkenni hans, en ef verulegur árangur á að nást verður að greina hann hjá einstaklingum sem eru einkennalausir. Nú greinast yfir 60% Íslendinga með sjúkdóminn með staðbundna útbreiðslu (í eitla) eða útbreiðslu til fjarlægari líffæra (t.d. lifrar).

Eru greiningaraðferðir flóknar og hættulegar?

Þessu er hægt að svara neitandi. Rannsóknaraðferðirnar eru aðallega tvenns konar: leit að blóði í hægðum og ristilspeglun.

Athugun á blóði í hægðum er einföld, ódýr og hættulaus rannsókn. Eins og margar skimunarrannsóknir er hún ekki fullkomin og mikilvægt að endurtaka hana með reglulegum hætti (helst einu sinni á ári). Margar aðrar ástæður geta verið fyrir því að blóð finnst í hægðum (t.d. gyllinæð), en mikilvægt er að gera frekari rannsókn á ristlinum aðeins til að útiloka að um illkynja mein eða forstig þess sé að ræða. Landlæknisembættið hefur gefið út leiðbeiningar (sjá að framan) þar sem mælt er með þessari rannsókn hjá einkennalausu fólki á aldrinum 50–75 ára. Í nær öllum apótekum landsins er hægt að kaupa hægðaspjöld til að framkvæma þessa rannsókn.

Ristilspeglun er nákvæmari, en flóknari og fyrirhafnarmeiri, en að sama skapi nákvæmari rannsókn til að greina þessi mein. Þá er oftast hægt að fjarlægja sepa og byrjandi illkynja mein með þessari tækni. En er þessi rannsókn hættuleg? Allar rannsóknir og aðgerðir sem hafa nokkurt inngrip geta valdið fylgikvillum. Þannig er því einnig farið með ristilspeglun, en samkvæmt nýlegum athugunum er rannsóknin og brottnám sepa áhættulítið inngrip og dauðsföllum lýst í 0,01–0,03% tilvika. Þetta inngrip er því öruggara en flestar skurðaðgerðir. Holgötun (gat á ristli) og blæðing geta átt sér stað, en meðferð er yfirleitt auðveld.

Hverju skilar skimun?

Flestir sem hafa skoðað þetta mál til hlítar eru sammála um að það sé mjög skynsamlegt að hvetja til skimunar fyrir þessu krabbameini. Rannsóknirnar þrjár, sem áður er vitnað til, leiddu í ljós að ýmist þurfti að leita hjá 360, 470 eða 747 einstaklingum í 13, 10 og 7,8 ár, til að koma í veg fyrir eitt dauðsfall af völdum ristilkrabbameins. Samnorræn rannsókn (Hristova og Hakama, 1997) spáði að hægt væri að lækka dánartíðni af völdum ristilkrabbameins um 15–20% með kembileit sem framkvæmd væri frá 1993 til 2017.

Forkönnun á skimun var framkvæmd á vegum Krabbameinsfélags Íslands 1986 og 1988. Þá fundust þrír einstaklingar með krabbamein, eða eitt tilfelli af hverjum 800 sem tóku þátt í rannsókninni. Þá fannst líka fjöldi ristilsepa (forstig flestra krabbameina í ristli), en brottnám þeirra mun skila árangri í fækkun krabbameinstilfella þegar til lengri tíma er litið (7–20 ár). Þessi ávinningur skimunar er oftast vanmetinn þegar íhlutun sem þessi er til skoðunar.



Er skimun „góð kaup"?

Fáir illkynja sjúkdómar fullnægja nær öllum settum skilyrðum fyrir skimun eins og raunin er með krabbamein í ristli. Þess vegna er oft á tíðum fullyrt að koma megi í veg fyrir þetta krabbamein með réttum aðgerðum. En það kostar fyrirhöfn og fjármuni. Áður hefur verið minnst á aðferðir eins og kostnaðarvirknigreiningu (cost-effectiveness analysis) sem notuð er til að meta afleiðingar og kostnað aðgerða sem ætlað er að bæta heilsu almennings.

Nýleg skýrsla hagfræðideildar Háskóla Íslands staðfestir hagstætt eða lágt kostnaðarvirknihlutfall á skimun fyrir krabbameini í ristli. Íhlutun sem hefur lágt hlutfall mundi því í þessu samhengi teljast góð kaup og njóta forgangs við ráðstöfun heilbrigðisútgjalda. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri og viðameiri erlendar athuganir á kostnaðarvirknigreiningu skimunar fyrir ristilkrabbameini og er hlutfallið lágt. Þar gildir einu hvaða þekktri leitaraðferð er beitt og kostnaðarvirknihlutfallið er lægra en við margar aðrar íhlutanir sem við nú beitum og greiðum fyrir í heilbrigðisþjónustunni.

Vinnuhópur landlæknis. Álit dags. 23 mars 2004.

Í áliti þessu segir að ítarlegar og vandaðar rannsóknir hafi verið gerðar á gagnsemi skipulegrar skimunar fyrir blóði í hægðum með þátttöku nokkur hundruð þúsund einkennalausra einstaklinga á aldrinum 45–75 ára. Niðurstöður eru skýrar og benda eindregið til þess að með slíkri leit megi fækka dauðsföllum vegna sjúkdómsins um allt að fjórðung (The Cochrane Database of Systematic Reviews, 2003). Slík leit er jafnframt talin hagstæð þegar miðað er við aðrar forvarnaaðgerðir. Fyrir rúmum tveimur árum birtist grein (Coffield et al. Priorities among recommended clinical preventive services. Am J Prev Medicine 2001;21: 1-9) þar sem reynt var að meta innbyrðis mikilvægi ýmissa forvarnaaðgerða. Litið var bæði til forvarnagildis aðgerðanna (clinically preventable burden) og hlutfalls kostnaðar og virkni (cost effectiveness). Höfundar gáfu forvarnaaðgerðum stig á grundvelli þessarar úttektar. Meðal þeirra aðgerða sem fengu 8 eða fleiri stig af 10 mögulegum voru ungbarnabólusetningar, tóbaksvarnir, sjónpróf hjá 65 ára og eldri, vímuvarnir hjá unglingum, skimun fyrir leghálskrabbameini, skimun fyrir ristilkrabbameini, PKU- og TSH-skimun hjá nýburum, háþrýstingsleit og inflúensubólusetningar. Víða í Evrópu, t.d. í Þýskalandi, Ítalíu, Póllandi, Tékklandi og Frakklandi, hafa heilbrigðisyfirvöld tekið einarða afstöðu með ristilkrabbameinsleit og greiða fyrir hana. Heilbrigðisnefnd Evrópusambandsins hefur nú hvatt heilbrigðisyfirvöld aðildarlanda til að beita sér fyrir slíkri skimun (European Code against Cancer).

Hagfræðistofnun áætlaði kostnað vegna leitar í aldurshópnum 50–75 ára á bilinu 117–147 millj. kr. Var þá gert ráð fyrir að 38 þúsund manns undirgengjust skimun, 3.000 ristilspeglanir yrðu gerðar og 64 tilvik fyndust. Vitað er að um fjórðungur fólks á þessum aldri er með sepa og má áætla að slíkt fyndist þá hjá um 750 manns með ristilspeglun. Vitað er að um 6% sepa í ristli geta leitt til krabbameins sem í þessu tilviki svarar til um 45 manns. Má því gera ráð fyrir, séu separ með forstigum krabbameins teknir með í reikninginn, að 110 manns greindust með krabbamein eða forstig á grundvelli framangreindrar skimunar. Kostnaður við að finna hvert tilvik yrði því um 1,4 millj. kr.

Krabbamein ristli

Krabbamein í ristli og endaþarmi

Hugmyndir um skimun á Íslandi

Karlar og konur 55-70 ára

Athuga blóð í hægðum annað hvort ár
Fullkomin ristilspeglun

Ristilkrabbamein og "áhættu" meinsemd
110 einstaklingar
Kostnaður að finna 1 ristilkrabbamein
~ 2 millj. króna
Kostnaður að finna 1 krabbamein og "áhættu" meinsemd
~ 1.4 millj. króna

Vinnuhópurinn mælir því með:

1. skimun með Hemoccult-Sensa á tveggja ára fresti,
2. skimun í aldurshópnum 55–70 ára vegna meiri kostnaðarvirkni í þeim hópi,
3. að leitin sé skipuleg, þ.e. að boðun, skimun, skráning og eftirlit verði miðstýrð,
4. gerð skrár fyrir einstaklinga sem eru í mikilli áhættu (áhættuskrá).

Hvert stefnir?

Flestir eru sammála um að ekki sé lengur réttlætanlegt að hika við að ráðleggja skimun fyrir þessu krabbameini. Sem stendur er fyrst og fremst deilt um „bestu" aðferðina en því hefur einnig verið haldið fram að besta aðferðin sé raunverulega sú sem beitt er.

Í mörgum löndum Evrópu, t.d. í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Póllandi og Tékklandi, hafa heilbrigðisyfirvöld tekið einarða afstöðu. Þau mæla með skimun fyrir þessu krabbameini og greiða að fullu fyrir ákveðnar skimunaraðferðir. Þá hafa Finnar hafið skipulega skimun (23. september 2004) og bresk heilbrigðisyfirvöld hafa gefið vilyrði um að hefja slíka skimun eða leit í byrjun árs 2006. Danir eru að huga að því að hefja skimun á næsta ári. Þá hafa ýmis fagfélög og samtök, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, mælt með markvissum fræðsluaðgerðum og skimun fyrir þessu krabbameini. Bandaríkjamenn eru þjóða ötulastir á þessu sviði en þar í landi hafa sérfræðingar á liðnum árum merkt lægri tíðni ristilkrabbameina og færri dauðsföll af þeim sökum. Þar í landi álykta menn að öflug fræðsla og hvatning til fólks yfir fimmtugu um að koma í skoðun hafi skilað tilætluðum árangri. Þar hefur lengi verið lögð áhersla á baráttuna gegn þessu krabbameini og nú eru Evrópuríkin farin að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að gera slíkt hið sama. Heilbrigðisnefnd Evrópusambandsins hefur hvatt heilbrigðisyfirvöld í aðildarlöndunum til að beita sér fyrir skimun að þessu krabbameini, ásamt skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini. Nefndin hefur og tekið skimun fyrir ristilkrabbameini upp í endurskoðuðum tilmælum, sýnum og reglum (ellefu talsins) í baráttunni gegn krabbameini (European Code Against Cancer). Það er athyglisvert að þetta er í fyrsta sinn sem mælt er með skimunaraðgerðum er beinast að karlmönnum.

Niðurstöður stórra rannsókna síðastliðin ár, heilsuhagfræðilegt mat með kostnaðarvirknigreiningu, árangursmat á greiningu og meðferð á ristilkrabbameini og væntanleg fjölgun tilfella á næstu áratugum benda til þess að markvissra aðgerða er þörf. Heilbrigðisyfirvöld margra landa hafa gert sér grein fyrir þessu og hafið aðgerðir eða eru að undirbúa þær. Spurningin er ekki hvort, heldur hvenær skipulögð skimun verður framkvæmd í hinum ýmsu löndum. Við Íslendingar getum tekið forustu á þessum vettvangi vegna mikillar kunnáttu og reynslu af skimunaraðgerðum sem framkvæmdar hafa verið hér á landi í áratugi með einstökum árangri.

Hvers vegna fortölur?

Mikið og gott forvarnastarf á ýmsum sviðum hefur verið unnið hér á landi í mörg ár. Í þessum verkefnum hefur bestu þekkingu á hverjum tíma verið beitt og áhersla lögð á bættan lífsstíl, þ.e. hollt mataræði, reykleysi, góða hreyfingu og stjórn á líkamsþyngd. Það er skynsamlegt að beita fræðslu og aðgerðum til að auka lífsgæði og forða fólki frá sjúkdómum. Orðatiltækið „of seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í" segir allt sem segja þarf.

Það er eðlilegt að nútímafólk spyrji: Hvað get ég gert til að auka lífsgæði mín og forðast sjúkdóma? Þá verðum við að vera reiðubúin að liðsinna því með jákvæðu hugarfari og miðla þeirri þekkingu sem fyrir liggur á hverjum tíma. Fortölur og neikvæð viðhorf gagnast ekki fólki á tímum aukinnar þekkingar og framfara í læknavísindum.

Fræðsla til almennings (Public awareness) er lykilatriði í baráttunni gegn þessum sjúkdómi. Fyrir tveimur árum var farið í fræðsluátak sem gekk undir nafninu *Vitundarvakning gegn ristilkrabbameini*. Gallup-könnun sem gerð var skömmu áður opinberaði vanþekkingu okkar hér á landi á þessu algenga krabbameini. Í könnun sem gerð var í Austurríki kom í ljós að jafnmargir aðspurðra óttuðust jafnmikið dauða vegna slysfara og krabbameina. Þessar dauðaorsakir óttuðust aðspurðir líka mest. Hins vegar er athyglisvert, þegar rýnt er í tölfræðina, að venjulegur (average) Evrópubúi er í 2,5 sinnum meiri áhættu að deyja af völdum ristilkrabbameins en að deyja í umferðarslysi.

Skimun er fyllilega tímabær.

Nú er fyllilega tímabært að beita markvissum aðgerðum með fræðslu, forvörnum og skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi sem er önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina hér á landi. Mannslífum verður bjargað og með betri meðferð batna horfur fólks og lífsgæði.

Rök gegn forvarnaaðgerðum sem beinast að krabbameini í ristli og endaþarmi verða að vera mjög sterk í ljósi þeirrar þekkingar sem nú liggur fyrir varðandi þennan sjúkdóm.

Nýgengi sjúkdómsins fer vaxandi og vegna vaxandi aldurs þjóðarinnar munum við verða fyrir auknum búsifjum af hans völdum í náinni framtíð. Hér á landi er áratuga reynsla á sviði skipulagðrar leitarstarfsemi að krabbameinum. Þá þekkingu og reynslu ber að nýta og mun það auðvelda allar aðgerðir á þessu sviði. Með slíkt veganesti getum við verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar í baráttunni gegn þessum banvæna sjúkdómi sem fer ekki í manngreinarálit, getur brugðið fæti fyrir okkur öll og kemur alltaf á óvart.

839. Frumvarp til laga [191. mál]

um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

(Eftir 2. umr., 21. febr.)

1. gr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Í Stjórnartíðindum skal birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi.

2. gr.

A-deild Stjórnartíðinda.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

Við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Aðeins má þó vísa til slíkrar birtingar ef um er að ræða reglur sem hafa verið birtar og þýddar á íslensku.

3. gr.

B-deild Stjórnartíðinda.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga sem tilkynnt hafa verið á árinu og heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Aðeins má þó vísa til slíkrar birtingar ef um er að ræða reglur sem hafa verið birtar og þýddar á íslensku.

4. gr.

C-deild Stjórnartíðinda.

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti.

Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar.

5. gr.

Vafamál um hvar birta skuli.

Vafamál um það hvar birta skuli atriði þau er í 1.–4. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, ákveður dómsmálaráðherra.

6. gr.

Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út.

Skylt er stjórnvöldum að fá útgefanda handrit af hverju því sem afgreitt hefur verið og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

Dómsmálaráðherra kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

7. gr.

Heimild til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skuli, að hluta eða í heild, eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skal hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið sé í veg fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Við rafræna útgáfu skal útgáfudagur tilgreindur.

Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Verði útgáfa Stjórnartíðinda eða Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd.

8. gr.

Réttaráhrif birtingar.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Óbirt fyrirmæli binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra.

Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt, ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

840. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 2. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema annað verði ákveðið með lögum.
2. Við 3. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema með leyfi dómsmálaráðherra.
3. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

841. Fyrirspurn [554. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning starfa á Fiskistofu út á land.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Er fyrirhugað að flytja störf á Fiskistofu, eða öðrum undirstofnunum sjávarútvegsráðuneytis, út á land? Ef ekki, hvers vegna? Hafi flutningur verið ákveðinn, hvert er þá ætlunin að flytja störfin og hvers vegna?

842. Fyrirspurn [555. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um læknismeðferð barna erlendis.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg börn hafa farið í læknismeðferð erlendis á ári síðustu fimm ár, á hvaða aldri voru þau og um hvers konar læknismeðferð var að ræða í hverju tilviki?
2. Í hve mörgum tilvikum á ári síðustu fimm ár hefur verið greitt fyrir fylgd beggja foreldra eða tveggja aðstandenda með barni sem þurft hefur að fara í læknismeðferð erlendis?
3. Í hve mörgum tilvikum á ári síðustu fimm ár hefur umsóknum um slíkar greiðslur verið hafnað, á hvaða aldri voru börnin og um hvers konar læknismeðferð var að ræða?

Skriflegt svar óskast.

843. Fyrirspurn [556. mál]

til umhverfisráðherra um þvingunarúrræði og dagsektir umhverfisstofnana.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu oft hafa stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið lagt á dagsektir til að þvinga fram úrbætur?
2. Hversu oft hafa þessar stofnanir fengið dagsektir greiddar?
3. Hversu háar dagsektir hafa innheimst ár hvert frá árinu 2000?

844. Fyrirspurn [557. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stjórnarfyrirkomulag Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Hyggst ráðherra staðfesta fram komnar tillögur um breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss eða ætlar hann að fara fram á endurumfjöllun og endurskoðun á þeim?
2. Munu yfirlæknar sem ekki eru sviðsstjórar halda hefðbundinni stöðu ef sviðsstjórar verða ráðnir?

Skriflegt svar óskast.

845. Fyrirspurn [558. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Liggja nú þegar fyrir hugmyndir eða áætlun ráðherra um hvernig fjármagna skuli uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss þegar ríkisstjórnin staðfestir ákvörðun um nýbyggingu LSH?
2. Hefur ráðherra ákveðið hvers kyns eignarform verður á væntanlegri nýbyggingu LSH, t.d. hvort byggingar verði í ríkiseigu eða leigðar af einkaaðilum?

Skriflegt svar óskast.

846. Tillaga til þingsályktunar [559. mál]

um stofnun endurhæfingarseturs.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót endurhæfingarsetri og skoða m.a. möguleika á samstarfi við bæjaryfirvöld í Kópavogi um uppbyggingu slíks seturs á landi gamla Kópavogsbýlisins.

Greinargerð.

Tilgangur þingsályktunartillögunnar er að efla enn frekar endurhæfingu og hæfingu fatlaðra, langveikra og þeirra sem greinst hafa með alvarlega sjúkdóma og stuðla að uppbyggingu á lóð gamla holdsveikraspítalans í Kópavogi.

Endurhæfing fatlaðra og einstaklinga sem hafa fengið alvarlega sjúkdóma, sem og hæfing mikið fatlaðra, hefur mikið gildi hvort heldur er fyrir einstaklinginn sjálfan, fjölskyldu hans eða þjóðarbúið. Þörfin fyrir fjölbreytta endurhæfingu og hæfingu heldur áfram að aukast og má rekja það til fjölmargra þátta, m.a. til aukinnar læknisfræðilegrar þekkingar og tækni, sem hafa bætt lífslíkur fyrirbura og þeirra sem verða fyrir alvarlegum slysum eða greinast með alvarlega sjúkdóma. Meðfædd fötlun kallar oft á ævilanga þjálfun og hæfingu og álagið á fjölskyldur mikið fatlaðra barna er mikið. Endurhæfing ungs fólks, sem af ýmsum ástæðum hefur hætt skólagöngu og fótar sig ekki í daglegu lífi, er ekki síður mikilvæg. Fjöldi aldraðra sem þarfnast endurhæfingar vex samhliða hækkandi aldri þjóðarinnar. Þeir sem þurfa á endurhæfingu og hæfingu að halda til lengri tíma eru því mjög breiður hópur með ólíkar þarfir.

Skilningur og virðing fyrir þörfum fólks sem nýtur líknarmeðferðar fer stöðugt vaxandi og þar með viðurkenning á rekstri sérstakra líknardeilda. Rólegt og fallegt umhverfi hefur jákvæð áhrif á líðan þessara sjúklinga og aðstandenda þeirra og skiptir staðsetning líknardeilda því miklu máli.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að standa að stofnun endurhæfingarseturs, þ.e. blandaðri þjónustu fyrir fatlaða, langveika og þá sem greinst hafa með alvarlega sjúkdóma, t.d. krabbamein. Það er mikilvægt að hafa hugfasta nauðsyn fjölbreytilegra úrræða og setur af þessu tagi mundi auka möguleika til eflingar og nýbreytni á sviði endurhæfingar. Hugtakið „setur“ vísar til starfsemi á ákveðnu sviði en möguleika á mismunandi rekstri. Núverandi starfsemi er fjölbreytt og á ábyrgð bæði ríkis og sveitarfélaga.

Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH) tók við fasteignum Kópavogshælisins þegar það var lagt niður og á flestar þeirra í dag. Með stofnun endurhæfingarseturs þarf að meta þörf LSH á húsnæði fyrir þá starfsemi sem ætluð er til framtíðar á vegum sjúkrahússinsog gera viðhlítandi ráðstafanir varðandi það húsnæði sem nýtist LSH ekki. Ef litið er á hvaða starfsemi fer fram á svæðinu um þessar mundir eru það þrjár sambýlisdeildir fyrir fatlaða ásamt húðdeild og líknardeild á vegum LSH, Endurhæfing ehf., Rjóðrið og Fjölsmiðjan.

Endurhæfing ehf. er einkarekin iðju- og sjúkraþjálfun fyrir fatlaða, sem tók við endurhæfingu fjölfatlaðra af LSH í Kópavogi á vordögum 2004. Að rekstri Endurhæfingar ehf. standa fyrrverandi starfsmenn endurhæfingardeildar LSH.

Rjóðrið, hvíldar- og endurhæfingarheimili langveikra barna, er samstarfsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Íslenskrar erfðagreiningar og LSH. Rekstur heimilisins byggist á hvíldarinnlögn fatlaðra og langveikra barna í heimahúsum ásamt foreldrum, en einnig endurhæfingu og framhaldi af vistun á barnaspítala LSH. Mikil þörf er á svipaðri þjónustu fyrir mikið fötluð eða langveik ungmenni eldri en 18 ára og fjölskyldur þeirra.

Fjölsmiðjan er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis (Vinnumálastofnunar), Rauða kross Íslands, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og menntamálaráðuneytis. Fjölsmiðjunni er ætlað að starfrækja verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16–24 ára sem hætt hefur námi og ekki fótað sig á vinnumarkaði. Markmiðið er að bjóða fjölþætta verkþjálfun og fræðslu þannig að nemarnir geti fundið áhugavert starf þar sem hæfileikar þeirra nýtast eða tíminn nýtist sem forvinna að frekara skólanámi. Starfsemin fer að mestu fram í gamla Iðjuhúsinu sem Fjölsmiðjan leigir af LSH.

Um tveggja ára skeið var rekin göngudeild í Kópavogi með sérhæfðri krabbameinsendurhæfingu. Á síðasta ári var starfsemin flutt til innan LSH og vegna skipulagsbreytinga og í sparnaðarskyni. Mikil ánægja ríkti meðal skjólstæðinga göngudeildarinnar og voru vonir bundnar við frekari uppbyggingu á þessu sviði, svo sem rekstur dagdeildar, en mikil þörf er á slíkri þjónustu. Með starfi göngudeildarinnar var unnið brautryðjendastarf sem samræmdist vel starfsemi háskólasjúkrahúss. Þverfagleg vinna og metnaðarfullt starf hafði jákvæð áhrif á líðan skjólstæðinga deildarinnar. Sérstök ánægja var með staðsetningu göngudeildarinnar svo og aðstöðu til sjúkraþjálfunar, sérstaklega sundlaugina. Flutningsmaður telur að huga eigi að áframhaldandi þjónustu við krabbameinssjúklinga af þessu tagi í tengslum við stofnun endurhæfingarseturs. Staðsetningin og umhverfið allt getur stuðlað að árangursríkri meðferð.

Á stærstum hluta gamla Kópavogsbýlisins er fyrirhuguð 1000–1200 manna byggð og er deiliskipulag af svæðinu í undirbúningi. Samstarf um aðra landnýtingu og deiliskipulag þarf því að fara fljótt í gang ef hugmyndir um endurhæfingarsetur á svæðinu eiga fram að ganga.

Kópavogsbær hefur fest kaup á húsnæði gamla holdsveikraspítalans og er talið að hann verði rifinn til að rýma fyrir íbúðabyggð. Að mati flutningsmanns ætti að huga að verndun hússins vegna sögulegs gildis, aldurs og sem hluta af höfundarverki Guðjóns Samúelssonar arkitekts.

Þegar holdsveikraspítalinn, eða heilsuhælið í Kópavogi eins og það kallaðist áður, var reistur á sínum tíma var honum valinn staður í rólegu umhverfi en nærri höfuðborginni. Staðsetningin býður enn upp á rólegt og fallegt umhverfi með góðar almenningssamgöngur, takmarkaða bílaumferð en góða tengingu við göngu- og hjólastíga. Þessar aðstæður henta mjög vel núverandi starfsemi og nauðsynlegt er að hafa þær til hliðsjónar við uppbyggingu endurhæfingarseturs. Slíkar vinjar hafa horfið með þéttingu byggðarinnar á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Verið er að móta stöðu og framtíðarhlutverk LSH og hefur stjórn sjúkrahússins lagt á það áherslu að starfsemin verði sem mest skilgreind sem bráðaþjónusta og hefur í því skyni þegar hætt rekstri á ýmsum sviðum sem féll ekki endilega undir hana. Rekstur á húsnæði gamla Kópavogshælisins og nær öll sú starfsemi sem enn er á vegum LSH í þeim húsakynnum er því í mikilli óvissu. Ljóst er að innan tíðar þarf að taka ákvörðun um nýtingu lóðarinnar og núverandi húsakynna með gerð deiliskipulags. Sú starfsemi sem nú þegar er á svæðinu er mjög brýn og þörf er á frekari þjónustu á flestum sviðum starfseminnar. Má þar sérstaklega nefna sjúkra- og iðjuþjálfunina, starfsemi Rjóðursins og síðast en ekki síst brýna nauðsyn á að koma á fót öflugri og fjölbreyttri endurhæfingarþjónustu fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein.

Breyttar áherslur í geðheilbrigðisþjónustu, þ.e. að hverfa frá stofnanaþjónustu og innlögnum sjúklinga, falla vel að hugmyndinni um endurhæfingarsetur með fjölbreyttri starfsemi. Miðstöð sjálfseflingar og fræðslu fyrir geðsjúklinga og aðstandendur þeirra, sérstaklega fólks á höfuðborgarsvæðinu, mundi styrkja samfélagsþjónustu á þessu sviði.

Uppbygging endurhæfingarseturs þar sem sambærileg starfsemi er fyrir eykur öryggi sjúklinga og gæði þeirrar þjónustu sem veita á. Endurhæfingarsetur býður upp á nýjar leiðir til að samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu auk óhefðbundinna leiða til menntunar. Endurhæfingarsetur býður einnig upp á möguleika á samvinnu í þverfaglegri vinnu milli stofnana á svæðinu.

Með starfsemi endurhæfingarseturs væri hægt að byggja upp fjölbreytta endurhæfingu fyrir fatlaða og þá sem hafa fengið alvarlega sjúkdóma ásamt hæfingu fyrir þá sem verst eru settir og falla ekki alfarið undir ákveðna sjúkdómsgreiningu eða félagslega þjónustu. Langtímameðferð í rólegu umhverfi án áreitis er mikilvæg fyrir þá sem þurfa á hæfingu að halda.

Þannig má stuðla að því að þeim fari ekki aftur. Öryrkjum hefur fjölgað mjög síðustu ár og er nauðsynlegt að vinna að því að byggja upp endurhæfingu vegna skertrar vinnufærni og koma fólki til heilsu á ný. Því yngri sem öryrkinn er, því mikilvægari er endurhæfing til atvinnu og þátttöku í daglegu lífi.

Flutningsmaður telur að verkefnið sé kjörið samvinnuverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis og að þannig megi ná bestum árangri í að byggja upp sterkt hæfingar- og endurhæfingarsetur. Reynslan af slíku verkefni mundi nýtast vel í nauðsynlegri uppbyggingu á fjölbreyttri endurhæfingu í tengslum við stærri sjúkrahús út um land sem byggjast á þverfaglegum grunni og samnýta þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar.

Fylgiskjal I.

Hvað verður um gamla holdsveikraspítalann?

(Fréttablaðið, 21. febrúar 2005.)

Fyrir tveimur árum keypti Kópavogsbær hluta af landi Kópavogshælisins af ríkinu og í kjölfarið var efnt til samkeppni meðal arkitekta um deiliskipulag svæðisins. Benjamín Magnússon arkitekt vann þá samkeppni og samkvæmt tillögum hans fellur gamla holdsveikrahælið á lóðinni að því skipulagi.

Húsið er hið merkilegasta, teiknað af Guðjóni Samúelssyni arkitekt, en það var kvenfélagið Hringurinn sem stóð að byggingu þess árið 1926. Þá var það hugsað sem hressingarhæli fyrir berklasjúklinga í Kópavogi. Á hælinu voru rúm fyrir 24 sjúklinga en upphaflega var ætlunin að vista þar einkum sjúklinga í afturbata, sem höfðu ekki náð fullri heilsu og þoldu ekki erfiðisvinnu. Vegna skorts á aðstöðu fyrir berklasjúklinga varð Kópavogshæli almennt berklahæli, líkt og Vífilsstaðir og Kristnes. Þegar herinn kom til landsins árið 1940 tók hann holdsveikraspítalann í Laugarnesinu til eigin nota og sjúklingar þar voru vistaðir á berklahælinu. Þeir sem voru í Kópavoginum voru ýmist fluttir á Kristnesspítala eða Vífilsstaði. Síðustu holdsveikisjúklingarnir létust árið 1970 og síðan hefur lítil starfsemi verið í húsinu.

Benjamín segir enn of snemmt að segja til um örlög hússins. „Í þeirri tillögu sem ég lagði fram á sínum tíma er gert ráð fyrir að þetta hús muni standa áfram. Það eru hins vegar fleiri aðilar sem koma að þeirri ákvörðun og meta hvað er skynsamlegt að gera. Húsið hefur staðið ónotað um árabil og það er töluverð vinna að gera það upp. Í mínum drögum var eingöngu gert ráð fyrir þeim möguleika að húsið gæti staðið áfram, en ekki í hvaða samhengi. Það er yfirvalda að taka ákvörðun um það og ætla húsinu eitthvert hlutverk í framtíðinni.“

847. Fyrirspurn [560. mál]

til utanríkisráðherra um iðnað á Keflavíkurflugvelli.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér hugmyndir Flugvirkjafélags Íslands um flugvélaiðnað á Keflavíkurflugvelli? Ef svo er, hvernig hefur ráðherra brugðist við hugmyndum félagsins?
2. Fyrirhuga íslensk stjórnvöld að leita hófanna hjá varnarliðinu um nýtingu mannvirkja á Keflavíkurflugvelli fyrir íslensk iðnfyrirtæki?

848. Fyrirspurn [561. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið brugðist við óskum fangelsismálastofnunar um úrbætur í geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsanna? Ef svo er, á hvern hátt? Ef ekki, hvenær má vænta úrbóta?

849. Fyrirspurn [562. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefni í fangelsum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert í fangelsum til að stemma stigu við neyslu:
   a. ólöglegra fíkniefna,
   b. löglegra fíkniefna og ávísaðra lyfja?
2. Hversu margir fangar urðu uppvísir að eiturlyfjaneyslu í fangelsum á síðasta ári og á hvern hátt var brugðist við því?

850. Fyrirspurn [563. mál]

til menntamálaráðherra um Innu – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Hver er heildarkostnaður við Innu – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla?
2. Hver er árlegur kostnaður við kerfið og endurbætur þess og hver er áætlaður rekstrarkostnaður kerfisins næstu árin?
3. Hver sér um rekstur kerfisins, var verkið boðið út og til hve langs tíma var samið um rekstur þess?
4. Hver er greiðsluþátttaka framhaldsskólanna í kerfinu og hvert renna þær greiðslur?
5. Er framhaldsskólum skylt að vera hluti af þessu kerfi? Hafa einhverjir framhaldsskólar komist hjá því að vera í kerfinu og ef svo er, hvaða skólar eru það?
6. Vinnur menntamálaráðuneytið einhverjar upplýsingar úr kerfinu og ef svo er, hvaða upplýsingar?

Skriflegt svar óskast.

851. Fyrirspurn [564. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning og kynningu á íslensku lambakjöti á erlendum mörkuðum.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hversu miklu fé hefur ríkissjóður varið sl. fimm ár í kynningu á lambakjöti fyrir erlenda markaði? Hversu hátt hlutfall er kynning á lambakjöti fyrir Bandaríkjamarkað í þessu sambandi?
2. Hversu margir starfsmenn starfa fyrir ríkissjóð í þessu verkefni á ári?
3. Hvernig skiptist kostnaðurinn sem hlotist hefur af verkefninu (laun, ferðakostnaður, matvælasýningar, sími, auglýsingar o.s.frv.)?
4. Hefur eitthvað áunnist fyrir bændur í þessu verkefni? Er skilaverð hærra til bænda sem leiða fé sitt til slátrunar hjá afurðastöðvum sem framleiða lambakjötsafurðir til útflutnings?
5. Hversu mikið af lambakjötsafurðum hefur farið til útflutnings á sl. fimm árum og hversu hátt er hlutfall útflutnings til Bandaríkjanna í því sambandi?
6. Hvaða flutningafyrirtæki helst hafa flutt út afurðirnar og hvernig er hlutfallið á milli flutningsleiða, þ.e. annars vegar sjóflutninga og hins vegar landflutninga?
7. Hvaða afhendingarskilmála er notast við í samningum við kaupendur (cif, fob, ddp o.s.frv.) á lambakjötsafurðum til kaupenda á Bandaríkjamarkaði?
8. Hverjir eru greiðsluskilmálar í samningum um lambakjötsafurðir til kaupenda á Bandaríkjamarkaði?
9. Eru lambakjötsafurðir tollskyldar inn til Bandaríkjamarkaðar?

Skriflegt svar óskast.

852. Svar [462. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um kostnað vegna varnaraðgerða gegn riðuveiki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver ber kostnað af förgun fjárstofns eða heyfengs vegna riðuveiki?*
2. *Hver var árlegur kostnaður ríkisins vegna riðuveiki sl. fimm ár:*
   a. *vegna förgunar og varnaraðgerða,*
   b. *vegna bótagreiðslna,*
   c. *annar kostnaður?*

Kostnaður við förgun fjárstofns og heyfengs vegna riðuveiki greiðist úr ríkissjóði. Samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, nær bótaskylda ríkissjóðs í þessu sambandi eingöngu til búfjár.

Kostnaður ríkisins vegna riðuveiki sl. fimm ár, millj. kr.

	2000	2001	2002	2003	2004
a. Förgun og varnaraðgerðir	28,1	32,6	2,9	41,1	49,6
b. Bótagreiðslur	31,8	5,2	17,5	20,8	43,6
c. Annar kostnaður	16,9	20,8	16,4	16,9	23.1
Heildarkostnaður	**76,8**	**58,6**	**76,8**	**78,8**	**116,3**

853. Fyrirspurn [565. mál]

til samgönguráðherra um vegrið á Reykjanesbraut.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við vegrið á Reykjanesbraut frá Hafnarfirði að Keflavíkurflugvelli?
2. Telur ráðherra æskilegt að setja vegrið meðfram þessum þjóðvegi?

854. Fyrirspurn [566. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd próf í grunnskólum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að hætta framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum líkt og Félag grunnskólakennara leggur til í samþykkt sinni frá aðalfundi félagsins 18.–19. febrúar sl.?

855. Skýrsla [567. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2004.

I. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi hinn 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt. Vinnureglur ráðsins voru síðan endurskoðaðar árið 2004 og verður fjallað um það síðar í skýrslunni.

Markmið ráðsins er að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna land-

anna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis-, auðlinda- og samgöngumál, aukið menningarsamstarf og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

II. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í byrjun árs 2004 skipuðu Íslandsdeild eftirtaldir þingmenn: Birgir Ármannsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigurjón Þórðarson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Við upphaf 131. þings hinn 1. október urðu þær breytingar á skipan Íslandsdeildar að Kjartan Ólafsson tók sæti aðalmanns af hálfu þingflokks Sjálfstæðisflokks í stað Einars Odds Kristjánssonar og Anna Kristín Gunnarsdóttir tók sæti aðalmanns af hálfu þingflokks Samfylkingarinnar í stað Margrétar Frímannsdóttur. Einar Már Sigurðarson tók sæti varamanns af hálfu þingflokks Samfylkingarinnar í stað Önnu Kristínar. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 7. október var Birgir Ármannsson endurkjörinn formaður og Hjálmar Árnason varaformaður. Arna Gerður Bang gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

III. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Fyrri hluta árs bar hæst skipulagning þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um orkumál sem haldin var í Reykjavík og Svartsengi dagana 9.–10. júní. Íslandsdeildin tók virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og ræddi ýmsar tillögur að dagskrá, fyrirlesurum og erindum. Auk þess hafði deildin náið samráð við sérfræðinga iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til að gera ráðstefnuna sem besta.

Í desember árið 2003 skrifaði Íslandsdeild VNR bréf til utanríkisráðherra þar sem hún hvatti til stuðnings við vestnorrænu veiðimenningarsýninguna. Ákveðið var að halda sérstakan fund fulltrúa forsætis-, sjávarútvegs-, menntamála- og utanríkisráðuneytanna til þess að taka afstöðu til þess hvort ráðuneytin vildu í sameiningu leggja fram umbeðið fjármagn. Aðilar voru sammála um að sýningin væri afar vel úr garði gerð og áhugaverð í sögulegu ljósi. Eðlilegt væri að sýningin flyttist á milli Norðurlanda og ekki var gerð athugasemd við það að hluti hennar væri settur upp í tengslum við EXPO-2005 í Aichi í Japan. Því miður reyndist þó ekki vilji fyrir því að leggja fjármagn af hendi til sýningarinnar. Þar eð sá hluti sýningarinnar sem settur yrði upp í hinum norræna skála á EXPO-2005 í Aichi yrði alfarið greiddur af skipuleggjendum norræna skálans var ekki talið að sérstakt fjármagn frá löndunum þyrfti til þess.

Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004, þar sem áhersla var m.a. á Vestur-Norðurlönd. Af því tilefni boðaði Íslandsdeild VNR til fundar með Páli Péturssyni, ráðgjafa frá Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, og bauð Íslandsdeild Norðurlandaráðs að taka þátt í fundinum. Páll sagði fundarmönnum frá því sem til stæði á formennskuárinu og fóru fram góðar og gagnlegar umræður um árið og verkefni þess. Benedikte Thorsteinsson, formaður Kalak, vinafélags Íslands og Grænlands, var einnig gestur fundar Íslandsdeildar á árinu og ræddi m.a. um starfsemi félagsins og möguleika á frekari samvinnu milli vestnorrænu landanna.

Á ársfundi Vestnorræna ráðsins 1999 var samþykkt ályktun um ráðstefnu vestnorrænna þingkvenna sem lögð var fyrir þing landanna þriggja. Vestnorræna kvennaráðstefnan var svo haldin í Þórshöfn í Færeyjum í ágúst sl. Sex þingkonur frá Alþingi fóru á ráðstefnuna, þar sem staða kvenna á stjórnmálum á Vestur-Norðurlöndum var rædd. Gert er ráð fyrir að ráðstefnan verði haldin að nýju að tveimur árum liðnum á Grænlandi.

IV. Úttekt á vinnureglum ráðsins.

Eitt af stærstu verkefnum Vestnorræna ráðsins á árinu var ítarleg yfirferð á starfsreglum ráðsins, með það að markmiði að skerpa línurnar og gera reglurnar skýrari og skilvirkari. Mikil og góð vinna fór fram hjá Íslandsdeildinni sem lagði metnað sinn í að skila inn greinargóðum tillögum til breytinga.

Samþykkt var á fundi forsætisnefndar í Ósló í október 2003 að ekki væri þörf á að gera breytingar á stofnsamningi Vestnorræna ráðsins heldur ætti að einbeita sér að starfsreglum ráðsins og endurbótum á þeim. Í framhaldinu fóru landsdeildir vandlega yfir starfsreglur ráðsins og settu fram tillögur um breytingar. Á forsætisnefndarfundi 23. mars sl. í Kaupmannahöfn voru breytingartillögurnar lagðar fram og ræddar. Hvatt var til þess í greinargerð Íslandsdeildar að forsætisnefnd mæti kosti þess og galla að lengja formennskutímabilið úr einu ári í tvö. Einnig lagði deildin áherslu á umræðu um það hvort nauðsynlegt væri að hafa fullt stöðugildi fyrir skrifstofurekstur ráðsins.

Birgir Ármannsson lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að landsdeildirnar kæmu sér saman um endurbættar reglur ráðsins á ársfundi þess á Grænlandi í ágúst sl. og niðurstaða næðist um þau mál sem valdið höfðu ágreiningi. Ágreiningur var um það hvort staða framkvæmdastjóra ráðsins ætti að vera föst á Íslandi eða flytjast milli landanna þriggja og hvort skrifstofa, yrði hún færanleg, ætti þá að fylgja formennsku í ráðinu. Einnig var ágreiningur um það hvort starf framkvæmdastjóra ætti að vera heil staða, eins og hún er nú eða hálf staða.

V. Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins.

Á fundi dómnefndar Vestnorræna ráðsins í Kaupmannahöfn í júlí 2004 var bókin Engill í Vesturbænum eftir Kristínu Steinsdóttur, myndskreytt af Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur, valin sem vinningsbók barna- og unglingabókaverðlauna ráðsins. Nefndin ákvað að verðlaunafénu, að fjárhæð 60.000 danskar krónur, skyldi skipt milli rithöfundarins og myndlistarmannsins. Birgir Ármannsson, formaður Vestnorræna ráðsins, tilkynnti um vinningshafana á ársfundi ráðsins í Narsarsuaq í ágúst sl. Verðlaunin voru svo afhent vinningshöfunum formlega í Skála Alþingis 2. september sl.

Markmiðið með verðlaununum er að hvetja vestnorræna barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu. Þær bækur sem hljóta tilnefningu eru á vegum menntamálaráðuneyta landanna þýddar á vestnorrænu málin og

skandinavísku og gert er ráð fyrir því að bækurnar komi að gagni í fræðslustarfi landanna. Verðlaunin verða veitt annað hvert ár, næst árið 2006.

VI. Þemaráðstefna um orkumál.

Dagana 9.–10. júní fór þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um orkumál fram í Reykjavík og Svartsengi. Á ráðstefnunni var sjónum beint að orkumálum Grænlands, Færeyja og Íslands og leitað var leiða til aukinnar samvinnu landanna á milli. Fyrir hönd Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sátu ráðstefnuna Birgir Ármannsson, Hjálmar Árnason, Magnús Þór Hafsteinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson og Helgi Hjörvar, auk Örnu Gerðar Bang ritara.

Meginmarkmið ráðstefnunnar var að efla upplýsingaflæði landanna í milli í þessum málaflokki og finna fleti á frekara samstarfi. Þingmenn frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi báru saman bækur sínar um ástandið í orkumálum ríkjanna og hugað var að því hvert stefndi. Fjölmargir alþjóðlegir sérfræðingar fluttu erindi um margvíslegar hliðar orku- og umhverfismála. Þeir ráðherrar ríkjanna sem fara með orkumál sóttu ráðstefnuna, svo og fulltrúar Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar og norska þingsins.

Birgir Ármannsson, formaður Íslandsdeildar, setti ráðstefnuna og vakti athygli á mikilvægi sjálfbærrar nýtingar orkuauðlinda. Birgir beindi sjónum fundargesta að nauðsynlegri þróun málaflokksins og möguleikum á betri nýtingu fjölbreyttra orkuauðlinda landanna þriggja. Orkumál eru mikilvægur málaflokkur í örri þróun og því nauðsynlegt að stuðla að aukinni samvinnu og nýjum áherslum í orkuframleiðslu, einkum hvað varðar sjálfbæra nýtingu. Birgir benti á mikilvægi þess að horft væri til framtíðar og þeirra tækifæra sem samvinna vestnorrænu landanna á sviði orkumála gæti veitt.

Fyrri dag ráðstefnunnar var rætt um stöðu orkumála í löndunum þremur og þá þróun sem á sér þar stað. Síðari daginn var fjallað um nýjar leiðir í orkunýtingu og þá kosti sem má nýta í vestnorrænu löndunum, eins og vetni og vatns- og vindorku.

Rætt var um mikilvægi þess að vestnorrænu löndin ynnu saman að þróun endurnýjanlegrar orku. Í vestnorrænu löndunum er til sérfræðiþekking og tækni í sambandi við umhverfisvæna endurnýjanlega orku og orkusparnað. Í Færeyjum hafa þegar verið reistar vindmyllur, á Grænlandi er lögð áhersla á vatnsorku og á Íslandi fara fram tilraunir með vetni. Að öðru leyti er orkan sem notuð er í vestnorrænu löndunum afar ólík. Á Íslandi eru 70% orkunnar frá jarðvarma- og vatnsaflsvirkjunum en á Grænlandi og í Færeyjum eru olía og gas aðalorkugjafarnir. Þessi lönd hafa að markmiði að minnka notkun þessara orkugjafa og auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa svo sem vatns- og vindorku, jarðvarma og vetnis.

Orkumálaráðherrar landanna ítrekuðu stuðning sinn við frekari samvinnu og sögðu yfirvöld tilbúin að skoða nánara samstarf landanna þriggja á sviði orkumála. Í máli þeirra kom fram að mikil þróun hefur orðið á undanförnum árum sem enn sér ekki fyrir endann á. Aukin samvinna getur veitt þjóðunum styrk og getu til að skoða frekar nýja möguleika og læra hver af annarri og var það von þátttakenda að umræður og fræðsla ráðstefnunnar yrði gott veganesti og styrkti samstarf vestnorrænu landanna í sviði orkumála til frambúðar.

VII. Ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Dagana 20.–24. ágúst 2004 var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn í Narsarsuaq á Grænlandi. Fyrir hönd Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sátu fundinn Birgir Ármannsson, formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kjartan Ólafsson og Magnús Þór Hafsteinsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Ársfundurinn hófst á því að Jonathan Motzfeldt, fráfarandi formaður ráðsins, flutti skýrslu sína um starfsemi ársins og bauð þátttakendur velkomna. Josef Motzfeldt, fulltrúi landsstjórnar um norræna samvinnu, og Inge Lønning, varaforseti Stórþingsins og fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, voru sérstakir gestir fundarins. Þá voru fluttar frásagnir framkvæmdastjóra og landsdeilda um störf Vestnorræna ráðsins síðasta árið.

Birgir Ármannsson skýrði frá störfum Íslandsdeildar á árinu. Hann sagði það hafa verið sérstaklega áhugavert verkefni og ánægjulegt að skipuleggja þemaráðstefnu um orkumál og geta tekið á móti grænlensku og færeysku landsdeildunum auk annarra ráðstefnugesta. Birgir lagði áherslu á þróun sjálfbærrar nýtingar orkuauðlinda og þeirra tækifæra sem samvinna vestnorrænu landanna á sviði orkumála gefur.

Birgir sagði einnig að eitt af stærstu verkefnum Íslandsdeildar á árinu hefði verið vandleg yfirferð á starfsreglum ráðsins, með það að markmiði að skerpa línurnar og gera reglurnar skýrari og skilvirkari. Hann benti á að mikil og góð vinna hefði farið fram hjá landsdeildunum og vonaði að sú vinna skilaði sér í bættum starfsreglum sem ráðið nyti góðs af. Birgir lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að landsdeildirnar kæmu sér saman um reglur ráðsins og gætu tekið þær í notkun sem fyrst. Birgir minnti á að starfs- og vinnureglur ráðsins ætti í hvívetna að halda í heiðri og væri það mikilvægt til að halda ráðinu virku og kraftmiklu.

Í kjöri til forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins var Birgir Ármannsson kosinn formaður, Henrik Old frá Færeyjum varaformaður og Jonathan Motzfeldt frá Grænlandi annar varaformaður. Ákveðið var að þemaráðstefna starfsársins 2005 yrði tileinkuð sjávarútvegsmálum og haldin í Færeyjum.

Josef Motzfeldt benti á að síðustu ár hafa Eystrasaltsríkin verið áberandi í norrænu samstarfi en að nú gætti aukins áhuga á samstarfi við Vestur-Norðurlönd og norðurskautssvæðið. Josef ræddi um Norðurskautsráðstefnuna um auðlindir hafsins sem haldin verður í þriðja sinn í ár og benti á að til að árangur náist verði hugur að fylgja máli. Leiddi það til spurningarinnar um hve miklu þingsályktunartillögur gætu komið til leiðar. Inge Lønning, varaforseti Stórþingsins, ræddi um hugtakið vestnorrænt gagnvart hugtakinu austnorrænt og hvar Noregur ætti heima í því samhengi. Lønning lagði áherslu á mikilvægi þess að styrkja sambandið milli Vestnorræna ráðsins og Stórþingsins. Einnig taldi hann gagnlegt að samskipti væru á milli Vestnorræna ráðsins og forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Formaður ráðsins kynnti endurskoðaðar starfsreglur Vestnorræna ráðsins, fyrir utan kafla 6 sem fjallar um skrifstofurekstur ráðsins, og voru þær samþykktar einróma. Þá var gert 20 mínútna hlé á fundinum þannig að hver landsdeild gæti rætt fyrirlagðar tillögur A og B varðandi skrifstofureksturinn og tekið sameiginlega afstöðu til þeirra. Tillaga A gekk út á það að skrifstofa ráðsins fylgdi formennsku ráðsins. Tillaga B fól í sér óbreytt ástand. Jonathan Motzfeldt lýsti því yfir að landsdeild Grænlands styddi tillögu B og sama gerði Henrik Old fyrir hönd landsdeildar Færeyja og Birgir Ármannsson fyrir hönd landsdeildar Íslands.

Í umræðu um starfsreglurnar kom fram tillaga um að lengja formennskutímabilið í tvö ár og voru fundarmenn sammála um að ræða það mál nánar í framtíðinni. Slíkt gæfi formanni ráðsins og formennskuríkinu hverju sinni lengri tíma til að koma sér inn í málin. Sú breyting kallar á breytingu á 6. kafla stofnsamnings Vestnorræna ráðsins og þarf því að leggjast með formlegum hætti fyrir þjóðþing landanna þriggja. Guðrún Ögmundsdóttir lagði til að landsdeildirnar tækju málið upp í þingum landanna og forsætisnefndin ynni frekar í málinu. Formaður lýsti því yfir að tillaga B væri samþykkt og tillagan um tveggja ára formennskutímabil yrði rædd áfram í landsdeildum og forsætisnefndinni.

Þrjár ályktanir voru samþykktar á fundinum. Fyrst er að nefna ályktun um eflingu vestnorræns samstarfs í orkumálum. Þar er skorað á ríkis- og landsstjórnir landanna þriggja að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir framgangi samvinnunnar með árlegri skýrslu. Einnig var samþykkt ályktun um að auka samvinnu landanna þriggja í tengslum við vandamál í sjávarútvegi í sambandi við Evrópusambandið. Þriðja ályktunin leggur til að gerð verði verkáætlun um hvernig styrkja megi rannsóknir á loftslagsbreytingum með Norður-Atlantshaf sem rannsóknarsvið. Ályktanir fundarins voru samþykktar samhljóða.

VIII. Ályktanir Vestnorræna ráðsins á ársfundi í Narsarsuaq 20.–22. ágúst 2004.

- Tillaga til þingsályktunar um eflingu vestnorræns samstarfs í orkumálum.
- Tillaga til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum.
- Tillaga til þingsályktunar um eflingu samstarfs Vestur-Norðurlanda varðandi ýmis úrlausnarefni í sambandi við stefnu í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Alþingi, 1. febr. 2005.

Birgir Ármannsson, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Kjartan Ólafsson.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Þór Hafsteinsson.

856. Tillaga til þingsályktunar [568. mál]

um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Flm.: Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf Vestur-Norðurlanda um ýmis markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið mælist til þess að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands beiti sér fyrir aðgerðum sem hafi þann tilgang að efla samstarf Vestur-Norðurlanda varðandi ýmis úrlausnarefni í tengslum við stefnu í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Ekkert Vestur-Norðurlanda er aðili að Evrópusambandinu. Löndin eru þó öll tengd sambandinu: Grænland fyrir tilstilli fyrirkomulags Evrópusambandsins um lögsögur handan

hafsins, Ísland með aðild að EES-samningnum og Færeyjar með viðskiptasamningi við sambandið.

Sögulega hafa Vestur-Norðurlönd verið háð fiskútflutningi og svo er enn. Löndin hafa í dag enga sameiginlega stefnu gagnvart Evrópusambandinu á sviði fiskveiðimála. Vestur-Norðurlönd verða í þessu samhengi að leitast við að setja fram sameiginleg viðhorf í fiskveiðimálum sem setja má fram í sameiningu gagnvart framkvæmdastjórninni.

Með því að setja fram sameiginleg sjónarmið á sviði fiskveiðimála er hugsanlegt að Vestur-Norðurlönd geti aukið líkur á að hafa áhrif innan Evrópusambandsins. Að öðrum kosti sjá Vestur-Norðurlönd líklega fram á það að sjónarmið þeirra á sviði fiskveiðimála verði undir og framsæknari óskir Evrópusambandsins og þarfir þess að tryggja samevrópskri stefnu í fiskveiðimálum viðgang ráði för.

Horfast verður í augu við það að þær ákvarðanir sem teknar eru í Evrópusambandinu varðandi fiskveiðar hafa víðtækar afleiðingar fyrir Vestur-Norðurlönd. Einnig er mikilvægt að Evrópusambandið viðurkenni verðmæti og möguleika þeirrar sérstöku vitneskju um sjávarútveg sem er að finna á Vestur-Norðurlöndum. Hvað varðar stefnu í fiskveiðimálum og útflutning fiskafurða hafa Vestur-Norðurlönd og Evrópusambandið margt að bjóða hvert öðru.

Vestur-Norðurlönd eiga þess vegna í sameiningu að leitast við að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan Evrópusambandsins og skipta máli varðandi sjávarútveg á Vestur-Norðurlöndum til hagsbóta fyrir lönd okkar og viðgang og afkomu fiskveiða okkar. Með því að standa saman og eftir því sem unnt er að tala einni röddu gætu Vestur-Norðurlönd náð fram markmiðum sínum og óskum varðandi stefnu í fiskveiðimálum.“

857. Tillaga til þingsályktunar [569. mál]

um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Flm.: Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið hvetur ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að móta í sameiningu framkvæmdaáætlun í þeim tilgangi að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum og beina einkum rannsóknum sínum að Norður-Atlantshafi.

Loftslagsbreytingar eru meðal hnattrænna vandamála sem sérfræðingar og vísindamenn glíma við og eru orðin áþreifanleg og sýnileg atvinnulífi, stjórnmálamönnum og almenningi um allan heim. Rannsóknir sem fram að þessu hafa verið gerðar á þessu sviði benda til þess að Vestur-Norðurlönd og Norður-Atlantshaf allt skipti höfuðmáli varðandi loftslagsbreytingar, ekki aðeins við Norður-Atlantshaf heldur einnig á heimsvísu. Meðal annars hefur

verið bent á að leiðir hafstraumanna og skilin á heitum og köldum sjó í Norður-Atlantshafi skipti sköpum um þróun loftslags á norðurhveli jarðar.

Markvissar rannsóknir á loftslagsbreytingum varða miklu um vitneskju okkar um framtíðarþróun lífskjara, breytingar á vistkerfum og efnahagslega möguleika á Vestur-Norðurlöndum og annars staðar við Norður-Atlantshaf. En þetta skiptir einnig miklu fyrir hnattrænar framkvæmdaáætlanir og aðgerðir á sviði umhverfis- og orkumála. Því liggur beint við að Vestur-Norðurlönd hafi frumkvæði að því að auka og skerpa rannsóknir á loftslagsbreytingum, og beina fyrst og fremst sjónum að Norður-Atlantshafinu í þeim efnum.

Loftslagsrannsóknir geta orðið rannsóknarsvið þar sem Vestur-Norðurlönd eru í forustu. Slíkar rannsóknir snerta ekki einungis okkur sjálf, heldur hljóta athygli alls heimsins.

Í Norrænu ráðherranefndinni var á árinu 1999 – að tillögu Færeyinga – ætlað fé til verkefna við rannsóknir á loftslagsbreytingum. Nú hlýtur að vera kominn tími til að Vestur-Norðurlönd móti í sameiningu framkvæmdaáætlun sem getur leitt þessi rannsóknarverkefni fram til varanlegri og kerfisbundnari rannsókna á loftslagsbreytingum.“

858. Tillaga til þingsályktunar [570. mál]

um eflingu samstarfs vestnorrænna landa í orkumálum.

Flm.: Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkis- og landsstjórnir landanna þriggja að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna, með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir framgangi samvinnunnar með árlegri skýrslu.

Samstarf þjóðanna á sviði orkumála hefur verið ánægjulegt þrátt fyrir ólíkar aðstæður og mismunandi leiðir við nýtingu. Engu að síður er mikilvægt að efla enn frekar samstarf landanna á milli og miðla þekkingu og reynslu betur en gert hefur verið.

Orkumál eru mikilvægur málaflokkur í örri þróun og því mikilvægt að stuðla að aukinni samvinnu og nýjum áherslum í orkuframleiðslu, einkum hvað varðar sjálfbæra nýtingu. Því er mikilvægt að horfa til framtíðar og þeirra tækifæra sem samvinna vestnorrænu landanna á sviði orkumála getur veitt við þróun endurnýjanlegrar orku.

Vestur-Norðurlönd búa yfir sérfræðiþekkingu og tækni í tengslum við umhverfisvæna endurnýjanlega orku og orkusparnað, auk þess sem stefnt er að frekari þróun á því sviði. Í Færeyjum hafa þegar verið reistar vindmyllur, á Grænlandi er áhersla lögð á vatnsorku og á Íslandi eru gerðar tilraunir með hagnýtingu vetnis sem orkugjafa. Að öðru leyti er orkan sem notuð er í vestnorrænu löndunum afar ólík. Löndin eiga þó það markmið sameiginlegt að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa, svo sem vatns- og vindorku, jarðvarma og vetnis.“

859. Skýrsla [571. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2004.

1. Inngangur.

Umræðan um sambúð Bandaríkjanna og Evrópu í kjölfar Íraksstríðsins var hávær á árinu 2004 og setti að vissu leyti mark sitt á samskipti ríkja Atlantshafsbandalagsins. Þó virtist sem andstæðir pólar í því tiltekna máli þokuðust nær hver öðrum eftir því sem á árið leið og í lok árs gætti mun meiri samhljóms meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins en verið hafði mánuðina á undan. Í lok árs var svo komið að flestöll aðildarríki NATO lögðu eitthvað af mörkum til uppbyggingarstarfsins í Írak og áþreifanlegur árangur hafði náðst í að sætta deilur vegna ólíkra sjónarmiða beggja vegna Atlantshafsins hvað Íraksmálið varðaði. NATO horfir fram á veginn, tekst á við ógnir samtímans og stendur nú að mörgu leyti styrkara en áður. Því að þrátt fyrir ólík stefnumið og pólitísk átök einstakra aðildarríkja liggur nú rík pólitísk eining að baki mikilvægs hlutverks bandalagsins við að leitast við að tryggja frið og stöðugleika í Evrópu og á nærliggjandi svæðum. Með breyttri heimsmynd hefur bandalagið skerpt áhersluna á svæði utan Evrópu og þá einkanlega að því landsvæði sem í daglegu tali hefur verið nefnt Stór-Miðausturlönd. Á leiðtogafundi NATO í Istanbúl í júnímánuði var t.a.m. ákveðið að hrinda í framkvæmd áætlun sem miðaði að því að auka mjög samskiptin við ríkin við Persaflóa, á grundvelli Miðjarðarhafsáætlunarinnar sem gefist hefur einkar vel í samskiptum bandalagsins við ríki norðanverðrar Afríku. Um afar mikilvægt verkefni er að ræða enda almennt álitið að þessi heimshluti sé mesta uppspretta hryðjuverkaafla nú um stundir. Friðaraðgerðir bandalagsins í Afganistan hafa þegar skilað miklum árangri og á vettvangi þess ríkir full einurð um hve mikilvægt er að lýðræði nái að skjóta þar varanlegum rótum undir verndarvæng bandalagsins og bandamanna þess. Þótt NATO hafi ekki verið aðili að Íraksstríðinu hefur nú á vettvangi þess náðst samstaða um að aðstoða við þjálfun íraskra öryggissveita og að útvega þeim búnað. Hvað innviði NATO varðar hefur orðið mikil uppstokkun á herstjórnarkerfi bandalagsins á undanförnum missirum og býr það nú við mun meiri aðgerðagetu en áður. Hafa þessar umfangsmiklu breytingar undirstrikað mátt bandalagsins og aðlögunarhæfni þess í breyttri heimsmynd og breyttu ógnarumhverfi sem og hæfni þess til að ráðast í aðgerðir af nýjum toga. Aðildarríkjum NATO fjölgaði umtalsvert á árinu er fánar sjö nýrra ríkja voru dregnir að húni á vormánuðum við höfuðstöðvar bandalagsins í Brussel. Var það endahnúturinn á áralöngu aðlögunarferli ríkjanna og mikill styrkur fyrir bandalagið.

Bandalagsríkin voru minnt óþyrmilega á það á árinu að hryðjuverkaógnin væri enn viðvarandi. Mannskæð óhæfuverk voru framin í Madríd og í Suður-Ossetíu og voru þau sorgleg áminning um að fjórum árum eftir hryðjuverkin mannskæðu í Bandaríkjunum og stóraukið milliríkjasamstarf í baráttunni gegn hryðjuverkum eru öfgaöfl síst á undanhaldi og virðist athæfi þeirra verða æ miskunnarlausara.

Sem fyrr tók starfsemi NATO-þingsins mið af tíðindum á vettvangi alþjóðamála. Málefni Íraks og Afganistan voru fyrirferðarmikil í störfum nefnda þingsins sem og Atlantshafsstrengurinn og samskiptin yfir hafið. Þá hefur starfsemi Miðjarðarhafshóps NATO-þingsins aukist mjög á undanförnum árum og er svo komið að sá vettvangur er að verða einn sá mikilvægasti innan þingsins. Málefni mansals og barnasölu voru veigamikil í störfum félagsmálanefndar en Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Íslandsdeildar, var höfundur skýrslu þess efnis. Af öðru markverðu starfi Íslandsdeildar má nefna að á árinu hefur hún staðið að

undirbúningi stjórnarnefndarfundar NATO-þingsins sem haldinn verður í Reykjavík í apríl 2005 og ársfundar þingsins sem einnig verður í Reykjavík haustið 2007.

2. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru Árni R. Árnason, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Við fráfall Árna R. Árnasonar var Einar Oddur Kristjánsson skipaður í nefndina og kjörinn formaður hennar. Varamaður hans var Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þess. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2004 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
Til vara:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Stjórnmálanefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
Til vara:	Kjartan Ólafsson.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Dagný Jónsdóttir.
Félagsmálanefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Efnahagsnefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Dagný Jónsdóttir.
Vísinda- og tæknineфnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Miðjarðarhafshópur:	Einar Oddur Kristjánsson og Guðmundur Árni Stefánsson.

3. Fundir sem Íslandsdeildin sótti á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í lok mars eða byrjun apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Á árinu voru haldnar tvær Rose Roth námsstefnur (sjá fylgiskjal II, b-lið).

Árið 2004 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Ósló, vor og ársfundum þingsins í Bratislava og Feneyjum, auk fjölda nefndarfunda utan þingfunda.

a. Febrúarfundir.

Venjubundnir febrúarfundir NATO-þingsins í Brussel voru haldnir dagana 15.–17. febrúar. Eru þessir fundir í raun eina tækifærið sem fulltrúar þjóðþinga aðildarríkja NATO hafa til þess að skiptast á skoðunum um málefni bandalagsins og framtíðarhorfur án þátttöku þeirra þjóða sem hafa aukaaðild eða áheyrnaraðild að NATO-þinginu. Á fundunum flytja helstu embættismenn Atlantshafsbandalagsins framsögur og svara spurningum þingmanna.

Þá hafa samskiptin við Evrópusambandið aukist í seinni tíð og er nú svo komið að heilum degi er varið í fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB auk þess sem efnt er til sameiginlegs fundar fulltrúa NATO-þingsins og utanríkismálanefndar Evrópuþingsins. Einnig er sameiginlegur fundur fulltrúa stjórnarnefndar NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðsins, sem skipað er fastafulltrúum aðildarríkjanna auk framkvæmdastjóra NATO. Fundinn sótti að þessu sinni Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Íslandsdeildar, auk Stígs Stefánssonar, starfandi ritara Íslandsdeildar. Fundirnir hófust á því að John Colston, aðstoðarframkvæmdastjóri áætlunardeildar NATO, hélt framsögu um helstu stefnumið bandalagsins hvað tæknilega og hernaðarlega útfærslu varnarviðbúnaðar bandalagsins varðaði. Auk hans svaraði Robert Sperry, fulltrúi frá aðgerðadeild NATO, spurningum þingmanna. Þá hélt James L. Jones, æðsti yfirmaður sameinaðs herafla bandalagsins í Evrópu (SACEUR), erindi um það hvernig aðildarríkin stæðu sig við að uppfylla skuldbindingar sínar á hernaðarsviðinu sem samþykktar hefðu verið á leiðtogafundi bandalagsins í Prag árið 2003. Svaraði hann enn fremur spurningum þingmanna.

Mánudaginn 16. febrúar flutti Günther Altenburg, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO sem fer fyrir stjórnmáladeildinni, erindi um helstu málefnin á vettvangi NATO og ræddi meðal annars um aðgerðir bandalagsins í Afganistan, pólitískar horfur í Stór-Miðausturlöndum, baráttuna gegn hryðjuverkum og eininguna innan NATO. Ljóst var af máli Altenburgs að enn væri nokkuð langt í land með að gróa mundi um heilt í samskiptum Evrópuríkjanna í NATO og Bandaríkjanna eftir Íraksstríðið og þær alþjóðapólitísku væringar sem urðu í kjölfar þess. Þó hefði nokkuð áunnist við að endurskapa traust en að mikið ylti á hvernig til tækist við friðaruppbygginguna í Írak. Hvað Afganistan varðaði lýsti Altenburg yfir miklum áhyggjum af því að ekki hefði tekist að afla þess fjölda hersveita og búnaðar sem NATO-ríkin hefðu skuldbundið sig til að senda til Afganistan. Sagði hann að trúverðugleiki bandalagsins væri að vissu leyti að veði í þessu máli og biðlaði til þingmanna um að beita sér fyrir skjótri úrlausn mála. Á eftir erindi Günthers Altenburgs flutti Marshall Billingslea, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO í deild þeirri er hefur með fjárfestingar í herbúnaði að gera, erindi um helstu þróun í gerð varnarviðbúnaðar sameiginlegs herafla bandalagsins.

Þriðjudaginn 17. febrúar var fundur með fulltrúum Evrópusambandsins. Fyrstur til að ávarpa fundinn var Franz Fischler, landbúnaðar- og sjávarútvegsmálastjóri framkvæmdastjórnar ESB. Hann ræddi um næstu lotu stækkunar sambandsins og fór yfir helstu kosti hennar fyrir ESB í heild. Þá flutti Eneko Landaburo, yfirmaður skrifstofu utanríkismálastjóra framkvæmdastjórnarinnar, framsögu og ræddi þar að mestu um samskipti bandalagsins við Bandaríkin. Taldi hann að ýmis merki væru um að þau færu batnandi og að meiri samhljómur væri beggja vegna Atlantsála. Væru menn komnir yfir erfiðasta hjallann í kjölfar Íraksstríðsins. Þá vék hann einnig máli sínu að Kína og Íran. Síðasti dagskrárliður febrúarfundanna var sameiginlegur fundur með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins. Douglas Bereuter, forseti NATO-þingsins, og Elmar Brok, formaður utanríkismálanefndar Evrópuþingsins, ávörpuðu fundinn og gætti mikils samhljóms í málflutningi þeirra. Í almennum og líflegum umræðum sem við tóku, tóku einnig þátt þeir Rainer Feist, staðgengill æðsta yfirmanns sameinaðs herafla NATO í Evrópu (DSACEUR), og Jean-Pierre Herreweghe, hershöfðingi og aðstoðaryfirmaður hermálasviðs ESB.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Laugardaginn 27. mars fundaði stjórnarnefnd NATO-þingsins í Ósló. Fundinn sátu af hálfu Íslands Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Íslandsdeildar, og Andri Lúthersson ritari. Þau efnisatriði sem tekin voru til umfjöllunar á fundinum voru m.a. skipulag starfsemi

þingsins, málefni Líbýu, samskiptin við Rússland, staða blaðamanna og stríðsfréttaritara í vopnuðum átökum, og starfsreglur þingsins. Þá var og rætt um stöðu fjármála NATO-þingsins auk funda og þinga á komandi missirum og árum.

Stjórnarnefndarfundurinn, sem haldinn var hálfum mánuði eftir mannskæðar hryðjuverkaárásir í Madríd, hófst á því að fulltrúar vottuðu spænsku þjóðinni samúð sína með mínútu þögn. Þá hófust umræður um skýrslu framkvæmdastjóra um markmið og verkefni NATO-þingsins, og kenndi þar ýmissa grasa. Simon Lunn, framkvæmdastjóri NATO-þingsins, ræddi nokkuð um fyrirhugaðan leiðtogafund NATO í Istanbúl í júní og sagði að vonast væri til að fundurinn varðaði veginn m.t.t. nýs hlutverks NATO í „Stór-Miðausturlöndum". Til marks um aukna áherslu NATO á Miðjarðarhafssvæðið nefndi Lunn árangurinn af Miðjarðarhafssamstarfi bandalagsins (Mediterranean dialogue) og hvað NATO-þingið varðaði sagði hann að vægi Miðjarðarhafsnefndarinnar ykist stöðugt í störfum þingsins. Þá nefndi framkvæmdastjórinn að málefni Mið-Asíu væru æ meira í brennidepli þingsins og að sérstök áhersla yrði lögð á þau mál á vorþinginu í Bratislava í maí. Sagði framkvæmdastjórinn að menn yrðu að hafa í huga að NATO væri aðeins ein margra alþjóðastofnana og samtaka sem létu sig málefni Stór-Miðausturlanda varða. Sagði hann enn óljóst hvaða stefna yrði mörkuð á leiðtogafundinum í Istanbúl og hvaða áhrif sú stefna hefði á starfsemi NATO-þingsins. Brýnt væri því að huga strax að því hvernig NATO-þingið gæti brugðist við. Þá vék Lunn að endingu að áhuga Bosníu-Hersegóvínu og sambandsríkis Serbíu og Svartfjallalands á aukaaðild að NATO-þinginu samfara áhuga þeirra á að gerast aðilar að samstarfi í þágu friðar (e. Partnership for Peace). Sagði hann að samvinna ríkjanna við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn í Haag væri algert frumskilyrði fyrir aukaaðildinni. Bosníumenn virtust að þessu leyti vera á réttri leið en Serbar og Svartfellingar sýndu öllu minni viðleitni til samstarfs en áður. Taldi hann að NATO-þinginu bæri að taka vel í það ef aukaaðildarumsókn bærist frá þjóðþingi Bosníu og Hersegóvínu.

Nokkrar umræður urðu um skýrslu framkvæmdastjórans og þá sérstaklega um málefni Stór-Miðausturlanda. Breski þingmaðurinn Donald Anderson sagði að frumkvæði NATO í málefnum Stór-Miðausturlanda væri enn illa skilgreint og taldi að full þörf væri á því að þingið byggi sig undir ný verkefni samfara ákvörðunum Istanbúl-fundarins. Pólverjinn Longin Pastusiak tók undir orð Andersons og sagði mikilvægt að NATO beitti sér á þessu svæði, ekki síst í deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Þá vék Pastusiak að því að á næsta ári yrði NATO-þingið 50 ára og spurði hvort ekki væri ráð að minnast tímamótanna með útgáfu bókar. Framkvæmdastjórinn tók vel í það og forseti þingsins, Douglas Bereuter, einnig. Þjóðverjinn Markus Meckel sagði að ekki mætti gleyma ástandi mála á Balkanskaga og minnti á að átök í Kosovo-héraði nokkrum vikum áður sýndu fram á að enn væri mikið verk óunnið í þeim heimshluta. Ítalinn Giovanni Forcieri tók undir þetta og sagði jafnframt að umræðan um Stór-Miðausturlönd væri á nokkrum villigötum. Arabaríki tækju illa í þetta frumkvæði NATO og litu svo á að um enn frekari heimsvaldastefnu Bandaríkjanna væri að ræða. Í lok þessa dagskrárliðar kynntu formenn málefnanefnda NATO-þingsins verkefnin fram undan. Í lok umræðunnar sagði framkvæmdastjórinn að ekki mætti ganga út frá því sem vísu að starfsemi og starfshættir NATO-þingsins héldust óbreyttir til frambúðar. Oft áður hefði verið rætt um að fjölga málefnanefndum og kynni svo að fara að rétt væri að láta verða af því. Þá eyddi hann töluverðum tíma í að ræða kynningu á starfsemi NATO-þingsins og frumkvæði í þá veru. Sagði hann að erfitt væri fyrir NATO-þingið sjálft að reyna að auka umfjöllun um starfsemina því að við ramman reip væri að draga í Brussel þar sem mýgrútur stofnana væri staðsettur og mikil samkeppni um athygli fjölmiðla. Taldi hann að landsdeildirnar sjálfar

væru best færar um að kynna starfsemina í heimalöndum sínum og hvatti þær til dáða í þeim efnum.

Næst á dagskrá voru umræður um málefni Líbýu sem höfðu verið nokkuð í deiglunni síðan Líbýustjórn ákvað að hætta við alla smíði gereyðingarvopna og koma búnaði þeim sem hún hafði komið sér upp í hendur alþjóðlegra eftirlitsstofnana og Bandaríkjamanna. Forseti þingsins sagði að atburðir í Líbýu væru sannarlega afar jákvæðir en að sama skapi hefðu þeir varpað ljósi á hve brothætt ástandið er þegar smygl á búnaði til smíði gereyðingarvopna varðar. Til grundvallar umræðum lá skýrsla sem skrifstofa NATO-þingsins hafði undirbúið að beiðni forsetans m.a. til að velta upp spurningunni hvort bjóða ætti þjóðþingi Líbýu að gerast aðili að Miðjarðarhafshópi NATO-þingsins líkt og þingum annarra N-Afríkuríkja. Michel Boucheron, formaður Miðjarðarhafshóps NATO-þingsins, sagði að hann færi varlega í yfirlýsingar í kjölfar ákvarðana Líbýustjórnar jafnvel þótt hann fagnaði þeim. Sagði hann að hann sæi fært að meðhöndla Líbýumenn á sama hátt og Líbana og Sýrlendinga, þ.e. að fulltrúum þjóðþingsins yrði boðið að vera viðstaddir fundi. Þá minnti hann enn fremur á að rétt væri að fulltrúar Íraka sætu einnig fundi hópsins. Donald Anderson sagði að áfanganum bæri að fagna og að taka ætti eins vel á móti Líbýumönnum í samfélag þjóðanna og unnt væri. Fleiri tóku undir þau orð og töldu að breytingarnar í stefnu ríkisstjórnar Gaddafis væru djúpstæðar. Lúxemborgarinn Nicolas Bettendorf sagðist gjalda varhug við þessari stefnubreytingu Gaddafis en hann væri þó hlynntur því að bjóða Líbýuþingi að senda fulltrúa á fundi hópsins. Í sama streng tók Pierre Lellouche, formaður frönsku landsdeildarinnar. Í máli formanns portúgölsku landsdeildarinnar komu fram varnaðarorð og minnti hann á að Líbýumenn hefðu sýnt það á undanförnum árum að þeir hygðust efla svæðisbundin áhrif sín og ylli það miklum áhyggjum. Niðurstaða umræðnanna varð sú að margir voru efins um einlægan friðarvilja Líbýumanna en að rétt væri að bjóða þeim að senda fulltrúa sína á fundi Miðjarðarhafshóps NATO-þingsins. Simon Lunn sagði að það yrði gert fyrir fund hópsins í Napólí sem ráðgert var að halda í byrjun júlímánaðar.

Þá var rætt um samskipti NATO-þingsins við rússnesku dúmuna en nokkur brögð höfðu verið að því að stjórnarnefndarfulltrúar kvörtuðu undan þeim samskiptum. Framhald varð á þeim umræðum og Rússar sakaðir um að vera fastir í klafa kalda stríðsins og að mikillar hugarfarsbreytingar væri þörf innan dúmunnar. Þar næst var rætt um beiðni frjálsra félagasamtaka franska blaðamanna sem farið hefðu þess á leit við þingið að það ræddi sérstaklega um vernd blaða- og fréttamanna í stríðsátökum. Var þessu máli vísað til félagsmálanefndar.

Þá voru teknar fyrir breytingartillögur á þingsköpum er vörðuðu aðallega fjölda varaforseta og varaformanna nefnda. Hugmyndir þessa efnis höfðu komið fram á undanförnum missirum, einkum í ljósi þess að aðildarríkjunum mundi fjölga um sjö. Nokkrar umræður urðu um þetta og voru tillögurnar samþykktar eftir nokkurt þref. Guðmundur Árni Stefánsson lagði fram sáttatillögu til lausnar málinu. Því næst efndi norska landsdeildin til kynningar á fyrirhuguðum fundi NATO-þingsins í Spitzbergen í byrjun ágúst. Að því loknu var rætt um fjármál þingsins og hélt Þjóðverjinn Lothar Ibrügger framsögu. Þá var rætt um komandi fundi og þinghald NATO-þingsins en vorfundurinn fer fram í Bratislava, ársfundurinn í Feneyjum og stjórnarnefndarfundur næsta árs í Reykjavík. Rætt var um skipulag og tilhögun undirbúningsins.

Undir liðnum önnur mál urðu nokkrar umræður um meint tilboð eins fulltrúa bandarísku landsdeildarinnar um að varnar- og öryggismálanefnd þingsins yrði boðið að fara í vinnuferð til Guantanamó-fangabúðanna sem lúta stjórn Bandaríkjanna. Greinilegt var að upp hafði komið misskilningur á ársfundinum í Orlandó og sögðu bandarísku fulltrúarnir á fundinum að slíkt boð hefði aldrei verið lagt fram í nafni sendinefndarinnar sem slíkrar heldur hafi þar

verið einstaklingur sem talaði. Þessu mótmælti hollenski þingmaðurinn Joos van Gennip harðlega og hélt fast við að um boð hefði verið að ræða. Margir urðu til að taka undir með Bandaríkjamönnum um að ekkert formlegt boð hefði borist NATO-þinginu og við það sæti. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að þessu til viðbótar væri með öllu óljóst hvort varnar- og öryggismálanefndin væri best til þess fallin að heimsækja Guantanamó-búðirnar og samsinntu því margir.

c. Vorfundur.

Dagana 27. maí–1. júní sl. var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Bratislava. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson, Magnús Stefánsson og Einar Oddur Kristjánsson í forföllum Árna R. Árnasonar formanns, auk Andra Lútherssonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Guðmundur Árni sat fundi stjórnarnefndar, samstarfsnefndar NATO-þingsins og Rússlandsþings og félagsmálanefndar. Þá tók Magnús Stefánsson þátt í fundum varnar- og öryggismálanefndar og efnahagsnefndar. Einar Oddur Kristjánsson sótti fundi stjórnmálanefndar. Guðmundur Árni Stefánsson, starfandi formaður, var höfundur skýrslu félagsmálanefndar um mansal og barnasölu og hélt framsöguerindi á fundinum og sat fyrir svörum fundarmanna.

Í stjórnmálanefnd voru til umræðu skýrslur Hollendingsins Berts Koenders um Atlantshafsbandalagið (NATO) og beitingu herafla, Þjóðverjans Ruprecht Polenz um öryggishugtak Evrópusambandsins og þýðingu þess fyrir ESB og NATO, og skýrsla Ítalans Marco Minniti um öryggismál suðausturhluta Evrópu og þýðingu öryggissamstarfs ESB og NATO. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Ivan Korcok, utanríkisráðherra Slóvakíu, sem ræddi um niðurstöður leiðtogafundarins í Istanbúl, hershöfðinginn Vincent lávarður, rektor Cranfield-háskóla, sem ræddi um framlag Atlantshafsbandalagsins til friðar og stöðugleika í breyttri heimsmynd, og að lokum William Potter, yfirmaður Centre for Nonproliferation Studies í Monterrey Kaliforníu, sem ræddi um öfga- og hryðjuverkahópa og aðgang þeirra að gereyðingarvopnum.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur Frakkans Pierre Lellouche um starfsemi bandalagsins í Afganistan og aukið umfang starfsemi NATO, bandaríska þingmannsins John Shimkus og Portúgalans Julio Miranda Calha um möguleika aðildarríkjanna á að uppfylla skilyrði Istanbúl-samþykktarinnar, Kanadamannsins David Price um þróun hraðliðs NATO og samstarf ESB og bandalagsins á því sviði. Fundinn ávörpuðu þeir Juraj Liska, varnarmálaráðherra Slóvakíu, Goetz Gliemeroth, hershöfðingi og fyrrum yfirmaður ISAF, gæslusveita NATO í Afganistan, sem ræddi um stöðu mála í landinu, og Andrzej Tyszkiewicz, hershöfðingi og fyrrum yfirmaður fjölþjóðaliðsins í Írak, sem ræddi um reynslu Pólverja af gæslustarfinu í Írak.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur þýska þingmannsins Verenu Wohlleben um stöðugleika í Kákasuslýðveldunum, Rúmenans Petre Roman um samspil lýðréttinda og baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi, og skýrsla Guðmundar Árna Stefánssonar um baráttuna gegn barnasölu í Evrópu. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Laszló Nagy, formaður mannréttindanefndar slóvaska þingsins, sem fjallaði aðallega um aðstæður og réttindi minnihlutahópa í Slóvakíu, Vincuk Viacorka, leiðtogi stjórnarandstöðuaflanna í Hvíta-Rússlandi, sem ræddi um einangrun Hvíta-Rússlands frá alþjóðasamfélaginu og benti á leiðir fyrir bæði NATO og ESB til að hafa áhrif á lýðræðisþróun í landinu. Þá héldu þingmennirnir Oliver Ivanovic og Alush Gashi frá Kosovo-héraði framsögur á fundinum og fjölluðu um ástand mála í héraðinu. Í framsögu Guðmundar Árna kom fram að þrátt fyrir að mikil umræða hefði verið um mansal og sölu barna og ungmenna á síðustu missirum hefði árangurinn við að

stemma stigu við þessu böli látið á sér standa. Hvað barnasölu varðaði væri ljóst að misindismenn notfærðu sér sakleysi fórnarlamba sinna og væri erfitt að eiga við vandann þar eð markaðurinn, ef svo mætti að orði komast, væri afar dulinn. Meginorsakir ört vaxandi sölu barna og ungmenna mætti rekja til falls kommúnismans í Austur-Evrópu og sóknar óvandaðra aðila í skjótfenginn gróða. En ekki mætti gleyma því að fimmtán ár væru liðin frá þeim atburðum og enn örlaði ekkert á skilvirkum aðgerðum til að berjast gegn mansali og barnasölu. Sagði Guðmundur Árni að meginástæða þessa væri sú að alþjóðasamfélaginu hefði ekki tekist að meta umfang vandans á hlutlægan hátt og þar með hefði ekki skapast færi á að finna raunverulegar leiðir til að berjast gegn honum. Í framsögunni kom enn fremur fram að nauðsynlegt væri að tengja þennan vanda við öra hnattvæðingu og glæpastarfsemi á internetinu. Þá tengdi hann barnasölu einnig við aðra alþjóðlega glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfjasmygl og vopnasmygl. Minnti hann áheyrendur á að þrátt fyrir að unnt væri að gera skýr skil á milli þeirra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu sem væru nokkurs konar byrjunarreitur þessa ferlis, þ.e. þar sem konum og börnum væri rænt eða þau tæld á fölskum forsendum, og ríkari landa Vestur-Evrópu sem væru áfangastaðurinn, þá væri ljóst að allir töpuðu á þessum glæp. Þá rakti Guðmundur Árni nokkrar staðreyndir um vandann og hugsanlegar leiðir til lausnar hans. Sagði hann NATO kjörinn vettvang til að fjalla um þessi mál, ekki síst í ljósi þess að um eiginlegt öryggismál væri að ræða. Þá fagnaði hann frumkvæði Bandaríkjamanna og Norðmanna innan NATO en þeir hefðu beitt sér fyrir umræðum um mansal á vettvangi NATO. Góður rómur var gerður að framsögu Guðmundar Árna.

Í efnahagsmálanefnd voru til umræðu skýrsla hollenska þingmannsins Jos van Gennip um uppbyggingar- og þróunarstarf í Afganistan og Írak, skýrsla Bretans Michael Gapes og Bandaríkjamannsins John Tanners um efnahagslegar afleiðingar fólksflutninga og útvistunar, og skýrslu Bretans Harry Cohen um áhrif efnahagsþróunar Mið- og Austur-Evrópu á umhverfið. Fundinn ávörpuðu Julius Brocka, varaformaður fjárlaganefndar slóvaska þingsins, sem fjallaði hann um efnahagsþróun í landinu, Ronald N. Weiser, sendiherra Bandaríkjanna í Slóvakíu, og Mark Duffield, prófessor í Lancaster-háskóla í Englandi.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrsla kanadíska þingmannsins Pierre Claude Nolin um útbreiðslu kjarnavopna og skýrslu Þjóðverjans Lothars Ibrüggers um eldflaugavarnir og geimvopn. Fund nefndarinnar ávörpuðu Tibor Mikus, þingmaður og formaður Slovak Energy Forum, sem fjallaði um kjarnorkuvinnslu Slóvaka, og Robert Bell, aðstoðarforstjóri SAIC Brussels, sem fjallaði um þær ógnir sem NATO stafaði af eldflaugum.

Efnt var til fimmta fundar samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins á vorfundinum í Bratislava. Ekki er um eins náið samstarf að ræða á þessum vettvangi líkt og í samstarfsnefnd NATO og rússneskra stjórnvalda en þrátt fyrir það töldu þingmenn að nokkur árangur hefði þegar orðið af starfinu og þá sérstaklega í því að ná meiri samhljóm NATO og Rússlands í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Tvö málefni lágu til grundvallar umræðum og voru þau valin af Rússum líkt og tíðkast hefur á þeim fundum sem þegar höfðu verið haldnir. Annars vegar var rætt um samstarfið milli NATO og Rússlands og þá öryggishagsmuni sem þar færu saman. Hins vegar var rætt um lærdóm sem draga mætti af aðgerðum í Afganistan til varnar hryðjuverkum. Rússneski þingmaðurinn Zavarzin sagði í framsögu sinni að ljóst væri að samstarf NATO og Rússlands hefði staðið af sér deilur þær sem átt höfðu sér stað í aðdraganda stækkunar Atlantshafsbandalagsins, sérlega m.t.t. stöðu Eystrasaltsríkjanna þriggja. Þrátt fyrir ágreiningsefni væri samstarfið farsælt og byggðist að mestu á því að hagsmunir beggja aðila færu saman í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna. Benti þingmaðurinn á að Pútín forseti hefði sagt nokkrum vikum áður að afstaða Rússlands til stækkunar NATO væri óbreytt og að báðir aðilar hefðu fullt

frelsi til að reka þá öryggisstefnu sem þeim hentaði svo fremi að það stofnaði ekki sameiginlegum hagsmunum í Evrópu í voða. Þá ræddi Zavarzin um tiltekna þætti samstarfs NATO og Rússlands og benti á leiðir til úrbóta. Rússneski þingmaðurinn Viktor Ozerov hélt einnig framsögu og ræddi þar aðallega hryðjuverkavána sem herjaði á Vesturlönd. Sagði hann að Rússar ættu við mikinn vanda að glíma á þessu sviði og lagði áherslu á að ekkert eitt ríki gæti náð árangri í baráttunni við öfgahópa og hryðjuverkaöfl, skilvirkt samstarf yrði að koma til. Nokkrar umræður urðu um framsögur Rússanna tveggja og var mikill samhljómur í því að þær hefðu verið uppbyggilegar. Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna fundu þó að því að orðalag í þeirra garð hefði verið fjandsamlegt.

Fundur stjórnarnefndarinnar í Bratislava var fyrsti fundur hennar með 26 fullgildum aðildarríkjum og var því fagnað í upphafi. Fyrsta dagskrármál voru málefni Úkraínu og sagði Douglas Bereuter, forseti þingsins, frá opinberri heimsókn sinni til landsins stuttu áður. Sagði hann úkraínsk stjórnvöld hafa lýst yfir einlægum áhuga sínum á að gerast aðilar að evrópskum stofnunum og þá NATO sérstaklega. Til að svo mætti verða yrðu stjórnvöld að hrinda í framkvæmd umfangsmiklum umbótum sem mundu verða afar óvinsælar í landinu. Sagði Bereuter að forsetakosningarnar næsta haust yrðu afar mikilvægur prófsteinn í þessu máli og tók undir ráðleggingar breska þingmannsins Peters Viggers um að mikilvægt væri að NATO-þingið sinnti eftirliti í kosningunum. Þá mæltist forsetinn til þess að stjórnarnefndin sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fram kæmi hversu ríka áherslu NATO-þingið legði á lýðræðislegar umbætur í landinu. Þá var umræðum beint að ástandi mála í Afganistan. Forsetinn sagði að í ljós hefði komið á síðustu mánuðum að afar erfiðlega hefði gengið fyrir NATO að útvega nægan mannskap og búnað til að sinna friðargæslu í Afganistan með fullnægjandi hætti. Mundi hann því rita ráðamönnum í NATO-ríkjunum öllum bréf þar sem farið væri fram á aðstoð. Góður rómur var gerður að þessu frumkvæði forsetans enda um alvarlegt vandamál að ræða. Þónokkrir fundarmanna vildu að efni bréfsins yrði einnig notað í yfirlýsingu sem samþykkt yrði á þingfundinum næsta dag en niðurstaðan varð sú að svo var ekki. Vildi forsetinn ekki að efni bréfsins yrði gert opinbert áður en stjórnvöld aðildarríkjanna fengju þau í hendur. Þá var mælst til þess að á næsta fundi stjórnarnefndarinnar mundu formenn landsdeilda upplýsa um hvað stjórnvöld í þeirra landi hefðu gert til að styðja við friðargæsluverkefnið í Afganistan.

Næst var fjallað um skýrslu framkvæmdastjóra NATO-þingsins, Simon Lunn, um starfið á árinu. Vék Lunn nokkrum orðum að starfi Miðjarðarhafshópsins og sagði mikilvægi hans hafa aukist mikið á undanförnum missirum. Sagði hann að umfang starfsins ykist á næstunni enda væri Miðjarðarhafshópurinn orðinn einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi þingsins og svo yrði áfram. Þá ræddi Lunn stuttlega um samstarfið við Rússlandsþing en fulltrúar NATO-þingsins sem sótt hafa sameiginlega nefndarfundi í Moskvu hafa kvartað nokkuð undan skorti á samstarfi og nokkuð fjandsamlegu yfirbragði funda. Sagði Lunn að þessum ábendingum hefði verið komið á framfæri og að hann ætti von á umbótum á því sviði. Þá tók franski þingmaðurinn Michel Boucheron, formaður Miðjarðarhafshópsins, til máls og sagði stuttlega frá fundi hópsins í Marokkó í vetur. Mælti hann til þess að stjórnarnefndin styddi ósk marokkóskra stjórnvalda um aukaaðild að NATO-þinginu. Slíkt mundi mælast mjög vel fyrir í öðrum íslamskum ríkjum í norðanverðri Afríku og í Stór-Miðausturlöndum. Miklar umræður urðu um þetta mál og voru skoðanir manna ólíkar. Sumum þótti að NATO-þingið væri að teygja sig alllangt frá megintilgangi sínum en aðrir töldu að ekki væri hægt að svara ósk Marokkómanna neitandi, slíkt væri ekki uppbyggilegt ef litið væri til mikilvægis Norður-Afríku til öryggis og stöðugleika í Evrópu. Stungið var upp á því að menn greiddu

um tillöguna atkvæði en fallið frá því þar sem slíkt þótti of áhættusamt. Mæltist forsetinn til þess að skrifstofa NATO-þingsins ynni tillögur um úrlausn þessa máls fyrir næsta fund.

Því næst ræddu formenn málefnanefndanna um nefndastarfið á næstunni. Athygli vakti að í þeim umræðum komu aftur upp spurningar um framgöngu Rússa á fundum NATO-þingsins og fjandsamlegt viðmót þeirra.

NATO-þingið hélt upp á 50 ára starfsafmæli sitt árið 2004 og í því ljósi spurði framkvæmdastjórinn nefndarmenn hvort þeir hefðu einhverjar hugmyndir um hvernig standa ætti að því að fagna þeim áfanga. Sagði hann að ákveðið hefði verið að gefa út bók af þessu tilefni þar sem farið væri yfir helstu áfanga þingsins og starf þess. Voru menn á einu máli um að ársfundurinn í Feneyjum yrði góður vettvangur til að minnast hálfrar aldar farsæls samstarfs innan þingsins.

Næst voru teknar fyrir óskir Makedóníu, Albaníu og Króatíu um að fá að sitja fundi stjórnarnefndarinnar. Framkvæmdastjórinn sagði hefðina vera þá að um leið og aðildarríki NATO hefðu undirritað bókanir um aðild nýrra ríkja hefðu þau getað sent fulltrúa sína á fund stjórnarnefndarinnar til áheyrnar. Vissulega væru þessi ríki að sækja um aðild en nokkuð væri þó enn í land. Ef orðið yrði við óskum þeirra fælist í því nokkur breyting á starfsháttum þingsins. Voru menn sammála um að fresta ákvörðun um þetta þar til eftir ársfundinn í Feneyjum.

Því næst voru teknar fyrir nokkrar breytingar á þingsköpum NATO-þingsins. Flestar voru þær almenns eðlis en nokkrar umræður urðu um tvær tillögur, þ.e. hvort fjölga ætti varaforsetum og hvaða ferli færi í gang gæti forsetinn ekki lengur sinnt skyldum sínum. Samþykkt var að varaforsetar yrðu fimm og þá var samþykkt að ef forseti gæti ekki lengur gegnt skyldum sínum kæmi forsætisnefndin sér saman um hver varaforsetanna tæki að sér embættið uns kosið yrði aftur. Michel Boucheron bar þá fram tillögu um að Miðjarðarhafsnefndin yrði gerð formlega að málefnanefnd þingsins líkt og þær fimm sem fyrir væru. Var málinu frestað. Að lokum var fjallað um fundi þá sem fram undan væru.

Þingfundur var haldinn þriðjudaginn 1. júní. Fundinn ávörpuðu Douglas Bereuter, forseti NATO-þingsins, Pavel Hrusovský, forseti slóvaska þingsins, Mikulas Dzurinda, forsætisráðherra Slóvakíu, Mohamed El-Baradei, framkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO. Svöruðu hinir þrír síðastnefnd spurningum þingmanna. Að lokum voru breytingar á þingsköpum samþykktar og þinginu kynnt yfirlýsing stjórnarnefndarinnar um stöðu mála í Úkraínu frá því deginum áður.

d. Ársfundur.

Dagana 12.–16. nóvember var ársfundur NATO-þingsins haldinn í Feneyjum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Einar Oddur Kristjánsson, formaður, og Magnús Stefánsson, auk Andra Lútherssonar, ritara Íslandsdeildar. Magnús Stefánsson tók þátt í fundum varnar- og öryggismálanefndar og efnahagsnefndar og Einar Oddur Kristjánsson sótti fundi stjórnmálanefndar. Á fundi félagsmálanefndar var lögð fram skýrsla Guðmundar Árna Stefánssonar, varaformanns Íslandsdeildar, sem ekki átti heimangengt, um mansal og barnasölu og var meðfylgjandi ályktun samþykkt á þingfundi. Fundurinn í Feneyjum hélst í hendur við 50. ára starfsafmæli NATO-þingsins (áður Norður-Atlantshafsþingsins) og var því efnt til sérlegs fundar fulltrúa NATO-þingsins með Norður-Atlantshafsráðinu, sem í sitja sendiherrar aðildarríkjanna og framkvæmdastjóri NATO. Fór sá fundur fram að morgni laugardagsins 13. nóvember. Bandaríkjamaðurinn Douglas Bereuter, forseti NATO-þingsins, lét af embætti sínu á fundinum og í hans stað var sjálfkjörinn Frakkinn Pierre Lellouche.

Í stjórnmálanefnd voru til umræðu ályktun Hollendingsins Berts Koenders um samskipti ríkja Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafsstrenginn, skýrsla sama þingmanns um Atlantshafsbandalagið (NATO) og beitingu herafla, skýrsla Þjóðverjans Ruprecht Polenz um öryggishugtak Evrópusambandsins og þýðingu þess fyrir ESB og NATO, og skýrsla Ítalans Marco Minniti um öryggismál suðausturhluta Evrópu og þýðingu öryggissamstarfs ESB og NATO. Að venju fluttu sérfræðingar og sérlegir gestir erindi á fundinum. Að þessu sinni ávörpuðu fundinn Maurizio Moreno, fastafulltrúi Ítalíu hjá Atlantshafsbandalaginu, sem ræddi einkanlega um horfur í öryggismálum Miðjarðarhafssvæðisins, áhrif öfgahópa í norðanverðri Afríku og viðbúnað NATO vegna ógna frá því svæði, og Claire Spencer, sérfræðingur í Miðausturlöndum við Chatham House stofnunina í Lundúnum. Hann ræddi um tengd málefni og þá sérstaklega færar leiðir til að stemma stigu við hryðjuverkaógninni sem frá Miðausturlöndum stafaði. Sunnudaginn 14. nóvember flutti Guiliano Amato, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu og einn varaforseta stjórnarskrárnefndar ESB, ávarp þar sem hann ræddi hlutverk ESB í alþjóðlegum öryggismálum og samskipti ESB og NATO. Auk Amatos fluttu Ítalirnir Ferdinando Salleo, fyrrum sendiherra Ítalíu í Bandaríkjunum, og Stefano Silvestri, forseti ítölsku alþjóðamálastofnunarinnar (Istituto Affari Internazionali), erindi um öryggis- og varnarmálastefnu Ítalíu og framlag landsins til alþjóðamála.

Í varnar- og öryggismálanefnd var til umræðu ályktun Pierre Lellouche um aðgerðir NATO í Afganistan og hún samþykkt og vísað til þingfundar. Þá var og á fundinum fjallað um skýrslu Pierre Lellouche um starfsemi bandalagsins í Afganistan, skýrslu bandarískra þingmannsins John Shimkus um möguleika aðildarríkjanna á að uppfylla skilyrði Prag-samþykktarinnar, og skýrslu Bretans John Smith um þróun hraðliðs NATO og samstarf ESB og bandalagsins á því sviði. Fundinn ávörpuðu Giampaolo De Paola aðmíráll, starfsmannastjóri varnarmálaráðuneytisins ítalska, sem fjallaði um framlag Ítala til verkefna bandalagsins, Michael G. Mullen aðmíráll, yfirmaður herstjórnar bandalagsins í Napólí, sem fjallaði um herstjórnarbreytingar NATO og öryggismálasamvinnu NATO og ESB, Julian Lindley-French, yfirmaður Geneva Centre for Security Policy, sem fjallaði í erindi sínu um sameiginlega stefnu Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum (ESDP), og Alessandro Politi, sérfræðingur í njósnamálum og meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, sem fjallaði um upplýsingaþátt aðgerða bandalagsins í Afganistan og Írak.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu ályktunardrög Guðmundar Árna Stefánssonar um baráttuna gegn barnasölu í Evrópu. Voru drögin samþykkt með smávægilegum breytingum og send til þingfundar. Efnt var til almennra umræðna um skýrslu Guðmundar Árna og flutti formaður nefndarinnar, Alice Mahon, framsögu í fjarveru þingmannsins. Auk skýrslu Guðmundar Árna fjallaði nefndin um skýrslu þýska þingmannsins Verenu Wohlleben um stöðugleika í Kákasuslýðveldunum þremur. Að venju kallaði nefndin til sérfræðinga til að ræða tiltekin málefni á verksviði nefndarinnar. Þeir voru: Antonio D'Ali, aðstoðardómsmálaráðherra Ítalíu, sem ræddi um baráttu ítalskra stjórnvalda gegn mansali og barnasölu, Andrea Rossi, verkefnisstjóri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), sem fjallaði um hlutverk Sameinuðu þjóðanna og frjálsra félagasamtaka við að stemma stigu við barnasölu og það umhverfi sem þessir aðilar þyrftu að vinna í, Robert Menard, forseti samtakanna Fréttamenn án landamæra, sem fjallaði um hlutverk og stöðu fréttamanna í stríðsátökum, Rodney Pinder, yfirmaður samtaka um öryggi fréttamanna, sem fjallaði um fjölmiðlun á stríðstímum, erfiðar vinnuaðstæður fréttamanna og ýmsar siðferðislegar og faglegar spurningar sem stríðsfréttaritarar stæðu frammi fyrir. Sunnudaginn 14. nóvember voru flutt tvö erindi er tengdust stríðsátökunum í Írak. Corrado Dalzini, fyrrum yfirmaður hersveita Ítala í Írak, fjallaði um aðgerðir bandalagsins í landinu, og Ítalinn Pietro Del Sette, yfirmaður Miðausturlandadeildar

mannúðarsamtakanna Movimondo, fjallaði um mannréttindamál í Írak í kjölfar aðgerða hersveita Bandaríkjamanna, Breta og annarra þjóða. Að lokum fjallaði Sabine Freizer, yfirmaður Kákasusdeildar International Crisis Group, erindi um aðgerðir rússneska hersins í Téténíu, pólitíska þróun mála í Kákasus almennt og alþjóðleg áhrif hins pólitíska óróa sem einkennt hefur svæðið frá endalokum Sovétríkjanna.

Í ályktun Guðmundar Árna Stefánssonar kom fram að eðli og umfang vandans sem stafaði af barnasölu væri þess eðlis að ekkert eitt ríki gæti unnið að þessum málum án náins samráðs við önnur ríki. Um alþjóðlega glæpastarfsemi væri að ræða og krefðust viðbrögð náins samstarfs ríkisstjórna og þjóðþinga allra Evrópuríkja með það fyrir augum að móta stefnu og efla bæði landslög og alþjóðalög þannig að þau tækju mið af vandanum. Þá var áhyggjum lýst yfir vegna þess hve þróunin hefur verið ör á síðustu fáeinum árum og vandinn þar af leiðandi yfirgripsmikill, t.d. vegna nýrra flutningsleiða. Í ályktuninni var ítrekað að náið samstarf yrði að vera á milli þeirra ríkja sem flokka mætti sem „uppsprettu" barnasölu, þeirra ríkja sem þjónuðu því hlutverki að vera milliliður og loks þeirra ríkja sem væru ákvörðunarstaður barna sem smyglað væri með ólöglegum hætti. Var frumkvæði ýmissa samevrópskra stofnana og samtaka í baráttunni gegn barnasölu fagnað, sérstaklega frumkvæði Evrópuráðsins og umræðum á þeim vettvangi um nauðsyn heildarsáttmála um bann við mansali og barnasölu. Brýnt væri hins vegar að alþjóðastofnanir forðuðust allan tvíverknað á þessu sviði og því væri ríkt nauðsyn á nánu samráði þeirra í milli. Í ályktuninni var einnig vikið að einstökum efnisþáttum og bent á leiðir til úrbóta hvað varðaði: löggjöf, aðstoð við fórnarlömb, samráðsferli innan lands og á alþjóðavettvangi, og þjálfun starfsfólks.

Í efnahagsmálanefnd voru til umræðu skýrsludrög nefndarinnar um uppbyggingar- og þróunarstarf í Írak og Afganistan, þau samþykkt með nokkrum breytingum og send til þingfundar. Þá var rætt um samnefnda skýrslu Hollendingsins Jos van Gennip, skýrslu Bretans Harry Cohen um áhrif efnahagsþróunar Mið- og Austur-Evrópu á umhverfið, skýrslu tvímenninganna Michael Gapes frá Bretlandi og Bandaríkjamannsins John Tanners um efnahagslegar afleiðingar fólksflutninga og útvistunar (e. outsourcing), og skýrslu rússneska þingmannsins Victor Voitenko um efnahagslegar afleiðingar ópíumframleiðslu í Afganistan. Fund nefndarinnar ávörpuðu Luigi Paganetto, prófessor í alþjóðahagfræði við Tor Vergata-háskólann í Rómaborg, Guiseppe Bono, framkvæmdastjóri ítalska fyrirtækisins Fincantieri, Robert Skidelsky lávarður, prófessor í stjórnmálahagfræði við háskólann í Warwick í Bretlandi, og Eveline Herfkens, forstöðumaður Millennium-þróunarverkefnisins sem er á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Í vísinda- og tæknineftnd voru til umræðu skýrsludrög kanadíska þingmannsins Pierre Claude Nolin um hömlur á útbreiðslu kjarnavopna og samnefnd skýrsla þingmannsins. Þá var enn fremur rætt um skýrslu Þjóðverjans Lothars Ibrüggers um eldflaugavarnir og geimvopn. Fund nefndarinnar ávörpuðu Antonio Catalano Di Melilli, forstöðumaður deildar afvopnunarmála og alþjóðlegra öryggismála hjá utanríkisráðuneyti Ítalíu, sem fjallaði um framlag Ítala til afvopnunarverkefna sem 8 helstu iðnríki heims (G-8) standa að, og Ítalinn Decio Ripandelli, forstöðumaður alþjóðasamskipta við International Centre for Genetic Engineering and Biotechnology, sem fjallaði um alþjóðlega samvinnu um öryggi í líftækniiðnaði.

Sjötti fundur samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins var haldinn samhliða ársfundinum í Feneyjum. Meginefni fundarins var ástand mála í Kákasus og var mestum tíma umræðna varið í það mál auk þess sem fjallað var um baráttuna gegn hryðjuverkum. Tveimur sérlegum gestum var boðið að ávarpa fundinn, þeim Solomon Passy, utanríkisráðherra Búlgaríu, sem fór með formennsku í ráðherraráði Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) árið 2004, og bandaríska þingmanninum Alcee Hastings, nýkjörnum

forseta ÖSE-þingsins. Passy fór í erindi sínu yfir helstu áhersluatriði Búlgara í formennskutíð þeirra og þá sérstaklega hvað stofnunin hefði gert til að stuðla að friðvænlegri framtíð í Kákasuslýðveldunum. Sagði hann að bæði NATO og ÖSE stefndu að sömu markmiðum á svæðinu og lagði áherslu á að ÖSE hefði tiltæk ýmis úrræði til að bæta ástand mála. Tiltók hann sérstaklega góðan árangur landamæraeftirlits á vegum ÖSE á landamærum Georgíu og Rússlands og íhlutun ÖSE til að koma viðræðum Armena og Asera um Ngorno-Karabakh á rekspöl. Þá ræddi Passy um hlutverk ÖSE til lausnar deilunni um Transdniestríu. Í ávarpi Alcee Hastings, forseta ÖSE-þingsins, kom fram að samvinna og samráð milli ÖSE, NATO og Rússlands væri afar mikilvægt, sérstaklega nú um stundir, ekki síst í ljósi sameiginlegra hagsmuna sem byggðust á friði í Kákasus. Nokkrar umræður urðu á fundinum og vörðu rússnesku þingmennirnir stefnu þarlendra stjórnvalda í Kákasus og hvöttu NATO-ríkin til að styðja sig einarðlega í baráttunni við þá harðsvíruðu öfgahópa sem hefðu skilið eftir blóði drifna slóð í Rússlandi að undanförnu.

Stjórnarnefndarfundur var haldinn 15. nóvember. Að loknum hefðbundnum dagskrárliðum flutti framkvæmdastjóri NATO-þingsins, Simon Lunn, munnlega skýrslu um starfsemi þingsins á árinu. Fór hann í fyrstu yfir á hvaða landsvæðum áherslur þingsins lægju og sagði að framhald hefði verið á því að nefndir þingsins einbeittu sér að ríkjum Suðaustur-Evrópu, þ.m.t. ríkjum þeim sem kæmu til álita við næstu stækkunarlotu bandalagsins. Þá væri aukinn áhugi á Kákasussvæðinu, sérstaklega af hálfu félagsmálanefndar. Lunn sagði að hingað til hefði þingið ekki beint sjónum sínum að Mið-Asíuríkjunum sem NATO hefði aukið samstarf við á síðustu árum en á hinn bóginn gætti aukins áhuga nefndanna á að efla tengslin við þessi ríki, ekki síst í ljósi nálægðar þeirra við Afganistan, þar sem NATO væri nú að sinna einu af stærstu og mikilvægustu verkefnum sínum. Í því ljósi ítrekaði hann mikilvægi efnislegrar umræðu um málefni Stór-Miðausturlanda og undirstrikaði hið góða starf sem Miðjarðarhafsnefnd NATO-þingsins hefði sinnt á undanförnum árum við að efla samskipti við þjóðþing í löndum norðanverðrar Afríku og í Miðausturlöndum. Minntist hann á að Marokkó hefði þegar sóst eftir aukaaðild að þinginu og að Alsírbúar hefðu farið fram á áheyrnaraðild. Þá vék framkvæmdastjórinn að samskiptum NATO-þingsins við rússneska þingið en á síðustu fundum stjórnarnefndarinnar hafði gætt nokkurrar gagnrýni á Rússa fyrir framkomu þeirra á sameiginlegum fundum í Moskvu og þótti hún einkennast af fullmikilli andúð í garð fulltrúa NATO-þingsins. Sagðist Lunn vonast til að þetta ástand lagaðist við að frá og með næsta ári funduðu aðeins einstakar nefndir í Moskvu en ekki margar saman eins og á fyrri árum. Að loknu erindi framkvæmdastjórans tóku við almennar umræður og formenn málefnanefnda sögðu frá fundum, ferðum og annarri starfsemi sem ráðgerð væri á næsta ári. Næst á dagskrá var staða þeirra ríkja sem ekki eru fullgildir aðilar að NATO- þinginu. Fyrir nefndinni lá sú ákvörðun að veita þingi Marokkó annars vegar aukaaðild eða hins vegar að búa til sérstaka aukaaðild sem gilti um Miðjarðarhafsríkin þar sem þau gerðust aukaaðilar á öðrum forsendum en þau Evrópuríki sem hafa átt aukaaðild að þinginu. Miklar umræður urðu um þetta mál þar sem ýmis rök voru tínd til. Að lokum var atkvæðagreiðsla um málið í nefndinni. Aukaaðild Marokkóþings var felld og því ákveðið að búa til sérstaka aukaaðild fyrir Miðjarðarhafsríkin og fengu Marokkóar slíka aðild. Enn fremur var kosið um hvort Bosnía og Hersegóvína og Serbía og Svartfjallaland fengju aukaaðild að NATO-þinginu og voru báðar tillögur felldar. Því næst voru teknar fyrir framkomnar breytingartillögur við þingsköp – sem fjölluðu í megindráttum um starfsemi málefnanefndanna, fjölda nefndarmanna og annað slíkt – og voru þær allar samþykktar. Þá var vikið að fjármálum þingsins og fjárhagsáætlun næsta árs. Flutti gjaldkeri þingsins, Þjóðverjinn Lothar Ibrügger, framsögu þar sem fram kom að fjármál þingsins væru í góðu horfi. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 var sam-

þykkt. Að lokum var rætt um þá fundi sem fram undan væru hjá NATO-þinginu, einkanlega stjórnarnefndarfundinn, sem haldinn verður í Reykjavík í apríl, og vor- og ársfundinn. Nokkrar umræður urðu um dagsetningar stóru fundanna þar sem það hefur farið nokkuð fyrir brjóstið á sumum að vorfundinn hefur oft borið upp á hvítasunnu. Engar breytingar voru þó gerðar en þeim tilmælum beint til landsdeilda að hafa helgidaga í huga þegar dagsetningar væru ákveðnar með löngum fyrirvara.

Sem fyrr sagði var efnt til sérstaks fundar NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðsins með þátttöku fastafulltrúa aðildarríkja NATO, Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra bandalagsins, auk utanríkisráðherra Noregs, Jan Petersen. Þeir tveir síðastnefndu fluttu ávörp á fundinum ásamt þeim Douglas Bereuter, forseta NATO-þingsins, Giovanni Lorenzo Forcieri, formanni ítölsku landsdeildarinnar, og Paolo Costa, borgarstjóra Feneyja. Að framsögum loknum tóku við almennar umræður þar sem tæpt var á helstu málefnum á vettvangi NATO nú um stundir.

Þingfundur var haldinn þriðjudaginn 16. nóvember. Var fundurinn með hefðbundnu sniði, þ.e. forseti þingsins og tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Giancarlo Galan, forseti Veneto-héraðs, Marcello Pera, forseti öldungadeildar ítalska þingsins, Minuto Rizzo, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO, James L. Jones, yfirmaður sameinaðs herafla NATO í Evrópu (SACEUR), Roberto Antonione, varautanríkisráðherra Ítalíu, Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, og Elsa Papadimitriou, varaforseti VES-þingsins. Þá var Frakkinn Pierre Lellouche sjálfkjörinn forseti NATO-þingsins til næstu tveggja ára. Sex þingmenn voru í framboði til kjörs fimm varaforseta þingsins. Einn þeirra, Pierre Claude Nolin, var sá eini sexmenninganna sem var frá öðru Norður-Ameríkuríkjanna og því sjálfkjörinn. Þá var ákveðið á fundi stjórnarnefndarinnar að eitt sæti yrði frátekið fyrir fulltrúa nýju aðildarríkjanna og stóð þá valið milli Slóvakans Jozef Banás og Rúmenans Mihail Lupoi. Fóru leikar þannig að Banás hlaut fleiri atkvæði. Aðrir þingmenn voru sjálfkjörnir, þ.e. tyrkneski þingmaðurinn Vahit Erdem, Ítalinn Giovanni Lorenzo Forcieri, og hollenski þingmaðurinn Bert Koenders. Því næst samþykkti þingfundurinn breytingar á þingsköpum auk þess sem þjóðþingi Kasakstan var veitt áheyrnaraðild. Að lokum fluttu skýrsluhöfundar framsögur með ályktunum sem málefnanefndirnar höfðu lagt fram. Voru ályktanirnar allar samþykktar.

e. Transatlantic Forum NATO-þingsins.

Dagana 6. og 7. desember efndi NATO-þingið og Atlantshafsráð Bandaríkjanna, ásamt National Defence University, til fundar um helstu málefni Atlantshafssamstarfsins í Washington D.C. – fundurinn nefnist Transatlantic Forum. Fundurinn fór fram í húsakynnum National Defence University (NDU) í McNair-virki í Washington og var þetta í þriðja sinn sem slíkur fundur var haldinn. Þátttakendur voru þingmenn nokkurra aðildarríkja og auka-aðildarríkja NATO-þingsins auk embættismanna og sérfræðinga í alþjóðamálum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Magnús Stefánsson, auk Andra Lútherssonar ritara. Þá sótti Auðunn Atlason, sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Washington D.C., fundinn. Segja má að megintilgangur Transatlantic Forum sé að gera fulltrúum NATO-þingsins kleift að ræða sameiginleg málefni er varða öryggi og varnir Evrópu og Bandaríkjanna við þá aðila í bandaríska stjórnkerfinu sem næst eru ákvörðunartökuferlinu. Þátttaka hefur verið afar góð í þessum fundum og umræður hreinskiptar og upplýsandi. Fundurinn var skipulagður á þann hátt að nokkur svið alþjóðamála sem hátt hafði borið á undangengnum missirum voru tekin fyrir. Þar má nefna utanríkismálastefnu nýrrar Bandaríkjastjórnar, varnarviðbúnað og hernaðargetu, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi,

samstarf NATO og ESB, samstarfsríki NATO, staða mála í Afganistan og samskiptin yfir hafið – Atlantshafsstrengurinn. Tilhögun fundanna var sú að bandarískir sérfræðingar héldu framsögur um málefnin og sátu svo fyrir svörum þingmanna og annarra fundargesta.

Framsögumenn á fundinum voru Stephen Flanagan, forstöðumaður National Strategic Studies hjá NDU, Henry E. Catto Jr., forstöðumaður Atlantic Council of the United States, Simon Lunn, framkvæmdastjóri NATO-þingsins, James Steinberg, forstöðumaður rannsókna í alþjóðamálum við Brookings-stofnunina, Robert Kagan, fræðimaður við Carnegie-stofnunina, Ian Brzezinski, varaaðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjastjórnar, Thomas E. McNamara, fræðimaður við George Washington háskóla, James Q. Roberts, tímabundinn varaaðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjastjórnar, Leo Michel, fræðimaður við NDU, Robert Beecroft, sendiherra og fræðimaður við US National War College, Ellen Laipson, forseti og framkvæmdastjóri Henry L. Stimson miðstöðvarinnar, Kurt Volker, deildarstjóri við þjóðaröryggisráð Bandaríkjanna, Michael Parmly, fræðimaður við NDU, Joseph J. Collins, prófessor við National War College, og að lokum flutti Marc Grossman, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna fyrirlestur. Porter Goss, forstjóri leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA), hugðist ávarpa fundinn en forfallaðist á síðustu stundu. Greint verður hér frá helstu atriðum í ræðum framsögumanna.

Í máli Jim Steinbergs kom fram að ljóst væri að ekki mætti búast við miklum breytingum á utanríkisstefnu Bandaríkjanna á nýju kjörtímabili George Bush Bandaríkjaforseta. Þó mætti greina aukinn skilning stjórnvalda á mikilvægi skilvirks fjölþjóðasamstarfs (e. effective multilateralism) sem í raun væri ákveðin viðurkenning á þeirri staðreynd að Bandaríkin, hversu öflug sem þau kynna að vera, þurfa á bandalagsríkjum að halda í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Sagði Steinberg neikvæða ímynd Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi standa bandarískri utanríkisstefnu fyrir þrifum og til að breyta því yrðu stjórnvöld að hverfa frá því að reka einungis þrönga sérhagsmuni Bandaríkjanna og taka í auknum mæli tillit til hagsmuna og forgangsröðunar annarra ríkja. Ekki væri nóg að krefjast þess að önnur ríki tækju hagsmuni og stefnumið Bandaríkjanna alvarlega heldur yrðu Bandaríkjamenn að gera slíkt hið sama fyrir aðra. Aðeins þannig geti Bandaríkin fengið á nýjan leik þann pólitíska stuðning sem þau nutu eftir 11. september 2001 og nauðsynlegur er til að alþjóðasamfélagið geti brugðist við þeim úrlausnarefnum sem blasa við. Þá ræddi Steinberg um Írak, sem hann sagði miðlægt í allri umfjöllun um alþjóðastjórnmál nú um stundir. Sagði hann að menn yrðu að átta sig á því að það þurfi samstarf margra þjóða til að ná árangri í landinu og ef Bandaríkjamönnum takist ekki að afla nauðsynlegs stuðnings mundi umheimurinn horfa fram á söguleg mistök.

Robert Kagan fjallaði sömuleiðis um ásýnd og stefnumið nýrrar Bandaríkjastjórnar í augum umheimsins og var að mörgu leyti á svipuðu máli og Steinberg. Rifjaði hann upp að lengi hefði gætt þeirrar tilhneigingar Bandaríkjamanna að loka sig frá umheiminum og helst kjósa einhliða aðgerðir til framgangs sínum hagsmunum og því ætti sú umræða ekki að hafa komið á óvart á síðustu missirum. Lagði hann líka áherslu á að hernaðarlegt mikilvægi Evrópu hefði minnkað ört á síðustu áratugum og að í mörgum málum færu hagsmunir Evrópu og Bandaríkjanna ekki lengur saman. Taldi hann að nýrrar hugsunar væri þörf beggja vegna Atlantsála, Bandaríkjamenn yrðu að hætta að tortryggja Evrópusambandið og ESB-ríkin yrðu að koma til móts við Bandaríkin í málum sem augljóslega væru sameiginleg hagsmunamál. Mesta hættan væri þó sú að ESB mundi beina sjónum sínum æ meira inn á við og missa áhugann á umheiminum.

Í ávarpi sínu fjallaði Ian Brzezinskis um breytingar sem orðið hafa á NATO í því skyni að auka aðgerðagetu bandalagsins. Rakti hann í stuttu máli stofnun hraðliðs NATO, upp-

stokkun á herstjórnarkerfi bandalagsins, ákvörðunina um aðgerðir utan svæðis (e. out of area operations), aðgerðir NATO í Afganistan og nú síðast ákvörðunina um að aðstoða við þjálfun öryggissveita Íraks. Sagði hann þessa gjörbreytingu sem orðið hefði á NATO á síðustu árum undirstrika mátt og megin bandalagsins, bæði til að laga sig að nýju ógnarumhverfi og ráðast í aðgerðir af nýjum toga. Brzezinski benti á mikilvægi verkaskiptingar herja NATO-ríkja og ítrekaði að herir yrðu að búa yfir réttri getu. Í lok máls síns lýsti hann áhyggjum Bandaríkjastjórnar yfir þeirri ákvörðun fimm NATO-ríkja, þ.e. Þýskalands, Frakklands, Belgíu, Spánar og Grikklands, að samþykkja á leiðtogafundinum í Istanbúl þjálfunarverkefni NATO í Írak, en undanskilja á síðari stigum fulltrúa sína í alþjóðastarfsliði NATO frá þátttöku í þessu sama verkefni. Sagði Brzezinski þetta vera hættulegt fordæmi sem græfi undan alþjóðastarfsliði NATO og aðgerðagetu bandalagsins.

Thomas E. McNamara og James Q. Roberts fjölluðu um baráttuna gegn hryðjuverkum og viðbúnað Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins í erindum sínum. Í máli þeirra beggja kom fram að viðbúnaður hefði ekki verið nægilegur árið 2001 en að mikið vatn hefði runnið til sjávar síðan. Lögðu þeir til ýmsar færar leiðir svo auka mætti viðbúnaðinn enn frekar og sáu fyrir sér aukið hlutverk NATO í því tilliti. Aðrir framsögumenn fjölluðu um afmörkuð efni líkt og samskipti ESB og NATO, friðarsamstarf NATO og aðgerðir bandalagsins í Afganistan.

Í hádegisverðarávarpi sínu við lok ráðstefnunnar lagði Marc Grossman, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, áherslu á mikilvægi Atlantshafstengslanna. Sagði hann þá staðreynd að framkvæmdastjóri NATO var fyrsti gestur Bandaríkjaforseta eftir sigur hans í nýafstöðnum forsetakosningum undirstrika mikilvægi samvinnu Evrópu og Bandaríkjanna í huga bandarískra stjórnvalda. Að mati Grossman munu fjórir þættir ráða mestu um þróun alþjóðamála í framtíðinni. Í fyrsta lagi væri það hin hnattræna barátta gegn hryðjuverkum. Í öðru lagi væri það hnattvæðingin hvort sem litið væri til efnahagslegra, tæknilegra eða stjórnmálalegra þátta. Í þriðja lagi nefndi hann framrás markaðsbúskapar og lýðræðis, sem legði grunninn að friði og öryggi. Að síðustu ræddi Grossman um samstarf Evrópu og Bandaríkjanna í öryggis- og utanríkismálum og hvatti til aukins og áþreifanlegs samstarfs Evrópu og Bandaríkjanna í þremur fyrstnefndu málaflokkunum og ítrekaði mikilvægi þess að ríki væru fús til aðgerða í anda áherslunnar á skilvirkt fjölþjóðasamstarf.

f. Nefndarfundir.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu fjölmarga nefndarfundi á árinu. Magnús Stefánsson fór á nefndarfund öryggis- og varnarmálanefndar í Washington D.C. og Norfolk í lok janúarmánaðar og á Transatlantic Forum NATO-þingsins í byrjun desember. Þá sótti Guðmundur Árni Stefánsson fund félagsmálanefndar í Moldóvu í febrúar og fundi Miðjarðarhafsnefndarinnar í Marokkó í apríl, í Napólí í júlí og í Máritaníu í október. Í tengslum við störf sín sem skýrsluhöfundur félagsmálanefndar sótti Guðmundur Árni einnig ráðstefnu um mansal í Trier í Þýskalandi. Einar Oddur Kristjánsson sótti sömuleiðis fundi Miðjarðarhafsnefndarinnar í Marokkó og Máritaníu. Þá sótti Guðmundur Árni Transatlantic Forum NATO-þingsins í Washington D.C., auk Magnúsar Stefánssonar og ritara.

Alþingi, 15. febr. 2005.

Einar Oddur Kristjánsson, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 2004.

Vorfundur í Bratislava, 27. maí–1. júní:
- Yfirlýsing stjórnarnefndar um forsetakosningar í Úkraínu 31. október 2004.

Ársfundur í Feneyjum, 12.–16. nóvember:
- Ályktun nr. 328, um barnasölu og mansal.
- Ályktun nr. 329, um aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Afganistan.
- Ályktun nr. 330, um vandann við uppbyggingarstarf að átökum í Afganistan og Írak loknum.
- Ályktun nr. 331, um aðgerðir til að bæta Atlantshafsstrenginn.
- Ályktun nr. 322, um hömlur gegn útbreiðslu kjarnavopna.

•

Fylgiskjal II.

Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum á þinginu fjölgað ört og hefur starfssvið þess því verið víkkað til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þá gætir aukinna samskipta NATO-þingsins við ríki norðanverðrar Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs með tilkomu Miðjarðarhafshópsins svonefnda. Níu lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægra ríkja (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins kleift að koma á framfæri áhuga og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum í ýmsum löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóð-

þingum með aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildar- og aukaaðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd, og vísinda- og tæknineínd. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem þó hefur ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir og hópar eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra þandalagsins á vorfundum og ársfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert, til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe C æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og einnig Evrópusambandsins og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Aukaaðild og samskiptin við ríkin í austri.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantsála er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. NATO-þingið (þá Norður-Atlantshafsþingið) hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékklands og Slóvakíu), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússlands) fengu aukaaðild að þinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldóvu, Rúmeníu, Slóveníu, Úkraínu, Króatíu, Armeníu og Aserbaídsjan fengið aukaaðild að þinginu. Sjö þessara ríkja eru nú fullgildir aðilar að NATO og þá NATO-þinginu einnig. En auk þessara Mið- og Austur-Evrópuríkja eiga Austurríki, Sviss, Svíþjóð og Finnland aukaaðild að NATO-þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum ríkjanna tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum er varða Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður Atlantshafsþingsins, þeim Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir NATO-þingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið og Austur Evrópu. Meginþátturinn í Rose Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið og Austur Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt mikið af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölþjóðlegur umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða

óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og taka ákvörðun um fjárveitingar til varnarmála og herafla. NATO-þingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið og Austur Evrópu til stuttrar rannsóknardvalar (í þrjá til sex mánuði) á skrifstofu þingsins í Brussel. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til að starfslið þjóðþinganna geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana. Af margvíslegri starfsemi NATO-þingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd við hefðbundið hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og embættismenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 248 þingmenn frá aðildarríkjunum 26. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru skipaðar 18 þingmönnum hver. Kanada, Pólland, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert ríki. Frá Rúmeníu koma 10 fulltrúar og frá Búlgaríu sex. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi, Portúgal, Tékklandi og Ungverjalandi koma sjö frá hverju ríki. Danmörk, Slóvakía og Noregur senda fimm fulltrúa, Litháen fjóra og Ísland, Lúxemborg, Lettland og Eistland þrjá. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 59 þingmenn frá 13 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Hafa þeir þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Embættismenn þingsins eru sjö og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fimm varaforsetar). Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra landsdeilda aðildarríkja NATO, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

Fylgiskjal III.

<table>
<tr><td colspan="3">NATO-ÞINGIÐ
Kemur saman á þingfundi tvisvar á ári, á vorfundi og ársfundi.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

26 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins,
248 þingmenn.

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli
við fólksfjölda.</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Armeníu, Aserbaídsjan, Austurríki, Króatíu, Finnlandi, Makedóníu, Georgíu, Moldóvu, Rússlandi, Sviss, Svíþjóð og Úkraínu.

Hafa ekki atkvæðisrétt.</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega.

Forseti, fimm varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri.</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda.
Formenn nefnda.

Hvert land hefur eitt atkvæði.

Kemur saman þrisvar á ári.</td><td>Samstarfsnefnd NATO-þingsins og rússneska þingsins

Formenn sendinefnda.

Hvert land hefur eitt atkvæði.

Kemur saman tvisvar á ári.</td></tr>
<tr><td>Nefndarfundir

Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd.
Varnar- og öryggismálanefnd.
Efnahagsnefnd.
Stjórnmálanefnd.
Vísinda- og tækninefnd.
Miðjarðarhafshópur.*

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir.

Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga.

*Miðjarðarhafshópurinn hefur ekki formlega stöðu málefnanefndar.</td><td>Þingfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og um fjárhagsáætlun.

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi.

Hlýða á ávörp gesta.

Með þátttöku auka- og áheyrnaraðila.</td><td>Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað.

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose Roth áætlunarinnar.</td></tr>
</table>

860. Skýrsla [572. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2004.

I. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES- samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku EES-samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Eins og önnur aðildarríki á Alþingi fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og Evrópusambandsins (ESB), gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar hittist fyrir hvern fund og á milli funda ef þörf er á. Hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd EES (95. gr. samningsins). Í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá hinum þremur EES-aðildarríkjum EFTA (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur fyrir ákveðin málefni hverju sinni, stendur fyrir skýrslugerð og ályktar. Skýrslugerð um hvert mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingsmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð, en nefndin lætur venjulega frá sér ályktun þegar umfjöllun um málið er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist

náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB koma á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í upphafi árs 2004 skipuðu Íslandsdeildina eftirfarandi þingmenn: Gunnar Birgisson, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Birkir J. Jónsson, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki sjálfstæðismanna, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn: Birgir Ármannsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Jónína Bjartmarz, þingflokki framsóknarmanna, Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna, og Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Hinn 5. febrúar 2004 tók Bryndís Hlöðversdóttir sæti aðalmanns í stað Össurar Skarphéðinssonar. Íslandsdeildin var endurkjörin í upphafi 131. þings hinn 1. október og voru formaður og varaformaður endurkjörnir á fyrsta fundi nefndarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs. Deildin hélt tvo fundi á árinu.

III. Nokkur atriði úr starfi Íslandsdeildar og þingmannanefnda EFTA og EES árið 2004.

Gunnar Birgisson var formaður þingmannanefndar EFTA árið 2004 og bar því höfuðábyrgð á starfi nefndarinnar. Hann var jafnframt varaformaður þingmannanefndar EES, en fulltrúi Evrópuþingsins fór með formennsku á árinu. Bryndís Hlöðversdóttir kom ný inn í starf framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Stækkun ESB og EES settu vissulega svip sinn á starf nefndanna á árinu og voru mál þessu tengd nokkuð til umræðu, sérstaklega fyrri hluta árs. Þingmannanefndirnar fjölluðu töluvert um áætlun ESB um innri markaðinn 2003–2006, sérstaklega fyrirhugaða lagasetningu á einstökum sviðum áætlunarinnar. Nokkuð var fjallað um málefni þróunarsjóðs EFTA, en segja mætti að aðkoma að ákvarðanatöku og lýðræðisleg vinnubrögð hafi verið fyrirferðarmest í umræðum þingmannanefndar EES á árinu. Tvær skýrslur voru teknar til umfjöllunar um þessi málefni, annars vegar skýrsla um hlutverk sveitarstjórna í ESB og á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar um hlutverk þingmanna þegar kemur að mótun ákvarðana í EES. Í báðum tilfellum taldi nefndin að ýmissa úrbóta væri þörf og leggur fram tillögur þar að lútandi. Þá var fjallað um innleiðingu ESB-gerða í löggjöf aðildarríkjanna og um þátttöku EFTA/EES-ríkja í Lissabon-ferlinu.

Samskipti við þriðju ríki voru ofarlega á baugi í starfi þingmannanefndar EFTA. Mikið var lagt upp úr umræðum um þau mál á fundum með ráðherrum á árinu. Þingmannanefndin lagði áherslu á gerð fríverslunarsamninga við Japan, Mercosur, Suður-Kóreu, Taíland og Bandaríkin. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að ljúka samningum við Kanada og við lönd við Miðjarðarhaf.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA taldi mikilvægt að eiga fundi með fulltrúum þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna vegna inngöngu þeirra í ESB og voru slíkir fundir haldnir í febrúar 2004. Var EES-samningurinn rækilega kynntur á þessum fundum og aðkoma EFTA/EES-ríkjanna að mótun löggjafar ESB og helstu hagsmunamál. Þá var rætt um hvernig gott samstarf í Evrópumálum þar sem hagsmunir fara saman geti nýst bæði EFTA/EES-ríkjunum og Eystrasaltsríkjunum. Framkvæmdastjórnin fór jafnframt til fundar við þingmenn í

Búlgaríu og Rúmeníu til að kynna EES og ræða Evrópumál. Eru fundir af þessu tagi orðnir mikilvægur liður í starfi framkvæmdastjórnarinnar.

Formaður þingmannanefndar EFTA lagði áherslu á að nefndin ætti að sýna frumkvæði og taka upp mál sem væru mikilvæg í viðskiptalegu tilliti þó að þau hefðu ekki áður verið rædd á vettvangi EFTA. Hann minnti á að það væri hlutverk þingmannanefndarinnar að sýna pólitísk hugrekki, að ögra ráðherrunum og hvetja til umræðu um erfið mál. Að tillögu formanns var því ákveðið að hefja umfjöllun um viðskipti með landbúnaðarvörur. Landbúnaðarmál eru orðin mikilvægur hluti af milliríkjasamningum á sviði viðskipta og vildi nefndin skoða þennan málaflokk með stefnumótunarvinnu í huga. Málið var tekið til umræðu á þremur fundum á árinu og voru fengnir fyrirlesarar til að fjalla um landbúnaðarmál, en jafnframt fengu landsdeildir upplýsingar frá sínum ráðuneytum sem voru skoðaðar í nefndinni. Á síðasta fundi ársins, eftir ítarlega umfjöllun, samþykkti þingmannanefndin tímamótaályktun um landbúnaðarmál sem hún beindi til ráðherraráðsins. Beðið er nú viðbragða ráðherranna. Fjallað er um efni ályktunarinnar síðar í ársskýrslunni.

Þingmannanefnd og ráðgjafanefnd EFTA héldu sameiginlega ráðstefnu í Reykjavík 21. október í tilefni af tíu ára afmæli EES-samningsins. Á ráðstefnunni var fjallað um hlutverk EFTA og EES í nýrri Evrópu. Ráðstefnan var um margt mjög gagnleg. Hún var haldin í kjölfar þess að tíu ný aðildarríki gengu í ESB, nýtt Evrópuþing hafði verið kjörið og ný framkvæmdastjórn ESB tilnefnd. Ráðstefnan gaf þátttakendum tækifæri til að kryfja þau viðfangsefni sem EES-samstarfið stendur frammi fyrir og ræða um hvernig megi takast á við þau. Ekki var komist að neinni ákveðinni niðurstöðu, enda ekki ætlunin, en þátttakendur náðu að skilgreina betur verkefni EFTA/EES-ríkjanna. Þingmannanefndin þarf að vinna úr þeim umræðum sem fram fóru og nota sem hugmyndabanka í sínu starfi.

Venja er að Íslandsdeild haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en nýtt forusturíki tekur við á sex mánaða fresti. Á árinu hélt deildin fundi með fulltrúum Evrópunefndar hollenska þingsins. Á slíkum fundum kynnir deildin helstu þætti EES-samstarfsins. Sérstök áhersla er lögð á stöðu Íslands og gagnkvæmar skuldbindingar ESB og EFTA/EES-ríkjanna, auk þess sem farið er yfir helstu þætti Evrópuumræðunnar á Íslandi, sérstaklega afstöðu Íslendinga til sjávarútvegsstefnu ESB. Jafnframt eru önnur málefni tengd EES-samningnum rædd eftir því sem tími gefst til. Því miður náðist ekki að halda fund með Evrópunefnd þingsins í Lúxemborg sl. haust áður en þeir tóku við formennsku í ESB um áramótin, þar sem tími sem hentaði báðum aðilum fannst ekki.

IV. Yfirlit yfir fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu og frásagnir af þeim.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2004. Þingmannanefnd EES hélt tvo fundi og þingmannanefnd EFTA fjóra fundi, auk tveggja funda með ráðherraráði EFTA. Til viðbótar var haldinn einn samráðsfundur með ráðgjafanefnd EFTA, en í henni sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Þingmannanefnd EFTA samþykkti eina ályktun. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu.

i. 45. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 73./41. fundur þingmannanefndar EFTA, sem haldnir voru í Brussel 29. mars 2004.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Björgvin G. Sigurðsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildarinnar.

Aðalmálið á dagskrá fundar þingmannanefndar EFTA var samstarf við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga. William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA, gaf greinargott yfirlit yfir stöðu mála og ræddi framtíðarmöguleika á þessu sviði. Kom m.a. fram að samningur við Kanada var enn í biðstöðu. Hann sagði frá því að í lok janúar 2004 komu EFTA-ríkin fram með yfirgripsmikla tillögu til að reyna að ná samningum um skipasmíðar, en að viðbrögð Kanadamanna við henni væru mjög varfærnisleg og að ekki mætti búast við frekari viðbrögðum fyrr en eftir kosningar í Kanada sem voru fyrirhugaðar um haustið. Hann undraðist afstöðu Kanadamanna, þar sem skipasmíðar í Kanada og Noregi væru ekki í samkeppni, enda um ólíkar vörur að ræða. Hann taldi síðasta tilboð EFTA mjög sanngjarnt. Rossier sagði að líklega tækist að klára samninga við Egyptaland og Túnis um vorið og skrifa ætti undir fríverslunarsamning við Líbanon á ráðherrafundi EFTA í júní. Hann vonaðist til að ljúka mætti samningum við SACU (Southern African Customs Union: Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka, Svasíland) fyrir árslok 2004, en þetta væri í fyrsta skipti sem EFTA-ríkin semdu við ríkjahóp. Hann sagði að væntanlega hæfust viðræður við Suður-Kóreu í lok 2004 eða í byrjun 2005. Kannað yrði með viðræður við Sýrland þegar það land hefði skrifað undir samstarfssamning við ESB. EFTA-ríkin væru að skoða möguleikann á samningi við Bandaríkin. Í máli Rossier mátti greina að landbúnaðarmál væru að verða mun fyrirferðarmeiri í samningaviðræðum en áður hefði verið, enda þau mál mikilvæg fyrir mörg þeirra ríkja sem nú væri rætt við. Fram kom að Japan hefði ekki áhuga á fríverslunarsamningi við EFTA sem stæði, því þar væri nú verið að einbeita sér að samningum við nágrannaríki. Guðlaugur Þór Þórðarson fagnaði fréttum af væntanlegum viðræðum við Suður-Kóreu og lagði áherslu á að setja Bandaríkin í forgang. Björgvin G. Sigurðsson fjallaði um samninginn við Egypta og sérstaklega þau vandamál sem upp höfðu komið í tengslum við fjárhagsaðstoð og verslun með kartöflur.

Aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, Öystein Hovdkinn, sem hafði nýlega tekið til starfa kom í fyrsta skipti á fund nefndarinnar. Hann fjallaði um stofnun nýrrar skrifstofu til að hafa umsjón með fjárframlögum EFTA/EES-ríkjanna til fátækari svæða ESB (Financial Mechanism Office).

ii. 22. fundur þingmannanefndar EES 26.–27. apríl, 45. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA 27. apríl og fundur Íslandsdeildar með Evrópunefnd hollenska þingsins í Haag 28. apríl 2004.

Fund þingmannanefndar EES sátu Gunnar Birgisson, Birkir J. Jónsson og Björgvin G. Sigurðsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Fundinn sóttu embættismenn frá ESB og EFTA til að ræða þróun EES-samningsins og viðbrögð framkvæmdarvaldsins við ályktunum síðasta fundar þingmannanefndarinnar. Joseph Lynch sendiherra var fulltrúi utanríkisráðherra Írlands á fundinum. Hann fagnaði því að tekist hefði að gera ráðstafanir til að stækkun ESB og EES gæti farið fram á sama tíma 1. maí. Hann fagnaði jafnframt þróunarsjóði EES. Þá vék hann að því að EFTA-ríkin stæðu sig mjög vel hvað varðar innleiðingu gerða ESB í lög. Hann sagði að enn væri eftir að taka ákvörðun um þátttöku EFTA/EES-ríkjanna í starfi stofnana ESB um matvælaöryggi og flugöryggi og vonaðist til að hægt yrði að ganga frá málinu fljótlega. Hann taldi mikilvægt að taka til endurskoðunar skilyrði fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur milli Íslands og ESB. Þá minntist Lynch á áhyggjur EFTA/EES-ríkjanna vegna ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB um að hefja rannsókn á viðskiptum með eldislax. Hann ræddi áframhaldandi þátttöku EFTA/EES-ríkjanna í Lissabon-ferlinu og tillögu framkvæmdastjórnar ESB að nýrri löggjöf á sviði þjónustuviðskipta, en hún mun skipta miklu máli fyrir innri markaðinn. Nikolaus prins af Liechtenstein lagði

mjög jákvætt mat á þróun EES-samningsins. Hann sagði að samningurinn væri ótrúlega vel á sig kominn og uppfyllti þær kröfur sem til hans væru gerðar, þ.e. hann tryggði þátttöku EFTA/EES-ríkjanna í innri markaði ESB. Hann minntist á nýlegar ákvarðanir fastanefndar EES um að taka inn í samninginn mikilvægar gerðir, m.a. á sviði fjarskipta. Von væri m.a. á ákvörðun vegna samkeppnislaga og reglna um sameiningu fyrirtækja. Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB mætti ótrúlega illa undirbúinn á fundinn og gat í raun ekkert lagt fram til umræðunnar. Hannes Hafstein fór yfir málefni ESA og stöðu EFTA/EES-ríkjanna gagnvart innleiðingu gerða, en þau mál voru almennt í mjög góðu lagi.

Tvær skýrslur voru teknar til umfjöllunar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Í fyrsta lagi var tekin til umræðu skýrsla um ársskýrslu hinnar sameiginlegu EES-nefndar fyrir árið 2003. Í öðru lagi var tekin fyrir skýrsla um hlutverk sveitarstjórna í ESB og á Evrópska efnahagssvæðinu. Bryndís Hlöðversdóttir var meðhöfundur skýrslunnar, en í fjarveru hennar kynnti Björgvin G. Sigurðsson skýrsluna. Í ályktuninni sem samþykkt var á fundinum er m.a. harmað að ekki skuli vera gert ráð fyrir samstarfi sveitarstjórna á EES-svæðinu í EES- samningnum, lagt er til að sveitarstjórnarnefnd verði sett á laggirnar innan EFTA og að praktísk lausn verði fundin til að koma á óformlegu samráði á milli sveitarstjórnanefndar EFTA og sveitarstjórnanefndar ESB.

Þingmannanefnd EES tók að beiðni norsku sendinefndarinnar fyrir ályktunardrög um bann ESB við notkun CO-gass við pökkun á fersku kjöti. Í ályktun sem var samþykkt var m.a. lagt til að Noregur fengi aðlögunartíma í tengslum við bann sem tók gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 1. júlí sl.

Fund með fulltrúum Evrópunefndar hollenska þingsins sóttu formaður og ritari, en Holland tekur við forustu í ESB um áramótin. Þrír hollenskir þingmenn sátu fundinn, allir miklir sérfræðingar í Evrópumálum. Gunnar Birgisson reifaði ýmis mál, m.a. stækkun EES, sjávarútvegsstefnu ESB, frjálsa fólksflutninga og frjáls þjónustuviðskipti, m.a. málefni starfsmannaleigna.

iii. 47. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 74./42. fundur þingmannanefndar EFTA, 5. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðgjafanefnd EFTA og 30. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA sem haldnir voru í Montreux 24.–25. júní 2004.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, Bryndís Hlöðversdóttir, Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson og Sigurður Kári Kristjánsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Gunnar Birgisson stýrði öllum fundum sem formaður þingmannanefndar EFTA.

Franz Fischler úr framkvæmdastjórn ESB kom á fund þingmannanefndarinnar og ræddi landbúnaðarstefnu sambandsins, þær breytingar á stefnunni sem fyrirhugaðar eru frá 2005 og samningaviðræður á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á sviði landbúnaðar. Þá svaraði hann spurningum um sjávarútvegsstefnu sambandsins. Hann taldi að þörf væri á sterkri sameiginlegri sjávarútvegsstefnu og sagði aðspurður að ekki stæði til að færa forræði á þessu sviði aftur til aðildarríkjanna. Hann sagði ólíklegt að hægt yrði að fá undanþágu frá sameiginlegri fiskveiðistefnu, enda þyrfti samþykki allra aðildarríkja. Ljóst væri að kvótar væru ákveðnir í Brussel, en framkvæmd stefnunnar væri fyrst og fremst í höndum aðildarríkja. Réttur annarra ESB-ríkja til veiða byggðist á sögulegum forsendum og því yrði ekki aukin ásókn erlendra skipa innan íslenskrar landhelgi ef Ísland gerðist aðili að ESB.

Nefndin fékk yfirlit yfir nýgerða tvíhliða samninga Sviss við ESB. Um var að ræða níu málefnapakka á eftirfarandi sviðum: Skattlagning á sparifé (einn mikilvægasti pakkinn), barátta gegn fjársvikum (aukið samstarf í dómsmálum, hert barátta gegn peningaþvætti),

Schengen/Dublin-samningar (þátttaka með svipuðu sniði og hjá Íslandi og Noregi), unnar landbúnaðarvörur (samningnum svipar til viðauka þrjú við EES-samninginn og gerir ráð fyrir auknum markaðsaðgangi), umhverfismál (þátttaka Sviss í Umhverfisstofnun Evrópu), tölfræði, fjölmiðlar og menntamál/æskulýðsmál (þátttaka í áætlunum á öllum þessum sviðum), eftirlaunamál (aðgerðir til að forðast tvísköttun).

Haldinn var sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA og ráðgjafanefndar EFTA. Á fundinum kynnti starfsmaður EFTA-skrifstofunnar skýrslu um tillögu framkvæmdastjórnar ESB um þjónustuviðskipti. Fjallað var sérstaklega um starfsmannaleigur og hugsanleg áhrif á vinnumarkaðinn.

Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherrum voru á dagskrá samskipti við þriðju ríki, þ.e. gerð fríverslunarsamninga, og málefni EES. Þegar kemur að gerð nýrra fríverslunarsamninga í náinni framtíð vildi nefndin leggja áherslu á Japan, Mercosur, Suður-Kóreu, Taíland og Bandaríkin. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að ljúka samningum við Kanada og við lönd við Miðjarðarhaf. Þá tilkynnti nefndin ráðherrum að hún hygðist skoða viðskipti með landbúnaðarvörur á næstu missirum og taka þau mál upp við ráðherrana. Hvað EES-mál varðar var rætt m.a. um verkefni sem EFTA-ríkin standa frammi fyrir í kjölfar stækkunar EES, málefni innri markaðarins, nágrannastefnu ESB og Lissabon-ferlið. Þá var rætt lítillega um aðkomu þinganna að afgreiðslu EES-mála, sérstaklega mismunandi vinnubrögð í Noregi og á Íslandi.

iv. 34. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, 23. fundur þingmannanefndar EES, 49. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 75./43. fundur þingmannanefndar EFTA sem haldnir voru í Brussel 22.–24. nóvember 2004.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Lúðvík Bergvinsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Gunnar Birgisson stýrði öllum fundum sem formaður þingmannanefndar EFTA.

Þetta var fyrsti fundur nefndarinnar eftir Evrópuþingskosningar og voru því mörg ný andlit Evrópuþings megin. Diana Wallis (bresk, frjálslynd) sem tók virkan þátt í starfi nefndarinnar á síðasta kjörtímabili hafði tekið við formennsku í sendinefnd Evrópuþingsins. Varaformenn sendinefndarinnar eru Ewa Hedkvist Petersen (sænskur jafnaðarmaður) og Jens Peter Bonde (frá Júní-hreyfingunni í Danmörku). Sú nýbreytni er í starfi sendinefndarinnar að hún annast núna EES-samstarfið og jafnframt tvíhliða samskipti við Ísland, Noreg og Sviss, en áður voru tvær nefndir í Evrópuþinginu, önnur fyrir EES-samstarfið og hin fyrir tvíhliða samskipti við EFTA-ríki.

Í umræðum með fulltrúum EES-ráðsins og hinnar sameiginlegu EES-nefndar var rætt um möguleika þess að formaður og varaformaður þingmannanefndar EES sætu fundi EES-ráðsins. Bent var á að forseti Evrópuþingsins situr fundi ráðs ESB og að slíkt fyrirkomulag gæti auðveldað þingmönnum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Forseti sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem jafnframt var fulltrúi forseta ráðsins á fundinum, tók ekki illa í hugmyndina og sagðist reiðubúinn að ræða hana þó að hann gæti engu lofað. Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB gat ekki tjáð sig um tillöguna.

Tvær skýrslur voru teknar til umfjöllunar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Önnur fjallaði um innrimarkaðsáætlun ESB 2003–2006 og EES. Í ályktuninni er tæpt á mörgum atriðum áætlunarinnar, og m.a. hvatt til þess að áfram verði unnið að auknu frelsi í þjónustuviðskiptum en jafnframt lögð áhersla á verkalýðsmál og neytendavernd.

Hin skýrslan fjallaði um mótun ákvarðana í EES: hlutverk þingmanna. Í ályktuninni eru EES/EFTA-ríkin og þing þeirra m.a. hvött til þess að auka þátttöku þingmanna í umfjöllun

um EES-lagafrumvörp, þing EFTA-ríkjanna eru hvött til að auka samskipti sín við þjóðþing aðildarríkja ESB og þingmannanefnd EFTA er hvött til að taka aftur upp samband við COSAC með það fyrir augum að fá einhvers konar aðgang að því samstarfi.

Ákveðið var að frumkvæði Íslandsdeildar að taka umhverfismál og EES til skoðunar á næsta fundi nefndarinnar sem haldinn verður í apríl 2005, en jafnframt verður fjallað um ársskýrslu EES og um þjónustuviðskipti.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA gaf álit sitt á fjárhagsáætlun ESA fyrir 2005. Í álitinu var það harmað að EFTA- og ESA-skrifstofurnar skyldu ekki hafa samvinnu um nýtt húsnæði. Þá var lýst stuðningi við kröfur sem ESA hafði sett fram um launahækkanir og jafnframt lýst áhyggjum vegna tafa á afgreiðslu mála á sviði ríkisstyrkja. Framkvæmdastjórnin ræddi jafnframt um landbúnaðarmál á grundvelli pappíra sem hver sendinefnd hafði lagt fram og var ákveðið að taka málið upp við ráðherrana í desember.

Nýr yfirmaður þróunarsjóðs EFTA kom á fund þingmannanefndar EFTA og fór yfir starfsemi sjóðsins. Hann ræddi forgangsmál sjóðsins, skiptingu fjármagns á milli landa, hvernig sækja mætti um verkefnastyrki, hvernig greitt verður úr sjóðnum, hvernig fylgst verður með verkefnum og komið í veg fyrir svindl o.s.frv. Nefndin fékk því næst yfirlit yfir fyrirhugaða lagasetningu innan EES, bæði hjá deildinni sem sér um frjáls vöruviðskipti og deildinni sem sér um frjálst flæði þjónustu, fjármagns og fólks og þátttöku í áætlunum innan EES. Rætt var um almennar aðgerðir og lagasetningu á mörgum sviðum, m.a. á sviði samkeppnisreglna, vörumerkinga, vinnutíma, umhverfismála, peningaþvættis og neytendaverndar.

Yfirmaður COSAC-nefndarinnar í Brussel kom á fund þingmannanefndarinnar og skýrði frá starfseminni og því sem þar væri efst á baugi, en COSAC-nefndin er samráðsvettvangur þjóðþinga ríkja ESB, þar sem lagasetning ESB er m.a. til umræðu. Áheyrnaraðild hafa þau ríki sem sótt hafa um aðild að ESB.

v. 50. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 76./44. fundur þingmannanefndar EFTA og 30. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA sem haldnir voru í Genf 17. des. 2004.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, Bryndís Hlöðversdóttir, Birkir J. Jónsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar. Gunnar Birgisson stýrði fundum sem formaður þingmannanefndar EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA ræddi drög að ályktun um landbúnaðarmál sem hafði verið unnin í framhaldi af umræðum á síðasta fundi nefndarinnar. Formaðurinn sagði að vissulega hefðu landbúnaðarmál ekki verið rædd á EFTA-vettvangi fyrr, en það væri eitt af hlutverkum þingmannanefndarinnar að örva pólitíska umræðu og setja fram nýjar hugmyndir við ráðherraráðið. Hann taldi að fyrirliggjandi drög væru hófstillt og skynsamleg enda væri ekki krafist neinna stefnubreytinga, en einungis farið fram á að ráðherrarnir skoðuðu viss mál. Niðurstaða fundarins var sú að allar landsdeildir samþykktu ályktunina en norska landsdeildin gerði fyrirvara við tvær greinar hennar. Í ályktuninni er viðurkennt að landbúnaður er pólitískt viðkvæmt mál í öllum EFTA-ríkjum, að EFTA-ríkin hafi ekki sameiginlega landbúnaðarstefnu og að landbúnaðarmál séu tekin upp í tvíhliða viðræðum í tengslum við gerð fríverslunarsamninga. Stuðningi er lýst við fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna og hvatt er til að enn meiri áhersla verði lögð á gerð fríverslunarsamninga. Þá er bent á að engar viðræður um fríverslun hafi siglt í strand vegna landbúnaðarmála þó að slík mál hafi valdið erfiðleikum í samningaviðræðum, og lýst er áhyggjum af því að varnarhagsmunir EFTA-ríkjanna kunni að valda frekari erfiðleikum í framtíðinni við að ná viðtækum fríverslunarsamningum. Því er farið fram á að EFTA-ríkin skoði landbúnaðarstefnu

sína, skoði kosti og galla þess að bjóða upp á aukin viðskipti með landbúnaðarvörur m.t.t. komandi fríverslunarsamningaviðræðna og hugsanlegs umfangs þeirra. Þá er óskað eftir því að EFTA-ráðherrarnir íhugi hvort mögulegt sé að taka upp fríverslun í landbúnaði innan EFTA, þó að samningar við þriðju ríki væru áfram tvíhliða mál hvers ríkis fyrir sig.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru Doha-viðræðurnar á dagskrá sem og landbúnaðarmálin. Roderick Abbott, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, gaf nefndinni yfirlit yfir gang viðræðna. Hann taldi að þrátt fyrir bjartsýnistón í fjölmiðlum á þeim tíma væri alls ekki nógu góður gangur í viðræðunum. Lítið hefði gerst síðan sl. sumar þegar menn náðu áfanga í landbúnaðarmálunum. Hann sagði margar grundvallarákvarðanir vera eftir, þannig að ef ná ætti einhverjum bitastæðum árangri fyrir ráðherrafundinn sem fyrirhugaður er í desember 2005 þyrfti að halda mjög vel á spöðunum. Líklegast yrði reynt að klára eitthvað fyrir þann tíma svo að fundurinn yrði ekki algjörlega misheppnaður, en ákveðið að halda viðræðum svo áfram 2006. Hann taldi ólíklegt að Rússland, Úkraína eða Íran fengju aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni á næsta ári, enn væru of mörg mál óleyst.

Chris Carson, yfirmaður landbúnaðardeildar landbúnaðar- og skógræktarráðuneytis Nýja-Sjálands, kom á fundinn til að ræða viðskipti með landbúnaðarvörur og Doha-viðræðurnar frá sjónarhóli Cairns-hópsins, sem er hópur ríkja sem flytur út landbúnaðarvörur. Í máli hans kom m.a. fram að 50% útflutnings Nýja-Sjálands eru landbúnaðarvörur og því mjög mikilvægur hluti þjóðartekna. Ný-Sjálendingar hefðu því ekki efni á að niðurgreiða landbúnaðarframleiðslu, heldur yrði hún að standa undir sér. Cairns-hópurinn vildi fjalla um viðskipti með landbúnaðarvörur á sama grundvelli og önnur viðskipti. Ljóst væri að það markmið næðist ekki í yfirstandandi viðræðum en menn vildu ná raunverulegum árangri. Almennt væri samstaða um að fella niður útflutningsbætur. Þá væri mikilvægt að ná einhverjum árangri til að minnka stuðning við framleiðslu, en aðallega í vöruflokkum sem ekki eru framleiddir á Íslandi. Erfiðasta málið hefur verið varðandi markaðsaðgang, þar sem Cairns-hópurinn vildi fá fram verulega aukningu. Hann minnti á að EFTA-ríkin sæktust eftir framförum á sviði vöruviðskipta og þjónustuviðskipta, en þá yrðu jafnframt að koma til framfarir í landbúnaðarviðskiptum. Hann leit svo á að markmið EFTA-ríkjanna á sviði landbúnaðar væru pólitísk og félagsleg fremur en efnahagsleg. Hann taldi þau hafa fjárhagsleg úrræði til að ná þeim markmiðum án þess að afbaka landbúnaðarviðskipti. Þar sem landbúnaðarframleiðsla væri á annað borð styrkt taldi hann skárra að beina slíkum stuðningi að ákveðnu vandamáli, t.d. byggðamálum, en að vera með framleiðslutengdan stuðning. Ef markmiðið væri að tryggja afkomu bænda væri betra að styrkja þá beint en ekki styrkja framleiðsluna.

Á fundi með ráðherraráði EFTA var farið yfir samskipti við þriðju ríki og innan EES. Þingmannanefndin hrósaði ráðherrum fyrir ýmsar aðgerðir á báðum þessum sviðum og ræddi um framtíðarhorfur og forgangsröð verkefna. Þá tóku ráðherrar vel í það að þingmannanefndin reyndi að ná eyrum kanadískra þingmanna þar sem ekkert hefur gengið að ganga frá fríverslunarsamningi við Kanada. Þingmannafundur gæti hugsanlega ýtt málinu aftur upp á yfirborðið.

Formaður kynnti ályktun þingmannanefndarinnar um landbúnaðarmál sem ráðherrar höfðu fengið fyrr um daginn. Ráðherrar voru fremur varfærnir enda höfðu þeir ekki haft tíma til að ræða tillögurnar. Lofuðu þeir að skoða málið og koma með viðbrögð á næsta fundi, eins og óskað var eftir í ályktunartextanum.

V. Áherslur í málefnastarfi og helstu verkefni þingmannanefnda EFTA og EES árið 2005.

Nefndirnar munu sem fyrr fylgjast með starfi ráðherraráðs EFTA, hinnar sameiginlegu EES-nefndar og ráðherraráðs EES. Hvað EES-starfið varðar verður fylgst með lagasetningarstarfi hjá ESB, sérstaklega gerðum á undirbúningsstigi sem skipta máli fyrir EFTA/EES-ríkin. Á næsta fundi þingmannanefndar EES á m.a. að taka fyrir umhverfismál og er það gert að frumkvæði Íslandsdeildar. Í því sambandi eru mörg mál sem þarf að skoða, m.a. vatnatilskipun sem samþykkt var árið 2000 í ESB um vatnsvernd og nýtingu. Þar er m.a. mikilvægt að fá viðurkennt að margir þættir tilskipunarinnar falla ekki undir EES-samninginn og skoða þarf jafnframt önnur atriði eins og aðlögunartíma og framkvæmd. Þá þarf að skoða lagasetningu á sviði viðskipta með losunarkvóta og á sviði umhverfisábyrgðar, auk hugsanlegra nýrra tillagna á sviði umhverfismála. Þá mun þingmannanefndin vænta svara frá ráðherraráði EES um það hvort formaður og varaformaður fái að sitja á fundum ráðsins.

Fyrirhugaðar eru ferðir framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA til Tyrklands og Króatíu á árinu. Jafnframt þarf að skoða hvort samstarf við kanadíska þingið gæti þokað gerð fríverslunarsamnings áfram. Þingmannanefnd EFTA mun áfram vinna að því að kanna hvort hægt sé að koma á einhverju samstarfi við COSAC. Unnið verður áfram að landbúnaðarmálum og verður spennandi að vita hvernig ráðherrar bregðast við útspili þingmannanefndarinnar, sérstaklega hvort þeir eru tilbúnir að skoða tillögurnar með opnum huga. Þingmannanefndin þarf að halda málinu vakandi.

VI. Ályktanir.

i. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2004:

- Ályktun um ársskýrslu hinnar sameiginlegu EES-nefndar fyrir árið 2003.
- Ályktun um hlutverk sveitarstjórna í ESB og á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Ályktun um innrimarkaðsáætlun ESB 2003–2006 og EES.
- Ályktun um mótun ákvarðana í EES: hlutverk þingmanna.

ii. Ályktun þingmannanefndar EFTA:

- Ályktun um viðskipti og landbúnaðarmál í EFTA-samhengi.

Alþingi, 15. febr. 2005.

Gunnar Birgisson, form. | Bryndís Hlöðversdóttir. | Birkir J. Jónsson, varaform.

Guðlaugur Þór Þórðarson. | Lúðvík Bergvinsson.

861. Fyrirspurn [573. mál]

til menntamálaráðherra um símenntunarmiðstöðvar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið gengið frá samningum um starfsemi símenntunarmiðstöðva? Ef svo er, hvað felst í þeim samningum? Ef ekki, hvenær má vænta þess að frá þeim verði gengið?

862. Fyrirspurn [574. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við breikkun Suðurlandsvegar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður:
   a. við að tvöfalda Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi,
   b. við að leggja þríbreiðan veg frá Rauðavatni að Selfossi,
   c. við að lýsa Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að breikkun og lýsing Suðurlandsvegar verði tekin upp í samgönguáætlun?

863. Fyrirspurn [575. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir þrífösun rafmagns.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er vinna hafin við þá kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir þrífösun rafmagns sem sögð var á döfinni í svari ráðherra við fyrirspurn um þrífösun fyrr á þessu þingi (104. mál)?

864. Skýrsla [576. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2004.

1. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) var stofnað árið 1889 og er hlutverk þess að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 140 þing en aukaaðilar að sambandinu eru sjö svæðisbundin þingmannasamtök. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf en það hefur jafnframt skrifstofu í New York. IPU fjallar um alþjóðamál og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. IPU hefur áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og rétt til að dreifa skjölum sambandsins á allsherjarþinginu.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins er fjármögnuð með framlögum frá aðildarþingum þess. Þing IPU taka pólitískar ákvarðanir og ályktun um alþjóðamál. Ráð IPU, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Sautján manna framkvæmdastjórn hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd: friðar- og öryggismálanefnd;
2. nefnd: nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál;
3. nefnd: nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Til viðbótar eru starfandi eftirfarandi nefndir og vinnuhópar: nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhópur um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, samhæfingarnefnd um öryggismál og samstarf á Miðjarðarhafssvæðinu, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU, vinnuhópur um samstarf kynjanna og stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna IPU.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem er haldið í Genf nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess heldur sambandið nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oftast um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu IPU, www.ipu.org.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Íslandsdeild var skipuð Einari K. Guðfinnssyni, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristjáni L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar, og Hjálmari Árnasyni, þingflokki framsóknarmanna. Íslandsdeild kaus Einar K. Guðfinnsson sem formann og Hjálmar Árnason varaformann. Varamenn eru Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna. Íslandsdeildin var endurkjörin í október sl. í upphafi 131. þings. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs. Deildin hélt tvo fundi á árinu.

3. Störf og ályktanir 110. þings IPU.

110. þing IPU var haldið í Mexíkóborg 17.–23. apríl 2004. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: Enrique Jackson Ramirez, forseti efri deildar mexíkóska þingsins, Danilo Türk, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sviði stjórnmála, Sergio Paez Verdugo, forseti IPU, og Vicente Fox Quesada, forseti Mexíkó. Á meðan þinginu stóð tóku fastanefndirnar þrjár fyrirframákveðin mál til umfjöllunar og voru ályktanir nefndanna síðan afgreiddar á þingfundi.

Í 1. nefnd um frið og alþjóðleg öryggismál var rætt um hvernig mætti stuðla að sáttum og stöðugleika á átakasvæðum og aðstoða við uppbyggingu að átökum loknum. Hjálmar Árnason tók þátt í störfum nefndarinnar. Í lokaályktun eru þjóðþing m.a. hvött til að styðja friðarumleitanir og uppbyggingu þingræðis í löndum þar sem átök hafa geisað eða verið er að reyna að ná sáttum milli þjóðarbrota. Jafnframt eru þjóðþing hvött til að sjá til þess að stjórnvöld taki þátt í og fjármagni friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna, og að mannréttindanefndir verði settar á laggirnar í öllum þjóðþingum.

Einar K. Guðfinnsson hefur verið formaður 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál síðan vorið 2003. Einar stjórnaði öllum fundum nefndarinnar á þinginu, auk þess sem hann setti í gang starf vinnuhóps sem vann að lokaályktun nefndarinnar. Nefndin fjallaði um hvernig mætti vinna að sanngjörnu umhverfi fyrir alþjóðleg viðskipti með landbúnaðarvörur og hvernig tryggja mætti aðgang fátækra ríkja að mikilvægum lyfjum. Í loka-

ályktun er mikilvægi bómullariðnaðarins fyrir mörg fátækustu ríki heims viðurkennt og eru ESB, Bandaríkin og Kína hvött til að hætta að niðurgreiða bómullarrækt. Hvatt var til lækkunar á niðurgreiðslum í landbúnaði og að dregið yrði úr tollum og öðrum höftum á innflutningi landbúnaðarvara. Þá er hvatt til margvíslegra aðgerða til að auka aðgengi íbúa fátækra ríkja að nauðsynlegum lyfjum.

Í 3. nefnd um lýðræði og mannréttindi var fjallað um hvernig mætti stuðla að auknu lýðræði til verndar mannréttindum og hvetja til sátta meðal þjóða og samstarfs meðal ríkja. Kristján L. Möller tók þátt í störfum nefndarinnar. Í lokaályktun er m.a. lögð áhersla á frjálsar, almennar og leynilegar þingkosningar sem óháð kjörstjórn hefur umsjón með, að þingræði sé marklaust nema konur hafi sömu réttindi til þingsetu og karlmenn og ábyrgð einstakra þingmanna og flokka á því að stuðla að umburðarlyndi og fjölbreytileika.

Þingið tók fyrir beiðnir um afgreiðslu neyðarályktunar, en taka má eina slíka ályktun fyrir á hverju þingi. Tvær tillögur bárust, annars vegar um að stöðva ofbeldi og byggingu aðskilnaðarmúrs til að skapa skilyrði fyrir frið á milli Ísraela og Palestínumanna, og hins vegar um hlutverk þingmanna í baráttunni gegn hryðjuverkum sem stuðlað gæti að friðsamlegum skoðanaskiptum ólíkra menningarheima. Fyrrnefnda tillagan var lögð fram af arabaríkjum en sú síðarnefnda af tólfplús-hópnum og ríkjahópi latnesku Ameríku með vísan í nýleg hryðjuverk í Madríd. Tillaga tólfplús-hópsins laut í lægra haldi, en það var fyrst og fremst vegna agaleysis í hópnum. Nokkrar sendinefndir voru fjarverandi við atkvæðagreiðslu um það hvora tillöguna skyldi taka fyrir og aðrar reyndu að kaupa sér vinsældir með því að styðja báðar tillögurnar. Arabahópurinn og aðrir stuðningsmenn tillögu hans greiddu hins vegar allir atkvæði gegn tillögu tólfplús-hópsins. Einar K. Guðfinnsson gerði agaleysi þetta að umtalsefni á fundi tólfplús-hópsins. Jafnframt kom til tals að breyta þyrfti reglum IPU, því óeðlilegt sé að sendinefnd geti greitt öllum tillögum atkvæði. Í lokaályktun um hlutverk þjóðþinga við að stöðva ofbeldi og byggingu aðskilnaðarmúrs til þess að skapa skilyrði fyrir frið og lausn á deilum Ísraela og Palestínumanna er hvatt til að öllu ofbeldi linni. Launmorð og sjálfsmorðsárásir eru fordæmdar, Ísraelsmenn eru hvattir til að hætta byggingu aðskilnaðarmúrs og víggirðinga, og Palestínumenn er hvattir til að hafna ofbeldisverkum gegn ísraelskum borgurum. Báðir aðilar eru hvattir til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt vegvísinum.

Sérstök pallborðsumræða fór fram á þinginu um kynferðislega misnotkun barna og var bandaríska leikkonan Jessica Lange sérlegur gestur á fundinum, en hún er sendiherra (Goodwill Ambassador) hjá UNICEF. Tóku margir virtir sérfræðingar þátt í umræðunni og spunnust heitar umræður, sérstaklega meðal þingkvenna frá fátækum ríkjum þar sem kynferðisleg misnotkun barna er mikið vandamál. Á þinginu kynnti Jessica Lange útgáfu á sameiginlegri handbók IPU og UNICEF fyrir þingmenn um verndun barna. Handbókin er til á bókasafni Alþingis og á alþjóðasviði.

4. Störf og ályktanir 111. þings IPU.

Þingið var haldið í Genf dagana 27. september–1. október 2004. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson, Katrín Júlíusdóttir (í forföllum aðal- og varamanns) og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar.

Á meðan á þinginu stóð tóku fastanefndirnar þrjár ákveðin mál til umfjöllunar og voru ályktanir nefndanna svo afgreiddar á þingfundi. Í 1. nefnd um frið og alþjóðleg öryggismál var rætt um hlutverk þjóðþinga í afvopnunarmálum og takmörkun á útbreiðslu vopna í ljósi nýrra ógna í öryggismálum. Í lokaályktun eru þjóðþing m.a. hvött til að fylgjast grannt með framkvæmd alþjóðasamninga á sviði afvopnunar og takmörkunar á útbreiðslu vopna heima

fyrir. Þá er lögð áhersla á að skiptast á upplýsingum um starfsaðferðir til að ná betri árangri á þessu sviði. Þjóðþing eru jafnframt hvött til að skoða grannt hvort stefnumótun framkvæmdarvaldsins á sviði öryggismála, hermála og vopnarannsókna og framleiðslu séu í samræmi við alþjóðalög og samninga.

Einar K. Guðfinnsson, formaður 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, stjórnaði fundum nefndarinnar á þinginu, og setti í gang vinnuhóp sem vann að lokaályktun nefndarinnar. Nefndin fjallaði um hlutverk þjóðþinga þegar kemur að því að tryggja líffræðilega fjölbreytni. Í lokaályktun eru ríki m.a. hvött til að fullgilda sáttmálann um líffræðilega fjölbreytni og Cartegena-viðaukann.

Í 3. nefnd um lýðræði og mannréttindi var fjallað um Beijing+10 frá sjónarhorni þingmanna. Katrín Júlíusdóttir tók þátt í störfum nefndarinnar. Í lokaályktun eru þingin m.a. hvött til að tryggja að öll stefnumál og áætlanir ríkisstjórnar séu skoðuð út frá jafnréttissjónarmiðum, t.d. með því að skoða lagafrumvörp út frá áhrifum þeirra á jafnrétti kynjanna. Þá eru tekin upp ýmis mál sem enn eru ekki sjálfsögð alls staðar í heiminum, þ.m.t. eignarréttur kvenna, réttur þeirra til að eiga atvinnufyrirtæki og hafa aðgang að lánsfé, menntun kvenna o.s.frv. Þá voru tekin upp mál er tengjast stöðu stúlkubarna, öryggismálum kvenna, stöðu kvenna á átakasvæðum og í uppbyggingarstarfi að loknum átökum.

Neyðarályktun um Írak var samþykkt á þinginu. Í ályktuninni eru m.a. gíslatökur og dráp á saklausu fólki fordæmd. Allir hlutaðeigandi aðilar eru hvattir til að virða mannréttindi og lögð er áhersla á þátttöku allra Íraka í uppbyggingarstarfinu, og sérstaklega minnt á konur í þessu sambandi. Þá er hvatt til aukinnar aðstoðar annarra ríkja við uppbyggingar- og þróunarstarf og lögð áhersla á mikilvægt hlutverk nágrannalanda við að auka öryggi á svæðinu.

Stjórn kvennanefndar IPU kom saman á þinginu og hvatti hún til þess að þingkonur tækju þátt í þingmannafundi sem haldinn verður í tengslum við fund nefndar Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna: Beijing+10 í febrúar/mars 2005. Enn vantar mikið upp á jafnræði kynjanna í starfi IPU, en unnið er að því að auka hlut kvenna. 29% þátttakenda á 111. þingi voru konur, sem er hæsta hlutfall kvenna hingað til.

5. Svæðisbundið samstarf innan IPU.

5.1. Tólfplús-hópurinn.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings eða ráðsfundar hittist svokallaður tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing eða sérstakur ráðsfundur stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Daginn áður en 110. þing hófst kom tólfplús-hópurinn saman og hittist síðan daglega meðan á þinginu stóð. Þar var farið yfir helstu mál þingsins og afstaða sendinefnda samræmd eins og hægt var. Á þeim fundum voru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU valdir. Þess má geta að Katri Komi frá Miðflokknum í Finnlandi var kjörin í framkvæmdastjórn IPU fyrir hönd tólfplús-hópsins með dyggri aðstoð allra norrænna sendinefnda á þinginu. Mikill tími fór í það á fundum hópsins að ræða ósk Evrópuþingsins um fulla aðild að IPU, en það hefur nú áheyrnaraðild. Öll ríki ESB eiga aðild að þinginu og því telja margir ótækt að Evrópuþingið fá sjálfstæða aðild, þar eð IPU sé vettvangur þjóðþinga. Þetta mál var rætt daglega á fundum hópsins en fulltrúar ESB-ríkja fjölluðu jafnframt sérstaklega um málið. Þeir gátu ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu og vildi meiri hluti þeirra fresta málinu. Þrátt fyrir þetta var ákveðið á fundi tólfplús-hópsins að stjórnarnefnd hópsins ætti að vinna tillögu til að leggja fyrir hópinn á næsti þingi.

Hugsanleg aðild Evrópuþingsins að IPU var aftur á dagskrá tólfplús-hópsins á 111. þingi IPU sem haldið var í Genf dagana 27. september–1. október 2004. Atkvæði voru greidd um hvort Evrópuþingið fengi fulla aðild, en tvo þriðju atkvæða þurfti til að samþykkja tillöguna. Tillagan var felld, þar sem einungis einfaldur meiri hluti var fyrir tillögunni. Norðurlöndin öll greiddu atkvæði gegn henni. Málið er því væntanlega afgreitt í bili.

Á fundum tólfplús-hópsins var jafnframt kosið um fulltrúa hópsins í embætti og störf á vegum IPU. Ítalska sendinefndin sendi forseta IPU, framkvæmdastjóra IPU og formönnum ríkjahópa innan IPU bréf meðan á þinginu stóð þar sem tilkynnt var um framboð forseta neðri deildar ítalska þingsins, Casini, til forsetaembættis IPU. Venja er að hver ríkjahópur ræði það innan sinna raða hvort setja eigi fram kandídat og þá hvern og var því framgangsmáti Ítala gagnrýndur innan tólfplús-hópsins. Belgar höfðu á þessum tíma jafnframt látið í ljós áhuga á því að Belginn Versnick yrði í framboði fyrir hönd hópsins, en hann er núna formaður tólfplús-hópsins (eftir þingið sendi belgíska sendinefndin bréf til allra landsdeilda hópsins þar sem framboð hans var tilkynnt). Rætt var um að ekki væri búið að ákveða hvort tólfplús-hópurinn ætti yfir höfuð að fá forsetaembættið næst, t.d. kæmi vel til greina að framboð kæmi frá Afríkuhópnum. Ákveðið var að aðeins einn ætti að bjóða sig fram fyrir hönd tólf-plúshópsins og hópurinn sjálfur ætti að ákveða hver það væri með atkvæðagreiðslu innan hópsins í tengslum við næsta þing. Framboð mætti tilkynna innan hópsins fram að næsta þingi þar eð athuga þyrfti hvort aðrir ríkjahópar hefðu áhuga á forsetaembættinu.

Nokkrar tillögur um neyðarumræður lágu fyrir þinginu, en ein þeirra var um hörmungaástandið í Darfúr. Tólfplús-hópurinn studdi Darfúr-tillöguna og taldi ótækt að þingið fjallaði ekki um versta yfirstandandi neyðarástand á sviði mannúðarmála í heiminum. Íran lagði fram tillögu um ástandið í Írak og Suður-Afríka dró Darfúr-tillögu sína til baka. Fulltrúar Súdans lögðust m.a. mjög gegn því að ástandið í Darfúr yrði rætt. Tólfplús-hópurinn fékk að lokum engu um málið ráðið og IPU-þingið, með þátttöku þingmanna hvaðanæva úr heiminum, sagði ekki aukatekið orð um Darfúr en samþykkti í staðinn enn eina ályktun um Írak.

5.2. Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Norðmenn í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Ósló 25.–26. mars 2004 og sá síðari í Hamri 2.–3. september 2004. Bæði formaður og ritari Íslandsdeildar sóttu fyrri fund ársins en aðeins formaður þann síðari.

6. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU Council).

6.1. Ráðsfundir í tengslum við 110. þing.

Ráð IPU kom þrívegis saman á 110. þingi og afgreiddi fjölda mála. Samstarf við Sameinuðu þjóðirnar var eitt af stóru málunum til umræðu. Samstarf IPU og Sameinuðu þjóðanna hefur aukist mjög á undanförnum árum, haldnar eru sameiginlegar ráðstefnur og námskeið, samstarf er um útgáfu fræðsluefnis o.s.frv. Nefnd á vegum aðalritara Sameinuðu þjóðanna skoðaði hvernig auka mætti samskipti stofnunarinnar við ýmsar stofnanir aðildarríkjanna. Birgitta Dahl, fyrrverandi forseti sænska þingsins, sat í nefndinni, en hún sat þar ekki á vegum sænska þingsins heldur sem sjálfstæður aðili. Hún skoðaði sérstaklega samskipti við þjóðþing og gerði tillögur sem birtust í heildarskýrslu nefndarinnar. Nefnd sem undirbýr næsta fund þingforseta IPU-ríkja fékk Dahl á sinn fund og er skemmst frá því að segja að margir þingforsetar sem sitja í undirbúningshópnum voru mjög ósammála hennar

tillögum. Hún leggur til að Sameinuðu þjóðirnar setji á laggirnar eigið þingmannasamstarf í stað þess að notast við IPU. Þingmenn á IPU-þinginu töldu þetta slæma þróun. Þar með væri verið að fjölga alþjóðlegum þingmannasamtökum og skapa tvíverknað. Jafnframt þyrfti að huga að skiptingu valds. Ef Sameinuðu þjóðirnar ætluðu sjálfar að halda utan um þingmannasamstarfið væri það svipað fyrirkomulag og að vista þingnefndir í viðkomandi ráðuneytum. Í öllu alþjóðlegu þingmannasamstarfi hefur verið hafður sá háttur á að aðskilja þingmannastarfið frá þeirri alþjóðastofnun sem ríkisstjórnirnar eiga aðild að, sbr. NATO, ÖSE, Norðurlandaráð o.s.frv. Þá benti Einar K. Guðfinnsson á að Sameinuðu þjóðirnar gætu ekki ákveðið að setja á stofn eigin þingmannasamtök, það væru þjóðþingin sjálf sem þyrftu að taka ákvörðun um það. Ákveðið var að bregðast við tillögunum með fundum forseta IPU með aðalritaranum, með bréfaskriftum til viðeigandi aðila og með því að ræða við fastafulltrúa í New York. Í stað þess að fjölga sífellt þingmannasamtökum vildu menn almennt að IPU tæki að sér að vera vettvangur fyrir umfjöllun þingmanna um Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og Alþjóðabankann.

Þá fór ráðið yfir skýrslur nefnda og vinnuhópa. Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Eritrea, Hondúras, Indónesía, Malasía, Mongólía, Burma, Pakistan, Palestína, Rúanda, Sýrland, Tyrkland og Simbabve. Þá var rætt um fundi og ráðstefnur fram undan, m.a. ráðstefnu um endurnýjanlega orkugjafa í Bonn, þingmannafund í tilefni af UNCTAD XI í Sao Paulo og þingmannaráðstefnu um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Jafnframt var rætt lítillega um næsta fund þingforseta IPU-ríkja sem fyrirhugaður er 2005. Þá voru samþykktar lagabreytingar sem miða að því að styrkja hlut kvenna á þinginu.

6.2. Ráðsfundir í tengslum við 111. þing.

Ráð IPU kom tvívegis saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Ákveðið var að setja á laggirnar nefnd til að fjalla um þingmannasamstarf til að vinna gegn alnæmi. Þessi ákvörðun hefur ekki teljandi áhrif á fjárhagsáætlun IPU, því starfið verður að mestu fjármagnað með utanaðkomandi framlögum. Markmiðið er að veita þingnefndum og þingmönnum sem fjalla um alnæmisvandann aðstoð, t.d. með því að hjálpa til við gerð lagafrumvarpa, auka umræður og upplýsingaskipti milli þinga og þingmanna, hlúa að stefnumótun og veita ráðgjöf á sviði alnæmistengdra mála. Verkefni á þessu sviði verða unnin í náinni samvinnu við UNAIDS. Þá var ákveðið að setja á laggirnar sérstaka nefnd um vernd barna sem á að vinna að ýmsum verkefnum í samvinnu við UNICEF.

Ákveðið var að hækka aðildargjöld til IPU um 3% árið 2005. Búast má við auknum útgjöldum á ýmsum sviðum á yfirstandandi ári í starfi IPU, m.a. vegna fundar þingforseta IPU-ríkja. Hins vegar var samhliða ákveðið að spara á öðrum sviðum, m.a. með því að fækka fundardögum á Genfarþinginu og sleppa sérstökum WTO-fundi sem fyrirhugaður var á næsta ári. Óánægja hefur verið hjá sumum ríkjum með skiptingu árgjalda á milli ríkja. Sum fátæk ríki eiga t.d. erfitt með að borga árgjöld og telja framlag sitt of hátt miðað við þjóðartekjur. Endurskoðun á heildarskiptingu árgjalda er hafin, með það í huga að breyta hlutfallaskiptingu að einhverju leyti. Ekki er vitað á þessari stundu hvort niðurstaðan í þessu hefur áhrif til hækkunar fyrir Alþingi.

Samstarf við Sameinuðu þjóðirnar var rætt, sérstaklega með tilliti til umræðunnar sem þá var fram undan á allsherjarþinginu í tengslum við skýrslu Cardosa-nefndarinnar svokölluðu, sem hafði það verkefni að skoða samskipti Sameinuðu þjóðanna við utanaðkomandi aðila, m.a. þjóðþing. IPU ákvað að fara fram á að beðið yrði með alla ákvarðanatöku innan Sam-

einuðu þjóðanna hvað varðar samstarf við þjóðþing þar til þingforsetar IPU-ríkja hefðu fengið tækifæri til að tjá sig um málið á næsta fundi þeirra 7.–9. september 2005.

Ráðið fór yfir skýrslur af nýlegum sérfundum og ráðstefnum IPU, svo sem þingmannaráðstefnu Afríkuríkja um flóttamannavandann í Afríku og hvernig ætti að bregðast við honum, fundi þingforseta nágrannaríkja Írak, þingmannafundi í tilefni af UNCTAD XI og námsstefnu fyrir arabaríki um þjóðþing og fjárlagavinnu.

Þá var farið yfir skýrslur nefnda og vinnuhópa. Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Eritrea, Hondúras, Indónesía, Malasía, Mongólía, Burma, Pakistan, Palestína, Rúanda, Sýrland, Tyrkland og Simbabve, en lögð var fram viðamikil sérskýrsla af ferð nefndarinnar til síðastnefnda landsins.

7. Aðrir fundir.

Íslandsdeild og ritari sóttu fund á vegum IPU um málefni WTO, en IPU og Evrópuþingið hafa tekið upp samstarf með það fyrir augum að halda utan um þingmannasamstarf á þessum vettvangi með árlegum fundi. Þannig tekst að koma í veg fyrir fjölgun alþjóðlegra þingmannasamtaka en tryggja í leiðinni lýðræðislega umfjöllun þingmanna um málefni stofnunarinnar á alþjóðavettvangi. Einar K. Guðfinnsson hafði ásamt skrifstofu IPU haft forustu um undirbúning sérstaks þingmannafundar í tengslum við UNCTAD-ráðstefnuna í Sao Paulo, enda féll efni hennar að starfi 2. nefndar IPU sem hann er formaður fyrir. Einar stjórnaði fundinum í UNCTAD og stýrði enn fremur nefnd sem undirbjó ályktun hans, er var samþykkt samhljóða að lokum. Á meðal helstu gestafyrirlesara á þessum fundi var Geir H. Haarde fjármálaráðherra, en þess má geta að hann var um tíma varaforseti IPU. Þá sótti Hjálmar Árnason ráðstefnu á vegum IPU um endurnýtanlega orku í Bonn.

8. Starf IPU árið 2005.

8.1. Fundir.

112. þing sambandsins verður haldið í Maníla 3.–8. apríl 2005. Þar verða eftirfarandi mál á dagskrá:

- Hlutverk þjóðþinga við að móta viðurkenndar leikreglur til að dæma stríðsglæpi, glæpi gegn mannkyninu, þjóðarhreinsanir og hryðjuverk.
- Hlutverk þjóðþinga við að skapa nýjar leiðir í alþjóðlegri fjármögnun og viðskiptum til að taka á vandamálum tengdum skuldsetningu og ná þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (Millennium Development Goals).
- Hlutverk þjóðþinga við að standa vörð um mannréttindi þegar kemur að leiðum til forvarna, meðhöndlunar og meðferðar við HIV/AIDS.

Í almennum umræðum á þinginu verður lögð áhersla á áhrif innlendrar og alþjóðlegrar stefnumótunar á stöðu kvenna í heiminum.

113. þing IPU verður haldið í Genf í október 2005, en dagskrá þess verður ákveðin í Maníla. Að venju mun IPU jafnframt standa fyrir ráðstefnum og minni fundum um ákveðin málefni á árinu í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. T.d. verður haldinn fundur í tengslum við kvennafund Sameinuðu þjóðanna í New York í mars og munu fulltrúar Alþingis á kvennafundinum væntanlega sækja þann fund.

8.2. Starfsreglur IPU.

Íslandsdeildin mun hugsanlega leggja fram breytingartillögu við starfsreglur IPU á árinu. Eins og staðan er núna geta landsdeildir greitt atkvæði með öllum tillögum að neyðarályktun sem koma fram á tilteknu þingi. Þannig getur landsdeild sem hefur tíu atkvæði greitt öllum tillögum tíu atkvæði og eru þá atkvæðin í raun marklaus. Eðlilegra væri að landsdeild með tíu atkvæðum hefði einungis tíu atkvæði í allt sem hún gæti greitt í heilu lagi með tiltekinni tillögu eða skipt á milli tillagna ef landsdeildarmenn eru ósammála um hvaða tillögu skuli styðja. Ómögulegt er að segja hvort slík tillaga næði fram að ganga. Margar landsdeildir telja það jákvætt að komast hjá því að taka afstöðu með því að greiða öllum tillögum atkvæði.

8.3. Fundur þingforseta aðildarríkja IPU um þingmannasamstarf við Sameinuðu þjóðirnar.

Haldinn verður fundur þingforseta aðildarríkja IPU í september nk. í New York. Íslandsdeildin kemur sem slík ekki að þeim fundi, en hann er þó nokkuð til umræðu í ráði sambandsins. Íslandsdeild vill leggja áherslu á nokkur atriði í þessu sambandi. Hún tekur undir með þeim sem telja nauðsynlegt að þjóðþing komi betur að ákvarðanatöku innan Sameinuðu þjóðanna, að þingmenn taki þátt í umræðum stjórnvalda um alþjóðlega stefnumótun á öllum sviðum og veiti stjórnvöldum aðhald. Hins vegar telur Íslandsdeildin að þingin sjálf eigi að taka ákvörðun um hvernig samstarfi þinga við Sameinuðu þjóðirnar verði háttað. Mikilvægt er því að skýr skilaboð komi frá þingforsetunum í september. Engin umræða hefur farið fram um þessi mál t.d. á norrænum þjóðþingum enn sem komið er, en mikilvægt er að skýr afstaða hvers þings liggi fyrir með góðum fyrirvara fyrir fundinn. Íslandsdeild er hlynnt því að Alþjóðaþingmannasambandið haldi utan um samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og telur ekki ráðlegt að enn ein stofnun verði búin til. IPU styður í dag starfsemi Sameinuðu þjóðanna með margvíslegum hætti og á nú þegar margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra, t.d. er fjallað um nýtt verkefni unnið á nánu samstarfi við UNAIDS í 6. kafla ársskýrslunnar. IPU heldur jafnframt þingmannafundi í tengslum við stefnumótandi ráðstefnur Sameinuðu þjóðanna. IPU hefur áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og rétt til að dreifa skjölum sambandsins á allsherjarþinginu. Það er því að mati Íslandsdeildar eðlilegt að nota það uppbyggingarstarf sem þegar hefur verið unnið á vegum IPU og styrkja tengsl þess við Sameinuðu þjóðirnar í stað þess að byrja frá grunni. Þá telur Íslandsdeild út í hött að skrifstofa Sameinuðu þjóðanna haldi utan um þingmannasamstarfið. Það er einfaldlega ekki við hæfi að stofnun á vegum framkvæmdarvaldsins haldi utan um starf þingmanna, ekki frekar en að t.d. utanríkisráðuneytið haldi utan um alþjóðanefndir Alþingis! Eðlilegt væri aftur á móti að tilteknir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna væru tengiliðir við IPU og þjóðþingin, sæju til þess að fyrirspurnum þingmanna væri svarað o.s.frv.

Rétt er að taka fram að þótt Íslandsdeildin vilji að IPU sé formlegur aðili fyrir samskipti við Sameinuðu þjóðirnar þá vill hún ekki að framkvæmdastjóri IPU eða pólitísk stjórn sambandsins geti talað fyrir hönd allra þinga heims og fjallað í þeirra nafni um viðkvæm pólitísk mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sú vinna verður frekar að fara fram í landsdeildum þar sem þingmenn koma sjónarmiðum á framfæri við ráðherra og á alþjóðlegum fundum þar sem ólík sjónarmið fá að koma fram. Að lokum vill Íslandsdeild velta upp þeirri hugmynd hvort ekki sé eðlilegt að sérstök umræða fari fram á Alþingi um stærri mál sem eru á dagskrá Sameinuðu þjóðanna og gæti húnn t.d. haft frumkvæði að slíkri umræðu.

9. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2004.

9.1. Ályktanir 110. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Að stuðla að sáttum og stöðugleika á átakasvæðum og aðstoða við uppbyggingu að átökum loknum.
2. Að vinna að sanngjörnu umhverfi fyrir alþjóðleg viðskipti með landbúnaðarvörur og varðandi aðgang að mikilvægum lyfjum.
3. Hlutverk þjóðþinga við að stuðla að auknu lýðræði til verndar mannréttindum og hvetja til sátta meðal þjóða og samstarfs meðal ríkja heims.
4. Hlutverk þjóðþinga við að stöðva ofbeldi og byggingu aðskilnaðarmúrs til að skapa skilyrði fyrir friði á milli Ísraela og Palestínumanna.

9.2. Ályktanir 111. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Hlutverk þjóðþinga í afvopnunarmálum og takmörkunum á útbreiðslu vopna í ljósi nýrra ógna í öryggismálum.
2. Hlutverk þjóðþinga við að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni.
3. Beijing+10: stöðumat frá sjónarhorni þingmanna.
4. Hið uggvekjandi ástand í Írak og aðkoma þingmanna að endurreisn friðar og öryggis í landinu.

Alþingi, 10. febr. 2005.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Kristján L. Möller.

865. Skýrsla [577. mál]

félagsmálaráðherra, Árna Magnússonar, til Alþingis um 89., 90., 91. og 92. Alþjóðavinnumálaþingin í Genf 2001–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

INNGANGUR

Árið 2004 voru liðin 85 ár frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Grunnur að starfsemi hennar var lagður með friðarsamningunum eftir lok fyrri heimstyrjaldarinnar í nóvember 1918 en viðræður hófust í París í janúar 1919. Nefnd var falið að semja drög að ákvæðum í friðarsamningunum sem fjallaði um atvinnulífið. Meðal þeirra sem sátu í nefndinni voru einlægir stuðningsmenn kapítalisma, t.d. bandarískí verkalýðsleiðtoginn Samuel Gompers, og heitir talsmenn sósíalisma og ríkisafskipta af framleiðslutækjunum eins og Émile Vandervelde og Léon Jouhaux. Eduard Benes sat einnig í nefndinni en hann varð síðar fyrsti forseti Tékkóslóvakíu eftir seinni heimstyrjöldina.

Það fór ekki fram hjá neinum að skoðanir voru skiptar í nefndinni. Eftir langar og strangar samningaviðræður heppnaðist henni 24. mars 1919 að ná samkomulagi um málamiðlun sem varð 1. og 2. kaflinn í XIII. hluta Versalasamningsins. Þessi hluti varð síðar stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Kjarni stofnunarinnar átti að vera árlegt þing, Alþjóðavinnu-

málaþingið, og stjórnarnefnd. Ein af skuldbindingum aðildarríkjanna fólst í því að senda fjóra fulltrúa til þingsins: tvo fulltrúa ríkisstjórnarinnar, einn fulltrúa samtaka atvinnurekenda og einn fulltrúa samtaka launafólks. Með nokkrum undantekningum áttu allir fulltrúarnir að hafa jafnan rétt til að hafa áhrif á niðurstöðu mála. Stjórnarnefndin skyldi hafa eftirlit með skrifstofunni, alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Lagt var til að nefndina skipuðu 24 fulltrúar: tólf fulltrúar ríkisstjórna, sex fulltrúar atvinnurekenda og sex fulltrúar launafólks. Fulltrúar ríkisstjórna skiptust þannig að átta sæti féllu í skaut fjölmennustu aðildarríkjanna og ríkja þar sem atvinnustarfsemi var umfangsmest. Fjórir fulltrúar skyldu valdir á Alþjóðavinnumálaþinginu. Þetta gekk eftir og friðarráðstefnan samþykkti tillögu nefndarinnar 11. apríl 1919. Í framhaldinu var hafinn undirbúningur að fyrsta Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var seinni hluta október og fyrri hluta nóvember þetta ár. Stofnunin, sem var falið það hlutverk að koma á félagslegu réttlæti og eyða því ranglæti sem fólst í misskiptingu veraldlegra gæða innan þjóðfélaganna sjálfra, var orðin að veruleika.

Á þeim 85 árum sem liðin eru frá stofnun ILO hefur margt drifið á dagana. Fyrir 60 árum var t.d. haldið tímamótaþing í Fíladelfíu í Bandaríkjunum. Í yfirlýsingu þingsins er því slegið föstu að launafólk sé ekki eins og hver annar varningur sem lúti lögmálum verslunar og viðskipta. Fyrir 35 árum voru Alþjóðavinnumálastofnuninni veitt friðarverðlaun Nóbels fyrir eflingu samstarfs aðila vinnumarkaðarins og fyrir að stuðla að bættum réttindum launafólks. Í rökstuðningi segir m.a. að þess séu fá dæmi að stofnun hafi tekst jafnvel og ILO að hrinda í framkvæmd þeirri grundvallarhugsjón sem hún sé byggð á.

Þegar litið er um öxl er ljóst að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur staðið undir þeim væntingum sem til hennar voru gerðar. Hún hefur verið vettvangur samstarfs ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins í félagslegu umbótastarfi. Stofnunin hefur verið í fararbroddi við að vinna að heilsusamlegu og öruggu vinnuumhverfi. Hún hefur verið leiðandi í starfi sem hefur að markmiði að draga úr fátækt og stuðla að félagslegu öryggi. En lífið heldur áfram í óendanlegum fjölbreytileika sínum. Af því verða stofnanir eins og Alþjóðavinnumálastofnunin að taka mið. Ný viðfangsefni taka við af þeim gömlu. Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hefur eitt málefni verið áberandi öðrum fremur. Það eru afleiðingarnar af því sem nefnt er alþjóðavæðing efnahagslífsins á félagslegt öryggi vinnandi fólks.

Hinn 24. febrúar 2004 birti alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf skýrslu sem ber heitið Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri. Skýrslan var samin af nefnd á vegum stofnunarinnar sem naut formennsku Tarju Halonen, forseta Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseta Tansaníu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem miða að því að mæta vaxandi gagnrýni á þá misskiptingu auðs og lífskjara sem alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur skapað. Markmiðið er að beina alþjóðavæðingunni í þann farveg að afraksturinn verði ekki eingöngu fjárhagslegur ávinningur alþjóðafyrirtækja heldur leiði hún jafnframt af sér félagslegar umbætur sem byggist á sameiginlegu gildismati, virðingu fyrir mannréttindum og persónulegri reisn sérhvers einstaklings, menningararfi og sjálfræði. Alþjóðavæðingin verði sanngjörn, taki til allra, lúti lýðræðislegri stjórn og skapi tækifæri og sé áþreifanlega til hagsbóta fyrir öll ríki og þegna þeirra. Í skýrslunni er að finna fjölmargar tillögur sem beinast að þeim aðilum sem hafa mest áhrif á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Réttlát stjórnskipan og sanngjörn stjórnsýsla sem byggð er á lýðræðislegum stjórnarháttum eru þættir sem sérstaklega eru dregnir fram. Áhersla er lögð á að við hvers kyns stefnumótun sé höfð hliðsjón af tillögum sem settar eru fram í skýrslunni. Hún hefur verið tekin til umfjöllunar á fundi framkvæmdastjóra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, í Alþjóðabankanum, í efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna, í Evrópusambandinu og OECD o.fl. Hinn 2. desember 2004 var samþykkt tillaga á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þar

sem því er beint til allra stofnana Sameinuðu þjóðanna að taka mið af efni skýrslunnar og beita sér í starfi sínu fyrir alþjóðavæðingu sem feli í sér jafnrétti og hlutdeild í afrakstrinum í samræmi við tilmæli sem fram koma í skýrslunni.

Síðast en ekki síst ber þess að geta að skýrslan var aðalumræðuefnið á allsherjarfundi 92. Alþjóðavinnumálaþingsins sumarið 2004. Segja má að það hafi markað upphaf þeirrar umræðu sem nú á sér stað um heim allan um það hvernig tillögum nefndarinnar um félagslegar hliðar alþjóðavæðingarinnar verði hrundið í framkvæmd. Með skýrslunni hefur Alþjóðavinnumálastofnunin tekið forystu og gengið fram fyrir skjöldu til varnar því að alþjóðavæðingin grafi undan viðurkenndum leikreglum í atvinnulífinu og að svipt verði burtu því félagslega öryggisneti sem riðið hefur verið á undanförnum áratugum.

Í samræmi við 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um Alþjóðavinnumálaþing sem hafa farið fram á árunum 2001–2004 og birtar samþykktir og tilmæli sem þingin hafa afgreitt. Það skal tekið fram að sú breyting er gerð að í stað orðsins „tillaga“ sem hefur verið notað sem íslensk þýðing á enska orðinu „recommendation“ verður framvegis notað orðið „tilmæli“. Breytingin er gerð til samræmis við þýðingar á gerðum Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Á þeim árum sem þessi skýrsla tekur til hefur Alþjóðavinnumálaþingið afgreitt tvær samþykktir, fern tilmæli og eina bókun. Auk þess samþykkti 92. þingið 2004 að afnema 15 eldri tilmæli sem þykja úrelt og ekki í takt við breyttar aðstæður. Skrá yfir þessi tilmæli er að finna í fylgiskjali VI.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu 2001 var afgreidd samþykkt um öryggi og hollustu í landbúnaði nr. 184. Í samþykktinni er fjallað um skyldur aðildarríkjanna til að gæta þess að daglegur vinnutími og hvíldartími sé í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga. Einnig er að finna í samþykktinni ákvæði um að atvinnurekandi skuli gera áhættumat með tilliti til heilsu og öryggis landbúnaðarstarfsmanna. Einnig er kveðið á um rétt starfsmanna til upplýsinga um öryggis- og heilbrigðismál og samráðs við þá um öryggisráðstafanir á vinnustaðnum.

Með samþykktinni um öryggi og hollustu í landbúnaði voru afgreidd tilmæli nr. 192. Samkvæmt þeim ber aðildarríkjunum m.a. að stofnsetja kerfi á landsvísu til að hafa eftirlit með öryggi og hollustuháttum í landbúnaði. Kerfið á að taka til bæði eftirlits með heilsu launafólks og aðstæðum í vinnuumhverfi þeirra. Stjórnvöld eiga að stuðla að því að fólk sem vinnur við landbúnað fái eigin öryggis- og heilsuþjónustu og koma á fót kerfi fyrir skráningu og aðvaranir um vinnuskaða og vinnutengda sjúkdóma. Stjórnvaldsaðgerðir eiga jafnframt að stuðla að því að efla öryggi og hollustuhætti í landbúnaði með námi og þjálfun til að mæta þörfum allra sem vinna í þessari atvinnugrein.

Á 90. Alþjóðavinnumálaþinginu 2002 voru samþykkt tilmæli nr. 193, um eflingu samvinnufélaga. Þau leysa af hólmi eldri tilmæli nr. 127 frá árinu 1966 um „hlutverk samvinnufélaga í efnahags- og félagsþróun þróunarlanda“. Þau tilmæli voru samin með sértækar þarfir þróunarlandanna í huga en hin nýju eru byggð á algildum viðmiðunum sem eiga við öll þjóðfélög.

Alþjóðavinnumálaþingið 2002 afgreiddi enn fremur bókun við samþykkt nr. 155 frá 1981 um vinnuöryggi og heilsuvernd og tilmæli þar sem 22 ára skrá yfir atvinnusjúkdóma var uppfærð.

Samþykkt nr. 185, um persónuskírteini sjómanna, var afgreidd á Alþjóðavinnumálaþinginu 2003 og kemur í stað samþykktar ILO nr. 108 frá árinu 1958 um sama málefni. Nýja samþykktin gerir meiri kröfur en áður voru gerðar og henni er ætlað að tryggja sjómönnum

nauðsynlegt ferðafrelsi og útgerðum athafnafrelsi á tímum hryðjuverka og ýmissa ferðahindrana.

Á tímum örra tæknibyltinga og breyttra atvinnuhátta er starfsþjálfun og símenntun lykilatriði. Þau málefni hafa reglulega komið til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu, síðast á þinginu 2004. Þingið samþykkti þá ný tilmæli um þetta efni nr. 195. Tilgangur tilmælanna er að móta leiðbeinandi viðmið fyrir ríki til að efla þjálfun og færni eftir efnahags- og félagslegum þörfum í hverju landi. Leitast á við að tryggja ævilanga símenntun á öllum þrepum menntakerfisins með fullorðna sem aðalmarkhóp.

Framangreindar samþykktir eru til umfjöllunar á vettvangi ILO-nefndar félagsmálaráðuneytisins. Þar sem nefndin hefur ekki lokið umfjöllun sinni um þær er ekki lagt til að þær verði fullgiltar að sinni.

Í viðauka er birt greinargerð sem ríkisstjórn Íslands sendi alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf í framhaldi af kæru Alþýðusambands Íslands vegna setningar laga nr. 34/2001sem ætlað var að leysa kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna. Einnig er birt í heild niðurstaða nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi í kærumálinu. Þess skal getið að umrætt kærumál var tekið á dagskrá þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta á 92. Alþjóðavinnumálaþinginu 2004. Þetta var í fyrsta skipti sem framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt ILO er formlega tekin til umfjöllunar í þingnefndinni.

89. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2001

89. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 5.–21. júní 2001. Að þessu sinni tóku 2389 fulltrúar frá 158 aðildarríkjum af 175 þátt í starfi þingsins.

Sto Tomas, vinnumálaráðherra frá Filippseyjum, var kosinn forseti þingsins en varaforsetar voru kosnir Cecilia Bannerman, ríkisstjórnarfulltrúi frá Gana, Arthur João Donato, fulltrúi atvinnurekenda frá Brasilíu og Jean-Claude Parrot frá Kanada úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir: Frá félagsmálaráðuneyti: Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur. Frá utanríkisráðuneyti: Benedikt Jónsson sendiherra og Ingibjörg Davíðsdóttir sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands.

Dagskrá þingsins:

1. Skýrslur forstjóra, stjórnarnefndar og yfirlitsskýrsla.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Aðbúnaður og hollustuhættir í landbúnaði. Seinni umræða.
5. Efling samvinnufélaga. Fyrri umræða.
6. Félagslegt öryggi. Almenn umræða.
7. Kjörbréf.

Sérstakur boðsgestur þingsins var Benjamin Mkapa forseti Tansaníu. Hann ávarpaði sérstakan fund um áætlun varðandi afnám barnavinnu í sinni verstu mynd í nokkrum löndum. Átakið skyldi byrja í El Salvador, Nepal og Tansaníu.

Umræða um 1. dagskrárlið fór fram á allsherjarfundi vinnumálaþingsins. Þar var afmörkuðum fundartíma einnig varið í að fjalla um framvindu mála á hernumdu svæðunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Hinir dagskrárliðirnir voru unnir í þingnefndum.

Skýrsla framkvæmdastjóra og stjórnarnefndar og yfirlitsskýrsla.

Þetta var í annað sinn sem yfirlitsskýrsla um grundvallarreglur og réttindi í atvinnulífinu var lögð fyrir þingið til umræðu. Að þessu sinni var yfirlitsskýrslan helguð afnámi nauðungarvinnu. Skýrsla forstjóra hins vegar var helguð baráttumálinu réttinum til mannsæmandi vinnu.

Fjárhagsnefndin.

Meginhlutverk fjárhagsnefndarinnar var að gera fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2002–2003 og ákveða greiðsluhlutdeild aðildarríkjanna. Fyrir henni lá tillaga sem samþykkt var einróma á stjórnarfundi í mars 2001. Miðað var við raunhækkun fjárhagsáætlunar um fimm milljónir bandaríkjadala. Stjórnarnefndin lagði til að stuðst yrði við sömu kostnaðarskiptingu og samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember árið 2000.

Nokkrar umræður urðu um þennan lið og skiptust aðildarríkin í tvö horn. Fulltrúar vestrænna iðnríkja vildu aðeins hækka fjárframlög í samræmi við verðbólgu en fulltrúar þróunarríkja vildu raunhækkun fjárhagsáætlunar. Niðurstaðan varð að lokum sú að þingið samþykkti fjárhagsáætlun og greiðsluhlutdeildarkerfið með 439 atkvæðum en sjö sátu hjá. Upphafleg tillaga stjórnarnefndarinnar var um fjárhagsáætlun upp á 472.488.505 bandaríkjadali, en niðurstaðan varð 434.040.000 bandaríkjadalir fyrir starfstímabilið 2002–2003.

Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.

Að venju var sett á stofn þingnefnd sem fjallaði um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Að þessu sinni var hún skipuð 232 fulltrúum: 125 ríkisstjórnarfulltrúum, 24 fulltrúm atvinnurekenda og 83 fulltrúum launafólks. Í nefndinni sátu að auki 207 varafulltrúar og 36 alþjóðasamtök höfðu áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Nefndin byggir starf sitt á skýrslum sérfræðinganefndar ILO. Nokkrar umræður urðu um vinnubrögð nefndarinnar og tóku fulltrúar Norðurlandanna undir sjónarmið um að bæta þyrfti starfshætti hennar svo starfið yrði skipulegra, skilvirkara og gagnsærra. Til þess að ná þessum markmiðum töldu Norðurlöndin nauðsynlegt að endurskoða fundaáætlun með það í huga að draga úr almennum umræðum en leggja áherslu á einstök brýn málefni.

Nefndin fjallaði um skýrslu sem tekin hafði verið saman af alþjóðavinnumálaskrifstofunni um framkvæmd tilmæla um stöðu kennara. Einnig var fjallað um framkvæmd samþykkta um næturvinnu kvenna.

Umræður í nefndinni byggjast á skýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar. Einnig er af og til gerð sérstök úttekt á framkvæmd tiltekinnar eða tiltekinna samþykkta. Að þessu sinni lá fyrir skýrsla vinnumálaskrifstofunnar og sérfræðinganefndarinnar byggð á skýrslum frá aðildarríkjunum er vörðuðu samþykktir nr. 4 frá árinu 1919, nr. 41 frá árinu 1931, nr. 89 frá árinu 1948, og bókun frá 1990 við samþykkt nr. 89.

Nefndin vakti athygli á að ári áður hefðu orðið umtalsverðar framfarir í að fullgilda samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Fulltrúar 24 aðildarríkja komu fyrir nefndina til að gera grein fyrir afstöðu hlutaðeigandi ríkisstjórna vegna athugasemda við framkvæmd ákvæða stofnskrár ILO og samþykkta sem aðildarríkin hafa fullgilt. Frá Asíu voru það Indland, Íran, Japan, Burma, Pakistan, Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmin. Frá Afríku voru það Djíbútí, Eþíópía, Kenía, Súdan og Svasíland. Frá Suður-Ameríku voru það Chile,

Kólumbía, Kostaríka, Gvatemala, Panama, Perú og Venesúela. Frá Evrópu voru það Hvíta-Rússland, Portúgal, Spánn, Tyrkland og Úkraína.

Helst var misbrestur á framkvæmd er varðaði samþykkt nr. 29, um bann við nauðungarvinnu, samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, og samþykkt nr. 98, um samningafrelsi, nr. 111, um jafnan rétt til vinnu og bann við misrétti, og nr. 95, um launavernd, og nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu, ásamt öðrum samþykktum.

Sérstök umfjöllun var um ítrekuð brot stjórnvalda í Burma á samþykkt nr. 29, um bann við nauðungarvinnu. Málefni ríkisstjórnar Burma hafa reglulega komið til umfjöllunar í ýmsum stofnunum ILO undanfarna tvo áratugi. Þrátt fyrir samþykktir og áskoranir um umbætur hafa þær látið á sér standa. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar lofa bót og betrun en efndir eru litlar sem engar.

Á 88. þingi ILO árið 2000 var samþykkt ályktun sem grundvallast á 33. gr. stofnskrár ILO. Var það í fyrsta skipti sem því ákvæði var beitt en þar segir að ef ríki bregst því að fara eftir tilmælum sérstakrar rannsóknarnefndar geti stjórnarnefnd ILO mælt með þeim aðgerðum sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja að ríkið fari eftir þeim.

Því var ákveðið að senda nefnd háttsettra embættismanna til Burma til að rannsaka og safna gögnum um brot á samþykkt ILO um bann við nauðungarvinnu. Ríkisstjórn Burma var hvött til að trufla ekki framgang rannsóknarvinnu sendinefndarinnar með neinum hætti. Sendinefndinni skyldi tryggt fullt ferðafrelsi innan landsins og tryggður hindrunarlaus aðgangur að þeim einstaklingum sem þeir vildu kalla fyrir nefndina og einnig skyldi tryggja þeim einstaklingum fulla vernd. Niðurstaða fundarins var sú að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf var falið að tilnefna fulltrúa í sendinefndina. Henni var falið að gefa stjórnarnefndinni skýrslu á fundi í nóvember 2001.

Nefnd um öryggi og hollustuhætti í landbúnaði.

Fyrri umræða um öryggi og hollustuhætti í landbúnaði fór fram á 88. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og var málið tekið til annarrar umræðu á 89. þinginu. Drögum að samþykkt og tilmælum var dreift til aðildarríkja og þeim gefin kostur á að gera athugasemdir eftir samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks.

Þingnefndin hélt alls 19 fundi. Skýrslur alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um öryggi og heilbrigði í landbúnaði voru lagðar til grundvallar umræðum í nefndinni. Í annarri er að finna drög að samþykkt og tilmælum um þetta efni. Hin hefur að geyma samantekt á athugasemdum aðildarríkjanna sem hafa verið hafðar til hliðsjónar við endurskoðun á drögum að samþykkt og tillögu.

Í skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kemur fram að helmingur vinnuafls í heiminum starfaði við landbúnað árið 2001 en það voru um 1,3 milljarðar manna. Landbúnaður telst ein af þremur hættulegustu atvinnugreinum heims, ásamt námavinnslu og byggingariðnaði. Því var ákveðið á þinginu 1998 að málið skyldi tekið fyrir á þinginu 2000. Um áramótin 1998–1999 voru spurningalistar sendir aðildarríkjum um vandamál, lagasetningu og aðgerðir til að tryggja heilbrigði og öryggi í landbúnaði. Svör bárust frá 85 ríkjum og voru þau lögð til grundvallar þeim tillögum sem síðan voru mótaðar á vinnumálaþinginu árið 2000. Drög að samþykkt og tilmælum voru send aðildarríkjunum til umsagnar sama haust. Endurskoðuð drög voru síðan gefin út í sérstakri skýrslu.

Samkomulag varð um að aðildarríkjum væri skylt að gæta þess að vinnutími, næturvinna og hvíldartími launafólks í landbúnaði væri í samræmi við landslög og kjarasamninga, auk þess sem launafólk skyldi hafa a.m.k. sömu tryggingar og launafólk í öðrum atvinnugreinum. Ekki tókst samkomulag um sérstakt ákvæði um konur sem starfa við landbúnað. Hins vegar

var bætt við tilvísun til sérstakra þarfa starfsmanna vegna meðgöngu og umönnunar barna. Einnig voru samþykktar tillögur um að leiðbeiningar og upplýsingar um notkun landbúnaðarvéla ættu að vera á einhverju opinberu tungumáli viðkomandi ríkis, sen og reglur um meðhöndlun efna og kröfur er gera ætti til útflytjenda áburðar og efna til notkunar í landbúnaði.

Ákveðið var að hvert ríki setti lög um að atvinnurekendur og einyrkjar á sama vinnusvæði í landbúnaði yrðu að hafa samvinnu um að tryggja öryggi og hollustuhætti. Að tillögu launafólks var einnig samþykktur texti um að atvinnurekendum bæri að hætta þegar í stað heilsuspillandi starfsemi.

Samþykktin er birt í heild í fylgiskjali I.

Samkvæmt tilmælunum ber aðildarríkjunum til dæmis að stofnsetja kerfi á landsvísu til að hafa eftirlit með öryggi og hollustuháttum í atvinnulífinu. Kerfið á að taka yfir bæði eftirlit með heilsu launafólks og aðstæðum í vinnuumhverfi þeirra. Yfirvöld eiga að stuðla að því að fólk sem vinnur við landbúnað fái eigin öryggis- og heilsuþjónustu og koma á fót kerfi fyrir skráningu og aðvaranir um vinnuskaða og vinnutengda sjúkdóma. Stjórnvaldsaðgerðir eiga jafnframt að stuðla að því að efla öryggi og hollustuhætti í landbúnaði með námi og þjálfun til að mæta þörfum allra þeirra sem vinna í þessari atvinnugrein.

Tilmælin eru birt í fylgiskjali II.

Efling samvinnufélaga.

Ákveðið var að taka tilmæli nr. 127, um hlutverk samvinnufélaga, til endurskoðunar á 89. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Skilningur á þeim stjórnmálalegu og félagslegu breytingum sem hafa haft áhrif á samvinnufélagsformið um heim allan síðan tilmælin voru sett árið 1966 lá til grundvallar hugmyndinni um endurskoðun. Þar sem samvinnufélög hafa nýju hlutverki að gegna, bæði í iðnríkjum og fyrrverandi kommúnistaríkjum, endurspegla gömlu tilmælin nr. 127 þann þróunarvanda sjöunda áratugarins er tengist landbúnaði í þróunarlöndunum. Stjórnarnefndin álítur samvinnuformið halda gildi sínu þrátt fyrir áhrif alþjóðavæðingar efnahagslífsins á vinnuskilyrði í heiminum og henta öllum þjóðfélagsgerðum, þar sem það kunni að skapa möguleika til sjálfshjálpar, ýta undir aukna samvinnu, vera atvinnuskapandi, hindra félagslega einangrun og vera tæki til að keppa á alheimsvinnumarkaði.

Nefndarstarfið fólst í fyrri umræðu um drög að tilmælum til að efla samvinnufélagsformið. Seinni umræða og afgreiðsla var á þingi ILO 2002. Nefndin hélt 14 fundi Til grundvallar umræðunni lágu frammi tvær skýrslur sem höfðu verið teknar saman af alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf. Í fyrri skýrslunni er samantekt á lögum, reglugerðum og stjórnvaldsreglum sem í gildi eru um samvinnufélög. Seinni skýrslan er samantekt á svörum aðildarríkjanna við spurningaskrá ILO um stöðu samvinnufélaga í hlutaðeigandi aðildarríki. Samtals bárust svör frá 99 aðildarríkjum við spurningaskránni. Í henni voru spurningar um form, markmið og skilgreiningu, hlutverk ríkisstjórnar, atvinnurekenda og launafólks og samband þeirra innbyrðis. Einnig var fjallað um hinn stjórnmálalega ramma og þær ráðstafanir sem gera þarf til að efla samvinnufélög og alþjóðlegt samstarf.

Félagslegt öryggi og velferð.

Árið 1999 ákvað stjórnarnefnd ILO að vinnumálaþingið skyldi hrinda af stað umræðu um félagslegt öryggi til grundvallar stefnu ILO á þessu sviði. Ástæður eru hraðar efnahagslegar, tæknilegar og lýðfræðilegar breytingar, sem og afleiðingar alnæmis. Stjórnarnefnd ILO sá fyrir að í framtíðinni gæti verið kjörið að þróa ný tæki og úrræði til að fást við þessi mál eða í það minnsta betrumbæta og endurskoða þau gömlu.

Meginmarkmið starfs nefndar um félagslegt öryggi og velferð var að móta framtíðarstefnu ILO. Skrifstofa ILO hafði unnið skýrsluna „Social Security: Issues, Challenges and Prospects" (skýrsla VI) sem var grundvöllur nefndarstarfsins.

Vinnuhópur var settur á laggirnar og voru frumdrög hans lögð fyrir síðasta nefndarfund en niðurstöður nefndarinnar koma fram í 21 atriði skýrslunnar sem samþykkt var á allsherjarfundi þingsins.

90. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2002

90. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 3.–20. júní 2002. Forseti þingsins var kosinn Jean-Jacques Elmiger, ríkisstjórnarfulltrúi og sendiherra Sviss en varaforsetar voru kosnir Hussain vinnumálaráðherra frá Pakistan, Arbesser-Rastburg úr hópi atvinnurekenda frá Austurríki og Rampak frá Malasíu úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir: Frá félagsmálaráðuneyti: Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur og Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Frá utanríkisráðuneyti: Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra og Ingibjörg Davíðsdóttir sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Kristján Bragason, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Islands.

Dagskrá:

1. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar, og yfirlitsskýrsla um framvindu efnahags- og vinnumála í heiminum.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Efling samvinnufélaga. Seinni umræða og afgreiðsla tilmæla.
5. Vinnuslys og atvinnusjúkdómar.
6. Óformlega hagkerfið. Almenn umræða.
7. Afnám 20 tilmæla.

Sérstakir heiðursgestir þingsins voru forsætisráðherra Malasíu, Dr. Mahathir Bin Mohamad og forsætisráðherra Barbados, Owen Arthur, sem tóku þátt í umræðum um afleiðingar hnattvæðingar á allsherjarfundi þingsins.

Kosin var ný stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrir tímabilið frá júní 2002 til júní 2005.

Skýrsla framkvæmdastjóra og stjórnarnefndar og yfirlitsskýrsla.

Fyrir þingið var lögð ítarleg skýrsla forstjóra ILO, Juan Somavia, um áhrif hernaðar og hermdarverka á efnahag einstaklinga og fyrirtækja, heilsugæslu, menntun og fleira í Palestínu og Ísrael. Forstjórinn lagði til að ILO beitti sér fyrir því að stofnaður yrði sjóður til að bæta atvinnuástandið hjá Palestínumönnum. Sjóðurinn skyldi nefnast Hinn Palestínski sjóður fyrir atvinnu og félagslega vernd og skyldi styrktur með rekstrarafgangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hann hvatti ríkisstjórnir aðildarríkjanna einnig til að leggja fé í sjóðinn.

Atvinnuástandið í Palestínu var einnig rætt í hópi fulltrúa launafólks á þinginu sem fékk hóp atvinnurekenda í lið með sér um ályktun sem fól í sér að ILO ætti með virkum hætti að leggja sitt af mörkum til atvinnumála, félagslegs öryggis og félagslegra viðræðna á þessu svæði. Hópar verkafólks og atvinnurekenda hvöttu til að:

- stofnunin gripi til ráðstafana og styrkti enn frekar tímabundin verkefni og tæknilega samvinnu;
- aðildarríki ILO létu af hendi rakna verulegar fjárhæðir til þess að koma á fót palestínskum sjóði til atvinnuþróunar og félagslegs öryggis;
- forstjóri ILO léti verulega fjármuni frá stofnuninni til þess sjóðs og notaði þannig þann rekstrarafgang sem væri til ráðstöfunar.

Árið 1998 samþykkti ILO að leggja áherslu á grundvallarréttindi í atvinnulífinu þar sem gerð yrði úttekt á ákveðnu efni í aðildarríkjunum og um það gerð yfirlitsskýrsla. Skýrslan fyrir árið 2002 bar heitið „Framtíð án barnavinnu“. Var um það almenn sátt að baráttan gegn barnaþrælkun skyldi hafa algeran forgang á komandi árum. Á þinginu var því ákveðið að einn dagur á ári, 12. júní, skyldi helgaður þessu baráttumáli um heim allan og skyldi hann bera heitið „dagur án barnavinnu“ til að hvetja aðila vinnumarkaðarins til að virða grundvallarsamþykkt ILO nr. 182, um barnavinnu í sinni verstu mynd, og nr. 138, um lágmarksaldur á vinnumarkaði, svo og áætlun ILO um afnám barnavinnu.

Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.

Undanfarin ár hafa nokkur ríki ítrekað verið gagnrýnd fyrir slælega framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Árið 2001 var ákveðið að senda nefnd háttsettra embættismanna ILO til Burma til að þrýsta á stjórnvöld, sérstaklega þó herinn, til að láta af ítrekuðum brotum á samþykkt um nauðungarvinnu.

Nefndin ræddi einnig tilfelli í 24 ríkjum þar sem einhverju var ábótavant en beindi kastljósinu sérstaklega að þremur ríkjum: Súdan, Eþíópíu og Venesúela. Súdan var gagnrýnt fyrir brot á samþykkt nr. 29 frá 1930, um nauðungarvinnu, og lýstu menn áhyggjum af mannránum, nauðungarvinnu og verslun með konur og börn, ekki aðeins á stríðshrjáðum svæðum í suðurhluta landsins heldur einnig á yfirráðasvæði stjórnvalda.

Í tilfelli Eþíópíu var rætt um brot á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Nefndin fagnaði þó því að ríkisstjórn landsins þáði umtalsverða tæknilega aðstoð ILO við að bæta úr málum. Nefndin lagði á það áherslu að réttur kennara til að stofna stéttarfélög yrði virtur bæði lagalega og í framkvæmd.

Varðandi Venesúela var félagafrelsi sömuleiðis rætt. Nefndin skoðaði ásakanir um ofbeldisverk framin af stjórnvöldum eða sem þau eru talin standa á bak við sem borist höfðu frá samtökum verkalýðs- og atvinnurekenda. Ríkisstjórn og þing Venesúela lýstu sig þó reiðubúin að lagfæra löggjöf til að gera úrbætur mögulegri. Nefndin krafði stjórnina um ítarlega skýrslu sem skyldi m.a. innihalda öll drög að frumvörpum laga og reglugerðardrög til að bæta ástandið svo sérfræðinganefndin gæti skoðað þau aftur á næsta fundi.

Efling samvinnufélaga.

Ný tilmæli um eflingu samvinnufélaga voru afgreidd á þinginu. Þau leysa af hólmi eldri tilmæli nr. 127 frá 1966 um „hlutverk samvinnufélaga í efnahags- og félagsþróun þróunarlanda“. Þau tilmæli voru samin með sértækar þarfir þróunarlandanna í huga en hin nýju eru byggð á algildum viðmiðum sem eiga við öll þjóðfélög. Ibrahim Patel frá Suður-Afríku, formaður nefndarinnar, sagði: „Tilmælin eru algild í þrennum skilningi: þau eiga við öll þjóðfélög, þau eiga við öll samvinnufélög og þau eiga við alla sem vinna í samvinnufélögum.“ Formaðurinn taldi að þar sem efnahagsleg landamæri væru nánast horfin með tilkomu hnattvæðingarinnar, þá endurspegluðu tilmælin þann raunveruleika sem kallaði á aukna alþjóðlega samvinnu og á hnattvæðingu hugmyndarinnar um samvinnu.

Tilmælin um eflingu samvinnufélaga eru birt í heild í fylgiskjali III.

Vinnuslys og atvinnusjúkdómar.

Á sviði heilsu- og öryggismála afgreiddi þingið bókun við samþykkt nr. 155 frá 1981, um vinnuöryggi og heilsuvernd, og tilmæli þar sem 22 ára gamall listi um atvinnusjúkdóma var uppfærður.

Í bókuninni eru aðildarríkin beðin um að koma á fót og/eða endurskoða kerfi viðmiðunarreglna um tilkynningu og skráningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Aðildarríkin skulu einnig ákvarða ábyrgð atvinnurekenda og skráningu upplýsinga, auk þess sem þau eru hvött til að gefa út árlega tölulegar upplýsingar um flokkunarkerfi sem eru sambærileg við nýjustu viðmiðanir ILO og annarra alþjóðasamtaka.

Í tilmælunum er mælst til að aðildarríkin semji skrá yfir atvinnusjúkdóma til að stemma stigu við þeim, annist skráningu þeirra, tilkynni þegar þeir koma fram og sjái til þess að þolendum séu tryggðar bætur. Þessi nýja skrá er endurskoðun á eldri skrá fyrir atvinnusjúkdóma sem ekki hafði verið endurskoðuð frá árinu 1980. Gert er ráð fyrir að skráin í viðauka við tilmælin verði reglulega endurskoðuð á þríhliða fundum sérfræðinga og síðan lögð fyrir fund stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til samþykktar.

Óformlega hagkerfið.

Á þinginu var kosin nefnd til að ræða almennt um óformlega hagkerfið. Þetta er fyrsta skiptið sem þetta efni er sett á dagskrá þingsins. Áður hafði verið minnst á þetta efni í skýrslu forstjóra ILO til þingsins 1991 undir heitinu „The Dilemma of the Informal Sector". Í skýrslu sem unnin var fyrir þetta þing kemur fram að flestir fara inn í óformlega hagkerfið af neyð en ekki að eigin vali. Einnig er talið að hvergi tíðkist eins mikil brot á kröfunni um „mannsæmandi vinnu" eins og þar. Flest launafólk í þessum hluta hagkerfisins hefur litla sem enga félagslega vernd og öryggi og er talið að léleg hagstjórn ríkisstjórna eigi stærstan þátt í að óformlega hagkerfið blómstri. Talið er að helmingur til þrír fjórðu verkafólks vinni svart í þróunarríkjunum: um þrír fjórðu í Afríkuríkjum sunnan Sahara og tveir þriðju í Asíu, helmingur alls verkafólks í rómönsku Ameríku og Norður-Afríku. Í vestrænum iðnríkjum er þetta sömuleiðis algengt vandamál samkvæmt skýrslunni. Í 15 ríkjum Evrópusambandsins er um þriðjungur vinnandi fólks starfandi utan hins löglega vinnumarkaðar. Í Bandaríkjunum er einn af hverjum fjórum í þessari stöðu.

Á þessu þingi var leitast við að nálgast fyrirbærið með það í huga að það geti átt við mismunandi aðstæður, haft ólíkar orsakir og þar af leiðandi kallað á mismunandi lausnir. Í niðurstöðu þingsins var talið brýnt að hafa þetta í huga í framtíðarstarfi ILO varðandi þetta mál. Einnig var þess krafist að þríhliða samstarf yrði notað til að fjalla um og bæta úr skorti á mannsæmandi vinnu í óformlega hagkerfinu. Verkalýðsmálaskrifstofa ILO og atvinnurekendaskrifstofa ILO skyldu vinna saman að allri áætlanagerð og framkvæmd á þessu sviði í framtíðinni.

Þingsályktanir.

Tillögur að nokkrum ályktunum lágu fyrir við upphaf þingsins, en einungis eina þeirra tókst að afgreiða. Það var ályktun um þríhliða samstarf og kjarasamninga. Efni ályktunarinnar segir til um mikilvægi þríhliða samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda bæði innan ILO og heima fyrir. Þar er einnig lögð áhersla á að ríkisstjórnir tryggi nauðsynleg skilyrði til að auðvelda kjarasamninga, félagafrelsi og samvinnu þessara aðila. Aðilar vinnumarkaðarins skulu einnig reyna að ná til starfsgreina þar sem vitað er að þetta samstarf er ekki virkt og aðstoða menn við að gera þetta þríhliða samstarf virkt.

91. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2003

91. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf var haldið dagana 1.–20. júní 2003. Alls tóku 3.498 fulltrúar, ráðgjafar og áheyrnarfulltrúar þátt í störfum þingsins frá 158 af 177 aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Forseti þingsins var kosinn Michael Christopher Wamalwa, varaforseti Kenía, en varaforsetar voru kosnir Muzahem Al Muhaisin, vinnumálaráðherra frá Jórdaníu, Bryan Noakes frá Ástralíu úr hópi atvinnurekenda og úr röðum launafólks Tomasz Wojcik frá Póllandi.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir: Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur. Frá utanríkisráðuneyti: Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra, Ingibjörg Davíðsdóttir sendiráðsritari, Ásthildur Knutsen ráðgjafi og Hildur Björnsdóttir Vernusdóttir sem var í starfsþjálfun í fastanefnd Íslands í Genf. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamenn hennar voru Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Ásdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Verkalýðsfélagsins Öldunnar.

Dagskrá þingsins:

1. Skýrslur framkvæmdastjóra, stjórnarnefndar og yfirlitsskýrsla.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Mannauður og þróun. Endurskoðun tilmæla nr. 150 frá 1975 um þróun mannauðs. Fyrri umræða.
5. Ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns. Almenn umræða.
6. Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustöðum. Almenn umræða
7. Persónuskilríki sjófarenda.

Sérstakir heiðurgestir ávörpuðu þingið en það voru Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, og Abdullah II bin al-Hussein Jórdaníukonungur. Á sérstökum fundi um barnavinnu 12. júní, fyrsta alþjóðlega daginn gegn barnavinnu, hélt Raina drotting Jórdaníu ræðu þar sem hún skoraði á ríki heimsins að bindast samtökum gegn verslun með börn. Talið er að um 1,2 milljónir barna gangi kaupum og sölum ár hvert.

Skýrsla framkvæmdastjóra og yfirlitsskýrsla.

Að venju voru umræður um þessar skýrslur á allsherjarfundi þingsins. Skýrsla Juans Somavia, forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, var helguð baráttunni við fátækt en um þrír milljarðar manna lifa á tveimur bandaríkjadölum á dag eða minna. Um 300 fulltrúar sem tóku til máls um efni skýrslunnar. Í viðauka skýrslunnar var fjallað um ástandið á hernumdu svæðunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Sérstakur fundur var haldinn til að ræða hlutskipti launafólks á svæðinu, nauðsyn þess að styrkja þríhliða viðræður í baráttunni við fátækt og fyrir friði á þessum slóðum svo og um nýstofnaðan sjóð fyrir palestínska verkamenn. Yfirlitsskýrslan var um jafnréttismál og félagslega mismunun á vinnumarkaði. Umræður um skýrsluna endurspegluðu þá þörf að bæta lagasetningu til að draga úr mismunun þar sem enn væri langt í land að ná jafnréttismarkmiðum fyrir konur og ýmsa minnihlutahópa.

Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.

Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta fjallaði um málefni 25 ríkja að þessu sinni. Hún beindi spjótum sínum sérstaklega að Hvíta-Rússlandi og Burma. Nefndin átaldi bæði ríkin fyrir að virða ekki samþykkt nr. 87 frá 1948, um félagafrelsi. Fjallað var um alvarlegt ástand í Burma á sérstökum fundi. Gefin var skýrsla um framvinduna frá því að málefni ríkisins komu til sérstakrar umfjöllunar á fundi stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í desember 2002. Ástandið þykir það alvarlegt að það var sett á dagskrá allsherjarfundar þingsins sem er fátítt. Umræður á allsherjarfundinum hófust á því að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skoraði á ríkisstjórn Burma að sleppa baráttukonunni Aung San Suu Kyi og stuðningsmönnum hennar úr fangelsi og tryggja fullt öryggi þeirra, svo og að hefja samvinnu við ILO um afnám nauðungarvinnu í landinu.

Þingnefndin skoraði einnig á ríkisstjórn Kólumbíu að tryggja öryggi launafólks í landinu. Mörg undanfarin ár hafa verið stunduð mannrán á forystumönnum samtaka launafólks þar í landi, þeim hótað líflláti og þeir jafnvel myrtir. Hópur fulltrúa atvinnurekenda og nokkurra ríkja í þingnefndinni sá ástæðu til að taka upp hanskann fyrir ríkisstjórn Kólumbíu og leggjast gegn tillögu um sérstakar aðgerðir ILO gagnvart landinu. Ríkisstjórnir Íslands og hinna ríkjanna á Norðurlöndum lýstu yfir fullum stuðningi við réttindabaráttu launafólks í Kólumbíu og greiddu atkvæði með tillögunni um aðgerðir af hálfu ILO.

Í skýrslunni nefndarinnar er lýst yfir áhyggjum af ástandinu í Kamerún, Líbíu, Máritaníu og Simbabve, m.a. vegna brota á reglum um félaga- og samningafrelsi, félagslegt öryggi og bann við nauðungarvinnu. Jafnframt vakti nefndin athygli á viðvarandi vanda í mörgum ríkjum þar sem lögverndaður réttur launafólks er ekki virtur og það tapar ítrekað launum vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Nefnd um mannauð.

Á þinginu fór fram fyrri umræða um endurskoðun tilmæla um mannauð. Endurskoðuðum tilmælum er ætlað að leysa af hólmi eldri tilmæli ILO nr. 150 frá 1975 um þróun mannauðs. Hugmyndin að baki endurskoðun tilmælanna er sú að menntun og þjálfun séu lykilatriði í baráttunni gegn fátækt og stuðli að hagsæld þjóðfélaga. Í skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kom m.a. fram að menntunar- og þjálfunarmál í mörgum ríkjum séu í algjörum ólestri, en yfir 860 milljónir manna í heiminum eru ólæsar og óskrifandi – stór hluti er konur.

Í starfi nefndarinnar var m.a fjallað um skýrsluna „Nám og þjálfun fyrir vinnu í þekkingarsamfélaginu“, en í henni er að finna niðurstöður könnunar sem gerð var meðal aðildarríkjanna um afstöðu þeirra til ýmissa lykilatriða varðandi þetta málefni. Fyrri umræðan lagði línur fyrir þau grundvallarsjónarmið og viðmið sem verða leiðbeinandi fyrir ríki til að efla þjálfun og færni eftir efnahags- og félagslegum þörfum á hverjum stað. Til stuðnings starfi nefndarinnar hefur skrifstofa ILO þróað geisladisk með bakgrunnsskýrslum og yfir 500 dæmum um frumkvæði nokkurra ríkja sem nota má sem fyrirmynd að þjálfunaráætlunum. Ákveðið var að diskurinn yrði endurskoðaður og notaður við samningu nýrra tilmæla um þetta efni sem verði afgreidd á næsta Alþjóðavinnumálaþingi.

Nefnd um ráðningarsamband.

Stofnuð var nefnd til að fjalla um breytingar sem hafa átt sér stað varðandi ráðningarsamband atvinnurekanda og launamanns. Í nefndinni var fjallað um miklar breytingar á þessu sviði, einkum á allra síðustu árum, m.a. með tilkomu svonefndra starfsmannaleiga. Töluverður tími fór í að skilgreina hvað fælist í hugtakinu „ráðningarsamband“ og greina á milli þess og „viðskiptasambands“.

Með einkavæðingu og aukinni alþjóðavæðingu er talið að víða hafi réttindi launafólks orðið ótryggari en áður, m.a. vegna svonefndrar einstaklingsverktöku og fjarvinnslu. Var ákveðið á þessum fundi að stefnt skyldi að setningu tilmæla á þessu sviði. Tilmælin skyldu beinast að „gerviráðningarsambandi" atvinnurekanda og launamanns og miða að því að skýra réttarstöðu launamanns gagnvart atvinnurekanda. Enn fremur skyldi vinna að framgangi slíkra umbóta í aðildarríkjunum. Þingnefndin lagði áherslu á að hin nýju tilmæli mættu ekki grafa undan reglum um raunverulega verktöku eða viðskiptasamband.

Nefnd um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Í þingnefnd um vinnuvernd náðist samkomulag um að vinna að smíði á nýrri alþjóðlegri áætlun á sviði aðbúnaðar og hollustuhátta í atvinnulífinu í því skyni að draga úr fjölda banaslysa, annarra slysa og vinnusjúkdóma. Talið er að tvær milljónir manna láti lífið á ári hverju úr vinnutengdum sjúkdómum og þar af eru 354 þúsund banaslys. Við þetta bætast 270 milljónir annarra vinnuslysa og 160 milljónir atvinnusjúkdóma ár hvert.

Áætluninni verður hrundið í framkvæmd með upplýsingaherferð til að vekja fólk til meðvitundar um gildi fyrirbyggjandi aðgerða sem miði að því að gera vinnustaði heilsusamlegri og öruggari. Í áætluninni verði hlutverk hvers aðila um sig skilgreint, þ.e. stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda og launafólk. Haldið verður áfram umræðum um þetta málefni á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2005.

Nefnd um persónuskírteini sjómanna.

Ný samþykkt var afgreidd, nr. 185, um persónuskírteini sjómanna. Hún kemur í stað samþykktar ILO nr. 108 frá árinu 1958 um sama málefni. Nýja samþykktin gerir meiri kröfur en áður voru gerðar. Henni er ætlað að tryggja farmönnum nauðsynlegt ferðafrelsi og útgerðum athafnafrelsi á tímum hryðjuverka og ýmissa ferðahindrana. Í samþykktinni eru settar fram meginreglur sem ber að fylgja við gerð og veitingu sjómannaskírteina. Ítarlegar tæknilegar útfærslur eru í viðaukum við samþykktina. Í samþykktinni eru sértök ákvæði sem heimila breytingar á henni með tiltölulega einföldum hætti. Á þann hátt verður í framtíðinni hægt að laga hana að breyttum kröfum og nýrri tækni. Helsta nýmæli þessarar samþykktar er að nýju persónuskírteinin munu geyma fingrafar og lífsýni eiganda. Gert er ráð fyrir að komið verði upp gagnagrunni sem aðildarríkin fái aðgang að, sérstökum tækjabúnaði til þess að lesa skírteinin o.fl., til þess að tryggja að farmenn geti farið frá borði hvar í veröldinni sem er án sérstaks landvistarleyfis og jafnframt að þeim sé heimilt að koma til og ferðast hindrunarlaust um lönd við áhafnaskipti. Allir fulltrúar Íslands, þ.e. frá ríkisstjórn, samtökum atvinnurekenda og launafólks, greiddu samþykktinni atkvæði sitt.

Samþykktin er birt með skýrslu þessari sem fylgiskjal V.

92. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2004

92. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf dagana 1.–17. júní 2004. Að þessu sinni tóku yfir 3000 fulltrúar frá 177 aðildarríkjum þátt í starfi þingsins.

Ray Guevara, vinnumálaráðherra frá Dóminíska lýðveldinu var kosinn forseti þingsins en varaforsetar voru kosnir Maatough, ríkisstjórnarfulltrúi frá Líbíu, Wade, fulltrúi atvinnurekenda frá Senegal, og Attigbe frá Benín úr hópi launafólks.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir: Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfræðingur. Frá utanríkisráðuneyti: Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra og Ingibjörg Davíðsdóttir sendiráðunautur. Frá samgönguráðuneyti: Hlynur Skúli Auðunsson, lögfræðingur Siglingamálastofnunar. Frá sjávarútvegs-

ráðuneytinu: Vilhjálmur Egilsson ráðuneytisstjóri. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamenn hans voru Pálmi Finnbogason, skrifstofustjóri Starfsgreinasambands Íslands, og Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og Ólöf Lilja Stefánsdóttir, ráðgjafi Alþýðusambands Íslands.

Dagskrá þingsins:

1. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar, og yfirlitsskýrsla.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Þróun mannauðs.
5. Vinnuskilyrði fiskimanna.
6. Flutningur launafólks í atvinnuskyni.
7. Afnám 16 tilmæla.
8. Ályktanir.
9. Kjörbréf.

José Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, var sérstakur heiðursgestur á þinginu en auk hans sátu þingið eða hluta þess þjóðhöfðingjar nokkurra ríkja, t.d. Tarja Halonen, forseti Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseti Tansaníu, Georgi Parvanov, forseti Búlgaríu, og Helen Clark, forsætisráðherra Nýja-Sjálands.

Skýrsla framkvæmdastjóra og yfirlitsskýrsla.

Félagslegar afleiðingar alþjóðavæðingar voru í fyrsta sinn aðalumræðuefni á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Tilefnið var skýrsla sem birt var 24. febrúar 2004 í Genf og ber heitið „Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri“. Skýrslan var samin af nefnd á vegum stofnunarinnar sem naut formennsku Tarju Halonen, forseta Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseta Tansaníu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem miða að því að mæta vaxandi gagnrýni á þá misskiptingu auðs og lífskjara sem alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur skapað. Markmiðið er að beina alþjóðavæðingunni í þann farveg að afraksturinn verði ekki eingöngu fjárhagslegur ávinningur alþjóðafyrirtækja heldur leiði hún jafnframt af sér félagslegar umbætur sem byggist á sameiginlegu gildismati, virðingu fyrir mannréttindum og persónulegri reisn sérhvers einstaklings, menningararfi og sjálfræði. Alþjóðavæðingin verði sanngjörn, taki til allra, lúti lýðræðislegri stjórn og skapi tækifæri og sé áþreifanlegan til hagsbóta fyrir öll ríki og þegna þeirra. Í skýrslunni er að finna fjölmargar tillögur sem beinast að þeim sem hafa mest áhrif á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum, m.a. tillögur sem beint er til hlutaðeigandi aðila, t.d. staðbundinna stjórnvalda, héraðsstjórna og ríkisstjórna. Réttlát stjórnskipan og sanngjörn stjórnsýsla sem byggð er á lýðræðislegum stjórnarháttum eru þættir sem sérstaklega eru dregnir fram. Áhersla er lögð á að við hvers kyns stefnumótun sé höfð hliðsjón af tillögum sem settar eru fram í skýrslunni.

Nokkrir þjóðhöfðingjar tóku þátt í umræðunni um skýrsluna. Í þeim hópi voru Tarja Halonen, Finnlandsforseti, og Benjamin William Mkapa, forseti Tansaníu. Halonen greindi frá því að löndin tvö hygðust fylgja skýrslunni eftir, líklega með því að leggja fram sérstaka ályktun á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2004.

Almenn samstaða var um að taka þyrfti á félagslegum afleiðingum alþjóðavæðingar, bæði innan ríkja og með alþjóðlegri samvinnu. Sérstaklega var á það bent að ILO ætti að gegna lykilhlutverki og var forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Juan Somavia, falið

að leita eftir nánara samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir og Sameinuðu þjóðirnar um framkvæmd á tillögum skýrslunnar.

Í umræðum á allsherjarfundi þingsins var einnig fjallað um yfirlitsskýrslu forstjóra um félagslegt réttlæti.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

Einungis ríkisstjórnarfulltrúar sitja í fjárhagsnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um drög að fjárhagsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem gerð er til tveggja ára í senn og fylgjast með því hvernig áætluninni er fylgt. Í nefndinni verða oft mikil átök á milli einstakra hópa aðildarríkjanna. Oft eru t.d. skipar skoðanir á milli fulltrúa iðnríkja og þróunarríkja. Þeir síðarnefndu vilja aukin umsvif einkum á sviði þróunaraðstoðar, en hinir síðarnefndu vilja fylgja aðhaldssamari stefnu í fjármálum stofnunarinnar. Að þessu sinni var tiltölulega friðsamt í nefndinni. Meginviðfangsefni hennar var að fjalla um hlutfallslega skiptingu kostnaðar á milli aðildarríkjanna. Samkomulag tókst um að nota sem fyrirmynd nýsamþykkta kostnaðarskiptingu á rekstrargjöldum Sameinuðu þjóðanna.

Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.

Ein af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Starf nefndarinnar hefur mótast í tímans rás og var með hefðbundnu sniði á þinginu. Nefndarstarfið hefst með almennum umræðum um inngangshluta skýrslu sérfræðinganefndar ILO til vinnumálaþingsins um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Oftast fylgir almennum umræðum umfjöllun um skýrslu um framkvæmd á einhverri tiltekinni eða tilteknum alþjóðasamþykktum. Meginstarf nefndarinnar snýst hins vegar fyrst og fremst um að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks koma sér saman um skrá yfir um 25 slík mál sem valin eru úr skýrslu sérfræðinganefndarinnar. Reynslan hefur leitt í ljós að takmarkaður tími leyfir ekki umræðu um fleiri mál. Af þessu leiða oft átök um þau mál sem sett eru á framangreinda skrá. Þau átök eiga sér stað bæði innan hópa samtaka atvinnurekenda og launafólks og á milli þeirra. Í þeim deilum standa fulltrúar ríkisstjórna til hliðar og bíða þess sem verða má.

Á síðustu árum hefur orðið sú þróun að fulltrúar ríkisstjórna freisti þess að samræma sjónarmið sín og eru þau kynnt í ræðu sem einn fulltrúi flytur í nafni nokkurra ríkja. Þetta er gert í því augnamiði að vinna tíma. Þannig sameinast fulltrúar norrænu ríkisstjórnanna yfirleitt um eina ræðu um hvert mál. Einnig kemur fyrir að fleiri ríki taka sig saman, þannig kemur fyrir að flutt sé ræða í nafni 27 vestrænna ríkja með markaðshagkerfi.

Miklar breytingar hafa orðið á starfi nefndarinnar. Fyrir fall Berlínarmúrsins voru átök austurs og vesturs áberandi. Hart var deilt um muninn á sósíalískum lýðréttindum og félagafrelsi og þeim skilningi sem Vesturlandabúar hafa lagt í frelsi og lýðræði. Þessar deilur voru einkum harðar og tímafrekar þegar nefndin fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykkta um félagafrelsi og samningafrelsi í ríkjum sem byggðust á kennisetningum sósíalismans. Enn má heyra bergmál af þessum deilum þegar nefndin fjallar um framkvæmd ríkisstjórnar Kúbu á ýmsum grundvallarsamþykktum ILO.

Á síðustu árum hefur borið á vaxandi spennu milli fulltrúa norðlægra og suðlægra ríkja. Að þessu sinni brá svo við að 18 ríki, aðallega þróunarlönd, kvörtuðu undan því að nefndin væri hlutdræg því að gagnrýni hennar beindist einkum að fátækum löndum. Mörg þessara ríkja hafa ítrekað verið gagnrýnd fyrir alvarleg brot á grundvallarsamþykktum ILO. Áberandi í þessum hópi eru Alsír, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kína, Kúba, Egyptaland, Eþíópía, Indland,

Indónesía, Líbía, Malasía, Burma, Pakistan, Sýrland, Súdan, Venesúela, Víetnam og Simbabve.

Ekki hlaut gagnrýni þessara ríkja undirtektir af hálfu fulltrúa atvinnurekenda, launafólks eða iðnríkja.

Að þessu sinni var fulltrúum 24 aðildarríkja boðið að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir afstöðu ríkisstjórna sinna til gagnrýni sérfræðinganefndar ILO á tiltekin atriði varðandi framkvæmd á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Þannig var óskað eftir skýringum frá 19 aðildarríkjum varðandi framkvæmd á grundvallarsamþykktum stofnunarinnar en í fimm tilvikum var um að ræða meint brot á faglegum og tæknilegum samþykktum.

Ríkisstjórn Íslands varð í fyrsta skipti að svara í þingnefndinni fyrir framkvæmd sína á fullgiltri alþjóðasamþykkt. Tekin var fyrir framkvæmd ríkisstjórnarinnar á alþjóðasamþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Tilefnið var kæra Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna setningu laga til lausnar kjaradeilu útgerðarmanna og sjómanna á árinu 2001. Niðurstaða þingnefndarinnar var eftirfarandi:

„Nefndin tók mið af upplýsingum sem veittar voru af fulltrúa ríkisstjórnarinnar og umræðum sem á eftir fylgdu. Nefndin tók mið af því að athugasemdir sérfræðinganefndarinnar vísuðu til samþykktar laga sem kom á lögbundnum gerðardómi í sjávarútvegi og greip þannig inn í gerð kjarasamninga sem fram fer af frjálsum og fúsum vilja. Nefndin veitti því athygli að spurning um inngrip stjórnvalda í kjarasamninga í þessari grein, sem og öðrum starfsgreinum, hefur komið upp af ýmsu tilefni. Nefndin veitti einnig athygli þeirri ósk sem fram hefur komið hjá aðilum vinnumarkaðarins á Íslandi að ríkisstjórnin haldi að sér höndum í framtíðinni hvað varðar hvers kyns inngrip í ferli kjarasamninga. Nefndin veitti sérstaka athygli þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún væri reiðubúin til samráðs við aðila vinnumarkaðarins til að fara yfir þau vandamál sem væru til staðar í sjávarútvegi, sem er mjög mikilvæg atvinnugrein fyrir landið. Nefndin lét í ljósi þá von að ríkisstjórnin mundi endurskoða umgjörð og tilhögun kjarasamningaviðræðna og framkvæmd þeirra í sjávarútvegi í nánu samráði við hlutaðeigandi samtök aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að bæta umgjörð frjálsra samningaviðræðna í samræmi við 4. grein samþykktarinnar, með aðstoð ILO eins og þörf væri á. Nefndin óskaði eftir því að ríkisstjórnin sendi ítarlegar upplýsingar um ráðstafanir hvað þetta varðar í næstu skýrslu sinni til sérfræðinganefndarinnar."

Hér verða ekki talin upp öll ríki sem fjallað var um í nefndinni. Helst ber að nefna sex ríki sem voru beðin um að svara m.a. spurningum um nauðungarvinnu, mismunun og félagafrelsi en þau eru Burma, Kólumbía, Gvatemala, Súdan, Venesúela og Simbabve. Þau voru sérstaklega gagnrýnd fyrir gróf brot á grundvallarsamþykktum. Að þessu sinni var Burma eitt ríkja tekið út úr vegna einstaklegra grófra brota af þessu tagi og nefnt í svonefndum sérstökum hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarfundar vinnumálaþingsins. Þetta er einungis gert í undantekningartilvikum til að draga athygli umheimsins að verstu mannréttindabrotunum.

Þróun mannauðs.

Afgreidd voru ný tilmæli um þróun mannauðs á þinginu. Nefnd hafði verið falið að móta nýjar reglur til að leysa af hólmi eldri tilmæli ILO nr. 150 frá 1975 um þróun mannauðs. Fyrri umræða og umfjöllun hófst á þinginu 2003 og voru ný tilmæli samþykkt en fulltrúar atvinnurekenda, Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Sviss voru á móti. Þykir það draga úr gildi tilmælanna að ekki náðist breið samstaða um þau.

Tilgangur tilmælanna er að móta leiðbeinandi viðmið fyrir ríki til að efla þjálfun og færni starfsmanna eftir efnahags- og félagslegum þörfum á hverjum stað. Leitast á við að tryggja ævilanga símenntun á öllum þrepum menntakerfisins, en með fullorðna sem aðalmarkhóp. Markmiðið er að að tryggja fulla atvinnu, félagslega aðlögun og hagvöxt. Ríkjum er ætlað að auka útgjöld til menntamála og aðilar vinnumarkaðarins eiga að vinna saman að því að nýta sér þá möguleika sem skapast til menntunar og þjálfunar, sérstaklega fyrir hópa sem minna mega sín.

Tilmælin eru birt sem fylgiskjal VII.

Vinnuskilyrði fiskimanna.

Stjórnarnefnd ILO ákvað árið 2002 að endurskoða þyrfti fimm samþykktir og tvenn tilmæli um vinnuskilyrði fiskimanna. Stefnt er að því að ein samþykkt og ein tilmæli komi í þeirra stað. Samþykktirnar fimm eru: nr. 112 frá 1959, um lágmarksaldur fiskimanna, nr. 113 frá 1959, um læknisskoðanir, nr. 114 frá 1959, um einstök ákvæði ráðningarsamninga fiskimanna, nr. 125, um hæfnisskírteini fiskimanna og nr. 126 frá 1966, um aðbúnað fiskimanna. Tilmælin eru nr. 7 frá 1929, um vinnutíma fiskimanna og nr. 126 frá 1966, um starfsþjálfun fiskimanna. Á þinginu var kosin nefnd til að endurskoða og taka til fyrri umræðu þær niðurstöður sem komu fram í skýrslu um vinnuskilyrði í sjávarútvegi.

Fulltrúar atvinnurekenda lögðu áherslu á að samþykktin ætti fyrst og fremst að gilda um vinnuskilyrði fiskimanna. Þar af leiðandi ætti að stefna að sjálfstæðri gerð án tilvísana í samþykktir og samninga sem fjalla um farmenn. Þessu voru fulltrúar launafólks ekki alls kostar sammála og vildu að í væntanlegri samþykkt og tilmælum yrði kveðið á um gildissvið og tengsl við aðra alþjóðasamninga á þessu sviði. Í þessu sambandi má geta þess að oftast er greint á milli farmanna og fiskimanna í samþykktum ILO og gildissvið þeirra takmarkað við annan hvorn hópinn. Dæmi um þetta er samþykkt nr. 164, um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja. Gildissvið þessarar samþykktar tekur til farmanna á hafskipum en ekki fiskimanna. Talsmenn launfólks í nefndinni vildu því að nefndin tæki afstöðu til þessa álitaefnis. Í nefndinni komu fram hugleiðingar um það með hvaða hætti fiskimenn gætu notið hliðstæðrar vinnuverndar og launafólk í landi, t.d. á grundvelli ákvæða í samþykkt nr. 155 um vinnuumhverfi, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig var rætt um heilsugæslu og vinnuumhverfi, kæru- og áfrýjunarrétt, hvíldartíma, stærð áhafna, tryggingar og fleira. Fulltrúar atvinnurekenda vildu takmarka íhlutunarrétt og kærurétt sjómanna á skipum sem hafa verið flutt af landsskrám yfir á alþjóðlegar skipaskrár.

Talsverðar umræður fóru fram um reglur varðandi stærð fiskiskipa og hvert skyldi vera svigrúm ríkisstjórnanna til frávika frá reglum sem gilda skyldu um einstaka flokka skipa. Má þar nefna hvort samþykktin ætti að taka jafnt til smærri fiskiskipa og stærri úthafsveiðiskipa.

Af 137 breytingartillögum sem fjallað var um voru 25 samþykktar án frekari breytinga, 14 voru samþykktar með breytingum, 65 voru dregnar til baka, 25 var hafnað og 8 breytingartillögum var vísað til næsta þings. Fyrir næsta þing mun alþjóðavinnumálaskrifstofan semja tillögu að nýrri samþykkt þar sem byggt verður á þeim umræðum sem fóru fram á þessu þingi og umsögnum aðildarríkjanna um tillögudrögin.

Flutningur launafólks í atvinnuskyni.

Á þinginu var sett á stofn nefnd til að ræða flutning launafólks á milli landa í atvinnuskyni. Stjórnarnefnd ILO telur mikilvægt að þessi málaflokkur fái meiri umfjöllun í framtíðinni þar sem hann hefur verið talsvert vanræktur hin síðari ár. Talið er að að um tíu milljónir manna vinni í öðru landi en sínu eigin án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Al-

þjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman skýrsluna „Towards a fair deal for migrant workers in the global economy“ til undirbúnings umræðum á þinginu. Í umræðunum um niðurstöður skýrslunnar kom fram að víða sé misbrestur á að grundvallarréttur launafólks sé virtur, mismunun sé algengt vandamál þar sem farandverkafólk verði oft að sætta sig við lægri laun en heimamenn. Útlendingar sem starfa í gistiríki séu einnig oft misnotaðir, fái ómanneskjulega meðferð og þeim sé ókunnugt um réttindi sín.

Niðurstöður fundarins urðu þær að aðgerða væri þörf. Alþjóðavinnumálastofnunin væri vel í stakk búin til að takast á við verkefni af þessu tagi þar sem stofnunin byggist á þríhliða samstarfi þeirra aðila sem eiga hlut að máli. Til að byrja með þyrftu aðgerðirnar að felast í upplýsingaherferð sem fæli í sér þróun gagnagrunns sem hefði að geyma upplýsingar um alþjóðlegan flutning fólks í atvinnuskyni. Stofnunin eigi að taka frumkvæði að samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir eins og OECD um þetta málefni. Hún eigi enn fremur að hvetja aðildarríkin til að fullgilda og hrinda í framkvæmd ákvæðum í samþykktum og tilmælum ILO á þessu sviði. Sérstaklega var bent á samþykktir nr. 97 og nr. 143, um réttindi farandverkafólks. Stuðningur við þessar tillögur komu einkum frá hópum atvinnurekenda og launafólks, en fulltrúar ríkisstjórnanna héldu sig nokkuð til hlés við umræðurnar.

Afnám 16 tilmæla.

Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti að fella úr gildi 16 tilmæli sem samþykkt höfðu verið á árabilinu 1919–1953. Alþjóðavinnumálastofnunin hafði komist að þeirri niðurstöðu að tilmælin væru orðin úrelt og þjónuðu ekki lengur markmiðum stofnunarinnar.

Skrá yfir tilmælin sem voru afnumin er birt í fylgiskjali VII.

Ályktanir.

Nefnd um þingsályktanir starfar annað hvert ár. Að þessu sinni lágu fyrir nefndinni 15 tillögur til þingsályktana. Nefndarstarfið hefst venjulega á því að gerð er tilraun til að sameina efnislega hliðstæðar tillögur. Það bar nokkurn árangur. Oft eru flokkadrættir áberandi í nefndinni og vill tími glatast við málþóf um fundarsköp. Árangur af nefndarstarfinu er því nokkuð misjafn. Á þessu þingi tókst samstaða um eina tillögu. Hún var lögð fram að frumkvæði fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda og fjallaði um jafnréttismál. Efni tillögunnar snýr jafnt að Alþjóðavinnumálastofnuninni sem og aðildarríkjunum og snýst um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 184, um öryggi og hollustu í landbúnaði.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 89. þingsetu sinnar í Genf 5. júní 2001 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

með hliðsjón af meginreglum viðeigandi samþykkta og tilmæla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, einkum samþykkt og tilmælum um vinnu verkamanna á plantekrum, 1958, samþykkt og tilmælum um bætur vegna slysa við vinnu, 1964, samþykkt og tilmælum um vinnu-

eftirlit á sviði landbúnaðar, 1969, samþykkt og tilmælum um öryggi og starfsumhverfi, 1981, samþykkt og tilmælum um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985 og samþykkt og tilmælum um öryggi við notkun efna við vinnu, 1990,

að teknu tilliti til mikilvægi heildarnálgunar í landbúnaði og víðara samhengis meginreglna annarra samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er gilda á því sviði, einkum samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948, samþykkt um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, samþykkt um lágmarksaldur við vinnu, 1973 og samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999, og

með hliðsjón af þríhliða yfirlýsingu um meginreglur varðandi fjölþjóðleg fyrirtæki og félagsmálastefnu jafnt sem viðeigandi leiðbeiningarreglum, einkum leiðbeiningarreglum um skráningu og tilkynninga vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, 1996, og leiðbeiningarreglum um öryggi og heilbrigði í skógarvinnu, 1998,

að teknum ákvörðunum um að samþykkja tilteknar tillögur sem varða öryggi og heilbrigði í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

að teknum ákvörðunum um að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 21. júní 2001, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má samþykkt um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001.

I. Gildissvið.

1. gr.

Í samþykkt þessari nær hugtakið „landbúnaður“ yfir landbúnað og nýtingu skóga í landbúnaðarfyrirtækjum, þar á meðal jarðrækt, nýtingu skóga, kvikfjárrækt og skordýrarækt, frumvinnslu jarðræktar- og dýraafurða, rekstraraðila eða í þágu rekstraraðila fyrirtækis, sem og notkun og viðhald á vélum, búnaði, tækjum, verkfærum og mannvirkjum í landbúnaði, að meðtalinni allri vinnslu, geymslu, rekstri og flutningum innan fyrirtækis sem beinlínis tengjast landbúnaðarframleiðslu.

2. gr.

Í samþykkt þessi nær hugtakið „landbúnaður“ ekki til:

a. sjálfsþurftabúskapar,
b. iðnaðar sem nýtir landbúnaðarafurðir sem hráefni og þjónustu sem þeim iðnaði tengist, eða
c. nýtingar skóga til iðnaðar.

3. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald aðildarríkis sem fullgildir samþykkt þessa að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks:

a. getur skilið ákveðin landbúnaðarfyrirtæki eða afmarkaða hópa launafólks undan gildissviði samþykktar þessarar eða ákveðnum ákvæðum hennar þegar sérstök og veruleg vandamál rísa, og
b. skal, ef slíkar undanþágur eru veittar, gera áætlun um útfærslu gildissviðs samþykktarinnar til allra fyrirtækja og hópa starfsmanna stig af stigi.

2. Sérhverju aðildarríki skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tilgreina allar undanþágur samkvæmt a-lið 1. mgr. þessa ákvæðis og skýra frá ástæðum þeirra. Í síðari skýrslum skal aðildarríkið lýsa þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í því skyni að láta ákvæði samþykktarinnar með tímanum ná smám saman til slíkra hópa.

II. Almenn ákvæði.

4. gr.

1. Með tilliti til innlendra aðstæðna og venju og að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks skal sérhvert aðildarríki móta, framkvæma og endurskoða reglulega innlenda heildarstefnu um öryggi og heilbrigði í landbúnaði. Markmið slíkrar stefnu skal vera að koma í veg fyrir slys og heilsutjón við eða í tengslum við landbúnaðarstörf með því að uppræta, draga úr eða hafa stjórn á hættum í vinnuumhverfi í landbúnaði.

2. Í þessu skyni skal í landslögum og reglugerðum:

a. tilgreina það stjórnvald sem ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og framfylgir landslögum og reglugerðum um öryggi og heilbrigði í landbúnaði,
b. tilgreina réttindi og skyldur atvinnurekenda og starfsmanna er lúta að öryggi og heilbrigði í landbúnaði, og
c. kveða á um samræmingu starfa hlutaðeigandi stjórnvalda og stofnana á sviði landbúnaðar og skilgreina hlutverk þeirra og ábyrgð, að teknu tilliti til sérfræðiþekkingar þeirra og innlendra aðstæðna og venju.

3. Hlutaðeigandi stjórnvald skal kveða á um úrbætur og hæfileg refsiviðurlög í samræmi við landslög og reglugerðir, þar á meðal um stöðvun eða takmörkun á starfsemi í landbúnaði, eftir því sem við á, ef starfsemin hefur í för með sér yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna, uns bætt hefur verið úr þeim aðstæðum sem leiddu til bannsins eða takmörkunar.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fullnægjandi og viðeigandi eftirlitskerfi með vinnustöðum í landbúnaði sé fyrir hendi og að nægilegu fjármagni sé veitt til þess.

2. Í samræmi við landslög er hlutaðeigandi stjórnvaldi heimilt að fela í sínu umboði opinberum þjónustuaðilum eða einkastofnunum sem eru undir ríkiseftirliti sérstakt svæðis- eða staðbundið eftirlit, eða eiga í samvinnu við þessa aðila um þetta hlutverk.

III. Forvarnir og varúðarráðstafanir.

Almennt.

6. gr.

1. Atvinnurekandi skal, að því marki sem samræmist landslögum og reglugerðum, tryggja að öryggi og heilsu starfsmanna sé engin hætta búin af öllum þáttum sem starfinu tengjast.

2. Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli hlutaðeigandi stjórnvalds skulu kveða á um að þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað í landbúnaði, eða þar sem einn eða fleiri atvinnurekendur og einn eða fleiri einyrkjar eiga aðild að starfseminni, skuli þeir starfa saman við að fullnægja skilyrðum um öryggi og heilbrigði. Þar sem við á skal stjórnvald kveða almennt á um framkvæmd samvinnunnar.

7. gr.

Í því skyni að fylgja innanlandsstefnu skv. 4. gr. samþykktar þessarar, skulu landslög og reglugerðir eða fyrirmæli viðeigandi stjórnvalds, að teknu tilliti til stærðar fyrirtækis og starfsemi þess, kveða á um að atvinnurekandi skuli:

a. gera viðeigandi áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu launafólks, og grípa á grundvelli þess til forvarna og varúðarráðstafana til að tryggja að við allar fyrirhugaðar aðstæður sé öll landbúnaðarstarfsemi, vinnustaðir, vélar, tæki, efni, verkfæri og vinnslu-

ferli undir stjórn atvinnurekanda örugg og fullnægi þeim öryggis- og heilbrigðiskröfum sem gerðar eru,

b. tryggja að launafólki við landbúnað sé veitt fullnægjandi og viðeigandi þjálfun og skiljanleg fyrirmæli um öryggi og heilbrigði ásamt nauðsynlegri leiðsögn og yfirumsjón, þar á meðal upplýsingum um hættur sem tengjast starfi þess og varúðarráðstafanir, að teknu tilliti til mismunandi menntunarstigs og ólíkra tungumála, og

c. gera þegar í stað ráðstafanir til að stöðva hverja þá starfsemi þar sem bein og alvarleg hætta steðjar að öryggi og heilbrigði, og flytja starfsmenn á brott eftir því sem við á.

8. gr.

1. Launafólk í landbúnaði skal eiga rétt á:

a. að fá upplýsingar og að samráð sé við það haft um öryggi og heilbrigði, þar á meðal um hættur af nýrri tækni;

b. að taka þátt í framkvæmd og endurskoðun öryggis- og heilbrigðisráðstafana, og að velja sér í samræmi við landslög og venju öryggis- og heilbrigðistrúnaðarmenn og fulltrúa í öryggis- og heilbrigðisnefndir; og

c. að geta sjálft, ef það hefur rökstudda ástæðu til þess að ætla að öryggi þess og heilbrigði sé stefnt í alvarlega og bráða hættu, komið sér undan afleiðingum hættunnar og skýrt yfirmanni sínum frá því þegar í stað. Óheimilt er að láta það gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.

2. Launafólk í landbúnaði og fulltrúar þess skulu fylgja gildandi öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum og eiga samvinnu við atvinnurekendur svo að þeim síðarnefndu sé gert kleift að sinna eigin skyldum og ábyrgð.

3. Kveða skal á um réttindi og skyldur skv. 1. og 2. mgr. í landslögum eða reglugerðum, fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds, kjarasamningum eða með öðrum viðeigandi hætti.

4. Áður en ákvæði samþykktar þessarar eru innleidd skv. 3. mgr. skal hafa samráð við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks.

Öryggi véla og vinnuvistfræði.

9. gr.

1. Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli viðeigandi stjórnvalds skulu kveða á um að vélar, tæki, þar á meðal persónuhlífar, áhöld og handverkfæri sem notuð eru við landbúnað skuli fullnægja innlendum eða öðrum viðurkenndum skilyrðum um öryggi og heilbrigði, og uppsetning, viðhald og varðveisla sé með viðeigandi hætti.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur, innflytjendur og birgðasalar hlíti skilyrðum skv. 1. mgr. og veiti notendum, svo og viðeigandi stjórnvaldi, krefjist það þess, fullnægjandi og viðeigandi upplýsingar, þar á meðal viðvörunarmerki, á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum þess ríkis þar sem tækin eru notuð.

3. Atvinnurekendur skulu tryggja að launafólk fái og skilji þær upplýsingar um öryggi og heilbrigði sem framleiðendur, innflytjendur og birgðasalar láta í té.

10. gr.

Landslög og reglugerðir skulu kveða á um að vélar og tæki í landbúnaði skuli:

a. einungis vera notuð við vinnu sem þau eru hönnuð fyrir, nema í tilvikum þar sem annars konar notkun hefur verið metin örugg í samræmi við landslög og venju og sérstaklega

ekki vera notuð fyrir fólksflutninga nema þau séu hönnuð eða breytt til að flytja fólk; og
b. stjórnað af þjálfuðu og hæfu fólki í samræmi við landslög og venju.

Meðhöndlun og flutningur á hráefni og vöru.
11. gr.

1. Til þess bært stjórnvald skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, kveða á um öryggis- og heilbrigðisskilyrði fyrir meðhöndlun og flutning á hráefni og vöru, sérstaklega um burð. Slík skilyrði skulu byggjast á áhættumati, tæknilegum stöðlum og læknisfræðilegu áliti, að teknu tilliti til allra viðeigandi aðstæðna sem starfið er unnið við í samræmi við landslög og venju.

2. Óheimilt er að krefja launafólk eða heimila því að bera eða flytja hráefni og vöru sem vegna þunga síns eða eðlis er líkleg til að stofna öryggi þess eða heilsu í hættu.

Örugg meðferð efna.
12. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera ráðstafanir í samræmi við landslög og venju í því skyni að tryggja að:
a. fyrir hendi sé viðeigandi innlent kerfi eða annað kerfi sem stjórnvaldið viðurkennir sem kveður á um sérstök skilyrði fyrir innflutning, flokkun, pökkun og merkingu efna sem notuð eru í landbúnaði og fyrir bann eða takmörkun á notkun þeirra,
b. þeir sem framleiða, flytja inn, útvega, selja, flytja, geyma eða farga efni sem notað er í landbúnaði, hlíti innlendum eða öðrum viðurkenndum skilyrðum um öryggi og heilbrigði og veiti notendum, og stjórnvaldinu sjálfu, krefjist það þess, fullnægjandi og viðeigandi upplýsingar á viðeigandi opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum ríkisins; og
c. fyrir hendi sé kerfi til að með öruggum hætti megi safna saman, endurvinna og farga efnaúrgangi, úreltum efnum og tómum efnaílátum til að þau verði ekki notuð í öðru skyni og til að koma í veg fyrir eða draga, eins og kostur er, úr hættu fyrir öryggi og heilsu og fyrir umhverfið.

13. gr.

1. Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli hlutaðeigandi stjórnvalds skulu tryggja að fyrir hendi séu forvarnir og varúðarráðstafanir fyrir efnanotkun og meðhöndlun efnaúrgangs hjá fyrirtækjum.

2. Þessar ráðstafanir skulu meðal annars gilda um:
a. undirbúning, meðhöndlun, notkun, geymslu og flutning efna,
b. landbúnaðarstörf sem leiða til dreifingar efna,
c. viðhald, viðgerðir og hreinsun á tækjum og ílátum fyrir efni, og
d. förgun á tómum ílátum og meðferð og förgun á efnaúrgangi og úreltum efnum.

Meðferð dýra og vernd gegn líffræðilegum skaðvöldum.
14. gr.

Landslög og reglugerðir skulu tryggja að komið sé í veg fyrir eða að dregið sé svo sem kostur er úr hættum, svo sem vegna sýkingar, ofnæmis eða eitrunar vegna meðhöndlunar á líffræðilegum skaðvöldum, og að starfsemi sem viðkemur dýrum, búfénaði og peningshúsum fari fram í samræmi við innlend eða önnur viðurkennd öryggis- og heilbrigðisskilyrði.

Landbúnaðarmannvirki.

15. gr.

Bygging, viðhald og viðgerð landbúnaðarmannvirkja skal fara fram í samræmi við landslög, reglugerðir og öryggis- og heilbrigðiskröfur

IV. Ýmis ákvæði.

Ungt launafólk og hættuleg störf.

16. gr.

1. Lágmarksaldur við störf í landbúnaði sem vegna eðlis síns eða vinnuskilyrða er líkleg til að stofna öryggi eða heilsu ungmenna í hættu skal eigi vera lægri en 18 ár.

2. Lög og reglugerðir eða fyrirmæli viðeigandi stjórnvalds skulu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks, kveða á um hvers konar störf eða vinna falla undir 1. mgr.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta landslög eða reglugerðir eða til þess bært stjórnvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks, heimilað 16 ára aldurstakmark við störf skv. 1. mgr. að því gefnu að viðeigandi þjálfun sé veitt og að öryggi og heilbrigði ungmennanna sé að fullu tryggt.

Launafólk í tímabundnum og árstíðabundnum störfum.

17. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að launafólk í tímabundnum og árstíðabundnum störfum njóti sama öryggis og heilsuverndar og fastráðið launafólk í landbúnaði.

Konur í landbúnaðarstörfum.

18. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að tekið sé tillit til sérstakra þarfa kvenna sem starfa við landbúnað í sambandi við þungun, brjóstagjöf og mæðravernd.

Félagsleg aðstaða og húsnæði.

19. gr.

Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli til þess bærs stjórnvalds skulu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, kveða á um:

a. fullnægjandi velferðarþjónusta sé fyrir hendi, launafólki að kostnaðarlausu, og
b. lágmarkskröfur um húsnæði fyrir launafólk sem eðlis starfsins vegna þarf að búa tímabundið eða varanlega innan fyrirtækisins.

Skipulag vinnutíma.

20. gr.

Fjöldi vinnustunda, næturvinna og hvíldartími launafólks í landbúnaði skal vera í samræmi við landslög og reglugerðir eða kjarasamninga.

Sjúkra- og slysatryggingar.

21. gr.

1. Launafólk í landbúnaði skal í samræmi við landslög og venju vera tryggt með almennum tryggingum eða almannatryggingum gegn vinnuslysum og sjúkdómum, hvort sem þau eru banvæn eða ekki, svo og gegn örorku og öðrum vinnutengdum áhættuþáttum fyrir heils-

una, og skal sú vernd vera að minnsta kosti sambærileg þeirri vernd sem launafólk úr öðrum atvinnugreinum nýtur.

2. Slík kerfi geta verið hluti af innlendu tryggingakerfi eða verið með öðrum hætti í samræmi við landslög og venju.

Lokaákvæði.

22. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

23. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.

2. Samþykktin gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi fyrir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

24. gr.

1. Aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins sem um getur í 1. mgr. rétt þann til uppsagnar sem þar er kveðið á um skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil en er síðan heimilt að segja henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

25. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gengur í gildi.

26. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

27. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar eða hluta hennar.

28. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir samþykkt þessari að nokkru eða öllu leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju endurskoðuðu samþykkt lögum samkvæmt hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 24. gr. hér að framan, ef hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist,

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina endurskoðuðu samþykkt.

29. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tilmæli nr. 192, um öryggi og hollustu í landbúnaði.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 89. þingsetu sinnar í Genf 5. júní 2001 að kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

sem hefur ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur varðandi öryggi og heilbrigði í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og

sem hefur ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í formi tilmæla til fyllingar samþykktar um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001 (hér eftir nefnd „samþykktin“);

samþykkir hinn 21. júní 2001 eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til sem tilmæla um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001.

I. Almenn ákvæði.

1. Við framkvæmd á 5. gr. samþykktarinnar skal grípa til ráðstafana í tengslum við vinnueftirlit í landbúnaði í ljósi meginreglunnar sem er að finna í samþykkt og tilmælum um vinnueftirlit (í landbúnaði),1969.

2. Fjölþjóða fyrirtæki skulu veita starfsmönnum sínum í landbúnaði fullnægjandi öryggi og heilsuvernd á öllum vinnustöðum sínum, án mismununar og án tillits til þess á hvaða stað eða í hvaða landi þeir eru, í samræmi við landslög og venju og þríhliða yfirlýsinguna um meginreglur varðandi fjölþjóða fyrirtæki og félagsmálastefnu.

II. Vinnuöryggi og eftirlit með heilsu launafólks.

3. (1) Stjórnvaldi því, sem tilgreint er til að framkvæma innlenda stefnu sem vísað er til í 4. gr. samþykktarinnar, ber að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að

a. bera kennsl á helstu vandamál, forgangsraða verkefnum, finna áhrifaríkar aðferðir til að fást við þau og meta árangurinn reglulega,

b. mæla fyrir um aðgerðir til að koma í veg fyrir og hafa stjórn á starfstengdum hættum í landbúnaði,
   (i) að teknu tilliti til tækniframfara og þekkingar á sviði öryggis og heilbrigðis sem og viðeigandi staðla, leiðbeininga og leiðbeiningarreglna sem viðurkenndar innlendar stofnanir eða alþjóðastofnanir hafa samþykkt,
   (ii) að teknu tilliti til þarfarinnar á að vernda umhverfið gegn áhrifum frá landbúnaðarstörfum,
   (iii) með því að tilgreina þær ráðstafanir sem grípa þarf til í því skyni að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á áhættunni á landlægum atvinnutengdum sjúkdómum meðal launafólks í landbúnaði, og
   (iv) með því að tilgreina að engum launamanni beri að framkvæma hættulega vinnu í einangruðu eða lokuðu rými án þess að nægilegir möguleikar séu á samskiptum og aðstoð,
c. semja leiðbeiningar fyrir atvinnurekendur og verkafólk.

(2) Í því skyni að 4. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda ber hlutaðeigandi stjórnvaldi að:
a. samþykkja ákvæði um að auka stig af stigi viðeigandi starfstengda heilsuvernd fyrir launafólk í landbúnaði,
b. koma á tilhögun að skráningu og tilkynningu á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum í landbúnaði, einkum til að taka megi saman tölfræðilegar upplýsingar, til að framkvæma hina innlenda stefnu og til að koma á fyrirbyggjandi ráðstöfunum á fyrirtækjastigi, og
c. stuðla að öryggi og heilbrigði í landbúnaði með kennsluáætlunum og námsefni til að mæta þörfum atvinnurekenda og launafólks í landbúnaði.

4. (1) Í því skyni að 7. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda ber hlutaðeigandi stjórnvaldi að koma á innlendu eftirlitskerfi með öryggi og heilbrigði á vinnustöðum sem bæði fæli í sér heilsuvernd starfsmanna og eftirlit með vinnuumhverfinu.

(2) Kerfið skal fela í sér nauðsynlegt áhættumat og, þar sem við á, forvarnir og verndarráðstafanir varðandi meðal annars:
a. hættuleg efni og úrgang,
b. eitraða, smitandi eða ofnæmisvaldandi líffræðilega skaðvalda,
c. ertandi eða eitraðar gufur,
d. hættulegt ryk,
e. krabbameinsvaldandi efni eða skaðvalda,
f. hávaða og titring,
g. of mikinn kulda og hita,
h. útfjólubláa sólargeislun,
i. sjúkdóma sem borist geta með dýrum,
j. snertingu við villt eða eitruð dýr,
k. notkun véla og búnaðar, þ.m.t. persónuhlífar,
l. meðhöndlun eða burð á varningi,
m. mikla eða langvarandi líkamlega eða andlega áreynslu, vinnutengda streitu og ófullnægjandi líkamsstöðu við vinnu, og
n. hættu af nýrri tækni.

(3) Heilsuvernd skal vera fyrir ungt launafólk, þungaðar konur og konur með börn á brjósti og eldra launafólk, þar sem við á.

III. Forvarnir og verndarráðstafanir.

Áhættumat og áhættustjórnun.

5. Í því skyni að 7. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu aðgerðir á sviði öryggis og heilbrigðis á fyrirtækjastigi fela í sér:

a. þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum,
b. áhættumat og áhættustjórnun í eftirfarandi forgangsröð,
   (i) að koma í veg fyrir áhættu,
   (ii) að hafa stjórn á áhættunni við upptök hennar,
   (iii) að draga úr áhættunni með aðgerðum eins og hönnun öryggiskerfa við vinnu, koma á ráðstöfunum er lúta að tækni og skipulagi og öryggisráðstöfunum og þjálfun, og
   (iv) að því marki sem áhætta er enn fyrir hendi, að útvega persónuhlífar og hlífðarfatnað, launafólki að kostnaðarlausu, og sjá til þess að þetta sé notað;
c. aðgerðir til að bregðast við slysum og neyðarástandi, þar á meðal fyrstu hjálp og viðeigandi flutning til heilbrigðisstarfsmanna,
d. tilhögun á skráningu og tilkynningum á slysum og sjúkdómum,
e. viðeigandi ráðstafanir til verndar fólki sem er á landbúnaðarvinnustað, íbúum í grenndinni og umhverfinu almennt, gegn hættu sem komið gæti upp vegna þeirra landbúnaðarstarfa sem unnin eru, svo sem vegna áburðarúrgangs, úrgangs frá búpeningi, mengun jarðvegs og vatns, jarðvegsrýrnunar og útlitsbreytinga á jarðvegi, og
f. ráðstafanir til að tryggja að sú tækni sem notuð er sé aðlöguð að loftslagi, vinnuskipulagi og vinnuháttum.

Öryggi við meðferð véla og verklag.

6. Í því skyni að 9. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skal gera ráðstafanir til að tryggja rétt val eða rétta aðlögun á tækni, vélum og búnaði, þar á meðal persónuhlífum, að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna í notkunarlandinu, einkum áhrifa á verklag og áhrifa loftslags.

Rétt meðferð efna.

7. (1) Þær ráðstafanir, sem lýst er í sambandi við rétta meðferð efna í landbúnaði, skulu ákveðnar með hliðsjón af meginreglum samþykktar og tilmæla um efni, 1990, og annarra viðeigandi alþjóðlegra, tæknilegra staðla.

(2) Sérstaklega skulu forvarnir og verndarráðstafanir sem gripið er til á fyrirtækjastigi fela í sér:

a. fullnægjandi persónuhlífar og hlífðarfatnað, og þvottaaðstöðu fyrir launafólk sem vinnur með efni og til viðhalds og hreinsunar á persónuhlífum og tækjum til notkunar efnanna, launafólki að kostnaðarlausu,
b. varúðarráðstafanir við úðun og eftir úðun á svæðum þar sem efnum hefur verið beitt, þ.m.t. ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun matvæla og vatns til drykkjar, þvotta og áveitu,
c. meðhöndlun og förgun á hættulegum efnum sem ekki er lengur þörf fyrir og á ílátum sem hafa verið tæmd en kunna að innihalda leifar af hættulegum efnum, þannig að komið sé í veg fyrir eða dregið sem mest úr hættu hvað snertir öryggi og heilbrigði og umhverfið, í samræmi við landslög og venju,
d. að haldin sé skrá um notkun skordýraeiturs í landbúnaði, og
e. áframhaldandi þjálfun launafólks í landbúnaði sem felur í sér, eftir því sem við á, þjálfun

í verklagi og aðferðum eða fræðslu um hættur og þær forvarnir sem gera ber í tengslum við notkun efna við vinnu.

Meðhöndlun dýra og vernd gegn hættum af líffræðilegum toga.

8. Í því skyni að 14. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu ráðstafanir við meðhöndlun líffræðilegra skaðvalda sem valdið geta hættu á smitun, ofnæmi eða eitrun, og við meðhöndlun dýra fela í sér eftirfarandi:

a. áhættumat samkvæmt 5. gr. til að eyða líffræðilegri hættu, koma í veg fyrir hana eða draga úr henni,
b. eftirlit með dýrum og prófanir á þeim í samræmi við dýralæknisfræðilega staðla og landslög og venju, með tilliti til sjúkdóma sem borist geta í menn,
c. verndarráðstafanir við meðhöndlun dýra, og að séð sé fyrir persónuhlífum og hlífðarfatnaði þar sem við á,
d. verndarráðstafanir við meðhöndlun líffræðilegra skaðvalda og að séð sé fyrir viðeigandi persónuhlífum og hlífðarfatnaði eftir því sem nauðsyn krefur,
e. ónæmisaðgerðir fyrir launafólk sem meðhöndlar dýr, eftir því sem við á,
f. að séð sé fyrir sótthreinsandi efnum og þvottaaðstöðu, og viðhaldi og hreinsun á persónuhlífum og hlífðarfatnaði,
g. að fyrsta hjálp sé veitt, mótefni gefin eða gerðar séu aðrar neyðarráðstafanir vegna snertingar við eitruð dýr, skordýr eða plöntur,
h. öryggisráðstafanir við meðhöndlun, söfnun, geymslu og förgun mykju og úrgangs,
i. öryggisráðstafanir við meðhöndlun og förgun á hræjum sýktra dýra, þ.m.t. hreinsun og sótthreinsun mengaðra svæða, og
j. öryggisleiðbeiningar, þ.m.t. viðvörunarskilti og þjálfun fyrir launafólk sem meðhöndlar dýr.

Landbúnaðarmannvirki.

9. Í því skyni að 15. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu skilyrði á sviði öryggis og heilbrigðis í tengslum við landbúnaðarmannvirki tilgreina tæknilega staðla fyrir byggingar, önnur mannvirki, handrið, girðingar og lokuð rými.

Félagsleg aðstaða og húsnæði.

10. Í því skyni að 19. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu atvinnurekendur eftir því sem við á og í samræmi við landslög og venju sjá launafólki í landbúnaði fyrir:

a. nægilegum aðgangi að drykkjarhæfu vatni,
b. aðstöðu til að geyma og þvo hlífðarföt,
c. aðstöðu til að matast, og til að gefa börnum brjóst á vinnustað þar sem því verður við komið,
d. aðskilinni salernis- og þvottaaðstöðu, eða aðskildum afnotum á slíkri aðstöðu, fyrir karla og konur, og
e. flutningum í tengslum við vinnu.

IV. Önnur ákvæði.

Konur í landbúnaðarstörfum.

11. Í því skyni að 18. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skal gera ráðstafanir til að tryggja að áhættumat verði gert á vinnustöðum í tengslum við öryggi og heilbrigði þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti, og að því er varðar mæðravernd.

Einyrkjar.

12.(1) Að teknu tilliti til sjónarmiða sjálfstætt starfandi bænda, einyrkja, skulu aðildarríki gera áætlanir um að sú vernd sem felst í samþykktinni nái smám saman einnig til einyrkja eftir því sem við á;

(2) Í þessu skulu landslög og reglugerðir tilgreina réttindi og skyldur einyrkja hvað snertir öryggi og heilbrigði í landbúnaði.

(3) Í ljósi innlendra aðstæðna og venju skal eftir því sem við á taka til athugunar sjónarmið einyrkja við mótun, framkvæmd og reglulega endurskoðun á þeirri innlendri stefnu sem fjallað er um í 4. gr. samþykktarinnar.

13.(1) Í samræmi við landslög og venju skal hlutaðeigandi stjórnvald grípa til ráðstafana í því skyni að tryggja að einyrkjar njóti þess öryggis og þeirrar heilsuverndar sem samþykktin veitir.

(2) Þessar ráðstafanir skulu fela í sér:

a. ákvæði um að viðeigandi starfstengd heilsuvernd nái smám saman til einyrkja,
b. að smám saman verði þróuð aðferð til að fella einyrkja undir skráningu og tilkynningu á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum, og
c. að mótaðar séu leiðbeiningar, kennsluáætlanir, námsefni og viðeigandi ráðgjöf og þjálfun fyrir einyrkja, sem meðal annars taki til:
   (i) öryggis og heilbrigði þeirra sjálfra og þeirra sem með þeim starfa að því er varðar starfstengdar hættur, þ.m.t. hættu á vöðva- og stoðkerfissjúkdómum, val og notkun efna og líffræðilegra skaðvalda, hönnun öruggra vinnukerfa og val, notkun og viðhald á persónuhlífum, vélum, verkfærum og tækjum; og
   (ii) að komið sé í veg fyrir að börn vinni hættuleg störf.

14. Þar sem efnahagsleg, félagsleg eða stjórnsýsluleg skilyrði leyfa ekki að einyrkjar og fjölskyldur þeirra falli undir opinbert eða frjálst tryggingakerfi, skulu aðildarríki grípa til aðgerða í því skyni að þeir falli smám saman undir kerfi sem kveðið er á um í 21. gr. samþykktarinnar. Þessu mætti ná með:

a. þróun á sérstöku tryggingakerfi eða tryggingasjóði,
b. aðlögun á því almannatryggingakerfi sem þegar er fyrir hendi.

15. Við framkvæmd framangreindra ráðstafana varðandi einyrkja ber að taka tillit til sérstöðu:

a. leiguliða með smábúskap og launafólks sem fær greitt í hluta af uppskeru;
b. sjálfseignarbænda á smájörðum;
c. þátttakenda í samyrkjubúrekstri, svo sem búrekstri í samvinnufélagsformi;
d. fjölskyldumeðlima, samkvæmt skilgreiningu landslaga og venju;
e. sjálfsþurftabænda; og
f. annarra þeirra sem starfa við landbúnað á eigin vegum í samræmi við landslög og venju.

Fylgiskjal III.

Tilmæli nr. 193, um eflingu samvinnufélaga.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

samankomið samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til 90. þingsetu sinnar í Genf hinn 3. júní 2002,

sem er ljóst mikilvægi samvinnufélaga til atvinnusköpunar og nýtingar auðlinda og fjármagns, og framlag þeirra til efnahagslífsins, og

sem er ljóst að samvinnufélög í sínum ýmsu myndum stuðla að sem mestri þátttöku í efnahagslegri og félagslegri þróun allra samfélaga, og

sem er ljóst að alþjóðavæðing hefur hvað samvinnufélög snertir gert nýjar og áður óþekktar kröfur og leitt til nýrra vandamála, verkefna og tækifæra, og að aukin þörf er fyrir efld félagslega samstöðu bæði innan einstakra landa og á alþjóðavettvangi til að ná fram sanngjarnari dreifingu þess ávinnings sem alþjóðavæðing leiðir til,

sem minnist yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu, sem samþykktar voru af 86. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1998, réttinda þeirra og meginreglna sem kveðið er á um í alþjóðlegum samþykktum og tilmælum, einkum samþykkt um nauðungarvinnu frá 1930, samþykkt um félagafrelsi og verndun þess frá 1948, samþykkt um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega frá 1949, samþykkt um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf frá 1951, samþykkt um lágmark félagslegs öryggis frá 1952, samþykkt um afnám nauðungarvinnu frá 1957, samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs frá 1958, samþykkt um stefnu í atvinnumálum frá 1964, samþykkt um lágmarksaldur við vinnu frá 1973, samþykkt og tilmælum um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks frá 1975, samþykkt og tilmælum um uppbyggingu mannauðs frá 1975, tilmælum um stefnu í atvinnumálum (viðbótarákvæði) frá 1984, tilmælum um atvinnusköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum frá 1998, og samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd frá 1999, og

sem minnist þeirrar grundvallarreglu sem fram kemur í Fíladelfíuyfirlýsingunni, að „vinna er ekki verslunarvara“, og

sem minnist þess að mannsæmandi starf til handa verkafólki alls staðar er meginmarkmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og

sem hefur ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar varðandi eflingu samvinnufélaga, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og

sem hefur ákveðið að þær ábendingar skuli gerðar í formi tilmæla,

samþykkir í dag, hinn 20. júní árið 2002, eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til sem „tilmæla frá 2002 um eflingu samvinnufélaga“.

I. GILDISSVIÐ, SKILGREINING OG MARKMIÐ

1. Viðurkennt er að samvinnufélög starfa á öllum sviðum efnahagslífsins. Tilmæli þessi gilda um allar gerðir og form samvinnufélaga.

2. Í tilmælum þessum merkir orðið „samvinnufélag“ sjálfstætt félag sem fólk myndar af frjálsum vilja til að þjóna efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þörfum og markmiðum með starfi fyrirtækis sem það á sameiginlega og stjórnað er með lýðræðislegum hætti.

3. Stuðla ber að því að samvinnufélög, sem sérstakt form fyrirtækja, verði efld og styrkt á grundvelli:

a. samvinnuhugsjóna um sjálfshjálp, sjálfsábyrgð, lýðræði, jafnrétti, sanngirni og samstöðu, jafnt sem siðferðilegra gilda um heiðarleika, opna starfshætti, félagslega ábyrgð og umhyggju fyrir öðrum, og
b. meginreglna um samvinnu eins og þær hafa byggst upp innan hinnar alþjóðlegu samvinnuhreyfingar og vísað er til í viðauka við tilmæli þessi. Þær meginreglur eru: að aðild að samvinnufélögum sé frjáls og opin, að þau lúti lýðræðislegri stjórn félagsmanna, að félagsmenn taki efnahagslegan þátt í þeim, að þau séu sjálfstæð og óháð, að þau veiti fræðslu, menntun og upplýsingar, að þau stundi samvinnu sín á milli, og að umhyggja sé borin fyrir samfélaginu.

4. Gera ber ráðstafanir til eflingar á möguleikum samvinnufélaga í öllum löndum, á hvaða stigi þróunar sem þau kunna að vera, við að aðstoða þau og félagsmenn í þeim til að:

a. skapa og byggja upp starfsemi þar sem tekna er aflað, og varanlega og mannsæmandi sjálfbæra atvinnu,
b. byggja upp mannauð og þekkingu á gildum, kostum og gæðum samvinnuhreyfingarinnar með fræðslu og menntun,
c. byggja upp rekstrarhæfni þeirra, þar á meðal frumkvæðis- og stjórnunarhæfni,
d. styrkja samkeppnishæfni þeirra og afla aðgangs að mörkuðum og stofnanafjárfestingum,
e. auka sparnað og fjárfestingu,
f. bæta félagslega og efnahagslega velferð um leið og komið er í veg fyrir mismunun af öllu tagi,
g. stuðla að stöðugri þróun mannauðs, og
h. stofna og útfæra sérstakan, traustan og þróttmikinn geira innan efnahagslífsins þar sem meðal annars eru samvinnufélög, og sem svarar félagslegum og efnahagslegum þörfum samfélagsins.

5. Hvetja ber til sérstakra ráðstafana til að gera samvinnufélögum, sem fyrirtækjum og stofnunum er byggjast á samstöðu, kleift að bregðast við þörfum félagsmanna og samfélagsins, meðal annars þeirra sem tilheyra hópum er búa við erfiðleika, svo að þeir falli inn í samfélagið.

II. STEFNA OG HLUTVERK RÍKISVALDS

6. Í samfélagi sem er í jafnvægi verða að vera til þróttmikil svið opinberrar starfsemi og starfsemi einkaaðila, jafnt sem öflugt svið samvinnu og gagnkvæmni, félagssvið sem ekki heyrir undir hið opinbera. Það er á því sviði sem ríkisvaldinu ber að veita stuðning og sjá fyrir lagalegum ramma sem samræmist eðli og starfsemi samvinnufélaga, er stjórnast af þeim samvinnugildum og meginreglum sem kveðið er á um í 3. tölulið, og sem:

a. setur á fót stofnanaramma í því skyni að unnt sé að skrásetja samvinnufélög með eins skjótum, einföldum, ódýrum og skilvirkum hætti og unnt er,
b. stuðlar að stefnumörkun sem miðar að því að byggja upp viðeigandi varasjóði, sem að minnsta kosti að hluta skulu vera óskiptanlegir, og samstöðusjóði innan samvinnufélaga,
c. kveður á um ráðstafanir til umsjónar með samvinnufélögum sem hæfa eðli þeirra og starfsemi, virða sjálfstæði þeirra og samræmast lögum og framkvæmd innanlands, og sem eru samvinnufélögum ekki síður hagkvæmar en þær sem gilda um fyrirtæki og félagslegar stofnanir í öðru formi,
d. auðvelda aðild samvinnufélaga að samvinnusamböndum sem svara þörfum félagsmanna, og
e. hvetur til uppbyggingar samvinnufélaga sem sjálfstæðra og sjálfráða fyrirtækja, einkum

þar sem samvinnufélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna eða veita þjónustu sem annars yrði ekki veitt.

7. (1) Líta ber á það sem eina af undirstöðum innlendrar og alþjóðlegrar efnahagslegrar og félagslegrar uppbyggingar að hvatt sé til samvinnurekstrar með þær hugsjónir og meginreglur að leiðarljósi sem kveðið er á um í 3. tölulið.

(2) Fara ber með samvinnufélög í samræmi við lög og framkvæmd innanlands og búa þeim skilyrði sem ekki eru síður hagkvæm en þau sem gilda um fyrirtæki og félagslegar stofnanir í öðru formi. Ríkisvaldinu ber þar sem við á að koma á ráðstöfunum til að styðja starfsemi samvinnufélaga sem þjónar tilgreindum félagslegum og opinberum stefnumiðum, svo sem að auka atvinnu og byggja upp starfsemi til gagns hópum eða svæðum sem eiga við erfiðleika að etja. Meðal annars og að því marki sem unnt er geta slíkar ráðstafanir falið í sér skattahagræði, lán, styrki, aðgang að framkvæmdum á vegum hins opinbera, og sérstakar reglur um útboð.

(3) Huga ber sérstaklega að því að auka þátttöku kvenna á öllum stigum innan samvinnuhreyfingarinnar, einkum við stjórnun og forystu.

8. (1) Í stefnumörkun hvers lands ber einkum:

a. að stuðla að framgangi grundvallarsamþykkta og tilmæla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um vinnu og yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu hvað snertir alla starfsmenn innan samvinnufélaga án nokkurs greinarmunar,
b. að tryggja að samvinnufélög séu ekki stofnuð eða notuð til að fara í bág við vinnulöggjöf eða nýtt til að dylja eðli starfssambands sem stofnað er til, og berjast gegn fyrirtækjum sem eru samvinnufélög aðeins í orði og brjóta gegn réttindum verkafólks, með því að tryggja að vinnulöggjöf sé framfylgt innan allra fyrirtækja,
c. að stuðla að jafnrétti kynjanna innan samvinnufélaga og í starfsemi þeirra,
d. að stuðla að ráðstöfunum til að tryggja að bestu starfsháttum sé fylgt innan samvinnufélaga, þar á meðal að aðgangur sé tryggður að viðeigandi upplýsingum,
e. að byggja upp tæknilega getu og verkhæfni, frumkvæði og stjórnunarhæfileika, þekkingu á rekstrarmöguleikum og almenna efnahagslega og félagslega hæfni meðal félagsmanna, starfsmanna og stjórnenda, og bæta aðgang þeirra að upplýsinga- og samskiptatækni,
f. að stuðla að kennslu og menntun hvað varðar meginreglur og framkvæmd í samvinnustarfi á öllum viðeigandi stigum hins innlenda mennta- og starfsþjálfunarkerfis og í samfélaginu almennt,
g. að stuðla að ráðstöfunum er efla öryggi og heilsuvernd á vinnustað,
h. að kveða á um menntun og aðstoð í öðru formi til að efla framleiðni og samkeppnishæfni samvinnufélaga og gæði þeirrar vöru og þjónustu sem þau láta í té,
i. að auðvelda aðgang samvinnufélaga að lánsfé,
j. að auðvelda aðgang samvinnufélaga að mörkuðum,
k. að stuðla að kynningu á samvinnufélögum, og
l. að leitast við að bæta hagtölur um samvinnufélög innanlands með tilliti til þess að þróunarstefna sé mörkuð og framkvæmd.

(2) Í slíkri stefnu ber að:

a. láta einstökum svæðum og stöðum eftir, þar sem við á, að sjá um mörkun og framkvæmd stefnu og setningu og framkvæmd reglna um samvinnufélög,
b. skilgreina lagalegar skyldur samvinnufélaga í atriðum svo sem skrásetningu, fjárhagslegri endurskoðun, félagslegri úttekt og öflun á leyfum, og

c. stuðla innan samvinnufélaga að bestu starfsháttum við fyrirtækjastjórnun.

9. Ríkisvaldinu ber að efla hið mikilvæga hlutverk samvinnufélaga við að umbreyta því sem tíðum verður að telja jaðarstarfsemi til sjálfsþurfta og oft er nefnt „hið óformlega hagkerfi“, í lögverndaða atvinnu, sem fellur að öllu leyti að efnahagslífinu í heild.

III. FRAMKVÆMD OPINBERRAR STEFNU TIL EFLINGAR SAMVINNUFÉLÖGUM

10. (1) Aðildarríkjum ber að setja löggjöf og stjórnsýslureglur um samvinnufélög með þau gildi og þær meginreglur að leiðarljósi sem kveðið er á um í 3. tölulið, og endurskoða löggjöfina og reglurnar þegar við á.

(2) Ríkisvaldinu ber að hafa samráð við samvinnusambönd og viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks við setningu laga og reglna og við mörkun stefnu um samvinnufélög.

11. (1) Ríkisvaldinu ber að auðvelda aðgang samvinnufélaga að stuðningsþjónustu í því skyni að styrkja þau og efla rekstrarhæfni þeirra og getu þeirra til atvinnusköpunar og tekjuöflunar.

(2) Til slíkrar þjónustu ber að telja, hvarvetna þar sem unnt er:

a. framkvæmd áætlana um uppbyggingu mannauðs,
b. rannsóknarstarf og stjórnunarráðgjöf,
c. aðgang að fjármagni og fjárfestingu,
d. bókhalds- og endurskoðunarþjónustu,
e. veitingu stjórnunarupplýsinga,
f. upplýsinga- og almannatengslaþjónustu,
g. ráðgjafarþjónustu á sviði tækni og nýsköpunar,
h. lögfræðiþjónustu og þjónustu á sviði skattamála,
i. stuðning við markaðssetningu, og
j. aðra stuðningsþjónustu eftir því sem við á.

(3) Ríkisvaldinu ber að greiða fyrir því að slík stuðningsþjónusta sé fyrir hendi. Hvetja ber samvinnufélög og sambönd þeirra til þátttöku í skipulagningu og rekstri slíkrar þjónustu, og til að kosta hana hvarvetna þar sem framkvæmanlegt er og við á.

(4) Ríkisvaldinu ber að viðurkenna hlutverk samvinnufélaga og sambanda þeirra með því að byggja upp viðeigandi möguleika til að stofna og styrkja samvinnufélög á landsvísu og staðbundið.

12. Þar sem við á ber ríkisvaldinu að gera ráðstafanir til að auðvelda samvinnufélögum aðgang að fjárfestingarfé og lánsfé. Með slíkum ráðstöfunum ber einkum að:

a. gera mögulegt að lán og önnur fjárhagsleg fyrirgreiðsla sé boðin fram,
b. einfalda stjórnsýslumeðferð, bæta úr eiginfjárskorti og draga úr lántökukostnaði,
c. greiða fyrir sjálfstæðri fjármögnunartilhögun í þágu samvinnufélaga, þar á meðal samvinnufélaga á sviði inn- og útlána, bankastarfsemi og vátryggingastarfsemi, og
d. innifela sérreglur í þágu hópa sem eiga við erfiðleika að etja.

13. Til eflingar samvinnuhreyfingunni ber ríkisvaldinu að stuðla að því að aðstæður skapist sem hvetja til uppbyggingar tæknilegra, viðskiptalegra og fjárhagslegra tengsla milli samvinnufélaga af öllu tagi, þannig að auðveldara verði að skiptast á reynslu, axla áhættu og njóta hagræðis sameiginlega.

IV. HLUTVERK SAMTAKA ATVINNUREKENDA OG LAUNAFÓLKS OG SAMVINNUFÉLAGA, OG SAMSKIPTI ÞEIRRA

14. Um leið og samtök atvinnurekenda og launafólks viðurkenna mikilvægi samvinnufélaga við að ná markmiðum um sjálfbæra þróun ber þeim ásamt samböndum samvinnufélaga að leita leiða til að efla samvinnustarf.

15. Samtökum atvinnurekenda ber þar sem við á að taka til athugunar að veita aðild samvinnufélögum sem þess óska, og veita þeim viðeigandi stuðning með sömu skilyrðum og gilda um aðra aðila að þeim.

16. Hvetja ber samtök launafólks til að:

a. leggja til við starfsmenn í samvinnufélögum að gerast meðlimir í samtökum launafólks og veita þeim aðstoð til þess,
b. aðstoða meðlimi sína við að stofna samvinnufélög, þar á meðal til að greiða fyrir aðgangi að vöru og þjónustu til grundvallarþarfa,
c. taka þátt í staðbundnum, landsbundnum og fjölþjóðlegum nefndum og starfshópum sem fjalla um efnahagsleg og félagsleg álitaefni er skipta máli fyrir samvinnufélög,
d. aðstoða við og taka þátt í stofnun nýrra samvinnufélaga með tilliti til þess að skapa atvinnu og halda uppi atvinnu, þar á meðal þegar fyrirhugað er að hætta rekstri fyrirtækja,
e. aðstoða við og taka þátt í áætlunum um að bæta framleiðni samvinnufélaga,
f. stuðla að jöfnum tækifærum innan samvinnufélaga,
g. stuðla að því að starfsmenn sem eru félagar í samvinnufélögum nýti réttindi sín, og
h. takast á hendur hvað eina annað sem stuðlar að viðgangi samvinnufélaga, þar á meðal fræðslu og þjálfun.

17. Hvetja ber samvinnufélög og samtök í fyrirsvari fyrir þeim til að:

a. koma á virkum tengslum við samtök atvinnurekenda og launafólks og stofnanir innan og utan hins opinbera sem láta sig mál þeirra varða, í því skyni að skapa aðstæður sem eru hagfelldar fyrir þróun samvinnufélaga,
b. reka sjálf stuðningsstarfsemi og leggja fram fé til hennar,
c. veita tengdum samvinnufélögum viðskiptalega og fjárhagslega þjónustu,
d. fjárfesta í mannauði og stuðla að mannauði meðal félagsmanna, starfsfólks og stjórnenda,
e. stuðla að uppbyggingu sambanda innlendra og fjölþjóðlegra samvinnufélaga og tengslum við þau,
f. vera í fyrirsvari fyrir hina innlendu samvinnuhreyfingu á alþjóðavettvangi, og
g. sinna öðrum málefnum til eflingar samvinnufélögum.

V. ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

18. Auðvelda ber alþjóðlega samvinnu með því að:

a. skiptast á upplýsingum um stefnu og aðgerðir sem reynst hafa bera árangur við atvinnusköpun og tekjumyndun í þágu félagsmanna í samvinnufélögum,
b. hvetja til og stuðla að tengslum meðal innlendra og fjölþjóðlegra aðila og stofnana sem fást við uppbyggingu samvinnufélaga, til að gera þeim kleift að:
   (i) skiptast á starfsfólki og hugmyndum, fræðslu- og kennsluefni, aðferðum og gögnum,
   (ii) taka saman og nýta rannsóknarefni og annað efni um samvinnufélög og uppbyggingu þeirra,
   (iii) stofna til bandalaga og alþjóðlegra samtaka meðal samvinnufélaga,
   (iv) efla og vernda hugsjónir og meginreglur samvinnuhreyfingarinnar, og
   (v) stofna til viðskiptatengsla meðal samvinnufélaga.

c. veita samvinnufélögum aðgang að innlendum og alþjóðlegum upplýsingum, svo sem markaðsupplýsingum, löggjöf, kennsluaðferðum, tækni og framleiðslustöðlum, og
d. móta þar sem ástæða er til og við á, og í samvinnu við samvinnufélög og hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og verkafólks, sameiginlegar svæðisbundnar og fjölþjóðlegar leiðbeiningarreglur og löggjöf til stuðnings við samvinnufélög.

VI. LOKAÁKVÆÐI

19. Tilmæli þessi eru endurskoðun á „tillögum um samvinnufélög í þróunarlöndum“ frá 1966, og koma í stað þeirra.

VIÐAUKI

ÚTDRÁTTUR ÚR YFIRLÝSINGU UM SAMVINNUHUGSJÓNINA, SAMÞYKKTRI AF ALLSHERJARÞINGI ALÞJÓÐASAMTAKA SAMVINNUFÉLAGA ÁRIÐ 1995

Meginreglur um samvinnu fela í sér leiðbeiningar sem samvinnufélög fylgja til að koma hugsjónum sínum í framkvæmd.

Opin og frjáls aðild.

Samvinnufélög eru félög sem félagsmenn taka þátt í af frjálsum vilja og eru opin öllu fólki sem fært er til að nýta sér þau og vill axla þá ábyrgð sem fylgir aðild að þeim, án greinarmunar hvað snertir kynferði, félagslega stöðu, kynþátt, stjórnmála- eða trúarskoðun.

Lýðræðisleg stjórn félagsmanna.

Samvinnufélög eru lýðræðislegar stofnanir undir stjórn félagsmanna, sem sjálfir marka stefnu þeirra og taka ákvarðanir. Karlar og konur sem gegna störfum kjörinna fulltrúa svara fyrir gerðir sínar gagnvart félagsmönnum. Í frumsamvinnufélögum er atkvæðisréttur félagsmanna jafn (eitt atkvæði fyrir hvern félaga), og samvinnufélög á öðrum stigum eru einnig skipulögð með lýðræðislegum hætti.

Efnahagsleg þátttaka félagsmanna.

Félagsmenn leggja með sanngjörnum hætti fram fjármagn til samvinnufélags síns og ráða yfir því lýðræðislega. Venjulega er a.m.k. hluti þess fjár í sameign innan félagsins.

Félagsmenn njóta yfirleitt takmarkaðs arðs, ef nokkurs, af fé því sem leggja ber fram sem skilyrði fyrir aðild. Félagsmenn verja tekjuafgangi í einhverju eða öllu eftirfarandi skyni: Til uppbyggingar samvinnufélagsins, hugsanlega til myndunar varasjóðs sem a.m.k. að hluta er ekki skiptanlegur, til ágóða fyrir félagsmenn í hlutfalli við viðskipti sín við samvinnufélagið, og til stuðnings við önnur verkefni sem félagsmenn hafa samþykkt.

Sjálfræði og sjálfstæði.

Samvinnufélög eru sjálfstæðar stofnanir til sjálfshjálpar, sem félagsmenn stjórna. Ef þau gera samninga við aðrar stofnanir, þ.m.t. ríkisvaldið, eða afla fjár frá utanaðkomandi aðilum, gera þau það með skilmálum sem tryggja að þau lúti lýðræðislegri stjórn félagsmanna og haldi sjálfstæði sínu sem samvinnufélög.

Fræðsla, menntun og upplýsingar.

Samvinnufélög sjá félagsmönnum sínum, kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsmönnum fyrir fræðslu og menntun svo að þeir geti betur stuðlað að uppbyggingu samvinnufélagsins. Þau veita almenningi, einkum ungu fólki og þeim sem eru leiðandi í skoðanamyndun, upplýsingar um eðli samvinnu og það hagræði sem af henni leiðir.

Samvinna meðal samvinnufélaga.

Samvinnufélög þjóna best félagsmönnum sínum og styrkja samvinnuhreyfinguna best með því að vinna saman innan staðbundinna, landsbundinna og fjölþjóðlegra stofnana.

Umhyggja fyrir samfélaginu.

Samvinnufélög starfa að sjálfbærri þróun samfélaga sinna með framkvæmd stefnu sem félagsmenn þeirra hafa samþykkt.

Fylgiskjal IV.

Tilmæli nr. 194, um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 90. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 2002, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða samþykktarinnar og tilmælanna um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981, og samþykktarinnar og tilmælanna um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985, og

bendir ennfremur á skrána fyrir atvinnutengda sjúkdóma með áorðnum breytingum 1980, sem látin var fylgja samþykktinni um bætur vegna slysa við vinnu,1964, og

með vísan til nauðsynjar þess að styrkja skráningar- og tilkynningarferli fyrir atvinnutengd slys og sjúkdóma, með það að markmiði að bera kennsl á orsakir þeirra, koma á fyrirbyggjandi aðferðum, stuðla að samræmingu skráningar- og tilkynningarkerfa, og að bæta bótaferlið að því er varðar atvinnutengd slys og atvinnutengda sjúkdóma, og

með vísan til nauðsynjarinnar á einfaldara ferli til þess að uppfæra skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, og

þar eð þingið hefur ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar er snerta skráningu og tilkynningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, og reglulega endurskoðun og uppfærslu á skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, sem er fimmta atriðið á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tilmæla samþykkir þingið í dag, 20. júní 2002, eftirfarandi tilmæli sem nefna má tillögu um skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma, 2002,

1. Þegar sett eru upp, endurskoðuð og notuð kerfi til skráninga og tilkynningar atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, ber til þess bæru stjórnvaldi að taka mið af vinnureglunum frá 1966 varðandi skráningu og tilkynningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, svo og annarra leiðbeiningarreglna eða viðmiðana varðandi þetta, sem samþykktar verða síðar meir af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
2. Til þess bæru stjórnvaldi ber að koma upp skrá á landsvísu yfir atvinnutengda sjúkdóma, í því skyni að fyrirbyggja þá, skrá, tilkynna og, sé um það að ræða, greiða bætur og ber að hafa um þetta samráð við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, beita þeim aðferðum er best hæfa aðstæðum og venjum í landinu og vinna verkið í áföngum eftir því sem nauðsyn krefur. Þessi skrá ætti:

a. í forvarnar-, skráningar-, tilkynningar og bótagreiðsluskyni að taka til a.m.k. þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í viðauka 1 við samþykktina um bætur vegna slysa við vinnu, 1964, með áorðnum breytingum 1980,
b. taka til, að því marki sem kostur er, annarra sjúkdóma sem eru á skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma sem fylgir tilmælum þessum í viðauka, og
c. taka til, að því marki sem kostur er, kafla er beri heitið „hugsanlegir atvinnusjúkdómar".

3. Skrána sem fylgir þessum tilmælum í viðauka ætti að endurskoða reglulega og uppfæra á fundum með þátttöku fulltrúa atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórna sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar boðar til. Allar nýjar skrár sem þannig verða til skal leggja fyrir stjórnarnefndina til samþykktar og þegar þær hafa verið samþykktar skulu þær koma í stað fyrri skráa og þá sendar aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
4. Landsskrár um atvinnutengda sjúkdóma ætti að endurskoða og uppfæra að teknu tilliti til síðustu listauppfærslu samkvæmt 3. grein hér að ofan.
5. Aðildarríkin skulu senda landsskrá sína yfir atvinnutengda sjúkdóma til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar þegar er hún hefur verið gerð eða endurskoðuð í því skyni að auðvelda reglulega endurskoðun og uppfærslu skrárinnar um atvinnutengda sjúkdóma sem fylgir tilmælum þessum í viðauka.
6. Aðildarríkin skulu árlega láta alþjóðavinnumálaskrifstofunni í té hagtölur um atvinnutengd slys og sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik og slys á leið til eða úr vinnu, í því skyni að auðvelda skipti á slíkum upplýsingum og samanburð þeirra á alþjóðavísu.

VIÐAUKI

Skrá yfir atvinnutengda sjúkdóma.

1. Sjúkdómar sem eiga rætur að rekja til tiltekinna orsakavalda.

1.1. Sjúkdómar af völdum tiltekinna efna eða efnafræðilegra sambanda.
1.1.1. Sjúkdómar af völdum beryllíns eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.2. Sjúkdómar af völdum kadmíums eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.3. Sjúkdómar af völdum fosfórs eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.4. Sjúkdómar af völdum króms eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.5. Sjúkdómar af völdum mangans eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.6. Sjúkdómar af völdum arsens/arseniks eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.7. Sjúkdómar af völdum kvikasilfurs eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.8. Sjúkdómar af völdum blýs eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.9. Sjúkdómar af völdum flúors eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.10. Sjúkdómar af völdum koldísúlfíðs.
1.1.11. Sjúkdómar af völdum eitraðra halógen-afleiða alífatískra eða arómatískra kolvatnsefna.
1.1.12. Sjúkdómar af völdum bensen eða eitraðra samsvarandi efna.
1.1.13. Sjúkdómar af völdum eitraðra nítró- og amínó-afleiða benzens eða samsvarandi efna.
1.1.14. Sjúkdómar af völdum nítróglusseríns eða annarra estera saltpéturssýru.
1.1.15. Sjúkdómar af völdum alkóhóla, etýlenglýkóla eða ketóna.

1.1.16. Sjúkdómar af völdum kæfandi efna/köfnunarvalda: kolsýrings/kolmónoxíðs, blásýra eða eitraðra afleiða þess eða brennisteins-vetnis.
1.1.17. Sjúkdómar af völdum akrílnítríls.
1.1.18. Sjúkdómar af völdum nituroxíða.
1.1.19. Sjúkdómar af völdum vanadíns eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.20. Sjúkdómar af völdum antímóns eða eitraðra efnasambanda þess.
1.1.21. Sjúkdómar af völdum hexans/hexana.
1.1.22. Tannsjúkdómar af völdum ólífrænna sýra.
1.1.23. Sjúkdómar af völdum lyfja.
1.1.24. Sjúkdómar af völdum þallíns eða efnasambanda þess.
1.1.25. Sjúkdómar af völdum osmíns eða efnasambanda þess.
1.1.26. Sjúkdómar af völdum selens eða efnasambanda þess.
1.1.27. Sjúkdómar af völdum kopars eða efnasambanda hans.
1.1.28. Sjúkdómar af völdum tins eða efnasambanda þess.
1.1.29. Sjúkdómar af völdum sinks eða efnasambanda þess.
1.1.30. Sjúkdómar af völdum ósons eða fosgens.
1.1.31. Sjúkdómar af völdum ertandi efna: bensókínóns og annarra hornhimnuertiefna.
1.1.32. Sjúkdómar af völdum hvaða annarra kemískra efna sem vera kann og ekki eru upp talin í greinum 1.1.1 til 1.1.31 hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns við þessi efni og sjúkdóma sem hann fær.
1.2. Sjúkdómar af völdum eðlisfræðilegra orsakavalda.
1.2.1 Heyrnarskerðing af völdum hávaða.
1.2.2. Sjúkdómar af völdum titrings (truflanir á starfsemi vöðva, sina (tendons), beina, liðamóta, útæða og úttauga, æða og tauga í útlimum og á utanverðum búk, hálsi og höfði.
1.2.3. Sjúkdómar af völdum vinnu í þrýstilofti.
1.2.4. Sjúkdómar af völdum jónandi geislunar.
1.2.5 Sjúkdómar af völdum hitageislunar.
1.2.6. Sjúkdómar af völdum útfjólublárrar geislunar.
1.2.7. Sjúkdómar af völdum hitaöfga (t.d. sólstings, kals).
1.2.8. Sjúkdómar af völdum hvaða annarra eðlisfræðilegra orsakavalda sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum 1.2.1 til 1.2.7 hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns og eðlisfræðilegs orsakavalds og sjúkdóma sem hann fær.
1.3. Sjúkdómar af völdum líffræðilegra/lífrænna orsakavalda.
1.3.1 Smitsjúkdómar eða sníklasjúkdómar sem maður fær við starf þar sem veruleg hætta er á smiti.

2. Sjúkdómar í líffærakerfum sem verða fyrir áverkum.

2.1. Atvinnutengdir öndunarfærasjúkdómar.
2.1.1. Lungnaryks-/ryklunga-sjúkdómar af völdum herslamyndandi steinryks (kísillunga, kollunga, asbestlunga, steinlunga)og kísilberklar (silicotuberculosis), að því tilskildu að kísillunga sé lykilþáttur í því orkutapi eða dauða sem af hlýst.
2.1.2. Lungna- og lungnaberkjusjúkdómar af völdum málmryks.
2.1.3 Lungna- og lungnaberkjusjúkdómar af völdum bómullar-, hör-, hamp- eða sísalhampryks.
2.1.4. Atvinnutengt asma/atvinnutengdur asmi? af völdum viður-kenndra næmisvaka.
2.1.5 Ofsanæmislungnabólga.
2.1.6. Vefjajárn.

2.1.7. Lungnaþemba.
2.1.8. Lungnasjúkdómar af völdum áls.
2.1.9. Kvillar í efri öndunarvegi af völdum viðurkenndra næmisvaka eða ertandi efna sem eru eðlislægur hluti af vinnuferlinu.
2.1.10. Hvaða aðrir öndunarfærasjúkdómar sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum 2.1.1. til 2.1.9 hér á undan, af völdum orsakavalds þar sem liggja fyrir bein tengsl milli starfsmanns við orsakavaldinn og sjúkdóms sem hann fær.
2.2. Húðsjúkdómar af völdum áþreifanlegra efna eða líffræðilegra orsakavalda sem ekki falla undir önnur atriði.
2.2.2. Atvinnutengdir skjallblettir á húð.
2.3. Atvinnutengdir stoðkerfiskvillar.
2.3.1 Stoðkerfissjúkdómar af völdum tiltekinna þátta í verkferli eða verksumhverfi þar sem eru sérstakir áhættuhættir

Dæmi um slíka verkþætti eða umhverfi eru:

a. hröð eða síendurtekin hreyfing,
b. verulegt átak,
c. of mikið álag á einstaka líkamshluta,
d. óeðlilegar eða óþægilegar stellingar,
e. titringur.

Kuldi á (vinnu)stað eða í umhverfinu kann að auka áhættuna.

3. Atvinnutengt krabbamein.

3.1. Krabbamein af völdum eftirfarandi efna/orsakavalda.
3.1.1. Asbest.
3.1.2 Bensidíns (benzedine) og salta þess.
3.1.3. BCME-klórmetýleter.
3.1.4. Króm og krómsambönd.
3.1.5. Koltjara, koltjörubik eða sót.
3.1.6. Betanaptílamín.
3.1.7. Vinílklóríð.
3.1.8. Bensen eða eitruð samsvarandi efni.
3.1.9. Eitraðar nítró- og amínó-afleiður bensóls eða samsvarandi efni.
3.1.10 Jónandi geislun.
3.1.11. Tjara, bik, jarðbik, jarðolía eða efnasambönd, afurðir eða úrgangur þessara efna.
3.1.12. Loftmengun frá kox- eða sindurkolaofnum.
3.1.13. Nikkelsambönd.
3.1.14. Timburryk.
3.1.15 Krabbamein af völdum hvaða annarra efna/orsakavalda sem vera kann og ekki eru upp taldir í greinum 3.1.1 til 3.1.14 hér á undan, þar sem liggja fyrir tengsl milli starfsmanns við orsakavaldinn og krabbameinið sem hann fær.

4. Aðrir sjúkdómar.

4.1. Námumannaaugnriða.

Fylgiskjal V.

Samþykkt nr. 185, um persónuskírteini sjómanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem kom saman til 91. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 2002 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

sem hefur í huga að ávallt steðja hættur að skipum, farþegum og áhöfnum, og ógna enn hagsmunum ríkja og einstaklinga, og

sem hefur einnig í huga grundvallarmarkmið stofnunarinnar, sem er að stuðla að mannsæmandi vinnuskilyrðum, og

sem telur, með tilliti til þess að sjóflutningar skipa eru alþjóðlegs eðlis, að sjómenn þarfnist sérstakrar verndar, og

sem viðurkennir þær meginreglur sem felast í samþykkt um persónuskírteini sjómanna frá 1958 um að auðvelda sjómönnum aðgang að landsvæði aðildarríkja með tilliti til landgönguleyfis, yfirferðar, umferðar eða endursendingar til heimalands, og

sem minnist samnings um að auðvelda alþjóðlega umferð á sjó frá 1965 með áorðnum breytingum, sem gerður var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, einkum reglna 3.44 og 3.45, og

sem minnist þess einnig að ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. A/RES/57/219 (Vernd mannréttinda og grundvallarfrelsis í baráttu gegn hryðjuverkum) staðfestir að ríki verða að tryggja að allar ráðstafanir þeirra í baráttu gegn hryðjuverkum samræmist skuldbindingum þeirra að alþjóðalögum, einkum alþjóðlegum mannréttindum, alþjóðalögum um flóttamenn og alþjóðlegum mannúðarreglum, og

sem gerir sér grein fyrir að sjómenn starfa og búa um borð i skipum í millilandasiglingum, og að aðgangur að aðstöðu í landi og landgönguleyfi eru ómissandi þættir í almennri velferð sjómanna og því nauðsynlegir til að ná markmiðum um öruggari siglingar og hreinni heimshöf, og

sem gerir sér einnig grein fyrir að möguleiki til landgöngu er nauðsynlegur til að komast um borð í skip og fara úr skipsrúmi eftir umsaminn starfstíma, og

sem gefur gaum að breytingum á alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 með breytingum, um sérstakar ráðstafanir til að bæta siglingaöryggi, sem ráðstefna stjórnarerindreka á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti hinn 12. desember 2002, og

að teknum ákvörðunum um að samþykkja tilteknar tillögur um áreiðanlegri persónuskírteini sjómanna, sem er sjöunda mál á dagskrá þessa þings, og

að teknum ákvörðunum um að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar er endurskoðar alþjóðasamning um persónuskírteini sjómanna frá 1958,

gerir þingið í dag, 19. júní 2003, eftirfarandi samþykkt sem nefna má endurskoðaða samþykkt um perónuskírteini sjómanna, 2003.

1. gr.

Gildissvið.

1. Í samþykkt þessari merkir sjómaður hvern þann sem vinnur, er ráðinn til starfa eða innir af hendi starf af hvaða tagi sem er um borð í skipi sem venjulega er haldið til siglinga á hafi úti, öðru en herskipi.

2. Ef vafi leikur á því hvort einhverjir hópar manna skuli teljast sjómenn í skilningi samþykktar þessarar skal úr honum skorið samkvæmt ákvæðum hennar af þar til bæru stjórnvaldi þar sem viðkomandi menn eiga ríkisfang eða fasta búsetu, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.

3. Að höfðu samráði við samtök útgerða fiskiskipa og sjómanna sem starfa um borð í fiskiskipum getur stjórnvaldið beitt ákvæðum samþykktar þessarar um fiskveiðar í atvinnuskyni á höfum úti.

2. gr.

Útgáfa persónuskírteina sjómanna.

1. Hvert aðildarríki sem samþykkt þessi tekur til skal veita hverjum ríkisborgara sínum sem er sjómaður persónuskírteini sjómanns í samræmi við 3. gr. samþykktar þessarar ef hann óskar þess.

2. Sé ekki kveðið á um annað í samþykkt þessari má gera útgáfu persónuskírteina sjómanna háða sömu skilyrðum og þeim sem landslög og reglur setja um útgáfu ferðaskilríkja.

3. Hvert aðildarríki getur einnig gefið út þau persónuskírteini sjómanna sem um getur í 1. mgr. til sjómanna sem veitt hefur verið leyfi til varanlegrar búsetu á landsvæði þess. Hvernig sem á stendur skulu handhafar slíkra leyfa ferðast í samræmi við ákvæði 7. mgr. 6. gr.

4. Hvert ríki skal tryggja að persónuskírteini sjómanna séu útgefin án ástæðulausrar tafar.

5. Sjómenn skulu eiga rétt á áfrýjun til æðra stjórnvalds ef umsókn þeirra er synjað.

6. Samþykkt þessi skal í engu skerða skuldbindingar hvers aðildarríkis samkvæmt alþjóðlegri tilhögun er varðar flóttamenn og ríkisfangslausa menn.

3. gr.

Innihald og form.

1. Persónuskírteini sjómanna sem samþykkt þessi fjallar um skal efnislega vera í samræmi við þá fyrirmynd sem lýst er í I. viðauka við samþykkt þessa. Form skjalsins og það efni sem það er gert úr skal vera í samræmi við hina almennu lýsingu sem tilgreind er í fyrirmyndinni, byggt á þeim viðmiðum sem tilgreindar eru hér á eftir. Sé breyting, sem gerð kann að vera, í samræmi við ákvæði eftirfarandi málsgreina, má þar sem nauðsyn krefur breyta I. viðauka í samræmi við 8. gr., einkum í því skyni að taka tillit til tækniþróunar. Í ákvörðun um að samþykkja breytingu skal tilgreina hvenær breytingin öðlast gildi, með hliðsjón af því að aðildarríki fái nægan tíma til að endurskoða innlend persónuskírteini sjómanna og málsmeðferðarreglur eins og nauðsynlegt kann að vera.

2. Persónuskírteini sjómanna skulu vera einföld að gerð, úr haldgóðu efni með sérstakri hliðsjón af aðstæðum á sjó, og læs með vélrænum hætti. Efni það sem notað er skal:

a. vera svo sem unnt er þannig að komið sé í veg fyrir breytingu eða fölsun og þannig að breytingu megi auðveldlega greina, og
b. vera almennt tiltækt stjórnvöldum á því lægsta verði sem samræmist með áreiðanlegum hætti þeim tilgangi sem kveðið er á um í a-lið.

3. Aðildarríki skulu taka tillit til leiðbeiningareglna sem fyrir hendi kunna að vera og Alþjóðavinnumálastofnunin hefur mótað um tæknileg viðmið sem nota skal, sem auðvelda munu að fylgt verði sameiginlegum alþjóðlegum staðli.

4. Persónuskírteini sjómanna skulu ekki vera stærri en venjulegt vegabréf.

5. Í persónuskírteinum sjómanna skal tilgreina nafn þess stjórnvalds sem skírteinið gefur út, upplýsingar sem gera kleift að ná sambandi við það stjórnvald með skjótum hætti, dagsetningu og útgáfustað, og eftirfarandi yfirlýsingar:

a. skjal þetta er persónuskírteini sjómanns samkvæmt endurskoðaðri samþykkt um persónuskírteini sjómanna frá 2003, gerðri á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og
b. skjal þetta er sérstakt skjal og gegnir ekki hlutverki vegabréfs.

6. Hámarksgildistími persónuskírteinis sjómanns skal ákvarðaður samkvæmt lögum og reglum útgáfuríkisins, þó aldrei lengri en tíu ár, og háður endurnýjun að liðnum fimm ára gildistíma.

7. Lýsing á handhafa í persónuskírteini sjómanns skal takmörkuð við eftirfarandi:
a. fullt nafn (fyrsta og síðasta nafn þar sem við á),
b. kynferði,
c. fæðingardag og -stað,
d. ríkisfang,
e. sérstök líkamseinkenni sem auðveldað geta persónugreiningu, ef við á,
f. stafræna mynd eða ljósmynd, og
g. undirskrift.

8. Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. skal einnig krefjast þess að eftirgerð eða önnur eftirmynd líffkennis handhafa, sem samræmist því sem tilgreint er í I. viðauka, sé innfelld í persónuskírteini sjómanns, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
a. ná megi fram líffkenninu án þess að skerða á nokkurn hátt friðhelgi einkalífs viðkomandi manna, valda þeim óþægindum eða skerða virðingu þeirra,
b. líffkennið sé sýnilegt á skjalinu og ekki sé unnt að endurgera það frá eftirgerðinni eða eftirmyndinni,
c. þau tæki sem nauðsynleg eru til að sýna og sannreyna líffkennið séu auðveld í notkun og almennt tiltæk stjórnvöldum við lítinn kostnað,
d. tæki til að sannreyna líffkennið megi nota á handhægan og áreiðanlegan hátt í höfnum og annars staðar, þ.m.t. á skipsfjöl, þar sem persónugreining fer venjulega fram á vegum lögbærra yfirvalda, og
e. það kerfi sem notað er til að sannreyna líffkennið (þ.m.t. búnaður, tækni og notkunarhættir) veiti svör sem ekki eru háð skekkjum og eru áreiðanleg til persónugreiningar.

9. Allar upplýsingar um sjómann sem skráðar eru á skjalið skulu vera sýnilegar. Sjómenn skulu eiga auðveldan aðgang að tækjum sem gera þeim kleift að kynna sér allar upplýsingar sem ekki eru læsilegar berum augum. Sá aðgangur skal veittur af því stjórnvaldi sem skjalið gefur út, eða fyrir þess hönd.

10. Hvað snertir innihald og form persónuskírteina sjómanna skal farið eftir viðeigandi alþjóðlegum stöðlum sem tilgreindir eru í I. viðauka.

4. gr.

Tölvugagnagrunnur innanlands.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að upplýsingar um hvert persónuskírteini sjómanns sem það gefur út, fellir úr gildi tímabundið eða afturkallar séu skráðar í tölvugagnagrunn. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að upplýsingum þar sé breytt eða að óviðkomandi komst að gagnagrunninum.

2. Skráðar uppýsingar skulu takmarkaðar við atriði sem nauðsynleg eru til að sannreyna persónuskírteini sjómanns eða stöðu hans, og sem samræmast friðhelgi einkalífs hans og uppfylla allar viðeigandi kröfur um gagnavernd. Þau atriði eru tilgreind í II. viðauka við samþykkt þessa, sem breyta má með þeim hætti sem kveðið er á um í 8. gr. að teknu tilliti til þess að aðildarríkjum veitist nægilegur frestur til nauðsynlegrar endurskoðunar á gagnagrunnum sínum.

3. Hvert aðildarríki skal koma á tilhögun sem gerir sjómanni kleift að athuga og sannreyna þær upplýsingar sem hafðar eru eða geymdar í gagnagrunninum og hann varða, og veitir auk þess færi á að gera nauðsynlegar leiðréttingar án kostnaðar fyrir viðkomandi sjómann.

4. Hvert aðildarríki skal tilnefna varanlega miðstöð til að svara fyrirspurnum frá stjórnvöldum er sinna málefnum útlendinga eða öðrum viðeigandi stjórnvöldum allra aðildarríkja að stofnuninni um réttan uppruna og gildi þeirra persónuskírteina sjómanna sem stjórnvald þess gefur út. Tilkynnt skal til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um hina varanlegu miðstöð í nánari atriðum, og skal skrifstofan halda skrá er send skal öllum aðildarríkjum að henni.

5. Þau atriði sem tilgreind eru í 2. mgr. skulu hvenær sem er vera tiltæk stjórnvöldum sem fjalla um málefni útlendinga eða öðrum lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum stofnunarinnar, annaðhvort rafrænt eða fyrir milligöngu miðstöðvar þeirrar sem kveðið er á um í 4. mgr.

6. Hvað samþykkt þessa varðar skal koma á viðeigandi takmörkunum til að tryggja að ekki sé skipst á neinum upplýsingum, og þó sérstaklega ekki ljósmyndum, nema tilhögun sé fyrir hendi sem tryggir að fylgt sé viðeigandi kröfum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

7. Aðildarríki skulu tryggja að persónuupplýsingar í tölvugagnagrunni séu ekki notaðar í neinu öðru skyni en til að sannreyna persónuskírteini sjómanna.

5. gr.

Gæðaeftirlit og gæðamat.

1. Kveðið er á um lágmarkskröfur um ferli og verklagsreglur við útgáfu persónuskírteina sjómanna, þ.m.t. gæðaeftirlit, í III. viðauka við samþykkt þessa. Með þeim lágmarkskröfum er kveðið á um þann árangur sem hvert aðildarríki er skuldbundið til að ná við rekstur þess kerfis sem það notar við útgáfu á persónuskírteinum sjómanna.

2. Fyrir hendi skulu vera ferli og verklagsreglur til að tryggja nauðsynlegt öryggi við:

a. framleiðslu og afhendingu á auðum persónuskírteinum sjómanna,
b. varðveislu, meðhöndlun og ábyrgð á auðum og fullgerðum persónuskírteinum sjómanna,
c. meðferð umsókna, útfyllingu þess stjórnvalds og skrifstofu sem sér um að breyta auðum persónuskírteinum sjómanna í fullgerð og persónubundin skírteini, og afhendingu persónuskírteina sjómanna,
d. starfrækslu og viðhald gagnagrunns, og
e. eftirlit með ferlum og reglubundið mat.

3. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. má breyta III. viðauka með þeim hætti sem kveðið er á um í 8. gr. að teknu tilliti til þess að aðildarríkjum veitist nægilegur frestur til nauðsynlegrar endurskoðunar á ferlum og verklagsreglum sínum.

4. Hvert aðildarríki skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti framkvæma sjálfstætt mat á rekstri þess kerfis sem það notar við útgáfu á persónuskírteinum sjómanna, þ.m.t. á gæðaeftirliti sínu. Matsskýrslur skulu, að trúnaðarmálum undanskildum, sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, ásamt afriti til hlutaðeigandi samtaka útgerðarmanna og sjómanna í viðkomandi aðildarríki. Krafa þessi um skýrslugjöf skal í engu draga úr skyldum aðildarríkja samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

5. Alþjóðavinnumálaskrifstofan skal veita aðildarríkjum kost á að fá matsskýrslur afhentar sér. Til allrar dreifingar sem ekki er heimiluð í samþykkt þessari skal afla samþykkis þess aðildarríkis sem skýrslu hefur veitt.

6. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal, á grundvelli allra viðeigandi upplýsinga samkvæmt tilhögun er hún ákveður, samþykkja skrá yfir aðildarríki sem uppfylla að öllu leyti þær kröfur sem kveðið er á um í 1. mgr.

7. Skráin skal ávallt vera aðgengileg aðildarríkjum að stofnuninni og skal hún uppfærð er nýjar upplýsingar berast sem máli skipta. Sérstaklega skal þegar í stað tjá aðildarríkjum ef tilgreiningu aðildarríkis á skránni er mótmælt með rökum í tengslum við málsmeðferð samkvæmt 8. mgr.

8. Samkvæmt málsmeðferðarreglum er stjórnarnefnd setur skal gera ráð fyrir að aðildarríki, sem hafa verið eða kunna að verða felld af skránni, og einnig ríkisstjórnir aðildarríkja sem fullgilt hafa samþykkt þessa og telja sig hafa hagsmuna að gæta, svo og hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna, skýri stjórnarnefnd frá sjónarmiðum sínum eftir þeirri tilhögun sem kveðið er á um hér að framan, og að deilur sem upp kunna að koma fáist tímanlega leystar af sanngirni og óhlutdrægni.

9. Viðurkenning á persónuskírteinum sjómanna sem aðildarríki gefur út er háð því að það uppfylli lágmarkskröfur þær sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. gr.

Auðveldari veiting landgönguleyfa og yfirferð og umferð sjómanna.

1. Séu skýrar ástæður ekki fyrir hendi til að draga í efa réttan uppruna persónuskírteinis sjómanns skal hver sá sjómaður, sem ber gilt persónuskírteini sjómanns útgefið samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar af aðildarríki sem hún er í gildi gagnvart, viðurkenndur sem sjómaður í skilningi hennar.

2. Þegar óskað er landgöngu fyrir sjómenn samkvæmt 3.–6. mgr. eða 7.–9. mgr. hér á eftir skulu sjómenn og útgerðarmenn ekki bera neinn kostnað af því að staðfesta að sjómaður sé handhafi persónuskírteinis sjómanns sem útgefið er samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, eða af athugunum og formsatriðum sem því tengjast.

Landgönguleyfi.

3. Staðfestingum, athugunum og formsatriðum samkvæmt 2. mgr. skal lokið eins skjótt og unnt er, enda hafi lögbærum yfirvöldum borist tilkynning um komu handhafans með sanngjörnum fyrirvara. Í tilkynningu um komu handhafans skal taka fram þau atriði sem tilgreind eru í 1. kafla II. viðauka.

4. Séu ekki skýrar ástæður til að efast um réttan uppruna persónuskírteinis sjómanns skal hvert aðildarríki sem hefur fullgilt samþykkt þessa eins skjótt og unnt er veita sjómanni sem hefur gilt persónuskírteini sjómanns inngöngu á landsvæði sitt þegar óskað er tímabundins landgönguleyfis meðan skip er í höfn.

5. Landganga skal heimil ef formsatriðum við komu skips hefur verið fullnægt og lögbær yfirvöld hafa enga ástæðu til að synja um landgöngu með tilliti til almenns heilsufars, almannaöryggis, allsherjarreglu eða þjóðaröryggis.

6. Til landgönguleyfis skal þess ekki krafist að sjómenn hafi vegabréfsáritun. Hvert það aðildarríki sem ekki er í aðstöðu til að hrinda þessu ákvæði í framkvæmd að fullu skal tryggja að lög þess, stjórnvaldsfyrirmæli og framkvæmd sjái fyrir tilhögun sem samsvarar þessu að efni til.

Yfirferð og umferð.

7. Hvert aðildarríki sem samþykkt þessi er í gildi gagnvart skal eins fljótt og auðið er einnig heimila sjómönnum, sem hafa gild persónuskírteini sjómanna ásamt vegabréfi, inngöngu á landsvæði sitt þegar inngöngu er óskað til:

a. að komast til skips síns eða flytjast yfir á annað skip,

b. umferðar til að komast til skips síns í öðru landi eða til að komast til heimalands síns, eða í hverjum öðrum tilgangi sem stjórnvöld í viðkomandi aðildarríki samþykkja.

8. Landganga skal heimil séu ekki skýrar ástæður til að efast um réttan uppruna persónuskírteinis sjómanns, enda hafi lögbær yfirvöld enga ástæðu til að synja um landgöngu með tilliti til almenns heilsufars, almannaöryggis, allsherjarreglu eða þjóðaröryggis.

9. Áður en aðildarríki heimilar inngöngu á landsvæði sitt í einhverjum þeim tilgangi sem kveðið er á um í 7. mgr. hér að framan getur það krafist fullnægjandi sannana, þar á meðal í formi skjala, um fyrirætlun sjómanns og getu hans til að framkvæma hana. Aðildarríki getur einnig takmarkað dvöl sjómanns við þann tíma sem talinn er sanngjarn í viðkomandi tilgangi.

7. gr.

Varsla og afturköllun.

1. Persónuskírteini sjómanns skal ávallt vera í vörslu hans, nema þegar það er falið skipstjóra viðkomandi skips til varðveislu með skriflegu samþykki sjómannsins.

2. Ríki það sem gaf út persónuskírteini sjómanns skal afturkalla það þegar í stað ef í ljós kemur að sjómaður fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem sett eru til útgáfu þess samkvæmt samþykkt þessari. Málsmeðferðarreglur til tímabundinnar eða endanlegrar afturköllunar á persónuskírteinum sjómanna skulu samdar í samráði við samtök útgerðarmanna og sjómanna, og skal þar einnig kveðið á um stjórnsýslukærur.

8. gr.

Breytingar á viðaukum.

1. Með fyrirvara um viðeigandi ákvæði samþykktar þessarar getur Alþjóðavinnumálaþingið breytt viðaukum hennar að tillögu lögmætrar stofnunar eða nefndar sem í eiga sæti fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna og ríkisstjórna. Til ákvörðunarinnar þarf atkvæði tveggja þriðju hluta þeirra fulltrúa sem þingið sækja og helmings þeirra aðildarríkja sem fullgilt hafa samþykkt þessa.

2. Hvert aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa getur tilkynnt forstjóra skriflega innan sex mánaða frá samþykktardegi breytingar að hún skuli ekki öðlast gildi gagnvart honum, eða að hún skuli öðlast gildi síðar samkvæmt síðari skriflegri tilkynningu.

9. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Hvert aðildarríki sem er aðili að samþykkt um persónuskírteini sjómanna frá 1958 og gerir ráðstafanir með tilliti til fullgildingar þessarar samþykktar samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar getur tilkynnt forstjóra um þann ásetning sinn að beita samþykkt þessari til bráðabirgða. Hvað samþykkt þessa varðar skal farið með persónuskírteini sjómanns, sem það aðildarríki gefur út eins og persónuskírteini sjómanns sem gefið er út samkvæmt henni, ef kröfur þær sem kveðið er á um í 2.–5. gr. eru uppfylltar og það aðildarríki viðurkennir persónuskírteini sjómanna sem gefin eru út samkvæmt samþykktinni.

Lokaákvæði.

10. gr.

Samþykkt þessi er endurskoðun á samþykkt um persónuskírteini sjómanna frá 1958.

11. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

12. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Samþykktin gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

13. gr.

1. Aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í 1. mgr., rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en er síðan heimilt að segja henni upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði greinarinnar.

14. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum stofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gengur í gildi.

3. Forstjórinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum um skrásetningu breytinga sem kunna að verða gerðar á viðaukum í samræmi við 8. gr., og um tilkynningar sem það varða.

15. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

16. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar, um leið og einnig er tekið tillit til ákvæða 8. gr.

17. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir samþykkt þessari að nokkru eða öllu leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju endurskoðuðu samþykkt lögum samkvæmt sjálfkrafa

hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., ef hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi og frá þeim tíma þegar það gerist,

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina endurskoðuðu samþykkt.

18. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

VIÐAUKI

I. viðauki.

Fyrirmynd að persónuskírteinum sjómanna.

Persónuskírteini sjómanns, með því formi og innihaldi sem kveðið er á um hér á eftir, skal vera úr góðum efnum, sem að því marki sem raunhæft er með tilliti til atriða svo sem kostnaðar, skulu ekki vera almenningi auðveldlega tiltæk. Skjalið skal ekki vera rýmra en nauðsynlegt er til að koma fyrir þeim upplýsingum sem samþykkt þessi kveður á um.

Þar skal tilgreint nafn útgáfuríkis, og eftirfarandi yfirlýsing:

„Skjal þetta er persónuskírteini sjómanns samkvæmt endurskoðaðri samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um persónuskírteini sjómanna frá árinu 2003. Skjal þetta er sérstakt skjal, en ekki vegabréf."

Upplýsingasíður skjalsins, ein eða fleiri, sem tilgreindar eru með feitletrun hér á eftir, skulu varðar með álímingu eða yfirlagi, eða með því að nota myndunartækni og undirlag sem veita jafn góða vörn gegn því að eitthvað sé sett í stað myndar af handhafa og æviatriða hans.

Þau efni sem notuð eru og stærðir og staðsetningar á upplýsingum skulu vera samkvæmt því sem tilgreint er í 3. hluta skjals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) nr. 9303 (2. útgáfa, 2002), eða 1. hluta ICAO-skjals nr. 9303 (5. útgáfa, 2003).

Önnur öryggisatriði skulu vera að minnsta kosti eitt hinna eftirtöldu:

Vatnsmerki, útfjólublái litir, sérstakt blek, sérstök litamynstur, gatamyndir (perforated images), þrívíddarmyndir (holograms), laser-leturgröftur (laser engraving), örprentun (microprinting) og innbrenndar álímingar (heat-sealed lamination).

Upplýsingar sem færðar skulu á upplýsingasíðu eða -síður í persónuskírteini sjómanns skulu vera þessar einar:

I. Stjórnvald það sem skírteinið gefur út.
II. Símanúmer, tölvupóstfang og veffang stjórnvaldsins,
III. Útgáfudagur og útgáfustaður.

------ Stafræn mynd eða ljósmynd af sjómanninum ---------

a. Fullt nafn sjómanns:
b. Kynferði:
c. Fæðingardagur og fæðingarstaður:
d. Ríkisfang:
e. Sérstök líkamseinkenni sjómanns sem auðveldað geta persónugreiningu, ef um þau er að ræða:
f. Undirskrift:
g. Gildislokadagur:
h. Gerð eða heiti skjals:
i. Sérnúmer skjals:

j. Kennitala (valkvætt):
k. Lífkenni byggt á fingrafari sem prentað er í talnaformi með strikamerkingu í samræmi við staðal er komið skal á:
l. svæði sem er læsilegt með vélrænum hætti er samsvarar lýsingu ICAO í skjali tilgreindu hér að framan, nr. 9303.

IV. Embættisinnsigli eða stimpill útgáfustjórnvalds.

Útskýringar á upplýsingum:

Fyrirsagnir viðeigandi svæða á upplýsingasíðu má þýða á tungumál útgáfuríkis. Ef þjóðtunga er önnur en enska, franska eða spænska skulu fyrirsagnir einnig tilgreindar á einhverju þeirra tungumála.

Nota ber rómverska stafrófið við allar tilgreiningar í skjalinu.

Þær upplýsingar sem nefndar eru hér að framan skulu settar fram þannig:

I. Útgáfustjórnvald: ISO-tilgreining útgáfuríkis og nafn og fullt heimilisfang þess embættis sem gefur út persónuskírteini sjómanns, ásamt nafni og stöðu þess manns sem heimilar útgáfuna.
II. Símanúmer, tölvupóstfang og veffang skulu vera þau sem við eiga um þá miðstöð sem kveðið er á um í samþykktinni.
III. Útgáfudagur og útgáfustaður: Dagsetning skal rituð með tveimur arabískum tölustöfum í röðinni dagur, mánuður, ár – t.d. 31/12/03, og staður skal ritaður á sama hátt og í vegabréfi ríkisins.

---- Stærð andlitsmyndar: Eins og í ICAO-skjali 9303 sem tilgreint er hér að framan ----

a. Fullt nafn sjómanns: Þar sem við á skal ættarnafn ritað fyrst, og síðan önnur nöfn sjómanns,
b. Kynferði: Tilgreina skal M fyrir karlmann og F fyrir konu,
c. Fæðingardagur og fæðingarstaður: Dagsetning skal rituð með tveimur arabískum tölustöfum í röðinni dagur, mánuður, ár, og staður skal ritaður á sama hátt og í vegabréfi ríkisins,
d. Ríkisfang: Tilgreinið ríkisfang,
e. Sérstök líkamseinkenni: Tilgreinið, ef við á, augljós líkamseinkenni sem auðvelda persónugreiningu,
f. Undirskrift sjómanns:
g. Gildislokadagur: Með tveimur arabískum tölustöfum í röðinni dagur, mánuður, ár,
h. Gerð eða heiti skjals: Táknsetning með rómverskum hástöfum fyrir gerð skjalsins (S),
i. Sérnúmer skjals: Táknsetning ríkis (sjá I hér að framan), á undan lagernúmeri bókar í bókstöfum og tölustöfum (alphanumeric book inventory number), en ekki í fleiri en níu táknum,
j. Kennitala: Valkvæð tilgreining á kennitölu sjómanns, sem er sérgreiningarnúmer með ekki fleiri en 14 bókstafa- og talnatáknum,
k. Lífkenni: Nákvæm skilgreining sem unnið skal að,
l. Svæði læsilegt með vélrænum hætti: Samkvæmt ICAO-skjali nr. 9303, sem tilgreint er hér að framan.

II. viðauki.

Tölvugagnagrunnur.

Þau atriði sem tilgreind eru fyrir hverja skráningu í tölvugagnagrunn þann sem hvert aðildarríki skal hafa samkvæmt 1., 2., 6. og 7. mgr. 4. gr. samþykktar þessarar skulu takmörkuð við eftirfarandi:

1. kafli,

1. Útgáfustjórnvald sem nefnt er í persónuskírteini.
2. Fullt nafn sjómanns eins og það er skráð í persónuskírteini.
3. Sérnúmer persónuskírteinis.
4. Gildislokadagur eða dagsetning tímabundinnar eða endanlegrar afturköllunar skírteinis.

2. kafli.

5. Eftirgerð líkennis á persónuskírteini.
6. Ljósmynd.
7. Nákvæmar upplýsingar um allar fyrirspurnir sem berast varðandi viðkomandi persónuskírteini.

III. viðauki.

Kröfur og tilmæli um verklagsreglur og framkvæmd við útgáfu persónuskírteina sjómanna.

Í viðauka þessum er kveðið á um lágmarkskröfur um verklagsreglur sem hvert aðildarríki skal fylgja samkvæmt 5. gr. samþykktar þessarar hvað snertir útgáfu á persónuskírteinum sjómanna (hér á eftir nefnd skírteini), þar á meðal um gæðaeftirlit.

Í A-hluta eru skráð þau árangursatriði sem hvert aðildarríki verður að lágmarki að ná fram við að framkvæma þá tilhögun sem það notar við útgáfu á persónuskírteinum sjómanna.

Í B-hluta eru tilmæli um verklagsreglur og framkvæmd við að ná þeim árangursatriðum. Aðildarríki skulu hafa fulla hliðsjón af reglum B-hluta, en er ekki skylt að fylgja þeim.

A-hluti. Árangursatriði sem skylt er að ná fram.

1. Gerð og afhending auðra skírteina.

Fyrir hendi skulu vera ferli og verklagsreglur er tryggja nauðsynlegt öryggi við framleiðslu og afhendingu auðra skírteina, þar á meðal að:

a. öll auð skírteini séu af sömu gæðum og fullnægi þeim kröfum um innihald og form sem tilgreindar eru í I. viðauka,
b. efna þeirra sem notuð eru til framleiðslunnar sé gætt og að þau séu undir eftirliti,
c. auðra skírteina sé gætt og að þau séu undir eftirliti, og að þau séu sérgreind og með þeim fylgst meðan á framleiðslu og afhendingu stendur,
d. framleiðendum sé fært að uppfylla skuldbindingar sínar hvað snertir framleiðslu og afhendingu á auðum skírteinum,
e. auð skírteini séu á öruggan hátt flutt frá framleiðanda útgáfustjórnvalds.

2. Varsla, meðferð og ábyrgð á auðum og fullgerðum skírteinum

Fyrir hendi skulu vera ferli og verklagsreglur til að tryggja nauðsynlegt öryggi við vörslu og meðferð auðra og fullgerðra skírteina og hvað snertir ábyrgð á þeim, þar á meðal að:

a. útgáfustjórnvald hafi eftirlit með vörslu og meðferð auðra og fullgerðra skírteina,
b. auðra, fullgerðra og ógiltra skírteina, einnig þeirra sem notuð eru sem sýniseintök, sé gætt, og þau höfð undir eftirliti, sérgreind og með þeim fylgst,
c. starfsfólk sem tengist verkinu uppfylli þær kröfur um áreiðanleika, traust og tryggð sem staða þess útheimtir, og að það hafi viðeigandi kunnáttu,
d. skipting á ábyrgð meðal opinberra starfsmanna sem bærir eru til útgáfu skírteina miðist við að koma í veg fyrir óheimila útgáfu.

3. Úrvinnsla umsókna, tímabundin eða endanleg afturköllun skírteina, og kærureglur.

Fyrir hendi skulu vera ferli og verklagsreglur til að tryggja nauðsynlegt öryggi þegar unnið er úr umsóknum, þegar útgáfustjórnvald og útgáfuskrifstofa breytir auðum skírteinum í persónubundin skírteini og þegar skírteini eru afhent, þar á meðal

a. ferli við að sannreyna og samþykkja, sem tryggir að skírteini séu, þegar fyrst er sótt um þau og þegar þau eru endurnýjuð, einungis útgefin á grundvelli:
   i) umsókna sem fullgerðar hafa verið með öllum þeim upplýsingum sem krafist er í I. viðauka,
   ii) sönnunar, í samræmi við lög og framkvæmd útgáfuríkisins, á að umsækjandi sé rétt tilgreindur,
   iii) sönnunar á ríkisfangi eða varanlegri búsetu,
   iv) sönnunar á að umsækjandi sé sjómaður í skilningi 1. gr.,
   v) vissu fyrir því að ekki séu útgefin tvö eða fleiri skírteini til umsækjenda, sérstaklega þeirra sem hafa ríkisfang eða njóta stöðu fast búsettra manna í fleiri en einu ríki,
   vi) vissu fyrir að af umsækjanda stafi ekki hætta, um leið og virt eru þau grundvallarréttindi og það frelsi sem kveðið er á um í alþjóðlegum samningum.
b. að tryggt sé með meðferðinni að:
   i) öll atriði sem kveðið er á um í II. viðauka séu innfærð í gagnagrunn um leið og skírteini er útgefið,
   ii) upplýsingar, ljósmynd, undirskrift og lífkenni sem fengist hafa frá umsækjanda samræmist honum, og
   iii) upplýsingar, ljósmynd, undirskrift og lífkenni sem fengin hafa verið frá umsækjanda tengist ávallt umsókninni meðan hún er til meðferðar og þegar skírteinið er gefið út og afhent.
c. að gagnagrunnur sé strax uppfærður þegar ákvörðun er tekin um að fella skírteini úr gildi tímabundið eða endanlega,
d. að komið hafi verið á tilhögun til að mæta aðstæðum þegar sjómaður þarfnast framlenginga eða endurnýjunar skírteinis síns og þegar skírteini hefur glatast,
e. að kveðið sé á um aðstæður þegar fella má skírteini úr gildi tímabundið eða afturkalla það í samráði við samtök útgerðarmanna og sjómanna,
f. að fyrir hendi sé virkar og gegnsæjar verklagsreglur um áfrýjun.

4. Rekstur, öryggi og viðhald gagnagrunns.

Fyrir hendi skulu vera ferli og verklagsreglur til að tryggja nauðsynlegt öryggi við starfrækslu og viðhald gagnagrunnsins, þar á meðal að:

a. gagnagrunnurinn sé öruggur fyrir inngripum og óheimilum aðgangi,
b. upplýsingar séu í gildi, varðar gegn því að tapast, og ávallt aðgengilegar fyrir milligöngu miðstöðvar,
c. gögnum sé ekki bætt við aðra gagnagrunna, afrituð til þeirra, tengd þeim eða skráð í þá, og að upplýsingar úr gagnagrunninum séu ekki notaðar í öðrum tilgangi en til að sannreyna deili á sjómanni,
d. réttindi einstaklinga séu virt, þar á meðal:
   i) friðhelgi einkalífs við söfnun, geymslu, meðferð og sendingu persónuupplýsinga, og
   ii) réttur sjómanns til aðgangs að upplýsingum varðandi sig sjálfan, og til að fá skekkjur leiðréttar tímanlega.

5. Eftirlit með verklagsreglum og reglubundnar kannanir.

a. Fyrir hendi sé ferli og verklagsreglur til að tryggja nauðsynlegt öryggi með eftirliti með starfsháttum og reglubundnum könnunum, þar á meðal þannig að fylgst sé með starfsháttum til að tryggja að viðeigandi árangurskröfum sé náð við:
   i) gerð og afhendingu auðra skírteina,
   ii) vörslu, meðhöndlun og ábyrgð fyrir auðum, ógiltum og útfylltum skírteinum,
   iii) meðferð umsókna og breytingu auðra skírteina í persónubundin skírteini á vegum þess stjórnvalds og þeirrar skrifstofu sem falin er útgáfa og afhending skírteina,
   iv) starfrækslu, öryggi og viðhald á gagnagrunni.
b. Gerðar séu reglubundnar kannanir til að tryggja að útgáfutilhögun og verklagsreglur séu áreiðanlegar og í samræmi við kröfur samþykktar þessarar.
c. Fyrir hendi séu verklagsreglur til að gæta leyndar um upplýsingar um reglubundnar kannanir í skýrslum annarra aðildarríkja sem fullgilt hafa samþykktina.

B-hluti. Tilmæli um verklagsreglur og framkvæmd.

1. Framleiðsla og afhending auðra skírteina.

1.1. Í þágu öryggis og til að koma í veg fyrir að munur sé á skírteinum ber viðeigandi stjórnvaldi að velja skilvirkan framleiðanda til að framleiða þau auðu skírteini sem aðildarríkið gefur síðan út.

1.2. Ef framleiða skal auð skilríki í húsnæði þess stjórnvalds sem annast skal útgáfu þeirra (útgáfustjórnvalds) gildir liður 2.2. hér á eftir.

1.3. Sé utanaðkomandi fyrirtæki valið ber hinu viðeigandi stjórnvaldi að:

1.3.1. ganga úr skugga um að ekki verði efast um heiðarleika þess, fjárhagslegan stöðugleika og áreiðanleika,

1.3.2. krefjast þess að fyrirtækið tilgreini alla starfsmenn sem fást munu við framleiðslu á auðum skírteinum,

1.3.3. krefjast þess að fyrirtækið sanni fyrir stjórnvaldinu að fyrir hendi sé fullnægjandi tilhögun er tryggir að hinir tilgreindu starfsmenn séu áreiðanlegir, traustverðir og trúir, og sýni því fram á að starf þeirra þar veiti þeim fullnægjandi lífsviðurværi og atvinnuöryggi,

1.3.4. geri við fyrirtækið skriflegan samning, sem án þess að hafa áhrif á ábyrgð stjórnvaldsins sjálfs tilgreini einkum þær kröfur og leiðbeiningar sem fjallað er um í lið 1.5 hér á eftir, og gera fyrirtækinu að:

1.3.4.1. tryggja að einungis hinir tilgreindu starfsmenn, sem skulu hafa undirgengist ríka trúnaðarskyldu, fáist við framleiðslu á auðum skírteinum,

1.3.4.2. gera allar nauðsynlegar öryggisráðstafanir við flutning á auðum skírteinum frá húsnæði sínu til húsnæðis útgáfustjórnvaldsins. Útgefandi verður ekki leystur undan ábyrgð sinni á þeirri forsendu að honum hafi ekki orðið á vanræksla í þessu efni,

1.3.4.3. láta nákvæma innihaldstilgreiningu fylgja hverri sendingu, og ber þar meðal annars að tilgreina tilvísunarnúmer skírteina í hverri sendingareiningu.

1.3.5. tryggja að í samningnum sé ákvæði um hvernig verki skal lokið ef upphaflegur verktaki nær ekki að ljúka því,

1.3.6. ganga úr skugga um, áður en samningurinn er undirritaður, að fyrirtækinu sé unnt að uppfylla allar ofangreindar skyldur á fullnægjandi hátt.

1.4. Eigi stjórnvald eða fyrirtæki utan landsvæðis aðildarríkisins að útvega auð skírteini getur lögbært yfirvald aðildarríkisins veitt viðeigandi stjórnvaldi í hinu erlenda ríki umboð til að tryggja að þær kröfur, sem hér er mælst til að gerðar verði, séu uppfylltar.

1.5. Lögbæru yfirvaldi ber meðal annars að:

1.5.1. setja fram nákvæma lýsingu á öllum efnum sem nota skal við framleiðslu auðra skírteina, sem samræmast skyldu þeim almennu lýsingum sem tilgreindar eru í I. viðauka við samþykkt þessa,

1.5.2. setja fram nákvæma lýsingu á formi og innihaldi auðra skírteina eins og kveðið er á um í I. viðauka,

1.5.3. tryggja að lýsingin geri kleift að prenta auð skírteini á einsleitan hátt þó að prentun þeirra sé síðar falin öðrum,

1.5.4. veita skýrar leiðbeiningar um gerð sérnúmer skjals er prenta skal á hvert autt skírteini eins og kveðið er á um í I. viðauka, og

1.5.5. setja fram nákvæma lýsingu á hvernig haga skuli vörslum allra efna sem nota skal við framleiðsluna.

2. Varsla, meðferð og ábyrgð á auðum og fullgerðum skírteinum.

2.1. Allar aðgerðir í sambandi við útgáfu (þ.m.t. við vörslu auðra, ógiltra og fullgerðra skírteina og tækja og efna til að fullgera þau, svo og við meðferð umsókna, útgáfuna sjálfa og viðhald og öryggisráðstafanir varðandi gagnagrunn) ber að framkvæma undir beinni stjórn útgáfustjórnvalds.

2.2. Útgáfustjórnvaldi ber að framkvæma mat á öllum opinberum starfsmönnum sínum sem tengjast útgáfustarfinu, þar sem sýnt er fram á að ferill þeirra beri vitni um að þeir séu áreiðanlegir, traustverðir og trúir.

2.3. Útgáfustjórnvaldi ber að tryggja að engir opinberir starfsmenn sem tengjast útgáfustarfinu séu tengdir hver öðrum nánum fjölskylduböndum.

2.4. Útgáfustjórnvaldi ber að skilgreina með fullnægjandi hætti verksvið hvers opinbers starfsmanns sem tengist útgáfustarfinu.

2.5. Ekki ber að fela neinum einum opinberum starfsmanni öll verk sem vinna þarf við meðferð umsóknar um skírteini og gerð skírteina samkvæmt þeim. Opinberum starfsmanni sem felur öðrum opinberum starfsmanni umsóknir til útgáfu á skírteinum ber ekki að fela störf tengd útgáfunni. Láta ber opinbera starfsmenn sem falin eru hin ýmsu störf við meðferð umsókna og útgáfu skírteina skiptast á um þau störf.

2.6. Útgáfustjórnvaldi ber að setja innanhússreglur sem tryggja að:

2.6.1. auð skírteini séu í öruggri geymslu og aðeins tekin þaðan að því marki sem búist er við að fullnægi fyrirsjáanlegri daglegri þörf, að þau séu aðeins afhent þeim opinberu starfsmönnum sem falið er að gera þau endanlega að persónubundnum skírteinum eða sérstaklega tilgreindum opinberum starfsmanni, og að ónotuð auð skírteini séu endursend í lok hvers dags, enda ber að skilja ráðstafanir til að gæta skírteinanna þannig að þeirra á meðal séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að þeim og til að óheimill aðgangur uppgötvist,

2.6.2. auð skírteini notuð sem sýniseintök séu með útstrikun og merkt sem sýniseintök,

2.6.3. á hverjum degi sé færð skrá, sem geymd skal á öruggum stað, um hvar hvert autt skírteini og hvert persónubundið skírteini sem enn hefur ekki verið útgefið er niðurkomið og einnig tilgreinir þau skírteini sem geymd eru í öruggri geymslu og þau sem eru í vörslu tilgreinds opinbers starfsmanns eða starfsmanna, og ber að fela færslu hennar opinberum starfsmanni sem ekki tengist meðferð auðra skírteina og skírteina sem ekki hafa enn verið útgefin,

2.6.4. aðeins hafi aðgang að auðum skírteinum og tækjum og efnum til að fullgera þau þeir

opinberu starfsmenn sem falið er að fullgera þau, eða einhver sérstaklega tilgreindur opinber starfsmaður,

2.6.5. hvert persónubundið skírteini sé geymt í öruggri geymslu og aðeins afhent þaðan þeim opinbera starfsmanni sem falið er að gefa það út eða einhverjum sérstaklega tilgreindum opinberum starfsmanni,

2.6.5.1. takmarka ber hina sérstaklega tilgreindu opinberu starfsmenn við:

a. menn sem starfa samkvæmt skriflegri heimild framkvæmdastjóra viðkomandi embættis eða þess sem fer með embættisumboð hans, og

b. eftirlitsmann þann sem fjallað er um í 5. lið hér á eftir og aðra sem falin er endurskoðun eða annað eftirlit,

2.6.6. opinberum starfsmönnum sé beinlínis bannað að taka nokkurn þátt í útgáfu skírteinis samkvæmt umsókn fjölskyldumeðlims eða náins vinar,

2.6.7. þjófnaður eða tilraun til þjófnaðar á skírteinum eða tækjum eða efnum til að persónubinda þau sé þegar tilkynntur lögreglu til rannsóknar.

2.7. Mistök við útgáfustarf skulu ógilda viðkomandi skírteini í stað útgáfu í kjölfar leiðréttingar.

3. Meðferð umsókna og tímabundin eða endanleg afturköllun skírteina, og kærumeðferð.

3.1. Útgáfustjórnvaldi ber að tryggja að allir opinberir starfsmenn sem falið er að athuga umsóknir um skírteini hafi fengið viðeigandi þjálfun við að greina falsanir og í tölvunotkun.

3.2. Útgáfustjórnvaldi ber að gefa út reglur sem tryggja að skírteini séu aðeins gefin út á grundvelli umsókna sem viðkomandi sjómaður hefur sjálfur fullgert og undirskrifað, sönnunar á að umsækjandi sé sá sem hann segist vera, sönnunar á ríkisfangi eða varanlegri búsetu, og sönnunar á að umsækjandi sé sjómaður.

3.3. Í umsókn ber að láta koma fram allar þær upplýsingar sem þar er skylt að tilgreina samkvæmt I. viðauka við samþykkt þessa. Á umsóknareyðublaði ber að vekja athygli umsækjanda á að hann kunni að verða sóttur til saka og geti sætt refsingu ef þar eru vísvitandi tilgreindar rangar upplýsingar.

3.4. Þegar sótt er um skírteini í fyrsta sinn, og í hvert sinn sem það er síðar talið nauðsynlegt í tilefni af endurnýjun:

3.4.1. ber að láta umsækjanda sjálfan afhenda umsókn sína fullgerða, að undanskilinni undirskrift, til þess opinbera starfsmanns sem útgáfustjórnvald hefur tilgreint,

3.4.2. ber að taka stafræna mynd eða ljósmynd af umsækjanda, svo og lífkenni hans, undir eftirliti hins tilgreinda opinbera starfsmanns,

3.4.3. ber að láta umsækjanda undirskrifa umsókn sína í viðurvist hins tilgreinda opinbera starfsmanns,

3.4.4. ber síðan hinum tilgreinda opinbera starfsmanni að framsenda umsóknina beint til útgáfustjórnvaldsins til meðferðar.

3.5. Útgáfustjórnvaldi ber að gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og trúnað um hina stafrænu mynd eða ljósmyndina, og lífkennið.

3.6. Þá persónusönnun sem umsækjandi skal leggja fram ber að hafa í samræmi við lög og framkvæmd útgáfuríkisins. Getur hún falist í nýlegri ljósmynd, sem útgerðarmaður eða skipstjóri eða annar vinnuveitandi umsækjanda eða þjálfunarstofnunar hans staðfestir að líkist honum í raun.

3.7. Sönnun á ríkisfangi eða varanlegri búsetu umsækjanda mun venjulega vera vegabréf hans eða vottorð um heimild hans til varanlegrar búsetu.

3.8. Krefja ber umsækjendur um tilgreiningu á öllum öðrum ríkisborgararétti sem þeir

kunna að eiga, og yfirlýsingu um að þeir hafi ekki fengið og ekki sótt um skírteini hjá nokkru öðru aðildarríki.

3.9. Ekki ber að gefa út skírteini til umsækjanda meðan hann á annað skírteini.

3.9.1. Hafa ber til reiðu tilhögun til að endurnýja skírteini snemma þegar sjómanni er fyrir fram ljóst að honum verði ekki unnt að leggja fram umsókn sína á gildislokadegi eða það kemur til endurnýjunar.

3.9.2. Hafa ber til reiðu framlengingartilhögun þegar framlengingar er þörf á skírteini vegna ófyrirséðrar framlengingar á starfstíma,

3.9.3. Hafa ber til reiðu útskiptingartilhögun þegar skírteini glatast. Gefa má þá út viðeigandi bráðabirgðaskjal.

3.10. Sönnunar á því að umsækjandi sé sjómaður í skilnigi 1. gr. samþykktar þessarar ber að minnsta kosti að afla með:

3.10.1. fyrra skírteini, eða sjóferðabók, eða

3.10.2. vottorði um hæfni, réttindi eða viðeigandi þjálfun, eða

3.10.3. álíka áreiðanlegum upplýsingum.

3.11. Viðbótarsannana ber að leita þegar þess er talin þörf.

3.12. Viðeigandi opinberum starfsmanni útgáfustjórnvalds ber að minnsta kosti að sannreyna allar umsóknir í eftirfarandi atriðum:

3.12.1. að umsókn sé fullgerð og að ekki gæti þar ósamræmis sem vekur vafa um sannleiksgildi þess sem þar kemur fram,

3.12.2. að einstök fram komin atriði og undirskrift samræmist því sem fram kemur á vegabréfi eða öðru áreiðanlegu skilríki umsækjanda,

3.12.3. að stjórnvald sem sér um útgáfu vegabréfa eða annað lögbært yfirvald staðfesti vegabréfið eða það skjal annað sem fram er lagt, og sé ástæða til að vefengja vegabréf ber að senda lögbæru yfirvaldi frumrit þess, en annars má senda eftirrit af viðeigandi síðum þess,

3.12.4. að ljósmynd sú sem afhent er sé þegar við á borin saman við þá stafrænu mynd sem fjallað er um í lið 3.4.2 hér að framan,

3.12.5. að ekkert bendi til þess að gögn þau til persónusönnunar sem fjallað er um í lið 3.6 hér að framan séu vefengjanleg,

3.12.6. að upplýsingar þær sem fjallað er um í lið 3.10 renni stoðum undir að umsækjandi sé sjómaður,

3.12.7. að tryggt sé með gagnagrunni þeim sem kveðið er á um í 4. gr. samningsins að skírteini hafi ekki þegar verið útgefið til karls eða konu sem samsvarar umsækjanda, og ef umsækjandi hefur eða kann að hafa fleira en eitt ríkisfang eða fasta búsetu utan heimaríkis síns ber einnig að gera um það nauðsynlegar fyrirspurnir hjá viðeigandi stjórnvöldum þess eða þeirra ríkja sem í hlut eiga,

3.12.8. að gengið sé úr skugga um það í þeim viðeigandi gagnagrunnum innanlands eða á alþjóðavettvangi sem útgáfustjórnvald kann að hafa aðgang að, að ekki geti stafað hætta af einhverjum sem samsvarar umsækjanda.

3.13. Hinum opinbera starfsmanni sem fjallað er um í lið 3.12 hér að framan ber að rita stuttar athugasemdir er gefa til kynna árangur á könnunum um hvert einstakt ofangreindra atriða og vekja athygli á því sem réttlætir þá niðurstöðu að umsækjandi sé sjómaður.

3.14. Þegar umsókn hefur verið yfirfarin til hlítar ber að framsenda hana þeim opinbera starfsmanni sem falið er að ljúka við það skírteini sem útgefið skal til umsækjanda, ásamt stuðningsgögnum og athugasemdum til varðveislu.

3.15. Að þessu loknu ber að senda hið fullgerða skírteini ásamt tilheyrandi gögnum útgáfustjórnvaldsins yfirmanni þar til samþykktar.

3.16. Yfirmanninum ber aðeins að samþykkja skírteini ef hann telur, að aflokinni athugun á að minnsta kosti þeim athugasemdum sem gögnunum fylgja, að starfsháttum hafi verið réttilega fylgt og að útgáfa á skírteini til umsækjanda sé réttlætt.

3.17. Samþykkið ber að veita skriflega og láta því fylgja skýringar varðandi þau atriði umsóknarinnar sem kunna að krefjast sérstakrar umfjöllunar.

3.18. Afhenda ber umsækjanda skírteini, ásamt vegabréfi eða svipuðu skjali sem hann kann að hafa látið í té, milliliðalaust gegn kvittun, eða senda það til umsækjanda, eða, hafi umsækjandi óskað þess, senda það skipstjóra hans eða atvinnurekenda, og skal sendingin fara fram í áreiðanlegum pósti þar sem krafist er staðfestingar á móttöku.

3.19. Þegar skírteini er útgefið til umsækjanda ber að færa þau atriði sem tilgreind eru í II. viðauka við samþykkt þessa í gagnagrunn þann sem kveðið er á um í 4. gr. hennar.

3.20. Í reglum útgáfustjórnvaldsins ber að tilgreina hámarksfrest til móttöku eftir sendingu. Hafi móttökustaðfesting ekki borist að þeim fresti liðnum og eftir að sjómanninum hefur verið gert viðvart ber að færa í gagnagrunninn viðeigandi athugasemd, tilkynna opinberlega að skírteinið sé glatað, og tjá það sjómanninum.

3.21. Allar athugasemdir sem gerðar skulu, svo sem hinar stuttu athugasemdir til varðveislu samkvæmt lið 3.13 hér að framan og skýringar samkvæmt lið 3.17, ber að geyma á öruggum stað á gildistíma skírteinisins og í þrjú ár þar á eftir. Athugasemdir og skýringar samkvæmt lið 3.17 ber að færa í sérstakan gagnagrunn innan embættis og gera þær aðgengilegar:

a. starfsmönnum sem falið er að fylgast með verkefnum,
b. opinberum starfsmönnum sem fást við störf tengd athugun á umsóknum, og
c. í þjálfunarskyni.

3.22. Ef upplýsingar berast sem benda til að skírteini hafi verið ranglega útgefið eða að skilyrði útgáfu þess séu ekki lengur fyrir hendi ber þegar að tilkynna það útgáfustjórnvaldinu með tilliti til skjótrar afturköllunar.

3.23. Sé skírteini afturkallað tímabundið eða endanlega ber útgáfustjórnvaldinu þegar að uppfæra gagnagrunn sinn þannig að þar komi fram að viðkomandi skírteini sé nú ekki viðurkennt.

3.24. Sé umsókn um skírteini hafnað eða ákvörðun tekin um að afturkalla það tímabundið eða endanlega ber stjórnvaldi að tilkynna umsækjanda um kærurétt hans og skýra honum til hlítar frá ástæðum ákvörðunarinnar.

3.25. Kærumeðferð skal vera eins skjót og kostur er og í samræmi við nauðsyn þess að fjallað sé um málið af sanngirni og til hlítar.

4. Rekstur, öryggi og viðhald gagnagrunns.

4.1. Útgáfustjórnvaldi ber að eftir þörfum að gera ráðstafanir og kveða á um reglur til að koma í framkvæmd 4. gr. samþykktar þessarar, þar sem einkum sé tryggt:

4.1.1. að miðstöð sé opinn eða aðgangur um tölvu sé tryggður allan sólarhringinn alla daga vikunnar, eins og krafist er í 4., 5. og 6. mgr. 4. gr.,
4.1.2. öryggi gagnagrunnsins,
4.1.3. að réttindi einstaklinga séu virt við geymslu, meðhöndlun og sendingu upplýsinga,
4.1.4. að virt séu réttindi sjómanns til að sannreyna að upplýsingar um hann séu réttar, og til að fá tímanlega fram leiðréttingu á atriðum sem þurfa leiðréttingar við.

4.2. Útgáfustjórnvaldi ber að kveða á um fullnægjandi starfshætti til verndar gagnagrunninum, þar á meðal með því að:

4.2.1. krefjast þess að gagnagrunnurinn sé reglulega afritaður á geymslumiðill sem hafður skal á öruggum stað utan húsnæðis útgáfustjórnvaldsins,

4.2.2. takmarka við sérstaklega tilnefnda opinbera starfsmenn heimildir til að gera breytingar á færslum í gagnagrunninn og til aðgangs að honum eftir að færsla hefur verið staðfest af þeim opinbera starfsmanni sem gerði hana.

5. Gæðaeftirlit með verklagsreglum og reglubundið mat.

5.1. Útgáfustjórnvaldi ber að skipa háttsettan opinberan starfsmann, sem viðurkennt er að sé heiðarlegur, traustverður og áreiðanlegur, og sem ekki fæst við vörslu og meðferð skírteina, til eftirlitsstarfs með því að:

5.1.1. fylgjast stöðugt með framkvæmd þessara lágmarkskrafna,

5.1.2. vekja þegar í stað athygli á hnökrum við framkvæmdina,

5.1.3. veita framkvæmdastjóra og viðkomandi opinberum starfsmönnum ráð um umbætur á starfsháttum við útgáfu skírteina, og

5.1.4. leggja gæðaeftirlitsskýrslu um ofangreint fyrir stjórnendur. Eftirlitsmanni ber ef unnt er að vera kunnugur öllum störfum sem fylgjast skal með.

5.2. Eftirlitsmaður skal vera ábyrgur milliliðalaust gagnvart framkvæmdastjóra útgáfustjórnvalds.

5.3. Gera ber öllum starfsmönnum útgáfustjórnvalds, að meðtöldum framkvæmdastjóra, skylt að veita eftirlitsmanni öll gögn og upplýsingar sem eftirlitsmaður telur skipta máli við störf sín.

5.4. Útgáfustjórnvaldi ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að opinberir starfsmenn geti frjálslega tjáð sig við eftirlitsmann án þess að eiga á hættu að þeir verði látnir gjalda þess.

5.5. Starfsumboð eftirlitsmanns skal krefjast þess að hann sinni sérstaklega eftirfarandi verkefnum:

5.5.1. sannreyna að fé, húsnæði, tækjabúnaður og starfslið sé fullnægjandi til að starfi útgáfustjórnvalds sé sinnt á skilvirkan hátt,

5.5.2. tryggja að auð og fullgerð skírteini séu í öruggri vörslu,

5.5.3. að tryggja að komið hafi verið á fullnægjandi reglum, tilhögun og verklagsreglum í samræmi við liði 2.6, 3.2, 4 og 5.4 hér að framan,

5.5.4. tryggja að hinir viðkomandi opinberu starfsmenn séu vel kunnir þeim reglum og verklagsreglum, svo og tilhöguninni, og skilji þá þætti til hlítar,

5.5.5. fylgjast náið á grundvelli úrtaksathugana með hverju verki sem unnið er við meðferð einstakra mála, þar á meðal með athugasemdum sem hvert verk varða og öðrum færslum, frá því er umsókn um skírteini er móttekin og þar til lokið er útgáfumeðferð þess,

5.5.6. sannreyna að öryggisráðstafanir sem gerðar eru um vörslu auðra skírteina, tækja og efna beri árangur,

5.5.7. sannreyna, með aðstoð trúnaðarsérfræðings ef nauðsyn krefur, öryggi og sannleika þeirra upplýsinga sem geymdar eru í tölvu, og að krafan um aðgang allan sólarhringinn alla daga vikunnar sé uppfyllt,

5.5.8. rannsaka allar áreiðanlegar upplýsingar um hugsanlega ranga útgáfu skírteinis, hugsanlega fölsun eða sviksamlega öflun skírteinis í því skyni að komast að raun um

hvort misferli hafi átt sér stað innanhúss eða hvort misbrestur hafi orðið er gæti hafa stuðlað að eða valdið því,

5.5.9. rannsaka kvartanir um meintan ófullnægjandi aðgang að upplýsingum í gagnagrunni með tilliti til þeirra krafna sem kveðið er á um í 2., 3., og 5. mgr. 4. gr. samþykktarinnar, eða um skekkjur í þeim upplýsingum,

5.5.10. tryggja að framkvæmdastjóri útgáfustjórnvalds hafi tímanlega og á skilvirkan hátt brugðist við skýrslum um umbætur á verklagsreglum og hugsanlega misbresti,

5.5.11. færa skýrslur um gæðaeftirlit sem fram hefur farið,

5.5.12. tryggja að stjórnendur hafi yfirfarið það sem komið hefur í ljós við gæðaeftirlit og að skýrslur séu færðar um þá yfirferð.

5.6. Framkvæmdastjóra útgáfustjórnvalds ber að tryggja að reglulegt mat fari fram á áreiðanleika útgáfutilhögunar og útgáfumeðferðar, og að þeir þættir séu í samræmi við þær kröfur sem samþykkt þessi gerir. Við það mat ber að hafa hliðsjón af eftirfarandi:

5.6.1. niðurstöðum endurskoðunar sem fram kann að hafa farið á útgáfutilhögun og verklagsreglum,

5.6.2. skýrslum og niðurstöðum rannsókna og öðrum vísbendingum um hvort úrbætur í kjölfar tilkynninga um misbresti eða skort á öryggi hafi borið árangur,

5.6.3. skýrslum um skírteini sem hafa verið útgefin, glatast, verið ógilt eða skemmst,

5.6.4. skýrslum um hvernig gæðaeftirlit verkar,

5.6.5. skýrslum um vandkvæði varðandi áreiðanleika eða öryggi tölvugagnagrunns, þar á meðal um gerðar fyrirspurnir,

5.6.6. áhrifum breytinga á útgáfutilhögun og verklagsreglum vegna tæknilegra umbóta eða nýmæla við útgáfu á skírteinum,

5.6.7. niðurstöðum á endurskoðunum á stjórnunarháttum,

5.6.8. endurskoðun á verklagsreglum til að tryggja að þeim sé beitt þannig að virtar séu grundvallarreglur og réttindi við vinnu eins og mælt er fyrir um í viðeigandi gerðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

5.7. Koma ber á ferlum og verklagsreglum til að hindra að skýrslur annarra aðildarríkja séu gerðar kunnar án heimildar.

5.8. Með öllum ferlum og verklagsreglum við endurskoðun ber að tryggja að framleiðsluaðferðir og öryggistilhögun, þ.m.t. eftirlit með birgðum, nægi til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í viðauka þessum.

Fylgiskjal VI.

Bókun við samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem kom saman til 90. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 2002 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða 11. greinar samþykktarinnar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981 (hér á eftir kölluð „samþykktin"), þar sem tekið er sérstaklega fram að:

„í því skyni að hrinda í framkvæmd stefnu þeirri sem lýst er í 4. grein þessarar samþykktar, skal til þess bært stjórnvald eða til þess bær stjórnvöld sjá til þess að eftirfarandi sé framkvæmt stig af stigi:

.....

c. að komið verði á og beitt vinnureglum um tilkynningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma af hálfu atvinnurekenda og, þar sem við á, tryggingastofnana og annarra sem mál varða beint svo og samantekt og útgáfu árlegra hagtalna um atvinnutengd slys og sjúkdóma,

.....

e. að árlega verði birtar upplýsingar um ráðstafanir gerðar til að framfylgja stefnu þeirri sem vísað er til í 4. grein samþykktarinnar og stefnunnar varðandi atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og annað heilsutjón sem upp koma við eða í sambandi við störf",

og

með tilliti til þess að nauðsyn ber til að efla skráningar- og tilkynningarferli fyrir atvinnutengd slys og sjúkdóma og til að stuðla að samræmingu skráningar- og tilkynningarkerfa í því skyni að bera kennsl á orsakir slíks og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða, og

þar sem ákveðið hefur verið að samþykkja tilteknar tillögur varðandi skráningu og tilkynningu atvinnutengdra slysa og sjúkdóma, sem er fimmta málefnið á dagskrá þings og

þar sem ákveðið hefur verið að tillögur þessar skuli settar fram sem bókun við samþykktina um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981, gerir þingið í dag 20. júní 2002 eftirfarandi bókun, sem vísa má til sem bókunar árið 2002 við samþykktina um um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981.

I. Skilgreiningar.

1. gr.

Að því er bókun þessa varðar:

a. tekur hugtakið atvinnutengt slys til atviks sem á sér stað vegna eða við starf og leiðir til tjóns er kann að hafa í för með sér dauða,
b. tekur hugtakið atvinnutengdur sjúkdómur til hvaða sjúkdóms sem er, sem einstaklingur fær vegna nálægðar við áhættuþætti sem leiða af starfi hans,
c. tekur hugtakið hættulegt atvik til atviks sem auðvelt er að greina eins og það er skilgreint í landslögum og reglugerðum, sem kann að valda fólki við vinnu sína eða almenningi tjóni eða sjúkdómi,
d. tekur hugtakið slys á leið í eða úr vinnu til slyss sem hefur í för með sér dauða eða persónutjón og á sér stað á beinni leið milli atvinnustaðar og:
   i) aðalheimilis eða aukabústaðar starfsmanns, eða
   ii) þess staðar þar sem starfsmaður er vanur að matast, eða
   iii) þess staðar þar sem starfsmaður er vanur að fá greidd laun sín.

II. Skráningar- og tilkynningarkerfi.

2. gr.

Til þess bært yfirvald skal, með lögum eða reglugerðum eða á hvaða annan hátt sem samrýmist skilyrðum í landinu og landsvenjum, og í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, koma á og endurskoða reglulega kröfur og vinnureglur um:

a. skráningu atvinnutengdra slysa, atvinnutengdra sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik, slys á leið til eða frá vinnu og atvik þar sem grunur leikur á að um atvinnutengda sjúkdóma sé að ræða, og
b. tilkynningu um atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik, slys á leið til eða frá vinnu og atvik þar sem grunur leikur á að um atvinnutengda sjúkdóma sé að ræða.

3. gr.

Kröfur og vinnureglur um skráningu skulu kveða á um:

a. að atvinnurekendum sé skylt:
   i) að skrá atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik, slys á leið í eða úr vinnu og og atvik þar sem grunur leikur á að um atvinnutengda sjúkdóma sé að ræða,
   ii) að veita starfsmönnum og fulltrúum þeirra viðeigandi upplýsingar varðandi skráningarkerfið,
   iii) að tryggja viðeigandi viðhald þessara skráa og notkun þeirra við fyrirbyggjandi ráðstafanir, og
   iv) að láta ógert að beita hefndaraðgerðum eða agaviðurlögum gegn starfsmanni fyrir að tilkynna um atvinnutengt slys, atvinnutengdan sjúkdóm og, eftir því sem við á, hættulegt atvik, slys á leið í eða úr vinnu eða atvik þar sem grunur leikur á að um atvinnutengdan sjúkdóm sé að ræða.
b. upplýsingar sem skuli skráðar,
c. hversu lengi geyma skuli þessar upplýsingar á skrá; og
d. ráðstafanir til að tryggja trúnað slíkra persónu- og læknisfræðilegra upplýsinga í vörslu atvinnurekanda, í samræmi við landslög og reglur, skilyrði og venjur.

4. gr.

Kröfur og vinnureglur um tilkynningu skulu kveða á um:

a. að atvinnurekendum sé skylt:
   i) að tilkynna til þess bærum yfirvöldum eða öðrum tilnefndum stofnunum um atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik, slys á leið í eða úr vinnu og og atvik þar sem grunur leikur á að um atvinnutengda sjúkdóma sé að ræða, og
   ii) að veita starfsmönnum og fulltrúum þeirra viðeigandi upplýsingar varðandi tilkynnt tilvik,
b. þar sem það á við, hvernig skuli standa að tilkynningum um atvinnutengd slys og atvinnutengda sjúkdóma af hálfu tryggingastofnana, vinnuverndarstofnana, lækna og annarra aðila sem málið beinlínis varðar,
c. þau viðmið sem ráða því hvort tilkynna ber atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik, slys á leið í eða úr vinnu og atvik þar sem grunur leikur á að um atvinnutengda sjúkdóma sé að ræða, og
d. tímamörk tilkynninga.

5. gr.

Tilkynningin skal taka til upplýsinga um:

a. fyrirtækið, stofnunina og atvinnurekandann,
b. þar sem það á við, hina slösuðu og eðli áverka eða sjúkdóms, og
c. vinnustaðinn, kringumstæður slyssins eða hins hættulega atviks, og hinar heilsuspillandi aðstæður þegar um er að ræða atvinnutengdan sjúkdóm.

III. Hagtölur á landsvísu.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki sem fullgildir bókun þessa skal, á grundvelli tilkynninganna og annarra tiltækra upplýsinga, gefa árlega út hagtölur sem er þannig safnað að þær gefi gott yfirlit

yfir landið í heild og greiningu, að því er varðar atvinnutengd slys, atvinnutengda sjúkdóma og, eftir því sem við á, hættuleg atvik og slys á leið í og úr vinnu.

7. gr.

Hagtölurnar skal taka saman samkvæmt flokkunarkerfum sem samrýmast nýjustu alþjóðlegum kerfum sem við eiga, sem komið hefur verið upp á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða annarra til þess bærra alþjóðastofnana.

IV. Lokaákvæði.

8. gr.

1. Aðildarríki getur fullgilt bókun þessa um leið eða hvenær sem er eftir að það fullgildir samþykktina, með því að senda formlega fullgildingu sína til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

2. Bókunin tekur gildi 12 mánuðum eftir dag þann sem forstjórinn hefur skráð fullgildingar tveggja aðildarríkja. Eftir það skal bókunin taka gildi að því er aðildarríki varðar 12 mánuðum eftir dag þann sem forstjórinn hefur skráð fullgildingu þess og skal samþykktin vera bindandi fyrir aðildarríkið sem í hlut á að viðbættum ákvæðum 1. til 7. greina þessarar bókunar.

9. gr.

1. Aðildarríki sem fullgilt hefur bókun þessa getur formlega sagt henni upp hvenær sem segja má samþykktinni upp í samræmi við 25. grein sína, með gerningi sem sendur er forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

2. Uppsögn samþykktarinnar í samræmi við 25. grein hennar af hálfu aðildarríkis sem fullgilt hefur bókun þessa skal ipso jure einnig fela í sér uppsögn hennar.

3. Uppsögn bókunar þessarar í samræmi við 1. eða 2. mgr. greinar þessarar tekur ekki gildi fyrr en einu ári eftir dag þann er hún var skráð.

10. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar bókunar eru jafngildir.

Fylgiskjal VII.

Tilmæli nr. 195, um þróun mannauðs: Menntun, þjálfun og símenntun.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

sem kom saman til 92. þingsetu sinnar í Genf 1. júní 2004 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

viðurkennir að menntun, þjálfun og símenntun stuðlar verulega að eflingu hagsmuna einstaklinga, fyrirtækja, efnahagslífsins og samfélagsins í heild, einkum með það í huga hve mikilvægt er að halda uppi fullri atvinnu, útrýma fátækt, efla félagslega þátttöku og sjálfbæra efnahagsþróun í alþjóðahagkerfinu, og

hvetur ríkisstjórnir, atvinnurekendur og launafólk til að endurvekja skuldbindingar sínar við símenntun; ríkisstjórnir með fjárfestingum og sköpun aðstæðna til að efla menntun og þjálfun á öllum stigum; fyrirtæki með þjálfun starfsfólks; og einstaklinga með nýtingu menntunar, þjálfunar og tækifæra til náms alla ævi, og

viðurkennir að menntun, þjálfun og símenntun eru grundvallaratriði og ættu að vera óaðskiljanlegur þáttur í og í samræmi við heildarstefnur og verkefni í efnahagsmálum, fjármálum, félagsmálum og vinnumarkaðsmálum sem eru mikilvæg fyrir sjálfbæra efnahagsþróun og atvinnusköpun og samfélagsþróun, og

viðurkennir að mörg þróunarlönd þurfa stuðning við skipulag, kostun og framkvæmd viðeigandi menntunar og starfsþjálfunar við eflingu manngildis, efnahagsþróunar og atvinnuþróunar og útrýmingu fátæktar, og

viðurkennir að menntun, þjálfun og símenntun stuðla að einstaklingsþroska, aðgengi að menningu og virkri samfélagsþátttöku, og

minnist þess að mannsæmandi vinna fyrir alla er meginmarkmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og

tekur mið af réttindum og meginreglum sem felast í viðkomandi gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þá einkum í:

a. samþykkt og tilmælum um starfsfræðslu og starfsþjálfun frá árinu 1975; samþykkt og tilmælum um stefnu í vinnumálum frá árinu 1964; tilmælum um stefnu í vinnumálum frá árinu 1984; og samþykkt og tilmælum um námsleyfi á launum frá árinu 1974,
b. yfirlýsingu ILO um grundvallarréttindi í atvinnulífinu,
c. þríhliða yfirlýsingu um meginreglur hvað varðar fjölþjóðleg fyrirtæki og félagsmálastefnu,
d. niðurstöðum um starfsmenntun sem afgreiddar voru á 88. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2000, og

eftir að hafa ákveðið að leggja fram ákveðnar ábendingar um þróun mannauðs og þjálfun sem er fjórða mál á skrá þingsins, og

eftir að hafa ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tilmæla,

gerir þingið í dag 17. júní 2004, eftirfarandi tilmæli sem nefna má tilmæli um þróun mannauðs 2004.

I. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. Aðildarríkin skulu með viðræðum við aðila vinnumarkaðarins, móta, framfylgja og endurskoða stefnur í þróun mannauðs, menntun, þjálfun og símenntun sem eru í samræmi við stefnur í efnahags-, fjár- og félagsmálum.

2. Í þessum tilmælum:
a. táknar „símenntun“ allt nám á lífsleiðinni sem eflir getu og hæfni,
b. táknar „geta“ alla kunnáttu, leikni og verkþekkingu sem er beitt í sértæku samhengi,
c. táknar „hæfni“ formlega beitingu starfskunnáttu eða fagkunnáttu starfsmanns sem er viðurkennd á alþjóðlega og staðbundna vísu eða innan einstakra starfsgreina,
d. táknar „ráðningarhæfi“ þá getu og hæfni einstaklings sem gera honum kleift að nýta menntun sína og þjálfunartækifæri til að tryggja sér og halda mannsæmandi vinnu, vinna sig upp innan fyrirtækisins og milli starfa og ráða við síbreytilega tækni og aðstæður á vinnumarkaði.

3. Aðildarríkin skilgreini stefnu í þróun mannauðs, menntun, þjálfun og símenntun sem:
a. greiði fyrir símenntun og ráðningarhæfi sem hluta af stefnumarkmiðum sem ætlað er að skapa mannsæmandi störf svo og stuðli að sjálfbærri þróun í efnahags- og félagsmálum,
b. leggi jafna rækt við efnahagsleg og félagsleg markmið, legg áherslu á sjálfbæra efnahagsþróun í samhengi við efnahag á heimsvísu og samfélag byggt á þekkingu og leikni, svo og auki hæfni, stuðli að mannsæmandi vinnu, atvinnuöryggi, félagslegri þróun og samfélagsþátttöku og dragi úr fátækt;
c. leggi áherslu á mikilvægi nýjunga, samkeppnishæfni, framleiðni, efnahagsvaxtar, sköpun nýrra mannsæmandi starfa og ráðningarhæfi fólks, með það í huga að nýjungar skapa ný atvinnutækifæri og krefjast einnig nýrra leiða í menntun og þjálfun til að uppfylla kröfur um nýja kunnáttu,
d. takist það á hendur að breyta starfsemi í óformlega efnahagskerfinu í mannsæmandi vinnu sem er hluti af meginstraumum efnahagslífs samfélagsins; stefna og áætlanir skulu þróaðar með það að markmiði að skapa mannsæmandi störf og tækifæri fyrir menntun og þjálfun, svo og að meta fyrra nám og færni til að hjálpa launafólki og atvinnurekendum að færa sig yfir í formlega efnahagskerfið,
e. efli og viðhaldi fjárfestingum opinberra aðila og einkaaðila í þeirri uppbyggingu sem þarf til að nota upplýsingar og samskiptatækni í menntun og þjálfun, svo og í þjálfun kennara og leiðbeinenda og noti til þess staðbundin-, innanlands- og alþjóðleg samstarfsnet,
f. dragi úr ójafnrétti í þátttöku í menntun og þjálfun.

4. Aðildarríki skulu:
a. viðurkenna að allir eiga rétt á menntun og þjálfun og vinna að því í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins að tryggja öllum aðgengi að símenntun,
b. viðurkenna að símenntun skal byggjast á beinni skuldbindingu: af hálfu stjórnvalda með fjárfestingum og sköpun aðstæðna til að efla menntun og þjálfun á öllum stigum; af hálfu fyrirtækja með þjálfun starfsmanna sinna; og af hálfu einstaklinga með því að efla hæfileika sína og starfsframa.

II. Þróun og framkvæmd mennta- og þjálfunarstefna.

5. Aðildarríkin skulu:
a. skilgreina, með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, landsáætlun fyrir menntun og þjálfun og koma á leiðbeinandi grundvelli fyrir þjálfunarstefnur á landsvísu, einstökum svæðum, í starfsgreinum og fyrirtækjum;
b. efla félagslegan og annan stuðning og skapa efnahagsumhverfi og hvata fyrir fyrirtæki til að fjárfesta í menntun og þjálfun, einstaklinga til að efla hæfni sína og starfsframa og vekja áhuga allra á að menntast og afla sér starfsþjálfunar,

c. greiða fyrir þróun menntunar- og þjálfunarkerfis í samræmi við aðstæður og venjur samfélagsins;
d. axla höfuðábyrgð á því að fjárfesta í gæðamenntun og grunnmenntun starfsmanna, viðurkenna að hæfir kennarar og leiðbeinendur sem vinna við góðar aðstæður eru afar mikilvægir;
e. þróa starfsmat á landsvísu til að greiða fyrir símenntun, aðstoða fyrirtæki og vinnumiðlanir við að láta eftirspurn mæta framboði, leiðbeina einstaklingum við val á þjálfun og starfi og greiða fyrir viðurkenningu á fyrra námi og færni, hæfni og reynslu; þetta mat skal laga að breyttri tækni og sveiflum á vinnumarkaði og það taki tillit til sérstöðu héraða og staða án þess að glata gegnsæi sínu á landsvísu,
f. styrkja skoðanaskipti aðila vinnumarkaðsins og kjarasamninga um þjálfun á alþjóðlega, landsbundna, svæðisbundna og staðbundna vísu, og innan greina og fyrirtækja, sem meginreglu fyrir þróun kerfa, áætlanagerðar, gæða og arðsemi,
g. stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla í menntun, þjálfun og símenntun,
h. stuðla að aðgengi að menntun, þjálfun og símenntun fyrir fólk með viðurkenndar sérþarfir, svo sem ungt fólk, fákunnandi fólk, fatlaða, farandverkafólk, aldrað starfsfólk, frumbyggja, þjóðernishópa og samfélagslega útskúfað fólk; og fyrir starfsfólk í litlum fyrirtækjum og meðalstórum, í óformlega hagkerfinu, í dreifbýlinu og fyrir einyrkja,
i. auðvelda aðilum vinnumarkaðarins að taka þátt í skoðanaskiptum aðila vinnumarkaðarins um þjálfun,
j. styðja og aðstoða einstaklinga með menntun, þjálfun og símenntun og öðrum stjórnvaldsaðgerðum og áætlunum, efla frumkvöðla í að skapa sér og öðrum mannsæmandi vinnu.

6. (1) Aðildarríki skulu koma á, viðhalda og efla samræmt menntunar- og þjálfunarkerfi með símenntun í huga, taka mið af frumábyrgð stjórnvalda á menntun og starfsþjálfun og þjálfun ófaglærðra og viðurkenna hlutverk aðila vinnumarkaðarins í frekari þjálfun, einkum hið mikilvæga hlutverk atvinnurekenda að veita tækifæri til starfsreynslu.

(2) Menntun og starfsþjálfun fela í sér grunnskyldunám sem byggist á grunnþekkingu, læsi og talnalæsi og viðeigandi notkun upplýsinga- og samskiptatækni.

7. Aðildarríkin skulu íhuga viðmið við sambærileg lönd, svæði og geira þegar teknar eru ákvarðanir um fjárfestingu í menntun og þjálfun.

III. Menntun og starfsþjálfun.

8. Aðildarríkin skulu:
a. viðurkenna ábyrgð sína á menntun og starfsþjálfun og í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins bæta aðgengi allra til að efla ráðningarhæfi og greiða fyrir félagslegri þátttöku,
b. þróa leiðir fyrir óformlega menntun og þjálfun, einkum fyrir fullorðna sem nutu ekki menntunar og þjálfunartækifæra í æsku,
c. hvetja til notkunar nýrra upplýsinga og samskiptatækni í námi og þjálfun eftir fremsta megni;
d. tryggja upplýsingar um starfsmenntun, vinnumarkað og störf og leiðsögn og ráðgjöf um ráðningar, ásamt upplýsingum um réttindi og skyldur allra sem lög og reglur um vinnumarkaðinn taka til,
e. tryggja að menntunar- og starfsþjálfunarkerfi séu viðeigandi og gæðum þeirra sé viðhaldið,
f. tryggja að starfsmenntun og þjálfunarkerfi séu þróuð og efld í því skyni að veita viðeigandi tækifæri fyrir viðurkenningu á starfshæfni.

IV. Þróun hæfni.

9. Aðildarríkin skulu:

a. stuðla að sífelldri greiningu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á þeirri hæfni sem þörf er fyrir hjá einstaklingum, fyrirtækjum, hagkerfinu og í samfélaginu í heild sinni,
b. viðurkenna hlutverk aðila vinnumarkaðarins, fyrirtækja og starfsfólks í þjálfun,
c. styðja frumkvæði aðila vinnumarkaðarins á sviði þjálfunar með skoðanaskiptum, þar á meðal samningaviðræðum,
d. örva fjárfestingu og þátttöku í þjálfun með hvetjandi aðferðum,
e. viðurkenna nám og starfsmenntun í atvinnulífinu, bæði formlegt og óformlegt nám, og starfsreynslu,
f. efla útbreiðslu náms og þjálfunar á vinnustað með:
   (i) því að bæta færni með besta tiltæka verkskipulagi,
   (ii) skipulagningu á þjálfun í og utan vinnu á vegum einkaaðila og opinberra aðila og nota upplýsinga- og samskiptatækni betur, og
   (iii) notkun á nýjum námsaðferðum ásamt viðeigandi félagslegum stefnum og aðferðum til að greiða fyrir þátttöku í þjálfun,
g. hvetja opinbera atvinnurekendur og aðra til að beita besta verklagi við þróun mannauðs,
h. þróa jafnréttisstefnu, aðferðir og áætlanir til að efla og framkvæma þjálfun fyrir konur sem og afmarkaða hópa og starfsgreinar og fyrir fólk með sérþarfir, með það að markmiði að draga úr misrétti,
i. stuðla að jöfnum tækifærum og aðgengi að starfsleiðsögn og hæfnisþjálfun fyrir allt starfsfólk sem og stuðning við endurþjálfun starfsmanna í störfum sem eru í hættu,
j. hvetja fjölþjóðafyrirtæki til að veita öllum starfsmönnum sínum þjálfun í heimalandi sínu og gistiríki, uppfylla þarfir fyrirtækja og leggja sitt af mörkum til þróunar landsins,
k. stuðla að því að opinberir starfsmenn njóti hliðstæðrar þjálfunar og tækifæra og viðurkenna hlutverk aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði,
l. styðja stefnu sem gerir til einstaklingum kleift að gæta jafnvægis milli vinnu, fjölskyldu og tækifæra til símenntunar.

V. Þjálfun fyrir mannsæmandi vinnu og félagsleg þátttaka.

10. Aðildarríkin skulu viðurkenna:

a. frumábyrgð stjórnvalda á þjálfun, hvatningu og aðstoð við atvinnulausa, nýliða á vinnumarkaði eða þá sem fá aftur atvinnu og við fólk með sérþarfir, og á þróun og eflingu ráðningarhæfni þess til að tryggja sér mannsæmandi vinnu, hvort sem er á vegum hins opinbera eða í einkafyrirtækjum,
b. það hlutverk aðila vinnumarkaðarins að styðja, með stefnu sinni í þróun mannauðs og öðrum leiðum, ráðningu atvinnulausra og fólks með sérþarfir í vinnu,
c. það hlutverk stjórnvalda og sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila að koma á fót áætlun fyrir fólk með sérþarfir.

VI. Viðmiðunarreglur fyrir viðurkenningu og vottun á starfshæfni.

11.(1) Í samráði við aðila vinnumarkaðarins skulu gerðar ráðstafanir til að settar verði reglur á landsvísu um mat á hæfni til að efla þróun, framkvæmd og fjármögnun á gegnsæju kerfi til að meta, votta og viðurkenna hæfni, þar á meðal fyrra nám og fyrri reynslu án tillits til í hvaða löndum hennar var aflað og hvort það var með formlegum eða óformlegum hætti.

(2) Þessar matsaðferðir skulu vera hlutlægar, óhlutdrægar og byggðar á viðmiðum.

(3) Reglurnar sem ríki nota skulu fela í sér trúverðugt vottunarkerfi sem tryggir að hæfni sé viðurkennd í öllum greinum atvinnulífsins, iðngreinum, fyrirtækjum og menntastofnunum.

12. Sérstök ákvæði skal setja til að tryggja viðurkenningu og hæfnisvottun farandverkafólks.

VII. Aðilar sem veita þjálfun og leiðsögn.

13. Aðildarríkin skulu í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, stuðla að fjölbreyttri þjálfun til að mæta mismunandi þörfum einstaklinga og fyrirtækja og til að tryggja gæði, viðurkenningu og miðla hæfni og kunnáttu á grundvelli gæðastaðla þess ríkis sem á í hlut.

14. Aðildarríkin skulu:

a. setja reglur um vottun á hæfni þeirra sem veita menntun og þjálfun,
b. skilgreina hlutverk stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í eflingu og fjölbreytni þjálfunar,
c. taka upp opinbert gæðaeftirlit, efla það og láta það taka til einkaaðila og meta árangur menntunar og þjálfunar á þeirra vegum,
d. þróa gæðaviðmið fyrir leiðbeinendur og skapa tækifæri fyrir þá til að uppfylla slík viðmið.

VIII. Starfsfræðsla og þjónusta við menntun og þjálfun.

15. Aðildarríki skulu:

a. tryggja og greiða fyrir þátttöku og ævilöngu aðgengi einstaklingsins að upplýsingum og leiðsögn um störf og starfsþjálfun, ráðningarþjónustur og tækni til atvinnuleitar og þjónustu við menntun og þjálfun,
b. efla og greiða fyrir notkun upplýsinga- og samskiptatækni sem og bestu hefðbundinna leiða til starfsupplýsinga og leiðsagnar og þjónustu við menntun og þjálfun,
c. skilgreina í samráði við aðila vinnumarkaðarins hlutverk og ábyrgð ráðningarþjónusta, þjálfunarveitenda og annarra viðkomandi þjónustuveitenda hvað varðar starfsþjálfun og upplýsingar og leiðsögn um störf,
d. veita upplýsingar og leiðsögn um frumkvöðla, efla frumkvæði og auka vitund kennara og leiðbeinenda um mikilvægt hlutverk fyrirtækja, meðal annarra, við að stuðla að vexti og fjölgun mannsæmandi starfa.

IX. Rannsóknir á þróun mannauðs, menntun, þjálfun og símenntun.

16. Aðildarríki skulu meta áhrif stefnu sinnar í menntun, þjálfun og símenntun á viðleitni sína til að ná viðtækari markmiðum í þróun lífskjara, svo sem sköpun mannsæmandi starfa og útrýmingu fátæktar.

17. Aðildarríkin skulu efla burði sína á landsvísu og um leið greiða fyrir og aðstoða við þróun þeirra hjá aðilum vinnumarkaðarins, greina þróun á vinnumarkaði og þróun mannauðs og þjálfun.

18. Aðildarríki skulu:

a. safna upplýsingum, flokka þær eftir kyni, aldri og öðrum félagshagfræðilegum þáttum, eftir menntunarstigi, hæfni, þjálfun, atvinnu og tekjum, einkum þegar skipulagðar eru reglulegar kannanir á högum íbúanna, svo að greina megi hvert stefni og bera þær við aðrar rannsóknir til að hafa til hliðsjónar við stefnumótun,
b. koma upp gagnagrunnum og megindlegum og eigindlegum vísum, flokkuðum eftir kyni, aldri og öðrum þáttum, um kerfi menntunar og þjálfunar í landinu og safna gögnum um þjálfun á vegum einkaaðila og hvaða áhrif það hefur á fyrirtæki,

c. safna upplýsingum, þar á meðal langtímarannsóknum, um hæfni og nýja strauma á vinnumarkaðinum úr ýmsum áttum án þess að binda sig við hefðbundna skiptingu starfsgreina.

19. Aðildarríkin skulu styðja og greiða fyrir rannsóknum á mannauðsþróun og þjálfun í samráði við aðila vinnumarkaðarins og taka mið af áhrifum gagnasöfnunar á fyrirtæki. Þetta gæti náð til eftirfarandi:

a. náms- og þjálfunaraðferða, þar á meðal notkunar upplýsinga- og samskiptatækni við þjálfun,
b. viðurkenningar á hæfni og leikni;
c. stefnu, áætlana og viðmiðunarreglna fyrir þróun mannauðs og þjálfun,
d. fjárfestingar í þjálfun, svo og skilvirkni og áhrif þjálfunar;
e. greiningar, mælinga og spáa um horfur í framboði og eftirspurn eftir færni og hæfni á vinnumarkaðnum,
f. greiningar og afnáms sem kemur í veg fyrir ölfun menntunar og þjálfunar,
g. greiningar og afnáms kynjamunar við hæfnismat,
h. undirbúnings, útgáfu og dreifingar á skýrslum og gögnum um stefnu, kannanir og tiltækar upplýsingar.

20. Aðildarríkin skulu nota upplýsingarnar sem fást með könnununum til hliðsjónar við skipulagningu, framkvæmd og mat á áætlunum.

X. Alþjóðleg og tæknileg samvinna.

21. Alþjóðleg og tæknileg samvinna við þróun mannauðs, menntun, þjálfun og símenntun skal:

a. þróa aðferðir sem milda neikvæð áhrif í þróunarlöndum vegna brottflutnings menntaðs fólks, þar á meðal áætlanir til að styrkja kerfi til þróunar mannauðs í upprunalöndunum, með því að viðurkenna að hagkvæmar aðstæður fyrir efnahagsvöxt, fjárfestingar, sköpun mannsæmandi starfa og þróun lífskjara hafa jákvæð áhrif á að halda sérhæfðu vinnuafli,
b. stuðla að betri tækifærum fyrir konur og karla til að fá mannsæmandi vinnu,
c. þróa hæfni á landsvísu til að endurskoða og þróa stefnu og áætlanir um þjálfun, þ.m.t. hæfni til að gera kjarasamninga og stuðla að sameiginlegum aðgerðum á sviði menntunar og þjálfunar,
d. hvetja til frumkvæðis og sköpunar mannsæmandi starfa og miðla upplýsingum um reynslu af vel heppnuðum verkefnum,
e. styrkja burði aðila vinnumarkaðarins til að leggja sitt af mörkum til framsækinnar símenntunar, einkum í tengslum við svæðisbundna efnahagsaðlögun, fólksflutninga og vaxandi fjölmenningarsamfélag,
f. stuðla að alþjóðlegri og gagnkvæmri viðurkenningu á hæfni, kunnáttu og menntun,
g. auka tæknilega og fjárhagslega aðstoð við þróunarlönd og stuðla að því að stefna og áætlanir alþjóðlegra fjármálastofnana og sjóða hafi menntun, þjálfun og símenntun í fyrirrúmi,
h. taka mið af sértækum vandamálum skuldugra þróunarlanda, kanna og beita nýstárlegum aðferðum við að efla þróun mannauðs og beita hugkvæmni við að leysa úr læðingi viðbótarframlag í þessu skyni,
i. stuðla að samstarfi milli og innan ríkisstjórna, aðila vinnumarkaðarins, einkafyrirtækja og alþjóðlegra stofnana um öll málefni og áætlanir sem koma fram í þessu skjali.

XI. Lokaákvæði.

22. Tilmæli þessi eru endurskoðun á og koma í stað tilmæla um þróun mannauðs frá árinu 1975.

Fylgiskjal VIII.

Afnám tilmæla[1] á 90. og 92. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hér eru birtar skrár yfir tilmæli sem 90. og 92. Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti að nema úr gildi. Í flestum tilvikum hafa nýjar samþykktir og tilmæli komið í stað þeirra sem eru afnumin. Í öðrum tilvikum voru tilmælin numin úr gildi þar sem þau þykja ekki lengur í takt við aðstæður í atvinnulífinu.

90. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 2002 samþykkti að fella úr gildi eftirfarandi tilmæli:

Tilmæli nr.1 frá 1919, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
Tilmæli nr. 5 frá 1919, um vinnueftirlit.
Tilmæli nr. 11 frá 1921, um atvinnuleysi í landbúnaði.
Tilmæli nr. 15 frá 1921, um verknám í landbúnaði.
Tilmæli nr. 37 frá 1930, um vinnutíma á hótelum.
Tilmæli nr. 38 frá 1930, um vinnutíma í leikhúsum.
Tilmæli nr. 39 frá 1930, um vinnutíma á sjúkrahúsum.
Tilmæli nr. 42 frá 1933, um vinnumiðlun.
Tilmæli nr. 45 frá 1935, um atvinnuleysi ungs fólks.
Tilmæli nr. 50 frá 1937, um störf í alþjóðlegu samstarfi.
Tilmæli nr. 51 frá 1937, um atvinnubótarvinnu.
Tilmæli nr. 54 frá 1937, um eftirlit í byggingariðnaði.
Tilmæli nr. 56 frá 1937, um verknám í byggingariðnaði.
Tilmæli nr. 59 frá 1939, um störf vinnueftirlitsmanna.
Tilmæli nr. 63 frá 1939, um eftirlitsbækur við flutninga á landi.
Tilmæli nr. 64 frá 1939, um næturvinnu við flutninga.
Tilmæli nr. 65 frá 1939, um samþykkt um eftirlit með vinnutíma við landflutninga.
Tilmæli nr. 66 frá 1939, um hvíldartíma einkabílstjóra.
Tilmæli nr. 72 frá 1944, um ráðningarþjónustu.
Tilmæli nr. 73 frá 1944, um atvinnubótarvinnu.

92. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 2004 samþykkti að fella úr gildi eftirfarandi tilmæli:

Tilmæli nr. 2 frá 1919, um að erlendir verkamenn njóti verndar laga og reglna um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum og um félagsfrelsi,

---

[1] Til skýringar skal tekið fram að frá og með þessari skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingið er enska orðið „recommendation" þýtt með íslenska orðinu „tilmæli". Í fyrri skýrslum var orðið þýtt með íslenska orðinu „tillaga".

Tilmæli nr. 12 frá 1921, um mæðravernd.
Tilmæli nr. 16 frá 1921, um gistiaðstöðu landbúnaðarverkafólks.
Tilmæli nr. 18 frá 1921, um vikulega hvíldardaga verslunarfólks.
Tilmæli nr. 21 frá 1921, um notkun frítíma.
Tilmæli nr. 26 frá 1926, um flutning fólks í atvinnuskyni á sjó (verndun kvenna).
Tilmæli nr. 32 frá 1929, um vélknúin tæki.
Tilmæli nr. 33 frá 1929, um slysavernd hafnarverkamanna.
Tilmæli nr. 34 frá 1929, um slysavernd hafnarverkamanna og ráðgjöf félagasamtaka.
Tilmæli nr. 36 frá 1930, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
Tilmæli nr. 43 frá 1933, um varðveislu réttar til örorkubóta, ellilauna og eftirlifendabóta
Tilmæli nr. 46 frá 1936, um ráðningarsamninga frumbyggja.
Tilmæli nr. 58 frá 1939, um skriflega vinnusamninga frumbyggja.
Tilmæli nr. 70 frá 1944, um stefnu í félagsmálum á sjálfstjórnarsvæðum.
Tilmæli nr. 74 frá 1945, um stefnu í félagsmálum á sjálfstjórnarsvæðum (viðbótarákvæði).
Tilmæli nr, 96 frá 1953, um lágmarksaldur við námavinnslu.

Fylgiskjal IX.

Skýrsla um starf nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 2001–2004.

Eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna er aðild fulltrúa atvinnurekenda og launafólks að stjórnum, nefndum og ráðum stofnunarinnar. Samstarf fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks á vettvangi alþjóðastofnunar var óþekkt árið 1919 þegar ILO hóf starfsemi. Stofnunin hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir svo að þær taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin. Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hafa eftirtaldir skipað nefndina:

Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins.

Fulltrúar samtaka launafólks: Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands, frá janúar 2001 til september 2004. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, frá september 2004.

Fulltrúar félagsmálaráðherra og formenn nefndarinnar: Elín Blöndal, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, til 30. mars 2001. Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, frá 1. apríl 2001 til 30. september 2004. Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. október 2004.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og leiða af aðildinni að stofnuninni. Nefndinni var með sérstöku erindisbréfi félagsmálaráðherra, dagsettu 5. maí 1988, falið að fjalla um fram-

kvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er meðal annars sú að ýmis ákvæði félagsmálasáttmálans eiga uppruna að rekja til alþjóðasamþykkta ILO. Það hefur því þótt hagkvæmt að nefndin fjalli einnig um framkvæmd á sáttmálanum og skýrslur Íslands um framkvæmd hans.

Á árunum 2001 til ársloka 2004 hefur nefndin haldið samtals 24 fundi. Sjö fundir voru haldnir á árinu 2001, átta árið 2002, fjórir 2003 og fimm á árinu 2004. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði félags- og vinnumála.

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt eru skýrslutímabilin fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslnanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum er um að ræða margra síðna skýrslur, einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Á skýrslutímabilinu undirbjó ILO-nefndin skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

a. Alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
b. Alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.
c. Alþjóðasamþykkt nr. 108, um persónuskírteini sjómanna.
d. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.
e. Alþjóðasamþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.
f. Alþjóðasamþykkt nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu.
g. Alþjóðasamþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum.
h. Alþjóðasamþykkt nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.
i. Alþjóðasamþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.

Nefndin fjallaði einnig um drög að skýrslu stjórnvalda um framkvæmd á tveimur samþykktum sem ekki hafa verið fullgiltar. Um er að ræða samþykkt nr. 1, um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir, og samþykkt nr. 30, um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf.

b. Undirbúningur fyrir þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fór á fundum sínum yfir helstu dagskrármál Alþjóðavinnumálaþinganna sem haldin voru á tímabilinu. Nefndin fjallaði einnig um spurningaskrár sem alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf sendir út til undirbúnings umræðum á þinginu, einkum um drög að alþjóðasamþykktum og tillögum.

Nefndin tók til umræðu þátttöku í sjöunda Evrópuþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem boðað var til dagana 14.–18. febrúar 2005 í Búdapest í Ungverjalandi. Niðurstaða nefndarinnar var sú að mæla með því að íslensk sendinefnd yrði send til þingsins. Á dagskrá þess

er starfsemi ILO í Evrópu. Enn fremur verður fjallað um afmarkaða þætti alþjóðavæðingarinnar, t.d. starfsemi alþjóðastofnana, gildi stöðugrar endurmenntunar, jafnvægið á milli sveigjanleika, stöðugleika og félagslegs öryggis á evrópskum vinnumarkaði, setningu reglna um réttindi og skyldur innflytjenda, öldrun samfélaga Vesturlanda, þátttöku í atvinnulífinu og endurbætur á lífeyrissjóðakerfum.

c. Fullgilding alþjóðasamþykkta.

Á seinni hluta árs 2004 fjallaði nefndin um hugsanlega fullgildingu alþjóðasamþykktar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Nefndin hafði á árinu 1994 tekið til umræðu spurninguna um fullgildingu samþykktarinnar. Við það tækifæri tókst ekki samstaða um að mæla með því að samþykktin yrði fullgilt. Gert er ráð fyrir að niðurstaðan úr umfjöllun nefndarinnar liggi fyrir í ársbyrjun 2005.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Skýrsla um framkvæmd sáttmálans.

Félagsmálasáttmáli Evrópu var opnaður til undirritunar árið 1961 í Tórínó á Ítalíu. Ísland fullgilti sáttmálann 15. janúar 1976. Í 2. mgr. 20. gr. er heimilað að takmarka skuldbindingu aðildarríkis við tilteknar greinar eða málsgreinar í sáttmálanum. Þessi heimild var nýtt og er Ísland skuldbundið af lágmarksfjölda greina sem taldar eru upp í fullgildingarskjali sem afhent var framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til varðveislu.

Eftirlit Evrópuráðsins með því að ákvæðum sáttmálans sé fylgt felst í eftirfarandi: Nefnd óháðra sérfræðinga, skýrslum aðildarríkjanna, nefnd fulltrúa þeirra ríkja sem hafa fullgilt sáttmálann og ráðherranefnd Evrópuráðsins.

Samkvæmt reglum, sem hafa lengst af gilt, skulu aðildarríki félagsmálasáttmálans taka saman skýrslur á tveggja ára fresti um framkvæmd á fullgiltum ákvæðum sáttmálans.

Eftirlit með framkvæmd félagsmálasáttmálans hefur aukist síðustu árin. Nefnd óháðra sérfræðinga hefur farið nákvæmar yfir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd á ákvæðum sáttmálans og óskað eftir nánari upplýsingum og frekari útskýringum á einstökum ákvæðum. Þetta hefur verulega aukið umfang skýrslugjafar aðildarríkja sáttmálans til Evrópuráðsins.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hefur ILO-nefndin fjallað um drög að 15. skýrslu um framkvæmd Íslands á þeim ákvæðum sáttmálans sem það er skuldbundið af. Nefndinni voru einnig kynntar niðurstöður af athugun óháðra sérfræðinga Evrópuráðsins á framkvæmd Íslands á ákvæðum sáttmálans. Þær verða birtar í viðauka við næstu skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf.

Endurskoðun félagsmálasáttmálans.

Á árunum 1990–1994 var unnið að endurskoðun félagsmálasáttmála Evrópu af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslur aðildarríkjanna. Í bókuninni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans. Heildarendurskoðun á efnisákvæðum félagsmálasáttmálans lauk árið 1994. Í nýja sáttmálanum er að finna fjölda nýmæla sem m.a. fjalla um rétt launafólks til upplýsinga og að haft sé samráð við það, vernd launa við gjaldþrot atvinnurekanda, aðgerðir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað eða í tengslum við vinnu, réttindi starfsmanna með fjölskylduábyrgð, rétt til húsnæðis, og aðgerðir til að koma í veg fyrir fátækt og útskúfun úr þjóðfélaginu. ILO-nefndin fjallaði á skýrslutímabilinu um fullgildingu á bókuninni og endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmálans.

Viðauki I.

Greinargerð ríkisstjórnar Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunar varðandi kæru Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ) vegna setningar laga nr. 8/2001 og 34/2001.

Með bréfum dagsettum 30. janúar 2002 tilkynnti alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf félagsmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni hafi borist kærur frá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands (FFSÍ) vegna meintra brota ríkisstjórnarinnar á alþjóðasamþykktum nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, vegna setningar laga nr. 8/2001 og 34/2001.

Hinn 3. september 2002 sendi ríkisstjórn Íslands Alþjóðavinnumálastofnuninni greinargerð vegna kæru ASÍ og FFSÍ. Í henni er fjallað um íslenskt efnahagslíf, einkum þann þátt sem lýtur að útgerð og fiskvinnslu. Í greinargerðinni er farið yfir kjaradeilur sjómanna og útgerðarmanna og árangurslausar samningaviðræður. Fram kemur að eftir að samtök sjómanna og útgerðarmanna hafi gripið til þess að beita verkfalli og verkbanni hafi ríkisstjórnin freistað þess að leita leiða til lausnar þrálátri deilu með skipun sérstaks gerðardóms á grundvelli laga frá Alþingi nr. 34/2001.

Greinargerðin í heild sinni er svohljóðandi:

1. Inngangur.

Ríkisstjórn Íslands vísar til tveggja bréfa Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), sem bæði eru dagsett 30. janúar 2002. Bréfin tilkynntu ríkisstjórninni um kæru Alþýðusambands Íslands (ASÍ) fyrir hönd Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), þar sem ríkisstjórnin var sökuð um að fylgja ekki ákvæðum samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Kæran var skráð sem mál nr. 2170. Ísland fullgilti samþykkt nr. 87 árið 1950, og samþykkt nr. 98 árið 1952.

Í kæru ASÍ er því haldið fram að ríkisvaldið hafi látið undir höfuð leggjast að tryggja að virtar yrðu í reynd samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98 að því er varðar rétt íslenskra sjómanna til að efna til verkfalls og semja sameiginlega um vinnuskilmála og kjör. ASÍ telur að í lögum nr. 34/2001 um kjaramál fiskimanna og fleira felist ólögmætt inngrip í starfsemi frjálsra og lögmætra stéttarfélaga, og að með samþykkt þeirra hafi verið brotið gegn 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87. Í kæru FFSÍ var því haldið fram að með lögum um kjaramál fiskimanna og fleira, nr. 34/2001, hefði verið brotið gróflega og í grundvallaratriðum gegn samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87.

Íslenska ríkisstjórnin hafnar þessum ásökunum þar sem umrædd lagasetning var neyðarúrræði sem grípa þurfti til í því skyni að binda endi á sex vikna verkfall sjómanna sem ekki sást fyrir endann á. Þar sem hér er um mjög flókið mál að ræða, sem snertir grundvallarstefnu ríkisstjórnarinnar á sviði launa og efnahagslegs stöðugleika, er rétt að setja hér fram ítarlega lýsingu á baksviði deilunnar og þeim ráðstöfunum sem gerðar voru henni til lausnar. Eftirfarandi greinargerð skiptist í fjóra kafla.

Rétt er að nefna í fyrsta kafla þau helstu séreinkenni íslensks efnahagslífs að fiskveiðar og útflutningur fiskafurða er sá grundvöllur sem meginhluti íslenskrar atvinnustarfsemi byggist á. Það atriði skiptir höfuðmáli í þeirri umfjöllun sem nú er um að ræða. Svo sem lýst verður síðar í greinargerð þessari hafði hið langvarandi sjómannaverkfall í apríl og maí 2001 alvarleg áhrif og ógnaði verulega efnahagslegum stöðugleika á Íslandi í heild.

Í öðrum kafla greinargerðarinnar er fjallað um hina langvarandi deilu FFSÍ og Sjómannasambands Íslands (SSÍ) annars vegar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna (LÍÚ) hins vegar.

Þriðji kafli greinargerðarinnar fjallar um löggjöfina og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-11357/2001 hinn 21. mars 2002. Að síðustu verður fjallað um löggjöfina og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98.

2. Almennar upplýsingar.

2.1. Íslenskt efnahagslíf.

Legu Íslands og efnahagslegum aðstæðum landsmanna hefur verið lýst í fyrri skýrslum og greinargerðum íslenska ríkisins um svipuð mál. Landið er 103,000 km^2 að flatarmáli og heildaríbúafjöldi er um 285.000. Verslun við önnur lönd er sá grundvöllur sem efnahagsleg velgengni landsmanna byggist á. Flytja verður inn margar nauðsynjavörur, svo sem timbur, ýmsar landbúnaðarafurðir, og olíuvörur. Útflutningur nemur um 40% af landsframleiðslu. Á sviði fiskveiða hafa Íslendingar hafa nýtt sér þá kosti sem hin víðáttumiklu og gjöfulu fiskimið landsins bjóða. Sérhæfing í fiskiðnaði hefur lengi leitt til hagvaxtar, og þáttur fiskveiða og fiskiðnaðar í efnahagskerfi landsins er enn mjög mikill. Yfir 60% af útflutningi landsmanna er í formi sjávarafurða, og sá hluti útflutningsins aflar um 40% gjaldeyristeknanna. Meðal annars útflutnings má telja ál, járnblendi og kísilgúr (15%), ferðaþjónustu (12,5%), og ýmiss konar létta iðnaðarvöru, sem flestar tengjast sjávarútvegi. Framlag sjávarafurða til þáttatekna er verulegt og nemur um 11%. Sjávarútvegur nýtir um 8% vinnuaflsins.

Þess hefur áður verið getið að fiskstofnar eru endurnýjanleg auðlind, og einnig að þeir eru mjög háðir náttúrulegum sveiflum, sérstaklega í sjávarhita og sjávarseltu. Af þessum sökum er aflamagn óstöðugt. Nefna má að þau verð sem fengist hafa fyrir sjávarafurðir hafa sveiflast mjög, þar sem fiskur er hráefni sem verður að keppa við önnur matvæli, sem oft eru mikið niðurgreidd. Af því leiðir að verslunarkjör Íslendinga hafa einnig sveiflast mikið til, þó að þau hafi batnað verulega þegar til lengri tíma er litið. Þessar sveiflur, bæði í aflamagni og verði, hafa óhjákvæmilega leitt til meiri hagsveiflna á Íslandi en í mörgum öðrum iðnvæddum löndum. Til dæmis hefur það gerst ekki sjaldnar en átta sinnum frá stofnun íslenska lýðveldisins árið 1944 að þjóðarframleiðsla hefur dregist saman. Þó að svo miklar sveiflur hafi orðið sjaldgæfari setja þær samt efnahagsstefnu landsins þröngar skorður.

2.2. Stöðugleiki.

Á síðasta áratug 20. aldar batnaði hagur Íslendinga hröðum skrefum og nam árlegur hagvöxtur á árunum 1996–2000 4–6%. Þetta var að miklu leyti að þakka efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hinni svonefndu þjóðarsátt, sem nefnd var í greinargerð ríkisins til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í febrúar 2005 varðandi kæru ASÍ í tengslum við setningu laga nr. 15/1993 (mál nr. 1768).

„Þjóðarsáttin“ var fólgin í sameiginlegri afstöðu, sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldið tóku til að vinna bug á verðbólgu, sem hafði verið verulegt efnahagslegt vandamáli í landinu undanfarna áratugi. Minni verðbólga, skynsamleg skipulagning íslensks fjármagns-

markaðar, skilvirkt fiskveiðistjórnarkerfi og aðild að hinu evrópska efnahagssvæði lögðust á eitt til að leggja grunn að hagvexti á síðasta áratug aldarinnar.

Við minnkandi afla á tíunda áratugnum, sem stafaði af náttúrulegum sveiflum, var brugðist með vísindalegri uppbyggingu fiskstofna og aukinni skilvirkni í fiskiðnaði. Sett voru markmið um skynsamlega nýtingu og bætta meðferð sjávarafurða. Reyndar ók verðgildi útfluttra sjávarafurða á sama tíma og afli minnkaði. Þegar afli jókst aftur um miðjan tíunda áratuginn fóru hjól efnahagslífsins aftur að snúast.

Um margra ára skeið hafa íslenskir fiskútflytjendur byggt upp markaði sína á kerfisbundinn hátt. Þeir markaðir eru afar viðkvæmir fyrir framboðssveiflum. Markaður getur auðveldlega tapast ef framboð bregst um einhvern tíma. Ekki verður alveg komist hjá náttúrulegum sveiflum, en sveiflur af öðrum orsökum eru ekki síður skaðlegar, sérstaklega í ljósi þess háa hlutfall gjaldeyris sem sjávarútvegur aflar, sem fer yfir 40%. Þess vegna hefur tap á mörkuðum áhrif á þjóðarhag Íslendinga í heild.

Langvarandi stöðvun fiskveiða getur því haft áhrif á íslenskt efnahagslíf sem bæði eru langvinn og skammvinn. Þau skammvinnu eru tap á útflutningstekjum, sem auðvitað valda ýmsum efnahagslegum skaða, og hin langvinnu eru tap á mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Þannig er stöðugleiki í íslenskum sjávarútvegi forsenda trausts íslensks efnahagslífs.

Verkfall FFSÍ og SSÍ hófst 15. mars 2001 og var frestað hinn 19. þess mánaðar með setningu laga um frestun á verkfalli fiskimanna, nr. 8/2001. Verkfall hófst aftur 1. apríl, en hætti 16. maí þegar önnur lög, lög um kjaramál fiskimanna og fleira, nr. 34/2001, voru sett. Verkfallið stóð í sex vikur og var lengsta sjómannaverkfall sem nokkurn tíma hefur verið háð á því sviði íslensks atvinnulífs.

Á öðrum ársfjórðungi 2001 fékk verðgildi íslenskrar krónu um 8,2%. Síðan 1982 hafði gjaldmiðillinn aldrei fallið jafn mikið á einu ári, hvað þá á einum ársfjórðungi. Verðbólga ók að nýju og íslensku efnahagslífi fór hnignandi. Á þriðja ársfjórðungi 2001, er verkfallinu var lokið, styrktist krónan um 0,5%, en fall gjaldmiðilsins á árinu 2001 olli áhyggjum, því að það nam 12,9% samanborið við 2,9% hækkun á árinu 2000.

Auðsætt er að í ljósi ríkjandi efnahagsaðstæðna átti ríkisstjórnin ekki annars kost en að grípa inn og binda endi á hið þráláta verkfall, sem þegar hafði haft mikil og eyðileggjandi áhrif. Ríkisstjórninni er ljóst að hingnun af þessu tagi á sér fleiri en eina efnahagslega ástæðu, en langvarandi stöðvun á helsta atvinnuvegi landsmanna er vafalaust mjög mikilvæg orsök.

Áhrif verkfallsins á efnahagslífið eru því augljós, og þau eru aðeins hin skammvinnu. Markaðssetningarstarf varð einnig fyrir skaða og gat tekið nokkurn tíma að vinna hann upp. Það er með þetta baksvið í huga sem meta verður setningu laga um frestun á verkfalli fiskimanna, nr. 8/2001, og lög um kjaramál fiskimanna og fleira, nr. 34/2001.

3. Kjarasamningaviðræður milli sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar.

3.1. Íslenskur vinnumarkaður.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 með síðari breytingum, fjalla um stofnun stéttarfélaga og hlutverk þeirra sem samningsaðila í kjarasamningsviðræðum við vinnuveitanda. Þar er gert ráð fyrir að félagssvæði stéttarfélags geti ekki verið minna en eitt sveitarfélag. Undanfarin ár hafa mörg sveitarfélög sameinast í stærri einingar og voru þau 122 talsins í desember 2001. Á sama tíma var meðalíbúafjöldi í sveitarfélögum á Íslandi 2.346 íbúar en einungis fimm sveitarfélög höfðu 5.000 eða fleiri íbúa, þar á meðal Reykjavík

með um 112.000 íbúa. Þess má jafnframt geta að 91 sveitarfélag hafði færri en 1000 íbúa á þessum tíma.

Unnt er að fullyrða að engin stórfyrirtæki sambærileg þeim sem rekin eru í fjölmennari ríkjum Evrópu eru starfrækt hér á landi. Einungis örfá stórfyrirtæki og stofnanir eru með yfir 1000 starfsmenn í þjónustu sinni. Aðstæður í atvinnulífi, þar á meðal í fiskveiðum og fiskvinnslu, eru því sniðnar að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í fiskvinnslu og útgerð þar sem uppistaða þjóðartekna verður til eru stærstu fyrirtækin einungis með um 300–400 starfsmenn. Í þessari sem og mörgum öðrum starfsgreinum eru fyrirtæki dreifð á ströndina í sveitarfélögum um land allt með mjög fáa starfsmenn. Má geta þess að þegar á heildina er litið eru um 80% íslenskra fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn í vinnu á hverjum tíma.

Af þessum sökum eru flest verkalýðsfélög á Íslandi fámenn en þau hafa myndað stærri heildarsamtök sem þau starfa innan, annaðhvort á landsvísu eða svæðisbundið. Alþýðusamband Íslands er stærstu heildarsamtökin á landsvísu en innan þeirra voru um 114 félög og deildir á árinu 2000. Félögin innan Alþýðusambandsins hafa úrslitavald hvað varðar gerð og samþykkt kjarasamninga. Þegar kemur að samningu heildarkjarasamninga er félagsmönnum í sjálfsvald sett að ákveða hvernig að þeim skuli staðið. Samningsgerðin getur farið fram í stéttarfélögunum sjálfum, í svæðasamböndunum eða heildarsamtökunum. Eftir að hafa afhent svæðasamböndum eða heildarsamtökum samningsumboðið geta einstök félög dregið sig úr samstarfinu hvenær sem er í viðræðunum. Félagsmenn í hverju verkalýðsfélagi innan Alþýðusambandsins hafa ótvírætt vald til að samþykkja eða hafna samningi hverju sinni. Þegar niðurstaða samnings liggur fyrir fer fram atkvæðagreiðsla innan hvers félags fyrir sig sem sker úr um það hvort félagið verði aðili að samningnum.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt á það ríka áherslu að aðilar vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör í kjarasamningsviðræðum. Í því skyni að stuðla að árangri slíkra viðræðna hefur verið komið á sérstakri skipan þar sem aðilum gefst kostur á að vísa deilunni til sérstaks ríkissáttasemjara, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 með síðari breytingum. Er ríkissáttasemjara ætlað að annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar óski aðilar eftir því. Enn fremur er heimild í lögum nr. 80/1938 til handa sáttasemjara um að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu þegar samningaumleitanir hans bera ekki árangur. Slík miðlunartillaga verður þó ekki borin fram nema áður hafi reynt á samningsleiðir til þrautar. Sáttasemjari metur hvort og þá hvenær rétt er að setja fram slíka tillögu fyrir þá hópa sem í hlut eiga. Afstaða hans byggist meðal annars á því meginskilyrði að hin sameiginlega miðlunartillaga sé til þess fallin að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála.

3.2. Yfirlit yfir þróun kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna á liðnum árum.

Meginágreiningsefni í kjarasamningsviðræðum milli samtaka sjómanna annars vegar og samtaka útgerðarmanna hins vegar hefur í um áratug snúist um hvers konar viðmið skuli viðhafa við ákvörðun fiskverðs. Ástæða þessa er að í eldri kjarasamningum hafa verið ákvæði um hlutfall áhafnar af skiptaverðmæti aflans sem veiðist í hverri veiðiferð. Þar er mælt fyrir um misháan hundraðshluta eftir stærð skipa og veiðarfærum, miðað við tiltekinn fjölda skipverja. Þá er tekið fram að ekki skuli skipt í fleiri staði en menn eru í veiðiferð. Það er hins vegar ákvörðun útgerðarmannsins hversu margir eru á hverju skipi. Því gefur að skilja að verðmyndun á fiskinum er grundvöllur þess hlutaskiptakerfis sem laun sjómanna byggist á enda þótt þeir hafi enn fremur tryggingu fyrir lágmarkslaunum. Kauptryggingin reiknast á mánaðargrundvelli auk þess sem greitt er fyrir ýmiss konar verk sem ekki teljast greidd með aflahlut.

Í byrjun 10. áratugarins var svokallað Verðlagsráð sjávarútvegsins lagt niður en það hafði áður ákvarðað lágmarksverð á fiski. Eftir þann tíma varð fiskverð að mestu frjálst. Eftir hálfsmánaðar verkfall sjómanna árið 1994 voru sett bráðabirgðalög þar sem sjávarútvegsráðherra skipaði þriggja manna nefnd sem var fengið það hlutverk að kanna hvernig unnt væri að koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna. Í kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna sem undirritaðir voru þann 15. júní 1995 eftir þriggja vikna verkfall sjómanna var meðal annars kveðið á um að útgerðarmaður og áhöfn gerðu sín á milli samninga um fiskverð þegar útgerð seldi afla til eigin vinnslu. Í þeim tilvikum er afli var seldur milli óskyldra aðila gat áhöfnin krafist þess að gerður yrði samningur um uppgjörsverð fyrir þann afla. Þá voru í kjarasamningunum ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd sem ætlað var að taka ákvörðun um fiskverð næðist ekki samkomulag um verð milli útgerðar og áhafnar.

Í kjölfar kjarasamninganna árið 1995 sigldu lög um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 84/1995, sem veittu frekari stoð undir þá nefnd sem samið hafði verið um í kjarasamningum. Var það álit samtaka útvegsmanna og sjómanna að nauðsynlegt væri að skjóta lagastoðum undir störf úrskurðarnefndarinnar og fóru þess á leit við sjávarútvegsráðherra að hann flytti frumvarp um það efni ef kjarasamningar tækjust. Var texti frumvarpsins saminn í samráði við heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk úrskurðarnefndarinnar var að vinna úr upplýsingum um fiskverð og ákvarða fiskverð í beinum viðskiptum þegar útgerðarmenn og sjómenn komust ekki að samkomulagi. Þremur árum síðar var Verðlagsstofa skiptaverðs sett á laggirnar með lögum nr. 13/1998. Þau lög fjölluðu einnig um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og felldu því lögin frá árinu 1995 úr gildi. Hlutverk Verðlagsstofunnar er að fylgjast með fiskverði og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna.

Þann 2. febrúar 1998 hófst að nýju verkfall sjómanna. Er ríkisstjórnin hugðist binda enda á verkfallið viku síðar frestuðu samtök sjómanna því til 15. mars sama ár. Ástæða frestunarinnar var að framlagt lagafrumvarp gerði ráð fyrir að sett yrði á laggirnar sérstök nefnd sem ætti að skila skýrslu fyrir 10. mars 1998. Nefndin var sett á laggirnar og fólu niðurstöður hennar meðal annars í sér drög að frumvarpi til laga um Verðlagsstofnun skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, drög að frumvarpi til laga um Kvótaþing ásamt drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum. Allt kom þó fyrir ekki og verkfall hófst að nýju á fiskveiðiskipaflotanum á boðuðum verkfallsdegi. Daginn eftir lagði sáttasemjari ríkisins fram miðlunartillögu sem var felld en hún var síðar lögfest þann 27. mars 1998 með lögum um kjaramál fiskimanna, nr. 10/1998.

3.3. Kjarasamningsdeila árið 2001

Gildistími laganna frá árinu 1998 var til 15. febrúar 2000. Kjarasamningsviðræður hófust milli aðila í desember 1999 og var meginágreiningsefnið hið sama og endranær. Þegar langar og strangar samningaviðræður höfðu ekki borið árangur sem erfiði í ársbyrjun 2001 boðuðu þrenn samtök sjómanna, þ.e. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands verkfall fyrir hönd félagsmanna sinna. Átti fyrirhugað verkfall að hefjast þann 15. mars 2001. Innan Sjómannasambandsins var um að ræða 21 stéttarfélag en það starfar innan Alþýðusambands Íslands. Þau stéttarfélög sjómanna sem höfðu falið Alþýðusambandi Vestfjarða samningsumboð sitt boðuðu hins vegar ekki til verkfalls né heldur fjögur önnur félög sjómanna annars staðar á landinu. Þá höfðu útvegsmenn lagt verk-

bann um allt land nema á Snæfellsnesi. Því var hvorki í gildi verkfall né verkbann á Snæfellsnesi.

Verkfallið hófst á tilsettum degi en var frestað með lögum þann 19. mars 2001 fram til loka loðnuvertíðar sem voru 1. apríl 2001. Hófst þá verkfallið að nýju en á þeim tíma sem liðinn hafði verið frá því að deilunni var vísað til ríkissáttasemjara höfðu verið haldnir yfir 70 fundir sáttasemjara með deiluaðilum. Þegar verkfallið hafði staðið yfir óslitið í tæplega sex vikur undirrituðu Vélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna kjarasamning þann 9. maí sama ár. Í þeim samningi var meðal annars samið um að aðilar reyndu, með aðstoð Verðlagsstofu skiptaverðs, að stuðla að því að samningar um fiskverð til viðmiðunar í hlutaskiptum á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum skyldra aðila hækkaði á tilteknum tíma og að verðið tæki mið af blöndu af vegnu meðaltali viðskipta á fiskmörkuðum og í beinni sölu með umsömdum vikmörkum. Eins og að framan greinir hafa útgerð og áhöfn ávallt gert með sér samning um fiskverð sem síðar hefur verið staðfestur með leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnar og að því loknu undirritaður af fulltrúum útgerðar og áhafnar. Enn fremur hefur tíðkast að fiskverð, sama með hvaða hætti það hefur verið ákvarðað, hefur verið hið sama fyrir alla sem taka hlut úr aflanum. Auk þessa gerir eftirlitskerfið með fiskverði og fiskverðssamningum ráð fyrir því að einungis gildi eitt fiskverð um borð í hverju skipi. Vonuðust menn því að áðurgreindur kjarasamningur gæti greitt fyrir samningum annarra aðila.

Af yfirlýsingum deiluaðila og ríkissáttasemjara mátti engu að síður ráða að svo mikið bæri milli aðila að ekki yrði tækt að leysa deiluna með samningum með atbeina ríkissáttasemjara. Enn fremur var það mat sáttasemjara að ekki væri grundvöllur að gerð sérstakrar miðlunartillögu í deilunni sem gæti leitt til friðsamlegrar lausnar milli aðila. Það var því álit stjórnvalda að fullreynt væri að samningar næðust þrátt fyrir að allra leiða hefði verið leitað við að leysa deiluna. Lausn var því ekki í sjónmáli og óvíst hversu lengi verkfallið myndi dragast á langinn. Af þeim sökum sáu stjórnvöld ekki aðra leið færa en að binda enda á verkfallið með þeirri neyðarráðstöfun sem lagasetning felur í sér.

4. Setning laga nr. 8/2001 og 34/2001.

4.1. Aðdragandi lagasetningarinnar.

Verkfall FFSÍ og SSÍ og verkbann LÍÚ hófst 15. mars 2001, og bæði verkfallinu og verkbanninu var frestað hinn 19. mars með setningu laga um frestun á verkfalli fiskimanna, nr. 8/2001. Verkfall og verkbann hófst aftur 1. apríl, en taka verður fram að útgerðarmenn á Snæfellsnesi höfðu ekki lagt á verkbann, þar sem ekki hafði verið efnt til verkfalls þar. Verkfalli SSÍ og FFSÍ og verkbanni LÍÚ lauk 16. maí þegar önnur lög, lög nr. 34/2001 um kjaramál fiskimanna og fleira, voru sett. Áður en það varð hafði Vélstjórafélag Íslands, sem einnig hafði verið í verkfalli, gert kjarasamning við LÍÚ.

Fyrri lögin, nr. 8/2001, höfðu þann tilgang að fresta verkfallinu svo að unnt væri að halda áfram loðnuveiðum. Loðnuveiðar, sem eru afar mikilvægar fyrir íslenskan efnahag, eru takmarkaðar við ákveðinn árstíma. Frestun verkfallsins stóð frá 19. mars 2001, þegar lögin tóku gildi, og til 1. apríl 2001. Eftir það dróst verkfallið á langinn án þess að neitt hillti undir lausn. Að liðnum sex vikum til viðbótar sá ríkisstjórn Íslands enga aðra lausn en að binda endi á verkfallið og verkbannið með því að leggja fram nýtt frumvarp á Alþingi.

Þær ráðstafanir voru gerðar fyrst og fremst til að takmarka það geysilega tjón sem áframhaldandi stöðvun íslenska fiskveiðiflotans hefði valdið efnahag Íslendinga. Þegar sjávarútvegsráðherra mælti fyrir frumvarpinu um bann við verkfallinu og verkbanninu (lög nr. 34/2001) á þingi hóf hann mál sitt svo:

„Því miður er nauðsynlegt að mæla fyrir þessu frv. Eftir sex vikna sjómannaverkfall, lengsta verkfall sjómanna í 20 ár og sennilegast, að því er mér er tjáð, lengsta allsherjarverkfall sjómanna í sögunni er engin von um að leysast muni úr verkfallinu. Þrátt fyrir að hluti deiluaðila hafi náð samkomulagi tjá aðrir deiluaðilar mér að engin von sé um að samkomulag náist á þeim tíma sem getur talist ásættanlegur miðað við lengd verkfallsins sem þegar er orðin. Og það er staðfest af orðum sáttasemjara að staðan í deilunni sé nú sú versta sem verið hefur.“

Á þeim tíma var augljóst að verkfallið og verkbannið hafði þegar haft afar mikil áhrif á íslenskt þjóðlíf. Þau áhrif voru farin að ná til heimilanna og fjárhags hins almenna íslenska borgara. Sérstaklega hafði vinnudeilan mikil áhrif á líf fólks á litlum þéttbýlisstöðum sem í raun byggja afkomu sína á fiskiðnaði. Verkafólk hjá fyrirtækjum sem farið var að vanta hráefni var tekið að missa atvinnu sína. Einnig sáust merki um neikvæð áhrif hins langvarandi verkfalls á markaðssetningu íslenskra sjávarafurða erlendis. Fólk áttaði sig á að hrun útflutningsmarkaða kynni að hafa áhrif til langs tíma, en mikið markaðsstarf hafði verið unnið árum saman. Augljóst var að verkfallið hafði firnamikil áhrif á útflutningstekjur landsmanna, því að 40–50% útflutningstekna koma frá sjávarútvegi. Samdráttur á útflutningstekjum var mikilvægur þáttur í falli íslensku krónunnar, sem aftur fól í sér verulega ógnun við stöðugleika íslensks efnahags, eins og nefnt er í 2. lið 2. kafla greinargerðar þessarar.

Með allt þetta í huga komst ríkisstjórn Íslands að þeirri niðurstöðu að brýna nauðsyn bæri til að binda enda á verkfallið og verkbannið. Markmiðið var að kveða á um eðlilega og sanngjarna lausn deilunnar. Ekki var hægt að sjá fyrir aðrar leiðir en að leggja fram frumvarp á Alþingi. Að lokinni nokkurri umfjöllun um hugsanlega efnislega valkosti í frumvarpinu var ákveðið að velja gerðardómsleið. Sú ráðstöfun var talin uppfylla meðalhófskröfu, og skipun gerðardómara af Hæstarétti var talin tryggja að gerðardómur yrði óháður.

Afstaða ríkisstjórnarinnar var þá, og er enn, að ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar hefði verkfallið valdið efnahag landsins óbætanlegu tjóni. Þannig voru miklir almannahagsmunir í húfi og nauðsynlegt var að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hinn mikla skaða sem áframhaldandi stöðvun fiskiskipaflotans myndi valda í hagkerfinu.

Ríkisvaldið leit alltaf á þessa ráðstöfun sem neyðarráðstöfun, eins og sjávarútvegsráðherra sagði í lok áðurnefndrar ræðu sinnar: „Ég hefði heldur kosið að það hefði ekki verið gert og að aðilar hefðu náð saman og leyst deiluna í heild. En því miður var verkfallið orðið of langt og það var deiluaðilum ljóst frá upphafi að þeir hefðu ekki óendanlegan tíma til að komast að niðurstöðu í þessu máli.“

Sú staðreynd að stéttarfélögin sem voru í verkfalli að Sjómannafélagi Eyjafjarðar undanskildu afturkölluðu verkfallið á miðnætti 15. maí 2001 breytti því ekki að útgerðarmenn héldu verkbanninu til streitu og varð því að grípa til umræddra aðgerða.

Í 2. gr. laga nr. 34/2001 var aðilum veittur frestur til að ná samkomulagi til 1. júní 2001. Hefði ekki náðst samkomulag fyrir þann dag skyldi Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm til að kveða á um laun og kjör sjómanna í þeim verkalýðsfélögum sem nefnd voru í 1. grein, þ.e. þeim verkalýðsfélögum sjómanna sem voru í verkfalli og þeim samtökum útgerðarmanna sem héldu fast við verkbann.

Í 3. gr. var kveðið á um að gerðardómur skyldi við ákvörðun sína taka tillit til kjarasamninga sem gerðir hefðu verið á undanförnum mánuðum að því marki sem við átti og til almennrar launaþróunar, auk þess að hafa hliðsjón af sérstöðu þeirra aðila sem nefndir voru í 1. grein. Í því skyni að tryggja sjálfstæði dómsins var honum falið að ákveða sjálfum að öðru leyti efni og gildistíma ákvörðunar sinnar.

Þar sem enginn kjarasamningur náðist fyrir 1. júní 2001 var gerðardómur skipaður í sam-

ræmi við ákvæði laganna. Í fyrstu reyndi gerðardómurinn að leita sátta í málinu, en án nokkurs árangurs. Veitti hann síðan aðilum kost á að tilgreina sjónarmið sín skriflega. Gerðardómurinn tók síðan ákvörðun sína hinn 30. júní 2001. Í forsendum hennar er að finna afar ítarlega lýsingu á málavöxtum, og leyfir ríkisstjórn Íslands sér að vísa í gerðardóminn hvað varðar frekari upplýsingar um deiluna (kærandi hefur sent nefndinni dóm gerðardómsins í enskri þýðingu).

Frumvarpið mætti nokkurri andstöðu á þingi, en var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 20. 10 sátu hjá. Almennt var sú gagnrýni höfð uppi að löggjafinn hefði engan rétt á að grípa inn í kjaradeilu með lagasetningu og brjóta þannig gegn stjórnskipulega vörðum réttindum deiluaðila og einnig með ákvæðunum um gerðardóm. Þessi voru einnig rök ASÍ þegar þau samtök lögðu málið fyrir íslenska dómstóla.

4.2. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars 2002.

Er lög nr. 34/2001 höfðu verið sett höfðaði ASÍ mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn íslenska ríkinu hinn 5. júní 2001. Hélt ASÍ því fram að lög nr. 34/2001 fælu í sér brot gegn 74. og 75. gr. íslensku stjórnarskrárinnar og einnig brot á ýmsum alþjóðasamningum sem Ísland hafði fullgilt, þ.e. 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98, og 6. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu. Komst héraðsdómurinn að þeirri niðurstöðu að lög nr. 34/2001 brytu ekki gegn íslensku stjórnarskránni. ASÍ áfrýjaði til Hæstaréttar, en Hæstiréttur vísaði málinu frá af formsástæðum. ASÍ fór aftur með málið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, sem kvað upp dóm sinn hinn 21. mars 2002.

Héraðsdómur var sammála ASÍ um að íslensku stjórnarskrána bæri að túlka með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum hennar, Mannréttindasáttmálans, samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98, og 6. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu. Engu að síður taldi dómurinn að verkfallsréttur væri ekki ótakmarkaður og að takmarka mætti hann með lögum. Sagði í dómnum að löggjafinn yrði að sýna sérstaka varfærni þegar verkfallsréttur væri takmarkaður, og væri einungis unnt að gera það af ástæðum sem líkja mætti við þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Við mat sitt fjallaði dómurinn um greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 34/2001. Að áliti dómsins voru djúpstæð efnahagsleg rök fyrir því mati ríkisstjórnarinnar að almannahagsmunir hefðu verið í veði þegar hún ákvað þær ráðstafanir sem bundu enda á deiluna. Ákvað dómurinn að hrinda ekki því mati.

Dómurinn féllst þó á að þau verkalýðsfélög sem ekki voru í verkfalli og þau samtök útgerðarmanna sem ekki höfðu lagt á verkbann væru óbundin af lögum 34/2001. Íslensk stjórnvöld báru ekki á móti þessari kröfu stefnanda, þar sem lögunum var aldrei ætlað að gilda um þá sem hvorki höfðu verið í verkfalli né haldið úti verkbanni.

ASÍ fullyrti einnig að gerðardómurinn, sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 34/2001, í því skyni að koma á sanngjarnri lausn deilunnar, væri ekki gerðardómur í raun heldur stjórnsýslunefnd. Dómurinn féllst á það og sagði hann ekki gerðardóm í lögfræðilegum skilningi heldur stjórnsýslunefnd sem færi með vald til að ákveða lyktir þessarar tilteknu deilu. Sagði í dóminum að enda þótt hér væri ekki um raunverulegan gerðardóm að ræða væri hann þannig skipaður að deiluaðilar gætu komið að sjónarmiðum sínum og þannig haft áhrif á úrlausn hans.

Héraðsdómur nefndi einnig að Alþjóðavinnumálastofnunin hefði viðurkennt að þvingandi ákvörðun gerðardóms gæti verið réttmæt til að leysa úr erfiðum vinnudeilum. Í 299. skýslu nefndar um félagafrelsi á vegum stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er sagt að þegar nefndin fjallaði í máli nr. 1768 um kæru gegn Íslandi, er ASÍ hafði lagt fram, viður-

kenndi hún „...að sú staða getur komið upp í samningaumleitunum að réttlætanlegt sé að hið opinbera grípi inn að undangengnum langvarandi og árangurslausum viðræðum, þegar ljóst er að hnúturinn verður ekki leystur án einhvers frumkvæðis af þeirra hálfu."

Með allt ofangreint í huga ákvað héraðsdómur að setning laga nr. 34/2001 hefði ekki brotið gegn neinum ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar eins og þau eru túlkuð með hliðsjón af ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu, samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Félagsmálasáttmála Evrópu.

ASÍ hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands. Hæstaréttarmálið, nr. 167/2002, er nú til meðferðar þar.

5. Ákvæði laga um kjaramál fiskimanna og fleira, nr. 34/2001, og samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og nr. 98.

Alþýðusamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands halda því fram að lög um kjaramál fiskimanna og fleira, nr. 34/2001, brjóti gegn samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi og verndun þess, nr. 87, og samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, nr. 98. Þessum fullyrðingum er alfarið mótmælt af hálfu íslenska ríkisins. Ítrekað er að umrætt verkfall hafði staðið yfir óslitið í sex vikur án þess að lausn á kjaradeilum sjómanna og viðsemjenda þeirra væri í sjónmáli. Eins og fram kemur í kafla 2.2. og 4.1. í þessari yfirlýsingu, þá hafði verkfallið þegar haft gríðarleg áhrif á afkomu fiskvinnslufólks sem og smærri byggðarlaga á landsbyggðinni sem byggja afkomu sína nær eingöngu á fiskveiðum og -vinnslu. Efnahagsleg áhrif verkfallsins voru einnig farin að koma fram með alvarlegum hætti, svo sem ört lækkandi gengi með tilheyrandi verðhækkunum og verðbólgu.

Áhersla er lögð á þá skoðun sem ríkt hefur lengi hjá íslenskum stjórnvöldum að mikilvægt sé að aðilar vinnumarkaðarins nái samkomulagi um kaup og kjör í kjarasamningaviðræðum án opinberra afskipta. Hafa þau meðal annars komið á sérstakri skipan þar sem aðilum gefst kostur á að vísa kjaradeilum til ríkissáttasemjara í því skyni að stuðla að frekari árangri í viðræðum milli aðila í samræmi við 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 98. Var það meðal annars ástæða þess að ríkisstjórnin hélt að sér höndum í svo langan tíma sem raun ber vitni enda þótt ljóst væri hverjar efnahagslegar afleiðingar svo langs verkfalls yrðu.

Stjórnvöld geta hins vegar ekki réttlætt aðgerðaleysi sitt þegar verkföll eru farin að hafa svo víðtæk neikvæð áhrif á efnahag landsins, þar á meðal á hinar veikustu byggðir landsins, sem umrætt verkfall hafði og ekki sást fyrir endann á. Í þessu efni vísar ríkisstjórnin til ummæla í 258. gr. skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1994 um framkvæmd samþykktanna um félagafrelsi og samningafrelsi. Þar segir efnislega að það geti verið réttlætanlegt að stjórnvöld grípi inn í kjaradeilur með lögskipuðum gerðardómi þegar augljóst er að kjarasamningsviðræður eru í óleysanlegum hnúti. Þessi skilningur kom einnig fram í niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hefur mál þetta til umfjöllunar í máli Alþýðusambands Íslands gegn íslenska ríkinu vegna setningar laga nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi, nr. 1768/1995.

Eins og ítrekað hefur komið fram var það mat ríkisstjórnarinnar að umrædd deila hafi verið komin í sjálfheldu á þeim tíma þegar tekin var ákvörðun um lagasetningu auk þess sem afleiðingar verkfallsins voru farnar að segja verulega til sín á líf fólks í sveitarfélögum er byggja afkomu sína á sjávarútvegi sem og þjóðarbúskapinn í heild. Þá hafi allar leiðir þegar verið farnar í þeirri viðleitni að ná samningum milli aðila án árangurs.

Þeirri fullyrðingu kærenda um að íslensk stjórnvöld hafi gerst brotleg gegn 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 87, er með öllu mótmælt enda með engu verið að skerða frelsi sjómanna til að setja félögum sínum lög og reglugerðir eða skipuleggja stjórn þeirra og starfsemi. Íslensk stjórnvöld hafa áður lýst því áliti sínu að framangreind ákvæði tryggi fyrst og fremst almennt félagafrelsi sem varið er í 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 12/1995. Verður að teljast fráleitt að halda því fram að lagasetningin hafi skert félagafrelsi í landinu. Á engan hátt var íhlutast um rétt launafólks og vinnuveitanda til stofnunar og starfsemi félaga þessara aðila.

6. Lokaorð.

Af framansögðu er ljóst að íslenskt efnahagslíf getur verið viðkvæmt fyrir breytingum á þeim efnahagslegum þáttum sem það byggist á sem meðal annars má rekja til smæðar landsins. Einn af þeim þáttum sem geta haft áhrif á sveiflur í þjóðarbúskap Íslendinga eru fiskveiðarnar enda hefur sýnt sig að sveiflur í aflamagni og verði á sjávarafurðum hafa óhjákvæmilega leitt til stærri efnahagslegra sveiflna á Íslandi en í mörgum öðrum löndum.

Langvarandi stöðvun fiskveiða getur haft í för með sér bæði langvarandi áhrif og skammtímaáhrif fyrir efnahag Íslendinga. Skammtímaáhrifin eru tapaðar útflutningstekjur, sem vitanlega valda ýmsum efnahagslegum vanda, og langtímaáhrifin eru tapaðir markaðir fyrir sjávarútvegsafurðir. Stöðugleiki innan íslensks sjávarútvegs og fiskiðnaðar er því nauðsynlegur fyrir efnahag Íslendinga.

Í ljósi efnahagsstöðunnar á 2. ársfjórðungi 2001, eins og lýst er í 2. lið 2. kafla greinargerðar þessarar, er ekki vafi á að ríkisstjórnin átti ekki annars völ en að grípa til afskipta og binda endi á hið langvarandi verkfall, sem þegar hafði valdið mikilli eyðileggingu. Ríkisstjórninni er ljóst að slíka efnahagslega afturför verður að rekja til fleiri en einnar orsakar, en langvarandi stöðvun á aðalatvinnuvegi þjóðarinnar hlýtur samt að vega þar mjög þungt. Meginágreiningsefni í kjarasamningaviðræðum milli samtaka sjómanna annars vegar og samtaka útgerðarmanna hins vegar hefur í um áratug snúist um hvers konar viðmið skuli viðhafa við ákvörðun fiskverðs. Ástæða þessa er að í eldri kjarasamningum hafa verið ákvæði um hlutfall áhafnar af skiptaverðmæti aflans sem veiðist í hverri veiðiferð og því er verðmyndun á fiskinum grundvöllur þess hlutaskiptakerfis sem laun sjómanna byggist á.

Eftir miklar og strangar samningaviðræður og sex vikna verkfall mátti ráða af yfirlýsingum deiluaðila og sáttasemjara að svo mikið bæri milli aðila að ekki yrði tækt að leysa deiluna með samningum með atbeina ríkissáttasemjara. Enn fremur var það mat sáttasemjara að ekki væri grundvöllur að gerð sérstakrar miðlunartillögu í deilunni sem gæti leitt til friðsamlegrar lausnar milli aðila. Það var því álit stjórnvalda að fullreynt væri að samningar næðust þrátt fyrir að allra leiða hefði verið leitað við að leysa deiluna. Lausn var því ekki í sjónmáli og óvíst hversu lengi verkfallið myndi dragast á langinn. Af þeim sökum sáu stjórnvöld ekki aðra leið færa en að binda enda á verkfallið með þeirri neyðarráðstöfun sem lagasetning felur í sér.

Er ríkisstjórnin komst að þeirri niðurstöðu að brýna nauðsyn bæri til að binda enda á vinnustöðvunina voru hin geysimiklu áhrif hennar á líf íslensku þjóðarinnar þegar orðin augljós. Einnig voru merki um neikvæð áhrif hins langvarandi verkfalls á markaðssetningu íslenskra sjávarafurða erlendis. Almenningi var ljóst að hrun útflutningsmarkaða gæti haft áhrif um langan tíma, og mikið starf hafði verið unnið á sviði markaðsmála um margra ára skeið.

Markmiðið var að kveða á um eðlilega og sanngjarna lausn deilunnar. Ekki var unnt að sjá fyrir aðrar leiðir en að leggja frumvarp fyrir Alþingi. Að aflokinni nokkurri umfjöllun um

mismunandi valkosti hvað snerti efnisinnihald frumvarpsins var ákveðið að velja gerðardómsleið.

Íslensk stjórnvöld vilja árétta það að þau líta á setningu laganna sem neyðarráðstöfun sem hafi verið óhjákvæmileg í ljósi aðstæðna. Aðgerðaleysi stjórnvalda hefði engan veginn verið réttlætanlegt eins og málum var komið. Það hefur hins vegar verið talið ásættanlegt að stjórnvöld grípi inn í kjaradeilur með lögskipuðum gerðadómi þegar augljóst er að kjarasamningsviðræður eru í óleysanlegum hnúti. Engu að síður vilja stjórnvöld leggja á það áherslu að það er einskær vilji þeirra að samtök sjómanna og útgerðarmanna finni árangursríka leið í framtíðinni að samkomulagi um kaup og kjör með gerð kjarasamninga svo unnt sé að komast hjá aðgerðum sem þessum.

F. h. ríkisstjórnar Íslands,
Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Viðauki II.

Niðurstaða nefndar Alþjóðavinnumálastofnunar um félagafrelsi í kærumáli Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands.

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar afgreiddi á 286. fundi sínum í mars 2003 skýrslu nefndar um félagafrelsi.[2] Kæra Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna setningar laga á árinu 2001 til lausnar kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna, er meðal þeirra mála sem fjallað er um í skýrslunni. Hér á eftir er birt orðrétt niðurstaða nefndarinnar í kærumálinu. Þess skal getið að felldar hafa verið brott úr íslensku þýðingunni útskýringar í enska textanum á skammstöfunum þeirra íslensku samtaka sem koma við sögu.

MÁL NR. 2170

LOKASKÝRSLA

Kæra gegn íslenska ríkinu lögð fram af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands (FFSÍ) með stuðningi Alþjóðasambands flutningaverkamanna (ITF) og Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU).

Kæruefni: Kærendur halda því fram að ríkisvaldið hafi með óréttmætum hætti gripið inn í starfsemi verkalýðsfélaga með setningu laga sem bönnuðu lögmætt verkfall og gerðu aðilum að hagsmunadeilu skylt að hlíta gerðardómsmeðferð.

---

[2] Skýrslan heitir á ensku: 286th Report of the Committee on Freedom of Association, ILO Governing Body (GB.286/11 – 286th session).

855. Kæruefninu er lýst í erindi ASÍ dagsettu 22. janúar 2002 og í erindi FFSÍ dagsettu 24. janúar 2002. Alþjóðasamband flutningaverkamanna óskaði eftir því að ganga inn í málið í erindi dagsettu dagsettu 20. janúar 2002, og í erindi dagsettu 1. febrúar 2002 var sama ósk borin fram af Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga.

856. Íslenska ríkið svaraði kærunni með greinargerðum dagsettum 3. september 2002 og 3. mars 2002.

857. Ísland hefur fullgilt samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, frá árinu 1947 og samþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, frá árinu 1949.

A. Kæruefnið.

858. Í kæru sinni hinn 22. janúar 2002 heldur ASÍ því fram að samþykkt Alþingis á lögum nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira, frá 16. maí 2001, sem bönnuðu verkföll og verkbann sem boðað hafði verið til af nokkrum samtökum í sjávarútvegi og settu á stofn gerðardóm sem ákvarða skyldi laun og kjör manna í viðkomandi samtökum, bryti gegn 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 87 og samþykkt nr. 98. Í kæru sinni frá 24. janúar 2002 heldur FFSÍ því fram að l. nr. 34/2001 feli í sér stórfellt brot á samþykkt nr. 87 í grundvallaratriðum.

859. Til stuðnings kæru sinni gerðu kærendur eftirfarandi athugasemdir um aðdraganda setningar laga nr. 34/2001 og framkvæmd þeirra.

860. Laun sjómanna í samtökum tengdum ASÍ höfðu áður verið ákvörðuð með kjarasamningum sem l. nr. 10/1998 höfðu lýst gilda. Að sögn ASÍ runnu þeir kjarasamningar út 15. febrúar 2001. FFSÍ, ásamt Sjómannasambandi Íslands (SSÍ), sem bæði eru tengd ASÍ, svo og Vélstjórafélag Íslands (VSFÍ), tóku þátt í samningaviðræðum við samband það sem félög útgerðarmanna voru í, sem var Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). Að því er FFSÍ gaf til kynna stóðu þær samningaviðræður í 15 mánuði. Í byrjun ársins 2001 hafði komið í ljós að viðræðurnar báru ekki árangur. Nokkur verkalýðsfélög tengd ASÍ, sem Alþýðusamband Vestfjarða hafði veitt samningsumboð, höfðu þó gert sérkjarasamninga við Útgerðarmannafélag Vestfjarða.

861. Það sem samningaviðræður höfðu strandað á laut að ákvörðun fiskverðs. Laun fiskimanna eru byggð á aflahlut, en verðmæti hans byggist á fiskverði, og þar af leiðir að fiskverð er mikilvægur þáttur í samningaumleitunum um laun og kjör fiskimanna. Samningaviðræðurnar fóru einnig fram um önnur starfskjör, svo sem hærri dánar- og slysabætur, hærri lágmarkslaun og hærri lífeyrissjóðsgreiðslur útgerðarmanna. Að sögn FFSÍ áttu nokkur verkalýðsfélög fund með forsætisráðherra 26. janúar 2001. Lofaði ríkisstjórnin að hún myndi ekki grípa inn í deiluna, eins og hún hafði tvisvar gert í fyrri deilum, þegar hún hafði bannað verkföll í sjávarútvegi.

862. Hinn 15. mars 2001 hófst verkfall um allt land. Til þess hafði verið boðað af aðildarfélögum FFSÍ, SSÍ og VSFÍ. Aðilar að LÍÚ lýstu yfir verkbanni. Hinn 19. mars 2001 samþykkti Alþingi lög nr. 8/2001, sem frestuðu bæði verkfallinu og verkbanninu til 1. apríl 2001. Þau lög fylgja kæru FFSÍ í þýðingu. Þar sem samningaviðræður reyndust áfram árangurslausar er frestuninni var lokið hófst verkfall aftur hinn 2. apríl 2001.

863. Hvað snertir aðila að verkfallinu og verkbanninu veitir ASÍ þær upplýsingar að þau verkalýðsfélög sem veitt höfðu Alþýðusambandi Vestfjarða umboð til samninga fyrir sína hönd hafi ekki tekið þátt í verkfallinu. Hvað SSÍ snertir höfðu fimm aðildarfélög þess ekki lýst yfir verkfalli. Hins vegar lagði LÍÚ á verkbann alls staðar nema á

Snæfellsnesi, og af verkalýðsfélögum á því svæði var eitt aðildarfélag að SSÍ sem ekki átti í verkfalli.

864. Hinn 9. maí undirrituðu VSFÍ og LÍÚ kjarasamning. Að sögn FFSÍ var samningurinn samþykktur af litlum meirihluta félagsmanna VSFÍ í atkvæðagreiðslu þar sem þátttaka reyndist aðeins 27%. Hinn 15. maí lýsti SSÍ (að undanteknu einu aðildarfélagi) verkfallinu lokið. Hafði SSÍ fengið nokkra vissu fyrir því frá sjávarútvegsráðherra að ef það hætti verkfallinu myndu hin nýju lög sem Alþingi var í þann veginn að setja ekki vera látin ná til þeirra samtaka og aðila að þeim.

865. Hinn 16. maí samþykkti Alþingi lög nr. 34/2001, sem öðluðust þegar gildi. Samkvæmt 1. gr. þeirra, sem fylgir kæru FFSÍ í þýðingu, var verkfall það sem FFSÍ og eitt annað verkalýðssamband hafði boðað, lýst ólöglegt. Verkbann það sem aðildarfélög LÍÚ höfðu lagt á gagnvart aðilum að Alþýðusambandi Vestfjarða og SSÍ var einnig lýst ólöglegt. Bannið skyldi koma til framkvæmda er lögin öðluðust gildi og standa á gildistíma ákvörðunar er gerðardómur, sem stofnaður skyldi samkvæmt lögunun, kynni að taka. Ef aðilar að deilunni næðu ekki samkomulagi fyrir 1. júní 2001 yrði gerðardómur stofnaður og skipaður þremur mönnum tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Í kæru sinni bendir ASÍ á að 1. gr. laganna hafði í raun þau áhrif að leiða inn í gerðarmeðferðina samtök fiskimanna sem ekki voru í verkfalli, annaðhvort vegna þess að þau höfðu aldrei tekið þátt í verkfallinu, eða höfðu lýst því lokið. VSFÍ var eina félagið sem gerðarmeðferðin hafði engin áhrif á, þar sem það félag hafði gert samning við LÍÚ. FFSÍ staðfestir í kæru sinni að gerðarmeðferðin sem lögin mæltu fyrir um var einnig SSÍ áhyggjuefni.

866. Hinn 30. júní 2001 tók gerðardómurinn ákvörðun sína. Ákvað hann að færa gildi kjarasamnings þess sem VSFÍ hafði náð út til félagsmanna þeirra félaga sem nefnd voru í 1. gr. laga nr. 34/2001. Átti samingurinn að gilda til 2003 (til 31. mars að sögn ASÍ, en til ársloka 2003 að sögn FFSÍ).

867. ASÍ fór með málið fyrir dómstóla. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi hinn 18. júlí 2001 að lög nr. 34/2001 brytu ekki þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem tryggðu félagafrelsi og rétt til að semja sameiginlega. Hinn 25. október 2001 vísaði Hæstiréttur Íslands málinu frá. Höfðaði ASÍ þá annað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

868. Til stuðnings kæru sinni heldur ASÍ því fram að lög nr. 34/2001 brjóti gegn 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 87. Fari svo að inngrip ríkisvaldsins verði talið réttlætanlegt heldur ASÍ því fram að í lögunum sé mælt fyrir um ráðstafanir sem ekki eru aðlagaðar þeim aðstæðum sem um sé að ræða. Þannig telur ASÍ að sú stofnun sem lögin settu á fót hafi ekki verið gerðardómur heldur stjórnsýslunefnd. Enn fremur heldur ASÍ því fram að lögin hafi verið allt of víðtæk. Vísa samtökin einkum til heimildar gerðardómsins til að ákveða gildistíma ákvörðunar sinnar, og þar með hafi honum verið frjálst að ákvarða af handahófi hversu lengi þær hömlur skyldu gilda, sem lögin settu á frjálsa samningsgerð.

869. FFSÍ vekur athygli á að samþykkt laga nr. 34/2001 hafi falið í sér fjórða inngrip ríkisvaldsins á undanförnum sjö árum í lögmætt verkfall fiskimanna. Í slíkum afskiptum felist gróft inngrip í þann grundvöll sem samþykkt 87 byggir á. Enn fremur heldur FFSÍ því fram að sífelld afskipti ríkisvaldsins hafi dregið úr vilja LÍÚ til að gera samninga í góðri trú, þannig að verkfall yrði langvarandi og fengi ríkisvaldið til afskipta.

B. Svar ríkisins.

870. Í greinargerð sinni frá 3. september 2002 skiptir ríkisvaldið svari sínu í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er skýrt út hið mikilvæga hlutverk fiskveiða og útflutnings á sjávarafurðum fyrir íslenskan efnahag. Í öðrum hluta setur ríkisvaldið fram skýringar á samningaviðræðum um laun og kjör milli samtaka fiskimanna og útgerðarmanna og því álitaefni sem höfuðmáli skiptir, þ.e. ákvörðun fiskverðs. Ríkisvaldið lýsir síðan setningu og efni laga nr. 8/2001 og 34/2001, og setur fram samantekt á ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur í hinu síðara máli sem ASÍ lagði fyrir dóminn. ASÍ áfrýjaði dómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti úrlausn héraðsdómsins með dómi upp kveðnum hinn 14. nóvember 2002, og fylgir endurrit hans greinargerð ríkisins frá 3. mars 2003. Að lokum setur ríkisvaldið fram röksemdir sínar fyrir því að lög nr. 34/2001 samræmist samþykktum nr. 87 og 98.

Íslenska hagkerfið.

871. Hvað snertir hina efnahagslegu hlið málsins leggur ríkisvaldið áherslu á að utanríkisverslun liggi til grundvallar þeim góðu lífskjörum sem þjóðin býr við. Um 40% landsframleiðslu eru flutt út, og sjávarafurðir nema 60% af vöruútflutningi og afla um 40% heildargjaldeyristekna. Um 8% vinnuafls starfa við sjávarútveg. Ríkisvaldið bendir á að hagvöxtur á tíunda áratug stafi af efnahagslegum og pólitískum stöðugleika, og þó sérstaklega af því ferli sem nefnt er „þjóðarsáttin“ (sem þegar var lýst í svari ríkisvaldsins í máli nr. 1768, er nefndin hafði til meðferðar), þar sem aðilar vinnumarkaðarins ásamt ríkisvaldinu náðu að koma hömlum á verðbólgu, sem verið hafði alvarlegt efnahagslegt vandamál.

872. Ríkisvaldið leggur áherslu á að fiskveiðar séu háðar sveiflum, bæði í aflamagni og afurðaverði, sem vegna hinnar miklu efnahagslegu þýðingar þess atvinnusviðs valdi því að verslun Íslendinga, og þar með efnahagur landsmanna, sveiflist meira en í nokkru öðru iðnvæddu landi. Íslenskum fiskútflytjendum hafi tekist að byggja upp markaði sína, en þeir markaðir geti auðveldlega tapast ef framboð bregst um skeið. Ríkisvaldið lýsir því að langvarandi stöðvum á fiskveiðum geti bæði haft skammtímaáhrif, þ.e. tap á útflutningstekjum, og langtímaáhrif, svo sem tap á mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Þannig sé stöðugleiki á sviði sjávarútvegs höfuðatriði fyrir íslenskan efnahag.

873. Ríkisvaldið bendir á að verkfallinu, sem hófst að nýju 1. apríl, hafi lokið 16. maí er það hafði staðið í sex vikur og verið hið lengsta sem fiskimenn hafi staðið í. Var minnst á að á öðrum ársfjórðungi 2001 hefði verðgildi íslenska gjaldmiðilsins rýrnað um 8,2%, og jafnvel þó að slík gengislækkun eigi sér margar orsakir hafi langvarandi stöðvun innan helstu atvinnugreinar landsins vafalaust vegið þar þungt. Verðbólga jókst á ný og efnahag landsins hrakaði. Ríkisvaldið kemst að þeirri niðurstöðu að í ljósi áhrifa verkfallsins á efnahag þjóðarinnar hafi það ekki átt annars kost en að grípa inn og binda enda á verkfallið. Setningu laga nr. 8/2002 og 34/2001 verði að skoða með þetta í huga.

Kjarasamningaviðræður sjómanna og útgerðarmanna.

874. Varðandi samningaviðræður um laun og kjör sjómanna gerir ríkisvaldið eftirfarandi athugasemdir. Fyrst er nefnt að félagafrelsi og réttur til að semja sameiginlega séu efni laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Flest íslensk stéttarfélög séu afar fámenn, vegna þess að efnahagsleg starfsemi í landinu, þ.m.t. útgerð og vinnsla á sjávarafurðum, byggist á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þess vegna hafi stéttarfélög

hópað sig saman í stærri heildir, ýmist á svæðisbundnum grundvelli eða á landsvísu. ASÍ sé stærstu heildarsamtök landsins. Stéttarfélögum sé í sjálfsvald sett hvort þau taki þátt í gerð heildarkjarasamninga og hvort þau samþykki þá. Þau geti ýmist staðið í samningagerð beint eða falið svæðis- eða landssamtökum að semja fyrir sína hönd. Í öllum tilvikum hafi félagsmenn hvers félags vald til að samþykkja eða hafna kjarasamningum sem gerðir kunna að hafa verið.

875. Ríkisvaldið telur að ákvörðun á launum og kjörum eigi aðallega að fara fram með heildarsamningum. Til að greiða fyrir þeim hafi lög nr. 80/1938 komið á embætti ríkissáttasemjara. Í byrjun fari ríkissáttasemjari með hlutverk milligöngumanns ef aðilar að kjaradeilu hafa ákveðið að vísa deilu til hans. Ríkissáttasemjari geti einnig gert sáttatillögu í því skyni að leysa deilu ef milliganga hans hefur ekki leitt til árangurs. Slíka tillögu má einungis gera ef allar sáttatilraunir hafa reynst árangurslausar, og er það ríkissáttasemjari sjálfur sem ákveður hvenær rétt er að setja hana fram.

876. Hvað snertir laun fiskimanna nefnir ríkisvaldið að aðalásteytingarsteinn í kjarasamningaviðræðum hafi verið sú tilhögun sem viðhöfð er við ákvörðun fiskverðs, þar sem fiskverð liggur til grundvallar því hlutakerfi, sem ræður launum fiskimanna. Ríkisvaldið nefnir einnig að fiskimönnum séu líka tryggð ákveðin lágmarkslaun. Á 10. áratug hafi fiskverð að miklu leyti orðið óháð fyrirframákveðnum reglum. Eftir tveggja vikna sjómannaverkfall árið 1994 hafi verið gefin út bráðabirgðalög, og samkvæmt þeim hafi verið sett á fót nefnd á vegum ríkisins til að athuga hvernig mætti koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir skekktu laun fiskimanna. Annað verkfall átti sér stað 1995 og stóð í þrjár vikur, en lauk með undirritun kjarasamnings. Í þeim samningi voru ákvæði um samninga milli útgerðarmanna og áhafna um hvernig skiptaverð skyldi ákvarðað. Með öðrum ákvæðum var mælt fyrir um sérstaka úrskurðarnefnd. Tilvist þeirrar nefndar var síðan lögbundin með lögum nr. 84/1995. Hlutverk hennar var að vinna úr gögnum um aflaverð og ákveða það milliliðalaust ef aðilar náðu ekki samkomulagi um það. Þau lög voru afnumin með lögum nr. 13/1998, sem stofnuðu Verðlagsstofu skiptaverðs, sem hafði það hlutverk að fylgjast með fiskverði og stuðla að réttlátu og eðlilegu mati á aflahlut sjómanna. Þriðja verkfallið hófst 1998, en var frestað þegar ríkisvaldið var í þann veginn að skerast í leikinn. Verkfallinu var haldið áfram eftir ýmsar árangurslausar tilraunir til að ná samkomulagi, og var sáttatillögu ríkissáttasemjara þá hafnað. Með lögum nr. 10/1998, um kjaramál fiskimanna, var sú tillaga gerð að nýju.

877. Lög nr. 10/1998 áttu að gilda fram til 15. febrúar 2000, og hófust samningaviðræður í desember 1999. Blossuðu þá álitaefnin varðandi fiskverð upp að nýju. Í ársbyrjun 2001 höfðu samningaumleitanir lítinn árangur borið, og boðuðu FFSÍ, SSÍ og VSFÍ til verkfalls sem hófst 15. mars. Þau stéttarfélög sem veitt höfðu Alþýðusambandi Vestfjarða samningsumboð tóku ekki þátt í verkfallinu. Útgerðarmenn settu á verkbann um allt land nema á Snæfellsnesi, og var því hvorki verkfall né verkbann í gildi þar.

878. Með lögum nr. 8/2001 var verkfallinu frestað til 1. apríl 2001 vegna loðnuvertíðar. Hafði ríkissáttasemjari þá haldið yfir 70 fundi með aðilunum, enda höfðu þeir vísað deilunni til hans. Hinn 9. maí 2001 náði VSFÍ samningi við LÍÚ. Í því voru ákvæði um ákvörðun skiptaverðs. Vonaðist ríkisvaldið til þess að sá kjarasamningur myndi ryðja braut öðrum samningum. Með vísan til yfirlýsinga þeirra aðila að deilunni sem eftir voru og ummæla ríkissáttasemjara fullyrðir ríkisvaldið að engin von hafi verið til þess að deilan yrði leyst með milligöngu hans. Enn fremur taldi ríkissáttasemjari engan

grundvöll fyrir hendi, sem hann gæti byggt sáttatillögu á. Ríkisvaldið skýrir því málið þannig að það hafi talið alla möguleika til samninga fullreynda án nokkurs árangurs; verkfallið hafi haldið áfram og engar vísbendingar voru fyrir hendi um hversu lengi það myndi dragast. Ríkisvaldið hafi ekki séð neina möguleika á öðru en að gera neyðarráðstafanir til að binda enda á verkfallið með lögum.

Lög nr. 34/2001 og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur.

879. Ríkisvaldið leggur áherslu á að eftir sex vikna verkfall hafi það orðið að takmarka það tjón sem lengra verkfall hefði valdið efnahag landsins. Í því sambandi nefnir ríkisvaldið að verkfallið og verkbannið hafi haft mikil áhrif á líf fólks í litlum byggðarlögum sem byggðu afkomu sína á sjávarútvegi, að atvinnuleysis hefði verið farið að gæta meðal verkafólks í fiskvinnslustöðvum, að merki hefðu verið um neikvæð áhrif verkfallsins á markaðssetningu íslenskra sjávarafurða erlendis, og loksins að verkfallið hefði haft áhrif á útflutningstekjur, sem að sínu leyti hefði verið meðverkandi við að rýra gengi íslensku krónunnar. Að mati ríkisvaldsins hefði því borið brýna nauðsyn til að binda endi á vinnudeiluna og sjá fyrir sanngjarnri lausn hennar. Ríkisvaldið segir það, að félög innan SSÍ að einu undanskildu hefðu hætt verkfalli hinn 15. maí, engu hafa breytt um að verkbanni var haldið áfram. Lagasetningin mætti nokkurri andstöðu á þingi, þar sem sú gagnrýni var höfð uppi að löggjafinn ætti engan rétt á að grípa inn í vinnudeilu og skerða þannig stjórnarskrárvarin réttindi. Gerðardómsmeðferð sú sem kveðið var á um í lögunum sætti einnig gagnrýni.

880. Varðandi þær ráðstafanir sem lögin kváðu á um telur ríkisvaldið að það hafi tryggt sjálfstæði gerðardómsins að gerðarmenn hafi verið skipaðir af Hæstarétti. Einnig er bent á að deiluaðilar hafi haft frest fram til 1. júní 2001 til að ná samkomulagi. Hæstiréttur átti einungis að tilnefna þrjá menn til gerðar ef ekkert samkomulag hefði þá náðst. Hlutverk gerðardómsins var að ákvarða laun og kjör fiskimanna í stéttarfélögum þeim sem nefnd voru í 1. gr. laganna, þ.e. þeim stéttarfélögum sem voru í verkfalli og þeim samtökum útgerðarmanna sem héldu uppi verkbanni. Samkvæmt 3. gr. átti gerðardómurinn að taka tillit til ákveðinna atriða við úrlausn sína, þ.e. kjarasamninga sem gerðir höfðu verið á undanförnum mánuðum, að því marki sem þeir höfðu þýðingu fyrir það álitaefni sem fyrir lá, almenna launaþróun, og hina sérstöku stöðu þeirra aðila sem nefndir voru í 1. gr. Segir ríkisvaldið að til að tryggja sjálfstæði gerðardómsins hafi honum sjálfum verið látið eftir að ákvarða önnur atriði varðandi úrlausn sína og hversu lengi hún skyldi gilda.

881. Í raun er það skýring ríkisvaldsins að þar sem samningar höfðu ekki náðst 1. júní hafi gerðardómur verið settur á stofn. Gerði hann í fyrstu lokatilraun til sátta, sem ekki bar neinn árangur. Hann fór síðan að undirbúa ákvörðun sína og gaf aðilum kost á að setja fram sjónarmið sín skriflega. Hann tók síðan ákvörðun sína 30. júlí 2001.

882. Varðandi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 21. maí 2002 leggur ríkisvaldið áherslu á eftirfarandi atriði. ASÍ hélt því fram að lög nr. 34/2001 brytu gegn 74. og 75. gr. stjórnarskrárinnar og ýmsum alþjóðasamningum sem Ísland hafði fullgilt, og nefndi sérstaklega samþykktir nr. 87 og 98. Dómstóllinn viðurkenndi að veigamikil efnahagsleg rök styddu það mat ríkisins að almannahagsmunir væru í húfi þegar það ákvað að grípa til aðgerða og stöðva verkfallið. Dómstóllinn féllst á að þau verkalýðsfélög sem ekki áttu í verkfalli og þau samtök sem ekki höfðu lagt á verkbann væru óbundin af lögum nr. 34/2001. Ríkisvaldið kvaðst ekki hafa andmælt þeirri kröfu stefnanda sem að þessu laut, þar sem það hefði aldrei verið ætlan þess að beita lögunum gegn þeim.

Enn fremur féllst dómstóllinn á það sjónarmið ASÍ að sú stofnun sem sett hefði verið á fót samkvæmt lögunum væri ekki gerðardómur í skilningi laga, heldur stjórnsýslunefnd sem veitt hefði verið vald til að skera úr um laun sjómanna. Dómstóllinn taldi lög nr. 34/2001 þannig að þau takmörkuðu rétt samtaka fiskimanna til að setja sér eigin reglur eða ákveða skipulag samtakanna og starf þeirra.

884. Í greinargerð sinni frá 3. mars 2003 leggur ríkisvaldið enn áherslu á áhrif verkfallsins og verkbannsins á hag þjóðarinnar. Minnst er á að hin íslenska tilhögun við gerð kjarasamninga hafi verið byggð upp í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega að fengnum athugasemdum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um hvernig sú tilhögun verkaði í raun. Að lokum bendir ríkisvaldið á að þau verkalýðsfélög sem ekki áttu í verkfalli og þau samtök útgerðarmanna sem ekki höfðu lagt á verkbann hafi náð kjarasamningi hinn 26. nóvember 2002 sem endurspeglaði það sem gerðardómurinn kvað á um. Ríkisvaldið staðfestir að ákvörðun dómsins gildi fram til ársloka 2003.

C. Niðurstöður nefndarinnar.

885. *Í heild eru lýsingar kærenda og ríkisvaldsins á aðdraganda setningar laga nr. 34/2001 ekki ósamrýmanlegar. Nefndin veitir því athygli að kærendur bera ekki brigður á lög nr. 8/2001, sem frestuðu verkfallinu í tvær vikur. Nefndin hefur kynnt sér dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. mars 2002 eins og hann kemur fram í svari ríkisvaldsins, og dóm Hæstaréttar frá 14. nóvember 2002.*

886. *Nefndin telur að lög nr. 34/2001 hafi annars vegar haft þau áhrif að verkfall sem átti rætur að rekja til erfiðra kjarasamningaumleitana var bannað, og hins vegar að laun og kjör fiskimanna voru fastákveðin með gerð. Nefndin verður því að taka til athugunar hvort lög nr. 34/2001 samræmist ákvæðum samþykkta nr. 87 og 98.*

887. *Það er álit kærenda að lög nr. 34/2001, sem bönnuðu verkfallið um ákveðinn tíma, brjóti gegn samþykkt nr. 87, sérstaklega 3. gr. hennar, og einnig að lagasetningin hafi verið liður í röð af inngripum ríkisvaldsins í réttmætar verkfallsaðgerðir. Fyrir sitt leyti stendur ríkisvaldið fast á því að 1) það hafi beðið lengi áður en það ákvað að grípa inn, og reyndar hafi verkfallið staðið í sex vikur áður en lögin voru sett, 2) hið langdregna verkfall hafi haft alvarleg áhrif á efnahag landsins, 3) allt hefði verið reynt til þrautar að fá laun og kjör fiskimanna ákveðin með kjarasamningi, en sjónarmið deiluaðila hafi ekki verið unnt að sætta. Enn fremur heldur ASÍ því fram að þær ráðstafanir sem lögin kváðu á um hafi ekki verið í samræmi við það sem aðstæður kröfðust. Ríkisvaldið heldur því fram að 1) sú ráðstöfun að skipa gerðardóm hafi verið í samræmi við það sem aðstæður kröfðust, og 2) markmið laganna hafi verið að sjá deiluaðilum fyrir réttlátri og sanngjarnri lausn deilunnar.*

888. *Hvað snertir tilvitnun ríkisvaldsins til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 1768 (29. lið), þá hefur nefndin, líkt og sérfræðinganefndin um framkvæmd samþykkta og tillagna, fallist á að í samningaumleitunum geti að því komið, eftir langvarandi og árangurslausar viðræður, að yfirvöldum sé rétt að grípa inn, þegar engu verður þokað nema þau taki til þess eitthvert frumkvæði [sjá Almennt yfirlit um félagafrelsi og gerð kjarasamninga 1994, 258. lið]. Nefndin telur þó að það eitt, að engu verði um þokað í kjarasamningaumleitunum, sé í sjálfu sér ekki fullnægjandi réttlæting fyrir því að yfirvöld geri aðilum að vinnudeilu skylt að hlíta gerð. Inngrip opinberra aðila í vinnudeilur verða að samræmast meginreglunni um samningaviðræður af frjálsum vilja, en þar af leiðir að stofnanir sem falið er að leysa deilu aðila í kjarasamningaviðræðum þurfa að vera óháðar og til þeirra þurfa aðilar að leita af eigin hvötum [**Samantekt**](#)*

***á ákvörðunum og reglum nefndar um félagafrelsi, 4. útg., 1996, 858. liður]**, nema þegar um er að ræða brátt hættuástand í þjóðfélaginu, en í því máli sem fyrir liggur er nefndinni ekki fært að ákvarða um það.*

889. *Nefndin vill í þessu máli gera eftirfarandi athugasemdir. Í fyrsta lagi nefnir hún þá yfirlýsingu ríkisvaldsins að það hafi aldrei fyrirhugað að beita lögum nr. 34/2001 gagnvart verkalýðsfélögum sem ekki áttu í verkfalli. Hún veitir því hins vegar athygli, út frá ábendingum kærenda og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, að ákvæði laganna undanskildu ekki berum orðum verkalýðsfélög sem ekki áttu í verkfalli. Nefndin minnist þess að í máli nr. 1768 hafði þetta álitaefni þegar komið upp, og að því hafði verið beint til ríkisvaldsins að „forðast í framtíðinni að grípa til ráða af þessu tagi, sem fela í sér inngrip með lagasetningu" [sjá 111. lið í 299. skýrslu nefndarinnar]. Nefndin tekur einnig fram að þau verkalýðsfélög sem ekki áttu í verkfalli og þeir útgerðarmenn sem ekki höfðu lagt á verkbann náðu kjarasamningi þegar héraðsdómur og Hæstiréttur höfðu skýrt út álitaefnið.*

890. *Nefndin telur enn fremur að hin lögbundna tilhögun hafi ekki getað öðlast traust aðilanna og haldið því, vegna þess að eðli gerðarstofnunarinnar var óljóst og endanleg niðurstaða var bundin fyrirframsettum viðmiðum í löggjöf. Hvað hið síðastnefnda snertir veitir nefndin því athygli að samkvæmt 3. gr. laganna bar þeirri stofnun, sem gera skyldi um málið, að hafa hliðsjón af ýmsum þáttum, sérstaklega kjarasamningum sem nýlega hefðu verið gerðir og almennri launaþróun. Nefndin verður enn að taka fram að hún hafði þegar vakið máls á þessu í tengslum við ápekkt lagaákvæði í máli nr. 1768, og vekur athygli ríkisvaldsins á niðurstöðu sinni í 110. lið 299. skýrslu.*

891. *Jafnvel þó að nefndin telji að vinnustöðvun í sjávarútvegi gæti haft miklar afleiðingar fyrir þjóðarhag, þá telur hún ekki að slík vinnustöðvun stefni í hættu lífi, öryggi eða heilsu landsmanna, einhverra eða allra. Af öllum þessum ástæðum, og þó að aðilum hafi með lögunum verið veittur tveggja vikna frestur til að ná samningi áður en gerðardómsmeðferðin hófst, telur nefndin að sú tilhögun sem lögin komu á samræmist ekki reglunni um frjálsar samningaumleitanir. Sú niðurstaða er nefndinni áhyggjuefni, því að það var gerðarstofnunin sem átti að ákveða hversu lengi sá kjarasamningur, sem VSFÍ og LÍÚ höfðu gert, skyldi gilda gagnvart aðilum að FFSÍ og SSÍ.*

892. *Í viðara samhengi verður því miður að taka fram, að setning laga nr. 34/2001 föl í sér þriðja inngrip hins opinbera á sjö árum í gerð heildarsamninga um laun og kjör fiskimanna. Nefndin veitir því athygli að í þessari grein atvinnulífsins kemur það endurtekið fyrir að samningaumleitanir reynast erfiðar, og að þeir erfiðleikar virðast eiga sér skýringar í grunnskipulagi, þar sem þeir tengjast ákvörðun aflaverðs. Nefndin tekur einnig fram að sú aðstaða sem fyrir hendi var til milligöngu og sátta dugði ekki aðilum til að ná samningi, og að þetta var ekki í fyrsta sinn sem hún nýttist ekki til árangurs. Nefndin veitir því athygli að hið opinbera hefur einnig í nokkur skipti gripið með lagasetningu inn í aðrar innbyrðis tengdar samningaumleitanir á undanförnum tveimur áratugum, og hefur athygli bæði þessarar nefndar og sérfræðinganefndarinnar verið vakin á sumum þeirra. Í þessu sambandi vísar nefndin til niðurstaðna sinna í málum nr. 1458, 1563 og 1768. Í máli nr. 1563, og sérstaklega í 376. lið 279. skýrslu sinnar, hafði nefndin þegar tekið fram að „á undanförnum árum [hafi] ríkisvaldið í allmörg skipti beitt inngripum í kjarasamningaviðræður. Reyndar hafði nefndin, í fyrra máli sem varðar Ísland [sjá 262. skýrslu, mál nr. 1458, 124.–153. lið, einkum 148. lið] tekið fram að almenn inngrip löggjafarvalds í kjarasamningaviðræður hafi átt sér stað ekki sjaldnar en níu sinnum á undanförnum tíu árum. Þetta*

sýnir greinilega að fyrir hendi eru erfiðleikar í því kerfi sem ræður samskiptum aðila vinnumarkaðarins".

893. *Að áliti nefndarinnar sýnir ofangreint að ríkisvaldinu ber að gera markvissar ráðstafanir til að forðast inngrip með lagasetningu og til að greiða fyrir algerlega frjálsum sameiginlegum samningaumleitunum. Nefndin telur að slíkar ráðstafanir séu enn nauðsynlegri nú, þar sem gildandi kjarasamningar sem í krafti laga nr. 34/2001 eru látnir gilda um laun og kjör fiskimanna falla senn úr gildi og sömu erfiðleikar eru þá líklegir til að blossa upp aftur. Hún fer þess því á leit við ríkisvaldið að farið verði yfir þá tilhögun og starfshætti sem tíðkast við kjarasamningaumleitanir í landinu. Vekur nefndin athygli ríkisvaldsins á að skrifstofan er reiðubúin til að veita tæknilega aðstoð.*

Tilmæli nefndarinnar.

894. ***Í ljósi ofangreindra niðurstaðna fer nefndin þess á leit við Stjórnarnefnd að hún samþykki eftirfarandi tilmæli:***

(a) Nefndin tekur fram, að eins og viðurkennt er í hinum íslensku lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eiga launafólk og atvinnurekendur rétt á að grípa til aðgerða á vinnumarkaði til að verja atvinnuhagsmuni sína.

(b) Nefndin telur að gerðarmeðferð sú sem kveðið var á um í lögum nr. 34/2001 hafi brotið gegn reglunni um frjálsa gerð kjarasamninga. Í því sambandi tekur hún fram að stofnanir sem falið er að leysa deilu aðila í kjarasamningaviðræðum þurfa að vera óháðar og til þeirra þurfa aðilar að leita af eigin hvötum, nema þegar um er að ræða brátt hættuástand í þjóðfélaginu, en í því máli sem fyrir liggur var nefndinni ekki fært að ákvarða um það.

(c) Um leið og nefndin harmar að mörg svipuð tilvik hafa áður átt sér stað þar sem brotið hefur verið gegn ákvæðum samþykkta 87 og 98, fer hún þess á leit við ríkisvaldið að breytt verði þeirri tilhögun og þeim starfsháttum sem tíðkast við kjarasamningaumleitanir í landinu þannig að komast megi hjá því að endurtekin inngrip löggjafarvalds eigi sér stað á því sviði, og vekur nefndin athygli ríkisvaldsins á að alþjóðavinnumálaskrifstofan er reiðubúin til að veita tæknilega aðstoð.

866. Fyrirspurn [578. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hversu miklu fé hefur verið varið til eftirtalinna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli árlega sl. tíu ár, hverjir greiddu kostnaðinn og hversu mikinn hluta hans greiddi íslenska ríkið:

a. nýbygginga,
b. viðhalds mannvirkja, þ.m.t. flugbrauta,
c. snjómoksturs?

Skriflegt svar óskast.

867. Fyrirspurn [579. mál]

til fjármálaráðherra um viðskipti fjármálaráðuneytisins og stofnana þess við ráðningarstofur.

Frá Merði Árnasyni.

1. Skiptu ráðuneytið og stofnanir sem undir það heyra við ráðningarstofur og vinnumiðlara árin 2002, 2003 og 2004?
2. Hvað var ráðið í mörg störf með þeim hætti í ráðuneytinu og í hverri stofnun?
3. Hversu mikið var ráðningarstofunum greitt fyrir störf sín á þessum árum af hálfu ráðuneytisins og hverrar stofnunar?
4. Höfðu ráðuneytið og/eða stofnanirnar samninga við einstakar ráðningarstofur á þessum árum og þá hvaða ráðningarstofur?
5. Hafa slíkir samningar verið boðnir út á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess? Ef ekki – hvers vegna ekki?

Skriflegt svar óskast.

868. Tillaga til þingsályktunar [580. mál]

um útvarp frá Alþingi.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela forseta að hefja undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefnt verði að því að útvarp frá Alþingi hefjist þegar þing kemur saman haustið 2005.

Greinargerð.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.“ Þannig hljóðar 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Tilgangur þessarar tillögu er að tryggja að landsmönnum verði gert kleift að fylgjast með þingfundum í heyranda hljóði, með hjálp nútímaútvarpstækni. Þingfundum yrði útvarpað beint með því að nota dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Þannig gætu Íslendingar heyrt þingfundi á sama tíma og þeir færu fram.

Þingfundum hefur verið sjónvarpað með dreifikerfi sjónvarps Ríkisútvarpsins um árabil. Þessar sendingar hafa verið í beinni útsendingu á þeim tímum þegar engin önnur dagskrá er í sjónvarpinu. Þegar þingfundir hafa verið á sama tíma og dagskrárliðir sjónvarps hefur bein útsending þeirra fallið niður. Þeir eru svo sendir út síðar gegnum sjónvarp, eftir því sem laus tími leyfir. Þingfundum hefur einnig verið sjónvarpað beint um breiðbandskerfi Lands-

símans. Síðustu árin hafa áhugasamir með öflugar nettengingar getað fylgst með beinum útsendingum þingfunda hvar sem þeir eru staddir í heiminum.

Öll þessi miðlun er þó með ýmsum annmörkum. Beinar útsendingar um kerfi Ríkisútvarpsins eru háðar því að aðrir liðir séu ekki á dagskrá, en þeir hafa undantekningarlaust forgang fram yfir útsendingar frá þingfundum. Breiðband Landssímans er einungis hjá takmörkuðum fjölda áskrifenda á Reykjavíkursvæðinu. Að fylgjast með þingfundum gegnum tölvu er háð góðri nettengingu, auk þess sem mynd- og hljóðgæði eru lítil.

Enginn vafi er á að beint útvarp frá þingfundum mundi gera stærstum hluta landsmanna kleift að fylgjast með. Útvarpstæki eru mjög víða, og mun auðveldara er að fylgjast með útsendingum í hljóðvarpi á meðan öðrum verkefnum er sinnt, samanborið við sjónvarp.

Beinar útvarpssendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsagður hlutur í nútímalýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar. Þær væru og í samræmi við anda fyrsta málsliðar 57. gr. stjórnarskrárinnar um að fundir Alþingis skuli háðir „í heyranda hljóði“.

869. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hafrannsóknastofnuninni, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi kvótabátaeigenda, ríkissaksóknara, Vélstjórafélagi Íslands, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, Landssambandi smábátaeigenda og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sektarlágmörk vegna brota á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands verði felld brott. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé skoðun flutningsmanna að viðurlög að lágmarki 400.000 kr. fyrir hvers kyns brot á tilgreindum lögum án tillits til þess hvort brot sé framið af ásetningi eða gáleysi takmarki svigrúm dómstóla um of til að dæma sektarrefsingu í samræmi við alvarleika brots. Er það tilgangur þeirra lagabreytinga sem frumvarpið mælir fyrir um „að koma í veg fyrir að smávægilegar yfirsjónir kosti viðkomandi 400.000 kr. heldur geti dómstólar litið á hvert mál fyrir sig og ákveðið viðurlög innan rýmri refsiramma en nú er heimilt“.

Nefndin tekur undir að umrædd sektarlágmörk geti í einstökum tilvikum leitt til ósanngjarnar viðurlagaákvörðunar af hálfu dómstóla. Þó er það álit nefndarinnar að almennt sé réttmætt að mæla fyrir um tiltölulega þung viðurlög við brotum á fiskveiðilöggjöfinni, einkum þegar um ítrekað brot er að ræða. Byggist þessi skoðun nefndarinnar á því að almennt verður að telja að fjárhagslegur hvati til brota á fiskveiðilöggjöfinni sé mikill og brotaleiðir jafnframt margvíslegar og því mikilvægt að varnaðaráhrif viðurlagaákvæða séu skýr og öllum augljós. Þá verður almennt talið að reglur sem settar eru til að stýra sókn í takmarkaða auðlind, eins og ákvæði íslenskra laga um stjórnkerfi fiskveiða, séu sérlega viðkvæmar fyrir

hvers kyns brotum gegn þeim. Eru skýr og ótvíræð viðurlög því mikilvægur þáttur í að tryggja virkni laganna og virðingu fyrir þeim.

Með vísan til þessara sjónarmiða leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu sem fela í sér að einungis verði felld niður sektarlágmörk þegar um fyrsta brot á ákvæðum laganna er að ræða. Hins vegar verði með samræmdum hætti í þeim fjórum lagabálkum sem frumvarpið varðar mælt fyrir um 400.000 kr. lágmarkssekt ef um ítrekað brot er að ræða.

Nefndin lítur svo á að þessar breytingar gefi dómstólum almennt ekki tilefni til að beita lægri sektum vegna brota á lögunum en tíðkast hafa heldur er tilgangur breytinganna fyrst og fremst að tryggja að þeim sé unnt að gæta sanngirni þegar um fyrsta brot er að ræða og brot telst smávægilegt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 24. febr. 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Kristján L. Möller.	Hjálmar Árnason.
Jón Gunnarsson.	Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.	Guðrún Inga Ingólfsdóttir.

870. Breytingartillögur [215. mál]

við frv til l. um breyt. á l. nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður efnismálsgreinar orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.
2. Við 2. gr. Síðari málsliður efnismálsgreinar orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.
3. Við 3. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.
4. Við 4. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

871. Svar [528. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fjármál hins opinbera.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hafa eftirfarandi þættir í fjármálum hins opinbera þróast árin 2003 og 2004, sundurliðað eftir árum:

a. ætluð útgjöld ríkisins í samþykktum fjárlögum,
b. upphæð samþykktra fjáraukalaga,
c. niðurstöðutala ríkisreiknings,
d. áætlaðar tekjur ríkisins í samþykktum fjárlögum,
e. andvirði seldra ríkiseigna,
f. útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
g. útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
h. afkoma ríkissjóðs?

a. Ætluð útgjöld ríkisins í fjárlögum.

Fjárlög	2003	2004
Heildargjöld, millj. kr.	260.142,1	275.295,6

b. Upphæð samþykktra fjáraukalaga.

Fjáraukalög	2003	2004
Heildartekjur, millj. kr.	8.988,6	9.274,5
Heildargjöld, millj. kr.	17.279,9	9.283,4

c. Niðurstöður ríkisreiknings.

Ríkisreikningur	2003	2004
Heildartekjur, millj. kr.	274.574,0	-
Heildargjöld, millj. kr.	280.712,0	-

d. Áætlaðar tekjur ríkisins í samþykktum fjárlögum.

Fjárlög	2003	2004
Heildartekjur, millj. kr.	271.600,0	282.021,3

e. Andvirði seldra eigna.

Tekjufærður söluhagnaður eigna:	2003	2004
Fjárlög, millj. kr.	10.340,0	540,0
Ríkiseikningur, millj. kr.	11.954,0	-

f. Útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins eru útgjöld ríkissjóðs á samræmdu þjóðhagsuppgjöri áætluð 35,4% af vergri landsframleiðslu árið 2003 og 33,6% árið 2004. Vegna breytinga á framsetningu talnaefnis frá því að þingmaðurinn bað um sömu upplýsingar fyrir árin 1991–2003 fylgir hér á eftir tafla nr. 11 úr þjóðhagspá ráðuneytisins frá 25. janúar sl. fyrir tímabilið 1991–2004.

g. Útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá ráðuneytisins eru útgjöld hins opinbera á samræmdu þjóðhagsuppgjöri áætluð 47,7% af vergri landsframleiðslu árið 2003 og 45,7 % árið 2004. Vegna breytinga á framsetningu talnaefnis frá því að þingmaðurinn bað um sömu upplýsingar fyrir árin 1991–2003 fylgja hér á eftir töflur nr. 10 og 12 úr þjóðhagsspá ráðuneytisins frá 25. janúar sl. fyrir tímabilið 1991–2004.

h. Afkoma ríkissjóðs.

Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá ráðuneytisins er tekjuafgangur ríkissjóðs á samræmdu þjóðhagsuppgjöri áætlaður -1,8% af vergri landsframleiðslu árið 2003 og 0,7% árið 2004. Vegna breytinga á framsetningu talnaefnis frá því að þingmaðurinn bað um sömu upplýsingar fyrir árin 1991–2003 fylgir tafla nr. 10 úr þjóðhagsspá ráðuneytisins frá 25. janúar sl. fyrir tímabilið 1991–2004.

Upplýsingar um útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sem og um útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eru samkvæmt samræmdri framsetningu þjóðhagsreikningsuppgjörs. Þjóðhagsuppgjör er talsvert ólíkt uppgjöri ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi og fjárlögum og munar þar mest um að tekjur af eignasölu hafa ekki áhrif á tekjuafgang og í stað þess að gjaldfæra fjárfestingu er hún eignfærð og afskrifuð. Þá eru lífeyrisskuldbindingar færðar með öðrum hætti. Athygli er vakin á því að samanburður á fjárlögum og fjáraukalögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar er varasamur þar sem talsvert hefur verið fært til gjalda í ríkisreikningi undanfarin ár vegna afskrifta skattkrafna, auk þess að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar hafa sveiflast mjög á milli ára. Ríkisreikningur fyrir árið 2004 liggur ekki fyrir.

Tafla 10. Tekjur og gjöld hins opinbera. Millj. kr. á verðlagi hvers árs [1].

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003 [2]	Áætlun 2004
Heildartekjur	**159.765**	**163.918**	**161.443**	**169.736**	**179.720**	**197.221**	**213.185**	**242.873**	**278.613**	**301.125**	**328.464**	**351.972**	**373.191**	**409.564**
1 Skattar á tekjur og eignir	53.151	55.112	59.584	62.690	68.040	76.319	85.956	98.552	115.604	128.812	149.323	157.468	170.265	186.758
2 Skattar á framl. og innfl.	84.470	84.275	77.480	79.696	83.092	90.739	96.119	109.264	124.482	130.968	129.691	135.665	145.619	161.427
3 Vaxtatekjur	7.324	6.827	6.794	7.014	6.803	6.784	6.556	7.479	8.672	10.150	14.604	19.479	13.100	14.392
4 Aðrar tekjur	3.595	4.698	4.222	5.055	5.626	5.264	6.168	5.544	6.027	5.811	6.848	9.178	13.252	14.812
5 Sala á vöru og þjónustu	11.224	13.007	13.364	15.281	16.158	18.115	18.386	22.033	23.828	25.385	27.998	30.182	30.955	32.176
Heildarútgjöld	**171.389**	**175.140**	**179.882**	**190.372**	**193.117**	**204.949**	**213.293**	**240.044**	**263.996**	**284.571**	**327.192**	**355.387**	**386.516**	**402.122**
1 Rekstrarkostnaður	92.725	96.933	101.982	109.105	115.119	123.678	131.161	149.785	166.258	183.319	204.654	229.051	244.582	258.445
þar af samneysla	81.501	83.926	88.618	93.824	98.961	105.563	112.775	127.752	142.430	157.934	176.656	198.869	213.627	226.269
2 Vaxtagjöld	15.719	15.609	16.536	18.007	19.955	19.541	19.613	21.204	22.731	22.604	28.568	25.934	25.871	28.234
3 Framleiðslustyrkir	11.592	12.495	9.678	8.740	8.672	9.172	9.197	9.153	9.991	10.816	12.844	13.703	13.293	14.194
4 Tekjutilfærslur	29.019	30.617	33.020	33.938	36.241	37.200	38.761	40.106	42.673	47.161	53.775	61.026	75.803	79.461
5 Verg fjármunamyndun	17.982	17.778	19.708	19.540	15.951	17.620	18.415	23.619	26.099	25.806	32.018	31.265	30.039	25.388
6 Afskriftir (-)	7.367	7.945	8.560	9.255	9.887	10.482	11.146	11.875	12.586	13.487	14.520	15.965	16.791	17.941
7 Fjármagnstilfærslur	11.719	9.653	7.519	10.296	7.066	8.220	7.292	8.052	8.830	8.351	9.853	10.373	13.543	14.340
Tekjuafgangur	**-11.624**	**-11.221**	**-18.439**	**-20.636**	**-13.396**	**-7.729**	**-107**	**2.829**	**14.617**	**16.554**	**1.272**	**-3.414**	**-13.325**	**7.443**
Hlutfall af landsframleiðslu, %														
Heildartekjur	40,5	41,6	39,8	39,4	40,5	41,4	41,5	42,7	45,7	45,4	44,1	45,2	46,0	46,6
Heildargjöld	43,5	44,5	44,3	44,2	43,5	43,0	41,5	42,2	43,3	42,9	44,0	45,6	47,7	45,7
Tekjuafgangur	-3,0	-2,9	-4,5	-4,8	-3,0	-1,6	0,0	0,5	2,4	2,5	0,2	-0,4	-1,6	0,8
Skatttekjur	34,9	35,4	33,8	33,0	34,0	35,1	35,4	36,5	39,4	39,2	37,5	37,6	39,0	39,6
Samneysla	20,7	21,3	21,8	21,8	22,3	22,2	21,9	22,4	23,4	23,8	23,7	25,5	26,3	25,7

1 Uppgjör þetta fylgir þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, ESA 95.

2 Bráðabirgðatölur.

Tafla 11. Tekjur og gjöld ríkissjóðs. Millj. kr. á verðlagi hvers árs [1].

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003 [2]	Áætlun 2004
Heildartekjur	**126.999**	**130.153**	**127.282**	**134.452**	**141.329**	**155.661**	**162.391**	**183.930**	**213.800**	**228.660**	**245.441**	**257.264**	**272.327**	**301.298**
1 Skattar á tekjur og eignir	38.199	39.345	39.763	42.778	46.871	53.237	54.286	61.670	74.151	82.832	95.175	99.241	107.815	119.597
2 Skattar á framl. og innfl.	73.128	72.705	70.575	72.508	74.834	82.077	87.331	98.906	113.480	117.503	116.225	120.921	130.454	144.068
3 Vaxtatekjur	6.210	5.868	5.870	6.387	6.211	6.203	5.888	6.729	7.637	8.693	12.406	12.855	8.575	11.044
4 Aðrar tekjur	2.393	3.704	2.801	3.398	3.342	3.087	3.782	3.174	3.643	3.534	3.309	3.936	4.620	5.207
5 Sala á vöru og þjónustu	7.068	8.531	8.273	9.381	10.070	11.057	11.104	13.451	14.889	16.098	18.325	20.311	20.863	21.381
Heildarútgjöld	**138.186**	**139.716**	**141.063**	**147.892**	**152.889**	**163.000**	**159.644**	**177.778**	**198.204**	**211.712**	**240.884**	**262.005**	**286.969**	**295.542**
1 Rekstrarkostnaður	58.989	61.035	64.217	67.565	72.145	74.705	75.157	87.366	97.277	106.867	120.036	134.008	141.561	149.398
þar af samneysla	51.921	52.504	55.943	58.183	62.075	63.648	64.053	73.915	82.388	90.769	101.711	113.697	120.698	128.017
2 Vaxtagjöld	13.964	13.975	14.834	15.997	17.780	17.440	17.414	18.833	20.155	19.508	23.128	21.891	20.867	22.209
3 Framleiðslustyrkir	10.879	11.773	8.981	8.042	8.017	8.148	8.227	7.904	8.634	8.971	10.779	11.235	10.661	11.401
4 Tekjutilfærslur	40.011	41.153	42.456	43.774	47.097	52.083	51.914	54.326	60.201	66.234	73.531	81.895	93.700	97.123
5 Verg fjármunamyndun	8.349	7.645	9.386	9.546	8.891	9.934	8.043	10.136	12.421	11.861	14.142	13.925	18.518	13.836
6 Afskriftir (-)	5.515	5.870	6.312	6.777	7.287	7.736	8.124	8.662	9.152	9.779	10.385	11.143	11.741	12.622
7 Fjármagnstilfærslur	11.508	10.004	7.501	9.745	6.247	8.426	7.012	7.875	8.668	8.050	9.653	10.194	13.404	14.197
Tekjuafgangur	**-11.187**	**-9.563**	**-13.781**	**-13.440**	**-11.560**	**-7.339**	**2.748**	**6.152**	**15.595**	**16.948**	**4.557**	**-4.741**	**-14.643**	**5.756**
Hlutfall af landsframleiðslu, %														
Heildartekjur	32,2	33,1	31,4	31,2	31,8	32,7	31,6	32,3	35,1	34,5	33,0	33,0	33,6	34,3
Heildargjöld	35,1	35,5	34,8	34,3	34,4	34,2	31,0	31,2	32,5	32,0	32,4	33,6	35,4	33,6
Tekjuafgangur	-2,8	-2,4	-3,4	-3,1	-2,6	-1,5	0,5	1,1	2,6	2,6	0,6	-0,6	-1,8	0,7
Skatttekjur	28,3	28,5	27,2	26,7	27,4	28,4	27,5	28,2	30,8	30,2	28,4	28,3	29,4	30,0
Samneysla	13,2	13,3	13,8	13,5	14,0	13,4	12,5	13,0	13,5	13,7	13,7	14,6	14,9	14,6

1 Uppgjör þetta fylgir þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, ESA 95.

2 Bráðabirgðatölur.

Tafla 12. Tekjur og gjöld sveitarfélaga. Millj. kr. á verðlagi hvers árs [1].

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003 [2]	Áætlun 2004
Heildartekjur	**34.223**	**35.881**	**35.995**	**37.729**	**40.891**	**46.941**	**55.478**	**62.906**	**69.917**	**77.747**	**89.474**	**101.222**	**103.623**	**109.841**
1 Skattar á tekjur og eignir	14.952	15.767	19.820	19.912	21.170	23.082	31.670	36.882	41.453	45.979	54.148	58.227	62.450	67.161
2 Skattar á framl. og innfl.	11.342	11.570	6.905	7.188	8.258	8.662	8.788	10.359	11.002	13.465	13.466	14.744	15.165	17.359
3 Vaxtatekjur	1.067	808	833	547	517	528	633	660	942	1.242	1.639	6.088	3.980	2.786
4 Aðrar tekjur	2.783	3.337	3.438	4.287	4.980	7.756	7.151	6.467	7.641	7.826	10.618	12.404	12.060	11.861
5 Sala á vöru og þjónustu	4.078	4.399	4.999	5.795	5.967	6.914	7.236	8.537	8.879	9.234	9.603	9.759	9.968	10.675
Heildarútgjöld	**34.837**	**37.594**	**40.736**	**44.560**	**42.337**	**47.366**	**58.466**	**67.158**	**72.835**	**80.337**	**94.815**	**101.416**	**103.436**	**110.143**
1 Rekstrarkostnaður	22.718	25.238	27.618	30.766	31.525	36.517	44.540	49.816	54.937	60.689	68.351	76.791	83.211	88.267
þar af samneysla	18.639	20.839	22.619	24.972	25.558	29.604	37.304	41.279	46.059	51.455	58.748	67.032	73.243	77.592
2 Vaxtagjöld	1.755	1.633	1.703	2.010	2.174	2.101	2.199	2.372	2.576	3.096	5.439	4.043	5.004	6.025
3 Framleiðslustyrkir	714	721	697	699	655	1.024	969	1.249	1.357	1.845	2.065	2.468	2.632	2.793
4 Tekjutilfærslur	1.661	2.294	2.628	3.018	2.703	2.990	3.128	3.274	3.559	4.169	5.018	5.418	5.978	6.682
5 Verg fjármunamyndun	9.633	10.133	10.321	9.994	7.059	7.685	10.372	13.483	13.678	13.945	17.876	17.340	11.521	11.552
6 Afskriftir (-)	1.853	2.075	2.249	2.478	2.600	2.746	3.022	3.213	3.435	3.708	4.134	4.822	5.050	5.319
7 Fjármagnstilfærslur	210	-351	17	550	819	-206	280	177	162	301	200	179	140	143
Tekjuafgangur	**-614**	**-1.713**	**-4.741**	**-6.831**	**-1.446**	**-425**	**-2.987**	**-4.252**	**-2.918**	**-2.591**	**-5341**	**-194**	**187**	**-303**
Hlutfall af landsframleiðslu, %														
Heildartekjur	8,7	9,1	8,9	8,8	9,2	9,9	10,8	11,1	11,5	11,7	12,0	13,0	12,8	12,5
Heildargjöld	8,8	9,5	10,0	10,3	9,5	9,9	11,4	11,8	11,9	12,1	12,7	13,0	12,8	12,5
Tekjuafgangur	-0,2	-0,4	-1,2	-1,6	-0,3	-0,1	-0,6	-0,7	-0,5	-0,4	-0,7	0,0	0,0	0,0
Skatttekjur	6,7	6,9	6,6	6,3	6,6	6,7	7,9	8,3	8,6	9,0	9,1	9,4	9,6	9,6
Samneysla	4,7	5,3	5,6	5,8	5,8	6,2	7,3	7,3	7,6	7,8	7,9	8,6	9,0	8,8

1 Uppgjör þetta fylgir þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, ESA 95.

2 Bráðabirgðatölur.

872. Tillaga til þingsályktunar [581. mál]

um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innan lands. Ráðherra birti Alþingi niðurstöður sínar og tillögur eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

Útflutningur á óunnum fiski í gámum á fiskmarkaði erlendis hefur aukist frá árinu 2002 úr rúmlega 21 þúsund tonni í tæplega 36 þúsund tonn á síðasta ári. Útflutningur þessi hefur verulega neikvæð áhrif á þjóðarbúið enda ljóst að unnt væri að auka útflutningsverðmæti þessa afla umtalsvert ef hann væri unninn hér á landi. Hráefnisskortur er viðvarandi vandamál í íslenskri fiskvinnslu, ekki síst hjá þeim fyrirtækjum sem reka fiskvinnslu án útgerðar og treysta því algjörlega á nægt framboð af fiski á íslenskum fiskmörkuðum. Þegar fiskur er fluttur óunninn á fiskmarkaði erlendis hafa íslenskir fiskverkendur enga möguleika til að bjóða í hann. Segja má að jafnræði íslenskra fiskkaupenda gagnvart erlendum fiskkaupendum, sem og samkeppnisstaða þeirra, sé skert að þessu leyti. Þegar útflutningur á óunnum fiski er orðinn eins mikill og raun ber vitni hefur hann mjög neikvæð áhrif á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til viðgangs og vaxtar. Þetta er sérstaklega bagalegt í því ljósi að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu án útgerðar auk þess sem þessi fyrirtæki hafa í mörgum tilvikum verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki.

Spyrja má hvað valdi því að óunninn fiskur sé fluttur úr landi í þessum mæli. Margir hafa haldið því fram að orsakanna megi leita í ólíkum vigtunarreglum og svokallaðri yfirvigt sem tíðkast á erlendum fiskmörkuðum. Að minnsta kosti virðist ekki eingöngu unnt að skýra hinn mikla útflutning með vísan til þess að hærra verð fáist fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum enda hefur fiskverð verið mjög hátt á fiskmörkuðum hérlendis undanfarin ár. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra kanni hvaða undirliggjandi ástæður og orsakir séu fyrir þessum mikla útflutningi og komi með tillögur til úrbóta.

Í sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er komið inn á þetta, m.a. með eftirfarandi hætti: „Auk þess sem hér er talið upp má nefna að skoða þarf sérstaklega aðstöðumun landvinnslu og sjóvinnslu með það fyrir augum að finna leiðir til að jafna þann mun, auka alhliða menntun á sviði sjósóknar og fiskvinnslu og stuðla að fullvinnslu alls sjávarfangs. Þá þarf að tryggja nýliðun í greininni og huga sérstaklega að þjálfun verðandi sjómanna. Einnig ber að setja reglur um að allur afli, sem ekki fer beint til vinnslu hjá sama aðila og veiðarnar stundar, skuli fara á markað til að auðvelda aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllu því hráefni.“

Sjávarútvegsráðherra hefur lýst því að nú standi yfir heildarendurskoðun á lögum nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, og að ætlunin sé að leggja fram frumvarp til nýrra laga á þessu þingi. Nauðsynlegt er að við þá vinnu verði sérstaklega hugað að því hvernig styrkja megi íslenska fiskmarkaði í samkeppni þeirra um fisk við erlenda fiskmarkaði þannig að þeir fái að fullu notið þess forskots sem fylgir nálægð við fiskimiðin og

útgerðarfyrirtækin. Þáttur í þessari þingályktunartillögu er að beina því til sjávarútvegsráðherra að hugað verði að þessum atriðum við frumvarpsvinnuna.

Íslenskur fiskmarkaður hefur verið í mikilli framþróun á síðustu árum. Með upptöku fullkomins uppboðskerfis er nú unnt að stunda viðskipti á honum með hjálp netsins, hvar sem er í heiminum. Þannig standa kaupendur erlendis jafnfætis öðrum þegar uppboð fara fram. Er það álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að eðlilegast væri að allur sá fiskur sem nú er fluttur á erlenda fiskmarkaði færi þess í stað á íslenskan fiskmarkað enda væru möguleikar erlendra fiskkaupenda til að bjóða í og kaupa íslenskan fisk og flytja hann út óunninn til vinnslu eða sölu ekki skertir. Hins vegar hefðu íslenskir fiskkaupendur þá alltaf möguleika á að bjóða í fiskinn í samkeppni við aðra.

Ótvírætt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi. Alþingi og stjórnvöldum ber að haga lögum og reglum þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg til að svo geti orðið.

Fylgiskjal I.

Hagstofa Íslands:

Verðmæti sjávarafla janúar–nóvember 2004.
(www.hagstofa.is)

Verðmæti útflutts óunnins afla eykst á milli ára.

Á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2004 var aflaverðmæti íslenskra skipa af öllum miðum 63 milljarðar króna samanborið við 62,9 milljarða króna á sama tímabili 2003. Aflaverðmæti hefur því dregist saman um 0,3% á milli ára eða um 184 milljónir króna, á verðlagi hvors árs fyrir sig. Verðmæti botnfiskaflans var 43,8 milljarðar króna og er það aukning um 1,7 milljarð króna (4,1%) á milli ára. Verðmæti þorsks hefur á þessu tímabili aukist um 1,9 milljarð króna (8,1%) og verðmæti ýsuaflans um 1,6 milljarð (29,4%) en karfaafli hefur dregist saman um 1,1 milljarð króna (–24,1%) og úthafskarfaaflinn hefur dregist saman um tæpar 600 milljónir króna (–17,8%). Verðmæti flatfisktegunda var 181 milljón meira árið 2004 (3,3%) en á sama tímabili 2003 en verðmæti uppsjávartegunda hefur dregist saman um rúmar 500 milljónir króna (–4,6%) og munar þar mest um aflaverðmæti loðnu en einnig varð töluverður samdráttur í aflaverðmæti kolmunna á milli ára. Á móti kemur að aflaverðmæti síldar hefur aukist á milli ára um 18,9%, var 3,3 milljarðar króna 2003 en 3,9 milljarðar 2004. Verðmæti skel- og krabbadýraaflans dróst einnig saman um 1,2 milljarð króna (–32,8%) og er það að stærstum hluta vegna rækju.

Mikil aukning hefur verið í verðmæti þess afla sem keyptur er á innlendum fiskmörkuðum og er fluttur óunninn út á erlenda markaði í gámum. Á tímabilinu jókst verðmæti í þessum löndunarflokki um 71,4% eða úr tæpum 600 milljónum árið 2003 í rúman 1 milljarð króna árið 2004. Einnig hefur mikil hlutfallsleg aukning orðið í útflutningi á ferskum fiski í gámum (51,1%) og nam verðmæti þess afla 5,8 milljörðum króna 2004. Verðmæti afla sem landað var erlendis í bræðslu nam 98,9 milljónum króna 2004 samanborið við 441 milljón króna 2003 og er það samdráttur upp á 342 milljónir króna (–77,6%). Verðmæti afla í beinni sölu útgerða til vinnslustöðva var 27,3 milljarðar króna samanborið við 28,9 milljarða króna á sama tímabili 2003 og dróst því saman um 1,6 milljarð króna á milli ára (–5,6%). Verðmæti

afla sem seldur var á fiskmörkuðum til fiskvinnslu innanlands var 8,7 milljarðar króna og dróst saman um 170 milljónir króna (–1,9%). Verðmæti sjófrysts afla var 19,3 milljarðar króna samanborið við 18,8 milljarða króna á árinu 2003 og er það aukning um hálfan milljarð (2,7%). Verðmæti sjófrysts afla sem landað var innanlands til endurvinnslu nam 359 milljónum króna 2004 og dróst saman um 338 milljónir frá fyrra ári (–48,5%).

Á Suðurnesjum var unnið úr afla að verðmæti 10,6 milljarða króna og er það aukning um 565 milljónir á milli ára eða 5,7%. Á höfuðborgarsvæðinu var unnið úr afla að verðmæti 9,8 milljarða króna og er það aukning um rúmar 400 milljónir frá fyrra ári. Á Vesturlandi varð samdráttur í verðmæti afla til vinnslu um 13%, var 4,7 milljarðar króna 2003 en 4,1 milljarður króna 2004. Verðmæti afla til vinnslu erlendis jókst hins vegar um 29,4% milli ára fór úr 4,7 milljörðum króna 2003 í 6,1 milljarð króna 2004.

Upplýsingar um afla og aflaverðmæti[1] janúar–nóvember 2004 er að finna í talnaefni.

Verðmæti afla janúar–nóvember 2004

Milljónir kr.	Nóvember		Janúar-nóvember		Breytingar frá fyrra ári í %
	2003	2004	2003	2004	Jan.-nóv.
Verðmæti alls	**5.393,2**	**6.554,4**	**62.854,0**	**63.037,7**	**0,3**
Botnfiskur	**3.886,8**	**4.739,1**	**42.072,8**	**43.796,3**	**4,1**
Þorskur	2427,4	2.826,0	23.966,9	25.898,9	8,1
Ýsa	716,3	943,5	5.345,5	6.915,8	29,4
Ufsi	206,9	338,2	2.275,0	2.524,2	11,0
Karfi	294,7	339,4	4.481,5	3.403,6	-24,1
Úthafskarfi	0,0	0,0	3.209,5	2.637,4	-17,8
Annar botnfiskur	241,6	292,1	2.794,3	2.416,4	-13,5
Flatfiskur	**331,0**	**360,6**	**5.566,1**	**5.747,1**	**3,3**
Uppsjávarafli	**1.042,6**	**1.381,1**	**11.604,5**	**11.067,6**	**-4,6**
Síld	690,9	1.134,6	3.291,0	3.914,6	18,9
Loðna	0,0	15,0	4.877,5	3.917,9	-19,7
Kolmunni	351,8	231,5	3.240,3	2.728,3	-15,8
Annar uppsjávarafli	-0,1	0,0	195,7	506,8	159,0
Skel- og krabbadýraafli	**132,8**	**73,6**	**3.596,0**	**2.416,8**	**-32,8**
Rækja	126,2	64,8	3.005,1	1.946,0	-35,2
Annar skel- og krabbad.afli	6,6	8,8	590,9	470,8	-20,3
Annar afli	**0,0**	**0,0**	**14,6**	**9,9**	**-32,2**

[1] Þessar upplýsingar byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Fyrir árið 2004 er stuðst við bráðabirgðatölur en endanlegar tölur liggja að baki talna fyrir árið 2003. Athuganir benda til þess að endanlegar tölur séu að hámarki 1–2% hærri en bráðabirgðatölur þegar á heildina er litið en fyrir örfáar fisktegundir getur munurinn þó orðið meiri.

Verðmæti afla eftir tegund löndunar janúar–nóvember 2004

Milljónir kr.	Nóvember		Janúar–nóvember		Breytingar frá fyrra ári í %
	2003	2004	2003	2004	Jan.–nóv.
Verðmæti alls	**5.393,2**	**6.554,4**	**62.854,1**	**63.037,7**	**0,3**
Til vinnslu innanlands	2.090,9	2.228,3	28.920,7	27.297,7	-5,6
Í gáma til útflutnings	481,7	623,8	3.838,4	5.798,4	51,1
Landað erlendis í bræðslu	124,0	0,0	440,6	98,8	-77,6
Sjófryst	1.866,1	2.701,4	18.751,5	19.254,1	2,7
Á markað til vinnslu innanlands	709,5	806,2	8.840,8	8.671,1	-1,9
Á markað, í gáma til útflutnings	68,0	124,8	596,8	1.022,8	71,4
Sjófryst til endurvinnslu innanl.	18,1	32,6	696,9	358,8	-48,5
Selt úr skipi erlendis	29,3	26,3	541,1	344,5	-36,3
Fiskeldi	0,1	0,0	39,8	20,4	-48,7
Aðrar löndunartegundir	5,4	11,0	187,5	171,2	-8,7

Verðmæti afla eftir staðsetningu verkunarstaðar janúar–nóvember 2004

Milljónir kr.	Nóvember		Janúar–nóvember		Breytingar frá fyrra ári í %
	2003	2004	2003	2004	Jan.–nóv.
Verðmæti alls	**5.393,2**	**6.554,4**	**62.854,1**	**63.037,7**	**0,3**
Höfuðborgarsvæði	580,0	1.227,8	9.407,0	9.812,7	4,3
Suðurnes	625,9	1.042,0	9.988,9	10.554,2	5,7
Vesturland	808,5	188,7	4.712,4	4.098,6	-13,0
Vestfirðir	765,3	382,4	4.330,4	3.968,8	-8,3
Norðurland vestra	496,4	574,1	5.347,5	5.081,9	-5,0
Norðurland eystra	425,9	1.208,7	9.810,8	9.979,6	1,7
Austurland	936,0	715,5	8.613,5	7.668,9	-11,0
Suðurland	338,9	600,2	5.933,1	5.777,4	-2,6
Útlönd	416,3	615,0	4.710,5	6.095,6	29,4

Fylgiskjal II.

Hagstofa Íslands:

Afli af Íslandsmiðum eftir tegund löndunar og fisktegundum.[1]
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

	Í gáma til útflutnings		
	2002	**2003**	**2004**[2]
Heildarafli	**21.114**	**27.829**	**35.699**
Botnfiskafli	**19.084**	**24.918**	**32.806**
Þorskur	3.485	4.944	6.294
Ýsa	3.447	8.208	13.669
Ufsi	117	219	1.254
Karfi	9.031	8.085	7.531
Úthafskarfi	53	417	83
Steinbítur	1.355	1.521	2.240
Hlýri	32	63	258
Langa	142	176	228
Blálanga	217	125	216
Keila	17	26	28
Langhali	0	1	0
Tindaskata	1	1	0
Skötuselur	173	474	433
Skata	3	2	9
Lýsa	732	442	402
Gulllax	–	0	0
Háfur	253	192	124
Hákarl	0	0	0
Annar botnfiskur	26	22	37
Flatfiskafli	**2.030**	**2.911**	**2.893**
Lúða	108	120	101
Grálúða	283	1.121	911
Skarkoli	1.224	1.313	1.229
Þykkvalúra	324	319	626
Langlúra	7	4	11
Stórkjafta	5	9	12
Sandkoli	78	23	2
Skrápflúra	–	2	0
Annar flatfiskur	0	0	1

[1] Í tonnum.

[2] Tölur fyrir árið 2004 eru frá fyrstu 10 mánuðum ársins.

Fylgiskjal III.

Hagstofa Íslands:

Verðmæti afla af Íslandsmiðum eftir tegund löndunar og fisktegundum.[1]
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

	Í gáma til útflutnings		
	2002	**2003**	**2004**[2]
Heildarafli	**3.608.606**	**4.127.199**	**5.161.845**
Botnfiskafli	**3.070.503**	**3.409.399**	**4.412.485**
Þorskur	680.446	929.170	1.163.452
Ýsa	566.385	967.832	1.676.686
Ufsi	8.755	13.399	80.159
Karfi	1.385.263	1.011.941	985.965
Úthafskarfi	6.879	44.184	9.242
Steinbítur	221.732	215.532	268.089
Hlýri	5.621	11.152	37.659
Langa	15.428	14.704	17.546
Blálanga	21.274	11.539	20.641
Keila	1.241	1.505	1.793
Langhali	2	88	0
Tindaskata	9	57	0
Skötuselur	55.446	126.219	99.086
Skata	246	244	1.539
Lýsa	53.704	30.606	28.119
Gulllax	–	0	0
Háfur	44.993	29.399	17.178
Hákarl	8	0	0
Annar botnfiskur	3.073	1.828	5.331
Flatfiskafli	**538.103**	**717.798**	**749.360**
Lúða	58.084	58.938	51.052
Grálúða	69.596	275.149	244.513
Skarkoli	296.404	276.203	286.132
Þykkvalúra	107.075	104.835	164.885
Langlúra	543	436	1.203
Stórkjafta	677	701	1.256
Sandkoli	5.698	1.390	135
Skrápflúra	–	105	12
Annar flatfiskur	27	41	172

[1] Í þús. kr.

[2] Tölur fyrir árið 2004 eru frá fyrstu 10 mánuðum ársins.

873. Skýrsla [582. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2004.

I. Inngangur.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en takmörkuð samvinna norðurskautsríkja hafði hafist nokkru áður þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem við komu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu, og auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað sinn í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda, en Ísland fór með formennsku í ráðinu frá nóvember 2002 til nóvember 2004.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fram til ársins 2002 skipaði forsætisnefnd fulltrúa Alþingis í þingmannanefnd um norðurskautsmál en fulltrúar á þingmannaráðstefnuna voru valdir sérstaklega hverju sinni. Vegna örrar þróunar í þessum málaflokki var hins vegar ákveðið árið 2002 að stofna sérstaka Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál þar eð vægi norðurskautssamstarfsins á alþjóðlegum vettvangi færi mjög vaxandi. Ákveðið var að Íslandsdeild yrði skipuð þremur þingmönnum (og þremur til vara) og mundi Íslandsdeildin sækja þingmannaráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildarinnar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Íslandsdeild kemur

saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og hún fær jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins.

Fyrri hluta árs 2004 var Íslandsdeild skipuð þeim Sigríði A. Þórðardóttur, formanni, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnúsi Stefánssyni, varaformanni, þingflokki Framsóknarflokks, og Þórunni Sveinbjarnardóttur, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Hinn 1. október 2004 tók Einar K. Guðfinnsson við formennsku Íslandsdeildar í stað Sigríðar A. Þórðardóttur og Sigurður Kári Kristjánsson tók við sæti Einars sem varamaður. Skipan Íslandsdeildar var að öðru leyti óbreytt. Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari. Ritari Íslandsdeildar sá einnig um allan skrifstofurekstur og framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar á árinu.

III. Áherslur í málefnastarfi og helstu verkefni þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2004.

a. Loftslagsbreytingar á norðurslóðum.

Eitt metnaðarfyllsta og stærsta verkefni sem Norðurskautsráðið hefur lagt í frá upphafi er gerð umfangsmikillar skýrslu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Hundruð vísindamanna hafa komið að gerð skýrslunnar undanfarin ár en skýrslan var formlega lögð fram á fundi Norðurskautsráðsins í nóvember sl. Niðurstöður skýrslunnar hafa vakið gríðarlega athygli um allan heim. Samhliða hinni eiginlegu vísindalegu skýrslu voru gefnir út minni bæklingar og yfirlit yfir helstu niðurstöður sem eru aðgengileg almenningi á heimasíðunni www.acia.uaf.edu. Einnig var lagt fram á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í nóvember sl. sérstakt stefnumótunarskjal þar sem bent er á tillögur til úrbóta og tiltekinni stefnumörkun í þessum málum beint til stjórnvalda. Þingmannanefndin hefur frá upphafi fylgst grannt með allri þessari vinnu og reglulega tekið málið fyrir á fundum.

Í skýrslunni kemur fram að gríðarlegar loftslagsbreytingar hafa orðið á norðurskautssvæðum síðustu áratugi og að loftslag fer ört hlýnandi. Ekki sér fyrir endann á þessum breytingum og spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu áratugum. Norðurslóðir einkennast af sérlega viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem gerist annars staðar í heiminum. Áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem verða á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar í heiminum. Lofthiti á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar heldur en loftslag annars staðar. Þótt hitastig fari að jafnaði hækkandi á norðurslóðum sem og á jörðinni allri sýnir skýrslan hins vegar að loftslagsbreytingar hafa mismunandi og ójöfn áhrif á ólík svæði jarðar. Á sumum stöðum hlýnar til muna, en aðrir staðir kólna þótt meðaltal hitastigs jarðar fari hækkandi. Þessar víðtæku loftslagsbreytingar hafa í för með sér margs konar afleiðingar, s.s. hækkun yfirborðs sjávar og breytingu sjávarfalla. Hlýnandi hafstraumar leiða svo til enn meiri hröðunar loftslagsbreytinga. Sem dæmi um umfang þeirrar bráðnunar jökla sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi mætti nefna að bráðnun Grænlandsjökuls jókst um 16% á árunum 1979–2002. Þessi 16% af yfirborði Grænlandsjökuls eru á stærð við Svíþjóð. Ísjakar í Beaufort- og Chuckchi-hafsvæðunum eru sömuleiðis 25% undir minnsta meðallagi sem mælst hefur frá upphafi. Allar spár skýrslunnar sýna að um næstu aldamót verði norðurskautshafssvæðið án íss og klaka að sumarlagi. Plöntutegundir og annað gróðurlendi færast æ norðar með hlýnandi loftslagi og vor- og sumartími lengjast.

Í skýrslunni kemur fram að vísindamenn geta nú aðgreint loftslagsbreytingar af náttúrlegum völdum frá breytingum af mannavöldum. Þótt rannsóknir sýni að breytingar á loftslagi eru bundnar náttúrlegum og eðlilegum sveiflum kemur fram að áhrif af mannavöldum, s.s. losun koltvíoxíðs, eru nú orðin stærsti þátturinn í örum loftslagsbreytingum nútímans. Skýrslan sýnir jafnframt að loftslagsbreytingar hafa umfangsmikil áhrif á nær alla þætti samfélags í norðri, ekki einungis umhverfi, dýralíf og gróðurfar, heldur einnig félags-, menningar- og efnahagslega þætti mannlífs. Í þessu samhengi mætti t.d. nefna að samkvæmt skýrslunni mælist nú um 40% aukning á UV-geislum sem mun með tímanum geta haft veruleg áhrif á heilsufar manna. Hækkun á yfirborði sjávar, breytingar á hitastigi sjávar og bráðnun ísjaka og jökla hafa nú þegar bein áhrif á lífsviðurværi og lífshætti ýmissa íbúa norðurslóða. Eftir því sem sjávarborð hækkar verður svörfun á strandlengjum einnig alvarlegri sem hefur áhrif á ýmis samfélög við sjávarsíðuna.

Hvort þessar breytingar eru túlkaðar sem neikvæðar eða jákvæðar fer augljóslega eftir því hver í hlut á. Bráðnun íss mun t.d. hafa í för með sér djúpstæðar afleiðingar fyrir lífsviðurværi ísbjarna og tiltekinna selategunda og ef svo heldur fram sem horfir er talið líklegt að ísbirnir verði í útrýmingarhættu. Ýmis samtök inúíta hafa tekið höndum saman við að vekja athygli á þeim alvarlegu afleiðingum sem loftslagsbreytingar hafa á lífsviðurværi þeirra, samfélag og menningu. Aðrir benda hins vegar á að í bráðnun íss og jökla felist ýmis tækifæri sem geti haft jákvæð áhrif á efnahag og menningu. Þannig muni t.d. opnun siglingaleiða í norðri þýða ýmis tækifæri til olíuborana, skipaflutninga og viðskipta sem áður hefðu ekki verið möguleg. Margvíslegar túlkanir eru því á þeim loftslagsbreytingum sem nú eiga sér stað á norðurslóðum, en vísindaleg samstaða virðist um að breytingarnar séu raunverulegar og aukist hraðar en áður hefur mælst. Samkvæmt skýrslunni er svo komið að jafnvel þótt allri framleiðslu á koltvísýringi væri hætt nú þegar tæki það náttúruna, loftslag og sjávarföll nokkrar aldir að komast aftur í jafnvægi. Hækkun hita á jörðinni er því óumflýjanleg. Hraði og umfang þeirrar hækkunar samkvæmt skýrslunni fer hins vegar m.a. eftir því hvernig losun gróðurhúsaáhrifa verður háttað.

Á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í nóvember sl. var skýrslunni fagnað sem áhrifamiklu afreki í sögu ráðsins. Í sameiginlegri yfirlýsingu ráðherranna er lýst yfir að loftslagsbreytingar hafi í för með sér margvíslega vá fyrir lífshætti og viðurværi íbúa norðurslóða, sem og hættu fyrir tilteknar dýra- og gróðurtegundir. Í sérstöku stefnumótunarskjali skuldbinda ráðherrarnir sig til að framfylgja tilteknum aðgerðum til að stemma stigu við frekari loftslagsbreytingum. Ráðherrarnir skuldbinda sig einnig til að aðstoða íbúa norðurslóða með skipulögðum hætti við að aðlagast þessum breytingum og leita leiða til að þróa og nýta endurnýtanlega orkugjafa, s.s. vetni.

b. Skýrsla um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum.

Eitt af helstu forgangsverkefnum þingmannanefndarinnar á árinu voru umræður og eftirfylgni við gerð skýrslu um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum, en skýrslan leit dagsins ljós á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í nóvember sl. Formaður Íslandsdeildar sat í sérstökum stýrihópi skýrslunnar og skýrði reglulega frá vinnu við gerð hennar á fundum þingmannanefndarinnar. Nefndin átti frumkvæði að gerð skýrslunnar og vann mikla undirbúningsvinnu á frumstigi málsins. Við undirbúning og ákvörðun á umfangi og innihaldi skýrslunnar naut þingmannanefndin góðrar leiðsagnar og aðstoðar Níelsar Einarssonar, forstöðumanns Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, og Oran Young prófessors sem skrifuðu greinargerðir um málið. Nefndin kynnti málið fyrir Norðurskautsráðinu og mæltist til þess að ráðið tæki framkvæmd skýrslunnar og skipulagningu í sínar hendur. Gerð slíkrar skýrslu

var, undir forustu Íslands, formlega gerð að forgangsverkefni Norðurskautsráðsins á fundi þess í Inari í Finnlandi í nóvember 2002. Níels Einarsson og Oran Young höfðu yfirumsjón með vinnuferlinu, en fjöldi alþjóðlegra fræðimanna var ábyrgur fyrir mismunandi köflum. Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu lýsti því strax yfir haustið 2002 að stefnt væri að því að ljúka skýrslugerðinni á þeim tveimur árum sem Ísland færi fyrir ráðinu og skila fullkláruðu verki á fundi Norðurskautsráðsins haustið 2004. Ýmsir efuðust um að það tækist að klára þetta metnaðarfulla verk á svo skömmum tíma, en það var gert með sóma. Góður rómur var gerður að skýrslunni á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í nóvember sl.

Skýrslan fjallar um félagslega, menningarlega og efnahagslega velferð íbúa norðurskautsins, en hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir sem beinast eingöngu að íbúum norðurskautssvæða og sjálfbærri þróun. Skýrslan sýnir svo að ekki verður um villst að mikið vantar upp á í allri gagnasöfnun um mannlífsþróun á stórum svæðum á norðurslóðum, sérstaklega víða í Rússlandi. Skýrslan auðkennir fjölmörg svæði þar sem nær engar upplýsingar eru til um þróun mannlífs. Skýrslan lýsir einnig vel hvernig menningarheimar norðurslóða hafa mótast og breyst án þess þó að glata sérkennum sínum. Bent er á með ýmsum dæmum hvernig aðlögunarhæfni ólíkra samfélaga norðurslóða hefur fundið sér frumlegan og ófyrirsjáanlegan farveg í sameiningu nýrra og gamalla siða. Þrátt fyrir nær óyfirstíganlegar hindranir hefur fólk á þessum slóðum komist af um aldaraðir. Skýrslan tekur skýrt fram að norðurslóðir státa af einkar fjölbreytilegum menningararfi en um leið er varað við því hversu grunnur hagkerfa á norðurslóðum er einhæfur og viðkvæmur fyrir ytri öflum. Bent er á að dreifingu pólitísks valds hafi á ýmsum svæðum norðurslóða ekki verið fylgt á eftir með auknum fjárframlögum, og að skoða verði vel hvað þessi skil á milli fjárframlaga og pólitískrar ábyrgðar hafi í för með sér, t.d. fyrir sveitarfélög. Vonast er til að skýrslan verði gagnlegt framlag til frekari umræðu og stefnumótunar innan Norðurskautsráðsins og nú þegar eru uppi ýmsar hugmyndir um hvernig fylgja megi skýrslunni eftir.

c. Upplýsingatækni.

Annað helsta viðfangsefni þingmannanefndarinnar sem hefur verið í brennidepli á árinu er upplýsingatækni, og þá sérstaklega fjarkennsla og fjarlækningar. Svíar buðust til að taka forustu í undirbúningsvinnu þingmannanefndarinnar í þessum málaflokki árið 2002 og héldu m.a. vinnuhópafund um áframhaldandi uppbyggingu tölvuvæðingar á norðurslóðum. Þingmannanefndin lagði í framhaldinu töluverða vinnu í að undirbúa gerð sérstakrar skýrslu um þessi mál sem kynnt var á þingmannaráðstefnunni í Tromsö í ágúst 2002. Ráðstefnan samþykkti í lokaályktun sinni að beina tilmælum til ríkisstjórna á norðurskautssvæðum að styrkja sérstaklega þennan málaflokk. Auk þess var samþykkt að tölvu- og tæknimál yrðu forgangsverkefni þingmannanefndarinnar árin 2002–2004. Það er ljóst að bætt tölvunotkun og fjarkennsla gæti orðið íbúum norðursins mjög mikilvæg þegar fram í sækir, ekki síst þegar litið er til þess hversu strjálbýl þessi svæði eru og samgöngur erfiðar. Það var því sérstakt gleðiefni nefndarinnar þegar forusta Íslendinga í ráðinu lýsti því yfir á fundi Norðurskautsráðsins í Inari í október 2002 að á árunum 2002–2004 yrði upplýsingatækni eitt af þremur forgangsverkefnum ráðsins. Í október 2003 stóð ráðið fyrir stórri alþjóðlegri ráðstefnu um þessi mál á Akureyri. Í lokaályktun ráðstefnunnar var lögð áhersla á að allir þjóðfélagsþegnar við norðurskaut gætu í framtíðinni fengið aðgang að netinu á viðráðanlegum kjörum. Á ráðstefnunni voru norðurskautsríkin hvött til að skapa lagaumhverfi sem tryggir jafnan aðgang fólks að upplýsingatækni og að íbúarnir sjálfir geti mótað framtíðarstefnu í þessum málum. Einnig var lagt til að stofnuð yrði sérstök stýrinefnd um upplýsingatækni innan Norðurskautsráðsins.

Þingmannanefndinni var boðin þátttaka í þessari stýrinefnd og hóf hún strax handa við undirbúning. Í mars sl. lagði nefndin fram tillögu að sérstöku verkefni á sviði upplýsingatækni á norðurslóðum sem kallast TRAICE (Target Region Arctic Information Communications Enquiry). Sérstakur vinnuhópur innan nefndarinnar var stofnaður til að fylgja verkefninu eftir. Verkefnið gengur út á það að velja lítið afmarkað svæði á norðurslóðum, sem helst liggur á landamærum tveggja eða fleiri norðurskautsríkja, og byggja í sameiningu smám saman upp allan aðgang íbúa að upplýsingatækni. Vinnuhópur nefndarinnar hefur nú valið stað þar sem tilvalið þykir að gera verkefnið að veruleika, en það er Torne-dalurinn við landamæri Norður-Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Þar býr fólk við mjög ólík skilyrði hvað upplýsingatækni varðar, sumir hafa aðgang að nýjustu tækni en aðrir engan. Dalurinn einkennist af háu hlutfalli Sama og því gefst þar færi á að nýta upplýsingatækni til að varðveita betur tungumál þeirra og byggja upp fjarkennslu og fjarlækningar. Íbúar á þessum slóðum eru líka vanir því að vinna að sameiginlegum verkefnum þvert yfir landamæri ríkjanna. Tiltölulega takmörkuð samvinna hefur hins vegar verið þar á sviði upplýsingatækni hingað til, jafnvel þótt skýrslur liggi fyrir þar sem skýrt kemur fram að slíkt mundi koma öllum íbúum vel. TRAICE felur í sér að öll ríkin vinni saman að uppbyggingu á upplýsingatækni svæðisins og spari þar með fjármuni og komist hjá óþarfa tvíverknaði. Verkefnið bíður nú frekari afgreiðslu hjá vinnuhópi Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun.

d. Háskóli norðurslóða.

Þingmannanefndin hefur á árinu að vanda fylgst með þróun Háskóla norðurslóða. Skólinn var stofnaður við hátíðlega athöfn í Rovaniemi 12. júní 2001, en stofnun hans hafði þá verið fjögur ár í undirbúningi í aðildarlöndunum. Háskólanum er fyrst og fremst ætlað að vera tengiliður á milli annarra háskóla, rannsóknastofnana og samtaka sem sérhæfa sig í rannsóknum á löndum við norðurskaut. Háskólinn býður nú upp á formlega B.S.-gráðu í heimskautsfræðum og undirbúningur fyrir frekari námsáætlanir er í fullum gangi, en námið fer að miklu leyti fram með fjarkennslu í gegnum aðrar háskólastofnanir á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur hin síðustu ár fengið reglulegar fréttir af starfi skólans. Nefndarmenn hafa hvatt til eindregins stuðnings norðurskautsríkjanna við skólann og unnið að því að fjárhagslegur rekstur skólans til lengri tíma yrði tryggður.

IV. Fundir þingmannanefndar 2004.

Þingmannanefndin hélt fjóra fundi á árinu. Sigríður A. Þórðardóttir sótti fyrstu þrjá fundi ársins fyrir hönd Íslandsdeildar, ásamt ritara. Fyrsti fundur nefndarinnar fór fram dagana 4.–5. mars í Ósló, annar fundur dagana 12.–13. maí í Helsinki og þriðji fundurinn fór fram 5. september í Nuuk. Í forföllum nýs formanns Íslandsdeildar, Einars K. Guðfinnssonar, sótti Þórunn Sveinbjarnardóttir fjórða fund nefndarinnar, ásamt ritara. Sá fundur fór fram í Brussel dagana 29.–30. nóvember sl. Rannveig Guðmundsdóttir sat auk þess fundina sem áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs.

V. Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál.

Sjötta þingmannaráðstefna um norðurskautsmál var haldin í Nuuk dagana 3.–6. september 2004. Sigríður A. Þórðardóttir, Magnús Stefánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir sóttu ráðstefnuna f.h. Alþingis ásamt ritara. Dagskrá ráðstefnunnar endurspeglaði fundi og vinnu þingmannanefndarinnar á árinu og var skipt upp í þrjá meginhluta eftir efnistökum. Fyrsti hluti fjallaði um loftslagsbreytingar á norðurslóðum, annar hluti um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum og þriðji hluti um sjálfbæra efnahagsþróun á norðurslóðum. Ráðstefnan þótti

einstaklega áhugaverð og vel heppnuð. Í lok hennar var samþykkt samhljóða yfirlýsing með margvíslegum ályktunum og áskorunum um þau mál sem efst voru á baugi. Helstu þættir yfirlýsingarinnar fylgja hér á eftir.

Ráðstefnan staðhæfir eftirfarandi:

- loftslag á norðurslóðum hlýnar ört og mun meiri hlýnun er spáð á næstu áratugum;
- ört hlýnandi loftslag á norðurslóðum mun að öllum líkindum hafa víðtækar afleiðingar um heim allan og taka verður á þeim málum á sameiginlegum alþjóðlegum vettvangi allra helstu ríkja heims;
- loftslagsbreytingar og aukning útfjólublárra geisla á norðurslóðum munu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir félags-, efnahags- og menningarlega tilvist íbúa norðurslóða, auka ýmsar heilsufarslegar hættur og ógna hefðbundnu lífsviðurværi og menningu tiltekinna þjóðflokka á norðurslóðum;
- loftslagsbreytingar hafa nú þegar víðtæk áhrif á náttúru og umhverfi norðurskautssvæða, vistkerfi þeirra, dýra- og plöntulíf;
- áhrif af mannavöldum, sérstaklega losun gróðurhúsaefna, svo sem koltvísýrings, er ein mikilvæg ástæða fyrir loftslagsbreytingum á norðurslóðum;
- með hlýnandi loftslagi munu siglingaleiðir í norðri opnast og möguleikar skipaflutninga aukast til muna.

Ráðstefnan skorar á stjórnvöld norðurskautsríkja að:

- draga úr loftslagsmengun og losun koltvísýrings, auka sjálfbæra nýtingu orku og leggja áherslu á þróun og notkun endurnýtanlegra orkugjafa;
- styðja samfélög á norðurskautssvæðum með skipulögðum hætti við að aðlagast loftslagsbreytingum;
- ganga úr skugga um að þau tækifæri sem fást til siglinga í norðurhöfum séu nýtt á sjálfbæran hátt og að þær hættur sem felast í auknum skipaflutningum séu skorðaðar með ásættanlegum umhverfiskröfum, bættri skipatækni og skýrum og áreiðanlegum upplýsingum um ástand skipa;
- breiða út vitneskju á meðal almennings um loftslagsbreytingar og nýta niðurstöður skýrslu Norðurskautsráðsins um loftslagsbreytingar í skóla- og menntastarfi stofnana á norðurslóðum;
- láta reglulega meta sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum og vinna með skipulögðum hætti að því að frekari vitneskju sé aflað á því sviði;

Ráðstefnan skorar á þingmannanefnd um norðurskautsmál að:

- koma á framfæri kraftmiklum skilaboðum til stjórnvalda um mikilvægi og alvarleika loftslagsbreytinga á norðurslóðum og vekja athygli á brýnni þörf fyrir aðkallandi aðgerðir;
- halda áfram reglulegri umfjöllun og skipulögðu mati á þeim niðurstöðum sem fram koma í nýrri skýrslu Norðurskautsráðsins um sjálfbæra mannlífsþróun;
- taka virkan þátt í vinnuhópi Norðurskautsráðsins um upplýsingatækni og vinna að því að verkefnið TRAICE komi til framkvæmda innan ráðsins.

Að lokum má geta þess að á fundi þingmannanefndarinnar strax að ráðstefnunni lokinni var kjörinn nýr formaður nefndarinnar, Hill-Marta Solberg frá Noregi. Fráfarandi formaður, Clifford Lincoln, lét af störfum þar eð hann hefur ákveðið að setjast í helgan stein. Ráð-

stefnan og fundur þingmannanefndarinnar að henni lokinni var því nokkuð tilfinningaþrunginn þar eð Clifford Lincoln hefur stýrt starfi nefndarinnar um svo langt skeið og notið mikillar virðingar í því embætti. Þegar Clifford Lincoln lét af störfum þakkaði hann sérstaklega formennsku Íslands fyrir framúrskarandi forustu í Norðurskautsráðinu og einkar góð samskipti við þingmannanefndina. Hann þakkaði einnig Alþingi sérstaklega fyrir að hafa farsællega tekið að sér skrifstofu- og framkvæmdastjórn nefndarinnar. Hann sagði ráðið og þingmannanefndina hafa tekið stórt stökk fram á við á þeim tveimur árum sem liðin væru frá síðustu ráðstefnu og að engin störf á alþjóðlegum vettvangi hefðu veitt honum jafnmikla gleði og ánægju eins og það að vinna fyrir þingmannanefnd um norðurskautsmál.

Alþingi, 24. febr. 2005.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Magnús Stefánsson, varaform.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

874. Frumvarp til laga [583. mál]

um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 9. gr. laga nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, var stofnaður sérstakur sjóður (Vöruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins) og hljóðar greinin þannig:

„Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988.“

Sjóðurinn var stofnaður í ágúst 1998 með staðfestri skipulagsskrá og í samræmi við hana tilnefndu félög síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi fjóra menn í stjórn sjóðsins. Sjóðurinn lýtur alfarið stjórn síldarútvegsmanna, enda er hann byggður upp fyrir það fé sem þeir greiddu til síldarútvegsnefndar af verðmæti útfluttra síldarafurða á sínum tíma.

Stjórn sjóðsins telur að hagsmunir síldarútvegsmanna liggi í fleiru en vöruþróun og öflun nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Þá hafa tiltölulega fáir aðilar sótt um styrki úr sjóðnum frá stofnun hans. Því hefur stjórnin lagt til við sjávarútvegsráðuneytið að verksvið sjóðsins verði víkkað. Er hér lagt til að nýjum málslið verði bætt inn í ákvæðið þannig að stjórn sjóðsins verði almennt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Er það í samræmi við vilja stjórnar sjóðsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu verksvið síldarútvegsins.

Tilgangur frumvarpsins er að víkka út verksvið sjóðs til síldarrannsókna þannig að sjóðnum verði heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi, en tilgangur sjóðsins nú er aðeins að efla vöruþróun og markaðsstarf síldarafurða sem þykir of takmarkað. Eigið fé sjóðsins er um 150 m.kr.

Ekki er reiknað með að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

875. Fyrirspurn [584. mál]

til forsætisráðherra um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjar voru tillögur Halldórs Blöndals, forseta Alþingis, og Magnúsar Stefánssonar, þingmanns, í skýrslu þeirra um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni samkvæmt byggðaáætlun sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið og vísað er til í skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005? Óskað er eftir að skýrslan verði birt í heild sinni.

Skriflegt svar óskast.

876. Fyrirspurn [585. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Eru áform um að hefja hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri?
2. Hver er stofnkostnaður við slíka starfsemi?
3. Hver yrði árlegur rekstrarkostnaður slíkrar starfsemi á FSA?
4. Hversu margir sjúklingar á starfssvæði FSA hafa þarfnast hjartaþræðingar undanfarin fimm ár?

877. Svar [469. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um kjör eldri borgara og öryrkja.

1. *Hversu margir ellilífeyrisþegar og hversu margir öryrkjar fengu greiddar óskertar bætur í desember sl.?*

Ellilífeyrisþegar með greiðslur 1. desember 2004, að meðtöldum sjómannalífeyrisþegum (21 einstaklingur), voru 26.427 talsins. Af þeim fengu 24.976 óskertan grunnlífeyri, 9.605 óskerta tekjutryggingu, 347 óskertan tekjutryggingarauka og 4.072 óskerta heimilisuppbót.

Örorkulífeyrisþegar með greiðslur 1. desember 2004 voru 12.011 talsins. Af þeim fengu 11.061 óskertan grunnlífeyri, 5.938 óskerta tekjutryggingu, 1.406 óskertan tekjutryggingarauka og 2.477 óskerta heimilisuppbót

2. *Hverjar voru raungreiðslur til þeirra eftir álagningu skatta og frádrag persónuafsláttar á sl. ári?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni.

Óskertar ársgreiðslur 2004 til lífeyrisþega, kr.

	Ellilífeyrisþegi		Örorkulífeyrisþegi		
	Makalaus, býr einn	Á maka	Makalaus, býr einn, 75% örorkumat við 18 ár	Makalaus, býr einn, 75% örorkumat við 40 ár	Á maka, 75% örorkumat við 40 ár
Grunnlífeyrir	254.988	254.988	254.988	254.988	254.988
Aldurstengd örorkuuppbót			254.988	25.500	25.500
Tekjutrygging	499.860	499.860	512.136	512.136	512.136
Orlofs-/desemberuppbætur á tekjutryggingu	20.828	20.828	21.339	21.339	21.339
Tekjutryggingarauki	246.480	197.856	246.480	246.480	197.856
Orlofs-/desemberuppbætur á tekjutryggingarauka	10.270	8.244	10.270	10.270	8.244
Heimilisuppbót	209.628		209.628	209.628	
Orlofs-/desemberuppbætur á heimilisuppbót	8.735		8.735	8.735	
Samtals	*1.250.789*	*981.776*	*1.518.564*	*1.289.076*	*1.020.063*

	Ellilífeyrisþegi		Örorkulífeyrisþegi		
	Makalaus, býr einn	Á maka	Makalaus, býr einn, 75% örorkumat við 18 ár	Makalaus, býr einn, 75% örorkumat við 40 ár	Á maka, 75% örorkumat við 40 ár
Frádreginn skattur 38,58%	-482.554	-378.769	-585.862	-497.325	-393.540
Persónuafsláttur	329.952	329.952	329.952	329.952	329.952
Afdreginn skattur	-152.602	-48.817	-255.910	-167.373	-63.588
Samtals eftir skatt	**1.098.187**	**932.959**	**1.262.654**	**1.121.703**	**956.475**

3. *Hversu margir ellilífeyrisþegar fengu í desember sl.:*
   a. *óskertan grunnlífeyri,*
   b. *óskertan grunnlífeyri og tekjutryggingu,*
   c. *óskertan grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót,*
   d. *óskertan grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstakan tekjutryggingarauka?*

Ellilífeyrisþegar með greiðslur 1. desember 2004, án sjómannalífeyrisþega, voru 26.406 talsins. Af þeim fengu 24.962 óskertan grunnlífeyri, 9.600 óskertan grunnlífeyri og tekjutryggingu, 4.071 óskertan grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót og 215 óskertan grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka.

4. *Hvaða bætur skerðast vegna:*
   a. *atvinnutekna,*
   b. *lífeyristekna,*
   c. *fjármagnstekna?*

Bótaflokkarnir sem getið er í 3. lið skerðast allir vegna atvinnutekna og fjármagnstekna og allir flokkarnir að undanskyldum grunnlífeyri skerðast vegna lífeyristekna.

5. *Hversu margir fengu skerðingu í desember sl. vegna:*
   a. *atvinnutekna,*
   b. *lífeyristekna,*
   c. *fjármagnstekna,*
   d. *tekjuskatts?*

Í desember 2004 fengu 26.406 einstaklingar greiddan *ellilífeyri*, sjómannalífeyrisþegar (21 einstaklingur) ekki meðtaldir. Þar af voru 6.924 með skerðingu vegna atvinnutekna (lífeyrisþega eða maka), 24.787 með skerðingu vegna lífeyrissjóðstekna (lífeyrisþega eða maka) en 16.496 með skerðingu vegna fjármagnstekna (lífeyrisþega eða maka).

Af fyrrgreindum 26.406 einstaklingum voru 502 þar sem hvorki lífeyrisþegi né maki voru með atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur.

Allir fengu skerðingu í desember vegna tekjuskatts. Lífeyrisbætur eru skattskyldar og samtala þeirra er yfir skattleysismörkum, ef bætur hafa skerst af öðrum orsökum þá er það vegna tekna (sbr. fyrrgreint) og samtala þeirra og bóta er ætíð yfir skattleysismörkum og er því tekjuskattsskyld.

Í desember 2004 fengu 12.011 einstaklingar greiddan *örorkulífeyri*. Þar af voru 6.183 með skerðingu vegna atvinnutekna (lífeyrisþega eða maka), 6.948 með skerðingu vegna lífeyrissjóðstekna (lífeyrisþega eða maka) en 3.838 með skerðingu vegna fjármagnstekna (lífeyrisþega eða maka).

Af fyrrgreindum 12.011 einstaklingum voru 1.687 þar sem hvorki lífeyrisþegi né maki voru með atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur.

Allir fengu skerðingu í desember vegna tekjuskatts. Lífeyrisbætur eru skattskyldar og samtala þeirra er yfir skattleysismörkum, ef bætur hafa skerst af öðrum orsökum þá er það vegna tekna (sbr. fyrrgreint) og samtala þeirra og bóta er ætíð yfir skattleysismörkum og er því tekjuskattsskyld.

Í svari þessu er miðað við nýjustu tekjuáætlun ársins 2004, en leiðréttingar hafa átt sér stað frá því greiðslur fóru fram 1. desember.

6. *Hversu margir eldri borgarar og hversu margir öryrkjar fengu engar greiðslur frá Tryggingastofnun í desember sl.?*

Eldri borgarar. Samkvæmt þjóðskrá 1. desember sl. voru búsettir hér á landi 30.844 einstaklingar fæddir fyrir 1. desember 1937. Í þessu svari eru ekki meðtaldir þeir greiðsluþegar sem búsettir eru erlendis. Af fyrrgreindum 30.844 fengu 25.759 greiddan ellilífeyri 1. desember en auk þess fengu 1.742 greidda vasapeninga.

Öryrkjar. Í desember voru 12.692 öryrkjar með 75% örorkumat en endurhæfingarmat er ekki tekið með. Af þessum 12.692 öryrkjum fengu 681 ekki greiddan örorkulífeyri í desember. Hins vegar var í sumum tilfellum um aðrar greiðslur að ræða. Þannig fengu 305 af fyrrgreindum 681 einstaklingum greidda vasapeninga, átta fengu greiddan slysalífeyri og tveir fengu fæðingarorlofsgreiðslur.

7. *Hversu margir voru ellilífeyrisþegar og hversu margir voru öryrkjar í desember undanfarin fimm ár?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni.

Lífeyrisþegar með greiðslur 1. desember undanfarin fimm ár.

	2000	2001	2002	2003	2004
Ellilífeyrisþegar (að meðtöldum sjómannalífeyrisþegum)	25.175	25.669	26.054	26.644	26.427
Örorkulífeyrisþegar	9.329	9.780	10.443	11.199	12.011

Samkvæmt lögum nr. 74/2002, sem tóku gildi 1. jan. 2004, varð breyting á greiðslum til dvalarheimila vegna vistmanna. Fyrir þann tíma var voru vistmenn dvalarheimila taldir með í fjöldatölum ellilífeyrisþega þar sem greiðsla grunnlífeyris, tekjutryggingar og dvalarheimilisuppbótar var skráð á vistmenn en greidd til dvalarheimilis. Í nýju lögunum var tekið upp vistunarframlag sem kom í stað dvalarheimilisuppbótar, ellilífeyris og tekjutryggingar og frá þeim tíma eru vistmenn ekki taldir með í fjöldatölum.

8. *Hve háar voru samsettar hámarksbætur einstaklings, annars vegar ellilífeyrisþega og hins vegar örorkulífeyrisþega eftir aldri í desember sl.?*

Greiðslur ellilífeyrisþega eru ekki háðar aldri en eru mismunandi eftir því hvort lífeyrisþeginn býr einn eða á maka.

Með tilkomu aldurstengdrar örorkuuppbótar eru greiðslur til öryrkja mismunandi eftir aldri viðkomandi þegar hann var fyrst metinn til örorku. Í eftirfarandi töflu eru dæmi, eins og í 2. lið, sem sýna óskertar greiðslur til þeirra sem verða öryrkjar annars vegar 18 ára og hins vegar 40 ára.

Óskertar greiðslur til lífeyrisþega í desember 2004, kr.

	Ellilífeyrisþegi		Örorkulífeyrisþegi		
	Makalaus, býr einn	Á maka	Makalaus, býr einn, 75% örorkumat við 18 ár	Makalaus, býr einn, 75% örorkumat við 40 ár	Á maka, 75% örorkumat við 40 ár
Grunnlífeyrir	21.249	21.249	21.249	21.249	21.249
Aldurstengd örorkuuppbót			21.249	2.125	2.125
Tekjutrygging	41.655	41.655	42.678	42.678	42.678
Orlofs-/desemberuppbætur á tekjutryggingu	12.497	12.497	12.803	12.803	12.803
Tekjutryggingarauki	20.540	16.488	20.540	20.540	16.488
Orlofs-/desemberuppbætur á tekjutryggingarauka	6.162	4.946	6.162	6.162	4.946
Heimilisuppbót	17.469		17.469	17.469	
Orlofs-/desemberuppbætur á heimilisuppbót	5.241		5.241	5.241	
Samtals	*124.812*	*96.835*	*147.391*	*128.267*	*100.289*
Frádreginn skattur 38,58%	-48.153	-37.359	-47.525	-40.147	-31.844
Persónuafsláttur	27.496	27.496	27.496	27.496	27.496
Afdreginn skattur	-20.657	-9.863	-20.290	-12.651	-4.348
Samtals eftir skatt	**104.156**	**86.972**	**127.362**	**115.616**	**95.941**

878. Fyrirspurn [586. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjar voru mánaðarlegar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum frá janúar 2003 til og með febrúar 2005, annars vegar á verðlagi hvers mánaðar, hins vegar á verðlagi febrúar 2005?

Skriflegt svar óskast.

879. Frumvarp til laga [587. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Sjúkratryggingar taka eingöngu þátt í greiðslum skv. 1. mgr. vegna tannlæknaþjón-

ustu aldraðra, öryrkja, barna og unglinga yngri en 18 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti 20. maí 2001 heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Meðal forgangsverkefna í áætluninni var bætt tannheilsa landsmanna. Skýr markmið voru sett fyrir ungmenni og eldri borgara. Þau voru annars vegar að lækka tíðni tannskemmda (DFMT) 12 ára barna í 1,0 eða minna og hins vegar að meira en helmingur fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti. Ákvæði í 37. gr. núgildandi almannatryggingalaga samræmast ekki settum markmiðum heilbrigðisáætlunar þar sem Tryggingastofnun ríkisins er aðeins heimilt að endurgreiða tannlæknakostnað við laus tanngervi en ekki föst. Því er nauðsynlegt að gera breytingu á lögunum til að hægt sé að koma til móts við markmið heilbrigðisáætlunar og til að samræmast breyttum aðferðum í nútímatannlækningum. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ákvæði 2. og 4. mgr. 37. gr. verði í reglugerð þar sem slík framkvæmdaákvæði eiga betur heima þar og jafnframt auðveldar það ráðherra að framfylgja stefnumörkun sinni í tannverndarmálum þar sem áhersla er lögð á að gera eldri borgurum kleift að viðhalda heilbrigði munnhols eins lengi og kostur er.

Með frumvarpinu fylgja drög að nýrri reglugerð um kostnaðarþátttöku ríkisins fyrir tannlæknaþjónustu. Reglugerðin er að mestu samhljóða fyrri reglugerð nr. 815/2002 en breytingar hafa verið feitletraðar. Rétt er að benda á að gullfyllingar, krónur og brýr eru heimilaðar fyrir börn og unglinga undir 18 ára aldri skv. 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Þegar 4% hækkun gjaldskrár vegna tannlækninga fyrir árið 2005 er komin til framkvæmda standa 45 millj. kr. eftir af fyrirhugaðri fjárveitingu til tannlækninga. Þessi fjárhæð nægir til greiðsluþátttöku hjá allt að 1.000 sjúklingum sem samkvæmt varfærnu mati Tryggingastofnunar ríkisins mundi mæta þörfum miðað við gefnar forsendur.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ
um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.

(Drög, 28. október 2004.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkratryggðum vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 37. gr. almannatryggingalaga eða gildandi samningum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert á hverjum tíma.

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. a laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við almennar tannlækningar hjá þeim sem ekki eru sjúkratryggðir nema milliríkjasamningar kveði á um annað.

II. KAFLI

Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar skv. 37. gr., sbr. 36. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

2. gr.

Greiðsluþátttaka.

Greiðslur til sjúkratryggðra samkvæmt þessum kafla skulu vera það hlutfall af gjaldskrá ráðherra sem hér segir:

1. 100%: Vegna **þeirra sem eru eldri en 67 ára,** eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr. **Sama gildir um sjómenn 60 ára og eldri sem uppfylla framangreind skilyrði.**
2. **100%: Vegna þeirra sem fengið hafa 75% örorkumat skv. 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr. Sama gildir um endurhæfingarlífeyrisþega, sem uppfylla framangreind skilyrði.**
3. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega **sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins**, sbr. þó 5. gr.
5. 50%: **Vegna öryrkja og þeirra sem eru 67 ára og eldri sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 5. gr.**

3. gr.

Ábyrgðartannlæknir.

Sjúkratryggð börn, yngri en 18 ára, skulu hafa ábyrgðartannlækni sem annast allar almennar tannlækningar þeirra. Ábyrgðartannlæknir skal kalla þau börn inn til reglulegs eftirlits sem skráð eru hjá honum og skrá ástand tanna og munnhols.

4. gr.

Skorufyllur og tannfyllingar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við skorufyllur fullorðinsbakjaxla annarra en endajaxla. Tryggingastofnun ríkisins er auk þess heimilt að taka þátt í kostnaði við skorufyllur annarra tanna en fullorðinsbakjaxla þeirra sjúkratryggðu einstaklinga sem eru í sérstakri áhættu vegna tannátu.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við gerð fyllingar í tönn ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var sett í sama flöt tannarinnar.

5. gr.

Tanngervi og tannplantar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði **þeirra sem falla undir 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr.** vegna smíði gervigóma (heilgóma eða stálparta) á sex ára fresti hið mesta og fóðrana þeirra ef meira en þrjú ár eru liðin frá smíði eða fóðrun viðkomandi gervigóms. Þegar sérstakar ástæður krefja er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að undangenginni umsókn, að taka þátt í kostnaði **þeirra sem falla undir 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr.** við gerð tveggja gullhetta með eða án smellufestinga á tvær stoðtennur ásetugóms. Á sama hátt er heimilt að taka þátt í kostnaði við ísetningu tveggja tannplanta til stuðnings heilgómi í ótenntan neðri góm og allt að fjögurra tannplanta í ótenntan efri góm, auk smíði tannplantagóma. Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við endurtekna plantameðferð. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði þeirra sem falla undir 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr. vegna fastra tanngerva framan við tólfárajaxla. Greiðsluþátttaka miðast við það hlutfall sem fram kemur í 1., 2., 4. og 5. tölul. 2. gr. vegna kostnaðar allt að kr. 80.000 á hverju almanaksári, sbr. gjaldskrá ráðherra. Þannig er greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem ekki fær tekjutryggingu, sbr. 5. tölul. 2. gr., allt að kr. 40.000, greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem fær tekjutryggingu, sbr. 4. tölul. 2. gr., allt að kr. 60.000 og vegna einstaklings sem er langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr., allt að kr. 80.000.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við endurgerð fastra tanngerva ef minna en 10 ár eru liðin frá því að fast tanngervi var sett á sömu tönn eða tannstæði. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

III. KAFLI

Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, sbr. c.-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

6. gr.

Almennt.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita sjúkratryggðum einstaklingum styrk til nauðsynlegra aðgerða hjá tannlækni vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma.

Sækja skal um styrk til Tryggingastofnunar ríkisins áður en meðferð, önnur en bráðameðferð, hefst. Umsækjandi skal leggja fram nauðsynleg gögn sem sanna að um afleiðingar fæðingargalla, slyss eða sjúkdóms sé að ræða. Samþykkt Tryggingastofnunar ríkisins á umsókn um styrk vegna tannlækninga gildir í eitt ár nema annað komi fram í ákvörðun stofnunarinnar um bótagreiðslu.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða, annarra en tannréttinga, sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa sem falla undir reglugerð þessa, enda sé endurnýjunar þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

7. gr.

Börn með umönnunargreiðslur og andlega þroskahamlaðir.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlega almenna tannlæknismeðferð þeirra barna sem falla undir 1., 2. og 3. flokk reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Ekki þarf að sækja sérstaklega um styrk í þessum tilvikum, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlega almenna tannlæknismeðferð andlega þroskahamlaðra einstaklinga 18 ára og eldri. Áður en til fyrstu endurgreiðslu kemur þarf að sækja sérstaklega um hana en ekki í öðrum tilvikum.

8. gr.

Meðfæddir fæðingargallar og sjúkdómar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinna tilvika, enda sé um sannanlegar alvarlegar afleiðingar fæðingargalla eða sjúkdóma að ræða:

1. Meðfædd vöntun einnar eða fleiri fullorðinstanna framan við endajaxla.
2. Vansköpun fullorðinstanna framan við tólfárajaxla sem leiðir til alvarlegra útlitsgalla eða starfrænna truflana tyggingarfæra.
3. Rangstæðar tennur sem líklegar eru til að valda alvarlegum skaða.
4. Alvarleg einkenni frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum.
5. Alvarleg sýrueyðing glerungs og tannbeins fullorðinstanna framan við tólfárajaxla.
6. Alvarlegt niðurbrot á stoðvefjum tanna einstaklinga 30 ára og yngri.
7. Alvarlegar tannskemmdir sem leiða af varanlega mikið skertri munnvatnsframleiðslu af völdum geislameðferðar, Sjögrenssjúkdóms eða lyfja. Próf á munnvatnsflæði er skilyrði fyrir samþykkt umsóknar.
8. Önnur sambærileg alvarleg tilvik.

9. gr.

Tannréttingar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 95% kostnaðar, samkvæmt gjaldskrá ráðherra fyrir tannréttingar, við nauðsynlegar tannréttingar vegna eftirtalinna tilvika:

1. Skarð í vör eða gómi sem valdið getur alvarlegri tannskekkju.
2. Meðfædd vöntun fjögurra eða fleiri fullorðinstanna, framan við endajaxla, sem ekki verður bætt án tannréttingar.
3. Önnur sambærilega alvarleg tilvik, svo sem alvarlegt misræmi í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka.

10. gr.

Styrkur vegna tannréttinga.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna vegna annarra tilvika en um getur í 9. gr., samkvæmt eftirfarandi, enda hafi meðferð hafist fyrir 21 árs aldur viðkomandi:

1. Endurgreiðsla vegna tannréttinga skal hefjast að lokinni ísetningu fastra tækja. Með upphafi meðferðar er átt við þann dag þegar föst tæki voru sett í fyrri góm. Með orðunum föst tæki er átt við réttingaboga sem festur er á tyllur eða bönd sem sett hafa verið á a.m.k. 10 fullorðinstennur annars góms.

2. Meðferð telst lokið þegar föst tæki hafa verið fjarlægð af tönnum samkvæmt staðfestingu tannréttingalæknis umsækjanda.
3. Veittur er styrkur að upphæð allt að kr. 150.000 vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í a.m.k. annan góm. Styrkur greiðist á eftirfarandi hátt, enda sé framvísað reikningum tannréttingalæknis vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en neðangreindar fjárhæðir, miðað við gjaldskrá ráðherra fyrir tannréttingar:
   a. Að hámarki kr. 50.000 þegar meðferð er hafin skv. 1. tölul.
   b. Að hámarki kr. 50.000 a.m.k. 12 mánuðum eftir greiðslu 1. hluta styrks eða að meðferð lokinni, skv. 2. tölul., taki hún skemmri tíma en 12 mánuði.
   c. Að hámarki kr. 50.000 a.m.k. 12 mánuðum eftir greiðslu 2. hluta styrks eða að meðferð lokinni, skv. 2. tölul., taki hún skemmri tíma en 24 mánuði.

Ekki er veittur styrkur vegna endurtekinnar meðferðar sem áður hefur verið styrkt af Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt þessu ákvæði eða eldri reglum um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við tannréttingar. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

11. gr.

Alvarlegir slysaatburðir.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna sannanlegra alvarlegra afleiðinga slysaatburða þegar bætur þriðja aðila, þar með talið tryggingafélaga, fást sannanlega ekki greiddar og slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar bæta ekki kostnað enda verði slys ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda. Tryggingastofnun ríkisins er aðeins heimilt að taka þátt í kostnaði vegna tannskaða af völdum slysa sem tilkynnt hafa verið til stofnunarinnar innan 10 ára frá því að slys átti sér stað.

Áverkavottorð, gert af þeim tannlækni sem sinnti umsækjanda fyrst eftir slys, skal fylgja umsókn um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna slysaatburða.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. mgr. 33., lokamálsgrein 36., 37. og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, **öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 815/2002 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, xx. xxxxxxx 2004.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar sem kveður á um að sjúkratryggingar greiði ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr elli- og örorkulífeyrisþega. Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt niður en nánari reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga verði settar í reglugerð. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að aldursviðmið greiðsluþátttöku sjúkratrygginga fyrir tannlæknaþjónustu barna hækki og miðist við börn yngri en 18 ára. Er það í samræmi við núverandi framkvæmd.

Með frumvarpinu fylgja drög að breytingu á reglugerð nr. 815/2002 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar. Í drögunum er gert ráð fyrir að stofnunin taki þátt í kostnaði elli- og orörkulífeyrisþega vegna fastra tanngerva framan við tólf ára jaxla en þó ekki oftar en með 10 ára millibili á sömu tönn eða tannstæði. Skal endurgreiðslan miðast að hámarki við 80.000 kr. á hverju almannaksári. Samkvæmt 2. gr. fyrrnefndrar reglugerðar greiða sjúkratryggingar 100% af gjaldskrá vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum eða hjúkurnarheimilum, 75% vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar og 50% vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar. Rúmlega 40.000 einstaklingar eiga rétt á að sækja um greiðsluþátttöku þessarar þjónustu. Hver hundraðshluti sem leitar eftir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga mun auka útgjöld ríkissjóðs um 20–24 m.kr. miðað við hámarksendurgreiðslu. Leiti 10% einstaklinga eftir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga nema því útgjöld ríkissjóðs um 200–240 m.kr. Erfitt er að meta hversu margir munu leita eftir þjónustunni en ljóst er að útgjöld ríkissjóðs geta aukist verulega við þessar breytingar. Ber að hafa í huga nýlegar breytingar heilbrigðisráðuneytis á reglum um hjálpartæki. Í því tilviki reyndist töluverð „uppsöfnuð þörf" vera fyrir hendi og má gera ráð fyrir því sama í tannlækningum.

880. Tillaga til þingsályktunar [588. mál]

um legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera samanburð á bestu kostum á legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Skýrslu um samanburðinn verði lokið á hausti komanda og verði höfð til hliðsjónar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

Greinargerð.

Samgöngur á landi eru einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja búsetu og jákvæða byggðaþróun í landinu öllu og þjóðvegur nr. 1 gegnir þar lykilhlutverki.

Breytingar á legu þjóðvegar nr. 1 í Austur-Húnavatnssýslu hafa verið til umfjöllunar hjá Vegagerðinni. Þær breytingar hafa allar miðað að því að vegurinn liggi áfram um sömu héruð og hann gerir nú.

Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum manna að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Þessir kostir hafa verið nokkuð skoðaðir af heimamönnum. Athuganir þeirra benda til að viðlíka stytting næðist og nú er fyrirhuguð samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar. Aðalkostir Þverárfjallsleiðarinnar eru að hún liggur í námunda við alla stærstu þéttbýlisstaðina á þessum slóðum og mjög nærri mikilvægum stöðum, t.d. háskólanum á Hólum. Þá liggur leiðin um Blönduós, umtalsvert nær Skagaströnd en nú er og í gegnum Sauðárkrók. Með henni mundu þessi byggðarlög tengjast betur en áður og styrkjast vegna áhrifa af meiri umferð og greiðari samgöngum. Byggðaleg áhrif þessarar leiðar yrðu og mikil og þarf að meta þau sérstaklega sem mikilvægan þátt málsins. Sú leið sem fyrirhuguð hefur verið fram að þessu liggur í öllum tilvikum fjær nefndum stöðum og auk þess yfir Vatnsskarð og Öxnadalsheiði. Jarðgöng hljóta síðar meir að leysa veginn af hólmi á þeim fjallvegum. Þverárfjallsvegur liggur miklu lægra en Öxnadalsheiði og líka lægra en Vatnsskarð. Þjóðhagslegur arður af þessari framkvæmd þarf einnig að metast og er eðlilegur hluti þess samanburðar á leiðunum sem hér er lagður til.

Fylgiskjal.

Bréf til Jóhanns Ársælssonar alþingismanns frá Lendisskipulagi ehf.
(10. nóvember 2003.)

Varðar veggöng í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Hjálagt fylgja að ósk þinni gögn um veggöng sem ég vona að svari væntingum; uppdráttur og stutt greinargerð sem lýsir forsendum fyrir því að við skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins settum fram tillögu um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar í aðalskipulagsvinnu sem enn stendur yfir. Þessi tillaga hefur hvarvetna fengið góðar viðtökur en afstaða til hennar hefur ekki verið tekin endanlega, bæði vegna þess að tillagan hefur ekki fengið almenna kynningu og hins að ábyrg afstaða hlýtur að byggjast á skýru mati á raunhæfni hennar og á víðtækum áhrifum hennar. Slíkt mat hefur Sveitarfélagið Skagafjörður ekki ráðist í og af hálfu skipulagsráðgjafa hefur verið lögð áhersla á að slíkt mat ætti að vera samstarfsverkefni þeirra sveitarfélaga sem göngin skipta mestu eða ríkisins.

Virðingarfyllst,
Árni Ragnarsson.

Um jarðgangatillögu í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Tillaga að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar er í vinnslu og hefur ekki enn verið kynnt almenningi. Almennir kynningarfundir eru áætlaðir um næstu áramót. Tillaga um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (Hjaltadals og Hörgárdals) er ein af þeim tillögum

sem skipulagsráðgjafar settu fram og er til meðferðar hjá skipulags- og byggingarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Tillagan hefur ekki verið rædd við sveitarstjórn Hörgárbyggðar. Hún hefur verið kynnt fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu og fékk þar afar góðar undirtektir og fyrir bæjarstjóra og forsvarsmönnum skipulagsmála á Akureyri þar sem hún þótti athyglisverð og ástæða til þess að skoða hana nánar. Afstaða manna til tillögu um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, bæði Skagfirðinga og annarra, hefur einkennst nokkuð af því að örðugt er að meta áhrifin af göngunum, bera saman kostnað, ávinning og tap, fjárhagslega, atvinnulega og félagslega og þar með raunhæfni tillögunnar. Tillagan hefur líka verið borin undir forsvarsmenn Vegagerðar ríkisins. Að þeirra hyggju yrðu göngin viðráðanlegt verkefni ef ákvörðun yrði tekin um að ráðast í gerð þeirra og þeir löttu ekki til þess að tillagan yrði sett fram. Hins vegar hefur Vegagerð ríkisins ekki mælt með neinni ákveðinni legu vegganga og skipulagsráðgjafar hafa litið svo á að endanleg lega yrði fyrst ákveðin í kjölfar rannsókna.

Tillögu um veggöng byggðu skipulagsráðgjafar á þrem meginatriðum, ríkjandi byggðastefnu, stærra atvinnu- og þjónustusvæði og styttri og öruggari leið milli Akureyrar og Reykjavíkur:

1. *Ríkjandi byggðastefna.*

Sá þáttur byggðastefnu, að efla Akureyri, virðist eiga vaxandi fylgi, bæði hjá stjórnvöldum og almenningi. Tillaga um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er til þess fallin að styrkja þennan þátt og bæri vott um vilja Skagfirðinga til að laga sig að ríkjandi byggðastefnu.

Skipulagsráðgjafar hafa haldið því fram við umræður í nefndum Sveitarfélagsins Skagafjarðar að veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar séu ekki sérstakt hagsmunamál Skagfirðinga heldur hagsmunamál á landsvísu; göngin myndu breyta svo miklu á svo stóru svæði að örðugt sé að sjá áhrifin fyrir og það sé sameiginlegt viðfangsefni margra að reiða þau út, ekki Skagfirðinga einna.

2. *Stærra atvinnu- og þjónustusvæði.*

Í vinnslu aðalskipulags hafa veggöngin verið lögð milli Hofsdals sem gengur til suðausturs úr Hjaltadal, rétt innan við Hóla, og Barkárdals sem gengur til norðvesturs úr Hörgárdal. Þar virðast göngin verða löng en leiðin styttast mest. Miðað við þessa legu styttast leiðir þannig að skipulagsráðgjafar hafa haldið því fram að virkt þjónustu- og atvinnusvæði Akureyrar stækki til muna. Þar eru fyrirtæki sterkust á þessu svæði (hafa þegar fjölmennt uppland) og sérhæfð fyrirtæki eru þar flest. Akureyri hefði sterkustu stöðu á svæðinu til að draga til sín ný sérhæfð fyrirtæki sökum stærðar sinnar, eflast á því að þjónusta betur stærra uppland og grundvöllur skapast fyrir fleiri sérhæfð fyrirtæki. Það er vænlegri leið til að efla Akureyri en að Norðlendingar flytjist þangað búferlum. Hins vegar má leiða rök að því að sérhæfð fyrirtæki alls staðar á svæðinu gætu notið góðs af stækkuðu þjónustusvæði og ef sveitarstjórnir á svæðinu skilgreindu sig sem eitt svæði, stæðu saman og létu einu gilda hvar á svæðinu góðir hlutir gerðust, gæti það styrkt svæðið allt. Svæðið yrði líka eftirsóknarverðara fyrir þá sem vildu setja fyrirtæki á laggirnar og valkostirnir yrðu fleiri. Í drögum að kafla 3.4.4 Atvinnumál og atvinnusvæði í greinargerð aðalskipulagsins er fjallað um veggöng. Þar segir m.a.:

„Akureyringum hefur fjölgað mjög hægt og virðist sem umhverfið standi ekki undir stærri bæ; fyrirtæki og stofnanir þurfi stærra uppland. Akureyringar hafa því horft mjög til þess að stóriðja hefjist í Eyjafirði en við það hefur verið andstaða sem mest hefur byggst á náttúrufari

og staðháttum í Eyjafirði, þröngum og lygnum með þéttbýla landbúnaðarbyggð. Þá hafa Eyfirðingar viljað stækka atvinnu- og þjónustusvæði Akureyrar með jarðgöngum til Siglufjarðar og undir Vaðlaheiði. Jarðgöng til vesturs eru erfiðari framkvæmd og dýrari en íbúafjöldinn líka mun meiri.

Á sínum tíma greindi Staðarvalsnefnd fyrir stóriðju vænlegan stað fyrir slíka starfsemi norðan við Blönduós og rannsóknir benda nú til að góðar aðstæður séu skammt innan við Kolkuós í Viðvíkursveit og trúlega mun betri en í Eyjafirði. Ef grafin yrðu jarðgöng milli Hörgárdals og Hjaltadals myndi sá staður vera nokkurn veginn mitt á milli Akureyrar og Blönduóss og það tæki um 45 mínútur að keyra á milli. Heldur styttra er til Siglufjarðar og mun styttra til Sauðárkróks og Hofsóss. Íbúafjöldi á þéttbýlisstöðum frá Siglufirði að Varmahlíð og frá Akureyri að Blönduósi er nálægt 22.000."

3. *Styttri og öruggari leið milli Akureyrar og Reykjavíkur.*

Veggöng milli Hofsdals og Barkárdals með gangnamunna í um 300 metra hæð virðast verða löng, rúmir 20 km. Eftir því sem skipulagsráðgjafar vita gerst, eru heimsins lengstu veggöng í jarðskjálftalandinu Japan, um 53 km og liggja undir sjó að hluta. Göng þarna og leiðin um Þverárfjallsveg myndu stytta veg milli Akureyrar og Reykjavíkur um 8 km og hvorki þyrfti að fara Öxnadalsheiði né Vatnsskarð. Trúlega má stytta þessa leið enn um 10 km með vegstyttingum. Vegstyttingar á hringveginum um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð hafa verið í umræðu og mat skipulagsráðgjafa er að þær styttingar verði ekki eins miklar og fást með veggöngunum og Þverárfjallsvegi og þá þarf enn að fara Heiðina og Skarðið. Vegur á Öxnadalsheiði liggur hæst í 540 metrum yfir sjó, á Vatnsskarði í 420 metrum og á Þverárfjalli í 322 metrum. Á Holtavörðuheiði liggur vegur hæst í 407 metrum yfir sjó og þar lægi hann hæst á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur ef farið yrði um Þverárfjall og veggöng.

Vegalínur og vegalengdir hafa verið færðar inn á upplýsingakort sem fylgir hér með. Þar má m.a. sjá að vegur milli Akureyrar og Blönduóss er nú 145 km eftir þjóðvegi 1 en yrði 136 km um Þverárfjall og veggöng eins og vegur liggur nú og 127 með vegstyttingum á þeirri leið. Milli háskólastaðanna Akureyrar og Hóla í Hjaltadal eru nú 131 km en yrðu 59 km með veggöngum. Sá er líka munur á þessum styttingum að stytting á þjóðvegi 1 virðist aðallega verða þannig að vegurinn fjarlægist þéttbýlisstaði og yrði meiri „fjallabaksleið" en vegur um Þverárfjall og veggöng sem tengir þéttbýlisstaði betur saman en nú er. Þá minnkar þjónusta við umferðina á styttum þjóðvegi 1.

Rétt er að undirstrika að vegastyttingar byggja á grófum útreikningum skipulagsráðgjafa en ekki rannsóknum eða úttektum sem Vegagerð ríkisins kann að hafa gert.

Í fyrirliggjandi drögum að aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð er einföld tillaga um veggöng, svohljóðandi:

„Veggöng verði gerð milli Hjaltadals og Hörgárdals til að sameina þjónustu- og atvinnusvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi. Með göngunum verði styttur vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur. Meta þarf áhrif ganganna á náttúrulegt og félagslegt umhverfi."

10. nóvember 2003.

Árni Ragnarsson,
Páll Zóphóníasson.



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2001-2012

UPPLÝSINGAKORT: VEGGÖNG MILLI HJALTADALS OG HÖRGÁRDALS

SKÝRINGAR

Sýndar eru 4 gangnalínur milli Hjaltadals og Hörgárdals, ein milli Hjaltadals og Myrkárdals og ein milli Hofsdals og Barkárdals.
Gangnamunnar eru í mismunandi hæð:

	Hjaltadalur	Hofsdalur	Hörgárdalur	Myrkárdalur	Barkárdalur
Lína A:	300 m			300 m	
Lína B:	300 m		300 m		
Lína C:	300 m		300 m		
Lína D	320 m		380 m		
Lína E:	400 m		400 m		
Lína F:		300 m			300 m

Vegalengd í km:	þjóðvegur 1 nú/ stystu stofnvegir	þjóðvegur 1 m. vegstyttingum	Þverárfjallsvegur/ veggöng F	Þverárfjallsvegur/veggöng F/ m. vegstyttingum
Vegamót v. Bæjará - vegamót v. Reykjabraut	136	122	128	119
Akureyri - Hólar	131		59	
Akureyri - Sauðárkrókur	119		91	88
Akureyri - Blönduós	145	142	136	127
Akureyri - Skagaströnd	168	165	139	130
Blönduós - Sauðárkrókur	75		45	39
Blönduós - Sigluflörður	158		141	135

Heimildir: Vegalengdir eru af korti Landmælinga Íslands í mkv. 1:500.000, 6. útg. 1992 og á mælingum af korti þar sem vegleysur eru. Upplýsingar um hæð fjallvega og um vegalengdir að hluta eru fengnar á heimasíðu Vegagerðar ríkisins. Upplýsingar um göng undir Öxnadalsheiði eru fengnar úr Jarðgangaáætlun Vegagerðar ríkisins, janúar 2000.

0 5 km 10 km 15 km 20 km 25 km

10,7 km löng veggöng undir Öxnadalsheiði skv. Jarðgangaáætlun með gangnamunna í 300 og 360 m hæð stytta þjóðveg 1 nánast ekkert.

Með styttingum, sem að ofan er gert ráð fyrir á þjóðvegi 1, verður mesta vegalengd milli þjónustustaða við eginn norðan Holtavörðuheiðar á kaflanum milli Akureyrar og Laugarbakka, 185 km. Með Þverárfjallsvegi, veggöngum og vegstyttingum verður mesta vegalengd milli þjónustustaða á þessari leið milli Hóla í Hjaltadal og Akureyrar, 59 km.

Þjóðvegur 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur mun liggja hæst á Öxnadalsheiði nema gerð verði göng undir hana. Með Þverárfjallsvegi og veggöngum sem hér er lýst, þarf hvorki að fara Vatnsskarð né Öxnadalsheiði og vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur mun liggja hæst á Holtavörðuheiði.

Hæð fjallvega yfir sjó:

Þverárfjall:	322 m
Vatnsskarð:	420 m
Öxnadalsheiði:	540 m
Holtavörðuheiði:	407 m

Grunnkort Landmælinga Íslands

Lendis
Lendisskiputag ehf.
Árni Ragnarsson skipulagsfræðingur, arkitekt FAÍ, Páll Zóphóníasson, byggingartæknifræðingur FRV, Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki, pósthólf 15, sími: 453 5121, fax: 453 6021, netfang: arkar@simnet.is

DAGS.	RUN	NAFN	GÖNG	TEGN
02.02/04.03	3.9.1.10	Ask 5200-01	ÁR/PZ	ÁR

881. Tillaga til þingsályktunar [589. mál]

um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fimm sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Eftirtaldir aðilar tilnefni einn fulltrúa hver til setu í nefndinni: mannfræðiskor Háskóla Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið en fulltrúi þess gegni jafnframt formennsku. Nefndin ráði sér starfsmann og utanríkisráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður hennar innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Nefndin hafi fimm atriði að leiðarljósi við störf sín, stefnumótun og forgangsröðun verkefna á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki:

1. Nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna og stúlkubarna um allan heim.
2. Nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir algenga sjúkdóma, svo sem alnæmi, berkla og malaríu.
3. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun sem samþykkt voru árið 2000.
4. Hvernig megi efla samvinnu við frjáls félagasamtök með reglulegum framlögum samkvæmt rammasamningum.
5. Þörf þess að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna nefndarinnar og tillögur verði gerðar þar um.

Nefndin taki í störfum sínum mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrannalöndum, t.d. á vegum annarra norrænna þróunarsamvinnustofnana. Einnig hafi hún til hliðsjónar niðurstöður álitsgerðarinnar Ísland og þróunarlöndin sem kom út 1. september 2003.

Greinargerð.

Til þess að þróunarsamvinna við fátæk ríki skili mælanlegum og góðum árangri þurfa markmið að vera skýr og verkefni vel skilgreind. Til grundvallar þarf að liggja mótuð stefna stjórnvalda til langs tíma sem er í samræmi við samþykkt alþjóðleg markmið. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) starfar samkvæmt lögum nr. 43 frá árinu 1981. Hingað til hefur ÞSSÍ, lögum samkvæmt, einungis getað tekið þátt í tvíhliða verkefnum á sviði þróunarsamvinnu. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að huga þurfi betur að kostum þess að íslenska ríkið leggi meira af mörkum á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og þá einnig með hvaða hætti slík samvinna ætti að fara fram. Þeir telja einnig brýnt að koma á samvinnu við frjáls félagasamtök og nýta þekkinguna sem í þeim býr. Þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum ellegar beinar fjárveitingar til ákveðinna verkefna á vegum viðurkenndra alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka koma einnig til greina.

Hinn 28. maí 1985 ályktaði Alþingi um þróunaraðstoð Íslands. Þá var samþykkt að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Sem kunnugt er hefur þetta markmið ekki náðst. Árið 1996 (á 121. löggjafarþingi) fluttu þingmennirnir

Steingrímur J. Sigfússon og Margrét Frímannsdóttir tillögu til þingsályktunar um aukið framlag til þróunarsamvinnu en hún var aldrei afgreidd frá utanríkismálanefnd Alþingis.

Fjárframlög til þróunarmála hafa þokast í rétta átt en samt eiga Íslendingar mjög langt í land með að ná viðmiði Sameinuðu þjóðanna um að framlög til þróunarmála verði 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu. Árið 2001 voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála 0,12% af vergri þjóðarframleiðslu en árið 2004 náðu þau 0,19%. Í munnlegri skýrslu til Alþingis í nóvember 2004 lýsti utanríkisráðherra því yfir að ríkisstjórnin hefði sett sér það markmið að stighækka framlögin til þróunarsamvinnu þannig að árið 2009 næðu þau 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu.

Eðli þróunarsamvinnu krefst þess að markmið séu sett til langs tíma, t.d. til 5–10 ára, en endurskoðuð með jöfnu millibili. Í ljósi markmiðs ríkisstjórnarinnar þykir flutningsmönnum skynsamlegt að stefna að því að framlög til þróunarsamvinnu nái viðmiði Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu á einum áratug, eða á árabilinu 2005–2015.

Forsenda þess að árangur náist er að heimamenn séu hafðir með í ráðum og að þarfir þeirra stýri för. Samstarfsverkefni sem byggjast einvörðungu á hagsmunum gefandans reynast oft gagnslítil eins og dæmin sanna. Þróunarsamvinnuverkefni sem skila raunverulegum árangri einkennast af mikilli undirbúningsvinnu og nánu samstarfi við fólkið sem tekur þátt í þeim. Það ber vott um fagleg og góð vinnubrögð að kanna fyrst hvar þörfin er mest í einhverju tilteknu landi áður en menn bjóða fram aðstoð sína. Stundum getur líka þurft að ljúka verkefnum sem aðrir hófu eða ganga inn í samvinnu sem þegar er fyrir hendi. Matið á því hvað best sé að gera hlýtur alltaf að byggjast á hagsmunum heimamanna. Val samvinnuverkefna verður því að byggjast á skýrri stefnu og raunsæjum langtímamarkmiðum. Gæta þarf jafnvægis á milli tvíhliða og fjölhliða aðstoðar og þeirra fjármuna sem varið er í gegnum frjáls félagasamtök. Einnig þarf að gera skýran greinarmun á þróunarverkefnum og neyðaraðstoð.

Og verkefnin eru að sönnu næg. Menntun stúlkubarna og kvenna í þriðja heiminum er að áliti flutningsmanna algjört forgangsmál. Einnig uppbygging heilsugæslu og forvarnafræðsla á þeim svæðum þar sem alnæmisfaraldurinn geisar. Þá má finna fjölmörg brýn verkefni á öðrum sviðum, t.d. á sviði umhverfis- og orkumála, eða við uppbyggingu stjórnsýslu.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu svokölluð þúsaldarmarkmið árið 2000, markmið sem eiga að nást árið 2015 (sjá fylgiskjal I). Þetta eru skýr, tölusett markmið sem öll ríki verða að taka mið af í utanríkisstefnu sinni og þróunarverkefnum. Og verkefnin eru nærtæk. Efst á blaði er baráttan gegn fátækt, gegn barna- og mæðradauða. Grunnmenntun öllum til handa og jafn réttur karla og kvenna eru einnig grundvallaratriði í markmiðunum. Það er vel við hæfi að íslensk stjórnvöld setji sér markmið á sviði þróunarsamvinnu sem eru hluti af þúsaldarverkefnum Sameinuðu þjóðanna. Aðeins þannig má ætla að raunhæfur árangur náist í þróunarsamvinnu á milli ríkra og snauðra landa.

Fylgiskjal I.

Þúsaldarmarkmið um þróun.

1. **Eyða fátækt og hungri.**
   - Lækka hlutfall þess fólks sem býr við örbirgð um helming á tímabilinu 1990 til 2015. Lækka hlutfall þeirra sem búa við hungursneyð um helming á sama tímabili.

2. **Öll börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015.**
- Tryggja að bæði stúlkur og drengir ljúki grunnskólanámi.

3. **Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.**
- Eyða kynjamisrétti til skólagöngu í grunn- og framhaldsskólum fyrir árið 2005 og á öllum skólastigum fyrir 2015.

4. **Lækka dánartíðni barna.**
- Lækka tíðni ungbarnadauða um tvo þriðju á tímabilinu 1990 til 2015.

5. **Vinna að bættu heilsufari kvenna.**
- Lækka dánartíðni vegna barnsburðar (maternal mortality) um þrjá fjórðu á tímabilinu 1990 til 2015.

6. **Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu.**
- Snúa við útbreiðslu eyðni, malaríu og annarra sjúkdóma fyrir árið 2015.

7. **Vinna að sjálfbærri þróun.**
- Framkvæma ríkjaáætlanir um sjálfbæra þróun fyrir árið 2005 og snúa þannig við neikvæðri þróun umhverfisáhrifa fyrir árið 2015.
- Lækka um helming hlutfall þeirra sem ekki hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni á tímabilinu 1990 til 2015.
- Stuðla að bættum lífsskilyrðum a.m.k. 100 milljón íbúa í fátækrahverfum stórborga.

8. **Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.**
- Vinna frekar að opnu og sanngjörnu viðskipta- og fjármálakerfi sem byggir á skýrum reglum.
- Taka á málefnum fátækustu þróunarlandanna, m.a. með því að leggja af innflutningsgjöld og kvóta á útflutningsvörur þeirra, leysa skuldabyrði landanna með lækkun skulda, og með auknum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar.
- Taka tillit til sérstöðu landluktra landa og smárra eyþjóða.
- Vinna með lyfjaiðnaðinum að því að veita fátækum þjóðum aðgang að mikilvægum lyfjum.
- Vinna að því ásamt einkageiranum að veita þróunarlöndum aðgang að nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni.

Fylgiskjal II.

Hermann Örn Ingólfsson
og Jónas H. Haralz:

Úr skýrslunni „Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana“ (28. júlí 2003).

Viðauki 3: Framlög Íslands til þróunarmála 1999 til 2003.

Upphæðir í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003
Styrkir og framlög samtals	***582.9***	***798.3***	***1,099.9***	***1,197.4***	***1,307.1***
Beinir styrkir	***462.1***	***667.1***	***975.4***	***1,056.9***	***1,106.6***
ÞSSÍ	*228.4*	*298.6*	*479.7*	*468.5*	*468.0*
Sendiráð í Mósambík			*16.5*	*20.5*	*26.4*
Utanríkisráðuneyti - starfsmenn þróunarmála	*7.0*	*7.0*	*14.0*	*21.0*	*21.0*
Jarðhitaskóli Háskóla Sþ.	*44.0*	*50.3*	*51.8*	*63.0*	*67.4*
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sþ.	*23.2*	*30.4*	*36.1*	*48.9*	*54.6*
Sameinuðu þjóðirnar:	*54.7*	*39.0*	*66.1*	*61.7*	*42.5*
þar af til:					
FAO	7.0	7.3	10.1	10.4	9.3
UNDP	18.3	18.3	21.8	22.4	20.0
UNICEF	9.5	9.5	9.5	11.6	10.4
UNIFEM	2.5	2.5	2.5	3.1	2.8
UNWRA	0.5	0.6	3.1	2.9	
OCHA	0.7		3.1		
UNFPA	0.6		1.0	0.8	
UNHCR	10.5		11.0	6.0	
WFP	0.4	0.4	3.6	4.0	
UNVFVT	0.5	0.4	0.4	0.5	
UNDAC	3.8				
UNDCP	0.4				
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	*19.8*	*22.1*	*26.2*	*27.2*	
Alþjóðabankinn - íslenski ráðgjafarsjóðurinn			*13.6*	*15.0*	*11.9*
Alþjóðabankinn - kjördæmisstjóm					*25.0*
Aðstoð til Bosníu	*31.7*	*16.3*	*1.7*		
Enduruppbygging í þr.löndum (borgaral. friðargæsla)		*110.3*	*166.9*	*177.8*	*284.0*
Flóttamannaaðstoð	*39.0*	*17.0*	*15.0*		*40.3*
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)		*68.0*	*68.5*	*67.0*	*47.0*
Framlög til félagasamtaka:	*13.4*	*4.9*	*19.2*	*7.2*	
þar af til:					
ABC-hjálparstarf		0.9			
Alþjóða Rauði krossinn	8.0	4.0	4.2	4.7	
Barnaheill	0.2				
Rauði kross Íslands	5.2		10.5	0.5	
Hjálparstarf kirkjunnar			4.5	2.0	
Ýmis framlög og neyðaraðstoð	*0.9*	*3.2*	*0.1*	*79.1*	*18.5*
Stofnfjárframlög	***120.8***	***131.2***	***124.5***	***140.5***	***200.5***
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	*79.7*	*95.3*	*95.0*	*100.0*	*160.0*
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	*40.7*	*35.4*	*29.0*	*40.0*	*40.0*
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	*0.4*	*0.5*	*0.5*	*0.5*	*0.5*
Hlutfall af landsframleiðslu	***0.09***	***0.12***	***0.15***	***0.15***	***0.16***

Viðauki 4: Hugmynd um framlag til þróunarmála árið 2006.

Upphæðir Í milljónum króna	2006	2003
Styrkir og framlög samtals	***2,658.0***	***1,307.1***
Beinir styrkir	***2,338.0***	***1,106.6***
ÞSSÍ	*1,000.0*	*468.0*
Sendiráð í Mósambík	*30.0*	*26.4*
Utanríkisráðuneyti - starfsmenn þróunarmála	*35.0*	*21.0*
Jarðhitaskóli Háskóla Sþ.	*90.0*	*67.4*
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sþ.	*85.0*	*54.6*
Landgræðsluskóli Háskóla Sþ.	*25.0*	
Sameinuðu þjóðirnar:	*195.0*	*42.5*
þar af til:		
FAO	25.0	9.3
UNDP	60.0	20.0
UNICEF		10.4
UNIFEM	10.0	2.8
UNHCR	20.0	
WFP	35.0	
Annað	30.0	
Fastanefnd í Róm	15.0	
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn		
Alþjóðabankinn - íslenski ráðgjafarsjóðurinn	*30.0*	*11.9*
Alþjóðabankinn - kjördæmisstjóm	*25.0*	*25.0*
Enduruppbygging í þr.löndum (borgaral. friðargæsla)	*600.0*	*284.0*
DAC	*3.0*	
Lán á starfsmönnum og ungliðastörf	*60.0*	
Flóttamannaaðstoð	*60.0*	*40.3*
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)	*50.0*	*47.0*
Framlög til félagasamtaka og neyðaraðstoð	*50.0*	*18.5*
Stofnfjárframlög	***320.0***	***200.5***
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	*230.0*	*160.0*
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	*50.0*	*40.0*
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	*15.0*	*0.5*
Hnattræni umhverfissjóðurinn (GEF)	*25.0*	
Hlutfall af landsframleiðslu	***0.298***	***0.160***

		2006	**2003**
Landsframleiðsla (milj. króna)		892,000	816,600
% af landsframleiðslu			
Tvíhliða aðstoð ÞSSÍ		0.112	0.057
Friðargæsla		0.067	0.035
Marghliða aðstoð án friðargæslu		0.119	0.068
	Alls	0.298	0.160
% af þróunaraðstoð			
Tvíhliða aðstoð ÞSSÍ		37.6	35.8
Marghliða aðstoð alls		62.4	64.2
	Alls	100.0	100.0
Tvíhliða aðstoð ÞSSÍ		37.6	35.8
Marghliða aðstoð án friðargæslu		39.8	42.5
Friðargæsla		22.6	21.7
	Alls	100.0	100.0

882. Svar [231. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um málefni langveikra barna.

1. *Hverjar voru tillögur nefndar sem skilaði skýrslu til heilbrigðisráðherra í júní 1999 um heildarstefnumótun í málefnum langveikra barna en nefndin var skipuð á grundvelli ályktunar frá Alþingi 2. júní 1998? Tillögurnar óskast sundurliðaðar eftir málefnum og þeim ráðuneytum sem áttu að sjá um framkvæmd þeirra.*

Í 1. lið fyrirspurnarinar er spurt um skýrslu nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem nefnist *Skýrsla nefndar um stefnumótun í málefnum langveikra barna*. Nefndin sem vann þá skýrslu var skipuð á grundvelli þingsályktunar frá árinu 1998 um að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Í þingsályktuninni er tekið fram að nefndinni verði falið að leggja mat á hvort þörf sé sérstakrar löggjafar um réttindi langsjúkra barna eða hvort fella eigi þennan hóp undir gildissvið laga um málefni fatlaðra.

Nefndin tók til starfa í lok nóvember 1998 og skilaði ráðherra skýrslu í júní 1999. Í nefndinni var Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, skipaður af ráðherra formaður nefndarinnar, en aðrir fulltrúar ráðuneytisins voru Ingibjörg Georgsdóttir og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, báðar frá Tryggingastofnun ríkisins. Stefán Baldursson sat í nefndinni fyrir hönd menntamálaráðuneytis, Margrét Margeirsdóttir fyrir hönd félagsmálaráðuneytis en samkvæmt tilnefningu Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, voru skipuð í nefndina þau Ester Sigurðardóttir framkvæmdastjóri og Þorsteinn Ólafsson. Nefndin kallaði til sín fjölmarga aðila og skilaði vandaðri og viðamikilli skýrslu.

Aðalniðurstaða nefndarinnar var sú að fremur beri að endurbæta gildandi lög og reglugerðir en að setja sérlög um málefni langveikra barna enda væri það í samræmi við þá stefnu að aðstoð samfélagsins ætti að miða við þarfir fólks fremur en flokkun og færni þess. Nefndin lagði jafnframt til að komið yrði á fót samráðshópi sömu aðila og tilnefndu fulltrúa í nefndina sem sæi til þess að þau atriði í skýrslu nefndarinnar sem stjórnvöld gerðu að sínum kæmust til framkvæmda. Hópurinn hefði jafnframt það hlutverk að samræma aðgerðir þar sem mál féllu undir fleiri en eitt ráðuneyti og að vera tengiliður foreldrafélaga og stjórnvalda.

Skýrsla nefndarinnar og tillögurnar voru til skoðunar í heilbrigðisráðuneytinu fram á haust 1999 en þá var ákveðið að skipa nefnd fjögurra ráðuneyta (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis) til þess að semja drög að heildstæðri og samræmdri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna. Tillögur þeirrar nefndar skyldu lagðar fyrir ríkisstjórnina fyrir árslok 1999 ásamt nauðsynlegum lagafrumvörpum. Sú nefnd var þannig skipuð:

Tilnefndar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu voru Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur, formaður nefndarinnar, og Margrét Björnsdóttir deildarstjóri, starfsmaður nefndarinnar. Tilnefndur af menntamálaráðuneytinu var Júlíus Björnsson, deildarstjóri hjá Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, af fjármálaráðuneytinu var tilnefndur Hallgrímur Guðmundsson stjórnsýslufræðingur og af félagsmálaráðuneyti var tilnefnd Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri.

Nefnd þessi lagði til grundvallar í vinnu sinni skýrslu nefndarinnar sem skilaði af sér í júní 1999 og var undir formennsku Matthíasar Halldórssonar, aðstoðarlandlæknis. Jafnframt kallaði nefndin til sín fjölmarga aðila sem m.a. fengu fyrrgreinda skýrslu til aflestrar og voru beðnir um að forgangsraða verkefnum í málaflokknum. Á grundvelli þeirrar vinnu voru lögð fyrir ríkisstjórnina drög að stefnu ríkisstjórnar í málefnum langveikra barna ásamt lagafrum-

vörpum á sviði almannatrygginga. Ríkisstjórnin samþykkti drög þessi að stefnu í málefnum langveikra barna í febrúar árið 2000 og frumvörpin voru samþykkt á vorþingi sama ár. Jafnframt voru reglugerðarbreytingar unnar í heilbrigðisráðuneytinu.

2. *Hverjar af tillögum nefndarinnar hafa komist til framkvæmda, sundurliðað eftir félagsmálum, heilbrigðis- og tryggingamálum og menntamálum og eftir atvikum öðrum málaflokkum?*

Í 2. lið fyrirspurnarinnar er spurt hvaða tillögur hafi komið til framkvæmda og óskast svarið sundurliðað eftir félagsmálum, heilbrigðis- og tryggingamálum, menntamálum og eftir atvikum í öðrum málaflokkum. Litið er svo á að fyrirspurnin snúi að framkvæmd á stefnu sem ríkisstjórnin hefur samþykkt og laga- og reglugerðarbreytingum tengdum henni fremur en tillögum í skýrslunni sem skilað var til ráðherra í júní 1999 og hefur fyrst og fremst verið nýtt sem vinnuskjal og vandaður undirbúningur að frekari aðgerðum í þessum málaflokki. Í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna sem samþykkt var í febrúar árið 2000 er kveðið á um aðgerðir á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, félagsmála og menntamála, auk annarra aðgerða sem ríkisstjórnin muni stuðla að. Ráðist hefur verið í fjölmargar aðgerðir til að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar á þessum sviðum. Í eftirfarandi er lögð áhersla á hvað hefur þegar verið gert, hvað er óunnið og hvað er í undirbúningi.

Á sviði heilbrigðis- og tryggingamála.

1. *Breytt verði reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra- og langveikra barna, nr. 504/1997.*

a. Aldursákvæðum verði breytt þannig að almenn aldursviðmið umönnunargreiðslna verði hækkuð úr 16 í 18 ár og heimilaðar umönnunargreiðslur að 20 ára aldri vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun. *Þetta hefur þegar verið gert.*

b. Heimilt verði að greiða umönnunargreiðslur í allt að sex mánuði eftir andlát barns. *Þessu hefur þegar verið breytt.*

2. *Breyting á 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993.*

Breytt verði 36. gr. laga um almannatryggingar, um dvalarkostnað foreldra langveikra barna innan lands. Heimilt verði að greiða dvalarkostnað annars foreldris vegna sjúkrahúsinnlagnar barns hérlendis fjarri heimili yngri en 18 ára og heimild til greiðslu dvalarkostnaðar vegna erfiðrar sjúkdómsmeðferðar vegna lífshættulegs sjúkdóms barnanna og til 18 ára aldurs og til beggja foreldra. *Þetta er þegar í gildi.*

3. *Þjónusta fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra á sjúkrahúsum.*

a. Aðstaða á sjúkradeildum.

Barnaspítali Hringsins hefur þegar tekið til starfa og hefur stórbatnað aðstaða fyrir langveik börn og foreldra þeirra á sjúkrahúsum, svo og aðstaða starfsmanna. Jafnframt hefur barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri flutt í nýtt og vel búið húsnæði.

b. Málefni barna og unglinga með geðraskanir.

Málefni barna og unglinga með geðraskanir hafa verið ofarlega á baugi í ráðuneytinu sl. ár. Unnið hefur verið að efldu samstarfi við félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti og árið 2000 var gerður samstarfsamningur um aukna heilbrigðisþjónustu við Stuðla og meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Enn er unnið í samræmi við hann.

Fjárveiting hefur verið aukin til reksturs Barna- og unglingageðdeildar og legudeildin stækkuð og nú er verið að hefja byggingu nýrrar göngudeildar. Ráðið hefur verið fleira starfsfólk og faglegt starf eflt. Dæmi um auknar fjárveitingar sl. ár er m.a. árið 2003 en í fjáraukalögum þá voru veittar 20 millj. kr. til átaksteymis eða vettvangsteymis til tímabundins starfs á árinu en hlutverk þess var að einbeita sér að bráðatilvikum, stytta bráðabiðlista eftir þjónustu Barna- og unglingageðdeildar og veita sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu utan spítalans með heimsókn til unglinga í vanda.

Á fjáraukalögum sama ár voru veittar 27 millj. kr. til eflingar geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga í samráði við tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra en tillögurnar fela í sér stækkun Barna- og unglingageðdeildar við Dalbraut, flutning göngudeildar, landsbyggðarþjónustu og heimaþjónustu. Þá voru jafnframt veittar 45 millj. kr. tímabundið stofnframlag til stækkunar legudeildar Barna- og unglingageðdeildar. Jafnframt voru 5 millj. kr. veittar til tímabundinnar fjölgunar sérfræðinga á sviði barnageðlækninga á árinu 2003. Framlaginu var ætlað að bæta úr brýnni þörf á sviði barnageðlækninga og einingum barna- geðlækninga fjölgað tímabundið árið 2003 um 30 þús. Í fjárlögum fyrir árið 2004 má nefna að veittar voru 76 millj. kr. til eflingar starfsemi barna- og unglingageðdeildar til þess að fylgja enn frekar eftir fyrrgreindum tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Á fjárlögum sl. ára hafa einnig verið auknar fjárveitingar til heilsugæslunnar, m.a. til að kosta barnateymi á Heilsugæslustöðinni á Akranesi og sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðum á Suðurlandi, svo og til átaks í geðheilbrigðismálum hjá heilsugæslustöðvum í Mosfellsbæ og í Reykjavík. Þá voru 20 millj. kr. veittar árið 2004 til að koma á fót samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa í heilsugæslunni en það er staðsett í Grafarvogi. Tilgangur með stofnun samstarfsteymisins er að efla skólaheilsugæslu með þátttöku fagstétta í fyrsta stigs þjónustu. Sérstaklega er teyminu ætlað að efla þjónustu sem tengist börnum og unglingum með geðræn vandamál og fjölskyldum þeirra þótt verkefni þess séu ekki eingöngu bundin við þann hóp. Í þeim fjárlögum voru 5 millj. kr. til að fjölga einingum barnageðlækna varanlega frá og með árinu 2004, framlaginu er ætlað að bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á sviði barnageðlækninga. Í fjárlögum fyrir árið 2005 eru einnig veitt sérstakir fjármunir til að efla geðheilbrigðisþjónustu.

Um þessar mundir á sér stað mikil vinna varðandi stefnumótun í þjónustu fyrir börn með hegðunar- og geðraskanir og samþættingu hennar á sviði félagsmála, menntamála og heilbrigðiskerfis, svo og ríkis og sveitarfélaga. Heilbrigðisráðuneytið réð til sín verkefnisstjóra árið 2004 til að gera tillögur að aðgerðum á þessu sviði með áherslu á samþættingu verkefna. Verkefnisstjórinn skilaði skýrslu í september og hefur hún verið til skoðunar í ráðuneytinu og hjá aðstoðarmönnum ráðherra menntamála, félagsmála og heilbrigðismála. Skýrslan ber heitið *Samhæfing í málefnum barna og unglinga með geðraskanir – tillaga um skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar.*

Í byrjun febrúar í ár var haldin fjölmenn ráðstefna um málefni barna með hegðunar- og geðraskanir þar sem þessar tillögur voru kynntar og ræddar og verða þær umræður nýttar í áframhaldandi stefnumótunarvinnu. Jafnframt má geta þess að sl. ár hefur verið starfandi í heilbrigðisráðuneytinu nefnd undir forystu Ragnheiðar Haraldsdóttur skrifstofustjóra, sem hefur það hlutverk að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir á sviði þjónustu við börn- og unglinga með geðraskanir. Loks má nefna að starfandi hefur verið nefnd sem fylgir eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna með fulltrúum ráðuneytanna fjögurra (HTR, FJRN, FÉL og MRN). Þekking og reynsla úr öllu þessu starfi verður nú nýtt til þess að móta

tillögur, stefnu og framkvæmdaáætlun sem væntanlegt lítur dagsins ljós í þessum málaflokki innan skamms.

c. Teymisvinna og ráðgjöf.

Við uppbyggingu og skipulag þjónustu Barnaspítala Hringsins hefur verið lögð áhersla á þverfaglega teymisvinnu og hafa nokkur teymi tekið til starfa þar eftir að spítalinn opnaði. Þannig hefur aðgangur langveikra barna og fjölskyldna þeirra að ráðgjöf verið aukinn.

d. Upplýsingatækni og fjarþjónusta.

Upplýsinga- og fjarþjónusta hefur verið nýtt í auknum mæli í heilbrigðisþjónustunni með tilliti til þarfa langveikra barna. Á barnadeildum er til búnaður til fjarkennslu og fjarfunda í heilbrigðiskerfinu. Nettengingar eru fyrir börn og unglinga og samið hefur verið við fræðslumiðstöð Reykjavíkur um kennslu fyrir börn utan af landi sem oft er í tengslum við heimaskóla.

e. Langtímaúrræði.

Fjölgun úrræða fyrir hjúkrunar- og langtímameðferð langveikra barna og unglinga hefur orðið að veruleika með opnun Rjóðursins, sem er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og langveik fötluð börn og staðsett er í Kópavogi. Börnin fá þar hjúkrun, læknisþjónustu og endurhæfingu og foreldrar hvíld frá umönnun barnanna. Íslensk erfðagreining veitti fé og greidd fyrir stofnkostnað og endurnýjun á húsnæði og allan búnað en ráðuneytið hefur greitt rekstur heimilisins. Verið er að skoða þörf fyrir deild fyrir langtímameðferð á vegum Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans fyrir unglinga í tengslum við uppbyggingu deildarinnar sem nú á sér stað.

4. Skólaheilsugæsla og heilsugæsla.

a. Aukið samstarf heilbrigðis- og menntakerfis.

Stuðlað hefur verið að auknu samstarfi heilbrigðis- og menntakerfis með ýmsum hætti, bæði á vegum heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytis en ekki síður inni í skólum landsins í gegnum nemendaverndarráð o.fl.

b. Skólaheilsugæsla.

Unnið hefur verið að eflingu skólaheilsugæslu fyrir langveik börn með ýmsu móti á umliðnum árum og í nóvember sl. veitti heilbrigðisráðherra Miðstöð heilsuverndar barna styrk til þess að vinna að kortlagningu og rannsókn á þörf langveikra barna í grunnskólum fyrir skólaheilsugæslu. Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í vor og verða m.a. nýttar sem grunnur að mögulegum þjónustusamningi ráðuneytisins við Miðstöð heilsuverndar barna en þar hefur verið stofnað sérstakt skólaheilsugæslusvið, m.a til að efla skólaheilsugæslu við langveik börn. Ráðherra hefur sl. þrjú ár auglýst styrki til að efla skólaheilsugæslu fyrir langveik börn og styrkt heilsugæslustöðvar víða um land til þessa verkefnis.

c. Sálfræðiþjónusta.

Sálfræðiþjónusta hefur verið aukin á einstökum heilsugæslustöðvum til að mæta þörf fyrir ráðgjöf, greiningu og meðferð barna og unglinga og má þar nefna heilsugæslustöðvar á Akranesi, Selfossi, Mosfellsbæ og Grafarvogi. Miðstöð heilsuverndar barna hefur einnig komið hér að verki, einkum fyrir leikskólabörn varðandi greiningu á þroskafrávikum. Verið

er að skoða þetta atriði stefnunnar sérstaklega í tengslum við yfirstandandi stefnumótunarvinnu á sviði barna- og unglinga með geðraskanir sem greint var frá að framan.

d. Fagráð um skólaheilsugæslu og handdbók í skólaheislugæslu.
Fagráð um heilsugæslu hefur verið starfandi á vegum landlæknisembættisins. Þar var unnin grunnvinna að handbók um skólaheilsugæslu sem nýtt var á vegum Heilsugæslunnar í Reykjavík í samstarfi við landlæknisembættið sem gaf út nýja handbók um skólaheilsugæslu sl. haust. Nánast allar heilsugæslustöðvar landsins hafa pantað þessa bók og nýtt hana í starfi. Þar er m.a. tekið á þörfum langveikra barna.

e. Heilbrigðisþjónusta fyrir langveika nemendur í framhaldsskólum.
Í framhaldsskólum hefur heilbrigðisþjónusta verið með ýmsu móti. Einstakir skólar hafa ráðið til sín hjúkrunarfræðinga og lækna en einnig hafa hjúkrunarfræðingar úr heilsugæslu eða sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar sinnt þörfum langveikra unglinga í framhaldsskólum landsins. Á nánast öllum heilsugæslustöðvum á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri og víðar hefur verið byggð upp unglingamóttaka.

f. Reynsluverkefni á heilsugæslustöðvum.
Eins og fram hefur komið var efld sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum á Akranesi, Selfossi og nú síðast í Grafarvogi, vegna greiningar og meðferðar barna með geðraskanir. Verkefni þessi hafa verið framlengd.

g. Heimahjúkrun.
Efld hefur verið heimahjúkrun barna á vegum sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðingar sinna veigamiklu starfi á sviði geðhjúkrunar í geðteymum eins og komið hefur fram.

Eftirfarandi eru upplýsingar sem fengnar voru hjá fulltrúum félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis í nefnd þeirri sem fylgir eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna.

Á sviði félagsmála.
Aðgerðir á vegum félagsmálaráðuneytis í málefnum langveikra barna frá því stefnumótun ríkisstjórnarinnar um það efni lá fyrir í febrúar 2000.

1. *Samningur milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar (1999).*
Samningurinn tryggir að Reykjavíkurborg fái framlög vegna kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem þurfa að dvelja á sjúkrahúsi í höfuðborginni en eiga þar ekki lögheimili.

2. *Lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar, nr. 27/2000.*
Samkvæmt lögunum er óheimilt að segja starfsmönnum upp starfi vegna fjölskylduábyrgðar. Með fjölskylduábyrgð er átt við að viðkomandi beri skyldur gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum, sá einstaklingur búi á heimili starfsmannsins og þarfnist umönnunar hans, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

3. *Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.*
Samkvæmt lögunum eiga foreldrar rétt á 13 vikna launalausu foreldraorlofi til að annast barn undir átta ára aldri. Í tillögu nefndar (febrúar 2005) um rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu vegna langvarandi veikinda barna er lagt til að aldursmörkin verði hækkuð í 18 ár.

4. *Viðbygging á meðferðarstöð fyrir unglinga á Stuðlum.*
Stækkun neyðarmóttöku var opnuð í desember 2004. Með þeirri byggingu var bætt úr brýnni þörf fyrir bætta aðstöðu fyrir skjólstæðinga og starfsfólk.

5. *Barnaverndarstofa og Barna- og unglingageðdeild.*
Gott samstarf milli aðila samkvæmt þjónustusamningi frá árinu 2000.

6. *Réttur langveikra barna til þjónustu innan félagsþjónustu sveitarfélaga.*
Eins og upplýst var í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur á 128. löggjafarþingi, sjá þskj. 1057 í 595. máli, var í frumvarpi til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga vorið 2001 gert ráð fyrir að langveik börn fengju rétt á sams konar félagslegri þjónustu og fötluð börn, en hér var einkum átt við skammatímavistun og stuðningsfjölskyldu. Eins og kunnugt er var fallið frá því frumvarpi. Við þær aðstæður var haustið 2001 unnið að frumvarpsdrögum í félagsmálaráðuneyti að breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eingöngu með hagsmuni langveikra barna í huga. Samband íslenskra sveitarfélga lagðist gegn því að verkefna þetta yrði á vegum sveitarfélaga með þeim hætti sem gert var fyrir í frumvarpsdrögunum. Málið var því lagt til hliðar.
Málefni þetta er nú til athugunar hjá félagsmálaráðherra.

7. *Nefnd um rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu vegna langvarandi veikinda barna.*
Nefndin var skipuð í janúar 2001. Niðurstöður lágur fyrir í febrúar 2005. Þær eru: Að ríkið greiði foreldrum langveikra barna greiðslur í allt að þrjá mánuði sem ætlað er að komi til móts við sannanlegt tekjutap þeirra. Hið sama ætti við um foreldra fatlaðra barna þegar þau greinast með alvarlega fötlun. Lagt er til að greiðslur nemi um 90.000 kr. á mánuði. Til hliðsjónar hafa verið hafðar fullar umönnunargreiðslur (87.970 kr.) og lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði fyrir 50–100% starf (92.100 kr.). Áætlað er að foreldrar um 250–300 barna kunni að nýta sér þennan rétt að einhverju marki á ári hverju. Þannig er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður verði á bilinu 75–91 millj. kr. miðað við greiðslur í þrjá mánuði. Leggur nefndin til að kerfið verði tekið upp í áföngum á þremur árum. Gert er ráð fyrir einum mánuði fyrsta árið en áætlaður kostnaður yrði þá um 25–30 millj. kr. Ári síðar er gert ráð fyrir að kostnaðurinn nemi um 50–60 millj. kr., þegar rétturinn verður tveir mánuðir, en á þriðja árinu kæmi kerfið að fullu til framkvæmdar.
Enn fremur er lagt til að þegar barn veikist mjög alvarlega eða greinist með mjög alvarlega fötlun eigi foreldri þess rétt á greiðslum í allt að níu mánuði sem ætlaðar eru að koma til móts við sannanlegt launatap. Mánaðarleg greiðsla yrði um 90.000 kr. Áætlað er að um 30–40 börn veikist mjög alvarlega á ári hverju eða greinist með mjög alvarlega fötlun þannig að annað foreldrið geti ekki stundað vinnu í lengri tíma. Kostnaður er því áætlaður um 36 millj. kr. miðað við 40 börn á ári og greiðslur í níu mánuði. Lagt er til að kerfið taki gildi í áföngum þannig að fyrstu þrír mánuðirnir komi þegar til framkvæmdar á fyrsta árinu en þá er áætlað að árlegur kostnaður nemi um 12 millj. kr. Ári síðar bætast við þrír mánuðir og er kostnaðurinn þá áætlaður um 24 millj. kr. Á þriðja árinu kemur kerfið að fullu til framkvæmdar.

Skilyrði fyrir framangreindum greiðslum er að foreldri leggi tímabundið niður launað starf á sama tíma en gert er ráð fyrir að um sameiginlegan rétt foreldra sé að ræða sem þeir geti skipt á milli sín að eigin vild. Miðað er við að foreldri sem nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eigi ekki á sama tíma rétt á þeim greiðslum sem lagðar eru til en hvoru tveggja er ætlað að bæta launamissi. Mikilvægt er að faglegt mat fari fram við ákvörðun um rétt foreldris. Áhersla er lögð á að greidd verði launatengd gjöld, þ.m.t. greiðslur til sjúkra- eða styrktarsjóða stéttarfélaga, en í kostnaðarmati er gert ráð fyrir slíkum gjöldum. Enn fremur er mikilvægt að foreldrar haldi áfram uppsöfnun tiltekinna réttinda, svo sem lífeyrisréttinda, en gert er ráð fyrir að foreldrar eigi þess kost að greiða áfram til stéttarfélaga. Þá gerir nefndin ráð fyrir því að fjárhæð greiðslnanna komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Jafnframt mun nefndin beina þeim tilmælum til sjúkra- og styrktarsjóða stéttarfélaga að þeir tryggi félagsmönnum sínum rétt til greiðslna í a.m.k. þrjá mánuði vegna veikinda barna þeirra. Gerir nefndin ráð fyrir því að foreldrar nýti rétt sinn hjá sjúkrasjóðum fyrstu þrjá mánuðina af veikindum barnsins en síðan taki við þær greiðslur sem lagt er til að ríki greiði til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna. Það kæmi þó ekki í veg fyrir að sjúkrasjóðir stéttarfélaganna inntu áfram af hendi greiðslur til foreldra, t.d. mismun greiðslnanna sem foreldri ætti rétt á frá ríkinu og tiltekins hlutfalls tekna.

Á sviði menntamála.

1. *Leikskólavist langveikra barna.*

Í aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 1999 er fjallað um sérþarfir barna. Lög um leikskóla eru frá árinu 1994 og ekki eru uppi áform um að breyta þeim lögum á næstunni.

Engin breyting hefur verið gerð á leikskólalögum í kjölfar stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna. Engin sérstök ákvæði eru í reglugerðum um gjaldtöku og systkinaafslátt vegna langveikra barna.

2. *Reglugerð um leikskóla.*

Reglugerð um starfsemi leikskóla tekur ekki sérstaklega á málefnum langveikra barna en eins og að framan getur eru öll börn sem standa höllum fæti forgangshópur samkvæmt gildandi reglugerð. Engar breytingar verið gerðar á reglugerð um leikskóla í kjölfar stefnunnar. Í tengslum við áform um styttingu námstíma til stúdentsprófs verður farið yfir aðalnámskrá leikskóla og hægt að nota það tækifæri til að fjalla um málefni langveikra og kennslu þeirra í leikskólum.

3. *Grunnskólalög.*

Samkvæmt grunnskólalögum skal hver skóli gefa árlega út skólanámskrá og í aðalnámskrá grunnskóla er nánari útfærsla á þessu lagaákvæði. Þar kemur m.a. fram, á bls. 26, að í skólanámskrá þurfi að gera grein fyrir kennslufræðilegri stefnu skólans, sérkennsluúrræðum og kennslu langveikra barna.

Unnið er að endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla frá 1999 í ljósi áforma um styttingu náms til stúdentsprófs og aukna samfellu í skólastarfi. Í tengslum við þá vinnu verður hugað að stöðu langveikra barna í grunnskólum.

Unnið er á vegum menntamálaráðuneytisins að endurskoðun grunnskólalaga og í tengslum við þá endurskoðun er sérstaklega hugað að málefnum langveikra barna og hvernig bæta megi þjónustu við þau, m.a. með eflingu nemendaverndarráða í grunnskólum. Ekki er ljóst

á þessari stundu hvenær ný grunnskólalög taka gildi. Reglugerðir um sérkennslu og sérfræðiþjónustu verða endurskoðaðar í kjölfar endurskoðunar á grunnskólalögunum. Skýrslan um samhæfingu í málefnum barna og unglinga með geðraskanir verður væntanlega m.a. höfð til hliðsjónar við endurskoðun á reglugerð um sérfræðiþjónustu. Sú skýrsla er til skoðunar hjá aðstoðarmönnum menntamála-, félagsmála- og heilbrigðisráðherra.

4. Fræðsla um langveik börn fyrir kennara og kennaranema.

Menntamálaráðuneytinu er kunnugt um að málefni langveikra barna hafa fengið aukna áherslu í kennaramenntun að undanförnu, bæði í menntun grunnskólakennara og leikskólakennara, og veittir hafa verið styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til námskeiða fyrir kennara um málefni langveikra barna.

5. Efling nemendaverndarráða.

Menntamálaráðuneytið hefur kveðið upp tvo úrskurði á grundvelli gildandi reglugerðar um nemendaverndarráð, nr. 388/1996, annan 1999 og hinn 2001 og þannig skýrt og styrkt stöðu nemendaverndarráða. Stefnt er að því festa frekar í sessi stöðu og hlutverk ráðanna við endurskoðun á grunnskólalögum og skylda grunnskóla til að stofna og starfrækja nemendaverndarráð, m.a. varðandi málefni langveikra barna. Nemendaverndarráð hafa á undanörnum árum eflst mjög víða í grunnskólum og orðið skilvirkari í meðferð og úrlausn mála hvað varðar einstaka nemendur.

6. Framhaldsskólar.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá eiga langveikir nemendur í framhaldsskóla að fá kennslu og nauðsynlegan stuðning í skólanum. Við síðustu endurskoðun á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla 2004 var staða langveikra nemenda styrkt. Framhaldsskólum ber að greina frá þjónustu við langveik ungmenni í skólanámskrá viðkomandi skóla. Fjarnám er einnig orðið algengt á framhaldsskólastigi og hentar það vel til að veita langveikum ungmennum þjónustu. Á undanförnum árum hefur orðið hröð þróun í uppbyggingu sérdeilda framhaldsskóla. Nú eru starfandi sérdeildir við 19 framhaldsskóla. Gerð hefur verið sérstök námskrá og eiga nemendur rétt á fjögurra ára námi í sérdeildum. Stóraukið fjármagn hefur verið veitt til sérkennslu innan framhaldsskóla á undanförnum árum.

7. Samvinna sérfræðiþjónustu skóla og heilsugæslu.

Málefni langveikra barna hafa verið til umfjöllunar í samráðsnefnd ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra. M.a. hefur verið rædd nauðsyn þess að starf sérfræðiþjónustu skóla sé samhæft starfi heilbrigðisyfirvalda og félagsmálayfirvalda.

Í Dakar-skýrslunni segir að efla þurfi og samhæfa betur sérfræðiþjónustu og ráðgjöf, leggja þurfi áherslu á þróun mats- og greiningartækja, auka þurfi samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála og skilgreina rétt einstaklinga til sérfræðiþjónustu vegna fötlunar og námsörðugleika, t.d. vegna lesröskunar.

Við endurskoðun á grunnskólalögum gefst tækifæri til að skýra hlutverk skólaheilsugæslu í grunnskólum og tengsl hennar við sérfræðiþjónustu skóla, ekki síst í gegnum starfsemi nemendaverndarráða. Einnig er hægt að huga að þessum málaflokki við endurskoðun á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla.

3. *Hverjar af tillögum nefndarinnar kölluðu á laga- og reglugerðarbreytingar og hvernig hefur þeim verið framfylgt?*

Í 3. lið fyrirspurnarinnar er spurt um laga- og reglugerðabreytingar og hvernig þeim hafi verið framfylgt. Vísað er í svar við 2. lið hér að framan.

4. *Hvernig var vinnu sérstakrar stefnumótunarnefndar háttað sem ríkisstjórnin samþykkti síðla árs 1999 að koma á fót til að fylgja eftir tillögum nefndarinnar og gerð heildarstefnumótunar í málefnum langveikra barna? Hefur stefnumótunarnefndin skilað niðurstöðum og ef svo er, hverjar voru hugmyndir hennar og tillögur?*

Í 4. lið er spurt um vinnu sérstakrar stefnumótunarnefndar og hugmyndir hennar og tillögur. Eins og fram hefur komið samþykkti ríkisstjórnin stefnu í málefnum langveikra barna í febrúar árið 2000. Ákveðið var að vinna áfram í samræmi við þessa stefnu á kjörtímabili þeirrar ríkisstjórnar sem tók við árið 2003. Stefnunni og framgangi hennar hefur verið lýst að mestu leyti hér að framan.

Í stefnunni er kveðið á um skipan nefndar fjögurra ráðuneyta, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, til að fylgja eftir stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sjá um að samræma aðgerðir sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og vera tengiliður við hlutaðeigandi aðila. Formaður í þessari nefnd er Margrét Björnsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en auk hennar sitja í nefndinni Guðni Olgeirsson, tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, sem tók við af Stefáni Baldurssyni árið 2003, Hallgrímur Guðmundsson, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, og Þorgerður Benediktsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðuneytinu. Nefnd þessi hefur haldið 26 fundi og kallað til sín ýmsa aðila, nú síðast umboðsmann Alþingis í kjölfar skýrslu hans um framkvæmd á stefnu í málefnum langveikra barna. Jafnframt hefur verið haldinn stór fundur með fulltrúum fjölda hagsmunaaðila (30 manns) auk smærri funda. Nefndin hefur auk þess beitt sér fyrir framgangi stefnunnar innan einstakra ráðuneyta og samráði milli ráðuneytanna.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar er jafnframt kveðið á um skipan nefndar með fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, auk fulltrúa vinnumarkaðarins og samtaka um málefni langveikra barna. Nefndin hafi það hlutverk að tryggja betur en nú rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna veikinda barna. Formaður í nefndinni er Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, og hefur þegar verið greint frá tillögum nefndarinnar

Óskað er eftir upplýsingum um fjölda langveikra barna á Íslandi. Árið 2003 voru samkvæmt upplýsingum frá TR 1.435 langveik börn (líkamleg veikindi og geðraskanir) á landinu öllu, fötluð börn voru 905 og börn með raskanir (hegðunar-, þroska- og námsröskun) voru 2.100.

883. Frumvarp til samkeppnislaga. [590. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði VII. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkeppniseftirlitið skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnurekstur* er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.
2. *Fyrirtæki* er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.
3. *Fyrirtækjasamstæða* er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.
4. *Markaðsráðandi staða* er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
5. *Markaður* er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

6. *Neytandi* er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.
7. *Samruni* samkvæmt lögum þessum telst hafa átt sér stað þegar:
   a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
   b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
   c. eigendur með yfirráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfirráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða
   d. fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.
8. *Sölustig* framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heildsölu annað sölustig, smásölu hið þriðja o.s.frv.
9. *Vara* er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þ.m.t. skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.
10. *Verð* er andvirði vöru og þjónustu með virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum þar sem við á, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.
11. *Yfirráð* samkvæmt lögum þessum eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:
   a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir fyrirtækisins eða
   b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.
12. *Þjónusta* er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker Samkeppniseftirlitið úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast sérstök stofnun, Samkeppniseftirlitið, eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar.

6. gr.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins skal ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra.

Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og menntun sem nýtist á þessu sviði.

Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot eða samkeppnislögum.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

8. gr.

Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er sem hér segir:

a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,
b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja,
c. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,
d. að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja; skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni; stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Samkeppniseftirlitið setur sér reglur um málsmeðferð.

Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst stofnuninni gefi nægar ástæður til rannsóknar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er Samkeppniseftirlitinu heimilt að raða málum í forgangsröð.

9. gr.

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og viðskiptamála.

Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

IV. KAFLI
Bann við samkeppnishömlum.

10. gr.

Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykkta og samstilltra aðgerða sem:

a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,
d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,
e. setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

11. gr.

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,
c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

12. gr.

Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 16.–18. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

13. gr.

Samningar milli fyrirtækja falla ekki undir bann skv. 10. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild allra samstarfsfyrirtækja fer ekki á neinum markaði sem skiptir máli yfir:

a. 5% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er milli fyrirtækja sem starfa á sama framleiðslu- eða sölustigi (láréttur samningur),
b. 10% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er á milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi framleiðslu- eða sölustigi (lóðréttur samningur).

Ef um sambland af láréttum og lóðréttum samningum er að ræða eða ef erfitt er að flokka samning annaðhvort sem láréttan eða lóðréttan gilda 5% viðmiðunarmörkin.

Samningar skv. 1. mgr. falla ekki undir bann skv. 10. gr. þrátt fyrir að markaðshlutdeild fari upp fyrir viðmiðunarmörk skv. 1. mgr. ef hlutdeildin fer ekki upp fyrir 5,5% í láréttum samningum eða 11% í lóðréttum samningum tvö fjárhagsár í röð.

Samstarfsfyrirtæki skv. 1. mgr. eru fyrirtæki sem eiga aðild að samningnum, fyrirtæki sem aðilar samningsins hafa bein eða óbein yfirráð yfir eða fyrirtæki sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir aðilum samningsins.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um samstilltar aðgerðir skv. 10. gr. og ákvarðanir samtaka fyrirtækja skv. 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef samkeppni á viðkomandi markaði er takmörkuð af uppsöfnuðum áhrifum sambærilegra samninga á markaðnum.

14. gr.

Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

15. gr.

Samkeppniseftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu. Samkeppniseftirlitið getur krafist þess að umsóknir um undanþágu skv. 1. mgr. verði settar fram á sérstöku eyðublaði.

Samkeppniseftirlitið getur dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar ef:

a. forsendur sem lágu til grundvallar undanþágunni hafa breyst,
b. undanþágan hefur verið veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga eða
c. fyrirtæki brýtur þau skilyrði sem sett voru fyrir undanþágunni.

Samkeppniseftirlitið setur reglur þar sem tilteknum tegundum samninga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. (hópundanþága).

V. KAFLI
Eftirlit með samkeppnishömlum.

16. gr.

Samkeppniseftirlitið getur gripið til aðgerða gegn:

a. samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr.,
b. athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna.

Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt úrræðum bæði til

breytingar á atferli og skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Þó er einungis heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál ef:

a. sennilegt þykir að sú háttsemi eða þær aðstæður sem til athugunar eru fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða ef athafnir opinberra aðila hafa skaðleg áhrif á samkeppni og
b. líklegt er að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins leiði til röskunar á samkeppni sem verði afstýrt með endanlegri ákvörðun eða málið að öðru leyti þolir ekki bið.

Bráðabirgðaákvörðun skal gilda í tiltekinn tíma og má endurnýja hana ef það er talið nauðsynlegt.

17. gr.

Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur stofnunin ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppniseftirlitið getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal Samkeppniseftirlitið taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður.

Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira. Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Þá skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að 1. mgr. taki til hans.

Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst. Í tilkynningunni skal veita upplýsingar um samrunann og um þau fyrirtæki sem honum tengjast. Samkeppniseftirlitið setur reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu, þar á meðal um markaði sem samruninn hefur áhrif á og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum hans.

Samkeppniseftirlitið skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum innan þrjátíu daga ef það telur ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Frestur þessi byrjar að líða þegar Samkeppniseftirlitinu berst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu. Berist tilkynning frá Samkeppniseftirlitinu skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur Samkeppniseftirlitið ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send viðkomandi fyrirtækjum.

Til þess að tryggja að hugsanleg ákvörðun skv. 1. mgr. nái að fullu fram að ganga getur Samkeppniseftirlitið gripið til íhlutunar í samruna til bráðabirgða. Íhlutun getur falist í banni til bráðabirgða gegn því að láta samruna koma til framkvæmda þar til endanleg niðurstaða samkeppnisyfirvalda á athugun á samrunanum liggur fyrir eða öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif.

Ákveði Samkeppniseftirlitið að ógilda samruna getur stofnunin, samhliða ákvörðun á grundvelli 1. mgr. eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

18. gr.

Ef Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

VI. KAFLI
Upplýsingaskylda.

19. gr.

Samkeppniseftirlitið getur krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppniseftirlitið getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppniseftirlitið getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Samkeppniseftirlitið getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr., að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Samkeppniseftirlitið getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

20. gr.

Samkeppniseftirlitið getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.

Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

VII. KAFLI
Framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

21. gr.

Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og íslenskir dómstólar skulu beita 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, eftir því sem kveðið er á um í lögum, m.a. 25.–28. gr. í lögum þessum. Við beitingu Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins á samkeppnisreglum EES-samningsins skal m.a. farið að ákvæðum þessa kafla.

Skylt er þeim sem um er beðinn að veita Eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þessum stofnunum er nauðsynlegt að afla sér til að unnt sé að framkvæma samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar samkeppnismál. Sama gildir um framkvæmd fyrirmæla sem gefin eru með heimild í 32. gr.

Samkeppniseftirlitið getur krafist sömu upplýsinga og um getur í 2. mgr. og getur það sett skilafrest í því sambandi.

22. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 3 og bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar og samkeppni.

Fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, er heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem Samkeppniseftirlitið framkvæmir innan þeirra marka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningar hans setja. Sama gildir um rétt fulltrúa Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar EB þegar Eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir vettvangsrannsóknir hér á landi.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA og Samkeppniseftirlitsins þess efnis að vettvangsrannsókn skuli fara fram má fullnægja með aðfarargerð.

23. gr.

Lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda skal ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi Eftirlitsstofnun EFTA eða fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

24. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á 53., 54. eða 57. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, svo og á ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eða á reglum sem settar eru með heimild í 32. gr. þessara laga.

Sama gildir um framkvæmdastjórn EB og dómstól EB í þeim tilvikum sem þessir aðilar fara með lögsögu máls samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Sömu aðilar geta einnig lagt á févíti til að tryggja að farið verði eftir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samkeppnisreglnanna, sbr. ákvæði 1. mgr.

Ákvarðanir um sektir og févíti samkvæmt framanskráðu eru aðfararhæfar.

25. gr.

Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála skulu, með þeim takmörkunum sem leiðir af EES-samningnum, tryggja að ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins séu virt. Gilda þá einnig ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

Þegar Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála taka ákvörðun um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í sama máli, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin hefur samþykkt.

Samkeppniseftirlitið getur tekið ákvörðun um að hópundanþága á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi ekki við gagnvart tilteknu fyrirtæki með þeim skilyrðum sem fram koma í EES-samningnum, samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og reglugerðum skv. 32. gr. laga þessara.

Telji Samkeppniseftirlitið að Eftirlitsstofnun EFTA skuli fjalla um mál skal það framsent Eftirlitsstofnuninni.

26. gr.

Ef Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna samninga fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, skulu þau einnig beita 53. gr. EES-samningsins að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir.

Ef Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sem bönnuð er skv. 54. gr. EES-samningsins skulu þau einnig beita 54. gr. EES-samningsins.

Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála skulu ekki banna samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, en hamla ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, uppfylla skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða falla undir hópundanþágu um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Ákvæði þessarar málsgreinar koma ekki í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála geti beitt strangari löggjöf þar sem einhliða ákvarðanir fyrirtækja eru bannaðar eða heimilað er að leggja sektir á fyrirtæki fyrir slíkar ákvarðanir.

Með fyrirvara um almennar meginreglur og önnur ákvæði EES-samningsins gildir grein þessi hvorki þegar Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólar beita 17. gr. laga þessara né heldur kemur það í veg fyrir beitingu ákvæða þar sem í meginatriðum eru ríkjandi önnur markmið en þau sem er að finna í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

27. gr.

Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar. Dómstóllinn getur í þessu skyni frestað meðferð málsins.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á heimild dómstóls til að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins skv. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

28. gr.

Samkeppniseftirlitið getur að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum í dómsmáli vegna beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins. Með samþykki dómstólsins getur Samkeppniseftirlitið þá einnig komið að munnlegum athugasemdum.

Þegar samræmd beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins krefst þess getur Eftirlitsstofnun EFTA einnig að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum. Með leyfi dómstólsins getur Eftirlitsstofnunin þá jafnframt komið að munnlegum athugasemdum.

Samkeppniseftirlitinu og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, þó aðeins til undirbúnings athugasemdum sínum, að óska eftir að viðeigandi dómstóll sendi þeim eða tryggi sendingu skjala sem teljast nauðsynleg til að meta málið.

29. gr.

Ákvæðum 17. gr. laga þessara verður beitt með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum EES-samningsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, sbr. 57. gr. meginmáls samningsins, bókun 21 og 24 með honum og viðauka XIV við hann, svo og XIII. og XIV. kafla III. hluta bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

30. gr.

Hafi ríkisaðstoð, sem 61. gr. EES-samningsins tekur til, verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA geta íslensk stjórnvöld ekki úrskurðað um það hvort aðstoðin sé í samræmi við leyfilegan opinberan fjárhagsstuðning fyrr en Eftirlitsstofnunin hefur tilkynnt um álit sitt á málinu. Sama gildir um fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði sem fallið getur undir 61. gr. samningsins.

31. gr.

Sveitarfélag, sem hyggst veita fyrirtæki aðstoð af því tagi sem um getur í 61. gr. EES-samningsins, skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um hina fyrirhuguðu aðstoð.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð, sem sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að veita, brjóti gegn 61. gr. EES-samningsins skal Samkeppniseftirlitið tilkynna það sveitarstjórn. Samkeppniseftirlitið getur fylgt eftir framkvæmd slíks úrskurðar með álagningu févítis, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skulu stjórnvöld, að undangenginni ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, gera ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá þiggjanda hennar. Þiggjanda aðstoðar ber að greiða vexti, sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður, af fjárhæð þeirri sem hann er endurkrafinn um. Vextir skulu reiknaðir frá þeim degi er þiggjanda var fengin aðstoðin til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Afturköllun samkvæmt málsgrein þessari skapar sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

32. gr.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Samkeppniseftirlitsins að setja reglugerð um nánari framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

33. gr.

Samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, eru ógildir.

Samningsákvæði, sem teljast hafa efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá þeim ákvæðum sem brutu í bága við bannákvæði laga þessara, teljast þó gild. Ágreiningi varðandi þetta atriði má skjóta til Samkeppniseftirlitsins innan mánaðar frá því að samningur var ógiltur skv. 1. mgr.

34. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

35. gr.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að afhenda samkeppnisyfirvöldum annarra ríkja upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd á íslenskum eða erlendum samkeppnislögum í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt milliríkjasamningum.

Við afhendingu upplýsinga og gagna til yfirvalda sem nefnd eru í 1. mgr. skal Samkeppniseftirlitið setja sem skilyrði að:

a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
b. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins nota í því skyni sem kveðið er á um í viðkomandi milliríkjasamningi og
c. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins afhenda öðrum með samþykki Samkeppniseftirlitsins og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

Viðskiptaráðherra getur sett nánari reglur um afhendingu Samkeppniseftirlitsins á gögnum og upplýsingum til yfirvalda og stofnana skv. 1. mgr.

36. gr.

Við framkvæmd þessara laga getur Samkeppniseftirlitið birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Tillit skal þó tekið til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum.

IX. KAFLI
Viðurlög.

37. gr.

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins eða bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Sektirnar renna til ríkissjóðs.

Sektir geta numið frá 50 þús. kr. til 40 millj. kr. eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun fjárhæðar sektar getur Samkeppniseftirlitið m.a. haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

38. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Samkeppniseftirlitið ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

39. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

40. gr.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

41. gr.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.

42. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

43. gr.

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja, sbr. 17. gr., eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins eða áfrýjunarnefndar skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

X. KAFLI

Gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá sama tíma falla úr gildi samkeppnislög, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Við gildistöku laganna skulu Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lögð niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Samkeppnisstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Þá er að finna í frumvarpinu tvíþættar breytingartillögur sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans. Var reglugerð þessi tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 um breytingu á XIV. viðauka, bókun 21 og bókun 23 við EES-samninginn. Í öðru lagi er um að ræða breytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum (samrunareglugerðin). Samrunareglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 8. júní 2004 um breytingu á XIV. viðauka, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn. Samhliða upptöku þessara gerða í EES-samninginn gerðu EFTA-ríkin á milli sín samninga um breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem nauðsynlegt er talið að lögfesta. Frumvarp vegna innleiðingar reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 1/2003 var lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt og hafa ákvæði þess verið felld inn í frumvarp þetta með nokkrum breytingum.

Miklar breytingar hafa orðið að undanförnu á samkeppnisreglum Evrópusambandsins, en íslenskur samkeppnisréttur sækir um margt fyrirmynd þangað. Meginmarkmið þessara breytinga er að færa samkeppniseftirlit í auknum mæli heim til aðildarríkja sambandsins. Í kjölfar breytinganna á samkeppnisreglum Evrópusambandsins hefur verið unnið að breytingu á innlendum samkeppnisrétti í mörgum ríkjum Evrópu. Þannig hefur verið gerð heildarendurskoðun á norskum samkeppnislögum, auk þess sem Svíar og Finnar hafa gert breytingar á samkeppnislögum sínum til samræmis við breytingar þær sem orðið hafa á Evrópurétti. Í frumvarpi þessu eru ekki gerðar tillögur um heildarendurskoðun samkeppnislaga heldur eru aðeins lagðar til breytingar sem leiðir af tillögum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og þær lágmarksbreytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar reglugerða Evrópusambandsins á sviði samkeppnisréttar nr. 1/2003 og 139/2004. Breytingar þær sem lagðar eru til snerta flest ákvæði samkeppnislaga, auk þess sem lagt er til að þrír kaflar laganna verði felldir brott og settir í sérstök lög. Í ljósi þessa er talið eðlilegt að leggja fram frumvarp til nýrra laga í stað þess að leggja til breytingar við gildandi lög.

Viðskiptaráðherra skipaði nefnd um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis með bréfi, dags. 27. janúar 2004. Í nefndinni áttu sæti Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, formaður, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, hdl. og rekstrarhagfræðingur, Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Orri Hauksson framkvæmdastjóri, Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík. Starfsmenn nefndarinnar voru Áslaug Árnadóttir lögfræðingur og Hreinn Hrafnkelsson, stjórnmála- og viðskiptafræðingur. Þá starfaði Benedikt Árnason skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu með nefndinni.

Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni meðal annars ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts.

Nefndin fjallaði m.a. um skipulag samkeppnisyfirvalda og hvernig eftirliti með samkeppnishömlum yrði best fyrir komið. Þá ræddi nefndin um heimildir samkeppnisyfirvalda til að bregðast við brotum á samkeppnislögum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á sam-

keppni. Nefndin fjallaði einnig um fyrirkomulag rannsókna á samkeppnis- og viðskiptaháttum, eignatengsl fyrirtækja og hringamyndun.

Við ákvörðun um skipan sérstaks eftirlits á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja ber að fara eftir ákvæðum laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð nr. 812/1999 sem sett er með heimild í þeim lögum. Frumvarp þetta kallar ekki á miklar breytingar á umfangi samkeppniseftirlits, en heimildir til samkeppniseftirlits eru nú í samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Þó er í frumvarpinu sú nýjung að lagt er til að fest verði í samkeppnislög heimild þess efnis að Samkeppniseftirlitið geti krafist þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga eða skapa aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppnina breyti skipulagi sínu, en ákvæði gildandi laga eru ekki talin veita samkeppnisyfirvöldum nægilega skýrar heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga.

Helstu niðurstöður nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis.

Helstu niðurstöður nefndarinnar að því er varðar samkeppnismál voru eftirfarandi:

- Að nauðsynlegt sé að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði. Var það niðurstaða nefndarinnar að þetta yrði m.a. gert með því að gera störf samkeppnisyfirvalda skilvirkari og veita meira fjármagn til þeirra. Jafnframt lagði nefndin til að þau verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum.
- Að samkeppnisyfirvöld nýti sér þá heimild sem er að finna í gildandi samkeppnislögum þess efnis að þeim beri að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Þá leggur nefndin til að samkeppnisyfirvöld birti skýrslur um athuganir sínar og grípi á grundvelli þeirra til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það þykir nauðsynlegt.
- Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þess hvort veita skyldi samkeppnisyfirvöldum heimild til að krefjast þess að fyrirtæki, sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga eða skapa aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, breyti skipulagi sínu. Skilaði einn nefndarmaður, Þórdís Sigurðardóttir, séráliti þar sem hún taldi ekki rétt að veita samkeppnisyfirvöldum slíkar heimildir. Meiri hluti nefndarinnar lagði hins vegar til að lögfestar yrðu skýrar heimildir samkeppnisyfirvöldum til handa til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga eða skapa aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppnina breyti skipulagi sínu.
- Að samkeppnisyfirvöldum verði veittar ríkari heimildir til vettvangsrannsókna, þar á meðal á heimilum, landsvæðum eða flutningatækjum í eigu stjórnarmannna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja. Nefndin leggur þó áherslu á það að vettvangsrannsóknir megi ekki framkvæma nema fyrir liggi dómsúrskurður, sem og að fundin verði leið til að lögreglan komi að vettvangsrannsókn á heimilum.
- Nefndin lagði ekki til að settar yrðu neinar frekari skorður við því með hvaða hætti fyrirtæki geta átt samstarf eða hvernig eignatengslum þeirra eða samstarfi eigenda má vera háttað umfram þær sem þegar eru í lögum eða þær sem snúa að tillögum nefndarinnar um yfirtökuskyldu.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Við samningu frumvarpsins var tekið mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis, en breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þó ekki að öllu leyti í samræmi við tillögur nefndarinnar. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

- Lagt er til að þau verkefni sem nú heyra undir samkeppnisyfirvöld er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum.
- Lagt er til að Samkeppniseftirlitið fái skýrar lagaheimildir til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu. Jafnframt er lagt til að c-liður 17. gr. gildandi samkeppnislaga sem veitir samkeppnisráði heimild til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni verði felldur brott þar sem talið er að ef ákvæðið yrði óbreytt í lögum yrðu heimildir Samkeppniseftirlitsins til að krefjast skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum of víðtækar.
- Lagt er til að bætt verði við d-lið 1. mgr. 8. gr. málslið þess efnis að Samkeppniseftirlitið skuli birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.
- Lagðar eru til nokkrar breytingar á VII. kafla frumvarpsins um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.
- Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á VII. kafla frumvarpsins vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðin).

Þróun eftirlits með samkeppnishömlum og skipulag samkeppnisyfirvalda.

Sjaldan eða aldrei hafa orðið örari breytingar á íslensku viðskiptalífi en undanfarin ár. Á mörgum mörkuðum hefur samkeppni blómstrað þar sem hún var áður heft, þótt á öðrum mörkuðum hafi hún minnkað. Vægi verslanakeðja í hagkerfinu hefur aukist umtalsvert, fjármálamarkaðurinn tekið stakkaskiptum, stór skref verið tekin í einkavæðingu og svipuð viðmið tekin upp í samkeppnismálum og í nágrannalöndum okkar.

Samkeppniseftirlit á Íslandi er ungt, en Samkeppnisstofnun var stofnuð 1. mars 1993 á grunni Verðlagsstofnunar þegar samkeppnislög nr. 8/1993 tóku við af lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978. Fyrirkomulag eftirlits með samkeppnishömlum og skipulag samkeppnisyfirvalda ber starfsháttum og skipulagi fyrirrennara síns enn glögg merki. Þannig var í grunninn haldið í heildarskipulag Verðlagsstofnunar við stofnun Samkeppnisstofnunar. Fyrir gildistöku samkeppnislaga var kveðið á um það í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti að framkvæmd þeirra væri í höndum verðlagsráðs, þriggja manna nefndar og Verðlagsstofnunar. Fjallaði verðlagsráð um mál þau er féllu undir lögin og hafði ákvörðunarvald í þeim. Þriggja manna nefndin undirbjó mál sem lögð voru fyrir verðlagsráð, en gat tekið bráðabirgðaákvarðanir um einstök mál sem þurftu skjótrar úrlausnar, og Verðlagsstofnun annaðist dagleg störf verðlagsráðs. Við gildistöku samkeppnislaga á árinu 1993 má segja að Samkeppnisstofnun hafi tekið yfir hlutverk Verðlagsstofnunar og að nafni verðlagsráðs hafi verið breytt í samkeppnisráð, auk þess sem skipan ráðsins var breytt nokkuð. Þá var stofnuð áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Í greinargerð með samkeppnislögunum frá 1993 er ekki að finna sérstaka umfjöllun eða rökstuðning

fyrir skipulagi samkeppnisyfirvalda, heldur virðist gengið út frá því að stuðst sé við sömu uppbyggingu og var hjá Verðlagseftirlitinu.

Í núgildandi samkeppnislögum er samkeppnisyfirvöldum falið, auk eftirlits með samkeppnishömlum, eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum var fyrst fellt undir löggjöfina um verðlag og samkeppnishömlur á árinu 1978. Segir í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, að gert sé ráð fyrir að Verðlagsstofnun hafi eftirlit með framkvæmd laga um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd og í því skyni sé ætlunin að stofnuð verði sérstök neytendamáladeild við stofnunina. Segir í greinargerðinni að þetta nýmæli sé tekið upp þar sem engin sérstök neytendastofnun starfi hér á landi. Þá segir í greinargerðinni að ætlunin sé að verðlagsstjóri geti að ákveðnu leyti komið fram gagnvart kaupsýslumönnum og fjölmiðlum eins og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndunum. Loks segir í greinargerðinni: „Ekki tíðkast erlendis að steypa saman í eina löggjöf ákvæðum, sem fjalla um verðlag og samkeppnishömlur annars vegar og reglum um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd hins vegar. Málefni þessi eru samt sem áður eðlisskyld og tengjast með ýmsum hætti. Ekkert er því athugavert við að fella þau saman í einni löggjöf og láta sömu aðila annast framkvæmd allra þessara málaflokka. Helgast þetta ennfremur af aðstæðum hérlendis og þeirri nauðsyn að sporna gegn fjölgun stofnana."

Í greinargerð með samkeppnislögum, nr. 8/1993, segir um þetta að ástæðan fyrir því að eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum hafi verið fellt undir löggjöfina um verðlag og samkeppnishömlur hafi á sínum tíma fyrst og fremst verið smæð markaðarins og að of kostnaðarsamt þótti að koma á fót sérstakri stofnun til að fylgjast með óréttmætum viðskiptaháttum. Segir jafnframt í greinargerðinni að aðstæður hafi ekki breyst að þessu leyti enda henti að mörgu leyti vel að þessir málaflokkar, sem stefna að sama markmiði, séu áfram undir sömu stofnun.

Nú eru liðin rúmlega ellefu ár frá gildistöku samkeppnislaga, nr. 8/1993, og er því komin nokkur reynsla á það skipulag á starfi og eftirliti samkeppnisyfirvalda sem þar er mælt fyrir um. Hefur það sýnt sig að samkeppnisyfirvöld geta ekki við óbreyttar aðstæður sinnt nauðsynlegum verkefnum. Kemur fram í ársskýrslu Samkeppnisstofnunar fyrir árið 2003 að 80–90 samkeppnismál biðu úrlausnar hjá Samkeppnisstofnun í byrjun árs 2003, en á því ári var tekin upp formleg forgangsröðun mála hjá samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar í samræmi við heimild samkeppnislaga. Var það gert þar sem fyrirséð var að dráttur yrði á að ljúka vinnslu fyrirliggjandi mála innan æskilegs tíma vegna umfangsmikillar vinnu við rannsókn stórra mála. Leiddi þetta til þess að aðilar gátu þurft að bíða í allt að eitt ár áður en málsmeðferð vegna kvartana þeirra gat hafist. Þá segir í skýrslunni að ljóst sé að samkeppnisyfirvöld komist að óbreyttu illa yfir að sinna nauðsynlegum verkefnum og að reynslan sýni að sökum mannfæðar fari reglubundin starfsemi Samkeppnisstofnunar úr skorðum þegar tekist sé á við fleiri en eitt umfangsmikið verkefni í einu.

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi samkeppniseftirlits. Því eru lagðar til tvíþættar breytingar á starfssemi samkeppnisyfirvalda. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á skipulagi og stjórnsýslu samkeppnisyfirvalda. Í öðru lagi er lagt til að þau verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum og til stofnunar sem fer með neytendamál og er frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda lagt fram samhliða frumvarpi þessu. Jafnframt er lagt til að ákvæði um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og eftirlit með gagnsæi markaðarins auk ákvæða um verðstöðvun verði felld brott úr samkeppnislögum og sett um þau

sérstök lög og er frumvarp um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins lagt fram samhliða þessu frumvarpi.

Þær tillögur um breytingar sem lúta að skipulagi og stjórnsýslu samkeppnisyfirvalda miða að því að einfalda stjórnsýsluna á sviði samkeppnismála. Nú annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem samkeppnislögin taka til. Gegnir samkeppnisráð lykilhlutverki í stjórnsýslu samkeppnismála, en það er aðalúrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustigi. Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Þrátt fyrir að samkeppnisráð sé aðalúrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustiginu sér Samkeppnisstofnun að mestu um málsmeðferð þar til ákvörðun er tekin í málinu. Þannig aflar Samkeppnisstofnun gagna, gefur aðilum máls kost á að tjá sig og veita umsögn um málið o.s.frv. Þá getur Samkeppnisstofnun tekið bráðabirgðaákvarðanir í ákveðnum tilvikum auk þess sem stofnunin fer með ákvörðunarvald á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem samkeppnisráð setur. Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Framangreint fyrirkomulag þykir óþarflega flókið, en eins og áður kemur fram var ekki að finna sérstakan rökstuðning í lögskýringargögnum fyrir því við setningu samkeppnislaga. Hin nýju samkeppnisyfirvöld voru einfaldlega steypt í mót þáverandi verðlagsyfirvalda. Í Danmörku er þó svipað skipulag við lýði, en þar eiga mun fleiri, eða alls 19 manns, sæti í samkeppnisráði og eru þeir að hluta til tilnefndir af hagsmunaaðilum.

Lagt er til að ný stofnun, Samkeppniseftirlitið, verði sett á fót og er henni ætlað að taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar og stórum hluta verkefna samkeppnisráðs. Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði skipuð þriggja manna stjórn sem að nokkru leyti er ætlað að yfirtaka verkefni samkeppnisráðs. Mun hlutverk stjórnarinnar verða að móta áherslur í starfi þess og fylgjast með starfsemi og rekstri þess. Þá er einnig lagt til að áður en Samkeppniseftirlitið tekur meiri háttar ákvarðanir skuli þær bornar undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Með því er ætlunin að tryggja enn frekar að meðalhófs sé gætt í öllum aðgerðum stofnunarinnar. Stjórninni er ætlað að móta samskipti sín við forstjóra og starfsmenn Samkeppniseftirlitsins og skilgreina þannig nánar hvers konar ákvarðanir bera skal undir stjórnina. Áfram er gert ráð fyrir að ákvörðunum neðra stjórnsýslustigs verði áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og að meðlimir áfrýjunarnefndar og varamenn þeirra verði skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar.

Þar sem sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins gagnvart viðskiptaráðherra er mikilvægt er lagt til að forstjóri þess verði ráðinn af stjórn stofnunarinnar og að hann beri ábyrgð gagnvart henni. Gert er ráð fyrir að forstjóri annist daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráði starfsmenn hennar.

Síðari tillagan sem miðar að því að efla eftirlit með samkeppnishömlum og gera samkeppnisyfirvöld skilvirkari snýr að því að fækka verkefnum samkeppnisyfirvalda. Samkvæmt gildandi samkeppnislögum gegna samkeppnisyfirvöld mjög fjölþættu hlutverki og í nágrannalöndum okkar eru hluti þeirra verkefna sem þeim hafa verið falin í höndum annarra stofnana en þeirra sem fara með eftirlit með samkeppnishömlum. Þannig fara neytendastofnunin Konsumentverket og umboðsmaður neytenda með eftirlit með ólögmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins í Svíþjóð. Meðal málefna sem heyra undir Konsumentverket eru öryggi vöru og þjónustu, verðupplýsingar, gæði og umhverfisáhrif, auglýsingar og samningsskilmálar auk upplýsinga til neytenda. Meðal þeirra lagabálka sem Konsumentverket sér um að framfylgja eru lög um markaðssetningu, lög um samningsskilmála, lög um öryggi vöru, lög um neytendakaup, lög um þjónustu við neytendur, lög um neytendalán, lög um

neytendavátryggingar, lög um verðupplýsingar, lög um húsgöngu- og fjarsölu og lög um fjármálaráðgjöf. Í Danmörku heyra málefni er varða neytendavernd, verðmerkingar, markaðssetningu og auglýsingar, þjónustu í upplýsingasamfélaginu og ákveðna greiðslumiðla undir neytendastofnunina Forbrugerstyrelsen, kærunefnd neytendamála og umboðsmann neytenda. Meðal lagabálka sem heyra undir þau stjórnvöld sem fara með neytendamál eru lög um kærur neytenda, lög um verðupplýsingar og verðmerkingar, lög um ákveðna greiðslumiðla, lög um markaðssetningu og lög um þjónustu í upplýsingasamfélaginu. Í Noregi fer neytendastofnunin Forbrukerombudet með neytendamál ásamt kærunefnd neytendamála og umboðsmanni neytenda. Eftirlit með að lögum um markaðssetningu sé fylgt heyrir undir Forbrukerombudet, en í þeim lögum er bæði kveðið á um auglýsingar og verðmerkingar. Samkeppnisyfirvöld í Noregi hafa þó ákveðnar heimildir til afskipta af verðlagningu og verðmerkingum. Þá eru ekki almenn ákvæði um eftirlit með ólögmætum viðskiptaháttum og gegnsæi markaðarins í sænskum, finnskum, norskum eða dönskum samkeppnislögum, heldur fjalla þau einungis um samkeppnismál, að undanskildum dönskum samkeppnislögum þar sem einnig er kveðið á um útboð og ríkisstyrki.

Hlutverk Samkeppniseftirlitsins verður samkvæmt þessu í fyrsta lagi að framfylgja boðum og bönnum samkeppnislaga og leyfa undanþágur samkvæmt þeim, í öðru lagi að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja, í þriðja lagi að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði og í fjórða lagi að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Samkeppniseftirlit skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Skýrslur og athuganir.

Í gildandi samkeppnislögum er að finna heimild þess efnis að samkeppnisyfirvöldum beri að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja, m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni.

Þegar samkeppnislögum var breytt árið 2000 kom fram í greinargerð með frumvarpinu að með breytingunni væri samkeppnisráði á skýran hátt falið það verkefni að fylgjast með þróun samkeppnis- og viðskiptahátta í íslensku viðskiptalífi, m.a. í því skyni að kanna hvort tilteknar aðstæður væru á einstökum mörkuðum sem raskað gætu samkeppni. Í greinargerðinni var einnig fjallað um mikilvægi þess að samkeppnisyfirvöld framkvæmdu slíkar athuganir og hefðu til þess skýra heimild. Þá sagði að slíkar athuganir gætu leitt til þess að samkeppnisráð birti skýrslur um athuganir á mörkuðum sem yrðu öllum aðgengilegar og gætu stuðlað að opinberri umræðu um samkeppnismál. Þá gætu slíkar athuganir leitt til þess að samkeppnisyfirvöld gripu til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Þrátt fyrir þetta er aðeins kveðið á um það í ákvæðinu sjálfu að samkeppnisráð skuli „fylgjast með“ og „kanna“, en ekki er kveðið á um það hvað gera skal við upplýsingarnar. Því er það lagt til að bætt verði við ákvæðið málslið þess efnis að samkeppniseftirlit skuli birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Heimildir samkeppnisyfirvalda til að krefjast skipulagsbreytinga.

Í samræmi við niðurstöðu meiri hluta nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis er lagt til að fest verði í samkeppnislög heimild þess efnis að Samkeppniseftirlitið geti krafist þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu, en ákvæði gildandi laga eru ekki talin veita samkeppnisyfirvöldum nægilega skýrar heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga. Tillagan er í samræmi við breytingar sem nýlega voru gerðar á samkeppnisreglum Evrópusambandsins, sbr. reglugerð nr. 1/2003, og norskum samkeppnislögum og í samræmi við heimildir sem Eftirlitsstofnun EFTA mun fá þegar reglugerð Evrópusambandsins nr. 1/2003 hefur verið tekin inn í EES-samninginn að því er varðar brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins. Sambærilegar heimildir er einnig að finna í fleiri löndum, m.a. Bretlandi, Írlandi og Bandaríkjunum, auk þess sem fyrir liggja tillögur um slíka löggjöf í Þýskalandi. Þá er tillagan einnig í samræmi við þær heimildir sem Samkeppnisstofnun hefur nú þegar skv. 14. gr. samkeppnislaga og hefur iðulega beitt til að krefjast skipulagsbreytinga hjá opinberum stofnunum sem stunda samkeppnisrekstur.

Lagt er til að Samkeppniseftirlitið geti beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Þó er gert ráð fyrir að einungis verði heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef fullreynt þykir að ekki sé fyrir hendi jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi.

Breytingar vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003.

Með lögum nr. 2/1993 öðlaðist meginmál samningsins um Evrópska efnahagssvæðið lagagildi hér á landi. Kveðið er á um samkeppnisreglur fyrirtækja í 53.–60. gr. samningsins, en aðrar samkeppnisreglur samningsins eru í bókun 21–25 við samninginn og viðauka XIV við hann. Þá hefur samningurinn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningurinn) að geyma ákvæði er lúta að samkeppni, sbr. bókun 4 við þann samning. Í 3. gr. EES-samningsins um efndaskyldu kemur m.a. fram að samningsaðilar skuli gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningnum leiðir.

Vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans, sem er hluti af EES-samningnum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á ákvæðum samkeppnislaga, sbr. VII. kafla frumvarpsins. Innleiðing gerðarinnar hefur einnig í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem einnig er nauðsynlegt að lögfesta.

Innleiðing reglugerðarinnar hefur þær breytingar helstar í för með sér að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum fá heimild til að beita ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins fullum fetum, en samkvæmt gildandi lögum hafa aðeins Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimild til að beita ákvæðunum, sbr. 56. gr. EES-samningsins. Nánari útfærsla á beitingu 53. og 54. gr. kemur fram í bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Á grundvelli þessarar breytingar verður íslenskum samkeppnisyfirvöldum heimilt og skylt að afgreiða ákveðin mál á grundvelli ákvæða 53. og 54. gr. EES-samningsins hér á landi. Tilgangurinn með því að skylda samkeppnisyfirvöld aðildarríkjanna til beitingar ákvæðanna er að tryggja samræmda málsmeðferð á öllum stigum máls.

Þessar breytingar eru liður í þeirri stefnumörkun Evrópusambandsins að draga úr miðstýrðu samkeppniseftirliti og færa það í auknum mæli heim í hérað (e. decentralisation). Af hálfu EFTA-ríkjanna var lögð áhersla á að reglugerð nr. 1/2003 yrði tekin upp í EES-samninginn til að tryggja einsleitni við framkvæmd og beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Af hálfu Evrópusambandsins var hins vegar ekki fallist á að reglugerðin yrði tekin upp í viðauka XIV (samkeppni) við EES-samninginn í heild sinni en hins vegar var fallist á að reglugerðin yrði tekin upp í bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) við EES-samninginn. Það leiðir af ákvæðum bókunar 21 að samþykki Evrópusambandið breytingar á þeim gerðum sem mæla fyrir um valdsvið og störf framkvæmdastjórnarinnar á sviði samkeppnismála skulu EFTA-ríkin gera samsvarandi breytingar á samningi sínum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls til að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA hafi sambærileg valdsvið og störf á þessu sviði og framkvæmdastjórnin. Upptaka reglugerðarinnar í bókun 21 leiðir því til þess að EFTA-ríkin skuldbinda sig til að gera breytingar á bókun 4 við samning þeirra um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Af þeim sökum fá yfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum heimild til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins í þeim málum sem Eftirlitstofnun EFTA skal fjalla um samkvæmt 56. gr. EES-samningsins. Ekki er hins vegar um sambærilega heimild að ræða í þeim málum sem framkvæmdastjórnin fer með skv. 56. gr. samningsins.

Heimildir framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA til að beita ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins falla því ekki niður. Til að tryggja fullt samræmi í framkvæmd þessara reglna er þess vegna mælt svo fyrir í 16. gr. reglugerðar nr. 1/2003 að ákvarðanir innlendra samkeppnisyfirvalda eða dómstóla megi ekki brjóta í bága við þær ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur tekið í sömu málum. Af EES-samningnum leiðir að sama á við um Eftirlitsstofnun EFTA. Enda þótt segja megi að það sé að vissu marki í samræmi við viðteknar venjur við skýringu landsréttar til samræmis við þjóðarétt varð skuldbinding um að taka sérstakt ákvæði um það í lög tilefni til að leita eftir áliti prófessors Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors á því hvort það rúmaðist innan valdheimilda löggjafans. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum hans í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins.

Ef litið er til þeirra mála sem samkeppnisyfirvöld hafa haft til meðferðar síðastliðin tíu ár er ekki fyrirsjáanlegt að 53. og 54. gr. EES-samningsins verði oft beitt í framkvæmd.

Breytingar vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 139/2004.

Reglugerð Evrópusambandsins nr. 139/2004 er í eðli sínu hluti af EES-regluverkinu og hefur þar af leiðandi verið talin EES-tæk. Önnur efnisákvæði bókunar 4 með framangreindum samningi verða tekin upp í reglugerð á grundvelli 32. gr. samkeppnislaga. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar nr. 78 og 79 frá 8. júní 2004. Ákvörðun nr. 78/2004 snertir þær greinar reglugerðarinnar sem innleiddar verða í innlendan rétt með reglugerð. Ákvörðun nr. 79/2004 snertir 22. gr. reglugerðarinnar sem innleiða verður í innlendan rétt með lögum en sú ákvörðun tekur gildi þegar stjórnskipunarleg skilyrði eru uppfyllt í EFTA- ríkjunum. Jafnframt eru nýju málsmeðferðarreglurnar teknar upp í ESA-samninginn með tveimur ákvörðunum fastanefndar EFTA frá 4. júní 2004 um breytingar á bókun 4 með ESA-samningnum.

Reglugerð 139/2004 varðandi samruna tekur til allra samruna fyrirtækja sem ná þeim veltumörkum er þar koma fram. Þau veltumörk ráða einnig skiptingu samrunamála milli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og framkvæmdastjórnar EB. Vegna þess hve umrædd veltumörk eru há er harla ólíklegt að ESA taki nokkurn tímann til meðferðar samrunamál sem fellur undir reglugerðina. Ákvæðum EES-samningsins um samruna verður því í raun aðeins

beitt af framkvæmdastjórn EB. Sé nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að afla gagna hjá EFTA-ríki skal slík gagnaöflun framkvæmd af Eftirlitsstofnun EFTA f.h. framkvæmdastjórnarinnar, sbr. 4.–6. mgr. 8. gr. bókunar 24 með EES-samningnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir markmiðum samkeppnislaga, en þau eru að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá núgildandi samkeppnislögum, að því undanskildu að fellt er brott úr lögunum að markmiðum þeirra skuli ná með því að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum. Breytinguna leiðir af þeirri ákvörðun að fella ákvæði um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum úr samkeppnislögum og setja í sérstök lög.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gildissvið samkeppnislaga. Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum. Annars vegar er kveðið á um það í 1. mgr. að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi en í 2. mgr. er tekið af skarið um það að lögin taki ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

Um 3. gr.

Í greininni er gildissvið laganna afmarkað enn frekar en gert er í 2. gr. Í ákvæðinu, sem er óbreytt frá núgildandi lögum, er kveðið á um það að lögin eigi við um alla samninga, skilmála og athafnir sem ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Þá er kveðið á um að lögin taki ekki til samninga skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði VII. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Loks er í ákvæðinu kveðið á um að Samkeppniseftirlitið skuli aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna skýringar á merkingu einstakra orða í samkeppnislögum. Þau orð sem skýrð eru í ákvæðinu eru atvinnurekstur, fyrirtæki, fyrirtækjasamstæða, markaðsráðandi staða, markaður, neytandi, samruni, sölustig, vara, verð, yfirráð og þjónusta.

Skýringarnar í ákvæðinu eru samhljóða skýringum á sömu hugtökum í gildandi samkeppnislögum, að undanskilinni skilgreiningu á verði, en skýringu á orðinu hefur verið breytt í þá veru að tekin eru af öll tvímæli um að uppgefið verð á vöru og þjónustu skuli ávallt fela í sér öll tilheyrandi gjöld. Þetta er gert í ljósi þess að fjöldi mála hefur komið upp hjá Samkeppnisstofnun þar sem neytendum eru gefnar rangar og villandi verðupplýsingar þar sem skattar og gjöld hafa ekki verið innifalin í verði. Það sem átt er við með að taka fram að opinber gjöld skuli innifalin „þar sem við á“ er að í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, eru ákveðnar þjónustugreinar undanþegnar virðisaukaskatti sbr. 2. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig stjórnsýslu samkeppnismála skuli háttað. Lagt er til að samkeppnisráð verði lagt niður og verkefni þess flutt til Samkeppniseftirlitsins og þriggja manna stjórnar sem lagt er til að stofnuninni verði skipuð.

Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd samkeppnislaga, en að Samkeppniseftirlitið annist daglega stjórnsýslu á gildissviði laganna í umboði ráðherra.

Þó að viðskiptaráðherra fari með yfirstjórn samkeppnismála er honum ekki ætlað að hafa bein afskipti af stjórn Samkeppniseftirlitsins og er því talið nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni.

Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í stjórn Samkeppniseftirlitsins til fjögurra ára í senn. Þá er einnig lagt til að það verði í höndum ráðherra að skipa formann stjórnar og ákveða þóknun stjórnarmanna.

Lagt er til að það verði hlutverk stjórnar Samkeppniseftirlitsins að móta áherslur í starfi stofnunarinnar og fylgjast með starfsemi og rekstri hennar. Þá er einnig lagt til að áður en Samkeppniseftirlitið tekur meiri háttar ákvarðanir skuli þær bornar undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Með því er ætlunin að tryggja enn frekar að meðalhófs sé gætt í öllum aðgerðum stofnunarinnar. Stjórninni er ætlað að móta samskipti sín við stofnunina, forstjóra og starfsmenn hennar og skilgreina þannig nánar hvers konar ákvarðanir bera skal undir stjórnina.

Áhersla er lögð á það að tillagan felur í sér að Samkeppniseftirlitinu er ætlað að taka ákvarðanir í öllum málum, þó þannig að stofnuninni ber að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórn stofnunarinnar til samþykktar eða synjunar. Þrátt fyrir að ákvörðun í einstöku máli hafi verið borin undir stjórnina er það samt sem áður Samkeppniseftirlitið sem er úrskurðaraðilinn.

Stjórnskipulag þetta er sambærilegt skipulagi Fjármálaeftirlitsins, en þar fer þriggja manna stjórn með yfirstjórn stofnunarinnar og hefur hún sama hlutverk og lagt er til að stjórn Samkeppniseftirlitsins hafi. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur sett sér reglur um störf stjórnar þar sem nánar er kveðið á um verkaskiptingu stjórnar og forstjóra stofnunarinnar, eftirlit stjórnarinnar með rekstri stofnunarinnar, mótun áherslna og eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og viðmið um það hvaða mál skuli bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Sem dæmi um mál sem stjórn Fjármálaeftirlitsins telur til meiri háttar ákvarðana sem bera þurfi undir stjórnina til samþykktar eða synjunar eru ákvarðanir um dagsektir eða févíti og ákvarðanir um að leggja til afturköllun starfsleyfis eftirlitsskylds aðila. Ekki er þó ætlunin að þau viðmið sem stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur sett verði lögð til grundvallar við mótun samskipta Samkeppniseftirlitsins og stjórnar stofnunarinnar, enda er það stjórnar Samkeppniseftirlitsins að taka ákvörðun um það hvers konar ákvarðanir stofnunin skal bera undir stjórnina með hliðsjón af eðli þeirra mála sem þar verða til meðferðar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um ráðningu og starfssvið forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Í ákvæðinu er kveðið á um hlutverk forstjóra Samkeppniseftirlitsins, en samkvæmt ákvæðinu skal hann annast daglegan rekstur og stjórnun stofnunarinnar undir yfirumsjón stjórnarinnar. Þá er það hlutverk forstjóra að ráða starfsmenn stofnunarinnar. Starf forstjóra Samkeppniseftirlitsins verður í eðli sínu ólíkt starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar, enda umfang starfsemi stofnunarinnar annað þegar málefni er varða eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og þau verkefni sem Samkeppnisstofnun vann á grundvelli ákvæða sérlaga hafa verið flutt til annarrar stofnunar. Þá breytir það eðli starfa forstjóra mikið að lagt er til að samkeppnisráð verði fellt niður og öll ákvarðanataka færð í hendur Samkeppniseftirlitinu.

Í ljósi þess að Samkeppniseftirlitinu er ætlað að vera eini úrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustigi er enn mikilvægara en áður að Samkeppniseftirlitið sé faglega sjálfstætt gagnvart viðskiptaráðherra. Því er lagt til að forstjóri sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar og að hann beri ábyrgð gagnvart henni. Þá er lagt til að stjórn Samkeppniseftirlitsins ákveði starfskjör forstjóra hennar og er því litið svo á að forstjóri sé ekki embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er kveðið á um hæfi stjórnarmanna og forstjóra Samkeppniseftirlitsins, en slíkar reglur eru taldar nauðsynlegar til að tryggja trúverðugleika stofnunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að þeir einir geti setið í stjórn stofnunarinnar sem hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála.

Í 3. mgr. er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna og forstjóra til starfa. Er lagt til að stjórnarmenn og forstjóri skuli vera lögráða og mega þeir aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þá skulu þeir hafa óflekkað mannorð og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot í tengslum við atvinnurekstur. Þykir nauðsynlegt að hafa ákvæði um almennt hæfi í lögum þar sem mikilvægt er að stjórnarmenn og forstjóri njóti trausts og séu hlutlægir.

Í 4. mgr. er loks að finna ákvæði um sérstakt hæfi stjórnarmanna og forstjóra stofnunarinnar. Þar er kveðið á um að stjórnarmönnum og forstjóra sé óheimilt að taka þátt í meðferð einstakra mála ef þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins eða ef málið varðar aðila sem eru tengdir þeim persónulega eða fjárhagslega.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um hlutverk og málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Í 1. mgr. er að finna ákvæði um hlutverk Samkeppniseftirlitsins og er ákvæðið að nokkru leyti hliðstætt ákvæði 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga þar sem kveðið er á um hlutverk samkeppnisráðs, enda er Samkeppniseftirlitinu ætlað að taka yfir verkefni ráðsins að flestu leyti. Þær breytingar sem lagðar eru til eru annars vegar breytingar sem leiðir af því að lagt er til að felld verði brott úr lögunum ákvæði um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og ákvæði um eftirlit með gegnsæi markaðarins og hins vegar breytingar sem miða að því að skýra síðasta staflið málsgreinarinnar og gera hann markvissari.

Í 1. mgr. 8. gr. núgildandi samkeppnislaga er fjallað um hlutverk Samkeppnisstofnunar, en samkvæmt ákvæðinu felst það í því að undirbúa mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Jafnframt er stofnuninni heimilað í ákvæðinu að taka bráðabirgðaákvarðanir um einstök mál sem síðar skulu lagðar fyrir samkeppnisráð. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um það að samkeppnisráð geti falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum. Hefur ráðið gert það í reglum um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001. Í frumvarpinu er lagt til að Samkeppniseftirlitið hafi það hlutverk sem Samkeppnisstofnun hefur haft með höndum við vinnslu og undirbúning mála. Samkeppniseftirlitinu er samkvæmt frumvarpinu einnig falið það hlutverk, sem áður var í höndum samkeppnisráðs, að kveða upp úrskurði á neðra stjórnsýslustigi. Ákvæði um heimildir Samkeppniseftirlits til að taka bráðabirgðaákvarðanir hafa hins vegar verið

færð í lokamálsgrein 16. gr. frumvarpsins, en þau þykja eiga betur heima í kaflanum um eftirlit með samkeppnishömlum en í stjórnsýslukaflanum.

Samkvæmt ákvæðinu er hlutverk Samkeppniseftirlitsins í fyrsta lagi að framfylgja samkeppnislögum og veita undanþágur samkvæmt þeim. Í öðru lagi skal stofnunin ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja. Í þriðja lagi er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og skal stofnunin benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði. Loks er lagt til að það verði hlutverk Samkeppniseftirlitsins, eins og það er nú hlutverk samkeppnisráðs, að fylgjast með þróun samkeppnis- og viðskiptahátta á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Síðasta staflið 1. mgr. var bætt við núgildandi samkeppnislög á árinu 2000, sbr. lög nr. 107/2000. Kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að með breytingunni væri samkeppnisráði á skýran hátt falið það verkefni að fylgjast með þróun samkeppnis- og viðskiptahátta í íslensku viðskiptalífi, m.a. í því skyni að kanna hvort tilteknar aðstæður séu á einstökum mörkuðum sem raskað geta samkeppni. Þá segir í greinargerðinni: „Mikilvægt er að samkeppnisyfirvöld framkvæmi slíkar athuganir og hafi til þess skýra heimild. Slíkar athuganir geta leitt til þess að samkeppnisráð birti skýrslur um athuganir á mörkuðum sem verði öllum aðgengilegar og geti stuðlað að opinberri umræðu um samkeppnismál. Einnig geta slíkar athuganir leitt til þess að samkeppnisyfirvöld grípi til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni.“ Þrátt fyrir það að í greinargerðinni komi fram að athuganirnar geti leitt til skýrslubirtinga eða aðgerða af hálfu samkeppnisyfirvalda er aðeins kveðið á um það í ákvæðinu sjálfu að samkeppnisráð skuli „fylgjast með“ og „kanna“, en ekki er kveðið á um það hvað gera skal við upplýsingarnar. Því er lagt til að bætt verði við ákvæðið lið þess efnis að Samkeppniseftirlitið skuli birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að Samkeppniseftirlitið skuli setja sér reglur um málsmeðferð. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga þar sem kveðið er á um að samkeppnisráð skuli setja sér málsmeðferðarreglur. Eðlilegt er að Samkeppniseftirlitið geri slíkt hið sama þegar stofnunin tekur að mestu við hlutverki samkeppnisráðs.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að ákveða hvaða mál eru rannsökuð og í hvaða röð er fjallað um þau hjá stofnuninni, en til að stofnuninni sé unnt að sinna því eftirliti sem henni er falið samkvæmt frumvarpi þessu er mikilvægt að yfirstjórn hennar sé gert kleift að taka ákvarðanir um að sinna fyrst og fremst þeim verkefnum sem brýnast þykir að sinna í því skyni að efla samkeppni.

Í 1. málsl. 3. mgr. er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið skuli taka ákvörðun um hvort erindi sem berst stofnuninni gefi nægar ástæður til rannsóknar. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði danskra samkeppnislaga en í ljósi þess fjölda erinda sem berast samkeppnisyfirvöldum á ári hverju þykir eðlilegt að stofnuninni verði veitt skýr heimild í lögum til að ákveða hvort ástæða er til að rannsaka mál í kjölfar erindis eða ábendingar. Í 2. málsl. 3. mgr. er kveðið á um það að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að raða málum í forgangsröð við afgreiðslu þeirra. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. núgildandi samkeppnislaga þar sem samkeppnisráði er veitt sambærileg heimild.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um áfrýjunarnefnd samkeppnismála og heimild til að skjóta ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndarinnar.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að tilvísanir til samkeppnisráðs hafa verið felldar brott og í stað þess að kveða á um að skipunartími áfrýjunarnefndarinnar sé hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs er lagt til að skipunartími áfrýjunarnefndarinnar miðist við skipunartíma stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem er samhljóða 10. gr. gildandi samkeppnislaga. Í ákvæðinu er lagt bann við öllum samkeppnishamlandi samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja og er ákvæðið í samræmi við 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og 81. gr. Rómarsamningsins. Önnur ákvæði frumvarpsins geta þó haft þau áhrif að samningar, samþykktir eða samstilltar aðgerðir falli ekki undir bann ákvæðis 10. gr.

Um 11. gr.

Ákvæðið er samhljóða 11. gr. gildandi samkeppnislaga, en í því er lagt bann við misnotkun á markaðsyfirráðum. Ákvæðið er í samræmi við 54. gr. EES-samningsins og 82. gr. Rómarsamningsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir samkeppnisyfirvalda. Nær bannið einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 12. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 13. gr.

13. gr. frumvarpsins er samhljóða 13. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu er kveðið á um það hvaða samningar eru undanþegnir bannákvæði 10. gr. frumvarpsins, en viðmiðunarmörk ákvæðisins miðast við markaðshlutdeild.

Um 14. gr.

Lagt er til að 14. gr. verði óbreytt frá 14. gr. núgildandi samkeppnislaga, að öðru leyti en því að lagt er til að Samkeppniseftirlitinu verði falin þau verkefni sem samkeppnisráð á að sinna samkvæmt núgildandi ákvæði. Í greininni er kveðið á um heimild Samkeppniseftirlitsins til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá opinberum fyrirtækjum eða fyrirtækjum sem starfa að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur verndar annars vegar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá ákvæðum 10. og 12. gr. um bann við samkeppnishamlandi samvinnu fyrirtækja og samtaka fyrirtækja. Ákvæðið er samhljóða 16. gr. núgildandi samkeppnislaga, að öðru leyti en því að lagt er til að Samkeppniseftirlitinu verði falin þau verkefni sem samkeppnisráð sinnir samkvæmt núgildandi ákvæði.

Um 16. gr.

Ákvæði 16. gr. frumvarpsins hefur sama tilgang og ákvæði 17. gr. núgildandi samkeppnislaga. Þá er lagt til að í 16. gr. verði kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að taka bráðabirgðaákvarðanir.

Lagt er til að a- og b-liðir 1. mgr. verði sambærilegir a- og b-liðum 1. mgr. 17. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að Samkeppniseftirlitinu verði falin þau verkefni sem áður voru í höndum samkeppnisráðs. Í a- og b-liðum málsgreinarinnar er kveðið á um þær aðgerðir sem Samkeppniseftirlitið getur gripið til gegn brotum á ákvæðum 10., 11. og 12. gr. og athöfnum opinberra aðila sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hins vegar er lagt til að c-liður 1. mgr. núgildandi 17. gr. samkeppnislaga falli brott, en þar er kveðið á um að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ákvæðið kom inn í samkeppnislög árið 1993 að tilstuðlan efnahags- og viðskiptanefndar og koma rökin fyrir breytingunni m.a. fram í ræðu Steingríms J. Sigfússonar í 2. umræðu um frumvarp til samkeppnislaga á 68. fundi 2. desember 1992, sbr. og andsvar Vilhjálms Egilssonar. Nefndin taldi vanta *„heimild til handa samkeppnisráði til að bregðast við, ekki vegna einhverra sérstakra tiltekinna ákvarðana í fyrirtæki, ekki vegna samninga sem fyrirtæki hafa gert, ekki vegna einhverra skilmála eða athafna sem lægju fyrir og hægt væri að vísa í, heldur einfaldlega vegna aðstæðna sem menn gætu staðið frammi fyrir og kölluðu á að gripið væri til aðgerða“*. Ákvæðið er ekki í samræmi við samkeppnisreglur Evrópusambandsins og ef það yrði haft óbreytt í lögunum ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til í 2. mgr. þessarar greinar hefði Samkeppniseftirlitið víðtækari heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga en t.d. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld þar sem heimildin til að krefjast skipulagsbreytinga yrði ekki takmörkuð við að fyrirtæki hefði brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvað falist getur í aðgerðum Samkeppniseftirlitsins í því skyni að stöðva brot gegn ákvæðum laganna eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og er ákvæðið nokkuð frábrugðið 2. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Samkvæmt gildandi lögum geta aðgerðir samkeppnisráðs gegn brotum á lögunum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Í greininni segir einnig að aðgerðir geti m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein. Ákvæðið er nokkuð víðtækt og gerir samkeppnisráði kleift að beita ýmsum úrræðum. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1998 kemur fram að samkeppnisráð telji að skv. 17. gr. hafi það heimildir til að grípa til hvers konar ráðstafana sem unnt sé að sýna fram á með rökum að séu nauðsynlegar til að tryggja virka samkeppni, nema skýr ákvæði sérlaga eða ákvæði stjórnarskrár mæli fyrir um annað. Þá kemur fram í ákvörðun ráðsins að það telji að það hafi ótvíræða heimild til að mæla fyrir um að skipta skuli upp fyrirtæki eða að fyrirtæki skuli stofna sérstakt fyrirtæki um hluta starfsemi sinnar ef markmiðum samkeppnislaga verði ekki náð með öðru og vægara móti. Þegar þessari ákvörðun samkeppnisráðs var skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála fjallaði nefndin ekki efnislega um þessi viðhorf samkeppnisráðs. Þá hefur ekki reynt á þessi viðhorf fyrir íslenskum dómstólum og hafa komið fram efasemdir hjá fræðimönnum á sviði lögfræði um að heimildir samkeppnislaga séu nægilega skýrar til að samkeppnisyfirvöld geti mælt fyrir um slíkar skipulagsbreytingar. Í ljósi þessa er lagt til að sett verði í samkeppnislög skýr heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að krefjast þess að fyrirtæki breyti skipulagi sínu.

Breytingarnar eru lagðar til samkvæmt niðurstöðu meiri hluta nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og eru þær í samræmi við breytingar sem nýlega voru gerðar á samkeppnisreglum Evrópusambandsins og norskum samkeppnislögum. Hinn 1. maí sl. tók gildi innan Evrópusambandsins ný reglugerð nr. 1/2003 sem leysir af hólmi reglugerð nr. 17/62. Í 7. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um heimildir framkvæmdastjórnarinnar þegar hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn samkeppnisákvæðum í 81. og 82. gr Rómarsáttmálans. Samkvæmt ákvæðinu getur framkvæmdastjórnin krafist þess að þau fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brotið hafa ákvæðin láti af brotinu. Í því skyni að stöðva brotin er framkvæmdastjórninni heimilt að beita úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt reynist til að stöðva það í reynd. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að beita úrræðum til breytinga á skipulagi ef sýnt þyki að ekki séu fyrir hendi árangursrík úrræði til breytingar á atferli hins brotlega aðila eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytinga á skipulagi.

Í mars sl. voru samþykkt í Noregi ný samkeppnislög sem tóku gildi 1. maí. Nokkur nýmæli eru í lögunum og byggjast þau m.a. á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1/2003. Í 10. gr. norsku laganna er ákvæði sem er sambærilegt 10. gr. gildandi samkeppnislaga og 10. gr. frumvarps þessa, en það bannar alla samninga og samþykktir milli fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni. 11. gr. norsku laganna, sem er sambærileg 11. gr. núgildandi samkeppnislaga og 11. gr. frumvarps þessa, kveður á um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í 12. gr. norsku laganna er síðan kveðið á um vald samkeppnisyfirvalda til að krefjast þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn 10. eða 11. gr. láti af brotum sínum. Í því skyni að stöðva brot er samkeppnisyfirvöldum heimilt að beita hverjum þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru. Af því leiðir að norsk samkeppnisyfirvöld geta kveðið á um bæði atferlis- og skipulagsbreytingar. Þó kemur fram í ákvæðinu að ekki skuli mæla fyrir um skipulagsbreytingar nema ekki séu fyrir hendi árangursrík úrræði til breytingar á atferli hins brotlega aðila eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytinga á skipulagi. Ákvæðið er nýmæli í norskum lögum og byggist það á 7. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði veittar sambærilegar heimildir og norsk samkeppnisyfirvöld hafa auk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, en þær hafa vald til að beita úrræðum til skipulagsbreytinga gagnvart íslenskum fyrirtækjum sem brotið hafa gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins, þ.e. ef um er að ræða samkeppnishindrun sem hefur áhrif á Evrópska efnahagssvæðinu eða í Evrópusambandinu. Í ljósi þessa verður að teljast eðlilegt að lögfesta heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að krefjast úrræða til skipulagsbreytinga gagnvart íslenskum fyrirtækjum sem brjóta gegn samkeppnislögum á íslenskum markaði.

Samkvæmt frumvarpinu munu aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geti falið í sér allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna og bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Aðgerðir sem Samkeppniseftirlitið getur beitt til atferlisbreytinga bæði samkvæmt núgildandi lögum og samkvæmt frumvarpi þessu geta m.a. falið í sér að kveðið sé á um bann við ákveðnum samningum eða samningsskilyrðum, fyrirmæli um að samningum skuli slitið eða samningsskilyrðum breytt. Þá geta samkeppnisyfirvöld heimilað samninga með ákveðnum skilyrðum og ákvarðað um verð eða viðskiptakjör fyrirtækja og fyrirtækjahópa.

Sem dæmi um aðgerðir sem lagt er til að Samkeppniseftirlitið geti beitt til skipulagsbreytinga má nefna kröfu um að fyrirtæki sé skipt upp í tvö eða fleiri fyrirtæki. Eins felst í heimild til að krefjast skipulagsbreytinga að Samkeppniseftirlitið geti krafist þess að fyrirtæki skilji ákveðna starfsemi frá annarri starfsemi og komi henni fyrir í sérstöku fyrirtæki.

Tillögur frumvarpsins fela þó ekki í sér að Samkeppniseftirlitinu verði veittar algjörlega frjálsar hendur við beitingu úrræðanna, heldur er að finna í ákvæðinu ákveðin skilyrði fyrir beitingu þeirra. Þannig er tekið fram að Samkeppniseftirlitið skuli beita úrræðum bæði til breytinga á atferli og skipulagi í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Þá er lagt til að einungis verði heimilt að beita úrræðum til breytinga á skipulagi ef að ekki er fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytinga á atferli eða í þeim tilvikum þar sem að jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi. Því er ljóst að ákvæðum um breytingar á skipulagi verður aðeins beitt þegar önnur úrræði þrýtur og að breytingar á skipulagi fyrirtækis teljast aðeins í réttu hlutfalli við brotið ef veruleg hætta er talin á því að óbreytt skipulag fyrirtækis leiði af sér langvarandi eða endurtekin brot. Það er ljóst að úrræði til skipulagsbreytinga geta verið meira íþyngjandi en úrræði til atferlisbreytinga. Því ber samkeppnisyfirvöldum að gæta þess að beita ekki í einstökum málum úrræðum sem eru óþarflega íþyngjandi fyrir viðkomandi fyrirtæki. Þrátt fyrir þetta verður að telja nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld hafi heimild til að kveða á um skipulagsbreytingar til að stöðva brot endanlega, t.d. þar sem mikil hætta er á að fyrirtæki brjóti stöðugt eða ítrekað gegn ákvæðum samkeppnislaga vegna skipulags starfseminnar.

Í 3. og 4. mgr. er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði veittar heimildir til að taka ákvarðanir til bráðabirgða í einstökum málum, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimild til töku bráðabirgðaákvarðana sem er í 8. gr. samkeppnislaga falli brott. Lagt er til að 3. mgr. 16. gr. verði að mestu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. reglna samkeppnisráðs nr. 922/2001, þannig að kveðið verði á um að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að taka bráðabirgðaákvarðanir um einstök mál að uppfylltum tveimur skilyrðum. Annars vegar verður að þykja sennilegt að háttsemi eða aðstæður sem eru til athugunar fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða ef athafnir opinberra aðila hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hins vegar verður að vera líklegt að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins leiði til röskunar á samkeppni sem verði afstýrt með endanlegri ákvörðun eða málið að öðru leyti þolir ekki bið. Í 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að bráðabirgðaákvarðanir skuli gilda í tiltekinn tíma og að unnt sé að endurnýja þær ef það er talið nauðsynlegt.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um samrunareglur og er það samhljóða 18. gr. núgildandi samkeppnislaga að öðru leyti en því að lagt er til að Samkeppniseftirlitinu verði falin þau verkefni sem samkeppnisráð sinnir samkvæmt núgildandi ákvæði.

Um 18. gr.

Samkvæmt greininni skal Samkeppniseftirlitið, ef það telur ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríða gegn markmiði samkeppnislaga og torvelda frjálsa samkeppni í viðskiptum, vekja athygli ráðherra á því. Einnig ber stofnuninni að birta álitið almenningi eftir að það hefur verið kynnt ráðherra. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 19. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að þar hvílir skyldan á samkeppnisráði og Samkeppnisstofnun.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um heimildir samkeppnisyfirvalda til aðgangs að upplýsingum og upplýsingagjöf. Ákvæðið er samhljóða 39. gr. að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið taki við hlutverki Samkeppnisstofnunar.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að gera athuganir á starfsstöðvum fyrirtækja að uppfylltum ákveðnum skilyrðum við rannsókn máls.

1. mgr. ákvæðisins er nær óbreytt frá 1. mgr. 40. gr. núgildandi laga. Þar er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn í þeim tilvikum þar sem ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.

2. mgr. ákvæðisins er sambærileg við ákvæði 2. mgr. 40. gr. núgildandi laga, en þar er kveðið á um að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum. Hefur ákvæðið verið túlkað svo í framkvæmd að nauðsynlegt sé að afla dómsúrskurðar áður en vettvangsrannsókn er gerð.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu er annars vegar fjallað um beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins og hins vegar um upplýsingagjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

Ákvæði 1. mgr. eru nýmæli, en þar kemur fram hvaða aðilar hafa heimild samkvæmt frumvarpinu til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins. Þeir eru annars vegar Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA-dómstóllinn og hins vegar innlend yfirvöld, þ.e. samkeppnisyfirvöld og dómstólar. Jafnframt er í greininni kveðið á um hvaða reglur gildi um beitingu samkeppnisreglna samningsins.

Lögfesting ákvæðisins er nauðsynleg vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003 sem verður hluti af EES-samningnum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru að mestu samhljóða ákvæðum 41. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum. Lögð er til nokkur breyting á ákvæðinu sem er nú í 42. gr. samkeppnislaga.

Lagt er til að Eftirlitsstofnun EFTA geti framkvæmt vettvangsskoðun á grundvelli bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samninginn). Leiðir þetta til þess að Eftirlitsstofnun EFTA fær víðtækari leitarheimildir en hún hefur haft áður.

Í 2. mgr. 20. gr. bókunar 4 er fjallað um húsleitarheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar kemur fram að starfsmenn Eftirlitsstofnunarinnar skuli hafa aðgang að fasteign, landi og farartækjum fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Einnig hafa starfsmenn stofnunarinnar heimild til að skoða og taka afrit af bókum og öðrum gögnum tengdum fyrirtækinu, óháð því í hvaða formi þau eru geymd. Jafnframt geta starfsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA innsiglað fasteignir eða gögn í þann tíma sem nauðsynlegt er meðan á rannsókn stendur og loks geta starfsmenn Eftirlitsstofnunarinnar óskað eftir skýringum starfsmanna fyrirtækis á staðreyndum eða gögnum er varða efni rannsóknarinnar og bókað svörin.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. bókunar 4 skulu starfsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA við upphaf húsleitar sýna skriflega leitarheimild þar sem fram kemur tilgangur og efni leitar, svo og

viðurlög ef samstarfsörðugleikar koma upp. Fyrirtæki geta kært ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um leit til EFTA-dómstólsins. Sé fyrirtæki ósamvinnuþýtt skulu samkeppnisyfirvöld, þar sem leit fer fram, veita nauðsynlega aðstoð, svo sem varðandi húsleitarheimild dómstóls eða aðstoð lögreglu. Ef aðili sem húsleit beinist gegn leggst gegn leitinni skal leita húsleitarheimildar dómstóls fyrir fram í samræmi við innlendar reglur og aðeins gripið til hennar ef nauðsyn krefur, sbr. 7. mgr. 20. gr. bókunar 4. Dómstóll mun þá ganga úr skugga um að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um húsleit sé hvorki gerræðisleg né óhófleg í ljósi tilefnis leitarinnar. Við eftirlitið getur dómstóll óskað eftir ítarlegum útskýringum, m.a. um hvað liggi til grundvallar grun um ætluð brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins, svo og alvarleika ætlaðs brots og um hlutdeild viðkomandi fyrirtækis í ætluðu broti. Dómstólnum er óheimilt að vefengja nauðsyn rannsóknarinnar, svo og að óska eftir öllum gögnum Eftirlitsstofnunar EFTA um málið. Lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunarinnar um húsleit verður aðeins endurskoðað af EFTA-dómstólnum. Slík takmörkun er einnig í gildandi lögum.

Í 21. gr. bókunar 4 kemur fram að sé fyrir hendi rökstuddur grunur um að bækur eða önnur gögn, sem varða efni rannsóknarinnar og geta sannað alvarlegt brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins, séu geymd á öðrum stað, svo sem á heimilum stjórnenda, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna, getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun um að leita þar. Slíka ákvörðun má þó ekki framkvæma nema fyrir liggi leitarheimild innlends dómstóls. Dómstóll skal ganga úr skugga um að þau úrræði sem gripið hafi verið til séu hvorki gerræðisleg né óhófleg í ljósi alvarleika meints brots, mikilvægis þeirra sönnunargagna sem verið er að leita að og líkinda á því að gögn séu á þeim stað sem húsleitarheimildin nær til. Dómstóll getur spurt Eftirlitsstofnun EFTA beint eða fyrir milligöngu Samkeppniseftirlitsins eftir nákvæmum útskýringum á þeim atriðum þar sem frekari skýringa er þörf til þess að framfylgja þessu eftirliti. Eins og í gildandi lögum er dómstólnum aftur á móti óheimilt að vefengja nauðsyn á húsleitinni eða krefjast allra málsgagna Eftirlitsstofnunar EFTA. Lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunarinnar um húsleit getur aðeins EFTA-dómstóllinn endurskoðað.

Ákvæði bókunar 4 eru í samræmi við ákvæði 20. og 21. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003 þar sem fjallað er um heimildir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til vettvangsrannsókna.

Um 23. gr.

Ákvæði 23. gr. frumvarpsins eru samhljóða ákvæðum 43. gr. núgildandi samkeppnislaga, en þar er kveðið á um að lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda sé því ekki til fyrirstöðu að þau gefi Eftirlitsstofnun EFTA eða fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem fjalla um samkeppnismál nauðsynlegar upplýsingar.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins annars vegar og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Evrópudómstólsins hins vegar til að leggja á sektir vegna brota á samkeppnisreglum EES-samningsins, ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eða á reglum sem settar eru á grundvelli íslenskra samkeppnislaga. Ákvæðið er óbreytt frá 44. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Ákvæði 25. gr. eru nýmæli, en jafnframt er lagt til að ákvæði 45. gr. gildandi laga, þess efnis að ákvæði í 1.–3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn um samkeppni varðandi verslun

með kol og stál skuli hafa lagagildi hér á landi, falli brott enda er lagt til að almennar samkeppnisreglur gildi um viðskipti með þessar vörur.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvernig Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála skuli beita 53. og 54. gr. EES-samningsins. Vegna takmarkana í EES-samningnum geta innlend samkeppnisyfirvöld ekki beitt 53. og 54. gr. hafi ESA hafið málsmeðferð í sama máli. Er 53. og 54. gr. aðeins beitt í þeim tilfellum þar sem áhrifa gætir á Evrópska efnahagssvæðinu. Það á einnig við um beitingu Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndarinnar á ákvæðinu. Dómar EFTA-dómstólsins og EB-dómstólsins eru fordæmisgefandi við mat á því hvort áhrifa gætir á svæðinu.

Ákvæði 2. mgr. taka til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun í sama máli. Með þessu ákvæði er reynt að tryggja samræmda og einsleita beitingu á 53. og 54. gr. EES-samningsins milli Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála og Eftirlitsstofnunar EFTA. Ákvæðið á að koma í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála taki ákvarðanir sem gangi í berhögg við ákvarðanir Eftirlitsstofnunarinnar í sama máli. Ákvæðið er samsvarandi 2. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003.

Ákvæði 3. mgr. fjallar um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins um að draga til baka hópundanþágureglugerð. Slíkar ákvarðanir eru teknar samkvæmt málsmeðferðarreglum stofnunarinnar. Aðilum máls er þá tryggður andmælaréttur áður en ákvörðun er tekin.

Ákvæði 4. mgr. fjallar um framsendingu mála til ESA. Þegar slíkt kemur til er andmælaréttur aðila takmarkaðri en fram kemur í málsmeðferðarreglum Samkeppniseftirlitsins.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er fjallað um samspil samkeppnislaga og samkeppnisreglna EES-samningsins. Ef áhrifa af aðgerðum fyrirtækja gætir á Evrópska efnahagssvæðinu og hér á landi þannig að 53. og 54. gr. samningsins eiga við, svo og 10. eða 11. gr. samkeppnislaga, skal báðum bálkum beitt. Samhliða beiting getur haft í för með sér ólíkar niðurstöður eftir því hvort regluverkið er lagt til grundvallar. Ef ákvæðin stangast á skal innlendur samkeppnisréttur víkja. EES-rétturinn takmarkar því að vissu marki beitingu innlendra samkeppnislaga þegar 53. eða 54. gr. eiga við. Þar af leiðandi er skilyrði fyrir samhliða beitingu samkeppnislaga í þessum tilvikum að þau takmarki ekki og hamli ekki samhliða beitingu EES-samkeppnisreglna.

Í 1.–2. mgr. er áréttað að hafi tiltekin athöfn fyrirtækis áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 53. og 54. gr. EES-samningsins, auk þess að hafa áhrif á Íslandi, fellur sú athöfn innan beggja kerfa. Þeim er með öðrum orðum beitt samtímis. Ef skilyrðið um áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu er ekki uppfyllt verður 53. og 54. gr. ekki beitt heldur aðeins samkeppnislögum. Þar eð 53. og 54. gr. eru samhljóða 10. og 11. gr. samkeppnislaga er lítil hætta á að beiting ákvæðanna skarist.

Í 4. mgr. kemur skýrt fram að gildissvið 1.–3. mgr. greinar þessarar tekur ekki til beitingar 17. gr. samkeppnislaga um eftirlit með samfylkingum eða annarra ákvæða samkeppnislaga sem hafa aðallega annan tilgang en 53. og 54. gr. EES-samningsins enda sé eigi kveðið á um annað í EES-rétti.

Um 27. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 1. mgr. 16. gr. bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, svo og 1. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82.

gr. Rómarsáttmálans, sbr. 53. og 54. gr. EES-samningsins, og eru sett til að tryggja samræmi í beitingu þeirra alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þegar dómstóll fellir úrskurð eða kveður upp dóm um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrskurður hans eða dómur ekki brjóta í bága við þá ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin hefur tekið. Hann skal enn fremur forðast að fella úrskurð eða kveða upp dóma sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin kann að taka í máli sem hún hefur tekið til meðferðar. Dómstóll getur í þessu skyni ákveðið að fresta meðferð málsins fyrir dóminum. Ákvæði greinarinnar taka ekki til almennra lögskýringa Eftirlitsstofnunarinnar heldur einungis ákvörðunarorða hennar í viðkomandi máli. Dómstóll getur þó, meðan á málsmeðferð stendur, beðið um ráðgefandi álit hjá EFTA-dómstólnum á grundvelli 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir að dómstólum sé við ákveðnar aðstæður rétt að gera ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA að sínum. Er ákvæðinu er ætlað að innleiða í íslenskan rétt þær skuldbindingar sem leiðir af samningi EFTA-ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Í 16. gr. endurskoðaðrar bókunar 4 er samkvæmt orðanna hljóðan aðeins vísað til ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA. Tekur orðalag frumvarpsins því mið af orðalagi þess ákvæðis. Í þessu sambandi er eigi að síður rétt að hafa í huga að 56. gr. EES-samningsins gerir einnig ráð fyrir að framkvæmdastjórn EB geti átt lögsögu í málum þar sem reynir á beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þótt gert sé ráð fyrir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fari áfram ein með þau mál sem falla undir valdsvið hennar skv. 56. gr. EES-samningsins er ekki loku fyrir það skotið að íslenskir dómstólar gætu fengið til meðferðar mál þar sem reyndi á 53. og 54. gr. EES-samningsins og féllu undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 56. gr. samningsins. Með hliðsjón af 3. gr. EES-samningsins, sem og niðurstöðu Evrópudómstólsins í svonefndum *Delimitis-* og *Masterfoods*-málum[1], má gera ráð fyrir að dómstólum geti á hliðstæðan hátt verið skylt að byggja á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar þegar svo ber undir.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að skv. b-lið 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins er unnt að skjóta ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni til EFTA-dómstólsins. Samsvarandi gildir um heimild til að skjóta ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar til Evrópudómstólsins. Með hliðsjón af þessu er einnig eðlilegt að skýra þessa grein svo að niðurstöðu þessara dómstóla í slíkum málum beri að hafa sömu áhrif á innlenda dómstóla og 27. gr. ætlar ákvörðunum Eftirlitsstofnunarinnar að hafa og eftir atvikum framkvæmdastjórnarinnar. Sami fyrirvari hlýtur og að eiga við um niðurstöður í málum sem þessir dómstólar hafa til meðferðar en er ekki lokið þegar innlendur dómstóll fær sama mál til meðferðar. Þetta verður einnig ráðið af ákvæðum VII. kafla frumvarpsins í heild sem hefur m.a. að geyma ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt EES-samningnum, sbr. einkum ákvæði 24. gr. frumvarpsins þar sem skýrlega er gert ráð fyrir þessu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði 1. mgr. hafi ekki áhrif á heimild dómstóla skv. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls til að leita ráðgefandi álits hjá EFTA-dómstólnum. Álitið er ekki bindandi fyrir þann dómstól sem eftir því leitar. Á hinn bóginn væri honum alltaf rétt að leggja niðurstöðu EFTA-dómstólsins til grundvallar ef ósamræmi er á milli hennar og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA. Ákvæðið byggist á 16. gr. bókunar fjögur með samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar

---

[1] Mál C-234/89 *Delimitis* [1991] ECR I-935 og mál C-344/98 *Masterfoods* [2000] ECR I-11369.

og dómstóls sem á sér að breyttu breytanda fyrirmynd í orðalagi 16. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003.

Svo sem fram kom í almennum athugasemdum hér að framan urðu skuldbindingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003 stjórnvöldum tilefni til að leita eftir lagalegu áliti á því hvort það rúmaðist innan valdheimilda löggjafans að hafa framangreind áhrif á meðferð dómsvalds hér á landi. Í viðamikilli úttekt prófessors Davíðs Þórs Björgvinssonar frá 30. október sl. eru niðurstöður hans dregnar saman á eftirfarandi hátt:

„1. Færð eru rök fyrir því að ákvæði 27. gr. frumvarpsins hafi talsverða sérstöðu sem geri það að verkum að framsal dómsvalds sem í því verður talið felast rúmast ekki sjálfkrafa innan þess framsals ríkisvalds til alþjóðastofnana sem þegar hefur verið talið heimilt á grundvelli EES-samningsins, sem löggjafinn samþykkti með lögum nr. 2/1993, og álit nefndar utanríkisráðherra frá 1992 fjallar um. Sérstaða 27. gr. frumvarpsins felst m.a. í því að ekki eru dæmi þess að íslenskir dómstólar hafi áður verið bundnir af ákvörðunum alþjóðlegra stofnana við úrlausn mála sem þeir annars eiga lögsögu í. Þessu verður ekki jafnað til þess þegar erlendum úrlausnum, þ.m.t. úrlausnum alþjóðlegra stofnana, er veitt aðfararhæfi hér á landi, né heldur verða þær taldar felast í þeim, enda hafa slíkar fullnustuheimildir aldrei verið skýrðar svo að þær takmarki eða skerði sjálfstæði innlendra dómstóla. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins gerir það aftur á móti óneitanlega, þótt í takmörkuðum mæli sé, og skerðir með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins, þar sem dómari verður, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, bundinn af ákvörðun annars aðila (eftirlitsstofnunar EFTA, EFTA-dómstólsins, framkvæmdastjórnar EB eða dómstóls EB) þegar hann kveður upp sinn dóm. Í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 er lögð sérstök áhersla á að ákvæði EES-samningsins eða fylgisamninga hans hefðu ekki þessi eða sambærileg áhrif á sjálfstæði íslenskra dómstóla og voru það talin mikilvæg rök þegar komist var að þeirri niðurstöðu að lögfesta mætti EES-samninginn að óbreyttum stjórnlögum. Sú tegund framsals sem í ákvæðinu felst er því nýmæli í íslenskum lögum. Með því er þó í sjálfu sér ekki tekin afstaða til þess hvort ákvæðið gengur lengra eða skemmra í framsali ríkisvalds til alþjóðastofnana en áður hefur verið talið rúmast innan stjórnarskrárinnar. Því er aftur á móti haldið fram að ekki verði hjá því komist að meta sérstaklega hvort það framsal sem í ákvæðinu felst rúmist innan þeirra heimilda sem hinn almenni löggjafi verður talinn hafa í þessu efni.

2. Í álitsgerð þessari er byggt á þeirri forsendu að í íslenskum rétti gildi venjuhelguð regla um að hinum almenna löggjafa sé að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana. Í álitsgerðinni er rökstutt í alllöngu máli að slík óskráð regla gildi að íslenskum rétti án þess að hún sé orðuð í stjórnarskránni. Þótt þessi regla verði álitin í gildi er óhjákvæmilegt að halda því til haga að ekki hefur með beinum hætti reynt á gildi hennar fyrir íslenskum dómstólum. Auk þess er nánara inntak hennar óljóst og ytri mörk heimils framsals ekki skýr. Af þeim sökum felst ákveðin áhætta í því að byggja framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana á þessari reglu. Sé tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar, sem fela í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta, má þó færa veigamikil rök fyrir því að löggjafanum sé játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem þessi regla setur. Slíkt fyrirkomulag er haganlegt og skynsamlegt, ef tekið er mið af þróun mála í alþjóðasamskiptum og alþjóðaviðskiptum. Í því sambandi er mikilvægt að löggjafinn hafi möguleika á að tryggja réttarstöðu íslenskra þátttakenda í slíkum viðskiptum og tryggja þeim nauðsynlega réttarvernd á þeim vettvangi, sem eðlilegastan má telja, þegar eðli alþjóðlegra viðskipta er haft í huga. Á hinn bóginn hefur í dómum Hæstaréttar undanfarinn

áratug eða svo gætt vissrar tilhneigingar til að þrengja að valdheimildum löggjafans umfram það sem ætla mætti að fælist í hinum hefðbundnu sjónarmiðum, m.a. þegar löggjöf varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi sem getið er í stjórnarskrá. Hafa niðurstöður þeirra í sumum tilvikum komið bæði stjórnmálamönnum og fræðimönnum í lögfræði nokkuð á óvart sé tekið mið af hefðbundnum sjónarmiðum um skýringu stjórnarskrárinnar. Endurteknir árekstrar löggjafarvalds og dómsvalds af þessu tagi leiða til þess að ekki er mögulegt að spá fyrir um það með neinni vissu hver afstaða íslenskra dómstóla kann að verða til þess álitaefnis sem hér er tekist á við.

3. Framangreind óskráð regla er á því reist að í lagaframkvæmd og fræðikenningum hafi verið við það miðað að heimilt sé í takmörkuðum mæli að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Skýrasta dæmið um þetta er EES-samningurinn sjálfur. Mikilvæg réttarpólitísk og lögfræðileg rök hníga til þess að löggjafanum sé játað svigrúm til þess að mæla fyrir um takmarkað framsal einstakra valdheimilda ríkisins til slíkra stofnana til að greiða fyrir alþjóðasamskiptum og þá ekki síður til að tryggja réttarvernd og réttarstöðu Íslendinga og íslenskra fyrirtækja sem taka þátt í alþjóðlegum viðskiptum. Alþingi er valdamesta stofnun íslenska ríkisins og þingmenn sæta pólitískri ábyrgð. Við mat á svigrúmi sínu til að framselja ríkisvald til alþjóðastofnunar getur Alþingi því gert að sínum þau réttarpólitísku og lögfræðilegu rök, sem rakin eru í álitsgerð þessari. Þessi réttarpólitísku og lögfræðilegu rök eru jafngild og hafa sambærilegt vægi þótt heimilt sé að breyta stjórnarskrá og mæla fyrir um heimild til framsals ríkisvalds í henni, enda vandséð að slík heimild yrði nokkurn tímann orðuð þannig að hún leysi í eitt skipti fyrir öll úr þeim vafamálum sem upp geta komið við framsal ríkisvalds. Að því leyti skipta þessi rök einnig máli við þær aðstæður og löggjafinn gæti staðið með svipuðum hætti frammi fyrir því að taka afstöðu til þeirra við beitingu slíks ákvæðis.

4. Í álitsgerðinni er því haldið fram að sú forsenda, sem stjórnarskráin verður talin byggjast á, að Ísland sé fullvalda ríki, komi ekki í veg fyrir að löggjafanum sé í takmörkuðum mæli heimilt að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Við mat á þýðingu fullveldishugtaksins í þessu sambandi, og þeim skorðum sem það kann að setja mögulegum heimildum löggjafans, ber að leggja áherslu á þann lagalega skilning á hugtakinu, að réttur ríkis til fullveldis miði að því treysta rétt þess til að standa vörð um hagsæld, mannréttindi og frelsi þegna sinna á eigin forsendum, um leið og það er frá pólitísku sjónarmiði umgjörð um þjóðernisleg og menningarleg samkenni þjóðar. Af þessu sjónarmiði leiðir m.a. að framsal ríkisvalds til alþjóðastofnunar má ekki leiða til þess að takmörkuð verði réttindi þegnanna þannig að í bága fari við stjórnarskrárbundin grundvallarréttindi þeirra. Þá felst einnig í fullveldisrétti ríkisins, að valdheimildir, sem framseldar hafa verið, eru ávallt afturkallanlegar.

5. Þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem helst koma til skoðunar varðandi framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins eru í 1., 2. og 60. gr. hennar. Að því er varðar 2. gr. stjórnarskrárinnar er bent á að viðurkennd hafi verið mörg frávik frá þeim reglum, sem í ákvæðinu verða taldar felast, m.a. að því er varðar meðferð dómsvalds. Mörg þessara frávika eru löngu venjuhelguð og styðjast við málefnaleg rök, þótt ekkert þeirra sé fyllilega sambærilegt við það sem lagt er til í 27. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga. Þótt möguleg frávik frá ákvæðum 2. gr. stjórnarskrárinnar sæti vissulega takmörkunum hefur í dómaframkvæmd verið viðurkennt að löggjafinn hafi ákveðið svigrúm í þessu efni. Lagaframkvæmd á Íslandi vitnar enn fremur um það viðhorf að löggjafinn hafi talsvert svigrúm til að mæla fyrir um frávik frá 2. gr. þótt skráðum heimildum til þess sé ekki fyrir að fara í stjórnarskránni. Rök standa til þess að líta svo á að sambærilegt svigrúm sé fyrir hendi þegar kemur að heimildum

til að fela alþjóðlegum stofnunum valdheimildir á afmörkuðum sviðum, og við nánar tilgreindar aðstæður, sem annars væru á hendi ríkisins.

6. Með vísan til þeirra réttarpólitísku og lögfræðilegu röksemda, sem raktar hafa verið, og lagaframkvæmdar og fræðikenninga, sbr. og 2. tl. hér að framan, er því haldið fram hér að samkvæmt íslenskum rétti gildi nú þegar regla sem heimilar hinum almenna löggjafa framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana í takmörkuðum mæli. Regluna má orða svo:

> Framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana er að vissu marki heimilt að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum: (i) að framsalið sé byggt á lögum, (ii) það sé afmarkað og vel skilgreint, (iii) það sé ekki verulega íþyngjandi, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana, (iv) það sé byggt á samningi sem kveði á um gagnkvæm réttindi og skyldur og mæli fyrir um samsvarandi framsal ríkisvalds annarra samningsríkja, (v) að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á lýðræðislegum grundvelli og að þær viðurkenni almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu, (vi) að framsalið leiði af þjóðréttarsamningi sem stefnir að lögmætum markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara, (vii) framsalið má ekki leiða til þess að skert séu réttindi þegnanna sem vernduð eru í stjórnarskrá, (viii) framsalið sé afturkallanlegt.

7. Í álitsgerðinni eru færð fyrir því rök að það framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins, sem í 27. gr. frumvarpsins verður talið felast, geti rúmast innan þeirra heimilda sem löggjafinn hefur samkvæmt þeirri reglu sem talin er gilda hér á landi og gerð er grein fyrir hér að framan. Það er þó undir því komið að fallist sé á að löggjafinn hafi að óbreyttum stjórnlögum heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli og að inntak þeirrar heimildar sé með þeim hætti sem lýst hefur verið. Um þetta hvorutveggja hefur verið og er ágreiningur meðal stjórnmálamanna og fræðimanna í lögum.

8. Við hið lögfræðilega mat skiptir máli að skerðing á sjálfstæði dómsvaldsins og framsal dómsvalds til alþjóðastofnunar er samkvæmt 27. gr. frumvarpsins er mjög takmarkað við ákveðnar ástæður og á eingöngu við þegar íslenskir dómstólar beita tilteknum ákvæðum EES-samningsins. Þótt það sé ekki lögfræðilegt sjónarmið að öllu leyti er einnig ástæða til að benda á að líklegt er að þýðing 27. gr. eigi í reynd eftir að verða afar lítil.

9. Að lokum er nauðsynlegt að árétta enn og aftur að forsendan fyrir því að 27. gr. frumvarpsins standist gagnvart stjórnarskrá er að fallist sé á að í íslenskum rétti gildi venjuhelguð regla um að hinn almenni löggjafi hafi heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, án sérstakrar heimildar til þess í stjórnarskránni. Ennfremur verður að leggja áherslu á að ekki hefur með beinum hætti reynt á gildi þessarar reglur fyrir dómstólum. Alþingi, sem æðsti handhafi löggjafarvalds og valdamesta stofnun ríkisins, hefur byggt á slíkri reglu í framkvæmd. Það er einnig á ábyrgð Alþingis að áskilja sér svigrúm til að móta inntak þessarar reglu nánar í framkvæmd og beita henni í því tilviki sem hér um ræðir, m.a. með það að markmiði að stuðla því að íslenska ríkið geti verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.“

Um 28. gr.

Greinin, sem er nýmæli, er samhljóða 3. mgr. 15. gr. bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og fjallar um rétt Samkeppniseftirlitsins til að leggja fram skriflegar athugasemdir í dómsmáli er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Með leyfi dómsins er Samkeppniseftirlitinu jafnframt heimilt að koma að munnlegum athugasemdum. Eftirlitsstofnun EFTA hefur sama rétt á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 3. mgr. kemur fram að Samkeppniseftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA geta óskað eftir að dómstóll sendi eða sjái til þess að þeim séu send öll gögn sem nauðsynleg eru til að koma að athugasemdum. Skilyrði er að Samkeppniseftirlitið eða Eftirlitsstofnun EFTA þurfi slík gögn til að koma að athugasemdum skv. 1. og 2. mgr.

Um 29. gr.

Greinin er nýmæli og leiðir hana af því að reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Það að gerðin hafi verið tekin upp í EES-samninginn hefur m.a. í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Í greininni er kveðið á um að ákvæðum 17. gr. laganna um samrunareglur verði beitt með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum EES-samningsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, sbr. 57. gr. meginmáls samningsins, bókun 21 og 24 með honum og viðauka XIV við hann, svo og XIII. og XIV. kafla III. hluta bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðin) setur skýrar reglur um það hvernig hátta skuli skiptingu mála milli framkvæmdastjórnarinnar og innlendra stjórnvalda. Framkvæmdastjórnin skal fjalla um samruna samkvæmt veltumörkum þeim sem tilgreind eru í reglugerðinni. Í samrunamálum getur þó verið nauðsynlegt að heimila ákveðinn sveigjanleika til að tryggja að það stjórnvald, sem best er til þess fallið, fái málið til meðferðar. Reglugerð ráðsins (EB) 4064/89, sbr. reglugerð ráðsins nr. 1310/97, sem er hluti EES-samningsins og hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerðum nr. 594/1993 og nr. 349/1998, heimilar flutning samrunamála frá framkvæmdastjórninni til innlendra stjórnvalda og frá innlendum stjórnvöldum til framkvæmdastjórnarinnar, sbr. 9. og 22. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 139/2004 og III. hluta bókunar 4 með ESA-samningnum. Með samrunareglugerðinni er slík framsending samrunamála milli stjórnvalda auðvelduð og hún gerð markvissari. Ákvæði 22. gr. hennar fjalla um framsendingu slíkra mála frá aðildarríki til framkvæmdastjórnarinnar. Í greininni koma fram þau skilyrði sem eitt eða fleiri aðildarríki, sem bær eru samkvæmt innlendum lögum til að fjalla um samruna, þurfa að uppfylla til að framsenda mál til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin er aðeins bær til að fjalla um samruna gagnvart þeim ríkjum sem óskað hafa eftir því. Þau ríki, sem hafa ekki óskað eftir að framkvæmdastjórnin fjalli um samrunamál, eru áfram bær til að beita innlendum reglum um samruna í viðkomandi samrunamáli.

Ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 139/2004 kveða á um samspil reglugerðarinnar og innlends réttar. Óski eitt eða fleiri aðildarríki samkvæmt greininni eftir því að framkvæmdastjórnin fjalli um samruna stöðvast allir innlendir tímafrestir um málsmeðferð samrunans þar til ákveðið hefur verið hvort framkvæmdastjórnin fallist á að hann til meðferðar. Tímafrestir byrja að líða á nýjan leik þegar ríki hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að það muni ekki taka þátt í beiðni um slíka framsendingu. Í 3. mgr. 22. gr. er kveðið á um að þeim ríkjum, sem óskað hafa eftir framsendingu samrunamáls, sé óheimilt að beita innlendum samkeppnisreglum gagnvart viðkomandi samruna þegar framkvæmdastjórnin fellst á að taka mál til meðferðar.

Heimild til að framsenda samrunamál frá EFTA-ríki til framkvæmdastjórnarinnar hefur ekki verið möguleg á grundvelli EES-samningsins. Aftur á móti er mögulegt fyrir EFTA-ríki að framsenda samrunamál til Eftirlitsstofnunar EFTA. Sá möguleiki hefur þó aldrei verið nýttur.

Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið skuli taka til meðferðar samruna sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. greinarinnar. Samkeppniseftirlitið getur því ekki látið hjá líða að taka samruna til skoðunar séu skilyrði laganna uppfyllt. Innleiðing 3. mgr. 22. gr. reglugerðar 139/2004 í íslenskan rétt veldur því að ekki er mögulegt að beita innlendum samkeppnislögum um samruna viðkomandi fyrirtækja hafi verið óskað eftir að framkvæmdastjórnin fjalli um samrunann. Því er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði 29. gr. frumvarpsins.

Rétt er að árétta að í EES-samningnum er skýr verkaskipting milli Eftirlitsstofnunar EFTA og innlendra samkeppnisyfirvalda. Innlendum samkeppnislögum verður ekki beitt gagnvart samruna sem fellur undir gildissvið samningsins. Þessi verkaskipting var tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem meginmál EES- samningsins var lögfest, sbr. 57. gr. samningsins.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um það að hafi ríkisaðstoð eða fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði sem 61. gr. EES-samningsins tekur til verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA geti íslensk stjórnvöld ekki úrskurðað um það hvort aðstoðin sé í samræmi við leyfilegan opinberan fjárstuðning fyrr en Eftirlitsstofnunin hefur tilkynnt um álit sitt á málinu. Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu koma fram nánari reglur um ríkisaðstoð, sbr. 61.–64. gr. EES-samningsins. Ákvæðið er samhljóða 47. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 32. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra, að fenginni umsögn Samkeppniseftirlitsins, til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um Eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Þá felur ákvæðið einnig í sér heimild fyrir fjármálaráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 48. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að Samkeppniseftirlitið veiti umsögn um reglugerðir þær er ráðherra setur.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að samningar, sem brjóta í bága við ákvæði laganna, séu ógildir. Þó eru undanskilin samningsákvæði sem teljast hafa efnislegt og efnalegt sjálfstæði frá ákvæðum sem brjóta í bága við bannákvæði samkeppnislaga. Ákvæðið er samhljóða 49. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna samkeppnisyfirvalda. Ákvæðið er óbreytt frá 50. gr. gildandi laga.

Um 35. gr.

Í greininni er kveðið á um afhendingu Samkeppniseftirlitsins á upplýsingum til samkeppnisyfirvalda annarra ríkja. Greinin er sambærileg 50. gr. a í núgildandi lögum.

Um 36. gr.

Í ákvæðinu er Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til að birta opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni. Þó skal við birtinguna taka tillit til hagsmuna fyrirtækja af því að halda viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum leyndum. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði sem nú er í 33. gr. samkeppnislaga.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum samkvæmt þeim. Greinin er að mestu sambærileg 52. gr. gildandi samkeppnislaga. Þó er lagt til að Samkeppniseftirlitið fái heimildir til að leggja á sektir í stað samkeppnisráðs. Þá hefur einnig verið bætt í ákvæðið heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að leggja á sektir vegna brota á 53. og 54. gr. EES-samningsins. Leiðir breytinguna af innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003.

Um 38. gr.

Í 38. gr. er kveðið á um álagningu dagsekta. Ákvæðið er samhljóða 53. gr. gildandi laga um annað en það að hér er Samkeppniseftirlitinu falið að ákveða dagsektir í stað samkeppnisráðs.

Um 39. gr.

Ákvæðið er samhljóða 54. gr. gildandi laga, en þar er kveðið á um að unnt sé að skjóta ákvörðun um dagsektir til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Um 40. gr.

Í greininni kemur fram sú regla að ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins verði ekki skotið til dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála liggur fyrir. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 55. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 41. gr.

Ákvæðið hefur að geyma fyrirmæli um hvernig haga skuli málshöfðun til ógildingar úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga.

Um 42. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim. Ákvæðið er samhljóða 57. gr. núgildandi laga.

Um 43. gr.

Hér er kveðið á um aðfararhæfi ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um álagningu stjórnvaldssekta eða dagsekta og ógildingu samruna. Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 58. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

Gert er ráð fyrir að undirbúningi að stofnun Samkeppniseftirlits og flutningi verkefna Samkeppnisstofnunar til nýrra stofnana verði lokið 1. júlí 2005. Því er lagt til að lögin öðlist gildi á þeim degi og jafnframt að starfsemi Samkeppnisstofnunar verði lögð niður.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Öllum starfsmönnum Samkeppnisstofnunar verða boðin störf hjá þeim stofnunum sem verkefni stofnunarinnar færast til, þ.e. annaðhvort hjá Samkeppniseftirlitinu eða Neytendastofu. Þar verður leitast við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa áður sinnt þar sem jafnframt verði þó höfð hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan. Með ákvæðinu er tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem þessir starfsmenn verða ráðnir í. Að öðru leyti fer um réttindi þeirra samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til samkeppnislaga.

Lög þessi hafa það að markmiði að efla eftirlit og samkeppni í viðskiptum á markaði. Í frumvarpinu felst innleiðing á reglugerðum Evrópusambandsins nr. 1/2003 og 139/2004. Jafnframt falla úr gildi samkeppnislög, nr. 8/1993. Samkvæmt kostnaðarmati mun efling Samkeppniseftirlitsins kosta um 60 m.kr. Í því felst að sérfræðingum fjölgi um 7, úr 10 í 17, á tveimur árum. Í núverandi fjárlagafrumvarpi liggur nú þegar fyrir tillaga um 20 m.kr. framlag til eflingar samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að kostnaður aukist samtals um 60 m.kr. sem skiptist á árin 2005 og 2006 eftir því hvenær ný stofnun tekur til starfa og breytingar verða gerðar á rekstri hennar.

884. Frumvarp til laga [591. mál]

um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lög þessi taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

2. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lög þessi taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnurekstur* er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.
2. *Fyrirtæki* er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.
3. *Neytandi* er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.
4. *Vara* er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þ.m.t. skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.
5. *Verð* er andvirði vöru og þjónustu með virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum þar sem við á, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.
6. *Þjónusta* er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

4. gr.

Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum í umboði viðskiptaráðherra sem fer með framkvæmd laganna.

Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum þessum er að:

a. framfylgja boðum og bönnum laganna,
b. ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum,
c. stuðla að auknu gagnsæi markaðarins.

Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er Neytendastofu heimilt að raða málum í forgangsröð.

Ákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála, sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

II. KAFLI
Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

5. gr.

Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

6. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

7. gr.

Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum að:

a. þær séu ekki villandi,
b. samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,
c. gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,
d. á markaðnum verði ekki villst á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,
e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing,
f. ef um er að ræða vöru með upprunatáknum skuli í öllum tilvikum bera saman vörur með sömu táknum,
g. ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,
h. vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

Sé getið um sértilboð í samanburði skal tiltaka skýrt og ótvírætt á hvaða degi sértilboðinu ljúki eða, þar sem við á, að sértilboðið sé háð framboði á vörunni eða þjónustunni og, hafi sértilboðið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.

8. gr.

Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu.

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

9. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, og miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

10. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

11. gr.

Ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt skal seljandi vöru eða þjónustu upplýsa neytanda á skýran og greinargóðan hátt um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett til þess að neytandi geti borið fyrir sig ábyrgðina. Jafnframt skal seljandi upplýsa neytanda á skýran hátt um þau ófrávíkjanlegu réttindi sem hann nýtur samkvæmt ákvæðum laga og ábyrgðaryfirlýsingin hefur engin áhrif á. Ef neytandi óskar þess ber seljanda að afhenda honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er neytandanum aðgengilegur. Skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar skulu vera á íslensku.

12. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

13. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

14. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

15. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

16. gr.

Neytendastofa getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum svo og almennar reglur um beitingu 5.–9. gr. Neytendastofa skal eftir því sem kostur er ráðgast við hluteigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.

III. KAFLI
Eftirlit með gagnsæi markaðarins.

17. gr.

Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

18. gr.

Neytendastofa getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Neytendastofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

19. gr.

Í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra aflar Neytendastofa upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Neytendastofa skal setja verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.

IV. KAFLI
Upplýsingaskylda.

20. gr.

Neytendastofa getur krafið þá sem lög þessi taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Neytendastofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Neytendastofa getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Neytendastofa getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Neytendastofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

21. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Viðurlög.

22. gr.

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn;

a. ákvæðum laga þessara um efni upplýsinga, sem veittar eru í auglýsingum eða í tengslum við aðrar viðskiptaaðferðir, sbr. 6. og 7. gr.,
b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu sem stemma eiga stigu við ólögmætum viðskiptaháttum, sbr. 16. gr.,
c. ákvæðum laga þessara um verðmerkingar eða stjórnvaldsreglum settum á grundvelli þeirra, sbr. 17. gr.,
d. fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinunum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.

Sektir skv. 1. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr.

23. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

24. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

25. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

26. gr.

Ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Neytendastofu skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Nefndin taldi nauðsynlegt að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði og lagði til að þetta yrði m.a. gert með því að skilja að eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hins vegar, þannig að þessi verkefni verði ekki unnin hjá sömu stofnun eins og gert hefur verið hérlendis. Á grundvelli þessa er lagt til í frumvarpi til nýrra samkeppnislaga að ákvæði um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og eftirlit með gagnsæi markaðarins verði felld brott úr samkeppnislögum og sett um þau sérstök lög.

Í frumvarpi þessu, sem hefur að geyma ákvæði sem flest er nú að finna í VI. og VII. kafla samkeppnislaga, er lagt til að verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum og til Neytendastofu, ríkisstofnunar sem ætlað er að fara með neytendamál. Samhliða frumvarpinu eru lögð fram tvö frumvörp, frumvarp til nýrra samkeppnislaga og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Með breytingunni er ætlunin að leggja meiri áherslu á neytendamál og efla starf að neytendavernd.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Eins og áður segir fellur eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nú undir Samkeppnisstofnun. Áður en Samkeppnisstofnun var sett á fót árið 1993 heyrðu þessi mál undir Verðlagsstofnun og var kveðið á um eftirlitið í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum var fyrst fellt undir löggjöfina um verðlag og samkeppnishömlur á árinu 1978. Var þetta gert þar sem engin sérstök neytendastofnun starfaði þá hér á landi og of kostnaðarsamt þótti að koma á sérstakri stofnun til að fylgjast með óréttmætum viðskiptaháttum. Þá var á þeim tíma, í ljósi smæðar markaðarins og aðstæðna hér, talið henta vel að fjalla um þessa málaflokka í sömu stofnun. Við stofnun Samkeppnisstofnunar árið 1993 var aftur tekin ákvörðun um að ein og sama stofnunin skyldi áfram fjalla um þessa málaflokka.

Nú hafa aðstæður hins vegar breyst mikið og verkefnum samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar fjölgað mjög og umfang þeirra aukist. Hefur það sýnt sig að samkeppnisyfirvöld geta ekki sinnt nauðsynlegum verkefnum við óbreyttar aðstæður og eru því lagðar til breytingar þær sem koma fram í frumvarpi þessu.

Í nágrannalöndunum tíðkast ekki að steypa saman í eina löggjöf ákvæðum sem fjalla um eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og reglum um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd hins vegar. Í samræmi við það hefur eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verið falið öðrum stofnunum en þeim sem fara með samkeppnismál.

Þannig fara neytendastofnunin Konsumentverket og umboðsmaður neytenda með eftirlit með ólögmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins í Svíþjóð. Meðal málefna sem heyra undir Konsumentverket eru öryggi vöru og þjónustu, verðupplýsingar, gæði og umhverfisáhrif, auglýsingar og samningsskilmálar auk upplýsinga til neytenda. Meðal þeirra lagabálka sem Konsumentverket sér um að framfylgja eru lög um markaðssetningu, lög um samningsskilmála, lög um öryggi vöru, lög um neytendakaup, lög um þjónustu við neytendur, lög um neytendalán, lög um neytendavátryggingar, lög um verðupplýsingar, lög um húsgöngu- og fjarsölu og lög um fjármálaráðgjöf. Í Danmörku heyra málefni er varða neytendavernd, verðmerkingar, markaðssetningu og auglýsingar, þjónustu í upplýsingasamfélaginu og ákveðna greiðslumiðla undir neytendastofnunina Forbrugerstyrelsen, kærunefnd neytendamála og umboðsmann neytenda. Meðal lagabálka sem heyra undir þau stjórnvöld sem fara með neytendamál eru lög um kærur neytenda, lög um verðupplýsingar og verðmerkingar, lög um ákveðna greiðslumiðla, lög um markaðssetningu og lög um þjónustu í upplýsingasamfélaginu. Í Noregi fer neytendastofnunin Forbrukerombudet með neytendamál ásamt kærunefnd neytendamála og umboðsmanni neytenda. Eftirlit með að lögum um markaðssetningu sé fylgt heyrir undir Forbrukerombudet, en í þeim lögum eru bæði ákvæði um auglýsingar og verðmerkingar. Samkeppnisyfirvöld í Noregi hafa þó ákveðnar heimildir til afskipta af verðlagningu og verðmerkingum. Ekki eru almenn ákvæði um eftirlit með ólögmætum viðskiptaháttum og gegnsæi markaðarins í sænskum, finnskum, norskum eða dönskum samkeppnislögum heldur fjalla þau einungis um samkeppnismál, að undanskildum dönskum samkeppnislögum þar sem einnig er kveðið á um útboð og ríkisstyrki.

Neytendamál hjá Samkeppnisstofnun.

Þau verkefni sem tengjast neytendamálum og unnin hafa verið hjá Samkeppnisstofnun en flytjast yfir til Neytendastofu, verði frumvarp þetta að lögum, eru einkum unnin á markaðsmálasviði stofnunarinnar og þeirri deild undir stjórnsýslusviði sem lýtur að gagnsæi markaðarins.

Markaðsmálasviði Samkeppnisstofnunar eru falin verkefni í samræmi við VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993, þ.e. eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Jafnframt falla undir verkefni sviðsins eftirlit með ákvæðum laga um neytendalán, laga um alferðir, laga um húsgöngu- og fjarsölu og laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Starfsmenn markaðsmálasviðs eru tveir; forstöðumaður, sem er viðskiptafræðingur, og deildarlögfræðingur. Sökum smæðar sviðsins er ekki um að ræða beina skiptingu málaflokka á milli starfsmannanna. Eðli málsins samkvæmt hafa starfsmennirnir þurft að geta gengið í öll störf.

Síðustu ár hefur starfsemi markaðsmálasviðs fyrst og fremst mótast af innsenndum stjórnsýsluerindum. Árlega koma á milli 150 og 160 erindi til afgreiðslu markaðsmálasviðs og eru þá ekki talin ýmis smærri mál. Í flestum tilvikum (70% erinda) er um að ræða kvartanir fyrirtækja yfir hegðan keppinauta á markaðnum. Fyrst og fremst er kvartað yfir auglýsingum keppinauta sem taldar eru veita neytendum rangar og villandi upplýsingar. Neytendur (20% erinda) kvarta einkum yfir auglýsingum sem og öðrum viðskiptaháttum þar sem þeim finnst þeir hafa verið hlunnfarnir. Erindi frá opinberum stofnunum og félagasamtökum eru um 10%.

Flest málanna eru afgreidd beint af starfsmönnum markaðsmálasviðs og lyktar ýmist með sátt, ábendingum eða tilmælum. Samkeppnisráð afgreiðir um 15–20 málanna á ári. Auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, fjallar um þau auglýsingamál sem fara fyrir samkeppnisráð, sem og ýmis önnur auglýsingamál sem leysast án íhlutunar ráðsins. Auglýs-

inganefnd fjallar um 25–30 mál árlega. Þá hafa um fimm ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar á sviði markaðsmála verið kærðar árlega til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Í VII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 er kveðið á um eftirlit með gagnsæi markaðarins. Með gagnsæi markaðarins er átt við að aðilar á markaði hafi sem mesta yfirsýn yfir hann. Því gagnsærri sem markaðurinn er, þeim mun betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni. Til þess að samkeppni sé virk þurfa neytendur að hafa upplýsingar um verð á vöru og þjónustu. Markmið deildarinnar er að upplýsa neytendur, auka verðskyn þeirra og stuðla þannig að aukinni samkeppni.

Deildin er sjálfstæð deild innan Samkeppnisstofnunar og í henni starfar deildarstjóri og þrír fulltrúar. Deildin hefur eftirlit með verðmerkingum og birtir verðkannanir á vörum og þjónustu eftir því sem ástæða þykir til. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að gera verðkannanir á mörkuðum þar sem breytinga er að vænta, t.d. vegna breytinga á eignarhaldi eða vegna stjórnvaldsbreytinga. Sem dæmi má nefna verðkannanir á lyfseðilsskyldum lyfjum fyrir og eftir breytingar á lyfjalögum. Þá hefur verið fylgst með grænmetismarkaðnum eftir niðurfellingu tolla á ýmsum algengum grænmetistegundum.

Eftirlit með verðmerkingum á vörum og þjónustu er annað af meginhlutverkum deildarinnar. Eftirlitið er margþætt enda þarf að tryggja að verðmerking vöru og þjónustu sé með þeim hætti að neytendur geti nýtt sér upplýsingarnar. Þessari deild Samkeppnisstofnunar er heimilt að taka ákvarðanir um einstök mál, sbr. t.d. 32. gr. gildandi samkeppnislaga. Þá getur samkeppnisráð lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum 31. og. 32. gr. gildandi samkeppnislaga eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Deildin sér einnig um setningu reglna á grundvelli VII. kafla samkeppnislaga. Settar hafa verið ýmsar reglur, bæði almennar reglur um verðmerkingar og reglur sem taka til sérstakra þjónustugreina eða vöru.

Árið 2003 voru gerðar 46 kannanir, þar af 19 verðkannanir og 27 kannanir sem snúa að eftirliti ýmiss konar. Þá hefur þessi deild einnig séð um kannanir fyrir önnur svið stofnunarinnar þegar þörf hefur verið á. Deildin tekur einnig á fjölda kvartana frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvæði núgildandi samkeppnislaga um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins eru nær óbreytt frá ákvæðum laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá 1978. Þegar ákvæði þeirra laga voru sett var um að ræða endurskoðun á lögum um varnir gegn ólögmætum verslunarháttum frá árinu 1933. Miklar breytingar fólust í þeirri löggjöf, en við samningu hennar var höfð hliðsjón af norrænum lögum, þar sem neytendasjónarmið voru mun ríkari en í íslensku lögunum, en tilgangur þeirra var fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir að kaupsýslumenn beittu óréttmætum viðskiptaháttum hver gegn öðrum. Eitt af markmiðum lagasetningarinnar var að bæta neytendavernd.

Á meðal þeirra nýmæla sem var að finna í ákvæðum samkeppnislaga um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins var ákvæði um auglýsingar, einkum til verndar óheppilegum áhrifum auglýsinga á börn. Þá var tekið úr lögunum ákvæði sem fól í sér bann við úthlutun vinninga í verðlaunasamkeppnum ef markmiðið var örvun sölu eða þjónustu og tilviljun réð hver hlaut vinninnginn. Þá var það nýmæli í lögunum að skipuð væri auglýsinganefnd samkeppnisráði til ráðgjafar. Þá voru ákvæði laganna styrkt með það í huga að efla gagnsæi markaðarins með upplýsingamiðlun.

Þegar samkeppnislögum var breytt á árinu 2000 var ákvæði um samanburðarauglýsingar bætt í kaflann um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Þá var ákvæðum um ábyrgðaryfirlýsingar bætt við kaflann árið 2003 í tengslum við setningu laga um neytendakaup.

Í frumvarpi þessu eru ákvæði gildandi samkeppnislaga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins í flestum tilvikum tekin óbreytt upp. Þó er lagt til að tvær greinar sem nú er að finna í VI. og VII. kafla samkeppnislaga verði felldar brott. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði það sem nú er í 26. gr. samkeppnislaga verði ekki tekið upp í frumvarpið. Í ákvæðinu er fjallað um það þegar starfsmanni eru gefnar gjafir eða veitt hlunnindi án vitundar vinnuveitanda hans og í því skyni að afla gefandanum og öðrum forskots í viðskiptum. Með lögum nr. 125/2003 var ákvæði bætt við almenn hegningarlög, 264. gr. a, en þar er að finna almennt refsiákvæði um mútugreiðslur og mútuþágu í tengslum við starfsemi einkaaðila í viðskiptalífi. Tekur ákvæðið til sömu háttsemi og 26. gr. gildandi samkeppnislaga og er því talið óþarfi að halda slíku samkynja ákvæði í sérlöggjöf. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði sem nú er í VII. kafla samkeppnislaga, nánar tiltekið í 33. gr., verði í samkeppnislögum og því ekki tekið upp í frumvarp þetta. Ákvæðið þykir eiga betur heima í samkeppnislögum, en í því er kveðið á um að Samkeppnisstofnun geti birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Þar kemur fram að lögunum er ætlað að ná til allrar atvinnustarfsemi sem fer fram gegn endurgjaldi, hvort sem hún er á vegum einstaklinga, félaga, ríkis og sveitarfélaga eða annarra. Þá er kveðið á um það að lögin taki ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum. Ákvæðið er samhljóða 2. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 2. gr.

Hér er einnig kveðið á um gildissvið laganna, en samkvæmt ákvæðinu taka lögin til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Ákvæðið er að mestu sambærilegt ákvæðum 1. og 2. mgr. 3. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna skýringar á hugtökum sem notuð eru í lögunum. Þau hugtök sem eru skilgreind í greininni eru atvinnurekstur, fyrirtæki, neytandi, vara, verð og þjónusta. Skýringarnar í ákvæðinu eru samhljóða skýringum á sömu hugtökum sem eru í gildandi samkeppnislögum, að undanskildri skilgreiningu á verði, en skýringu á orðinu hefur verið breytt í þá veru að tekin eru af öll tvímæli um að uppgefið verð á vöru og þjónustu skuli ávallt fela í sér öll tilheyrandi gjöld. Þetta er gert í ljósi þess að fjöldi mála hefur komið upp hjá Samkeppnisstofnun þar sem neytendum eru gefnar rangar og villandi verðupplýsingar þar sem skattar og gjöld hafa ekki verið innifalin í verði. Það sem átt er við með að taka fram að opinber gjöld skuli innifalin „þar sem við á“ er að í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, eru ákveðnar þjónustugreinar undanþegnar virðisaukaskatti sbr. 2. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvernig stjórnsýslu eftirlits með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins skuli háttað.

Í 1. mgr. er kveðið á um að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna og lagt til að Neytendastofa fari með eftirlit samkvæmt þeim.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögunum. Lagt er til að það felist í því að framfylgja ákvæðum laganna og ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum auk þess að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins.

Ekki er gert ráð fyrir að auglýsinganefnd starfi við Neytendastofu, en sérstök þriggja manna auglýsinganefnd hefur verið samkeppnisráði til ráðgjafar í málum er varða auglýsingar, sbr. 7. gr. samkeppnislaga. Ekki er talin þörf á að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um auglýsingar nú þegar ákvarðanataka í málum er varða auglýsingar verður hjá Neytendastofu.

Í 3. mgr. er að finna heimild fyrir Neytendastofu til að forgangsraða málum. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. gildandi samkeppnislaga.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laganna verði skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála. Gert er ráð fyrir því að áfrýjunarnefnd neytendamála starfi á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Um áfrýjun og málsmeðferð gilda reglur þeirra laga.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt bann við því að viðhafa óréttmæta viðskiptahætti eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 20. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt bann við því að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti beita viðskiptaaðferðum sem eru sama marki brenndar, ef upplýsingarnar og viðskiptaaðferðirnar eru til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð á vörum, fasteignum, þjónustu eða öðru sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi. Þá er kveðið á um að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Ákvæðið er sambærilegt 21. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 7. gr.

Ákvæðið svarar til 20. gr. a í gildandi samkeppnislögum, en í því er að finna reglur um samanburðarauglýsingar.

Um 8. gr.

Hér er í fyrsta lagi kveðið á um að auglýsingar skuli vera á íslensku. Í öðru lagi er mælt fyrir um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á því að um auglýsingar sé að ræða og að auglýsingar skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Loks eru í greininni ákvæði um börn og auglýsingar. Greinin er óbreytt frá 22. gr. samkeppnislaga.

Um 9. gr.

Ákvæðið fjallar um leiðbeiningaskyldu seljenda vöru og þjónustu og er samhljóða ákvæði 23. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um gildi ábyrgðaryfirlýsinga og hvenær má gefa slíkar yfirlýsingar. Ákvæðið er sambærilegt 24. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um upplýsingaskyldu til neytanda ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt. Ákvæðið er óbreytt frá 24. gr. a í gildandi samkeppnislögum.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um bann við því að nota firmanafn, verslunarmerki eða annað slíkt í atvinnustarfsemi án réttinda. Þá er bannað samkvæmt ákvæðinu að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Í ákvæðinu er einnig lagt bann við því að aðili noti auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Ákvæðið er nær óbreytt frá 25. gr. gildandi samkeppnislaga, en smávægilegar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar í þeim tilgangi að gera orðalag ákvæðisins skýrara. Miða breytingarnar að því að færa orðalag ákvæðisins aftur til þess horfs sem það var í árin 1933–1978, en við setningu laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti virðast hafa orðið mistök sem gerðu það að verkum að orðalag ákvæðisins varð nokkuð óskýrt.

Um 13. gr.

Í greininni er að finna reglur um vernd rekstrar- og atvinnuleyndarmála. Ákvæðið er samhljóða 27. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 14. gr.

Ákvæðið er samhljóða 28. gr. núgildandi samkeppnislaga. Setur það skilyrði fyrir því að auglýst sé útsala eða sala á lækkuðu verði.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er lagt bann við notkun ákveðinna auðkenna til að merkja vörur. Ákvæðið er sambærilegt við 29. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er Neytendastofu veitt heimild til að setja nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að neytendum séu gefnar villandi eða óhæfilegar upplýsingar. Þá getur stofnunin sett nánari reglur um beitingu ákvæða 5.–9. gr. Neytendastofa skal eftir því sem kostur er hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra áður en ofangreindar reglur eru settar.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild Neytendastofu til að grípa til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði II. kafla laganna. Lagt er til að aðgerðir Neytendastofu geti falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Ákvæðið er byggt á 30. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um verðmerkingar. Ákvæðið er samhljóða 31. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um heimildir Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Ákvæðið er sambærilegt ákvæðum 32. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 19. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um að Neytendastofa skuli afla og birta upplýsingar um verð og verðmyndun og önnur viðskiptakjör. Orðalagi ákvæðisins hefur verið breytt lítillega frá ákvæði 34. gr. núgildandi samkeppnislaga og felst breytingin í því að upplýsinganna skuli aflað í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra í stað þess að nú er tilgangur upplýsingaöflunarinnar sagður að stuðla að virkri samkeppni og efla hana.

Um 20. gr.

Ákvæðið heimilar Neytendastofu að krefja þá sem lögin taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Heimildin nær til þess að krefjast bæði munnlegra og skriflegra upplýsinga og getur stofnunin sett aðilum frest til að skila upplýsingunum. Neytendastofa getur einnig lagt þá skyldu á þessa aðila að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem skipta máli við framkvæmd laganna. Þá getur Neytendastofa samkvæmt greininni krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Neytendastofa getur einnig krafið stjórnvöld um upplýsingar. Greinin er byggð á 39. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um þagnarskyldu þeirra starfsmanna sem starfa að framkvæmd laganna. Ákvæðið er sambærilegt 50. gr. núgildandi samkeppnislaga.

Um 22. gr.

Hér er Neytendastofu veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laga þessara. Ákvæðið svarar efnislega að mestu til 51. gr. núgildandi samkeppnislaga. Þær breytingar sem lagðar eru til frá ákvæði samkeppnislaga snúa í fyrsta lagi að uppsetningu og orðalagi, en til að auka skýrleika ákvæðisins er talið upp hvaða brot falla undir ákvæðið og vísað í viðeigandi greinar laganna. Í öðru lagi er lagt til í a-lið 1. mgr. að heimilt verði að leggja á sektir vegna brota gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laganna um efni upplýsinga sem veittar eru í auglýsingum eða í tengslum við aðrar viðskiptaaðferðir. Samkvæmt 51. gr. samkeppnislaga er einungis heimilt að leggja á sektir vegna brota gegn þessum ákvæðum eftir að samkeppnisráð hefur fjallað um mál og lagt á bann eða gefið fyrirmæli á grundvelli 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga (2. mgr. 16. gr. frumvarpsins). Gildandi fyrirkomulag er að mörgu leyti óheppilegt, en sem dæmi má nefna að auglýsing fyrir vöru, sem felur í sér rangan og villandi samanburð við vöru keppinautar, getur birst mörgum sinnum og valdið keppinautnum miklum skaða áður en bann samkeppnisráðs liggur fyrir og auglýsandinn er þar með knúinn til að draga auglýsinguna til baka vegna hótunar um sektir. Ákvæði 6. og 7. gr. eru nægilega skýr til að beita megi stjórnsýsluviðurlögum vegna brota á þeim sem slíkum og bein heimild til að beita sektum vegna brota gegn ákvæðunum gerir þau skilvirkari. Í þriðja lagi er lagt til í b-lið 1. mgr. að kveðið verði á um að sektarheimild nái til brota á ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli 2. mgr. 16. gr., en jafnframt til brota gegn stjórnvaldsreglum sem Neytendastofa setur á grundvelli 1. mgr. 16. gr.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er kveðið á um heimild Neytendastofu til að ákveða þeim dagsektir sem ekki fara að ákvörðun sem stofnunin hefur tekið samkvæmt lögunum. Greinin er sambærileg ákvæði 53. gr. samkeppnislaga.

Um 24. gr.

Ákvæðið heimilar málskot á ákvörðun Neytendastofu um dagsektir. Unnt er að skjóta ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar neytendamála, sem ætlunin er að starfi á grundvelli laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Frestur til málskots er fjórtán dagar og reiknast dagsektir ekki fyrr en frestur er liðinn. Þá frestar málskot áfalli dagsekta. Greinin er sambærileg ákvæði 54. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 25. gr.

Í greininni er mælt fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt 1. mgr. er meginreglan að brot varði fésektum. Brot geta þó varðað allt að sex mánaða fangelsi ef sakir eru miklar. Þá er jafnframt heimilt að dæma sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að refsivert sé að gefa aðilum sem annast framkvæmd laganna ranga skýrslu. Málsgreinin er samhljóða 2. mgr. 57. gr. gildandi samkeppnislaga.

3. mgr. heimilar að sektir samkvæmt lögunum séu gerðar bæði lögaðilum og einstaklingum. Má ákvarða lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Einnig er heimilt að gera lögaðila sekt og sviptingu starfsréttinda ef starfsmaður hans hefur framið brot, ef brotið er drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Þá er mælt fyrir um að lögaðili beri ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota gegn lögunum sem tengd eru starfi hans hjá lögaðilanum. Málsgreinin er samhljóða 3. mgr. 57. gr. gildandi samkeppnislaga.

Loks er kveðið á um það í 4. mgr. að dæma megi sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli sem rís vegna brota á lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir séu aðfararhæfar. Ákvæðið er sambærilegt ákvæði 58. gr. gildandi samkeppnislaga.

Um 27. gr.

Gert er ráð fyrir að undirbúningi að stofnun Neytendastofu og flutningi verkefna Samkeppnisstofnunar er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði lokið 1. júlí 2005. Því er lagt til að lögin öðlist gildi á þeim degi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að skilja að eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hins vegar. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og liggur fyrir kostnaðarmat í umsögn um frumvarp um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

885. Frumvarp til laga [592. mál]

um Neytendastofu og talsmann neytenda.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Neytendastofa er ríkisstofnun sem starfa skal að stjórnsýsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði og rafmagnsöryggismála svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Neytendastofa heyrir undir viðskiptaráðherra.

2. gr.

Neytendastofa skal annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Stofnunin annast einnig dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Þá skal Neytendastofa fara með rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Einnig skal stofnunin hafa yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði og sjá um framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu. Þá skal Neytendastofa leysa af hendi þau verk sem henni eru falin í öðrum lögum.

Neytendastofa skal vinna að stefnumótun á sviði neytendamála auk þess sem stofnunin skal beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á sviðinu. Þá skal Neytendastofa annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði neytendamála sem og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Neytendastofu til fimm ára í senn.

Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi Neytendastofu.

4. gr.

Ráðherra skipar áfrýjunarnefnd neytendamála, sem í sitja þrír menn og jafnmargir til vara, til fjögurra ára í senn. Skulu formaður nefndarinnar og varamaður hans fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

Til áfrýjunarnefndar neytendamála má skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru samkvæmt eftirtöldum lögum:

a. lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins,
b. lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og
c. öðrum lögum sem heyra undir Neytendastofu sé heimild til slíks að finna í þeim lögum.

Skrifleg kæra skal berast áfrýjunarnefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndarinnar skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar og eru aðfararhæfir.

5. gr.

Viðskiptaráðherra skipar talsmann neytenda til fimm ára í senn. Skal hann hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu og reynslu af málefnum neytenda.

Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör talsmanns neytenda. Talsmanni neytenda er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

Neytendastofa annast dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda.

6. gr.

Talsmanni neytenda ber að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd.

Hlutverk talsmanns neytenda felst m.a. í því að:

a. taka við erindum neytenda,
b. bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda,
c. gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur,
d. setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega og
e. kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varða neytendamál.

7. gr.

Talsmaður neytenda getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Öllum neytendum er heimilt að leita til talsmanns neytenda með erindi sín, en hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

8. gr.

Talsmaður neytenda getur, óháð þagnarskyldu, krafið stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita talsmanni neytenda allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. b-lið 2. mgr. 6. gr.

Talsmaður neytenda getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæðis 1. mgr. er talsmanni neytenda heimilt að leita úrlausnar dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir lögum um meðferð einkamála.

9. gr.

Talsmanni neytenda er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem hann verður áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Sama gildir um þá sem sinna störfum fyrir talsmann neytenda. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Talsmaður neytenda er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum. Álitum talsmanns neytenda sem unnin eru á grundvelli laga þessara verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

11. gr.

Talsmaður neytenda skal gefa viðskiptaráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um starfsemi talsmanns neytenda.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá sama tíma falla úr gildi lög um Löggildingarstofu, nr. 155/1996. Við gildistöku laganna skal Löggildingarstofa lögð niður.

Breytingar á öðrum lögum.

13. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Löggildingarstofunnar“ í 2. mgr. 5. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofu.
2. *Lög um alferðir, nr. 80/1994:* Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í 17. gr. laganna kemur: Neytendastofu.
3. *Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994:*
   a. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
   b. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: Neytendastofu.
   c. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 7. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
   d. Orðin „nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum“ í 10. gr. laganna falla brott.
4. *Lög um um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
      i. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. málsl. kemur: Neytendastofa.
      ii. 2. málsl. orðast svo: Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins að öðru leyti en því að ákvörðunum Neytendastofu um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:
      i. Í stað orðsins „Samkeppnisráð“ í 1. mgr. kemur: Neytendastofa.
      ii. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 2. mgr. kemur: Neytendastofa.

5. *Lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Löggildingarstofan“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
6. *Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum:*
   a. Í stað orðsins „Löggildingarstofan“ í 7. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofa.
   b. Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, svohljóðandi:
      Ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála, sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.
7. *Lög um um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996:* Í stað orðsins „Löggildingarstofu“ í 3. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofu.
8. *Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000:* Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 17. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
9. *Lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Löggildingarstofa“ í 18. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofa.
10. *Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002:* Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
    a. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. málsl. kemur: Neytendastofa.
    b. Í stað orðsins „samkeppnislaga“ í 2. málsl. kemur: laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.
    c. Í stað orðins „samkeppnisyfirvalda“ í 2. málsl. kemur: Neytendastofu.
11. *Lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002:* Í stað orðsins „Löggildingarstofu“ í 2. tölul. 2. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Löggildingarstofu boðið annað starf hjá Neytendastofu. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er tvíþætt. Í fyrsta lagi felur það í sér tillögur um að ný stofnun, Neytendastofa, verði sett á fót til að taka við hluta verkefna Samkeppnisstofnunar, sem snúa að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, og þeim verkefnum sem nú eru unnin hjá Löggildingarstofu. Í öðru lagi er lagt til í frumvarpinu að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda. Jafnframt er gert ráð fyrir að Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofa verði lagðar niður. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á þeim lögum sem nú heyra undir Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnun sem nauðsynlegt er að gera vegna flutnings verkefna til Neytendastofu.

Samhliða frumvarpinu eru lögð fram tvö frumvörp, sem að uppistöðu innihalda þau ákvæði sem nú er að finna í gildandi samkeppnislögum, annars vegar frumvarp til nýrra samkeppnislaga og hins vegar frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Eru þau frumvörp samin með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Frumvarp til samkeppnislaga, frumvarp til laga um um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og frumvarp til laga

um Neytendastofu og talsmann neytenda leggja grundvöllinn að því að færa neytendamál undir sömu stofnun.

Neytendastofa.

Helsta markmiðið með því að setja Neytendastofu á fót er að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd, en nokkur eðlismunur er á eftirliti með samkeppnishömlum og neytendavernd, þó að hagsmunir til afskipta af fyrirtækjum geti farið saman. Þannig hefur Samkeppnisstofnun það hlutverk að fylgjast með markaðinum og vera hlutlægur úrskurðaraðili ef svo ber undir sem leggur dóm á hvort eðlilegum leikreglum sé fylgt á markaðnum. Eðli málsins samkvæmt er því erfitt fyrir Samkeppnisstofnun að taka afstöðu til hagsmunagæslu fyrir einn aðila markaðarins gegn öðrum.

Þau verkefni sem koma til með að heyra undir hina nýju stofnun snerta öll hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins auk opinberrar markaðsgæslu og eftirlits með öryggi vöru eru þeir málaflokkar sem augljóslega teljast til neytendamála, en mælifræði og málefni er varða rafmagnsöryggi varða einnig hagsmuni neytenda og eiga því vel heima í hinni nýju stofnun. Neytendastofu verða einnig falin þau verkefni sem nú heyra undir Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu samkvæmt ákvæðum annarra laga en þeirra sem stofnunin fer með framkvæmd á. Þau lög sem um ræðir eru lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, lög um neytendalán, nr. 121/1994, lög um alferðir, nr. 80/1994, lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994, lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, og lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994. Þessu til viðbótar er lagt til að starfsemi talsmanns neytenda verði tengd starfsemi Neytendastofu á þann hátt að starfsmenn stofnunarinnar annist störf fyrir talsmann neytenda.

Lagt er til að ráðherra skipi forstjóra Neytendastofu sem stjórni starfsemi stofnunarinnar og ráði aðra starfsmenn. Ekki er gert ráð fyrir að sérstök stjórn verði yfir stofnuninni.

Áfrýjunarnefnd neytendamála.

Í frumvarpinu er lagt til að skipuð verði sérstök áfrýjunarnefnd neytendamála þangað sem hægt verði að skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og annarra laga sem heyra undir Neytendastofu og hafa að geyma heimild til málskots. Er talið mikilvægt að unnt verði að skjóta ákvörðunum stofnunarinnar um ákveðin málefni til æðra stjórnvalds, en ákvarðanir samkvæmt lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu geta verið íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila. Samkvæmt núgildandi lögum er slík heimild fyrir hendi að því er varðar ákvarðanir sem byggjast á ákvæðum samkeppnislaga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en ákvörðunum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs verður skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Hins vegar er ekki heimild í lögum nú til að skjóta ákvörðunum Löggildingarstofu um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu til æðra stjórnvalds.

Talsmaður neytenda.

Það nýmæli er lagt til í frumvarpinu að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda. Lengi hafa verið uppi raddir um að stofna skuli embætti umboðsmanns neytenda hér á landi, en slík embætti hafa starfað lengi á annars staðar á Norðurlöndunum. Í áliti starfshóps, sem

viðskiptaráðherra skipaði í október 1998, um stefnumörkun í málefnum neytenda eru m.a. gerðar tillögur um að viðskiptaráðherra skipi starfshóp til að kanna hvort stofna eigi sérstakt embætti umboðsmanns neytenda. Við vinnu þá sem fram hefur farið í kjölfar skýrslu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis var fjallað um málið og ákveðið að stofna sérstakt embætti sem hefði það hlutverk að taka við erindum frá neytendum, gefa út álitsgerðir og hafa frumkvæði að úrbótum, nánar tiltekið vera talsmaður neytenda. Í ljósi þess að embættisheitið umboðsmaður hefur öðlast mjög ákveðna merkingu í hugum þjóðarinnar á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna og þess að tillögur frumvarps þess falla ekki að öllu leyti að þeirri skilgreiningu sem yfirleitt er notuð um umboðsmenn er gerð tillaga um að embættisheitið talsmaður verði notað í lögum þessum í stað umboðsmanns. Felst munurinn aðallega í því að talsmanni neytenda er hvorki ætlað að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála eins og títt er með umboðsmenn né er lagt til að talsmaður neytenda vinni að því að gerðar verði rannsóknir á sviði neytendamála. Lagt er til að þessi verkefni verði falin Neytendastofu. Þá er lagt til að starfsemi talsmanns neytenda verði í tengslum við starfsemi Neytendastofu, þó þannig að sjálfstæði talsmanns neytenda sé að fullu tryggt. Þannig er ekki gert ráð fyrir að talsmaður neytenda hafi sérstaka starfsmenn á sínum vegum heldur að hann nýti starfsmenn Neytendastofu sér til aðstoðar við dagleg störf og undirbúning mála.

Rétt er að taka fram að embætti talsmanns neytenda er ekki ætlað að taka við verkefnum sem stjórnvöldum hefur verið falið að vinna samkvæmt lögum og verður það í verkahring Neytendastofu að taka stjórnvaldsákvarðanir á grundvelli þeirra laga sem henni er ætlað að sjá um framkvæmd á. Talsmanni neytenda er heldur ekki ætlað að fara inn á verksvið umboðsmanns Alþingis með því að láta í ljós álit á því hvort stjórnvöld hafi brotið gegn lögum eða góðum stjórnsýsluháttum við meðferð einstakra mála.

Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi talsmann neytenda til fimm ára í senn og skal talsmaður neytenda hafa lokið háskólaprófi og hafa þekkingu og reynslu af málefnum neytenda. Hlutverk talsmanns neytenda snýr aðallega að hagsmunagæslu fyrir neytendur, en það felst m.a. í því að taka við erindum neytenda, bregðast við brotum á réttindum og kynna þær reglur sem gilda á sviði neytendamála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að sérstök ríkisstofnun, Neytendastofa, skuli starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði og rafmagnsöryggismála. Þá er kveðið á um það að Neytendastofa heyri undir viðskiptaráðherra, en þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að inna af hendi heyra nú þegar öll undir viðskiptaráðherra.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að Neytendastofa yfirtaki málaflokka þá sem nú heyra undir Löggildingarstofu annars vegar og neytendasvið Samkeppnisstofnunar hins vegar. Samkvæmt tillögunum mun Neytendastofa annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og laga um vog, mál og faggildingu. Neytendastofa skal einnig leysa af hendi verkefni sem henni eru falin í öðrum lögum, en þau verkefni sem nú heyra undir Samkeppnisstofnun samkvæmt lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000,

lögum um neytendalán, nr. 121/1994, lögum um alferðir, nr. 80/1994, og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994 munu færast yfir til Neytendastofu. Þá munu þau verkefni sem nú eru falin Löggildingarstofu í lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, og lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, heyra undir Neytendastofu. Auk þessa er Neytendastofu ætlað að annast dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda, en gert er ráð fyrir að starfsemi hans verði tengd Neytendastofu.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna reglur um stjórnsýslu Neytendastofu. Lagt er til að ráðherra skipi forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn og skal hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að forstjóri stjórni starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráði starfsmenn hennar. Ekki er gert ráð fyrir að sérstök stjórn verði yfir stofnuninni líkt og nú er við Löggildingarstofu.

Í 3. mgr. ákvæðisins er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um skipulag og starfsemi Neytendastofu með reglugerð.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til það nýmæli að skipuð verði sérstök úrskurðarnefnd á æðra stjórnsýslustigi, áfrýjunarnefnd neytendamála.

Í 1. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra skipi þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í áfrýjunarnefndina. Gert er ráð fyrir að skipunartími verði fjögur ár í senn. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Lagt er til að ráðherra ákveði þóknun nefndarmanna og að hún greiðist úr ríkissjóði.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvaða ákvörðunum verður unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að unnt verði að skjóta til áfrýjunarnefndarinnar ákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, en nú er unnt að skjóta ákvörðunum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs á grundvelli þessara ákvæða til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í öðru lagi er lagt til að hægt verði að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Í 4. mgr. 1. gr. vöruöryggislaganna kemur fram að í þeim tilvikum þar sem ákvæði sérlaga séu ófullnægjandi eða gangi skemmra en ákvæði IV. og V. kafla laganna um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda skuli ákvæði þeirra kafla gilda. Er gert ráð fyrir að ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laganna með vísan til þessa verði einnig hægt að skjóta til áfrýjunarnefndarinnar. Loks er kveðið á um það í 2. mgr. að til áfrýjunarnefndarinnar verði skotið ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli annarra laga sem heyra undir Neytendastofu ef heimild til slíks er að finna í viðkomandi lögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að kæra til áfrýjunarnefndarinnar skuli vera skrifleg og að hún skuli berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Þá er lagt til að úrskurðir nefndarinnar skuli liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Í 4. mgr. er loks kveðið á um það að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar og að þeir séu aðfararhæfir.

Um 5. gr.

Lagt er til að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda.

Í 1. mgr. er kveðið á um að viðskiptaráðherra skuli skipa í embætti talsmanns neytenda til fimm ára í senn. Þær hæfiskröfur sem lagt er til að gerðar verði til talsmanns neytenda eru að hann hafi lokið háskólaprófi og hafi þekkingu og reynslu af málefnum neytenda.

Í 2. mgr. kemur fram að laun og starfskjör talsmanns neytenda skuli ákveðin af kjaranefnd. Þá er kveðið á um það að talsmanni neytenda sé óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem samrýmast ekki starfi hans. Er ákvæðið liður í því að tryggja hlutleysi og sjálfstæði talsmanns neytenda.

Loks er kveðið á um það í 3. mgr. að Neytendastofa skuli annast dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Þannig er gert ráð fyrir að talsmaður neytenda sé sjálfstætt embætti, en jafnframt að talsmaðurinn hafi aðsetur hjá Neytendastofu og nýti sér starfsmenn og sérfræðinga stofnunarinnar við störf fyrir embætti talsmanns. Fyrirkomulag þetta er að danskri fyrirmynd.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk talsmanns neytenda. Samkvæmt ákvæðinu skal talsmaður neytenda stuðla að aukinni neytendavernd með því að sinna hagsmunagæslu fyrir neytendur.

Í 2. mgr. er upptalning á þeim verkefnum sem talsmanni neytenda er ætlað að sinna. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Samkvæmt a-lið málsgreinarinnar felst hlutverk talsmannsins í fyrsta lagi í því að taka við erindum frá neytendum. Það er þó ekki hlutverk talsmanns neytenda að leysa úr einstökum deiluefnum eða taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Hann getur þó leiðbeint þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem þeim eru færar hjá dómstólum og í stjórnsýslunni.

Í öðru lagi er kveðið á um það í b-lið að talsmaður neytenda skuli bregðast við brotum á réttindum og hagsmunum neytenda. Í c- og d-lið kemur fram að talsmaður neytenda geti, m.a. til að bregðast við brotum á hagsmunum neytenda, gefið út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur og sett fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur. Loks er það hlutverk talsmanns neytenda skv. e-lið 2. mgr. að kynna þær reglur sem gilda á sviði neytendamála.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að talsmanni neytenda verði heimilt að taka mál til meðferðar annað hvort á grundvelli kvörtunar eða að eigin frumkvæði. Talsmaður neytenda tekur á móti erindum frá öllum neytendum, en hann hefur jafnframt vald til þess að ákveða hvort erindið gefi tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um upplýsingaskyldu gagnvart talsmanni neytenda. Samkvæmt ákvæðinu getur hann krafist þess að stjórnvöld afhendi honum allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu, án tillits til þagnarskyldu. Þá er kveðið á um það í greininni að fyrirtækjum og samtökum sé skylt að veita talsmanni neytenda þær upplýsingar sem hann metur að séu nauðsynlegar til að hann geti sinn hlutverki sínu skv. b-lið 2. mgr. 6. gr., þ.e. brugðist við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda. Loks er kveðið á um það að talsmaður neytenda geti ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Í lokamálsgrein er kveðið á um það að talsmaður neytenda geti leitað til dómstóla ef upp kemur ágreiningur vegna ákvæðis þessa um upplýsingaskyldu.

Ákvæði þetta er talið nauðsynlegt við upplýsingaöflun talsmanns neytenda þegar hann hefur mál til athugunar. Það er talsmaður neytenda sem metur hvaða upplýsinga er nauðsynlegt að afla í einstökum málum. Gert er ráð fyrir að upplýsingarnar geti verið bæði munnlegar og skriflegar.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir um þagnarskyldu talsmanns neytenda og þeirra sem sinna störfum fyrir hann. Nær þagnarskyldan til þeirra atriða sem framangreindir aðilar verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um 10. gr.

Með ákvæði 10. gr. er lögð áhersla á það að talsmaður neytenda sé óháður fyrirmælum frá öðrum í störfum sínum, en sökum eðlis starfa hans er mikilvægt að hann sé sjálfstæður gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum. Í ljósi þess að fyrirsjáanlegt er að ábendingar talsmanns neytenda geti beinst gegn stjórnvöldum, m.a. þeim sem fara með neytendamál, er mikilvægt, ekki síst til að tryggja traust almennings á störfum talsmannsins, að talsmaður neytenda sé sjálfstæður og óháður þessum aðilum í störfum sínum.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um það að álitum talsmanns neytenda verði ekki skotið til annars stjórnvalds.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að talsmaður neytenda gefi ráðherra árlega skýrslu, sem birta skal opinberlega, um starfsemi sína. Útgáfa slíkrar skýrslu er til þess fallin að auka umræðu um neytendamál og vekja athygli á málefnum neytenda.

Í 2. mgr. greinarinnar er heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um starfsemi talsmanns neytenda í reglugerð.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að undirbúningi að stofnun Neytendastofu og flutningi verkefna Samkeppnisstofnunar er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði lokið 1. júlí 2005. Því er lagt til að lögin öðlist gildi á þeim degi. Jafnframt er lagt til að frá sama tíma verði Löggildingarstofa lögð niður.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingar sem gera þarf á ýmsum lögum vegna stofnunar Neytendastofu og flutnings verkefna frá Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu til Neytendastofu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Öllum starfsmönnum Löggildingarstofu verða boðin störf hjá Neytendastofu. Þar verður leitast við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa áður sinnt þar sem jafnframt verði þó höfð hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan. Með ákvæðinu er tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem þessir starfsmenn verða ráðnir í. Að öðru leyti fer um réttindi þeirra samkvæmt lögum um réttindi og

skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að setja Neytendastofu á fót ásamt embætti talsmanns neytenda. Markmiðið er að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Áætlað er að færa a.m.k. sex starfsmenn Samkeppnisstofnunar, sem hafa sinnt neytendaverkefnum, yfir í Neytendastofu. Samkvæmt kostnaðarmati mun hluti Neytendastofu ásamt talsmanni neytenda kosta um 58,5 m.kr. Þar af eru 3,5 m.kr. vegna flutninga og áfrýjunarnefndar neytendamála, 42 m.kr. færast frá núverandi Samkeppnisstofnun þar sem verkefnið flyst þaðan og loks eru 13 m.kr. vegna embættis talsmanns neytanda.

Verði frumvarpið að lögum mun kostnaður ríkissjóðs aukast um 16,5 m.kr., þar af er 14,5 m.kr. varanlegur rekstrarkostnaður og 2 m.kr. vegna flutnings á starfseminni.

886. Svar [529. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Gini-stuðul og tekjuskattsbreytingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefði Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, ásamt fjármagnstekjum, verið árið 2003, miðað við óbreyttar tekjur,

a. *ef nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar sem koma eiga til framkvæmda á kjörtímabilinu hefðu verið í gildi árið 2003,*
b. *ef jafnmiklum fjármunum og áætlað er að fari í nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar hefði verið varið til að hækka persónuafslátt?*

Útreikningur á Gini-stuðli fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks hefur verið framkvæmdur með rauntölum um tekjur einstaklinga. Það er með sama hætti og áður var gert á Þjóðhagsstofnun.

Þegar tekjudreifing er metin á grundvelli tilbúinna dæma, með ólíkum forsendum um skattabreytingar, er viðbúið að niðurstöðurnar verði ekki raunhæfar. Það er vegna þess að ekki er tekið tilliti til áhrifa af hækkun persónuafsláttar eða lækkun tekjuskatts á vinnuframboð og þar af leiðandi á ráðstöfunartekjurnar. Til að meta slík áhrif þarf að fara út í viðamiklar og flóknar rannsóknir. Jafnvel þótt farið verði út í slíkar rannsóknir er viðbúið að talsverð óvissa verði áfram til staðar um raunveruleg áhrif skattabreytinga á tekjudreifinguna.

Með hliðsjón af framangreindu telur ráðuneytið ekki gerlegt að veita frekara svar við fyrirspurninni.

887. Tillaga til þingsályktunar [593. mál]

um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Í nefndinni verði fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi, Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsráðherra og skipi ráðherra jafnframt formann nefndarinnar. Nefndin skili skýrslu og ráðherra kynni Alþingi niðurstöður hennar eigi síðar en 10. desember 2006.

Greinargerð.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið hefur mikið verið til umræðu undanfarin ár. Færeyingar hafa að ýmsu leyti valið að fara aðrar leiðir í fiskveiðistjórn en aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf. Árangur þeirra og reynsla hefur að mörgu leyti verið athyglisverð, þó að deilt sé bæði um meinta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Athygli vekur að svo virðist sem nokkuð almenn sátt ríki um fiskveiðistjórnina í Færeyjum. Fiskstofnar við Færeyjar virðast einnig hafa spjarað sig þokkalega almennt séð undir þeirri veiðistýringu sem viðhöfð er við Færeyjar.

Þó að fiskveiðistjórn Færeyinga hafi iðulega vakið umræður á Íslandi hefur aldrei farið fram ítarleg úttekt á því kerfi hér á landi. Fátt liggur fyrir af íslenskum heimildum um það, þrátt fyrir að reynsla Færeyinga sé merkileg. Samantekt á henni yrði þarft innlegg í umræðuna um fiskveiðistjórn hér á landi og gæti leitt til þess að Íslendingar drægju gagnlegan lærdóm af henni sem nota mætti við umbætur í fiskveiðistjórn hér.

Ekki er mælst til að neinir fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi hér á landi eigi sæti í nefndinni. Nauðsynlegt er að reyna eftir megni að nálgast viðfangsefnið á hlutlausan hátt og nefndin mundi að sjálfsögðu kalla eftir áliti þessara aðila.

Eðlilegt er að nefndin leggi m.a. mat sitt á tengsl fiskveiðiráðgjafar við heimilaðan afla, brottkast, þjóðhagslegan ávinning, takmörkun afkastagetu fiskveiðiflotans, tengsl landvinnslu og útgerðar, launamál sjómanna, verndun veiðistofna, takmörkun veiðisvæða, takmörkun veiðiskipa, markaðsmál, nýliðun í útgerð, endurnýjun veiðiskipa og fleiri skyld atriði og beri saman við fiskveiðistjórn Íslendinga.

Lagt er til að störf nefndarinnar verði launuð af Verkefnasjóði sjávarútvegsins, og að hún skili niðurstöðum sínum í skýrsluformi til sjávarútvegsráðherra, sem síðan kynni hana fyrir Alþingi.

888. Fyrirspurn [594. mál]

til iðnaðarráðherra um Sægull ehf.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hverjir áttu fyrirtækið Sægull ehf. sem ráðherra greiddi 35 millj. kr. af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar hinn 15. janúar 2003?

2. Hverjar eru helstu niðurstöður rannsókna sem gerðar voru í tengslum við barraeldi og áðurnefndar 35 millj. kr. voru veittar til?
3. Hvaða vísindamenn og vísindastofnanir stóðu að framkvæmd þessara rannsókna?
4. Hafa niðurstöður rannsóknanna verið birtar í viðurkenndum vísindaritum, eða á öðrum vettvangi?

Skriflegt svar óskast.

889. Fyrirspurn [595. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfun á söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvers vegna var engu af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar varið til samgöngubóta í sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar, sbr. lög nr. 57/2002?

890. Fyrirspurn [596. mál]

til félagsmálaráðherra um þjónustusamning við Sólheima.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Var tekið tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar, sem fram komu í skýrslu hennar í apríl 2002, við gerð þjónustusamnings við sjálfseignarstofnunina Sólheima sem tók gildi 1. janúar sl.?

891. Fyrirspurn [597. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar í Eyjafirði.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Hvaða rökstuðningur liggur að baki ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að leyfa dragnótaveiðar í Eyjafirði?

892. Fyrirspurn [598. mál]

til dómsmálaráðherra um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu oft stöðvaði lögregla ökumenn undir áhrifum fíkniefna á síðasta ári?
2. Hvernig er kannað hvort ökumaður er undir áhrifum fíkniefna ef hann er stöðvaður vegna óeðlilegs aksturslags og ekki er um ölvun að ræða? Hversu oft var það kannað á síðasta ári?
3. Hvernig bregst lögreglan við þegar ökumaður undir áhrifum fíkniefna veldur slysi eða öðru tjóni?
4. Hversu margir voru sviptir ökuréttindum vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna á síðasta ári?

893. Fyrirspurn [599. mál]

til viðskiptaráðherra um úthlutun fjár til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig er staðið að því að úthluta þeim 500 millj. kr. sem árlega er varið til að ná fram markmiðum laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningkostnaði olíuvara?

Skriflegt svar óskast.

894. Fyrirspurn [600. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar í vísindaskyni.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er áætlaður kostnaður við áframhaldandi vísindaveiðar Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu ári (39 hrefnur) og 2006 (100 hrefnur)?
2. Hve miklir fjármunir hafa verið settir í vísindaveiðarnar sem hófust sumarið 2003, annars vegar af fjárlagalið Hafrannsóknastofnunar og hins vegar með sérstökum framlögum úr ríkissjóði?
3. Hve mikið af hvalkjöti var tekið á land árin 2003 og 2004 og hve mikið af því er enn óselt?
4. Hver greiðir kostnaðinn við geymslu á hinu óselda kjöti og hversu hár er sá kostnaðarliður orðinn síðan 2003?

895. Frumvarp til laga [399. mál]

um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

Heimilt er Húsavíkurbæ að stofna einkahlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur er nefnist Orkuveita Húsavíkur ehf.

2. gr.

Heimili Orkuveitu Húsavíkur ehf. og varnarþing skulu vera á Húsavík, en heimilt skal vera að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

3. gr.

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Orkuveitu Húsavíkur ehf. er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi félagsins og verkefnum skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundum samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Orkuveita Húsavíkur ehf. tekur við einkarétti Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur til starfrækslu hita-, raf- og vatnsveitu á Húsavík og yfirtekur skyldur tengdar rekstri þeirra sem kveðið er á um í öðrum lögum. Farið skal að ákvæðum 4. gr. laga nr. 32/2004 varðandi ráðstöfun á einkarétti. Orkuveita Húsavíkur ehf. yfirtekur samninga sem gerðir hafa verið um sölu á rafmagni og heitu vatni eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Orkuveitu Húsavíkur ehf. leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Aðrir sem reka orkumannvirki eða vatnsveitu á starfssvæði Orkuveitu Húsavíkur ehf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum í samræmi við ákvæði laga.

5. gr.

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda í samræmi við ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, raforkulaga, nr. 65/2003, og laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Við setningu gjaldskrár fyrir sölu á heitu vatni skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu áunnið sér.

Um biðlaunarétt fastráðinna starfsmanna Orkuveitu Húsavíkur við stofnun Orkuveitu Húsavíkur ehf. fer eftir grein 11.1.1 í kjarasamningi Starfsmannafélags Húsavíkur og launanefndar sveitarfélaga f.h. Húsavíkurbæjar með gildistíma 1. janúar 2001 til 31. mars 2005.

7. gr.

Stofna skal einkahlutafélagið Orkuveitu Húsavíkur á stofnfundi sem haldinn skal í marsmánuði 2005. Allur kostnaður af stofnun Orkuveitu Húsavíkur ehf. og yfirtöku þess á rekstri Orkuveitu Húsavíkur greiðist af einkahlutafélaginu.

8. gr.

Orkuveita Húsavíkur ehf. skal taka til starfa 1. apríl 2005 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Húsavíkur. Orkuveita Húsavíkur skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

9. gr.

Um skyldu Orkuveitu Húsavíkur ehf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt og um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Þó skal Orkuveita Húsavíkur ehf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Orkuveita Húsavíkur ehf. skal undanþegin stimpilgjöldum. Þá verða ekki greiddir skattar og opinber gjöld af eignatilfærslum milli Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur ehf. við formbreytinguna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Húsavíkurbær ber áfram ábyrgð á lánum sem tekin hafa verið fyrir 1. apríl 2005 með ábyrgð bæjarsjóðs vegna Orkuveitu Húsavíkur.

II.

Rekstrarlega séð skal yfirtaka Orkuveitu Húsavíkur ehf. á Orkuveitu Húsavíkur miðuð við 1. janúar 2005.

896. Svar [498. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Helga Hjörvars um skuldir eftir aldri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru meðalskuldir landsmanna árin 1999 og 2003 og hve stór hluti þeirra var vegna húsnæðisöflunar, skipt eftir aldri sem hér segir: 20 ára og yngri, 21–25 ára og áfram í fimm ára aldursbilum upp í 75 ára, og 76 ára og eldri?

Eftirfarandi tafla sýnir meðalskuldir landsmanna og hversu stór hluti þeirra er vegna íbúðarhúsnæðis í árslok 1999 og 2003 (fjárhæðir eru í millj. kr. á verðlagi hvers árs):

	1999		2003	
	Meðalskuldir	Hlutfall skulda vegna húsnæðis	Meðalskuldir	Hlutfall skulda vegna húsnæðis
Hjón og sambýlisfólk				
16–20 ára	3,1	87,6%	3,9	89,4%
21–25 ára	4,5	80,2%	7,1	83,0%
26–30 ára	6,3	74,5%	9,3	77,5%
31–35 ára	7,5	71,0%	10,8	74,8%
36–40 ára	7,8	69,8%	11,1	71,7%
41–45 ára	7,1	67,2%	10,4	68,0%
46–50 ára	5,9	63,2%	8,8	66,6%
51–55 ára	4,8	58,0%	7,6	61,6%
56–60 ára	3,9	54,5%	5,9	59,6%
61–65 ára	2,9	50,9%	4,7	57,7%
66–70 ára	2,1	55,3%	3,4	60,9%
71–75 ára	1,4	60,2%	2,4	62,9%
76 ára og eldri	0,8	65,1%	1,4	69,9%
Alls	**5,2**	**66,1%**	**7,6**	**68,4%**
Einhleypir og einstæðir foreldrar				
16–20 ára	0,1	47,6%	0,1	67,8%
21–25 ára	1,0	61,2%	1,4	66,5%
26–30 ára	2,5	64,2%	3,4	68,1%
31–35 ára	3,3	65,9%	4,6	68,1%
36–40 ára	3,4	68,4%	5,1	67,1%
41–45 ára	3,2	71,3%	4,7	69,8%
46–50 ára	2,9	71,6%	4,4	70,7%
51–55 ára	2,5	71,8%	3,8	71,5%
56–60 ára	2,1	65,8%	3,2	73,3%
61–65 ára	1,5	75,2%	2,6	68,4%
66–70 ára	1,1	76,8%	1,9	78,7%
71–75 ára	0,8	77,5%	1,3	76,7%
76 ára og eldri	0,4	81,6%	0,7	78,2%
Alls	**1,5**	**67,6%**	**2,3**	**69,4%**

Skýringar: Hjá hjónum og sambýlisfólki miðast aldur við aldur þess sem er eldra.

897. Lög [191. mál]

um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars)

Samhljóða þskj. 839 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

A-deild Stjórnartíðinda.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

Við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema annað verði ákveðið með lögum.

3. gr. hljóðar svo:

B-deild Stjórnartíðinda.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga sem tilkynnt hafa verið á árinu og heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema með leyfi dómsmálaráðherra.

9. gr. hljóðar svo:

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

898. Nefndarálit [504. mál]

um frv. til l. um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti. Jafnframt ræddi nefndin símleiðis við Ársæl Guðmundsson, sveitarstjóra í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Með frumvarpinu er lagt til að kristfjárjörðin Utanverðunes verði seld ábúanda. Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats sem er sjóður um eignina. Ráðstöfun eigna legatsins skal samræmast hinum forna tilgangi kristfjárjarða, en kristfjárjarðir voru hluti fátækraframfærslu fyrr á öldum. Jörðin Utanverðunes var gefin Rípurhreppi árið 1838 og skyldi gjöfinni varið til framfærslu munaðarlausra barna í hreppnum.

Nefndin leggur til að sú breyting verði gerð á frumvarpinu að ráðstöfun eigna legatsins verði að hljóta samþykki félagsmálaráðuneytisins að fenginni umsögn sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Gunnar Örlygsson, Pétur H. Blöndal og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 28. febr. 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm. | Guðlaugur Þór Þórðarson. | Helgi Hjörvar.

Sigurður Kári Kristjánsson. | Katrín Júlíusdóttir.

899. Breytingartillaga [504. mál]

við frv. til l. um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Frá félagsmálanefnd.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats. Ráðstöfun eigna legatsins, verði það leyst upp, skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, sem leitar umsagnar sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárjarða.

900. Tillaga til þingsályktunar [601. mál]

um átak til að auka verðmæti veiða á bleikju og urriða.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Jón Bjarnason, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að veittar skuli 20 millj. kr. árlega næstu fimm árin til sérstaks átaks sem miði að því að auka verðmætasköpun við nýtingu bleikju- og urriðastofna. Fénu skal varið af sérskipaðri verkefnisstjórn sem í verði einn fulltrúi skipaður af landbúnaðarráðherra, einn fulltrúi frá Veiðimálastofnun, einn fulltrúi frá Landssambandi veiðifélaga, einn frá Landssambandi stangaveiðifélaga og einn frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Greinargerð.

Nýting lax- og silungastofna (bleikju og urriða) hér á landi veltir miklum fjármunum og skapar umtalsverða starfsemi. Hér vegur sportveiði þyngst, en hún nýtur mikilla vinsælda íslenskra og erlendra veiðimanna. Talið er að á bilinu 55–65 þúsund manns njóti þessarar af-

þreyingar árlega, sér til upplyftingar og heilsubótar. Stangaveiðin skapar miklar tekjur fyrir þjóðfélagið og veitir mörgum atvinnu, einkum í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu.

Verulegar líkur eru á að enn séu vannýtt sóknarfæri í stangaveiði hér á landi, ekki síst hvað varðar veiði á silung. Í minnisblaði sem Veiðimálastofnun lagði fyrir fjárlaganefnd og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 27. október 2004 (Sigurður Guðjónsson: Átak til að auka verðmæti silungsveiða), kemur fram að sérfræðingar stofnunarinnar telji ekki óraunhæft að tvöfalda megi tekjur og efnahagsleg áhrif af silungsveiðum á næstu fimm árum og fjórfalda á næstu tíu árum með því að nýta ár og vötn betur en nú er.

Lagt er mat á efnahagslegt framlag innlendra og erlendra stangaveiðimanna í nýlegri skýrslu sem er að finna á vefnum angling.is. Eftirfarandi töflur eru fengnar úr þeirri skýrslu (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Veiðimálastofnun, 2004. Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif og líffræðileg staða auðlindarinnar. Skýrsla unnin fyrir Landssamband veiðifélaga).

Framlag erlendra stangaveiðimanna til íslenska hagkerfisins (verðlag í maí 2004).

	Meðalútgjöld 11.900 kr. á dag		Meðalútgjöld 23.800 kr. á dag	
Fjöldi gesta	2.000	3.000	2.000	3.000
Meðalútgjöld	102.200	102.200	137.900	137.900
Útgjöld (milljónir kr.)				
Heildarútgjöld	204	306	276	414
- Þar af innflutt -	102 -	153 -	138 -	207
Framlag	102	153	138	207
Margföldunaráhrif	310	465	420	629
Heildarframlag	412	618	558	836

Framlag innlendra stangaveiðimanna til íslenska hagkerfisins.

	Neðri mörk	Efri mörk
Fjöldi	55.000	61.000
Skipti	434.500	600.000
Meðalútgjöld	42.175	42.175
Útgjöld (milljónir kr.)		
Útgjöld innlendra stangveiðimanna	2.320	2.572
Innflutt (30%)	-696	-772
Útgjöld til innlendra vara	1.624	1.800
Óbein og afleidd áhrif	4.872	5.401
Framlag til hagkerfisins	6.496	7.202

Eins og sjá má af þessum tölum er verðmæti stangaveiða hér á landi talið nema nálega 10 milljörðum kr. árlega. Stærstur hluti af þessu kemur frá laxveiði sem telja má fullnýtta auðlind nema til komi vel heppnaðar ræktunaraðgerðir. Leiða má líkur að því að mestu sóknarfærin séu fólgin í silungsveiðunum, en fjölmargar silungsveiðiár og vötn eru vannýtt í dag. Hér þarf að koma til samstillt átak stjórnvalda, og hagsmunaaðila á borð við veiðiréttareigendur, veiðimenn og aðila í ferðaþjónustu, gjarnan með fjárhagslegri þátttöku hagsmunaaðila. Átak af þessu tagi ætti meðal annars að taka mið af eftirtöldum þáttum:

- Auka rannsóknir og ræktunaraðgerðir á silungastofnum með það að markmiði að bæta nýtingu þeirra með tilliti til veiði.
- Bæta aðgengi að veiðistöðum, aðstöðu fyrir veiðimenn og kynningu á veiðivötnum.
- Bæta skráningu á silungsveiði.
- Byggja upp virk veiðifélög um veiðivötn.

Telja má víst að vel heppnað átak af þessu tagi mundi auka enn á verðmætasköpun vegna stangaveiða, ekki síst í hinum dreifðu byggðum landsins. Almennt veita sportveiðar fjármagni frá þéttbýli til dreifbýlis og er, eins og fram hefur komið, umtalsverður hluti af tekjum veiðirétthafa sem oftast tengjast landbúnaði. Auknar rannsóknir mundu einnig bæta við þekkingu okkar á þessum verðmætu fiskstofnum. Aukin velta fjármuna af veiðum ætti að leiða til aukningar á skatttekjum ríkisins. Fjármunir sem varið yrði til að auka verðmæti þessara veiða ættu því að vera góð fjárfesting, sem skilaði sér margfalt til baka til ríkissjóðs þegar til lengri tíma yrði litið.

901. Tillaga til þingsályktunar [602. mál]

um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Gunnar Örlygsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undibúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Nefndin verði skipuð sjö manns. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í janúar 2006.

Greinargerð.

Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgar ár frá ári, hefur verið farið að auka vægi hreyfingar í meðferð sjúklinga í nágrannalöndum okkar. Í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahúsi skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfingaráætlun þar sem sjúklingurinn getur sjálfur tekist á við heilsuleysið með eigin atorku.

Útgjöld heilbrigðiskerfisins aukast stöðugt hér á landi, ný, dýrari og fullkomnari lyf koma á markað sem krefst þess að fá að nota þau og launakostnaður heilbrigðisstofnana verður sífellt meiri. Eftir því sem tækninni fleygir fram verða aðgerðir sífellt dýrari og heilbrigðisstofnunum reynist erfitt að halda sig innan fjárlaga. Leita þarf leiða til að breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum sé lyf eða læknisaðgerð því að sjúklingar geta oft breytt heilsufari sínu sjálfir með breyttu líferni, mataræði og hreyfingu.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheibrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir og það er ekki aðeins vandamál einstaklinga heldur samfélagsins alls. Sam-

kvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er rúmlega 1 milljarður manna of þungur, þar af þjást 300 milljónir þeirra af offitu (BMI > 30). Stofnunin telur offitu vera annað stærsta heilbrigðisvandamálið næst á aftir reykingum.

Hér á landi hefur offita meðal fullorðinna tvöfaldast á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá 9 ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því fjöldi sjúkdóma.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin, sem hér er lagt til að skipuð verði, þyrfti að leita eftir upplýsingum um hvernig meðferðinni var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þessu fyrirkomulagi þar. Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Einnig þarf nefndin að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað. Hún gæti verið viðbótarmenntun við ýmsa aðra menntun, svo sem sjúkraþjálfun, líkamsræktar- og íþróttanám, félagsráðgjöf, næringarfræði og hjúkrun svo dæmi séu tekin. Annars staðar á Norðurlöndunum er farið að bjóða nám fyrir þá sem vilja starfa við stuðning, eftirfylgni og ráðgjöf þeirra sjúklinga sem fara þessa leið. Að auki þarf nefndin að koma með tillögur um það hvernig auðvelda skuli læknum að vísa á hreyfingu í stað lyfja, svo sem með stöðluðum formum eða rafrænum lausnum. Þá gætu stofnanir eins og Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð eða heilsugæslan gefið út handbók með leiðbeiningum.

Nefndin meti hvort sú leið sem hér er lögð til er ákjósanleg eða hvort aðrar leiðir skuli farnar til að koma á hreyfingu sem valkosti í heilbrigðisþjónustunni. Þá meti nefndin hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem sinna umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Afleiðingar samfélagsbreytinga.

Miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum, tækninýjungar og líkamlega léttari störf hafa leitt til minni hreyfingar og orkuþarfar fólks. Þessi þróun hefur síðan leitt til þess að ofþyngd og offita hefur aukist. Í heimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis á Reykjalund í nóvember 2005, þar sem árangursrík meðferð á offitu fer fram, bentu forsvarsmenn stofnunarinnar á alvarlegar afleiðingar þessa ástands. Dánartíðni vegna offitu hefur tvöfaldast, kæfisvefn og sykursýki tífaldast, hjarta og æðasjúkdómar þrefaldast, sama á við um stoðkerfisverki og slitgigt, ýmsar gerðir krabbameins eru nú allt að tvöfalt algengari en áður og ófrjósemi hefur aukist. Algengir andlegir fylgikvillar eru síðan þunglyndi, vanmetakennd, kvíði og félagsfælni.

Offita hefur einnig ýmsar félagslegar afleiðingar, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem síðan leiða til minni möguleika til náms, atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Oftar en ekki er félagsleg staða þessa fólks slæm og líkleg til að leiða til örorku.

Offita veldur miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Marga algengustu sjúkdómana má rekja til óheilbrigðra lífshátta, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting, sykursýki eldra fólks og áunna sykursýki sem hefur aukist hjá börnum. Offita er ekki aðeins vandi fullorðinna heldur fer tíðni hennar vaxandi hjá börnum þannig að sá vandi er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem á eftir að verða baggi á velferðarkerfinu í heild ef ekkert verður að gert. Hreyfing og hollusta er leið til að sporna við þeirri þróun.

Reynsla annarra þjóða.

Svíar, Danir og Norðmenn hafa í nokkur ár gert tilraunir með að vísa á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf. Í leiðbeiningabók sem nefnd um aukna upplýsingagjöf um heilbrigðismál gaf út í Danmörku kemur fram að þessi leið gagnast best sem meðferð við æða-, stoðkerfis-, efnaskipta-, lungna- og geðsjúkdómum. Rannsóknir sýna að þetta er raunhæfur kostur en læknar verða að meta í hverju tilfelli hvort þessi leið á við viðkomandi sjúkling því ekki er hægt að alhæfa um það að hreyfing eigi við alla. Bandarísk rannsókn þar sem eldra fólki með stoðkerfisvandamál var boðið upp á vatnsleikfimi í stað liðskiptaaðgerðar sýndi að helmingur þeirra sem völdu þá leið fengu bót meina sinna og þurftu ekki að fara í skurðaðgerð. Það er jákvætt fyrir viðkomandi sjúkling þar sem skurðaðgerðir hafa alltaf einhverja hættu í för með sér, auk þess sem það sparar samfélaginu mikla fjármuni þegar unnt er að ná heilsu á þennan hátt. Þessi leið hefur einhvern kostnað í för með sér, en þó mun minni en dýr lyf og skurðaðgerðir.

Frá árinu 2002 hafa dönsku ömtin hvert af öðru farið að bjóða íbúum sínum, sem hafa átt við heilsuleysi að stríða, að takast á við sjúkdóm sinn með því að læknir ávísi á hreyfingu („motion på recept"). Tilboðið hefur yfirleitt beinst að hópum með lífsstílssjúkdóma, svo sem sykursýki eldra fólks, lungnasjúkdóma vegna reykinga, háan blóðþrýsting og þunglyndi. Vísað var á fjögurra mánaða þjálfun hjá sjúkraþjálfara. Í tengslum við átakið fór af stað samstarf íþrótta- og líkamsræktarfyrirtækja og svo fyrirtækja og stofnana sem buðu starfsmönnum sínum að taka þátt í átakinu. Mest hefur þetta verið líkamsrækt innan dyra en einnig hefur stafganga verið þáttur í þessu átaki.

Í upplýsingariti frá því í ágúst 2004 um stöðu átaksins segir að árangurinn hafi verið mjög góður. Þeir sem hafa boðið þessa leið hvað lengst eru í samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn, íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar til að tryggja framboð við hæfi sem flestra. Einnig hafa þeir verið í samstarfi við stéttarfélög og fyrirtæki sem styðja félaga og starfsmenn sína til að fara þessa leið. Hreyfingaráætlanirnar eru mismunandi viðtækar eftir ömtum, en víða eru þær boðnar í nokkra mánuði og síðan halda menn áfram á eigin vegum.

Sumir hafa tekið upp hreyfingaráætlun fyrir almenning í forvarnaskyni, bæði börn og fullorðna, eins og Árhus-amtið sem er með þriggja ára átak undir heitinu „Líkami, matur og hreyfing". Einnig eru læknar hvattir til að láta fólk í áhættuhópum hreyfa sig.

Árið 2003 tóku gildi í Noregi lög um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar gætu vísað á hreyfingu ásamt matarleiðbeiningum ef þeir teldu ástæðu til, á sama hátt og lyfja- eða læknismeðferð. Þessi lagabreyting hefur gengið undir heitinu „græn ávísun" þar í landi. Náði heimildin þar í fyrstu til sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma. Tilgangurinn var að minnka lyfjanotkun og auka áherslu á að hvetja sjúklinga til að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og ýta undir getu þeirra til að hafa áhrif á hana með eigin atorku þar sem það var talið forsvaranlegt út frá læknisfræðilegu mati. Heimilaðar voru greiðslur til lækna fyrir grænar ávísanir sambærilegar við greiðslur fyrir lyfseðla eða aðrar tilvísanir. Nú hefur sjúklingum með áunna sykursýki, sykursýki 2, verið bætt við þann hóp sem getur fengið ávísun á hreyfingu. Fyrsta árið, þ.e. 2003, voru gefnar út 24.000 grænar ávísanir í Noregi.

Svíar hófu að beita þessu úrræði 2001 og hefur það gefist vel.

Kjöraðstæður á Íslandi.

Hér á landi eru kjöraðstæður til að bjóða þennan valkost. Hvergi eru fleiri sundlaugar en hérlendis og íþróttaaðstaða góð og ekki fullnýtt alls staðar. Hér á landi er vel menntað fagfólk sem getur tekið að sér að veita þá fjölbreyttu þjónustu sem þyrfti að standa til boða auk þess sem hér eru margar vel búnar líkamsræktarstöðvar.

Með tillögunni var fylgiskjal, Elsta læknisráðið er ennþá í fullu gildi. (Morgunblaðið, 15. ágúst 2004.)

902. Tillaga til þingsályktunar [603. mál]

um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2014.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2014. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu.

903. Tillaga til þingsályktunar [604. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórn-

skipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB.

Tilskipun 2002/98/EB inniheldur reglur sem varða meðhöndlun blóðs og blóðhluta á öllum stigum, allt frá blóðgjafa til blóðþega og til notkunar í lyfjum. Þær kröfur sem settar eru fram í tilskipuninni eiga að tryggja gæði og öryggi blóðs og blóðhluta án tillits til þess hver er ætluð notkun þess. Markmið tilskipunarinnar er að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma við blóðgjöf og hún er sett á grundvelli sjónarmiða um almannaheilbrigði.

Tilskipunin setur ákveðin viðmið um blóðbankastarfsemi. Í henni eru m.a. gerðar kröfur um óháðan eftirlitsaðila, ábyrgðaraðila, samræmdar merkingar, rekjanleika, prófanir, varðveislu gagna og tilkynningar- og skráningarkerfi vegna atvika sem upp koma. Tilskipunin gerir einnig ráð fyrir að starfsemi sem felst í söfnun blóðs þurfi leyfi eða viðurkenningu yfirvalda. Auk þess sem tilskipunin kveður á um nýjar reglur á þessu sviði breytir hún tilskipun 2001/83/EB um lyf ætluð mönnum en sú tilskipun er þegar hluti af EES-samningnum.

Starfsemi blóðbanka á Íslandi hefur verið talin falla undir lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Ljóst er að semja þarf ítarlegri reglur á þessu sviði til að tryggja fulla innleiðingu tilskipunarinnar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýð-

veldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15t (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/94/EB):

„15u. **32002 L 0098:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB (Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB):

„- **32002 L 0098:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 (Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/98/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2003, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

YFIRLÝSING EFTA-RÍKJANNA

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/98/EB FRÁ 27. JANÚAR 2003 UM SETNINGU GÆÐA- OG ÖRYGGISSTAÐLA FYRIR SÖFNUN, PRÓFUN, VINNSLU, GEYMSLU OG DREIFINGU BLÓÐS OG BLÓÐHLUTA ÚR MÖNNUM OG UM BREYTINGU Á TILSKIPUN 2001/83/EB

(ER EYKUR NÝJUM LIÐ 15u Í XIII. KAFLA (LYF) II. VIÐAUKA VIÐ EES-SAMNINGINN)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, er byggist á 152. gr. EB-sáttmálans sem bættist við með Amsterdam-sáttmálanum, er mikilvægur þáttur Evrópulöggjafar á sviði heilsugæslu og er í samræmi við stefnu EFTA-ríkjanna í heilbrigðismálum.

Þessi yfirlýsing er með fyrirvara um ákvæði 118. gr. EES-samningsins.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/98/EB

frá 27. janúar 2003

um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum a-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 4. nóvember 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mannsblóð er notað í lækningaskyni í svo miklum mæli að tryggja verður gæði og öryggi heilblóðs og blóðhluta, einkum til að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist með þeim.

2) Framboð á blóði og blóðhlutum, sem eru notuð í lækningaskyni, er aðallega háð því að borgarar í Bandalaginu séu reiðubúnir að gefa blóð. Til að vernda lýðheilsu og koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma þarf að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir við söfnun, vinnslu, dreifingu og notkun blóðs og nýta framfarir í vísindum til að greina, óvirkja og eyða smitefnum sem geta borist með blóðinngjöf.

3) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([5]) voru tryggð gæði, öryggi og verkun fjöldaframleiddra sérlyfja sem unnin eru úr blóði eða blóðvökva manna. Heilblóð, blóðvökvi og blóðfrumur úr mönnum eru skýrt undanskilin gildissviði þeirrar tilskipunar en það hefur leitt til þess að engin bindandi Bandalagsákvæði taka til gæða og öryggis þeirra ef þau eru ætluð til blóðinngjafar en ekki til vinnslu. Það er því áríðandi að til séu Bandalagsákvæði sem tryggja að blóð og hlutar þess séu sambærileg að gæðum og öryggi, allt frá töku til inngjafar og án tillits til ráðgerðrar notkunar þeirra, í öllum aðildarríkjunum og er þá höfð í huga frjáls för ríkisborgara aðildarríkjanna á yfirráðasvæði Bandalagsins. Ef settir verða strangir gæða- og öryggisstaðlar mun það hjálpa til að sannfæra almenning um að blóð og blóðhlutar úr mönnum, sem fengið er úr blóðeiningum frá öðru aðildarríki, uppfylli sömu kröfur og blóð og blóðhlutar frá þeirra eigin landi.

4) Þegar fjallað er í tilskipun 2001/83/EB um notkun blóðs eða blóðhluta úr mönnum sem upphafsefnis í framleiðslu sérlyfja er vísað til ráðstafana sem aðildarríkjunum ber að gera til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma en ráðstafanirnar taka mið af gæðalýsingum efna í Evrópsku lyfjaskránni og tilmælum Evrópuráðsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, einkum er lýtur að vali og rannsókn á þeim sem gefa blóð og blóðvökva. Aðildarríkin skulu enn fremur gera ráðstafanir til að stuðla að því að Bandalagið verði sjálfu sér nægt um blóð og blóðhluta og hvetja sjálfboðaliða til að gefa blóð og blóðhluta án endurgjalds.

5) Til að tryggja að blóðhlutar séu sambærilegir að öryggi og gæðum án tillits til ráðgerðrar notkunar þeirra ber að setja fram tæknilegar kröfur í þessari tilskipun um söfnun og prófun alls blóðs og blóðhluta, þ.m.t. upphafsefni í lyf.

([1]) Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 141 og Stjtíð. EB C 75 E, 26.3.2002, bls. 104.
([2]) Stjtíð. EB C 221, 7.8.2001, bls. 106.
([3]) Stjtíð. EB C 19, 22.1.2002, bls. 6.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 6. september 2001 (Stjtíð. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 289), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. febrúar 2002 (Stjtíð. EB C 113 E, 14.5.2002, bls. 93) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. júní 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. desember 2002 og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2002.

([5]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

Breyta ber tilskipun 2001/83 /EB til samræmis við þetta.

6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1994 um öryggi blóðs og sjálfsnægtir Evrópubandalagsins að því er varðar blóð var bent á þörfina fyrir stefnu í blóðmálum sem yrði til þess að auka tiltrú á öryggi blóðs, allt frá töku til inngjafar, og stuðla að sjálfsnægtum Bandalagsins.

7) Í ályktun sinni frá 2. júní 1995 um öryggi blóðs og sjálfsnægtir Bandalagsins að því er varðar blóð ([1]) hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að leggja fram viðeigandi tillögur um mótun stefnu í blóðmálum.

8) Í ályktun sinni frá 12. nóvember 1996 um áætlun um aukið öryggi blóðs og sjálfsnægtir Bandalagsins að því er varðar blóð ([2]) hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að leggja hið bráðasta fram viðeigandi tillögur með það að markmiði að hvetja til þess að mótuð verði samræmd stefna í tengslum við öryggi blóðs og blóðafurða.

9) Í ályktunum sínum frá 14. september 1993 ([3]), 18. nóvember 1993 ([4]), 14. júlí 1995 ([5]) og 17. apríl 1996 ([6]) um öryggi blóðs og sjálfsnægtir Bandalagsins, að því er varðar blóð sem fæst með blóðgjöfum sjálfboðaliða í Evrópubandalaginu án endurgjalds, lagði Evrópuþingið áherslu á mikilvægi þess að tryggja öryggi blóðs eins og framast er unnt og hefur ítrekað áframhaldandi stuðning sinn við viðleitni Bandalagsins til sjálfsnægta.

10) Við samningu ákvæða þessarar tilskipunar hefur verið höfð hliðsjón af áliti vísindanefndarinnar um lyf og lækningatæki og reynslu á alþjóðavettvangi á þessu sviði.

11) Eiginblóðsinngjöf er þess eðlis að taka þarf sérstakt tillit til hennar þegar hugað er að því hvernig og hvenær beita skuli hinum ýmsu ákvæðum þessarar tilskipunar.

12) Blóðstöðvar sjúkrahúsa eru sjúkrahússeiningar sem annast takmarkaða starfsemi, geymslu, dreifingu og samhæfisprófanir. Til að tryggja að gæði og öryggi blóðs og blóðhluta haldist allt frá töku til inngjafar, að teknu tilliti til sérstaks eðlis og starfsemi blóðstöðva sjúkrahúsa, skulu einungis þau ákvæði, sem varða þessa starfsemi, gilda um blóðstöðvar sjúkrahúsa.

13) Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi fyrirkomulag sé til staðar fyrir tilnefningu, veitingu heimildar, faggildingu eða veitingu starfsleyfis til að tryggja að starfsemi blóðþjónustustofnana sé í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun.

14) Aðildarríkjunum ber að skipuleggja skoðun og eftirlitsaðgerðir, sem starfsmenn á vegum lögbæra yfirvaldsins framkvæma, til að tryggja að blóðþjónustustofnanir uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

15) Starfsfólk, sem tekur beinan þátt í söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta, þarf að hafa viðeigandi menntun og hæfi og skal sjá því fyrir tímanlegri og viðeigandi þjálfun, sbr. þó fyrirliggjandi löggjöf Bandalagins um viðurkenningu starfsmenntunar og hæfis og um verndun starfsmanna.

16) Blóðþjónustustofnunum ber að koma á og reka gæðakerfi, sem taka til allrar starfsemi þar sem ákvörðun er tekin um markmið og ábyrgðarsvið gæðastefnunnar, og starfrækja gæðakerfin með gæðaskipulagi, gæðastýringu, gæðatryggingu og gæðaúrbótum innan ramma gæðakerfanna, að teknu tilliti til meginreglnanna um góða framleiðsluhætti og samræmismatskerfis EB.

17) Koma skal á fullnægjandi kerfi til að tryggja að unnt sé að rekja feril blóðs og blóðhluta. Rekjanleika skal tryggja með nákvæmu auðkenningarferli fyrir gjafa, sjúklinga og rannsóknastofur, með skráahaldi og með viðeigandi auðkenningar- og merkingakerfi. Æskilegt er að þróað verði sérstakt kerfi til að unnt sé að auðkenna á óyggjandi hátt hverja einstaka blóðeiningu og blóðhlutaeiningu sem safnað er í Bandalaginu. Þegar um er að ræða innflutt blóð og blóðhluta frá þriðju löndum er mikilvægt að blóðþjónustustofnanir tryggi sambærilegan rekjanleika blóðs og blóðhluta, sem eru fluttir inn frá þriðju löndum, áður en kemur að innflutningi þeirra inn í Bandalagið. Tryggja skal að sömu kröfur um rekjanleika séu gerðar í kjölfar innflutningsins og gilda um blóð og blóðhluta sem safnað er í Bandalaginu.

18) Mikilvægt er að koma á skipulegu eftirlitsferli til að safna og meta upplýsingar um meintilvik

([1]) Stjtíð. EB C 164, 30.6.1995, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 374, 11.12.1996, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB C 268, 4.10.1993, bls. 29.
([4]) Stjtíð. EB C 329, 6.12.1993, bls. 268.
([5]) Stjtíð. EB C 249, 25.9.1995, bls. 231.
([6]) Stjtíð. EB C 141, 13.5.1996, bls. 131.

eða óvæntar aukaverkanir, sem stafa af söfnun blóðs og blóðhluta, til að koma í veg fyrir að svipuð eða jafngild meintilvik eða aukaverkanir komi upp, og auka þar með öryggi blóðinngjafar með fullnægjandi ráðstöfunum. Í þessu skyni skal komið á sameiginlegu tilkynningarkerfi í aðildarríkjunum fyrir alvarleg meintilvik og aukaverkanir í tengslum við söfnun, vinnslu, prófun, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta.

19) Þegar gjafa er skýrt frá því að eitthvað óeðlilegt hafi komið í ljós er mikilvægt að honum sé veitt ráðgjöf.

20) Nútímastarfsvenjur við blóðinngjöf byggjast á meginreglum um blóðgjöf sjálfboðaliða, nafnleynd bæði gjafa og þega, velvilja gjafans og að stofnanir, sem annast blóðbankaþjónustu, séu ekki reknar í ágóðaskyni.

21) Gera þarf allar nauðsynlegar ráðstafanir til að veita væntanlegum blóð- og blóðhlutagjöfum tryggingu fyrir því að þagnarskyldu verði gætt varðandi heilsufarsupplýsingar, sem viðurkenndu starfsfólki hafa verið veittar, niðurstöður úr prófunum á blóðinu, sem þeir hafa gefið, og rekjanleika blóðeiningarinnar síðar.

22) Samkvæmt 5. mgr. 152. gr. sáttmálans geta ákvæði þessarar tilskipunar ekki haft áhrif á innlend ákvæði um blóðgjöf. Í a-lið 4. mgr. 152. gr. sáttmálans er greint frá því að ekkert sé því til fyrirstöðu að aðildarríki láti strangari verndarráðstafanir gilda áfram eða grípi til þeirra að því er varðar gæða- og öryggisstaðla fyrir blóð og blóðhluta.

23) Blóðgjöf sjálfboðaliða án endurgjalds er þáttur sem getur stuðlað að auknu öryggi, að því er varðar blóð og blóðhluta, og þar með að heilsuvernd. Styðja ber viðleitni Evrópuráðsins á þessu sviði og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja sjálfboðaliða til að gefa blóð án endurgjalds, s.s. með viðeigandi aðgerðum og framtaksverkefnum og með því að tryggja að gjafar njóti í auknum mæli almennrar viðurkenningar en þannig má einnig stuðla að sjálfsnægtum. Hafa skal hliðsjón af skilgreiningu Evrópuráðsins á blóðgjöf sjálfboðaliða án endurgjalds.

24) Heilsa einstaklinga, sem gefa blóð eða blóðhluta til notkunar í lækningaskyni eða í lækningatæki, skal vera með þeim hætti að blóðeiningin hafi engin skaðleg áhrif og að hætta á útbreiðslu smitsjúkdóma sé í lágmarki enda skal hver blóðeining prófuð í samræmi við reglur sem tryggja að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja heilbrigði einstaklinganna sem þiggja blóðið og blóðhlutana.

25) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) skulu heilsufarsupplýsingar um einstaklinga njóta sérstakrar verndar. Tilskipunin tekur þó aðeins til persónuupplýsinga en ekki til upplýsinga sem hafa verið aftengdar persónuauðkennum. Því er rétt að setja verndarákvæði í þessari tilskipun til að koma í veg fyrir óheimilar breytingar á gjafaskrám eða vinnsluskrám og óheimila miðlun upplýsinga.

26) Veita ber framkvæmdastjórninni umboð til að setja fram tæknilegar kröfur og samþykkja nauðsynlegar breytingar á þessum tæknilegu kröfum og viðaukunum í því skyni að taka mið af framförum á sviði tækni og vísinda.

27) Við ákvörðun tæknilegra krafna og við aðlögun að framförum ber að taka mið af tilmælum ráðsins frá 29. júní 1998 um hverjir teljist hæfir til að gefa blóð og blóðvökva og um skimun gjafablóðs í EB ([2]), viðeigandi tilmælum Evrópuráðsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem og upplýsingum frá viðeigandi evrópskum stofnunum, s.s. um gæðalýsingar efna í Evrópsku lyfjaskránni.

28) Nauðsynlegt er að sú vísindalega ráðgjöf, sem Bandalaginu stendur til boða viðvíkjandi öryggi blóðs og blóðhluta, sé sem best, einkum að því er varðar að laga ákvæði þessarar tilskipunar að framförum í vísindum og tækni.

29) Prófanir skulu vera í samræmi við nýjustu verklagsreglur í vísindum og tækni sem endurspegla bestu gildandi starfsvenjur eins og þær eru skilgreindar, endurskoðaðar reglulega og uppfærðar í viðeigandi ferli samráðs við sérfræðinga. Í þessu endurskoðunarferli ber einnig að taka tilhlýðilegt tillit til framfara í greiningu, óvirkjun og eyðingu sýkla sem geta borist með blóðinngjöf.

30) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 203, 21.7.1998, bls. 14.

1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

31) Með það fyrir augum að efla skilvirka framkvæmd þeirra ákvæða sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun ber að kveða á um viðurlög sem aðildarríkin skulu beita.

32) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðunum með þessari tilskipun nægilega vel, en þau eru að stuðla að almennri tiltrú á bæði gæðum blóðeininga og blóðhluta, sem safnað er, og heilsuvernd gjafa, að sjá til þess að Bandalagið verði sjálfu sér nægt um blóð og að auka tiltrú á öryggi blóðs meðal aðildarríkjanna, allt frá töku til inngjafar, og þar eð þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs þeirra og áhrifa er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, gengur þessi tilskipun ekki lengra en þörf er á til að markmiðunum verði náð.

33) Ábyrgð á skipulagningu heilbrigðisþjónustu og læknishjálpar skal áfram hvíla á einstökum aðildarríkjum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um gæða- og öryggisstaðla fyrir blóð og blóðhluta úr mönnum í því skyni að tryggja öfluga heilsuvernd.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um söfnun og prófun blóðs og blóðhluta úr mönnum, án tillits til ráðgerðrar notkunar þeirra, og um vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta sem eru ætlaðir til blóðinngjafar.

2. Þegar blóði og blóðhlutum er safnað í þeim eina tilgangi að nota þau til eiginblóðsinngjafar og blóðið og blóðhlutarnir eru skýrt auðkenndir með tilliti til þess skulu kröfurnar, sem uppfylla ber í þessum efnum, vera í samræmi við kröfurnar sem um getur í g-lið 29. gr.

3. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um tilskipanir 93/42/EBE ([2]), 95/46/EB eða 98/79/EB ([3]).

4. Þessi tilskipun gildir ekki um blóðstofnfrumur.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „blóð“: heilblóð frá gjafa sem er annaðhvort undirbúið til blóðinngjafar eða frekari vinnslu,

b) „blóðhluti“: efnisþáttur blóðs sem er notaður í lækningaskyni (rauðkorn, hvítkorn, blóðflögur, blóðvökvi) og sem framleiða má með ýmsum aðferðum,

c) „blóðafurð“: lækningavara sem er unnin úr blóði eða blóðvökva manna,

d) „eiginblóðsinngjöf“ (samgena blóðinngjöf): blóðinngjöf þar sem gjafi og þegi er einn og sami einstaklingurinn og þar sem notað er blóð og blóðhlutar sem tekin voru áður og geymd,

e) „blóðþjónustustofnun“: stofnun eða aðili sem ber ábyrgð á einhverjum þætti í söfnun og prófun blóðs eða blóðhluta úr mönnum, án tillits til ráðgerðrar notkunar þeirra, og vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta sem eru ætlaðir til blóðinngjafar. Þetta hugtak tekur ekki til blóðstöðva sjúkrahúsa,

f) „blóðstöð sjúkrahúss“: sjúkrahússeining sem annast geymslu, dreifingu og samhæfisprófanir blóðs og blóðhluta sem eru einungis notaðir innan marka sjúkrahússins, þ.m.t. starfsemi á vegum sjúkrahússins í tengslum við blóðinngjöf,

g) „alvarleg meintilvik“: óvænt atvik í tengslum við söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta sem gæti leitt til dauða, eða er lífshættuleg, leiðir til fötlunar eða óstarfhæfni sjúklings eða leiðir til eða lengir sjúkrahúsvist eða sjúkdómsástand,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([2]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/104/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 50).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

h) „alvarleg aukaverkun“: óvænt svörun hjá gjafa eða sjúklingi, í tengslum við söfnun eða inngjöf blóðs eða blóðhluta, sem er banvæn, lífshættuleg, leiðir til fötlunar eða óstarfhæfni eða leiðir til eða lengir sjúkrahúsvist eða sjúkdómsástand,

i) „samþykkt blóðhluta“: samþykktarferli sem gerir kleift að taka blóðhluta af bannlager með notkun kerfa og verklagsreglna sem tryggja að fullunna varan sé í samræmi við þá gæðalýsingu sem er forsenda samþykkis,

j) „frávísun“: ógilding á úrskurði um að einstaklingur sé hæfur til að gefa blóð eða blóðhluta og getur ógildingin ýmist verið varanleg eða tímabundin,

k) „dreifing“: afhending blóðs og blóðhluta til annarra blóðþjónustustofnana, blóðstöðva sjúkrahúsa og framleiðenda blóðs og blóðvökvaafurða. Afhending blóðs eða blóðhluta til blóðinngjafar telst ekki vera dreifing,

l) „blóðgát“: skipulegt eftirlit með alvarlegum eða óvæntum meintilvikum eða aukaverkunum hjá gjöfum eða þegum, og faraldursfræðilegt eftirlit með gjöfum,

m) „skoðun“: formleg og hlutlæg athugun samkvæmt samþykktum stöðlum í þeim tilgangi að meta samræmi við þessa tilskipun og aðra viðeigandi löggjöf og greina vandamál.

4. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að kröfum samkvæmt þessari tilskipun.

2. Í þessari tilskipun er ekkert því til fyrirstöðu að aðildarríki láti strangari verndarráðstafanir gilda áfram eða grípi til þeirra ef þær eru í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Aðildarríkin geta einkum sett fram kröfur sem varða blóð, sem sjálfboðaliðar gefa án endurgjalds, og fela í sér bann eða takmörkun á innflutningi blóðs eða blóðhluta í þeim tilgangi að tryggja öfluga heilsuvernd og ná því markmiði sem er sett fram í 1. mgr. 20. gr., að því tilskildu að farið sé að ákvæðum sáttmálans.

3. Við framkvæmd þeirrar starfsemi, sem fellur undir þessa tilskipun, getur framkvæmdastjórnin fengið tækni- og/eða stjórnsýsluaðstoð, sem kemur bæði framkvæmdastjórninni og þegum til góða og varðar kortlagningu, undirbúning, stjórnun, vöktun, úttekt og eftirlit, ásamt fjármagni til viðbótarútgjalda.

II. KAFLI

SKYLDUR YFIRVALDA AÐILDARRÍKJANNA

5. gr.

Tilnefning, veiting heimildar, faggilding eða veiting starfsleyfis til blóðþjónustustofnana

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að starfsemi, sem varðar söfnun og prófun blóðs og blóðhluta úr mönnum, án tillits til ráðgerðrar notkunar, og vinnslu, geymslu og dreifingu, þegar um blóðinngjöf er að ræða, fari aðeins fram hjá blóðþjónustustofnunum sem lögbæra yfirvaldið hefur tilnefnt, veitt heimild, faggilt eða veitt starfsleyfi í þessu skyni.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal blóðþjónustustofnunin veita lögbærra yfirvaldinu upplýsingar skv. I. viðauka.

3. Þegar lögbæra yfirvaldið hefur fengið fullvissu fyrir því að blóðþjónustustofnunin fullnægi kröfum samkvæmt þessari tilskipun skal það gera blóðþjónustustofnuninni grein fyrir þeirri starfsemi sem henni er heimilt að stunda og skilyrði þar að lútandi.

4. Blóðþjónustustofnuninni er ekki heimilt að gera verulegar breytingar á starfsemi sinni nema að fengnu skriflegu samþykki lögbæra yfirvaldsins.

5. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ógilda tímabundið eða afturkalla tilnefningu, heimild, faggildingu eða starfsleyfi blóðþjónustustofnunar ef skoðun eða eftirlitsaðgerðir leiða í ljós að hún fullnægir ekki kröfum samkvæmt þessari tilskipun.

6. gr.

Blóðstöðvar sjúkrahúsa

Ákvæði 7., 10., 11. (1. mgr.), 12. (1. mgr), 14., 15., 22. og 24. gr. gilda um blóðstöðvar sjúkrahúsa.

7. gr.

Ákvæði um starfandi stofnanir

Aðildarríkjum er heimilt að láta innlend ákvæði gilda áfram í níu mánuði frá deginum, sem mælt er fyrir um í 32. gr., til að gera blóðþjónustustofnunum, sem starfa samkvæmt löggjöf þeirra, kleift að fullnægja kröfum samkvæmt þessari tilskipun.

8. gr.

Skoðun og eftirlitsaðgerðir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið skipuleggi skoðun blóðþjónustustofnana og aðgerðir til eftirlits með þeim til að tryggja að kröfum samkvæmt þessari tilskipun sé fullnægt.

2. Lögbæra yfirvaldið skal skipuleggja skoðun og eftirlitsaðgerðir með reglulegu millibili. Ekki skal líða lengri tími en tvö ár á milli tveggja skoðana og eftirlitsaðgerða.

3. Slík skoðun og eftirlitsaðgerðir skulu vera í höndum starfsmanna á vegum lögbæra yfirvaldsins sem skulu hafa umboð til að:

a) skoða blóðþjónustustofnanir sem og aðstöðu allra þriðju aðila á yfirráðasvæði yfirvaldsins sem handhafi tilnefningar, heimildar, faggildingar eða starfsleyfis, sem um getur í 5. gr., hefur falið að annast mat og prófanir skv. 18 gr.,

b) taka sýni til rannsóknar og greiningar,

c) fara yfir öll skjöl sem varða tilefni skoðunarinnar, sbr. þó gildandi ákvæði í aðildarríkjunum á þeim tíma sem þessi tilskipun öðlast gildi sem takmarka umboð þeirra þegar um er að ræða lýsingu á framleiðsluaðferð.

4. Lögbæra yfirvaldið skal skipuleggja viðeigandi skoðun og aðrar eftirlitsaðgerðir þegar um er að ræða alvarleg meintilvik eða aukaverkanir eða ef grunur leikur á um slíkt.

III. KAFLI

ÁKVÆÐI UM BLÓÐÞJÓNUSTUSTOFNANIR

9. gr.

Ábyrgðaraðili

1. Blóðþjónustustofnanir skulu tilnefna aðila (hér á eftir nefndur ábyrgðaraðili) sem er falið:

– að sjá til þess að söfnun og prófun allra einninga blóðs eða blóðhluta, án tillits til ráðgerðrar notkunar þeirra, og, ef þær eru ætlaðar til blóðinngjafar, vinnsla, geymsla og dreifing þeirra sé í samræmi við gildandi lög í aðildarríkinu,

– að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar við tilnefningu, veitingu heimildar, faggildingu eða veitingu starfsleyfis sem krafist er skv. 5. gr.,

– að sjá til þess að kröfur skv. 10., 11. 12., 13., 14. og 15. gr. séu uppfylltar í blóðþjónustustofnuninni.

2. Ábyrgðaraðilinn skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur um menntun og hæfi:

a) hann skal geta framvísað prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í læknisfræði eða lífvísindum sem honum hefur verið veittur að loknu háskólanámi eða öðru námi sem, að mati hlutaðeigandi aðildarríkis, jafngildir því,

b) að loknu námi skal hann hafa aflað sér hagnýtrar reynslu á viðeigandi sviðum í a.m.k. tvö ár hjá einni eða fleiri stofnunum sem hafa heimild til að annast starfsemi sem varðar söfnun og/eða prófun blóðs og blóðhluta úr mönnum eða vinnslu, geymslu og dreifingu þeirra.

3. Verkin, sem eru tiltekin í 1. mgr., má fela öðrum aðilum sem skulu hafa þjálfun og reynslu sem gerir þá hæfa til að vinna þessi verk.

4. Blóðþjónustustofnanir skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um nafn ábyrgðaraðilans, sem um getur í 1. mgr., og annarra aðila, sem um getur í 3. mgr., ásamt upplýsingum um þau tilteknu verk sem þeir bera ábyrgð á.

5. Taki annar aðili tímabundið eða varanlega við störfum ábyrgðaraðilans eða annars aðila sem um getur í 3. mgr. skal blóðþjónustustofnunin þegar í stað tilkynna lögbæra yfirvaldinu um nafn nýja ábyrgðaraðilans og hvenær hann tekur til starfa.

10. gr.

Starfsfólk

Starfsfólk, sem tekur beinan þátt í söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs eða blóðhluta úr mönnum, skal hafa menntun og hæfi til að vinna þessi verk og fá þjálfun sem er tímanleg, viðeigandi og endurnýjuð reglulega.

IV. KAFLI

GÆÐASTJÓRNUN

11. gr.

Gæðakerfi fyrir blóðþjónustustofnanir

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hver blóðþjónustustofnun komi á og reki gæðakerfi fyrir blóðþjónustustofnanir sem byggist á meginreglunum um góðar starfsvenjur.

2. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja Bandalagsstaðla og -tæknilýsingar skv. h-lið 29. gr. fyrir þá starfsemi sem blóðþjónustustofnuninni ber að annast í tengslum við gæðakerfið.

12. gr.

Skjalahald

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að blóðþjónustustofnanir haldi utan um skjöl um verklagsreglur, viðmiðunarreglur, þjálfunar- og uppflettihandbækur og skýrslueyðublöð.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að opinberir starfsmenn, sem annast skoðun og eftirlitsaðgerðir, sem um getur í 8. gr., hafi aðgang að þessum skjölum.

13. gr.

Skráahald

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að blóðþjónustustofnanir haldi skrár um upplýsingar sem krafist er skv. II. og IV. viðauka og b-, c- og d-lið 29. gr. Skrárnar skulu varðveittar í a.m.k. 15 ár.

2. Lögbæra yfirvaldið skal halda skrár yfir gögn sem þau fá frá blóðþjónustustofnunum skv. 5., 7., 8., 9. og 15. gr.

V. KAFLI

BLÓÐGÁT

14. gr.

Rekjanleiki

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekja megi blóð og blóðhluta frá gjafa til þega og öfugt þegar söfnun, prófun, vinnsla, geymsla, samþykkt og/eða dreifing blóðsins og blóðhlutanna fer fram á yfirráðasvæði þeirra.

Með þetta fyrir augum skulu aðildarríkin sjá til þess að blóðþjónustustofnanir komi á kerfi til að auðkenna hverja blóðgjöf og hverja blóðeiningu og blóðhluta úr henni sem gerir það fullkomlega kleift að rekja þau til gjafans, inngjafarinnar og þegans. Með kerfinu verður að vera unnt að auðkenna á óyggjandi hátt hverja einstaka blóðeiningu og tegund blóðhluta. Þessu kerfi skal komið á í samræmi við kröfurnar sem um getur í a-lið 29. gr.

Þegar um er að ræða blóð og blóðhluta sem eru flutt inn frá þriðju löndum skulu aðildarríkin sjá til þess að kerfið, sem blóðþjónustustofnunum ber að koma á til að auðkenna gjafa, tryggi sambærilegan rekjanleika.

2. Þegar söfnun, prófun, vinnsla, geymsla, samþykkt og/eða dreifing blóðs og blóðhluta fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kerfið, sem er notað til að merkja blóðið og blóðhlutana, sé í samræmi við auðkenningarkerfið, sem um getur í 1. mgr., og kröfur um merkingu skv. III. viðauka.

3. Gögnin, sem þarf til að tryggja fullan rekjanleika í samræmi við þessa grein, skulu varðveitt í 30 ár hið minnsta.

15. gr.

Tilkynning um alvarleg meintilvik og aukaverkanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

– að lögbæra yfirvaldið fái tilkynningu um hvert alvarlegt meintilvik (óhöpp og mistök), sem varðar söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta og getur haft áhrif á gæði þeirra og öryggi, og um allar alvarlegar aukaverkanir sem koma fram við eða eftir blóðinngjöf og varða gæði og öryggi blóðs og blóðhluta,

– að blóðþjónustustofnanir hafi komið á sérstöku ferli til að stöðva dreifingu blóðs eða blóðhluta, sem tengjast framangreindri tilkynningu, af nákvæmni, öryggi og með þeim hætti að unnt sé að sannreyna það.

2. Þessi alvarlegu meintilvik og aukaverkanir skulu tilkynnt í því ferli og með því tilkynningarsniði sem um getur í i-lið 29. gr.

VI. KAFLI

ÁKVÆÐI UM GÆÐI OG ÖRYGGI BLÓÐS OG BLÓÐHLUTA

16. gr.

Upplýsingar til væntanlegra gjafa

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir væntanlegir blóð- eða blóðhlutagjafar í Bandalaginu fái upplýsingarnar sem um getur í b-lið 29. gr.

17. gr.

Upplýsingar sem gjöfum ber að veita

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir gjafar í Bandalaginu veiti blóðþjónustustofnuninni upplýsingarnar, sem um getur í c-lið 29. gr., eftir að þeir hafa lýst sig reiðubúna til að gefa blóð eða blóðhluta.

18. gr.

Hæfi gjafa

1. Blóðþjónustustofnanir skulu sjá til þess að fyrir hendi sé sérstakt matsferli fyrir alla blóð- og blóðhlutagjafa og að samræmis sé gætt við viðmiðanir um blóðgjöf sem um getur í d-lið 29. gr.

2. Niðurstöður úr mati og rannsóknum á gjafa skulu skjalfestar og sýni þær eitthvað óeðlilegt skal gjafanum skýrt frá því.

19. gr.

Rannsókn á gjöfum

Gjafar skulu rannsakaðir, þ.m.t. teknir í viðtal, áður en til blóð- eða blóðhlutagjafar kemur. Menntaðir og hæfir heilbrigðisstarfsmenn skulu einkum sjá um að afla upplýsinga frá gjöfum og veita þeim upplýsingar, einkum upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta hæfi þeirra til að gefa blóð, og síðan skulu þeir meta hæfi gjafanna á grundvelli þessara upplýsinga.

20. gr.

Blóðgjöf sjálfboðaliða án endurgjalds

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja sjálfboðaliða til að gefa blóð án endurgjalds í þeim tilgangi að tryggja að söfnun blóðs og blóðhluta fari í sem mestum mæli fram á þann hátt.

2. Aðildarríkin skulu leggja skýrslur um þessar ráðstafanir fyrir framkvæmdastjórnina að liðnum tveimur árum frá gildistöku þessarar tilskipunar og síðan þriðja hvert ár. Á grundvelli þessara skýrslna skal framkvæmdastjórnin gera Evrópuþinginu og ráðinu grein fyrir öllum nauðsynlegum viðbótarráðstöfunum sem hún hyggst grípa til á vettvangi Bandalagsins.

21. gr.

Prófanir á blóðeiningum sem safnað er

Blóðþjónustustofnanir skulu sjá til þess að hver eining blóðs og blóðhluta, sem safnað er, sé prófuð í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allt blóð og blóðhlutar, sem eru flutt inn til Bandalagsins, séu prófuð í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka.

22. gr.

Skilyrði við geymslu, flutning og dreifingu

Blóðþjónustustofnanir skulu sjá til þess að skilyrði við geymslu, flutning og dreifingu blóðs og blóðhluta samræmist kröfunum sem um getur í e-lið 29. gr.

23. gr.

Kröfur um gæði og öryggi blóðs og blóðhluta

Blóðþjónustustofnanir skulu sjá til þess að kröfur um öryggi og gæði blóðs fullnægi ströngum stöðlum sem samsvara kröfunum í f-lið 29. gr.

VII. KAFLI

GAGNAVERND

24. gr.

Gagnavernd og þagnarskylda

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll gögn, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar, sem aflað er innan ramma þessarar tilskipunar og sem þriðju aðilar hafa aðgang að, hafi verið aftengd persónuauðkennum þannig að ekki sé lengur unnt að sanngreina gjafann.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin sjá til þess:

a) að gerðar hafi verið ráðstafanir til að tryggja öryggi þessara gagna og verndarráðstafanir til koma í veg fyrir að gögnum verði í leyfisleysi bætt við skrár um gjafa eða skrár um frávísun eða eytt úr þeim eða breytt og til að koma í veg fyrir óleyfilega miðlun upplýsinga,

b) að fyrir hendi séu verklagsreglur til að greiða úr ósamræmi milli gagna,

c) að ekki komi til óleyfilegrar miðlunar framangreindra upplýsinga en tryggja um leið að unnt sé að rekja feril blóðeininga.

VIII. KAFLI

SKIPTI Á UPPLÝSINGUM, SKÝRSLUGJÖF OG VIÐURLÖG

25. gr.

Upplýsingaskipti

Framkvæmdastjórnin skal halda reglulega fundi með lögbærum yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna, sendinefndum sérfræðinga frá blóðþjónustustofnunum og öðrum viðeigandi aðilum til að skiptast á upplýsingum um reynsluna af framkvæmd þessarar tilskipunar.

26. gr.

Skýrslur

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu, í fyrsta skipti 31. desember 2003 og síðan þriðja hvert ár, um þá starfsemi sem fram hefur farið í tengslum við ákvæði þessarar tilskipunar, þ.m.t. greinargerð um skoðun og eftirlitsaðgerðir.

2. Framkvæmdastjórnin skal framsenda skýrslur aðildarríkjanna um reynsluna af framkvæmd þessarar tilskipunar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslu, í fyrsta skipti 1. júlí 2004 og síðan þriðja hvert ár, um framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar, einkum þeirra sem varða skoðun og eftirlit, til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

27. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði í síðasta lagi á þeim degi sem er tiltekinn í 32. gr. og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þessi ákvæði.

IX. KAFLI

NEFNDIR

28. gr.

Stjórnsýslumálsmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

29. gr.

Tæknilegar kröfur og aðlögun þeirra að framförum á sviði tækni og vísinda

Ákvörðun um aðlögun tæknilegra krafna í I.–IV. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

Ákvörðun um eftirfarandi tæknilegar kröfur og aðlögun þeirra að framförum á sviði tækni og vísinda skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.:

a) kröfur um rekjanleika,

b) upplýsingar sem veita ber gjöfum,

c) upplýsingar sem fengnar skulu frá gjöfum, þ.m.t. auðkenni þeirra, heilsufarssaga, og undirskrift,

d) kröfur er varða hæfi blóð- og blóðvökvagjafa og skimun gjafablóðs, þ.m.t.

   – viðmiðanir fyrir varanlega frávísun og hugsanlegar undantekningar frá þeim,

   – viðmiðanir fyrir tímabundna frávísun,

e) kröfur er varða geymslu, flutning og dreifingu,

f) kröfur um gæði og öryggi blóðs og blóðhluta,

g) kröfur sem gilda um eiginblóðsinngjafir,

h) Bandalagsstaðlar og -forskriftir er varða gæðakerfi fyrir blóðþjónustustofnanir,

i) málsmeðferð Bandalagsins við tilkynningu um alvarlegar aukaverkanir og meintilvik og snið tilkynninga.

30. gr.

Samráð við vísindanefnd eða -nefndir

Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við viðeigandi vísindanefnd eða -nefndir þegar hún setur fram tæknilegu kröfurnar, sem um getur í 29. gr., og þegar hún aðlagar tæknilegu kröfurnar í I.–IV. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda, m.a. í því skyni að tryggja jafngild gæði og öryggi blóðs og blóðhluta til blóðinngjafar og blóðs og blóðhluta sem eru notuð sem upphafsefni til framleiðslu lyfja.

X. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

31. gr.

Breyting á tilskipun 2001/83/EB

Í stað 109. gr. tilskipunar 2001/83/EB komi eftirfarandi:

„*109. gr.*

Þegar um er að ræða söfnun og prófun blóðs og blóðhluta úr mönnum gildir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB (*).

(*) Stjtíð. EB L 33, 8.2.2003, bls. 30.“

32. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. febrúar 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau hafa þegar samþykkt eða sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

33. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

34. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. DRYS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM BLÓÐÞJÓNUSTUSTOFNUN BER AÐ VEITA LÖGBÆRU YFIRVALDI TIL AÐ FÁ TILNEFNINGU, HEIMILD, FAGGILDINGU EÐA STARFSLEYFI Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 5. GR.

A-hluti Almennar upplýsingar:

- auðkenni blóðþjónustustofnunarinnar,
- nöfn, menntun og hæfi ábyrgðaraðila og hvernig unnt er að ná sambandi við þá,
- skrá yfir blóðstöðvar sjúkrahúsa sem stofnunin sér fyrir birgðum,

B-hluti Lýsing á gæðakerfinu, þ.m.t.:

- upplýsingaskjöl, s.s. skipurit þar sem fram koma verksvið ábyrgðaraðila og boðleiðir,
- upplýsingaskjöl, s.s. aðalmappa um framleiðslustað (site master file) eða gæðahandbók þar sem lýst er gæðakerfinu í samræmi við 1. mgr. 11. gr.,
- fjöldi og menntun og hæfi starfsmanna,
- ákvæði um þrifnað,
- athafnasvæði og búnaður,
- skrá yfir staðlaðar verklagsreglur um hvernig öflun gjafa skuli háttað, hvernig tryggja eigi framhald á blóðgjöf þeirra og hvernig gjafar eru metnir, um vinnslu og prófanir, dreifingu og innköllun blóðs og blóðhluta og um tilkynningu og skráningu alvarlegra aukaverkana og meintilvika.

II. VIÐAUKI

SKÝRSLA UM STARFSEMI BLÓÐÞJÓNUSTUSTOFNUNARINNAR Á NÆSTLIÐNU ÁRI

Í ársskýrslunni skal eftirfarandi koma fram:

- heildarfjöldi þeirra sem gefa blóð og blóðhluta,

- heildarfjöldi blóðeininga,
- uppfærð skrá yfir blóðstöðvar sjúkrahúsa sem stofnunin sér fyrir birgðum,
- heildarfjöldi óskertra blóðeininga sem voru ekki notaðar,
- fjöldi einstakra blóðhluta sem voru framleiddir og settir í dreifingu,
- nýgengi og algengi smitvísa, sem geta borist á milli við blóðinngjöf, í blóði og blóðhlutum gjafa,
- fjöldi innkallana á vörum,
- fjöldi alvarlegra meintilvika og aukaverkana sem tilkynnt var um.

III. VIÐAUKI

KRÖFUR UM MERKINGAR

Á merkimiða fyrir blóðhlutann skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- opinbert heiti blóðhlutans,
- rúmmál eða þyngd eða fjöldi frumna í blóðhlutanum (eftir því sem við á),
- sérstakur auðkennistalnakóði eða auðkennisstafakóði blóðeiningar,
- heiti blóðþjónustustofnunarinnar sem framleiddi blóðhlutann,
- ABO-blóðflokkur (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),
- RhD-blóðflokkur, annaðhvort RhD-jákvæður eða RhD-neikvæður (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),
- dagsetning eða tímasetning fyrningar (eftir því sem við á),
- geymsluhitastig,
- heiti, samsetning og rúmmál storkuvara og/eða viðbótarlausnar (ef um slíkt er að ræða).

IV. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM PRÓFANIR Á HEILBLÓÐSEININGUM OG BLÓÐVÖKVA SEM SAFNAÐ ER

Eftirfarandi prófanir skulu gerðar á heilblóðseiningum og á blóðhlutum úr blóðskilju, þ.m.t. eiginblóðseiningar sem safnað er til notkunar síðar:

- ABO-blóðflokkun (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),
- RhD-blóðflokkun (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),
- skimun á eftirfarandi sýkingum hjá gjöfum:
  - lifrarbólgu B (mótefni gegn yfirborðsmótefnavaka lifrarbólguveiru B (HBs-Ag)),
  - lifrarbólgu C (mótefni gegn lifrarbólguveiru C (Anti-HCV)),
  - eyðniveiru 1 eða 2 (mótefni gegn eyðniveiru 1 eða 2 (Anti-HIV 1/2)).

Frekari prófanir kunna að vera nauðsynlegar þegar um er að ræða sérstaka blóðhluta eða gjafa eða þegar faraldur er í gangi.

904. Tillaga til þingsályktunar [605. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004, um breytingar á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað eftir heimild Alþingis til að staðfesta framangreinda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Innleiðing þessarar ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér á landi. Ákvörðunin var því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu meðan leitað er samþykkis Alþingis til að staðfesta hana. Í athugasemdum hér á eftir er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins, sem og efni ákvörðunarinnar.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Tilskipunin er liður í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá 11. maí 1999 um þróun fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða innan Evrópusambandsins. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins og efla þannig frelsi í þjónustu og fjármagnsflutningum á sameiginlega markaðnum fyrir fjármálaþjónustu. Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur í bandalagsrétti um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (e. financial collateral arrangements). Slíkar ráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu og framsal verðbréfa og reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum fyrir skilvirkri nýtingu fjárhagslegra tryggingarráðstafana á opnum og sameiginlegum fjármálamarkaði í Evrópu. Slíkar hindranir felast einkum í óþarflega íþyngjandi kröfum í landsrétti aðildarríkjanna um form, efni og fullnustu slíkra samninga og í ósamræmi í landsrétti einstakra ríkja á þessu sviði.

Aðild að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sem falla undir tilskipunina er bundin við tilteknar stofnanir á fjármálamarkaði, þ.m.t. opinbera lánasjóði, alþjóðlega fjárfestingar- og þróunarbanka, seðlabanka, fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög, verðbréfasjóði, milligönguaðila, uppgjörsaðila og greiðslujöfnunarstöðvar. Dæmi um viðskipti þessara stofnana sem fela í sér fjárhagslegar tryggingarráðstafanir eru lánveitingar seðlabanka til fjármálafyrirtækja sem tryggðar eru með veðréttindum, endurhverf verðbréfakaup gagnvart seðlabanka og uppgjörstryggingar fjármálafyrirtækja í greiðslu- og uppgjörskerfum. Auk framangreindra stofnana geta aðrir lögaðilar, t.d. hlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög, orðið aðilar að slíkum samningum ef mótaðilinn er stofnun sem talin er upp hér að framan. Aðildarríkin geta þó í löggjöf sinni takmarkað aðildarhæfið við framangreindar stofnanir.

Mismunandi kröfur einstakra ríkja um form samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir hafa staðið í vegi fyrir skilvirkri nýtingu slíkra ráðstafana milli landa og þannig hindrað samþættingu fjármagnsmarkaða innan ESB. Í stað þess að kveða á um samræmingu formkrafna var farin sú leið í tilskipuninni að draga úr slíkum kröfum og treysta þannig gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gildi slíkra samninga.

Tilskipunin veitir aðilum að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir heimild til víðtæks samningsfrelsis um aðferðir við fullnustu samningsskuldbindinga, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar. Aðildarríkjunum er gert að viðurkenna rétt tryggingarhafa til að nýta veðsetta fjárhagslega tryggingu ef aðilar samningsins hafa á annað borð samið um slíkan rétt, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar. Tilskipunin kveður á um að réttarreglur um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir skuli gilda bæði um veðsetningu og framsal beins eignarréttar, sbr. 6. gr. Í 7. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum gert að veita ákvæðum um heimild til skuldajöfnuðar til uppgjörs réttarvernd. Réttarverndin nær til efnda ákvæðanna þótt kveðinn hafi verið upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila. Í 8. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum gert að veita samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sérstaka réttarvernd í gjaldþrotarétti. Sérreglan kveður á um þær aðstæður þegar gerður er samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, eða trygging samkvæmt slíkum samningi er látin í té, sama dag og kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila. Hafi ráðstöfunin verið gerð áður en úrskurðurinn var kveðinn upp skal hún halda gildi sínu og vera bindandi gagnvart þriðja manni. Hafi ráðstöfunin hins vegar verið gerð eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp skal hún halda gildi sínu og vera bindandi gagnvart þriðja manni hafi tryggingarhafi hvorki vitað né mátt vita um uppkvaðningu úrskurðarins. Í 9. gr.

tilskipunarinnar er kveðið á um þá reglu að um tiltekin atriði varðandi veðréttindi yfir rafbréfum skuli fara eftir lögum þess ríkis þar sem reikningur vegna þeirra er færður.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 106/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001) í XII. viðauka við samninginn:

„4. **32002 L 0047:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43).“

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 47 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 34.
([2]) Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/47/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/47/EB

frá 6. júní 2002

um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([5]) var áfangi í því að koma upp traustum lagaramma fyrir greiðsluuppgjörskerfi og uppgjörskerfi fyrir verðbréf. Með framkvæmd þessarar tilskipunar hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að takmarka kerfistengda áhættu, sem fylgir slíkum kerfum og stafar af ólíkum áhrifum margra lögsagnarumdæma, og ávinninginn af sameiginlegum reglum um tryggingu sem slík kerfi bjóða upp á.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 11. maí 1999, sem ber heitið „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun", skuldbatt framkvæmdastjórnin sig, að höfðu samráði við sérfræðinga í markaðsmálum og innlend yfirvöld, til að vinna að frekari tillögum um lagasetningu um tryggingar og hvatti til meiri framþróunar á sviði trygginga, umfram tilskipun 98/26/EB.

3) Setja skal Bandalagsreglur um tryggingar í formi verðbréfa og reiðufjár, bæði með tilliti til veðsamninga og samninga um framsal á eignarrétti, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup. Þetta mun stuðla að samþættingu og kostnaðarhagkvæmni á fjármálamarkaðnum og auka stöðugleika fjármálakerfisins í Bandalaginu og efla þannig frelsi til að veita þjónustu og frjálsa fjármagnsflutninga í fjármálaþjónustu á innri markaðnum. Í þessari tilskipun er einkum fjallað um tvíhliða samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

4) Þessi tilskipun er tekin upp í evrópskan lagaramma sem samanstendur einkum af fyrrgreindri tilskipun 98/26/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga ([7]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1346/2000 frá 29. maí 2000 um gjaldþrotaskipti ([8]). Þessi tilskipun er í samræmi við almenn atriði þessara fyrri löggerninga og er ekki í andstöðu við þau. Þessi tilskipun er í reynd til fyllingar þeim löggerningum sem fyrir eru með því að hún tekur til fleiri viðfangsefna og fjallar ítarlegar um einstök mál sem þegar er fjallað um í þeim löggerningum.

5) Aðildarríkin skulu, til að bæta réttaröryggi að því er varðar samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, tryggja að tiltekin ákvæði gjaldþrotalaga taki ekki til slíkra samninga, einkum samninga sem gætu hindrað skilvirka innlausn fjárhagslegra trygginga eða vefengt lögmæti þeirra aðferða sem nú eru notaðar, s.s.

([1]) Stjtíð. EB C 180 E, 26.6.2001, bls. 312.
([2]) Stjtíð. EB C 196, 12.7.2001, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB C 48, 21.2.2002, bls. 1.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. maí 2002.
([5]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.
([6]) Stjtíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15.
([7]) Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.
([8]) Stjtíð. EB L 160, 30.6.2000, bls. 1.

skuldajöfnun til uppgjörs, framlagning viðbótartrygginga og staðgöngutrygginga.

6) Í þessari tilskipun er ekki fjallað um réttindi sem einstaklingur kann að hafa með tilliti til eigna sem eru settar sem fjárhagsleg trygging og verða til með öðrum hætti en samkvæmt skilmálum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og með öðrum hætti en á grundvelli lagaákvæðis eða réttarreglu vegna upphafs eða framhalds slitameðferðar eða endurskipulagningarráðstafana, s.s. skaðabætur vegna yfirsjónar, skekkju eða vanhæfis.

7) Meginreglan í tilskipun 98/26/EB, þar sem lögin, sem eiga við um rafrænt eignarskráð verðbréf (rafbréf) sem eru lögð fram sem trygging, eru lög lögsagnarumdæmisins þar sem viðkomandi skrá, reikningur eða miðlægt vörslukerfi er geymt, skal rýmkuð í því skyni að skapa réttaröryggi að því er varðar notkun slíkra verðbréfa sem haldið er vegna sambands yfir landamæri og eru notuð sem fjárhagsleg trygging innan gildissviðs þessarar tilskipunar.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórn-

skipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 er tilvísun til ákvæða 13. og 22. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, felld inn í XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn. Samhliða því að vísun til þessara ákvæða er tekin upp í EES-samninginn hafa EFTA-ríkin gert með sér samning um viðeigandi breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnum eftirlitsstofnunar og dómstóls. Nánar verður fjallað um efni samningsins í 4. kafla athugasemdanna hér á eftir.

Almennt um efni reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

Evrópusambandið samþykkti hinn 20. janúar 2004 nýja reglugerð um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja. Reglugerðin kemur í stað reglugerðar Evrópubandalagsins um sama efni frá árinu 1989 og mælir fyrir um meðferð samrunamála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Meginefni reglugerðarinnar krefst ekki lagabreytinga og var því tekið upp í EES-samninginn með annarri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004. Ákvæði 13. og 22. gr. reglugerðarinnar kalla hins vegar á lagabreytingar í EFTA-ríkjunum og voru því tekin upp í EES-samninginn með sérstakri ákvörðun.

Samkvæmt reglugerð nr. 139/2004 breytist meðferð samrunamála nokkuð frá því sem verið hefur. Samkvæmt henni ber fyrirtækjum að tilkynna formlega um áform sín á sérstöku eyðublaði áður en samruni fer fram og eru tímafrestir viðkomandi yfirvalda til að úrskurða um samrunann miðaðir við móttöku slíkra tilkynninga. Þá gerir reglugerðin ráð fyrir að fyrirtæki geti borið fyrirhugaðan samruna undir framkvæmdastjórnina áður en tilkynnt er um hann formlega. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin gefa fyrirtækjunum og öðrum þeim sem lögmætra hagsmuna hafa að gæta tækifæri á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar áður en endanlegur úrskurður um gildi samrunans er felldur.

Breytingar á XIV. viðauka (Samkeppni).

Í XIV. viðauka við EES-samninginn er að finna þá löggjöf Evrópusambandsins á sviði samkeppnismála sem felld hefur verið undir gildissvið EES-samningsins. Hefur XIV. viðauki að geyma efnisákvæði þeirra gerða Evrópusambandsins sem varða samkeppnismál. Formreglur um meðferð samkeppnismála hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) er hins vegar að finna í bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Efnisákvæði reglugerðar nr. 139/2004 voru felld inn í XIV. viðauka með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004. Með þeirri ákvörðun sem hér um ræðir eru eingöngu gerðar þær breytingar á XIV. viðauka við EES-samninginn að áréttað er að gildissvið reglugerðarinnar skuli vera með fyrirvara um ákvæði bókunar 21 og bókunar 24 við EES-samninginn. Sömuleiðis er áréttað að reglugerðin eigi einnig við um samruna sem hafi áhrif á hagsmuni EFTA.

Breytingar á bókun 21.

Í bókun 21 er að finna ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins sem gilda um fyrirtæki. Samkvæmt bókun 21 skulu EFTA-ríkin gera með sér samning um að fela

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB þannig að ESA sé kleift að framfylgja samkeppnisákvæðum EES-samningsins. Í 2. gr. bókunar 21 er mælt fyrir um að ef Evrópusambandið samþykkir nýjar gerðir sem varða framkvæmd samkeppnisákvæða EES-samningsins skuli gera samsvarandi breytingar á stofnsamningi Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að tryggja að stofnuninni verði samtímis falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur. Þá eru í 3. gr. bókunar 21 taldar upp þær gerðir sem sýna, ásamt þeim gerðum sem er að finna í XIV. viðauka, valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála EB.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 skal bæta tilvísun til reglugerðar nr. 139/2004 við bókun 21. Með þessari breytingu á bókun 21 verður reglugerð nr. 139/2004 þannig meðal þeirra gerða sem afmarka valdsvið og störf framkvæmdastjórnarinnar á sviði samkeppnismála. Skulu EFTA-ríkin því gera samsvarandi breytingar á samningi sínum um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls til að tryggt verði að ESA hafi sama valdsvið og störf þegar kemur að beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er falið með þeirri reglugerð.

Breytingar á bókun 24.

Bókun 24 við EES-samninginn fjallar um samvinnu milli þeirra eftirlitsstofnanna sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins (Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB) varðandi eftirlit með samfylkingum. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 er mælt fyrir um nokkur nýmæli við bókun 24. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að framkvæmdastjórn EB skuli tilkynna ESA um þær beiðnir sem framkvæmdastjórninni berast frá aðildarríkjum EB um að taka yfir samrunamál í þeim tilvikum þegar viðkomandi samruni getur haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja. Í öðru lagi er mælt fyrir um heimild EFTA-ríkjanna til þess að vísa til ESA málum vegna samfylkingar (samruna) fyrirtækja. Er EFTA-ríkjunum heimilt að vísa málum til ESA að tveimur skilyrðum uppfylltum. Annars vegar þarf slík samfylking að hafa áhrif á viðskipti milli eins eða fleiri EB-ríkja og eins eða fleiri EFTA-ríkja. Hins vegar þarf að vera hætta á að umrædd samfylking hafi umtalsverð áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði viðkomandi ríkis. Þá geta fleiri EFTA-ríki í sameiningu lagt fram slíka beiðni ef þessi skilyrði teljast uppfyllt. Í þeim tilfellum sem málum er vísað til ESA verður innlendri samkeppnislöggjöf ekki beitt um málefni þeirra samfylkinga sem vísað hefur verið til stofnunarinnar. Sömu sögu er að segja ef málum er vísað til framkvæmdastjórnar EB. Í þriðja lagi er mælt fyrir um að ESA skuli annast rannsóknir á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og getur framkvæmdastjórn EB óskað eftir því við ESA að hefja slíka rannsókn. Er framkvæmdastjórninni jafnframt heimilt að óska eftir því að fulltrúar hennar séu viðstaddir rannsóknina og taki þátt í henni. Skal senda framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem fást við rannsókn ESA um leið og henni er lokið.

4. Samningur EFTA-ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnum eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Samhliða því að sameiginlega EES-nefndin felldi reglugerð nr. 139/2004 inn í EES-samninginn með ákvörðunum nr. 78/2004 og 79/2004 gerðu EFTA-ríkin með sér tvo samninga um breytingar á III. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningurinn). Samningarnir voru báðir undirritaðir sama dag, hinn 4. júní 2004. Fyrri samningurinn mælir fyrir um þær almennu málsmeðferðarreglur sem gilda skulu hjá ESA við framkvæmd ákvæða EES-samningsins um samfylkingar fyrir-

tækja. Efni síðari samningsins er hins vegar tvíþætt. Annars vegar mælir samningurinn fyrir um rannsóknarheimildir ESA í samrunamálum. Hins vegar mælir samningurinn fyrir um heimild samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum til að vísa samrunamálum til meðferðar ESA. Fyrrnefndi samningurinn kallar ekki á lagabreytingar hér á landi. Hins vegar kallar síðari samningurinn á slíkar lagabreytingar og er því leitað eftir heimild Alþingis til að staðfesta þann samning með þingsályktunartillögu þessari.

Valdsvið ESA við framkvæmd rannsókna.

Með samningnum er gert ráð fyrir breytingu á þeim ákvæðum III. kafla bókunar 4 við ESE-samninginn sem mæla fyrir um rannsóknarheimildir ESA í samrunamálum. Samkvæmt núgildandi ákvæðum III. kafla bókunar 4 við ESE-samninginn er ESA heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á starfsemi fyrirtækja og samtaka fyrirtækja til að inna af hendi þær skyldur sem hvíla á stofnuninni samkvæmt ákvæðum EES-samningsins og ESE-samningsins. Með endurskoðun þessa ákvæðis er leitast við að styrkja frekar heimildir ESA til framkvæma slíkar rannsóknir en jafnframt er mælt fyrir um valdsvið innlendra dómstóla til að úrskurða um álitaefni sem geta risið við framkvæmd slíkra rannsókna. Helstu breytingarnar á ákvæðum um valdsvið ESA við framkvæmd rannsókna sem samningurinn mælir fyrir um eru eftirfarandi:

- ESA skal vera heimilað að skoða bókhald og viðskiptaskjöl þeirra fyrirtækja sem sæta rannsókn óháð því hvernig slík gögn eru vistuð;
- ESA er veitt heimild til að innsigla athafnasvæði fyrirtækja sem og bókhaldsgögn og önnur viðskiptaskjöl;
- Áður en ESA tekur ákvörðun um að hefja rannsókn skal stofnunin ráðfæra sig við viðkomandi stjórnvöld í því EFTA-ríki þar sem rannsóknin skal fara fram;
- Ef fyrirtæki sem sætir rannsókn ESA andmælir þeim ráðstöfunum sem starfsmenn stofnunarinnar hyggjast grípa til skal viðkomandi EFTA-ríki veita stofnuninni alla nauðsynlega aðstoð við framkvæmd rannsóknarinnar, þ.m.t. að óska eftir aðstoð lögreglu í þeim tilvikum sem slík aðstoð telst nauðsynleg;
- Ef rannsóknaraðgerðir ESA verða ekki framkvæmdar nema að undangegnum dómsúrskurði samkvæmt löggjöf EFTA-ríkis skal EFTA-ríki aðstoða við að afla slíkrar heimildar;
- Ef leita þarf dómsúrskurðar vegna rannsóknaraðgerða ESA skulu dómstólar í viðkomandi EFTA-ríki ákveða hvort skilyrði séu fyrir hendi til að framkvæmda megi slíkar aðgerðir. Skal dómstóll sérstaklega meta hvort nægilegt tilefni sé til að grípa til þeirra rannsóknaraðgerða sem ESA óskar eftir með hliðsjón af þeim hagsmunum sem rannsóknin beinist að. Dómstóllinn getur óskað eftir öllum nauðsynlegum gögnum frá ESA eða stjórnvöldum í viðkomandi EFTA-ríki til að geta lagt mat á nauðsyn fyrirhugaðra aðgerða. Hins vegar getur dómstóll í EFTA-ríki ekki hnekkt ákvörðun ESA um að hefja rannsókn né krafist aðgangs að gögnum sem ESA hefur undir höndum vegna rannsóknarinnar. Ákvörðun ESA um að hefja slíka rannsókn verður aðeins vísað til EFTA-dómstólsins.

Heimild samkeppnisyfirvalda til að vísa málum til meðferðar hjá ESA.

Þá mælir samningurinn fyrir um það nýmæli að EFTA-ríki geta óskað eftir að ESA taki til skoðunar samfylkingar fyrirtækja (samruna) jafnvel þótt þau fyrirtæki sem um ræðir séu undir þeim veltumörkum sem mælt er fyrir um í samkeppnisreglum EES-samningsins og mundu því að öðru jöfnu ekki koma til skoðunar hjá stofnuninni. Skilyrði þess að ESA geti tekið samruna til umfjöllunar samkvæmt þessu ákvæði eru tvíþætt. Annars vegar þarf sam-

runinn að hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna í skilningi samkeppnisákvæða EES-samningsins. Hins vegar þarf að vera hætta á að slíkur samruni hafi umtalsverð áhrif á samkeppni í viðkomandi EFTA-ríki. Tvö eða fleiri EFTA-ríki geta sömuleiðis lagt fram sameiginlega beiðni um að ESA taki til afgreiðslu slík mál ef framangreind skilyrði eru fyrir hendi.

Óski EFTA-ríki eftir að ESA taki mál til slíkrar skoðunar skal framlengja þá tímafresti sem innlend samkeppnisyfirvöld hafa til að taka ákvörðun vegna fyrirhugaðs samruna þar til að ESA tekur afstöðu til þess hvort stofnunin taki til meðferðar slíkan samruna. Þegar ESA hefur móttekið slíka beiðni skal stofnunin tilkynna samkeppnisyfirvöldum EFTA-ríkjanna og þeim fyrirtækjum sem hlut eiga að máli um beiðnina. EFTA-ríkin hafa þá 15 virka daga til að taka afstöðu til þess hvort þau styðji beiðni um að ESA taki til umfjöllunar samrunamál sem vísað hefur verið til stofnunarinnar með þessum hætti. Að þeim fresti liðnum hefur ESA 10 virka daga til að taka ákvörðun um hvort stofnunin taki málið til umfjöllunar. Taki stofnunin ekki formlega ákvörðun fyrir þann frest skal litið svo á að stofnunin taki málið til umfjöllunar. Þau EFTA-ríki sem hafa sent ESA slíka beiðni skulu ekki beita innlendri samkeppnislöggjöf um þau samrunamál sem vísað hefur verið til ESA með þessum hætti.

ESA getur enn fremur að eigin frumkvæði vakið athygli samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum á að stofnunin telji að uppfyllt séu skilyrði fyrir því að vísa málum vegna samruna fyrirtækja til stofnunarinnar. Í slíkum tilfellum getur stofnunin hvatt samkeppnisyfirvöld í viðkomandi EFTA-ríki til þess að vísa málinu til sín.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 79/2004

frá 4. júní 2004

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Pól-

lands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Bókun 21 við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

3) Bókun 24 við samninginn hefur ekki verið breytt áður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

4) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) ([2]) var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004 ([3]).

5) Ákvæði 13. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 voru ekki felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004.

6) Rétt er að fella ákvæði 13. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í XIV. viðauka við samninginn komi eftirfarandi í stað texta aðlögunarliðar a) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004):

„Í 1. mgr. 1. gr. bætist orðin „eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn“ við á eftir orðunum „Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. og 22. gr.“.

Í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“ komi jafnframt orðin „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“.“

2. gr.

Í bókun 21 við samninginn komi eftirfarandi í stað texta 1. liðar (reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004) í 1. mgr. 3. gr.:

„32004 R 0139: Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. og 6.–26. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).“

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L ...

3. gr.

Bókun 24 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi ný 3. mgr. bætist við í 6. gr.:

„3. Ef samfylking getur haft áhrif á viðskipti milli eins eða fleiri aðildarríkja EB og eins eða fleiri EFTA-ríkja skal framkvæmdastjórn EB tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA án tafar um hverja þá beiðni frá aðildarríki EB sem lögð er fram skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

Eitt eða fleiri EFTA-ríki geta lagt sameiginlega fram beiðni, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef samfylkingin hefur áhrif á viðskipti milli eins eða fleiri aðildarríkja EB og eins eða fleiri EFTA-ríkja og hætta er á að samfylking yrði samkeppni veruleg hindrun á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins eða ríkjanna sem leggja beiðnina fram sameiginlega.

Þegar tekið er við afriti af beiðni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal fella alla innlenda fresti, er varða samfylkinguna, tímabundið úr gildi í EFTA-ríkjunum þar til skorið hefur verið úr um hvar samfylkingin skuli tekin til rannsóknar. Um leið og EFTA-ríki hefur veitt framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki leggja fram beiðni ásamt öðrum lýkur tímabundinni niðurfellingu fresta.

Ef framkvæmdastjórnin ákveður að taka samfylkingu til rannsóknar skal eitt eða fleiri EFTA-ríki, sem hafa lagt sameiginlega fram beiðni, ekki lengur beita innlendri löggjöf um samkeppni gagnvart samfylkingunni.“

2. Eftirfarandi nýjar 4., 5. og 6. mgr. bætist við í 8. gr.:

„4. Eftirlitsstofnun EFTA skal annast rannsóknir á eigin yfirráðasvæði að beiðni framkvæmdastjórnar EB.

5. Framkvæmdastjórn EB getur átt fulltrúa við rannsóknina sem fram fer skv. 4. mgr. og tekið virkan þátt í henni.

6. Allar upplýsingar, sem fást úr þessum rannsóknum samkvæmt beiðni, skulu sendar til framkvæmdastjórnar EB um leið og rannsókn lýkur.“

3. Í stað „4. og 5. mgr. 4. gr. og 2. og 6. mgr. 9. gr.“ í síðari málsgrein 13. gr. komi „4. gr. (4. og 5. mgr.), 9. gr. (2. og 6. mgr.) og 22. gr. (2. mgr.)“.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

S. Gillespie

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 139/2004

frá 20. janúar 2004

um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja

(samrunareglugerð EB)

(Texti sem varðar EES)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([4]). Þar eð gera á frekari breytingar er rétt að hún verði endursamin til glöggvunar.

2) Til að ná þeim markmiðum, sem stefnt er að með sáttmálanum, er Bandalaginu falið það verkefni, með g-lið 1. mgr. 3. gr., að koma á fót kerfi sem tryggir að samkeppni á innri markaðnum sé ekki raskað. Í 1. mgr. 4. gr. sáttmálans er kveðið á um að starfsemi aðildarríkjanna og Bandalagsins skuli fara fram í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni. Þessar meginreglur eru algerlega nauðsynlegar fyrir frekari þróun innri markaðarins.

3) Tilkoma innri markaðarins og Efnahags- og myntbandalagsins, stækkun Evrópusambandsins og það að dregið hefur úr alþjóðlegum hindrunum í viðskiptum og fjárfestingu mun leiða til enn frekari endurskipulagningar fyrirtækja, einkum í formi samfylkinga.

4) Fagna ber slíkri endurskipulagningu að því marki sem hún er í samræmi við kröfur um öfluga samkeppni og getur aukið samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar og bætt skilyrði til aukins hagvaxtar og bættra lífskjara innan Bandalagsins.

5) Þó ber að tryggja að endurskipulagningin hamli samkeppni ekki varanlega. Í lögum Bandalagsins verða því að vera ákvæði um þær samfylkingar sem gætu hindrað frjálsa samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans.

6) Þess vegna er nauðsynlegt að hafa sérstakan lagagerning sem gerir það kleift að hafa skilvirkt eftirlit með öllum samfylkingum, að því er varðar áhrif þeirra á skipulag samkeppni í Bandalaginu, og skal það vera eini gerningurinn sem gildir um slíkar samfylkingar. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 hefur gert það kleift að þróa stefnu Bandalagsins á þessu sviði. Í ljósi reynslunnar er þó rétt að endursemja þá reglugerð svo að úr verði löggjöf sem er löguð að þeim viðfangsefnum sem fylgja aukinni samþættingu á markaði og stækkun Evrópusambandsins í framtíðinni. Í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði að tryggja að samkeppni á sameiginlega markaðnum sé ekki raskað í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni.

7) Þótt ákvæði 81. og 82. gr. sáttmálans taki til tiltekinna samfylkinga, samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins ná þau ekki til allrar starfsemi sem gæti reynst ósamrýmanleg því kerfi

([1]) Stjtíð. EB C 20, 28.1.2003, bls. 4.
([2]) Áliti var skilað 9.10.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Áliti var skilað 24.10.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([4]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 (Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1). Leiðrétting í Stjtíð. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

óraskaðrar samkeppni sem gert er ráð fyrir í sáttmálanum. Reglugerð þessi skal því ekki eingöngu byggjast á 83. gr. heldur fyrst og fremst á 308. gr. sáttmálans en samkvæmt henni getur Bandalagið áskilið sér nauðsynlegt viðbótarvald til að ná markmiðum sínum og einnig vald til aðgerða þegar um er að ræða samfylkingar á mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir sem eru skráðar í I. viðauka sáttmálans.

8) Ákvæði, sem samþykkt verða með þessari reglugerð, skulu gilda um verulegar skipulagsbreytingar sem hafa áhrif á markaðinn og ná út fyrir landamæri einstakra aðildarríkja. Að jafnaði skulu slíkar samfylkingar eingöngu endurskoðaðar á vettvangi Bandalagsins, í einu kerfi og í samræmi við dreifræðisregluna. Samfylkingar, sem falla ekki undir þessa reglugerð, heyra að meginreglu til undir lögsögu aðildarríkjanna.

9) Skilgreina ber gildissvið þessarar reglugerðar með hliðsjón af því hver landfræðileg mörk starfsemi viðkomandi fyrirtækja eru og beita stærðartakmörkunum svo að það taki til þeirra samfylkinga sem varða hagsmuni Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin skal skila ráðinu skýrslu um framkvæmd gildandi takmarkana og viðmiðana svo að ráðið geti, í samræmi við 202. gr. sáttmálans, endurskoðað þær reglulega, svo og reglur um vísun máls fyrir tilkynningu, í ljósi fenginnar reynslu. Þetta krefst þess að aðildarríkin láti framkvæmdastjórninni í té tölfræðileg gögn til að hún geti samið slíkar skýrslur og jafnvel gert breytingatillögur. Skýrslur og tillögur framkvæmdastjórnarinnar skulu byggjast á viðeigandi upplýsingum sem aðildarríkin láta henni reglulega í té.

10) Líta ber svo á að samfylking varði hagsmuni Bandalagsins ef heildarvelta viðkomandi fyrirtækja fer yfir sett viðmiðunarmörk. Það er óháð því hvort fyrirtækin, sem mynda samfylkinguna, hafa aðsetur innan Bandalagsins eða hafa aðalstarfsvettvang sinn þar, að því tilskildu að þau reki þar umtalsverða starfsemi.

11) Reglurnar um að framkvæmdastjórnin vísi málum samfylkinga til aðildarríkja og aðildarríkin til framkvæmdastjórnarinnar eiga að verka sem skilvirk leiðréttingaraðferð í ljósi dreifræðisreglunnar. Með slíkum reglum eru samkeppnishagsmunir aðildarríkjanna verndaðir með viðhlítandi hætti og tilhlýðilegt tillit tekið til réttaröryggis og meginreglunnar um skoðun í einu kerfi.

12) Samfylkingar geta uppfyllt skilyrði um skoðun samkvæmt kerfi ýmissa ríkja um eftirlit með samruna ef þær eru undir þeim viðmiðunarmörkum um veltu sem um getur í þessari reglugerð. Margar tilkynningar um sömu viðskipti auka á réttaróvissu, vinnu og kostnað fyrirtækja og slíkt getur leitt til margs konar mats. Því er rétt að þróa áfram kerfi sem felur í sér að viðkomandi aðildarríki geta vísað málum samfylkinga til framkvæmdastjórnarinnar.

13) Framkvæmdastjórninni ber að hafa náið og stöðugt samband við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem hún fær athugasemdir og upplýsingar frá.

14) Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu saman mynda net opinberra yfirvalda sem hafa náið samstarf um beitingu valdheimilda sinna og hafa skilvirka tilhögun um upplýsingamiðlun og samráð með það fyrir augum að tryggja að hvert mál sé í höndum þess yfirvalds sem best er til þess fallið í ljósi dreifræðisreglunnar og til að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að tilkynnt sé mörgum sinnum um sömu samfylkinguna. Þegar samfylkingum er vísað frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna eða frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar skal gera það á skilvirkan hátt og forðast eftir megni að upp komi sú staða að samfylkingu sé vísað áfram, bæði fyrir og eftir að tilkynnt er um hana.

15) Framkvæmdastjórnin skal geta vísað til aðildarríkis tilkynntum samfylkingum, sem varða hagsmuni Bandalagsins og veruleg hætta er á að hafi áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar. Þegar samfylking hefur áhrif á samkeppni á slíkum markaði, sem er ekki verulegur hluti af sameiginlega markaðnum, ber framkvæmdastjórninni skylda til, að fenginni beiðni, að vísa öllu málinu eða hluta þess til viðkomandi aðildarríkis. Aðildarríki skal geta vísað til framkvæmdastjórnarinnar máli samfylkingar, sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins en hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og hætta er á að hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði þess. Önnur aðildarríki, sem eru einnig þar til bær að endurskoða samfylkinguna, skulu eiga þess kost að verða aðilar að beiðninni. Við slíkar aðstæður skal innlendur frestur lengdur, til að tryggja skilvirkni og áreiðanleika kerfisins, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hvort málinu verði vísað áfram. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að taka samfylkingu til skoðunar og fjalla um hana

fyrir hönd aðildarríkis eða aðildarríkja sem óska eftir því.

16) Til að auka enn frekar skilvirkni kerfis eftirlits með samfylkingum í Bandalaginu skulu viðkomandi fyrirtæki eiga þess kost að óska eftir því að samfylkingunni sé vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða frá henni áður en tilkynnt er um hana. Í slíkum tilvikum skulu framkvæmdastjórnin og innlend samkeppnisyfirvöld ákveða, innan stutts, skýrt skilgreinds frests, hvort málinu skuli vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða frá henni og tryggja þannig skilvirkni kerfisins. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni viðkomandi fyrirtækja, geta vísað til aðildarríkis samfylkingu, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og getur haft umtalsverð áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar. Viðkomandi fyrirtækjum er þó ekki skylt að sýna fram á að samfylkingin myndi hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Framkvæmdastjórnin skal ekki vísa máli samfylkingar til aðildarríkis sem hefur lýst yfir andmælum gegn slíkri vísun. Áður en innlendum yfirvöldum er tilkynnt um samfylkingu skulu viðkomandi fyrirtæki einnig eiga þess kost að óska eftir því að samfylkingu verði vísað til framkvæmdastjórnarinnar, ef hún varðar ekki hagsmuni Bandalagsins og hana má endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum a.m.k. þriggja aðildarríkja. Slíkar beiðnir um vísun máls til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um samfylkingu eiga einkum við í tilvikum þar sem samfylkingin gæti haft áhrif á samkeppni út fyrir yfirráðasvæði eins aðildarríkis. Ef samfylkingu, sem má endurskoða samkvæmt samkeppnislögum þriggja eða fleiri aðildarríkja, er vísað til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um hana innanlands og ekkert aðildarríki, sem er þar til bært að endurskoða málið, lýsir yfir andmælum skal framkvæmdastjórnin ein vera þar til bær að endurskoða samfylkinguna og sú samfylking skal teljast varða hagsmuni Bandalagsins. Ekki skal þó vísa samfylkingu frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um hana ef a.m.k. eitt aðildarríki, sem hefur heimild til að endurskoða málið, hefur lýst yfir andmælum gegn slíkri vísun.

17) Framkvæmdastjórnin skal ein hafa vald til að beita þessari reglugerð með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins.

18) Aðildarríkjunum er óheimilt að beita landslögum um samkeppni gagnvart samfylkingum sem varða hagsmuni Bandalagsins, nema kveðið sé á um það í þessari reglugerð. Takmarka skal viðeigandi heimildir innlendra yfirvalda við tilvik þar sem líklegt er að virk samkeppni yrði hindruð verulega á yfirráðasvæði aðildarríkis án íhlutunar framkvæmdastjórnarinnar og þar sem ógerlegt er að vernda hagsmuni aðildarríkisins í samkeppnismálum nægilega á annan hátt samkvæmt reglugerð þessari. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu bregðast skjótt við í slíkum tilvikum. Vegna ósamræmis í landslögum er ekki unnt að ákveða einn sameiginlegan frest með þessari reglugerð fyrir samþykkt lokaákvarðana samkvæmt landslögum.

19) Einhliða beiting ákvæða þessarar reglugerðar gagnvart samfylkingum sem varða hagsmuni Bandalagsins er enn fremur með fyrirvara um 296. gr. sáttmálans og kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni, aðra en þá sem fjallað er um í þessari reglugerð, að því tilskildu að þær ráðstafanir samrýmist almennum meginreglum og öðrum lagaákvæðum Bandalagsins.

20) Brýnt er að skilgreina hugtakið samfylking þannig að það taki til starfsemi sem hefur í för með sér varanlega breytingu á eftirliti með hlutaðeigandi fyrirtækjum og þar með skipulagi markaðarins. Þess vegna er rétt að öll fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem gegna til frambúðar og að öllu leyti hlutverki sjálfstæðrar efnahagseiningar, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar. Enn fremur er rétt að viðskipti, sem eru nátengd vegna sömu skilmála, eða eru hluti af röð viðskipta með verðbréf sem standa yfir í tiltölulega stuttan tíma, fái sömu meðferð og um væri að ræða eina samfylkingu.

21) Þessi reglugerð skal einnig gilda þar sem viðkomandi fyrirtæki samþykkja takmarkanir sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að samfylkingar samrýmist sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð skulu sjálfkrafa ná yfir slíkar takmarkanir án þess að framkvæmdastjórnin þurfi að meta þær í hverju einstöku tilviki. Framkvæmdastjórnin skal þó, að beiðni viðkomandi fyrirtækja, í málum þar sem upp kemur nýr eða óleystur vandi sem veldur verulegri óvissu, meta sérstaklega hvort tiltekin takmörkun tengist framkvæmd samfylkingarinnar beint og sé nauðsynleg vegna hennar. Mál telst vera nýr eða óleystur vandi ef það veldur verulegri óvissu sem ekki er fjallað

um í viðeigandi, gildandi auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar eða áður birtri ákvörðun.

22) Í fyrirkomulagi því sem innleiða á til að hafa eftirlit með samfylkingum skal, með fyrirvara um 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, virða meginregluna um bann við því að opinbera geiranum og einkageiranum sé mismunað. Í opinbera geiranum skal því reikna veltu viðkomandi fyrirtækis, sem á aðild að samfylkingu, með hliðsjón af fyrirtækjum sem mynda efnahagseiningu með sjálfstætt ákvörðunarvald, án tillits til skiptingar eignarhluta eða reglna um stjórnsýslueftirlit sem gilda um þau.

23) Nauðsynlegt er, með tilliti til þess að viðhalda virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum og þróa hana, að skera úr um hvort samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins, samrýmist sameiginlega markaðnum. Við þetta mat skal framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir sínar út frá almennum viðmiðunum um að ná grundvallarmarkmiðum sem um getur í 2. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

24) Til að tryggja kerfi óheftrar samkeppni á sameiginlega markaðnum skal heimilað með þessari reglugerð, með það fyrir augum að hrinda í framkvæmd stefnu sem er mörkuð í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni, að hafa skilvirkt eftirlit með öllum samfylkingum að því er varðar áhrif þeirra á samkeppni í Bandalaginu. Þess vegna var sett sú meginregla með reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og skapar eða eflir yfirburðastöðu sem leiðir til umtalsverðrar hindrunar á virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

25) Í ljósi þess hvaða afleiðingar samfylkingar í fákeppnismarkaðskerfi geta haft er það þeim mun nauðsynlegra að viðhalda skilvirkri samkeppni á slíkum mörkuðum. Á mörgum fákeppnismörkuðum ríkir heilbrigð samkeppni. Við vissar aðstæður geta þó samfylkingar, sem fela í sér afnám mikilvægra samkeppnishafta, sem samrunaaðilarnir hafa sett hver öðrum, og minnkandi samkeppnisþrýsting á samkeppnisaðilana sem eftir eru, leitt af sér verulegar hindranir á virkri samkeppni, jafnvel þó að ekki séu líkur á samræmingu á milli aðila í fákeppni. Dómstólar Bandalagsins hafa þó ekki fram til þessa túlkað það skýlaust svo að þess sé krafist samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylkingar, sem hafa slík ósamræmd áhrif, verði lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Vegna réttaröryggis skal því tekinn af allur vafi um það að í þessari reglugerð er heimilað skilvirkt eftirlit með öllum slíkum samfylkingum með því að kveða á um að allar samfylkingar, sem myndu hindra verulega virka samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Túlka ber hugtakið „umtalsverð hindrun virkrar samkeppni“ í 2. og 3. mgr. 2. gr. þannig að það taki, auk hugtaksins „yfirburðastaða“, eingöngu til samkeppnishamlandi áhrifa samfylkingar sem eru afleiðing ósamræmds atferlis fyrirtækja sem hafa ekki yfirburðastöðu á viðkomandi markaði.

26) Ef umtalsverðar hindranir eru í vegi fyrir virkri samkeppni er það venjulega afleiðing þess þegar yfirburðastaða myndast eða eflist. Til að varðveita þá leiðsögn, sem felst í fyrri dómum Evrópudómstólanna og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89, og halda um leið samræmi við viðmiðanir um samkeppnisskaða sem framkvæmdastjórnin og dómstólar Bandalagsins hafa beitt varðandi það hvort samfylkingar samrýmist sameiginlega markaðnum, skal því koma á þeirri meginreglu með þessari reglugerð að lýsa skuli samfylkingu, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og myndi raska verulega virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum í kjölfar þess þegar yfirburðastaða myndast eða eflist, ósamrýmanlega sameiginlega markaðnum.

27) Auk þess skal beita viðmiðunum 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart fyrirtækjum um sameiginleg verkefni sem gegna til frambúðar og að öllu leyti hlutverki sjálfstæðra efnahagseininga að svo miklu leyti sem stofnun þeirra leiðir til sýnilegrar takmörkunar á samkeppni á milli fyrirtækja sem verða áfram sjálfstæð.

28) Til að skýra og útskýra hvernig framkvæmdastjórnin metur samfylkingar samkvæmt þessari reglugerð er rétt að framkvæmdastjórnin birti leiðbeiningar þar sem gefinn er traustur efnahagsrammi fyrir mat á samfylkingum til að ákvarða hvort þær skuli lýstar samrýmanlegar sameiginlega markaðnum.

29) Við ákvörðun á áhrifum samfylkingar á samkeppni á sameiginlega markaðnum er rétt að tekið sé tillit til allra raka um líklega hagkvæmni sem viðkomandi fyrirtæki hafa fram

að færa. Vera kann að sú hagkvæmni, sem næst með samfylkingu, vinni gegn áhrifum hennar á samkeppni og einkum hugsanlegum skaða sem neytendur hefðu annars getað orðið fyrir og samfylkingin myndi því ekki raska virkri samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningar um það við hvaða aðstæður hún getur tekið tillit til hagkvæmni við mat á samfylkingu.

30) Ef viðkomandi fyrirtæki breyta tilkynntri samfylkingu, einkum með því að taka á sig skuldbindingar í þeim tilgangi að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum, skal framkvæmdastjórninni heimilt að lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum með áorðnum breytingum. Slíkar skuldbindingar skulu vera í réttu hlutfalli við samkeppnisvandann og leysa hann algerlega. Einnig er rétt að samþykkja slíkar skuldbindingar áður en málsmeðferð er hafin þyki samkeppnisvandinn augljós og auðleysanlegur. Kveða þarf skýrt á um að framkvæmdastjórnin geti bundið ákvörðun sína skilyrðum og skyldum til að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki standi við skuldbindingar sínar, tímanlega og á skilvirkan hátt svo að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum. Tryggja skal gagnsæi og skilvirkt samráð við aðildarríkin og þriðju málsaðila, sem eru hagsmunaaðilar, þann tíma sem málsmeðferð stendur yfir.

31) Framkvæmdastjórnin skal hafa yfir að ráða viðeigandi gerningum til að tryggja að staðið sé við skuldbindingar og bregðast við aðstæðum þar sem það er ekki gert. Ef skilyrði, sem er bundið ákvörðun um að lýsa samfylkingu samrýmanlega sameiginlega markaðnum, er ekki uppfyllt skapast ekki þær aðstæður sem gera samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum og samfylkingin, eins og hún er framkvæmd, hlýtur því ekki heimild framkvæmdastjórnarinnar. Af því leiðir að ef samfylkingin kemur til framkvæmda skal hún fá sömu meðferð og samfylking sem ekki hefur verið tilkynnt og hefur verið framkvæmd án heimildar. Ef framkvæmdastjórnin hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að samfylkingin myndi ekki samrýmast sameiginlega markaðnum að óuppfylltu skilyrði skal hún enn fremur hafa heimild til þess að gefa bein fyrirmæli um að samfylkingin verði leyst upp og færa til fyrra horfs aðstæðurnar sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda. Ef skylda, sem tengist ákvörðun um að lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum, er vanrækt skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að afturkalla ákvörðun sína. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin geta lagt á hæfilegar fjársektir ef skilyrðum er ekki fullnægt eða skyldur eru ekki uppfylltar.

32) Ganga má út frá því að samfylkingar, sem eru ekki líklegar til að hindra virka samkeppni vegna takmarkaðrar markaðshlutdeildar viðkomandi fyrirtækja, séu samrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Fari markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja ekki yfir 25%, hvorki á sameiginlega markaðnum né á verulegum hluta hans, bendir það einkum til þess að sú sé raunin, með fyrirvara um 81. og 82. gr. sáttmálans.

33) Framkvæmdastjórnin skal hafa það hlutverk að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir til að ákveða hvort samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins, séu samrýmanlegar sameiginlega markaðnum eða ekki, svo og ákvarðanir sem miða að því að endurvekja aðstæður sem voru fyrir hendi áður en samfylking, sem hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, kemur til framkvæmda.

34) Til að tryggja skilvirkt eftirlit skal skylda fyrirtæki til að tilkynna fyrir fram um samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins, eftir að gerður hefur verið samningur, yfirtökuboð auglýst eða ráðandi hlutar aflað. Einnig skal vera mögulegt að tilkynna um þær þegar viðkomandi fyrirtæki veita framkvæmdastjórninni fulla vissu fyrir því að þau hafi í hyggju að ganga til samninga um fyrirhugaða samfylkingu og sýna framkvæmdastjórninni fram á að áætlun þeirra um þá fyrirhuguðu samfylkingu sé nægilega fastmótuð, t.d. á grundvelli samnings í grundvallaratriðum, viljayfirlýsingar eða samningsdraga sem öll hlutaðeigandi fyrirtæki undirrita, eða, þegar um er að ræða yfirtökuboð, þegar þau hafa tilkynnt opinberlega að þau hyggist gera slíkt tilboð, að því tilskildu að fyrirhugaður samningur eða yfirtökuboð leiði til samfylkingar sem varðar hagsmuni Bandalagsins. Fresta ætti framkvæmd samfylkingar þar til lokaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar liggur fyrir. Það skal þó vera mögulegt að veita undanþágu frá þessari frestun að beiðni hlutaðeigandi fyrirtækja, ef við á. Við ákvörðun um hvort veita skuli undanþáguna ber framkvæmdastjórninni að taka tillit til allra þátta sem máli skipta, s.s. hvers eðlis og hve alvarlegur skaðinn er sem samfylkingin veldur hlutaðeigandi fyrirtækjum eða þriðju málsaðilum,

svo og til þess að samkeppni kann að stafa ógn af samfylkingunni. Til að réttaröryggis sé gætt verður eigi að síður að vernda lögmæti viðskiptanna eins og þörf krefur.

35) Ákveða skal þann frest sem framkvæmdastjórnin hefur til að hefja málsmeðferð varðandi tilkynnta samfylkingu og þann frest sem hún hefur til að taka lokaákvörðun um það hvort hún sé samrýmanleg eða ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum. Framlengja skal þessa fresti þegar viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar í því skyni að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum svo að nægur tími gefist fyrir greiningu og markaðsprófun slíkra skuldbindinga og fyrir samráð við aðildarríkin og þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta. Einnig skal vera mögulegt að framlengja tímabundið frestinn sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka lokaákvörðun sína svo að nægur tími gefist til að rannsaka málið og sannprófa þær staðreyndir og þau rök sem hafa verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

36) Bandalagið virðir þau grundvallarréttindi og fylgir þeim meginreglum sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([1]). Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.

37) Veita skal hlutaðeigandi fyrirtækjum rétt til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni þegar málsmeðferð er hafin. Auk þess skal veita framkvæmdastjórum, öðrum stjórnendum, viðurkenndum fulltrúum starfsmanna viðkomandi fyrirtækja og þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri til að flytja mál sitt.

38) Til að geta lagt rétt mat á samfylkingar skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að krefjast allra nauðsynlegra upplýsinga og gera allar nauðsynlegar athuganir hvarvetna í Bandalaginu. Í því skyni, og með það fyrir augum að vernda samkeppni á skilvirkan hátt, er nauðsynlegt að auka vald framkvæmdastjórnarinnar til rannsókna. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi heimild til að ræða við hvern þann sem gæti búið yfir gagnlegum upplýsingum og skrá framburð hans.

39) Við athugun skulu embættismenn, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, hafa heimild til að falast eftir upplýsingum sem varða efni og tilgang athugunarinnar. Þeir skulu einnig hafa rétt til að setja innsigli á meðan á athugun stendur, einkum við aðstæður þar sem gild ástæða er til að ætla að samfylking hafi komið til framkvæmda án þess að tilkynnt væri um hana, að framkvæmdastjórninni hafi verið veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða að viðkomandi fyrirtæki eða aðilar hafi ekki uppfyllt skilyrði eða skyldur sem hefur verið lögð á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Innsigli skulu þó einungis notuð í undantekningartilvikum og í þann tíma sem er algerlega nauðsynlegur vegna athugunarinnar, að jafnaði ekki lengur en 48 klukkustundir.

40) Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstólsins er einnig rétt að tiltaka hversu langt eftirlit innlendra dómsmálayfirvalds má ganga þegar það heimilar, eins og mælt er fyrir um í landslögum og einnig sem varúðarráðstöfun, aðstoð löggæsluyfirvalda við að vinna bug á andstöðu sem fyrirtæki kann að sýna gegn athugun, þ.m.t. við innsiglun sem gefin eru fyrirmæli um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Samkvæmt dómaframkvæmd er innlendum dómsmálayfirvöldum heimilt að óska eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjórninni sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirliti sínu, en án slíkra upplýsinga gætu þau synjað um heimildina. Í dómaframkvæmd kemur einnig fram staðfesting á því að innlendir dómstólar séu þar til bærir að hafa eftirlit með beitingu innlendra reglna um framkvæmd þvingunarráðstafana. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa virkt samstarf að því er varðar beitingu valds framkvæmdastjórnarinnar til rannsókna.

41) Þegar fyrirtæki og viðkomandi aðilar hlíta ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar er ekki hægt að þvinga þau til að viðurkenna að þau hafi framið brot en þó er þeim ætið skylt að svara spurningum um staðreyndir og leggja fram skjöl jafnvel þótt þær upplýsingar megi nota til sönnunar á broti þeirra sjálfra eða annarra.

42) Vegna gagnsæis skal birta sem víðast allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem varða ekki málsmeðferð eingöngu. Jafnframt því að standa vörð um rétt hlutaðeigandi fyrirtækja til málsvarnar, og þá einkum rétt til aðgangs að málsskjölum, er mjög mikilvægt að virða viðskiptaleynd. Með sama hætti skal

([1]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

gæta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem skipst er á um netið og við lögbær yfirvöld í þriðju löndum.

43) Sé ekki farið að ákvæðum þessarar reglugerðar má beita sektum og févíti eins og við á. Veita ber dómstólnum ótakmarkaða lögsögu að þessu leyti skv. 229. gr. sáttmálans.

44) Fylgjast ber með því hvaða skilyrðum samfylkingar, sem taka til fyrirtækja með aðsetur sitt eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins, eru háðar í þriðju löndum og kveða skal á um að ráðið hafi þann möguleika að veita framkvæmdastjórninni viðeigandi umboð til samningaviðræðna með það fyrir augum að slík fyrirtæki fái meðferð án mismununar.

45) Þessi reglugerð hefur á engan hátt áhrif á almenn réttindi starfsmanna, eins og þau eru viðurkennd í viðkomandi fyrirtækjum, einkum að því er varðar þá skyldu að upplýsa eða hafa samráð við viðurkennda fulltrúa sína samkvæmt lögum Bandalagsins og landslögum.

46) Framkvæmdastjórnin skal geta mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið. Við samþykkt slíkra framkvæmdarákvæða skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna eins og tilgreint er í 23. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. og 22. gr. gildir þessi reglugerð um allar samfylkingar er varða hagsmuni Bandalagsins eins og skilgreint er í þessari grein.

2. Samfylking varðar hagsmuni Bandalagsins þegar:

a) heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 5 000 milljónir evra og

b) heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvers um sig, fer yfir 250 milljónir evra,

nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

3. Samfylking, sem nær ekki viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., telst varða hagsmuni Bandalagsins ef:

a) heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 2 500 milljónir evra og

b) heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, fer yfir 100 milljónir evra,

c) heildarvelta a.m.k. tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, sbr. b-lið, fer yfir 25 milljónir evra,

d) heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvors um sig, fer yfir 100 milljónir evra,

nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

4. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli tölfræðilegra gagna sem aðildarríkin afhenda reglulega, skila ráðinu skýrslu, eigi síðar en 1. júlí 2009, um beitingu viðmiðunarmarka og viðmiðana sem eru sett fram í 2. og 3. mgr. og getur lagt fram tillögur skv. 5. mgr.

5. Í framhaldi af skýrslunni, sem um getur í 4. mgr,. og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið, með auknum meirihluta, endurskoðað viðmiðunarmörkin og viðmiðanirnar sem um getur í 3. mgr.

2. gr.

Mat á samfylkingum

1. Leggja skal mat á samfylkingar, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, í samræmi við markmiðin með þessari reglugerð og eftirfarandi ákvæði með það fyrir augum að skera úr um hvort þær samrýmist sameiginlega markaðnum eða ekki.

Við slíkt mat skal framkvæmdastjórnin taka tillit til:

a) þess að þörf er á að viðhalda og efla virka samkeppni á sameiginlega markaðnum, m.a. með hliðsjón af samsetningu allra viðkomandi markaða og raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni af hálfu fyrirtækja sem eru staðsett innan Bandalagsins eða utan þess,

b) markaðsstöðu viðkomandi fyrirtækja og efnahagslegs og fjárhagslegs styrks þeirra, kosta sem birgjar og notendur geta valið um, aðgangs þeirra að aðföngum eða mörkuðum, lagalegra hindrana eða annars sem hindrar aðgang, þróunar framboðs og eftirspurnar eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, hagsmuna milliliða og neytenda og tækni- og efnahagsframfara, að því tilskildu að

þetta sé neytendum til hagsbóta og hindri ekki samkeppni.

2. Samfylking, sem hindrar ekki virka samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða á verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst, skal lýst samrýmanleg sameiginlega markaðnum.

3. Samfylking, sem hindrar virka samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða á verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst, skal lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. og 15. gr., að frátöldum bráðabirgðaákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr., ásamt áliti ráðgjafarnefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; við birtinguna skal tekið tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

21. gr.

Beiting reglugerðarinnar og lögsaga

1. Einungis þessi reglugerð skal gilda um samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr., og reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1/2003 [1], (EBE) nr. 1017/68 [2], (EBE) nr 4056/86 [3] og (EBE) nr. 3975/87 [4] gilda ekki, nema í tengslum við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varða ekki hagsmuni Bandalagsins en hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem eru áfram sjálfstæð.

2. Með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins er framkvæmdastjórnin ein þar til bær að taka þær ákvarðanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

3. Aðildarríkin mega ekki beita innlendum samkeppnislögum sínum gagnvart samfylkingu sem varðar hagsmuni Bandalagsins.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um vald aðildarríkis til að gera nauðsynlegar rannsóknir þegar beita á ákvæðum 4. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. eða, eftir að máli hefur verið vísað til þess skv. b-lið, fyrstu undirgreinar 3. mgr. 9. gr. eða 5. mgr. 9. gr., til að gera þær ráðstafanir sem eru alveg nauðsynlegar vegna beitingar 8. mgr. 9. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. er aðildarríkjum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni aðra en þá sem eru tilteknir í þessari reglugerð og eru í samræmi við almennar

---

([1]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 175, 23. 7. 1968, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).
([3]) Stjtíð. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.
([4]) Stjtíð. EB L 374. 31. 12. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.

meginreglur og önnur ákvæði í lögum Bandalagsins.

Líta skal á almannaöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur sem lögmæta hagsmuni í skilningi fyrstu undirgreinar.

Viðkomandi aðildarríki ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll önnur hagsmunamál almennings og skal hún viðurkenna þau eftir að metið hefur verið hvort þau samrýmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum í lögum Bandalagsins áður en unnt er að gera ráðstafanirnar sem um getur hér að framan. Framkvæmdastjórnin skal gera hlutaðeigandi aðildarríki grein fyrir ákvörðun sinni innan 25 virkra daga frá tilkynningunni.

22. gr.

Vísun máls til framkvæmdastjórnarinnar

1. Eitt eða fleiri aðildarríki geta farið fram á að framkvæmdastjórnin taki til skoðunar samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr., sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins samkvæmt skilningi 1. gr. en hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og hætta er á að hefði veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina.

Slík beiðni skal lögð fram eigi síðar en 15 virkum dögum eftir þann dag sem tilkynnt var um samfylkinguna eða viðkomandi aðildarríki greint frá henni á annan hátt ef tilkynningar er ekki krafist.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins og viðkomandi fyrirtækjum tafarlaust um beiðnir, sem berast skv. 1. mgr.

Önnur aðildarríki eiga rétt á að verða aðilar að í upphaflegu beiðninni innan 15 virkra daga frá því að tilkynning berst frá framkvæmdastjórninni um hana.

Alla innlenda fresti, sem varða samfylkinguna, skal fella tímabundið úr gildi uns skorið hefur verið úr um, í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í þessari grein, hvar samfylkingin skuli könnuð. Um leið og aðildarríki hefur veitt framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki eiga hlut að beiðninni skal tímabundinni niðurfellingu innlends frests ljúka.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða, í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir að fresturinn sem er settur í 2. mgr. rennur út, að taka samfylkingu til skoðunar ef hún telur að hún hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og hætta sé á að hún hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Taki framkvæmdastjórnin ekki ákvörðun innan þessa frests er litið svo á að hún hafi samþykkt ákvörðun um að taka samfylkinguna til skoðunar í samræmi við beiðnina.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öllum aðildarríkjunum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Hún getur farið fram á að tilkynning verði lögð fram skv. 4. gr.

Aðildarríkið eða -ríkin, sem lögðu fram beiðnina, skulu ekki lengur beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

4. Ákvæði 2. gr., 4. gr. (2. til 3. mgr.), 5. og 6. gr. og 8. til 21. gr. skulu gilda þegar framkvæmdastjórnin tekur samfylkingu til skoðunar skv. 3. gr. Ákvæði 7. gr. skulu gilda svo fremi að samfylkingin hafi ekki komið til framkvæmda á þeim degi sem framkvæmdastjórnin upplýsir hlutaðeigandi fyrirtæki um að beiðni hafi verið lögð fram.

Sé tilkynningar skv. 4. gr. ekki krafist skal fresturinn til að hefja málsmeðferð, sem er settur í 1. mgr. 10. gr., hefjast næsta virka dag eftir að framkvæmdastjórnin tilkynnir hlutaðeigandi fyrirtækjum um að hún hafi ákveðið að taka samfylkinguna til skoðunar skv. 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að tilkynna einu eða fleiri aðildarríkjum um að hún telji samfylkingu uppfylla viðmiðanir 1. mgr. Í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin boðið því aðildarríki eða -ríkjum að leggja fram beiðni í samræmi við ákvæði 1. mgr.

23. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin hafa valdheimild til að mæla fyrir um:

a) framkvæmdarákvæði varðandi form, efni og önnur atriði er varða tilkynningar og greinargerðir skv. 4. gr.,

b) framkvæmdarákvæði varðandi fresti skv. 4. gr. (4. og 5. mgr.) og 7., 9., 10. og 22. gr.,

c) málsmeðferð og fresti varðandi framlagningu og framkvæmd skuldbindinga skv. 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr.,

d) framkvæmdarákvæði varðandi skýrslugjöf skv. 18. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna.

a) Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina áður en hún birtir drög að framkvæmdarákvæðum og áður en hún samþykkir slík ákvæði.

b) Samráð skal fara fram á fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til og stýrir. Fundarboðinu skulu fylgja drög að framkvæmdarákvæðunum. Fundinn skal ekki halda fyrr en 10 virkum dögum eftir að fundarboðið er sent út.

c) Ráðgjafarnefndin skal skila áliti á drögum að framkvæmdarákvæðum, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar.

24. gr.

Samskipti við þriðju lönd

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem fyrirtæki þeirra eiga við að etja í þriðja landi í tengslum við samfylkingar eins og skilgreint er í 3. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í fyrsta sinn eigi síðar en einu ári eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og eftir það með jöfnu millibili, semja skýrslu þar sem hún tekur til skoðunar, með tilliti til þeirra atriða sem um getur í 3. og 4. mgr., hvaða meðferð þau fyrirtæki fá sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins þegar um er að ræða samfylkingar í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tilmælum, ef við á.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur, annaðhvort á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 2. mgr. eða á grundvelli annarra upplýsinga, að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins, fái ekki meðferð í þriðja landi sambærilega þeirri sem Bandalagið veitir fyrirtækjum frá því landi getur hún lagt tillögur fyrir ráðið um viðeigandi samningsumboð með það fyrir augum að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang í Bandalaginu, fái sambærilega meðferð.

4. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skyldur Bandalagsins eða aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðasamningum, hvort heldur er tvíhliða eða marghliða, sbr. þó 307. gr. sáttmálans.

25. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 og reglugerð (EB) nr. 1310/97 er felld úr gildi frá og með 1. maí 2004, sbr. þó 2. mgr. 26. gr.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

26. gr.

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá 1. maí 2004.

2. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 gildir áfram um samfylkingar sem samið eða tilkynnt er um eða þegar yfirráða hefur verið aflað í skilningi 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sbr. þó einkum ákvæði um beitingu sem eru sett fram í 2. og 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 og 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1310/97.

3. Þegar um er að ræða samfylkingar, sem þessi reglugerð gildir um í tengslum við aðild nýrra ríkja, skal dagsetning aðildar koma í stað gildistökudags þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

C. McCREEVY

forseti.

VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
1., 2. og 3. mgr. 1. gr.	1., 2. og 3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
–	2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	5. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	4. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
–	4. mgr. 3. gr.
5. mgr. 3. gr.	5. mgr. 3. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 4. gr.	–
–	Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 4. gr.
2. og 3. mgr. 4. gr.	2. og 3. mgr. 4. gr.
–	4.–6. mgr. 4. gr.
1.–3. mgr. 5. gr.	1.–3. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 5. gr.
a-liður 4. mgr. 5. gr.	a-liður 4. mgr. 5. gr.
Inngangsorð b-liðar 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	i-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Annar undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	ii-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Þriðji undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	iii-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Fjórði undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	iv-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
c-, d- og e-liður 4. mgr. 5. gr.	c-, d- og e-liður 4. mgr. 5. gr.
5. mgr. 5. gr.	5. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 6. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 6. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 6. gr.
c-liður 1. mgr. 6. gr.	Fyrsti málsliður c-liðar 1. mgr. 6. gr.
2.5. mgr. 6. gr.	2.5. mgr. 6. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.
3. mgr. 7. gr.	2. mgr. 7. gr.
4. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.
5. mgr. 7. gr.	4. mgr. 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	Annar málsliður c-liðar 1. mgr. 6. gr.
2. mgr. 8. gr.	1. og 2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
–	5. mgr. 8. gr.
5. mgr. 8. gr.	6. mgr. 8. gr.
6. mgr. 8. gr.	7. mgr. 8. gr.
–	8. mgr. 8. gr.
1.–9. mgr. 9. gr.	1.–9. mgr. 9. gr.
10. mgr. 9. gr.	–
1. og 2. mgr. 10. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
3. mgr. 10. gr.	Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
–	Annar málsliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
–	Önnur undirgrein 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 10. gr.
–	Önnur undirgrein 4. mgr. 10. gr.
5. mgr. 10. gr.	Fyrsta og fjórða undirgrein 5. mgr. 10. gr.
–	Önnur, þriðja og fimmta undirgrein 5. mgr. 10. gr.
6. mgr. 10. gr.	6. mgr. 10. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 11. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
2. mgr. 11. gr.	–
3. mgr. 11. gr.	2. mgr. 11. gr.
4. mgr. 11. gr.	Fyrsti málsliður 4. mgr. 11. gr.
–	Annar og þriðji málsliður 4. mgr. 11. gr.
Fyrsti málsliður 5. mgr. 11. gr.	–
Annar málsliður 5. mgr. 11. gr.	3. mgr. 11. gr.
6. mgr. 11. gr.	5. mgr. 11. gr.
–	6. og 7. mgr. 11. gr.
12. gr.	12. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 13. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 13. gr.
a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	b-liður 2. mgr. 13. gr.
b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	c-liður 2. mgr. 13. gr.
c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	e-liður 2. mgr. 13. gr.
d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	a-liður 2. mgr. 13. gr.
–	d-liður 2. mgr. 13. gr.
2. mgr. 13. gr.	3. mgr. 13. gr.
3. mgr. 13. gr.	Fyrsti og annar málsliður 4. mgr. 13. gr.
4. mgr. 13. gr.	Þriðji málsliður 4. mgr. 13. gr.
5. mgr. 13. gr.	Fyrsti málsliður 5. mgr. 13. gr.
–	Annar málsliður 5. mgr. 13. gr.
Fyrsti málsliður 6. mgr. 13. gr.	6. mgr. 13. gr.
Annar málsliður 6. mgr. 13. gr.	–
–	7. og 8. mgr. 13. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.
a-liður 1. mgr. 14. gr.	a-liður 2. mgr. 14. gr.
b-liður 1. mgr. 14. gr.	a-liður 1. mgr. 14. gr.
c-liður 1. mgr. 14. gr.	b- og c-liður 1 mgr. 14. gr.
d-liður 1. mgr. 14. gr.	d-liður 1. mgr. 14. gr.
–	e- og f-liður 1. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 14 gr.	Inngangsorð 2. mgr. 14. gr.
a-liður 2. mgr. 14. gr.	d-liður 2. mgr. 14. gr.
b- og c-liður 2. mgr. 14. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 14. gr.
3. mgr. 14. gr.	3. mgr. 14. gr.
4. mgr. 14. gr.	4. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 15. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 15. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.
a-liður 2. mgr. 15. gr.	c-liður 1. mgr. 15. gr.
b-liður 2. mgr. 15. gr.	d-liður 1. mgr. 15. gr.
3. mgr. 15. gr.	2. mgr. 15. gr.
16.–20. gr.	16.–20. gr.
1. mgr. 21. gr.	2. mgr. 21. gr.
2. mgr. 21. gr.	3. mgr. 21. gr.
3. mgr. 21. gr.	4. mgr. 21. gr.
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 21. gr.
3. mgr. 22. gr.	–
–	1–3. mgr. 22. gr.
4. mgr. 22. gr.	4. mgr. 22. gr.
5. mgr. 22. gr.	–
–	5. mgr. 22. gr.
23. gr.	1. mgr. 23. gr.
–	2. mgr. 23. gr.
24. gr.	24. gr.
–	25. gr.
1. mgr. 25. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 26. gr.
–	Önnur undirgrein 1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 25. gr.	2. mgr. 26. gr.
3. mgr. 25. gr.	3. mgr. 26. gr.
–	Viðauki

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR UM BREYTINGU Á BÓKUN 4 VIÐ SAMNINGINN MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS MEÐ INNFÆRSLU NÝRRAR 13. GR. OG 22. GR. Í XIII. KAFLA III. HLUTA

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingar á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem nefnist hér á eftir samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 139/2004 frá 20 janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja[1].

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 um að bæta 13. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 við í bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar XIII. kafla III. hluta í bókun 4 við saminginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

1. Eftirfarandi ný 13. gr. bætist við:

„13. gr.

Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athuganir

1. Til að Eftirlitsstofnun EFTA geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin skv. 57. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókunar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

---

[1] (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa heimild til:

a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land og inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,

b) að skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,

c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,

d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl svo lengi og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,

e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita heimildum sínum þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 14. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara. Eftirlitsstofnun EFTA skal útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem munu taka þátt í athuguninni í samræmi við 5. mgr. 8. gr. bókunar 24 við EES-samninginn, slíkt umboð.

4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. og 15. gr., og réttinum til að skjóta ákvörðuninni til dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 36. gr. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir sem hafa umboð eða eru tilnefndir af lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða Eftirlitsstofnunar EFTA, veita embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, dygga aðstoð. Í þessu skyni skulu þeir hafa þær heimildir sem tilgreindar eru í 2. mgr.

6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun, þ.m.t. með því að innsigla atvinnuhúsnæði, bókhald eða viðskiptaskjöl, sem gefin eru fyrirmæli um samkvæmt þessari grein skal hlutaðeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða sambærilegs löggæsluyfirvalds til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.

7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.

8. Ef sótt er um þá heimild, eins um getur í 7. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld tryggja að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Við eftirlit með því að þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brot geta innlend dómsmálayfirvöld óskað eftir nákvæmum skýringum frá Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu lögbærs yfirvalds í EFTA-ríkinu, í tengslum við viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstólinn getur skorið úr um hvort lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sé lögmæt.“

2. Eftirfarandi ný 22. gr. bætist við:

„22. gr.

Vísun máls til Eftirlitsstofnunar EFTA

1. Eitt eða fleiri EFTA-ríki geta lagt fram beiðni um það að Eftirlitsstofnun EFTA kanni samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr. í gerðinni sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 139/2004), sem varðar ekki hagsmuni EFTA samkvæmt skilningi 1. gr. þeirrar gerðar en hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og hætta er á að hefði veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina Slík beiðni skal lögð fram eigi síðar en 15 virkum dögum eftir þann dag sem tilkynnt var um samfylkinguna eða viðkomandi EFTA-ríki greint frá henni á annan hátt ef tilkynningar er ekki krafist.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og viðkomandi fyrirtækjum tafarlaust um beiðnir, sem berast skv. 1. mgr. Annað EFTA-ríki skal rétt á að gerast aðilar að upphaflegu beiðninni innan 15 virkra daga frá því að tilkynning berst frá Eftirlitsstofnun EFTA um upphaflegu beiðnina. Alla innlenda fresti, sem varða samfylkinguna, skal fella tímabundið úr gildi uns skorið hefur verið úr um, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessari grein, hvar samfylkingin skuli könnuð. Um leið og EFTA-ríki hefur veitt Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki leggja fram beiðni ásamt öðrum lýkur tímabundinni niðurfellingu fresta.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákveða, í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir að frestur sem settur er í 2. mgr. rennur út, að kanna samfylkinguna ef hún telur að hún hafi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og hætta sé á að hún hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkis eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Taki Eftirlitsstofnun EFTA ekki ákvörðun innan þessa frests er litið svo á að hún hafi samþykkt ákvörðun um að kanna samfylkinguna í samræmi við beiðnina.

Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna öllum EFTA-ríkjunum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Hún getur farið fram á að tilkynning verði lögð fram skv. 1., 2. og 3. mgr. fyrrnefndrar gerðar og 4. og 5. gr. þessa kafla.

EFTA-ríki eða -ríkin, sem lögðu fram beiðnina, skulu ekki lengur beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

4. Ákvæði 2. gr., 4. gr. (2.–3. mgr.) og 5. gr. fyrrnefndrar gerðar og 6. gr. og 8.–21. gr. þessa kafla gilda í þeim tilvikum þegar Eftirlitsstofnun EFTA kannar samfylkingu í samræmi við ákvæði 3. mgr. Sé tilkynningar skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar gerðar og 4. og 5. mgr. 4. gr. þessa kafla ekki krafist skal fresturinn til að hefja málsmeðferð, sem settur er í 1. mgr. 10. gr., hefjast næsta virka dag eftir að Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir hlutaðeigandi fyrirtækjum um að hún hafi ákveðið að kanna samfylkinguna skv. 3. mgr.

5. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að tilkynna einu eða fleiri EFTA-ríkjum um að hún telji samfylkingu fullnægja viðmiðunum 1. mgr. Í slíkum tilvikum getur Eftirlitsstofnun EFTA boðið því EFTA-ríki eða -ríkjum að leggja fram beiðni í samræmi við ákvæði 1. mgr.“

2. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.

Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

Skjal um staðfestingu skal afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

3. Samningur þessi öðlast gildi sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 eða þegar öll skjöl um staðfestingu hafa verið afhent til vörslu hjá EFTA-ríkjunum, hvort sem síðar verður.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 4. júní 2004.

.....
FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

.....
FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

.....
FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS NOREGS

919. Frumvarp til laga [615. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á jörð eða jarðarhluta að ⅕ eða meira að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar aðra jörð eða hluta annarrar jarðar ef stysta loftlína milli íbúðarhúsa á viðkomandi jörðum er lengri en hámarksvegalengd sem ráðherra ákveður með reglugerð. Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á ⅕ hluta í fleiri en þremur jörðum, að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar jörð eða jarðarhluta.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein sem verður 10. gr. a og orðast svo:

Hlutafélagi er því aðeins heimilt að kaupa jörð eða jarðarhluta að einstaklingur sem á að lágmarki 10% hlutafjár hafi fasta búsetu á viðkomandi jörð og uppfylli önnur ákvæði þessara laga um aðilaskipti að jörðum, og að hann fari með að lágmarki 50% atkvæða í félaginu.

3. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar selja á ríkisjörð öðrum en ábúendum skal sveitarfélag, sem viðkomandi jörð er í, hafa forkaupsrétt að jörðinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa fjársterkir aðilar keypt bújarðir um allt land í ört vaxandi mæli. Ljóst er að í mörgum tilfellum eru jarðirnar fyrst og fremst keyptar í því augnamiði að selja þær á hærra verði síðar meir. Sums staðar hefur búskap verið haldið áfram eða búrekstur af mörgum jörðum sameinaður á einni jörð og greiðslumark fært til að sama skapi. Eftir standa jarðir, sem áður voru vel setnar, í eyði og sumar jafnvel komnar í niðurníðslu eftir fáein ár.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau áhrif sem slík uppkaup hafa á byggð í viðkomandi sveitum. Í hvert einasta sinn sem jörð fer úr ábúð, búskapur leggst af og fólk flytur á brott stendur samfélagið veikara eftir. Þegar slíkt gerist fyrir tilstilli kaupsýslumanna sem hugsa fyrst og fremst um að fjárfesta í jörðum en horfa til búrekstrar sem aukagetu eða líta á hann einungis sem leið til að fá fyrr arð af fjárfestingunni, verður að spyrna við fæti. Þetta er líka alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin sem hafa ekki bolmagn til að kaupa jarðirnar í því skyni að halda þeim í byggð þar eð útsvarstekjur þeirra minnka yfirleitt vegna þessa. Á hinn bóginn er ekki hægt að áfellast þá sem jarðirnar selja. Það er skiljanlegt að bændur eigi erfitt með að hafna því þegar þeim eru boðnar háar fjárhæðir fyrir jarðir með öllu því sem þeim fylgir, bæði eignum og skuldum. Þar geta líka lífeyrismál fólks haft sitt að segja.

Hluti af þeirri sátt sem ríkt hefur um landbúnað á Íslandi í seinni tíð á rætur í þeirri sýn að bændur séu eins konar vörslumenn landsins sem nytji það til framleiðslu á hollum matvælum. Jarðnæði á Íslandi er í dreifðri eign og víðast hvar hefur sambúð landeigenda og þeirra sem vilja ferðast um landið, skoða það og njóta útivistar, verið góð. Uppkaup fjársterkra aðila á jörðum vítt og breitt um landið stefna þessari stöðu mála í voða.

Samþjöppun jarðeigna á fáar hendur mun augljóslega gerbreyta ásýnd sveitanna í mörgu tilliti. Fyrir liggur að það verður afar erfitt, ef ekki útilokað, að snúa til baka ef þessi uppkaup halda áfram með sama hætti og verið hefur. Verð á bújörðum og greiðslumarki, sem nú eru orðin eins og hver önnur markaðsvara, er þannig að ólíklegt er að búskapur verði endurreistur á jörðum þar sem hann hefur einu sinni verið lagður af í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar.

Markmið þeirra lagabreytinga sem hér eru lagðar til er að koma í veg fyrir að einstakir lögaðilar safni að sér jarðeignum víða um land og láti jafnvel reka þar fyrir sig bú án þess að koma þar að sjálfir. Hins vegar er ekki ætlunin að hindra að bændur geti sameinað aðliggjandi jarðir eða stundað heildstæðan búrekstur á fleiri en einni jörð ef þær jarðir liggja það nærri hver annarri að slíkt sé mögulegt og önnur skilyrði fyrir eignarhaldi og slíkum rekstri eru uppfyllt.

Við gerð frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar nokkur ákvæði dönsku jarðalaganna. Danir hafa nokkuð aðra skipan á þessum málum en tíðkast hefur hér á landi eins og rakið er í meðfylgjandi grein Ernu Bjarnadóttur sem birtist í Bændablaðiu 11. janúar sl.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hvaða reglur eiga að gilda um viðskipti með bújarðir? Erna Bjarnadóttir. (Bændablaðið 11. janúar 2005)

II. Sjálfseignarbóndi eða réttlaus leiguliði. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 3. nóvember 2004.)

920. Frumvarp til laga [616. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sami aðili getur að hámarki verið handhafi réttar til beingreiðslna sem svara til 1% af heildargreiðslumarki. Einkahlutafélag getur því aðeins verið handhafi réttar til beingreiðslna samkvæmt greiðslumarki að ábúandi á viðkomandi lögbýli eigi að minnsta kosti 10% hlutafjár og fari með að minnsta kosti 50% atkvæða í félaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árunum 1996–2004 fækkaði kúabúum á Íslandi úr 1.291 í 854 eða um 34%. Meðalframleiðsla á bú jókst á sama tíma um 67%. Þessari þróun hefur fylgt mikil tilfærsla á greiðslumarki í mjólkurframleiðslu og verð á greiðslumarki hefur að sama skapi hækkað gífurlega á síðustu árum. Mesta hreyfingin á greiðslumarkinu er á hjá stærri búunum, eins og sést á því að í árslok 2003 voru þau 140 kúabú sem höfðu hvorki keypt né selt greiðslumark frá árinu 1992 að meðaltali með rúmlega 65.000 lítra, sem er rétt rúmlega helmingur af framleiðslu meðalbúsins árið 2003. Þá var enn um fjórðungur kúabænda í landinu með greiðslumark innan við 100.000 lítra. Af þessu sést greinilega að það eru stærri búin sem stækka mest.

Margar ástæður eru fyrir samþjöppun undanfarinna 10–12 ára á greiðslumarki í mjólk. Þar má nefna kröfur um hagræðingu, ný viðhorf til aðbúnaðar búfjár, auknar gæðakröfur til mjólkurframleiðenda, fólksfækkun í sveitum, fækkun mjólkursamlaga, vélvæðingu í búskap og, síðast en ekki síst, hið geysiháa verð á greiðslumarki og hækkandi verð á bújörðum á frjálsum markaði.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að réttur til beingreiðslna vegna mjólkurframleiðslu er takmörkuð auðlind. Mikil eftirspurn og hátt verð hafa að undanförnu breytt miklu um möguleika þeirra sem vilja starfa við kúabúskap til að hasla sér völl í greininni. Ekki er einungis að nýliðun sé nær útilokuð, svo mikið fjármagn þarf til að bæta verulega við greiðslumark hvers starfandi bús að sífellt færri eiga þess kost nema með mikilli skuldsetningu. Þróunin minnir því óneitanlega sífellt meir á framvindu mála í sjávarútvegi eftir að verslun með aflamark var gefin frjáls. Ekki þarf að tíunda hér þær harðvítugu deilur sem urðu um eignarhald á veiðiheimildum í sjávarútvegi og eru í raun enn óleystar.

Ljóst er að viðlíka ástand í landbúnaði mundi gerbreyta viðhorfum landsmanna til stuðnings við innlenda framleiðslu. Sú bærilega sátt sem hefur til þessa ríkt um íslenskan landbúnað vegna atvinnu-, byggða- og öryggissjónarmiða hvílir fyrst og síðast á þeim grunni að framleiðslan sé á höndum fjölskyldubúa en ekki verksmiðjubúa, sem þekkt eru frá öðrum löndum.

Jafnframt liggur í augum uppi að þróun mjólkurframleiðslunnar í átt til færri og stærri búa fylgir vaxandi áhætta eftir því sem hún gengur lengra. Áföll af einhverju tagi hjá örfáum stórframleiðendum geta sett framboð á innlendum mjólkurvörum í uppnám þegar einstök bú standa undir mjög stórum hluta mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Hér er lagt til að sami handhafi geti að hámarki farið með 1% af heildargreiðslumarki. Velta má fyrir sér hversu hátt slíkt hlutfall á að vera. Markmið frumvarpsins er að takmarka samþjöppun á rétti til beingreiðslna og koma í veg fyrir að hátt verð á greiðslumarki geri minni framleiðendum ókleift að stækka við sig. Enn fremur að stuðla að því að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að treysta undirstöður búvöruframleiðslunnar, byggð og atvinnulíf í dreifbýli skili sér til starfandi bænda en séu ekki teknir til annarra nota af kaupsýslumönnum.

Þessi mál hafa mjög verið til umræðu meðal bænda og má í því sambandi benda á erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga og Svínaræktarfélags Íslands til Búnaðarþings árið 2004. Búnaðarþing ályktaði þá sérstaklega um ákveðna þætti þessa máls, sbr. fylgiskjöl.

Með frumvarpinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Erindi til Búnaðarþings frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga. (Janúar 2004.)
II. Erindi til Búnaðarþings frá Svínaræktarfélagi Íslands. (Mars 2004.)
III. Ályktun búnaðarþings 2004 um framleiðsluöryggi í íslenskum landbúnaði. (Mars 2004.)

921. Tillaga til þingsályktunar [617. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna er varða framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.
2. Samning EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004, um breytingu á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.
4. Samning EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað eftir heimild Alþingis til að staðfesta framangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á framkvæmd sam-

keppnisreglna EES-samningsins og samninga EFTA-ríkjanna um viðeigandi breytingar á samningi þeirra um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls af því tilefni.

Innleiðing þessara ákvarðana og samninga kallar á lagabreytingar hér á landi. Ákvarðanirnar voru því teknar með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu meðan leitað er samþykkis Alþingis til að staðfesta þær. Staðfesting samninganna bíður einnig samþykkis Alþingis af sömu ástæðu. Í athugasemdunum hér á eftir er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins, og efni gerðanna.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 er tilvísun til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 felld inn í XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn.

Meginefni reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003.

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002, um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans, er að finna málsmeðferðarreglur um beitingu þeirra ákvæða stofnsáttmála Evrópubandalagsins sem leggja bann við ólögmætu samráði fyrirtækja og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Ákvæði 81. og 82. gr. stofnsáttmála EB eru sambærileg ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Meginmarkmið reglugerðar nr. 1/2003 er að draga úr miðstýringu og auka skilvirkni við framkvæmd framangreindra ákvæða stofnsáttmála EB með því að auka hlutdeild samkeppnisyfirvalda og dómstóla aðildarríkjanna í að beita þeim, þ.m.t. undanþáguákvæði 3. mgr. 81. gr. Þannig mælir reglugerðin fyrir um að auk framkvæmdastjórnarinnar skuli samkeppnisyfirvöld og dómstólar í aðildarríkjum Evrópusambandsins einnig beita ákvæðum 81. og 82. gr. stofnsáttmála EB þegar þau beita innlendri samkeppnislöggjöf. Jafnframt er innlendum samkeppnisyfirvöldum falið að skera úr um hvort undanþáguákvæði 3. mgr. 81. gr. eigi við. Samkvæmt því ákvæði skulu samningar og ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða sam-

stilltar aðgerðir, sem stuðla að bættri framleiðslu og vörudreifingu eða að því að efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, undanþegnar banni við ólögmætu samráði að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í því felst að bæði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og samkeppnisyfirvöldum í aðildarríkjum þess er heimilt að beita samkeppnisreglum sambandsins. Enn fremur geta mál sem varða framkvæmd þessara reglna jafnt komið til kasta dómstóla Evrópusambandsins sem dómstóla í einstökum aðildarríkjum. Af þeim sökum er í reglugerð nr. 1/2003 að finna ákvæði sem miða að því að tryggja samræmi í beitingu samkeppnisreglna Evrópusambandsins í einstökum málum. Segja má að þessi ákvæði séu af tvennum toga. Annars vegar er gert ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld í einstökum aðildarríkjum eða framkvæmdastjórnin geti frestað eða hætt umfjöllun um einstök mál á meðan sama mál er til umfjöllunar hjá samkeppnisyfirvöldum í öðru aðildarríki. Hins vegar mælir reglugerðin fyrir um að samkeppnisyfirvöldum og dómstólum í aðildarríkjunum sé ekki heimilt að kveða upp úrskurð sem stangast á við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í sama máli. Jafnframt skulu dómstólar forðast að taka ákvarðanir sem gætu stangast á við fyrirhugaða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli sem hún hefur þegar til tekið til meðferðar. Til að tryggja samræmi í framkvæmd þessara ákvæða mælir reglugerðin jafnframt fyrir um upplýsingaskipti milli framkvæmdastjórnarinnar annars vegar og samkeppnisyfirvalda og dómstóla aðildarríkjanna hins vegar.

Breytingar á XIV. viðauka (Samkeppni).

Í XIV. viðauka við EES-samninginn er að finna efnisreglur EES-löggjafar á sviði samkeppnismála, þar á meðal um samkeppniseftirlit. Reglur um meðferð slíkra mála eru hins vegar flestar í samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE). Þar sem reglugerð nr. 1/2003 hefur einkum að geyma reglur um meðferð samkeppnismála eru ákvæði hennar aðallega tekin upp í ESE-samninginn, en í XIV. viðauka við EES-samninginn sjálfan eru eingöngu tekin efnisákvæði reglugerðarinnar. Þau varða fyrst og fremst brottfall eldri gerða og breytingar á ákvæðum annarra gerða sem vísað er til í XIV. viðauka. Reglugerð nr. 1/2003 er því ekki í heild sinni felld undir XIV. viðauka við EES-samninginn.

Breytingar á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki).

Í bókun 21 er að finna ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins sem gilda um fyrirtæki. Samkvæmt bókun 21 skulu EFTA-ríkin gera með sér samning um að fela Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB þannig að ESA sé kleift að framfylgja samkeppnisákvæðum EES-samningsins. Þá er mælt fyrir um í 2. gr. bókunar 21 að ef Evrópusambandið samþykkir nýjar gerðir sem varða framkvæmd samkeppnisákvæða EES-samningsins skuli gera samsvarandi breytingar á stofnsamningi Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að tryggja að stofnuninni verði samtímis falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur. Þá eru í 3. gr. bókunar 21 taldar upp þær gerðir sem ásamt gerðum sem vísað er til í XIV. viðauka lýsa valdsviði og störfum framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála EB.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 skal bæta tilvísun til reglugerðar nr. 1/2003 við bókun 21. Með þessari breytingu verður reglugerð nr. 1/2003 þannig meðal þeirra gerða sem lýsa valdsviði og störfum framkvæmdastjórnarinnar við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála EB. Skulu EFTA-ríkin því gera samsvarandi breytingar á samningi sínum um stofnun dómstóls og eftirlitsstofnunar til að tryggt verði að ESA hafi sama valdsvið og störf við beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er falið með reglugerð nr. 1/2003.

Þess skal enn fremur getið að með ákvörðun nr. 130/2004 er bætt við endurskoðunarákvæði í bókun 21. Samkvæmt ákvæðinu geta einstakir samningsaðilar óskað eftir því við árslok 2005 að gerðar verði breytingar á núgildandi fyrirkomulagi við framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins með það fyrir augum að endurspegla að fullu það fyrirkomulag á framkvæmd samkeppnisákvæða Evrópusambandsins sem komið er fót með reglugerð nr. 1/2003.

Breytingar á bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana).

Bókun 23 við EES-samninginn mælir fyrir um þær meginreglur sem gilda um samstarf eftirlitsstofnana (framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA). Ákvörðun nr. 130/2004 felur í sér heildarendurskoðun á ákvæðum bókunar 23. Helsta breytingin sem mælt er fyrir um í endurskoðaðri bókun 23 er að framvegis skulu eftirlitsstofnanirnar ekki aðeins upplýsa hvor aðra um þau mál sem þær hafa til meðferðar heldur jafnframt um þau mál sem samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum hafa til meðferðar og varða beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins.

4. Samningur EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eins og áður er getið leiðir ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 til þess að EFTA-ríkin skuldbinda sig til þess að veita Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sambærilegt valdsvið og fela henni sams konar störf og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gagnvart aðildarríkjum sínum samkvæmt reglugerð nr. 1/2003. Þetta hafa EFTA-ríkin gert með samningi sín á milli um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningurinn) en samningur þessi var undirritaður sama dag og sameiginlega EES-nefndin tók framangreinda ákvörðun.

Bókun 4 við ESE-samninginn mælir fyrir um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppnismála. Með framangreindum samningi EFTA-ríkjanna er II. kafli I. hluta bókunar 4 við ESE-samninginn endurskoðaður í heild sinni en sá kafli mælir fyrir um málsmeðferð við framkvæmd 53. og 54. gr. EES-samningsins. Ákvæði kaflans eru færð til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1/2003.

Helstu nýmælin við endurskoðun bókunar 4 við ESE-samninginn eru þessi:

Tengsl samkeppnisákvæða EES-samningsins og samkeppnislaga aðildarríkjanna (3. gr.).

Í 3. gr. hins endurskoðaða kafla í bókun 4 við ESE-samninginn er mælt fyrir um tengsl 53. og 54. gr. EES-samningsins við samkeppnislög aðildarríkjanna. Þar er gert ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum skuli beita 53. og 54. gr. EES-samningsins samhliða eigin samkeppnislöggjöf.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum beiti einnig 53. og 54. gr. EES-samningsins í málum sem varða beitingu innlendra samkeppnislaga, ef þessi ákvæði EES-samningsins eiga á annað borð við um úrlausn þeirra mála sem þau hafa til meðferðar. Skv. 2. mgr. 3. gr. má beiting þessara ákvæða af hálfu samkeppnisyfirvalda aðildarríkjanna þó ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir sem falla undir undanþáguákvæði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að EFTA-ríkin geti sett strangari ákvæði í samkeppnislöggjöf sína en leiðir af 53. gr. EES-samningsins. Þá segir í 3. mgr. 3. gr. að framangreint gildi ekki um eftirlit með samruna eða beitingu samkeppnislöggjafar sem byggist á öðrum markmiðum en búa að baki 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Valdsvið samkeppnisyfirvalda og dómstóla í aðildarríkjunum (5.–6. gr.).

Í 5. og 6. gr. hins endurskoðaða kafla í bókun 4 við ESE-samninginn er mælt fyrir um að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum skuli hafa vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi ákvæðum bókunar 4.

Samstarf ESA við samkeppnisyfirvöld og dómstóla í EFTA-ríkjunum (11.–15. gr.).

Með hliðsjón af auknum heimildum samkeppnisyfirvalda og dómstóla í EFTA-ríkjunum til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins gerir endurskoðun bókunar 4 við ESE-samninginn ráð fyrir auknu samstarfi þeirra við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), sbr. 11.–15. gr. Þar er m.a. mælt fyrir um upplýsingaskipti og samráð milli ESA og samkeppnisyfirvalda í málum sem varða beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þar er einnig mælt fyrir um að dómstólum aðildarríkjanna skuli vera heimilt að óska eftir upplýsingum sem ESA hefur undir höndum í málum sem varða beitingu 53. og 54. gr., jafnframt því sem EFTA-ríkin skulu senda ESA þær dómsniðurstöður sem varða beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Samræmd beiting samkeppnisákvæða EES-samningsins (16. gr.).

Þar sem endurskoðun bókunar 4 við ESE-samninginn gerir ráð fyrir því að beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins geti bæði verið á hendi samkeppnisyfirvalda og dómstóla í EFTA-ríkjunum annars vegar og ESA hins vegar er í 16. gr. ákvæði um samræmda beitingu samkeppnisákvæða EES-samningsins sambærilegt því sem er í 16. gr. reglugerðar nr. 1/2003 um samhliða beitingu sams konar reglna af hálfu aðildarríkja Evrópusambandsins annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar. Samkvæmt þessu ákvæði má úrlausn dómstóls í EES/EFTA-ríki um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins ekki brjóta í bága við ákvörðun sem ESA hefur tekið um sömu málsatvik. Enn fremur skulu dómstólar forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem ESA kann að gera í máli sem stofnunin hefur þegar tekið til meðferðar.

Þar eð þessi takmörkun á valdheimildum dómstóla snertir í raun sams konar álitaefni og fjallað var um í tengslum við lögfestingu EES-samningsins með lögum nr. 2/1993 fór utanríkisráðherra þess á leit við Davíð Þór Björgvinsson, þáv. prófessor, sl. haust að hann léti í té álitsgerð um valdheimildir löggjafans með tilliti til innleiðingar þessa ákvæðis í íslenskan rétt. Álitsgerð hans og niðurstöður hennar er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

5. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 var tilvísun til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 felld inn í bókun 21 við EES-samninginn. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98 jafnframt því sem reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98, um form, innihald og önnur atriði sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins nr. 1017/68, 4056/86 og 3975/87, varðandi samkeppni í flutningsgeiranum, eru felldar úr gildi. Jafnframt er sérstakt ákvæði um aðgang aðila að gögnum máls tekið upp í bókun 23 við samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 er sett til fyllingar reglugerð nr. 1/2003 og fjallar um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar þegar hún beitir samkeppnisreglunum í 81. og 82. gr. stofnsáttmála EB, svo sem um upphaf máls, meðferð kvartana, skýrslutöku og andmælarétt aðila og aðgang hans að málsgögnum. Til að ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði geti haft það fordæmisgildi gagnvart samkeppnisyfir-

völdum og dómstólum í aðildarríkjunum, sem 16. gr. reglugerðar nr. 1/2003 gerir ráð fyrir, eru í þessari reglugerð ákvæði um birtingu slíkra ákvarðana.

6. Samningur EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Upptaka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 kallar einnig á endurskoðun á III. kafla I. hluta bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Með samningi þessum eru ákvæði III. kafla I. hluta bókunar 4 við ESE-samninginn um málsmeðferð ESA í málum sem varða beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins færð til samræmis við reglur um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 773/2004.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 130/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 8. júní 2004 ([1]).

2) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 8. júní 2004 ([2]).

3) Bókun 23 við samninginn hefur ekki verið breytt áður.

4) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ([3]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 24 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 32, 19.6.2004, bls. 10.
([2]) Stjtíð. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 24 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 32, 19.6.2004, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIV. viðauki breytist sem segir í I. viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Bókun 21 breytist sem segir í II. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Bókun 23 breytist sem segir í III. viðauka við ákvörðun þessa.

4. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

I. VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004

XIV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 4. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 123/85) falli brott.

2. Texti liðar 4a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95) falli brott.

3. Í stað texta 10. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68) komi eftirfarandi.

„368 R 1017: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 175, 23.7.1968, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32003 R 0001:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. gilda ekki.“

4. Ákvæði 11. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86) breytist sem hér segir:

4.1 Eftirfarandi bætist við:

„ , eins og henni var breytt með:

- **32003 R 0001:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).“

4.2 Í stað textans í aðlögunarlið c) komi eftirfarandi:

„Í stað orðanna „reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans“ í fyrsta málslið 1. mgr. 7. gr. komi orðin „reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans eða samsvarandi ákvæðum bókunar 21 við samninginn“;“

4.3 Í stað textans í aðlögunarlið d) komi eftirfarandi:

„Í stað orðanna „reglugerð (EB) nr. 1/2003“ í a-lið 2. mgr. 7. gr. komi orðin „reglugerð (EB) nr. 1/2003 eða samsvarandi ákvæðum bókunar 21 við samninginn“;“

4.4 Eftirfarandi nýr aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið d):

„e) Í stað orðanna „9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“ í öðrum málslið annarrar undirgreinar i-liðar í c-lið 2. mgr. 7. gr. komi orðin „9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eða samsvarandi ákvæði bókunar 21 við samninginn“;“

4.5 Í stað textans í aðlögunarlið f) komi eftirfarandi:

„Í stað orðanna „að beiðni aðildarríkis“ í 8. gr. komi orðin „að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar“. Ennfremur komi í stað orðanna „reglugerð (EB) nr. 1/2003“ orðin „reglugerð (EB) nr. 1/2003 eða samsvarandi ákvæðum bókunar 21 við samninginn“;“

4.6 Núverandi aðlögunarliðir e), f), g) og h) verði aðlögunarliðir f), g), h) og i).

5. Texti liðar 11a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3652/93) falli brott.

6. Í stað orðanna „13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87“ í aðlögunarlið c) í lið 11b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93) komi orðin „24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.

7. Texti liðar 15a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3932/92) falli brott.

8. Í stað orðanna „6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62“ í aðlögunarlið b) í 2. lið, aðlögunarlið b) í lið 4b, aðlögunarlið h) í 5. lið, aðlögunarlið b) í 6. lið, aðlögunarlið b) í 7. lið og aðlögunarlið b) í lið 15b komi orðin „10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“. Í sömu aðlögunarliðum falli brott orðin „ , án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það“.

II. VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004

1. Ákvæði 3. gr. bókunar 21 við samninginn breytist sem hér segir:

1.1 Í stað texta 3. liðar 1. mgr. (reglugerð ráðsins nr. 17/62) komi eftirfarandi:

„**32003 R 0001:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).“

1.2 Eftirfarandi bætist við í 10. lið 1. mgr. (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74):

„ , eins og henni var breytt með

- **32003 R 0001:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).“

1.3 Í 1. mgr. falli brott texti 6. liðar (reglugerð ráðsins nr. 141/62), 7. liðar (ákvæði

6. gr. og 10.–31. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68) og 11. liðar (II. þáttur reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86).

1.4 Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið 1. mgr. (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87):

„- **32003 R 0001:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).“

2. Texti 4., 5., 6., 7. og 9. gr. bókunar 21 við samninginn falli brott.

3. Í fyrstu og annarri málsgrein 8. gr. bókunar 21 við samninginn falli brott orðin „og tilkynningar“.

4. Eftirfarandi bætist við á eftir 13. gr. bókunar 21 við samninginn:

„Endurskoðunarákvæði

Samningsaðilar skulu endurskoða ákvæði um fullnustu 53. og 54. gr. samningsins, auk ákvæða um samvinnu í bókun 23 við samninginn, fyrir lok ársins 2005 og hvenær sem samningsaðili leggur fram beiðni þess efnis, í því skyni að tryggja að þeim sé beitt á einsleitan og árangursríkan hátt. Einkum skal taka til endurskoðunar ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 með hliðsjón af reynslu samningsaðila af nýjum aðferðum við framkvæmd samkeppnisreglna og rannsaka um leið hvort unnt sé að taka upp á Evrópska efnahagssvæðinu sams konar kerfi og komið var á í Evrópusambandinu með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. EB-sáttmálans af hálfu samkeppnisyfirvalda í hverju landi, samvinnu slíkra yfirvalda sín í milli og ákvæði sem tryggja að yfirvöld í hverju landi beiti samkeppnisreglunum á sama hátt.“

III. VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004

Í stað bókunar 23 við samninginn komi eftirfarandi:

„BÓKUN 23

UM SAMVINNU MILLI EFTIRLITSSTOFNANA (58. GR.)

ALMENNAR MEGINREGLUR

1. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um almenn stefnumál fari önnur hvor þessara eftirlitsstofnana fram á það.

2. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu, í samræmi við eigin reglur og með hliðsjón af 56. gr. samningsins og bókun 22 og sjálfsákvörðunarrétti beggja aðila, hafa samvinnu í einstökum málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, sbr. ákvæðin hér á eftir.

3. Í þessari bókun merkir hugtakið „yfirráðasvæði eftirlitsstofnunar“, að því er varðar framkvæmdastjórn EB, yfirráðasvæði aðildarríkja EB, sem stofnsáttmáli Evrópubandalagsins tekur til, með þeim skilmálum sem settir eru í þessum sáttmálum, en að því er varðar eftirlitsstofnun EFTA merkir það svæði EFTA-ríkjanna sem samningurinn tekur til.

UPPHAF MÁLAREKSTURS

2. gr.

1. Í málum, sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB senda hvor annarri, án ónauðsynlegra tafa, tilkynningar og kvartanir ef ekki þykir ljóst að þær hafi borist báðum eftirlitsstofnununum. Þeim ber einnig að tilkynna hvor annarri þegar þær hefja málsmeðferð í krafti embættis síns.

2. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu senda hvor annarri, án ónauðsynlegra tafa, upplýsingar sem þær hafa fengið frá innlendum samkeppnisyfirvöldum á yfirráðasvæðum sínum um að gerðar hafi verið fyrstu ráðstafanir til formlegrar rannsóknar í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins.

3. Eftirlitsstofnunin, sem hefur fengið upplýsingar, eins og kveðið er á um í fyrstu málsgrein, getur komið athugasemdum sínum um málið á framfæri innan 40 virkra daga frá móttöku upplýsinganna.

3. gr.

1. Þar til bær eftirlitsstofnun skal, í tilvikum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, hafa samráð við við hina eftirlitsstofnunina þegar hún:

   - ber fram andmæli sín við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja,

   - birtir þá fyrirætlun sína að samþykkja ákvörðun þess efnis að 53. eða 54. gr. samningsins eigi ekki við, eða

   - birtir þá fyrirætlun sína að samþykkja ákvörðun þess efnis að þær skuldbindingar, sem fyrirtæki hafa boðið, verði bindandi fyrir þau.

2. Hin eftirlitsstofnunin getur komið athugasemdum sínum á framfæri innan þeirra tímamarka sem fram koma í framangreindum ákvörðunum eða andmælum.

3. Senda skal hinni eftirlitsstofnuninni athugasemdir sem koma frá hlutaðeigandi fyrirtækjum eða þriðju aðilum.

4. gr.

Í málum, sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, skal þar til bær eftirlitsstofnun senda hinni eftirlitsstofnuninni þau stjórnsýsluskjöl þar sem fram kemur að máli er lokað eða beiðni hafnað.

5. gr.

Í málum, sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, skal þar til bær eftirlitsstofnun bjóða hinni eftirlitsstofnuninni að eiga fulltrúa við skýrslugjöf hlutaðeigandi fyrirtækja. Boðið skal einnig ná til ríkja sem falla undir valdsvið hinnar eftirlitsstofnunarinnar.

RÁÐGJAFARNEFND

6. gr.

1. Í málum, sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, skal þar til bær eftirlitsstofnun, þegar þar að kemur, tilkynna hinni eftirlitsstofnuninni um fundardag ráðgjafarnefndarinnar og senda viðeigandi skjöl.

2. Öll skjöl, send í þessum tilgangi frá hinni eftirlitsstofnuninni, skulu lögð fyrir ráðgjafarnefnd þeirrar eftirlitsstofnunar, sem er til þess bær að skera úr um mál í samræmi við 56. gr., ásamt gögnum sem sú eftirlitsstofnun leggur fram.

3. Hvor eftirlitsstofnunin um sig og ríki, sem falla undir valdsvið hennar, eiga rétt á að eiga fulltrúa í ráðgjafarnefndum hinnar eftirlitsstofnunarinnar sem geta látið í ljós álit sitt en hafa þó ekki atkvæðisrétt.

4. Samráð getur einnig farið fram skriflega. Ef eftirlitsstofnunin, sem er ekki til þess bær að taka ákvörðun í máli í samræmi við 56. gr., fer fram á það skal þar til bær eftirlitsstofnun þó boða til fundar.

BEIÐNI UM SKJÖL OG RÉTTUR TIL ÞESS AÐ GERA ATHUGASEMDIR

7. gr.

Í málum, sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, getur eftirlitsstofnun, sem ekki er til þess bær að taka ákvörðun í máli í samræmi við 56. gr. samningsins, beðið um afrit af mikilvægustu skjölunum á öllum stigum málareksturs hjá hinni eftirlitsstofnuninni og enn fremur getur hún, áður en lokaákvörðun er tekin, gert þær athugasemdir sem hún telur vera við hæfi.

AÐSTOÐ STJÓRNVALDA

8. gr.

1. Þegar þar til bær eftirlitsstofnun, eins og hún er skilgreind í 56. gr. samningsins, fer, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, fram á að fá upplýsingar frá fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja á yfirráðasvæði hinnar eftirlitsstofnunarinnar skal hún um leið senda afrit af beiðninni eða ákvörðuninni til hinnar eftirlitsstofnunarinnar.

2. Að beiðni þar til bærrar eftirlitsstofnunar, eins og hún er skilgreind í 56. gr. samningsins, skal hin eftirlitsstofnunin, í samræmi við eigin reglur, annast athuganir á yfirráðasvæði sínu í málum sem þar til bæra eftirlitsstofnunin, sem þess óskar, telur nauðsynlegt.

3. Þar til bæra eftirlitsstofnunin á rétt á því að hafa fulltrúa og taka virkan þátt í athugunum sem hin eftirlitsstofnunin lætur fara fram, sbr. 2. mgr.

4. Allar upplýsingar, sem fást úr þessum athugunum samkvæmt beiðni, skulu sendar um leið og athugun lýkur til eftirlitsstofnunarinnar sem fór fram á athugunina.

5. Þegar þar til bær eftirlitsstofnun, í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. í 56. gr. samningsins, lætur fara fram athugun á yfirráðasvæði sínu skal hún tilkynna hinni eftirlitsstofnuninni að slík athugun hafi farið fram og, að fenginni beiðni, senda henni þær niðurstöður sem máli skipta úr þessum athugunum.

6. Þegar þar til bær eftirlitsstofnun, eins og hún er skilgreind í 56. gr. samningsins, tekur viðtal við einstakling eða lögaðila, sem veitt hefur til þess samþykki sitt, á yfirráðasvæði hinnar eftirlitsstofuninarinnar skal upplýsa síðarnefndu stofnunina um það. Fulltrúum þeirrar eftirlitsstofnunar, sem er ekki til þess bær, er heimilt að vera viðstaddir viðtalið, svo og embættismönnum frá samkeppnisyfirvöldum á því yfirráðasvæði þar sem viðtalið fer fram.

SKIPTI Á OG NOTKUN UPPLÝSINGA

9. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu, til beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins, hafa vald til að veita hvor annarri og nota til sönnunar hvers konar upplýsingar um staðreyndir og lagaatriði, þ.m.t. trúnaðarupplýsingar.

2. Upplýsingar, sem safnað er eða skipst er á samkvæmt þessari bókun, skulu einungis notaðar til sönnunar við málsmeðferð skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins og í tengslum við það viðfangsefni sem var tilefni þess að þær voru teknar saman.

3. Ef þær upplýsingar, sem um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr., varða mál sem er hafið á grundvelli umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta er þeirri eftirlitsstofnun, sem tekur við upplýsingunum, ekki heimilt að nota þær til að hefja athugun á eigin vegum. Þetta

er með fyrirvara um heimildir eftirlitsstofnunarinnar til að hefja athugun á grundvelli upplýsinga frá öðrum.

4. Upplýsingar, sem umsækjandi um niðurfellingu eða lækkun sekta veitir sjálfviljugur, skulu einungis sendar hinni eftirlitsstofnuninni með samþykki umsækjanda, sbr. þó 5. mgr. Á sama hátt skulu aðrar upplýsingar, sem hafa fengist við eða eftir athugun eða aðra gagnaöflun sem í engu tilviki hefði getað farið fram nema á grundvelli umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta, því aðeins sendar hinni eftirlitsstofnuninni að umsækjandi hafi samþykkt sendingu upplýsinga, sem hann hefur sjálfviljugur veitt í umsókn sinni um niðurfellingu eða lækkun sekta, til þeirrar stofnunar. Eftir að umsækjandi um niðurfellingu eða lækkun sekta hefur gefið samþykki sitt fyrir sendingu upplýsinga til hinnar eftirlitsstofnunarinnar getur hann ekki dregið það til baka. Þessi málsgrein er þó með fyrirvara um þá ábyrgð sem hvílir á sérhverjum umsækjanda að senda umsókn sína um niðurfellingu eða lækkun sekta hverri þeirri stofnun sem hann telur viðeigandi.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. er samþykkis umsækjanda fyrir sendingu upplýsinga til hinnar eftirlitsstofnunarinnar ekki krafist við eftirfarandi aðstæður:

   a) Samþykkis er ekki krafist ef eftirlitsstofnunin, sem fær upplýsingarnar, hefur fengið sams konar umsókn um niðurfellingu eða lækkun sekta fyrir sama brot frá sama umsækjanda og lögð var inn hjá eftirlitsstofnuninni, sem sendir upplýsingarnar, að því tilskildu að umsækjandinn geti ekki dregið til baka upplýsingarnar, sem hann hefur gefið eftirlitsstofnuninni, sem fær upplýsingarnar, á þeim tíma sem þær eru sendar.

   b) Samþykkis er ekki krafist ef eftirlitsstofnun, sem fær upplýsingarnar, hefur gefið út skriflega skuldbindingu um að upplýsingar, sem hún hefur fengið sendar og aðrar upplýsingar sem hún kann að fá eftir sendingartíma, sem er skráður hjá eftirlitsstofnuninni sem sendir upplýsingarnar, verði hvorki notaðar af henni sjálfri né annarri stofnun sem fær þær sendar síðar til að beita viðurlögum gagnvart þeim sem sækir um niðurfellingu eða lækkun sekta eða gagnvart öðrum lögaðila eða einstaklingi sem nýtur hagstæðari meðferðar af hálfu eftirlitsstofnunarinnar, sem sendir upplýsingarnar, á grundvelli umsóknar sem hann leggur fram innan ramma áætlunar stofnunarinnar um niðurfellingu eða lækkun sekta eða gagnvart starfsmanni eða fyrrverandi starfsmanni þess sem sækir um niðurfellingu eða lækkun sekta eða einhverra þeirra sem að framan getur. Afhenda skal umsækjanda eintak af skriflegri skuldbindingu viðtökuyfirvaldsins.

   c) Ekki þarf samþykki fyrir sendingu upplýsinga til eftirlitsstofnunar, sem fékk umsókn um niðurfellingu eða lækkun sekta, eða notkun hennar á þeim upplýsingum hafi samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki tekið þær saman skv. 2. mgr. 8. gr. að beiðni þeirrar eftirlitsstofnunar.

ÞAGNARSKYLDA

10. gr.

1. Framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA skulu við þau störf sem þeim eru falin samkvæmt þessari bókun senda ríkjum á yfirráðasvæðum sínum allar upplýsingar sem þeim berast eða skipst er á samkvæmt þessari bókun.

2. Framkvæmdastjórn EB, Eftirlitsstofnun EFTA, samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum, embættismenn þeirra, opinberir starfsmenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara stofnana, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra stofnana í ríkjunum, skulu ekki veita þær upplýsingar, sem fengnar eru eða skipst er á á grundvelli beitingar þessarar bókunar né heldur þær upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu.

3. Reglur um þagnarskyldu og takmarkaða notkun upplýsinga, sem kveðið er á um í samningnum eða löggjöf samningsaðila, koma ekki í veg fyrir að skipst verði á upplýsingum eins og sett er fram í þessari bókun.

KVARTANIR OG FLUTNINGUR MÁLA

11. gr.

1. Kvartanir má senda til annarrar hvorrar eftirlitsstofnunarinnar. Kvartanir, sem er beint til eftirlitsstofnunar, sem er ekki til þess bær að fjalla um tiltekið mál skv. 56. gr., skal þegar í stað senda þar til bæru eftirlitsstofnuninni.

2. Ef í ljós kemur við undirbúning eða upphaf málsmeðferðar í krafti embættis að hin eftirlitsstofnunin er bær til þess að taka ákvörðun um mál í samræmi við 56. gr. samningsins skal málið sent þar til bæru eftirlitsstofnuninni.

3. Þegar mál hefur verið sent hinni eftirlitsstofnuninni, eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr., má ekki senda það til baka. Ekki má senda mál eftir að

   - skjalfest andmæli hafa verið send hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja,

   - bréf hefur verið sent til þess að gera þeim sem bar fram kvörtunina ljóst að ástæður fyrir málarekstri séu ófullnægjandi,

   - birt hefur verið fyrirætlun um að samþykkja ákvörðun þess efnis að 53. eða 54. gr. eigi ekki við eða birt hefur verið fyrirætlun um að samþykkja ákvörðun um að þær skuldbindingar, sem fyrirtæki hafi boðið, skuli vera bindandi fyrir þau.

TUNGUMÁL

12. gr.

Í kvörtunarmálum eiga einstaklingar og lögaðilar rétt á að nota það opinbera tungumál EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins sem þeir kjósa og að Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB noti það einnig. Hið sama á einnig við á öllum stigum málareksturs, hvort sem hann hefst með kvörtun eða í krafti embættis þar til bærrar eftirlitsstofnunar.“

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1/2003

frá 16. desember 2002

um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans

(Texti sem varðar EES)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Beita skal 81. og 82. gr. sáttmálans á skilvirkan og samræmdan hátt í Bandalaginu til að unnt sé að koma á kerfi sem tryggir að samkeppni á sameiginlega markaðnum raskist ekki. Í reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962, fyrstu reglugerðinni um framkvæmd 81. og 82. gr. ([*]) sáttmálans ([4]), var stefna Bandalagsins í samkeppnismálum mótuð og hefur hún stuðlað að því að samkeppni hefur breiðst út innan Bandalagsins. Í ljósi reynslunnar er þó rétt að í stað þeirrar reglugerðar komi löggjöf sem er ætlað að taka á þeim verkefnum sem fylgja samþættum markaði og stækkun Bandalagsins í framtíðinni.

2) Einkum er nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag á beitingu undanþágunnar frá banni við samkeppnishamlandi samningum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 83. gr. sáttmálans verður í þessu tilliti að hafa annars vegar hliðsjón af þörfinni á að tryggja skilvirkt eftirlit og hins vegar að einfalda stjórnsýsluna eins og kostur er.

3) Miðlæga kerfið, sem var komið á fót með reglugerð nr. 17, getur ekki lengur tryggt að þessi tvö markmið haldist í jafnvægi. Það hamlar því að dómstólar og yfirvöld samkeppnismála í aðildarríkjunum geti beitt samkeppnisreglum Bandalagsins og einnig kemur tilkynningakerfi þess í veg fyrir að framkvæmda-

---

([1]) Stjtíð. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 284.
([2]) Stjtíð. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 305.
([3]) Stjtíð. EB C 155, 29.5.2001, bls. 73.
([*]) Fyrirsögn reglugerðar nr. 17 hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 85. og 86. gr. sáttmálans.
([4]) Stjtíð. EB 13, 21.2.1962, bls. 204/62. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1216/1999 (Stjtíð. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5).

stjórnin geti nýtt fjármagn og mannafla til að koma í veg fyrir alvarlegustu brotin. Enn fremur hefur það í för með sér verulegan kostnað fyrir fyrirtækin.

4) Af þessum sökum er rétt að í stað núverandi kerfis komi undanþágukerfi, sem gildir án frekari lögfestingar, þar sem samkeppnisyfirvöld og dómstólar í aðildarríkjunum hafa vald til að beita, auk 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans sem gilda án frekari lögfestingar á grundvelli dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópubandalaganna, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.

5) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnisreglna Bandalagsins og virða á sama tíma grundvallarréttinn til málsvarnar eru í þessari reglugerð settar reglur um sönnunarbyrði skv. 81. og 82. gr. sáttmálans. Það er aðilans eða yfirvaldsins, sem telur að ákvæði 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans hafi verið brotin, að færa sönnur á það samkvæmt gildandi lagareglum. Það er fyrirtækisins eða samtaka fyrirtækjanna, sem taka til málsvarnar vegna fullyrðingar um brot, að sýna fram á það samkvæmt gildandi lagareglum að skilyrðum fyrir slíkri málsvörn hafi verið fullnægt. Þessi reglugerð hefur hvorki áhrif á innlendar reglur um vægi sannana né þá skyldu samkeppnisyfirvalda og dómstóla í aðildarríkjunum að upplýsa málsatvik, að því tilskildu að þessar reglur og skyldur samrýmist almennum meginreglum réttarreglna Bandalagsins.

6) Til að tryggja skilvirka beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins er rétt að samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum komi enn frekar inn í beitingu þeirra. Í þessu skyni er rétt að þau fái vald til þess að beita lögum Bandalagsins.

7) Innlendir dómstólar hafa veigamiklu hlutverki að gegna við beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins. Þeir vernda borgaraleg réttindi samkvæmt lögum Bandalagsins í deilumálum milli einstaklinga, t.d. dæma bætur til handa þeim sem brotið er á. Innlendir dómstólar koma hér til viðbótar við störf samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum. Því ætti þeim að vera heimilt að beita 81. og 82. gr. sáttmálans að fullu.

8) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnislaga Bandalagsins og eðlilega framkvæmd á því samstarfsfyrirkomulagi, sem lýst er í þessari reglugerð, er nauðsynlegt að skylda samkeppnisyfirvöld og dómstóla í aðildarríkjunum til að beita einnig 81. og 82. gr. sáttmálans þegar þau beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samningum og venjum sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Til að skapa samningum, ákvörðunum samtaka fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sambærileg skilyrði á innri markaðnum er enn fremur nauðsynlegt að ákvarða, skv. e-lið 2. mgr. 83. gr. sáttmálans, hvernig tengslum milli landslaga og samkeppnislaga Bandalagsins skuli háttað. Nauðsynlegt er, í þessu skyni, að kveða á um að beiting innlendra samkeppnislaga gagnvart samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum, í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, megi ekki leiða til þess að bann sé lagt við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum ef slíkt hið sama er ekki bannað samkvæmt samkeppnislögum Bandalagsins. Hugtökin samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir eru sjálfstæð hugtök í samkeppnislögum Bandalagsins sem fjalla um samræmingu á atferli fyrirtækja á markaðnum samkvæmt túlkun dómstóla Bandalagsins. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir aðildarríkin geti samþykkt og beitt á eigin yfirráðasvæði strangari landslögum sem banna eða leggja viðurlög við einhliða framferði fyrirtækja. Í strangari landslögum af þessu tagi geta verið ákvæði sem leggja bann eða viðurlög við misnotkun á fyrirtækjum sem eru efnahagslega háð öðrum. Þessi reglugerð á heldur ekki við um landslög þar sem einstaklingar eru látnir sæta refsiviðurlögum, nema að því marki sem framkvæmd samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum byggist á slíkum viðurlögum.

9) Markmiðið með 81. og 82. gr. sáttmálans er að vernda samkeppni á markaðnum. Þessi reglugerð, sem var samþykkt til framkvæmdar á þessum ákvæðum sáttmálans, kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti á eigin yfirráðasvæði innlendri löggjöf sem verndar aðra lögmæta hagsmuni, að því tilskildu að löggjöfin samrýmist almennum meginreglum og öðrum réttarreglum Bandalagsins. Samkeppnisyfirvöldum og dómstólum í aðildarríkjunum er heimilt að beita slíkri löggjöf á eigin yfirráðasvæði, að því tilskildu að innlend löggjöf af þessu tagi hafi í meginatriðum annað markmið en það að vernda samkeppni á markaðnum. Þar af leiðandi er aðildarríkjunum heimilt, samkvæmt þessari reglugerð, að láta innlenda löggjöf, sem bannar eða setur viðurlög við óheiðarlegum viðskiptaháttum, hvort heldur er einhliða eða með samningum, koma til framkvæmda á yfirráðasvæði sínu. Slík löggjöf hefur tiltekið markmið, óháð því hver raunveruleg eða ætluð áhrif óheiðarlegra viðskiptahátta verða á samkeppni á markaðnum. Þetta á einkum við þegar um er að ræða löggjöf sem bannar fyrirtækjum að setja viðskiptaaðilum sínum

skilyrði eða fá þá, eða gera tilraun til að fá þá, til að samþykkja skilyrði sem teljast óréttmæt, ekki í samræmi við aðstæður eða án mótframlags.

10) Með reglugerðum á borð við 19/65/EBE ([1]), (EBE) nr. 2821/71 ([2]), (EBE) nr. 3976/87 ([3]), (EBE) nr. 1534/91 ([4]) eða (EBE) nr. 479/92 ([5]) er framkvæmdastjórninni fengið vald til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans að því er varðar tiltekna flokka samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða. Á þeim sviðum, sem eru skilgreind í þessum reglugerðum, hefur framkvæmdastjórnin samþykkt og er heimilt að samþykkja áfram svokallaðar hópundanþágureglugerðir þar sem hún lýsir því yfir að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans eigi ekki við um flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða. Ef samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem þessar reglugerðir eiga við um, hafa engu að síður áhrif sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr. sáttmálans skulu framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum hafa vald til að fella ávinning af hópundanþágureglugerðinni niður í einstökum tilvikum.

11) Til að tryggja að ákvæðum sáttmálans sé beitt getur framkvæmdastjórnin fjallað um ákvarðanir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja í því skyni að stöðva brot á 81. og 82. gr. sáttmálans. Ef framkvæmdastjórnin hefur af því lögmæta hagsmuni er henni enn fremur heimilt að samþykkja ákvarðanir þar sem úrskurðað er að brot hafi áður átt sér stað jafnvel þótt það hafi engar sektir í för með sér. Í þessari reglugerð skal að auki skýrt kveðið á um vald það sem dómstóllinn hefur fengið framkvæmdastjórninni til að samþykkja ákvarðanir um tímabundnar ráðstafanir.

12) Í þessari reglugerð skal kveðið skýrt á um vald framkvæmdastjórnarinnar til að beita, í hlutfalli við framið brot, úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi sem nauðsynleg teljast til að stöðva brotið. Ekki skal beita úrræðum til breytingar á skipulagi nema fyrir hendi sé annað jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða ef það úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Breytingar á skipulagi fyrirtækis, eins og það var áður en brotið var framið, teljast því aðeins vera í réttu hlutfalli við brotið að veruleg hætta sé á að skipulag fyrirtækisins leiði af sér langvarandi eða endurtekin brot.

13) Ef fyrirtæki taka á sig skuldbindingar, á meðan málsmeðferð stendur yfir sem leitt getur til þess að samningar eða aðgerðir verði bannaðar, í þeim tilgangi að bregðast við efasemdum framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja ákvarðanir þess efnis að þær skuldbindingar séu bindandi fyrir fyrirtækin. Í ákvörðun um skuldbindingu skal koma fram að ekki sé lengur talinn

---

([1]) Reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.) (Stjtíð. EB 36, 6.3.1965, bls. 533).Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 (Stjtíð. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1).

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.) (Stjtíð. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. sáttmálans) (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([4]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 frá 31. maí 1991 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði vátrygginga (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. sáttmálans) (Stjtíð. EB L 143, 7.6.1991, bls. 1).

([5]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans) (Stjtíð. EB L 55, 29.2.1992, bls. 3). Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

grundvöllur til aðgerða af hálfu framkvæmdastjórnarinnar nema fyrir liggi niðurstaða um að brot hafi verið framið eða það standi enn yfir. Ákvarðanir um skuldbindingar eru með fyrirvara um vald samkeppnisyfirvalda og dómstóla í aðildarríkjunum til að komast að niðurstöðu og úrskurða í málinu. Ákvarðanir um skuldbindingar eiga ekki við þegar framkvæmdastjórnin hyggst beita sektum.

14) Enn fremur gæti, í undantekningartilvikum, verið heppilegt að framkvæmdastjórnin samþykki ef almannahagsmunir í Bandalaginu krefjast þess, yfirlýsingu með skýringum, þar sem fram kemur að bannið í 81. eða 82. gr. sáttmálans eigi ekki við, í því skyni að skýra lagagrundvöllinn og tryggja samræmda beitingu réttarreglnanna alls staðar í Bandalaginu, einkum með tilliti til nýrra samninga eða aðgerða sem ekki hefur verið tekin afstaða til með dómaframkvæmd og stjórnsýsluvenju.

15) Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skulu saman mynda net opinberra yfirvalda sem hafa náið samstarf um að beita samkeppnisreglum Bandalagsins. Í því skyni er nauðsynlegt að ákveða tilhögun á miðlun upplýsinga og samráði. Framkvæmdastjórnin mun mæla fyrir um og endurskoða aðrar aðferðir í samstarfi innan netsins í náinni samvinnu við aðildarríkin.

16) Þrátt fyrir að fyrir liggi innlend ákvæði um hið gagnstæða er aðilum að netinu heimilt að skiptast á upplýsingum, jafnvel trúnaðarupplýsingum, og nota þær sem sönnunargögn. Heimilt er að nota þessar upplýsingar við beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans, svo og við samhliða beitingu innlendra samkeppnislaga, að því tilskildu að síðarnefnda beitingin varði sama mál og leiði ekki til annarrar niðurstöðu. Ef yfirvaldið, sem fær upplýsingar, notar upplýsingar sem skipst er á til að beita fyrirtæki viðurlögum skulu ekki vera aðrar takmarkanir á notkun þeirra upplýsinga en að þær skuli einungis notaðar í sama tilgangi og lá að baki söfnun þeirra þar eð viðurlög á fyrirtæki eru sömu tegundar í öllum kerfum. Líta má svo á að réttur fyrirtækja til málsvarnar í hinum ýmsu kerfum sé nægilega líkur. Á hinn bóginn má vera að viðurlög á einstaklinga séu mjög mismunandi í hinum ýmsu kerfum. Sé þetta raunin er nauðsynlegt að tryggja að einungis sé heimilt að nota upplýsingarnar ef þeim hefur verið safnað á þann hátt að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og gert er ráð fyrir í innlendum lögum landsins sem fær upplýsingar.

17) Ef unnt á að vera að beita samkeppnisreglum með samræmdum hætti og gæta þess jafnframt að framkvæmd innan netsins sé eins góð og kostur er er nauðsynlegt að setja þá reglu að samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum missi sjálfkrafa umboð sitt ef framkvæmdastjórnin hefur eigin málsmeðferð. Ef samkeppnisyfirvöld í aðildarríki vinna þegar að máli en framkvæmdastjórnin vill hefja málsmeðferð skal hún gera það eins fljótt og auðið er. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi innlent yfirvald áður en hún hefur málsmeðferð.

18) Til að tryggja að það yfirvald innan netsins, sem málið stendur næst, fjalli um það skal setja almennt ákvæði þar sem samkeppnisyfirvöldum er heimilað að fresta eða loka máli á þeirri forsendu að annað yfirvald fjalli eða hafi þegar fjallað um það, en markmiðið er að aðeins eitt yfirvald fjalli um hvert mál. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti vísað frá kæru á grundvelli þess að hún eigi þar ekki hagsmuna að gæta, líkt og viðurkennt hefur verið í dómaframkvæmd dómstólsins að henni sé heimilt að gera jafnvel þótt annað samkeppnisyfirvald hyggist ekki fjalla um málið.

19) Ráðgjafarnefndin um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu, sem komið var á fót með reglugerð nr. 17, hefur sinnt hlutverki sínu afar vel. Hún mun falla vel inn í hið nýja kerfi dreifstýrðrar beitingar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að byggja á þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 17 en bæta jafnframt skipulagið. Með þetta að markmiði mætti heimila að álit sé lagt fram með skriflegum hætti. Ráðgjafarnefndin skal enn fremur vera vettvangur umræðna um mál, sem samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum hafa til umfjöllunar, og stuðla þannig enn frekar að samræmdri beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.

20) Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum. Aðildarríkjunum skal heimilt að tilnefna einn viðbótarfulltrúa þegar fjallað er um almenn málefni á fundum. Þetta hefur ekki áhrif á að nefndarmenn geti notið aðstoðar annarra sérfræðinga frá aðildarríkjunum.

21) Til þess að unnt sé að beita samkeppnisreglunum með samræmdum hætti er nauðsynlegt að koma á samstarfi milli dómstóla í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnarinnar. Þetta tekur til allra dómstóla í aðildarríkjunum sem beita 81. og 82. gr. sáttmálans, hvort sem þeir beita þessum reglum í málaferlum milli einkaaðila, við störf sín sem opinberir fullnustuaðilar eða endurskoðunardómstólar. Einkum skulu

innlendir dómstólar hafa tækifæri til að inna framkvæmdastjórnina eftir upplýsingum eða áliti á atriðum sem varða beitingu á samkeppnislögum Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skulu enn fremur hafa tækifæri til að leggja fram skriflegar eða munnlegar athugasemdir fyrir þá dómstóla sem farið er fram á að beiti 81. eða 82. gr. sáttmálans. Þær athugasemdir skulu lagðar fram innan ramma innlendra málsmeðferðarreglna og -venja, þ.m.t. þær sem eru til verndar réttindum aðila. Af þessum sökum skal gera ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum hafi nægar upplýsingar um málsmeðferð fyrir innlendum dómstólum.

22) Til þess að tryggja að farið sé að meginreglunum um réttaröryggi og samræmda beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins í kerfi samhliða lögsögu (system of parallel powers) er nauðsynlegt að forðast að samþykkja þversagnarkenndar ákvarðanir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skýra, í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins, hvaða áhrif ákvarðanir og málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar hafa á dómstóla og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum. Ákvarðanir um skuldbindingar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, hafa ekki áhrif á vald dómstólanna og samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans.

23) Framkvæmdastjórnin skal hvarvetna í Bandalaginu hafa vald til að fara fram á upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að grafast fyrir um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir, sem eru bannaðar skv. 81. gr. sáttmálans, eða misnotkun á yfirburðastöðu sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans. Þegar fyrirtæki hlíta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er ekki hægt að skylda þau til að viðurkenna að brot hafi verið framið en þó er þeim skylt að svara spurningum um staðreyndir og leggja fram skjöl jafnvel þótt þær upplýsingar megi nota til sönnunar á broti þeirra sjálfra eða annarra fyrirtækja.

24) Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að láta gera athuganir sem nauðsynlegar teljast til að grafast fyrir um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem eru bannaðar skv. 81. gr. sáttmálans eða misnotkun á yfirburðastöðu sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans. Samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa náið samstarf við framkvæmdastjórnina um beitingu þessa valds.

25) Sífellt erfiðara verður að greina brot á samkeppnisreglum og er nauðsynlegt að veita framkvæmdastjórninni aukið vald til rannsókna í því skyni að veita samkeppni raunverulega vernd. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi vald til að ræða við hvern þann sem gæti búið yfir gagnlegum upplýsingum og skrá framburð hans. Við athugun skulu embættismenn með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til innsiglunar svo lengi sem þurfa þykir vegna athugunarinnar. Alla jafna skal ekki innsiglað lengur en í 72 klukkustundir. Enn fremur skulu embættismenn með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til að óska eftir upplýsingum um efni og tilgang athugunarinnar.

26) Reynslan sýnir að í sumum tilvikum eru viðskiptagögn geymd á heimilum stjórnenda eða annarra starfsmanna fyrirtækis. Af þessum sökum og til þess að athuganir skili árangri skulu embættismenn og aðrir með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til að fara inn á hvert það athafnasvæði þar sem viðskiptagögn gætu fundist, þ.m.t. inn á einkaheimili. Þó er beiting síðastnefnda valdsins háð því að fyrir liggi heimild dómsmálayfirvalda.

27) Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstólsins er rétt að tiltaka hversu langt eftirlit innlendra dómsmálayfirvalda megi ganga þegar þau heimila, eins og mælt er fyrir um í landslögum, einnig sem varúðarráðstöfun, aðstoð löggæsluyfirvalda við að brjóta á bak aftur hugsanlega andstöðu fyrirtækis eða við að framfylgja ákvörðun um athugun sem fram fer í húsnæði, öðru en atvinnuhúsnæði. Samkvæmt dómaframkvæmd er innlendum dómsmálayfirvöldum heimilt að biðja framkvæmdastjórnina um nánari upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirliti sínu en án þeirra gætu þau synjað um heimildina. Í dómaframkvæmd er enn fremur staðfest vald innlendra dómstóla til að stjórna beitingu innlendra reglna um framkvæmd þvingunarráðstafana.

28) Gera skal samkeppnisyfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að leita aðstoðar annarra samkeppnisyfirvalda við framkvæmd athugana og aðra gagnöflun í því skyni að auka möguleika þeirra á að beita 81. og 82. gr. sáttmálans með skilvirkum hætti.

29) Fara skal að 81. og 82. gr. sáttmálans og uppfylla skuldbindingar, sem fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja ber að efna samkvæmt þessari reglugerð, að viðlögðum sektum og févítum. Enn fremur skal mæla fyrir um hæfilegar sektir við broti á málsmeðferðarreglunum.

30) Til að tryggja fullnaðargreiðslu sekta, sem eru lagðar á samtök fyrirtækja fyrir brot þeirra, er nauðsynlegt að mæla fyrir um með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórninni er heimilt að krefjast greiðslu frá aðilum samtakanna ef þau eru ekki gjaldhæf. Framkvæmdastjórnin skal, ef til þessa kemur, taka tillit til hlutfallslegrar stærðar þeirra fyrirtækja sem eru í samtökunum og þá einkum til aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sektargreiðsla eins eða fleiri aðila að samtökum hefur engin áhrif á reglur í landslögum sem kveða á um endurheimt fjárhæðarinnar frá öðrum aðilum að samtökunum.

31) Mælt er fyrir um reglur um fyrningarfresti að því er varðar sektir og févíti í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 ([1]) sem fjallar einnig um viðurlög á sviði flutningastarfsemi. Í kerfi samhliða lögsögu skulu í réttarreglum, sem leitt geta til rofs á fyrningarfresti, vera ráðstafanir tengdar málsmeðferð sem samkeppnisyfirvöld í aðildarríki gera sjálfstætt. Til að skýra lagarammann er því rétt að reglugerð (EBE) nr. 2988/74 verði breytt þannig að ekki verði unnt að beita henni í málum sem falla undir þessa reglugerð og í þessari reglugerð skulu vera ákvæði um fyrningarfresti.

32) Hlutaðeigandi fyrirtæki skulu því öðlast rétt til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni. Þriðju aðilar, sem hafa hagsmuna að gæta sem ákvörðunin gæti haft áhrif á, skulu fá tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar fyrir fram og skulu ákvarðanirnar birtar sem víðast. Jafnframt því að tryggja rétt hlutaðeigandi fyrirtækja til málsvarnar, og þá einkum rétt til aðgangs að málsskjölum, er grundvallaratriði að virða viðskiptaleynd. Með sama hætti skal gæta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem skipst er á um netið.

33) Þar sem dómstólnum er heimilt, í samræmi við sáttmálann, að endurskoða allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari reglugerð er rétt að hann fái, í samræmi við 229. gr., ótakmarkaða lögsögu að því er varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um álagningu sekta eða févíta.

34) Í meginreglunum, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans, eins og þeim er beitt samkvæmt reglugerð nr. 17, er stofnunum framkvæmdastjórnarinnar fengið forystuhlutverk. Rétt er að það haldist óbreytt en aðildarríkjunum þó á sama tíma fengið veigameira hlutverk við beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins. Í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði sem er skilvirkari beiting samkeppnisreglna Bandalagsins.

35) Til þess að samkeppnislög Bandalagsins komi til framkvæmda með fullnægjandi hætti skulu aðildarríkin tilnefna yfirvöld og fá þeim vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans sem opinberir fullnustuaðilar. Þeim skal gert kleift að tilnefna jafnt stjórnsýsluyfirvöld sem dómsmálayfirvöld til þess að gegna margvíslegum störfum sem samkeppnisyfirvöldum er ætlað að hafa með höndum með þessari reglugerð. Í þessari reglugerð er tekið tillit til þess hve mismunandi opinber fullnustukerfi aðildarríkjanna eru. Ákvæði 6. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar skulu ná til allra samkeppnisyfirvalda. Undantekningin frá þessari almennu reglu er að 6. mgr. 11. gr. gildir um saksóknara sem sækir mál fyrir sérstöku og aðskildu dómsmálayfirvaldi með fyrirvara um skilyrði 4. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt gildir almenna reglan. Ákvæði 6. mgr. 11. gr. gilda aldrei um dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar.

36) Af dómaframkvæmd er ljóst að samkeppnisreglur gilda um flutninga og því fellur sá geiri undir málsmeðferðarákvæði þessarar reglugerðar. Af þessum sökum er rétt að fella úr gildi reglugerð ráðsins nr. 141 frá 26. nóvember 1962 um að undanþiggja flutninga frá beitingu reglugerðar ráðsins nr. 17 ([2]) og

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrningarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni (Stjtíð. EB L 319, 29.11.1974, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB 124, 28.11.1962, bls. 2751/62. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð nr. 1002/67/EBE (Stjtíð. EB 306, 16.12.1967, bls. 1).

breyta reglugerðum (EBE) nr. 1017/68 ([1]), (EBE) nr. 4056/86 ([2]) og (EBE) nr. 3975/87 ([3]) í því skyni að fella niður sérstök málsmeðferðarákvæði sem í þeim eru.

37) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru m.a. viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.

38) Réttaröryggi fyrirtækja, sem starfa samkvæmt samkeppnisreglum Bandalagsins, stuðlar að nýjungum og fjárfestingum. Komi upp verulega óvissa vegna þess að beiting þessara reglna vekur nýjar spurningar sem engin svör fást við er einstökum fyrirtækjum heimilt að óska eftir óformlegri leiðsögn framkvæmdastjórnarinnar. Reglugerð þessi er með fyrirvara um getu framkvæmdastjórnarinnar til að gefa út óformlegar leiðbeiningar af þessu tagi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR

1. gr.

Beiting 81. og 82. gr. sáttmálans

1. Lagt er bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans og uppfylla ekki skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.

2. Ekki er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans og uppfylla skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.

3. Lagt er bann við misnotkun á yfirburðastöðu, sem um getur í 82. gr. sáttmálans, án sérstakrar ákvörðunar um það.

2. gr.

Sönnunarbyrði

Við málsmeðferð á innlendum vettvangi eða á vettvangi Bandalagsins til beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans skal sönnunarbyrði vegna brots á 1. mgr. 81. gr. eða 82. gr. sáttmálans hvíla á þeim aðila eða því yfirvaldi sem telur að brot hafi átt sér stað. Sönnunarbyrði um að skilyrðum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans hafi verið fullnægt hvílir á því fyrirtæki eða þeim samtökum fyrirtækja sem hafa ávinning af þeirri málsgrein.

3. gr.

Tengsl milli 81. og 82. gr. sáttmálans og innlendra samkeppnislaga

1. Ef samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna í skilningi þess ákvæðis, skulu þau einnig beita 81. gr. sáttmálans að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir. Ef samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna misnotkunar, sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans, skulu þau einnig beita 82. gr. sáttmálans.

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 175, 23.7.1968, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 um beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 85. og 86. gr. sáttmálans.) (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 (Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 18).

2. Beiting innlendra samkeppnislaga má ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, en hamla ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, eða uppfylla skilyrði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans eða falla undir reglugerð um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir aðildarríkin geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu strangari landslögum sem banna eða beita viðurlögum við einhliða athæfi fyrirtækja.

2. Ekki er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og uppfylla skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.

3. Lagt er bann við misnotkun á yfirburðastöðu, sem um getur í 54. gr. EES-samningsins, án sérstakrar ákvörðunar um það.

2. gr.

Sönnunarbyrði

Við málsmeðferð á innlendum vettvangi eða á vettvangi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) til beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins skal sönnunarbyrði vegna brots á 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins hvíla á þeim aðila eða því yfirvaldi sem telur að brot hafi átt sér stað. Sönnunarbyrði um að skilyrðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafi verið fullnægt hvílir á því fyrirtæki eða þeim samtökum fyrirtækja sem hafa ávinning af þeirri málsgrein.

3. gr.

Tengsl milli 53. og 54. gr. EES-samningsins og innlendra samkeppnislaga

1. Ef samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum í skilningi þess ákvæðis, skulu þau einnig beita 53. gr. EES-samningsins að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir. Ef samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna misnotkunar, sem er bönnuð skv. 54. gr. EES-samningsins, skulu þau einnig beita 54. gr. EES-samningsins.

2. Beiting innlendra samkeppnislaga má ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, en hamla ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, eða uppfylla skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða falla undir réttarreglu um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Þessi réttarregla kemur ekki í veg fyrir EFTA-ríkin geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu strangari landslögum sem banna eða beita viðurlögum við einhliða athæfi fyrirtækja.

3. Með fyrirvara um almennar meginreglur og önnur ákvæði EES-laga gilda 1. og 2. mgr. hvorki þegar samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum beita innlendum lögum um samrunaeftirlit né heldur koma þær í veg fyrir beitingu ákvæða landslaga þar sem í meginatriðum eru ríkjandi önnur markmið en þau sem er að finna í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

II. ÞÁTTUR

VALDSVIÐ

4. gr.

Valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA

Að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins skal valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA vera eins og kveðið er á um í þessum kafla.

5. gr.

Valdsvið samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum

Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins í einstökum tilvikum. Þau geta tekið eftirfarandi ákvarðanir í þessu skyni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar:

— krafist þess að látið verði af broti,

— gefið fyrirmæli um tímabundnar ráðstafanir,

— samþykkt skuldbindingar,

— lagt á sektir og févíti eða beitt hverjum þeim viðurlögum öðrum sem kveðið er á um í landslögum þeirra.

Þeim er enn fremur heimilt að ákveða að ekki sé ástæða til aðgerða af þeirra hálfu ef skilyrðum fyrir banni er ekki fullnægt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

6. gr.

Valdsvið innlendra dómstóla

Innlendir dómstólar hafa vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins.

III. ÞÁTTUR

ÁKVARÐANIR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

7. gr.

Að uppgötva og stöðva brot

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli kvörtunar eða að eigin frumkvæði, að brotið hafi verið gegn 53. eða 54. gr. EES-samningsins er henni heimilt að taka ákvörðun um að krefjast þess að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti af brotinu. Í þessu skyni er henni heimilt að beita úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Heimilt er að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur af því lögmæta hagsmuni er henni enn fremur heimilt að sýna fram á að brot hafi átt sér stað áður.

2. Einstaklingum eða lögaðilum, sem geta sýnt fram á lögmæta hagsmuni, og EFTA-ríkjunum er heimilt að leggja fram kæru varðandi 1. mgr.

8. gr.

Tímabundnar ráðstafanir

1. Þegar skjótra aðgerða er þörf vegna hættu á að samkeppni verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að taka ákvörðun, að eigin frumkvæði og á grundvelli þess sem virðist við fyrstu sýn vera uppgötvun brots, um að grípa til tímabundinna ráðstafana.

2. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir um tiltekinn tíma og hana má endurnýja ef slíkt er talið nauðsynlegt og viðeigandi.

9. gr.

Skuldbindingar

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hyggst samþykkja ákvörðun um að brot skuli stöðvað og að hlutaðeigandi fyrirtæki taki á sig skuldbindingar til þess að draga úr þeim áhyggjum sem hún hefur látið í ljós í bráðabirgðamati sínu er henni heimilt að taka ákvörðun um að skylda fyrirtækin til að standa við þær skuldbindingar. Heimilt er að samþykkja slíka ákvörðun til tiltekins tíma og í henni skal koma fram að ekki sé lengur ástæða til aðgerða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, að hefja málsmeðferð að nýju:

a) ef verulegar breytingar hafa orðið á þeim málsatvikum sem liggja til grundvallar ákvörðuninni,

b) ef hlutaðeigandi fyrirtæki efna ekki skuldbindingar sínar, eða

c) ef ákvörðunin er byggð á ófullnægjandi, röngum eða villandi upplýsingum sem aðilarnir hafa látið í té.

10. gr.

Beiting á ekki við

Ef þess er krafist vegna almannahagsmuna samkvæmt EES-samningnum, að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins, er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að komast að þeirri niðurstöðu, með ákvörðun að eigin frumkvæði, að 53. gr. EES-samningsins gildi ekki um samning, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir annaðhvort vegna þess að skilyrði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafa ekki verið uppfyllt eða vegna þess að skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafa verið uppfyllt.

Eftirlitsstofnun EFTA getur á sama hátt komist að þessari niðurstöðu með vísun til 54. gr. EES-samningsins.

IV. ÞÁTTUR

SAMSTARF

11. gr.

Samstarf Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu hafa með sér náið samstarf um beitingu samkeppnisreglna EES.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur safnað saman vegna beitingar 7., 8., 9., 10. og 29. gr. (1. mgr.). Eftirlitsstofnun EFTA skal, að fenginni beiðni frá samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríki, leggja fram afrit af fyrirliggjandi skjölum sem nauðsynleg teljast til að unnt sé að leggja mat á málið.

3. Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu, á grundvelli 53. eða 54. gr. EES-samningsins, senda Eftirlitsstofnun EFTA skriflega tilkynningu fyrir fram eða strax og gerðar eru ráðstafanir til að hefja formlega rannsókn. Einnig má veita samkeppnisyfirvöldum í hinum EFTA-ríkjunum þessar upplýsingar.

4. Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um samþykkt ákvörðunar um að brot skuli stöðvað, skuldbindingar samþykktar eða fallið frá veitingu hópundanþágu með minnst 30 daga fyrirvara. Í þessu skyni skulu þau láta Eftirlitsstofnun EFTA í té samantekt yfir málið, fyrirhugaða ákvörðun eða, liggi hún ekki fyrir, sérhvert annað skjal sem felur í sér tillögur um aðgerðir. Einnig má veita samkeppnisyfirvöldum í hinum EFTA-ríkjunum þessar upplýsingar. Hlutaðeigandi samkeppnisyfirvöld skulu, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, láta henni í té önnur skjöl sem þau hafa undir höndum og telja má nauðsynleg til að meta málið. Heimilt er að veita samkeppnisyfirvöldum í hinum EFTA-ríkjunum þær upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA eru látnar í té. Innlendum samkeppnisyfirvöldum er einnig heimilt að skiptast á upplýsingum sem telja má nauðsynlegar til að meta mál sem þau fjalla um skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins.

5. Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum er heimilt að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA vegna sérhvers máls sem felur í sér beitingu EES-laga.

6. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur málsmeðferð til samþykktar á ákvörðun skv. III. þætti hafa samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum ekki lengur vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins. Ef samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki vinna þegar að máli skal Eftirlitsstofnun EFTA því aðeins hefja málsmeðferð að haft sé samráð við innlend samkeppnisyfirvöld.

7. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum upplýsingar sem hún fær frá framkvæmdastjórn EB skv. 2. gr., 3. gr. (fyrsta undirlið 1. mgr.), 4. gr., 7. gr., 8. gr. (1. mgr.) og 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að veita upplýsingar samkvæmt bókun 23 við EES-samninginn.

11. gr. a

Upplýsingar, sem leitt geta til niðurfellingar eða lækkunar sekta, fengnar samkvæmt bókun 23 við EES-samninginn

1. Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum er óheimilt að nota upplýsingar, sem um getur í 7. mgr. 11. gr., sem ástæðu til að hefja eigin rannsókn í málum þar sem Eftirlitsstofnun EFTA fékk þessar upplýsingar frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 1. eða 2. mgr. 2. gr. í bókun 23 við EES-samninginn og þær varða mál sem var tekið til meðferðar í kjölfar umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta. Þetta er með fyrirvara um heimildir samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum til að hefja rannsókn á grundvelli upplýsinga frá öðrum.

2. Þær takmarkanir og þau skilyrði, sem greint er frá í 4. og 5. mgr. 9. gr. í bókun 23 við EES-samninginn, skulu gilda að breyttu breytanda milli Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum um framsendingu upplýsinga í samræmi við 7. mgr. 11. gr.

11. gr. b

Upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum sem leitt geta til niðurfellingar eða lækkunar sekta

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki fjalla um mál, sem er tekið til meðferðar í kjölfar umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta, skulu upplýsingar, sem eru veittar hinum yfirvöldunum skv. 1.–6. mgr. 11. gr. í slíkum málum, ekki notaðar af þeim yfirvöldum sem ástæða til að hefja eigin rannsókn, hvort heldur er samkvæmt samkeppnisreglum EES-samningins eða, ef um er að ræða samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum, samkvæmt innlendum samkeppnislögum eða öðrum lögum. Þetta er með fyrirvara um heimildir yfirvaldsins til að hefja rannsókn á grundvelli upplýsinga frá öðrum eða, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. hér á eftir, að óska eftir, taka við og nota upplýsingar skv. 12. gr. frá einhverju hinna yfirvaldanna, að meðtöldu yfirvaldinu sem tók við umsókninni um niðurfellingu eða lækkun sekta.

2. Upplýsingar, sem umsækjandi um niðurfellingu eða lækkun sekta veitir sjálfviljugur, skulu einungis sendar öðru yfirvaldi skv. 12. gr. með samþykki umsækjanda, sbr. þó 3. mgr. Á sama hátt skulu aðrar upplýsingar, sem hafa fengist við eða eftir athugun eða aðra gagnaöflun sem í engu tilviki hefði getað farið fram nema á grundvelli umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta, því aðeins sendar öðru yfirvaldi skv. 12. gr. að umsækjandi hafi samþykkt sendingu upplýsinga, sem hann hefur sjálfviljugur veitt í umsókn sinni um niðurfellingu eða lækkun sekta, til þess yfirvalds. Eftir að umsækjandi um niðurfellingu eða lækkun sekta hefur gefið samþykki sitt fyrir sendingu upplýsinga til annars yfirvalds getur hann ekki dregið það til baka. Þessi málsgrein er þó með fyrirvara um þá ábyrgð sem hvílir á sérhverjum umsækjanda að senda umsókn sína um niðurfellingu eða lækkun sekta hverri þeirri stofnun sem hann telur viðeigandi.

3. Þrátt fyrir það sem að framan greinir er við eftirfarandi aðstæður ekki krafist samþykkis umsækjanda fyrir sendingu upplýsinga til annars yfirvalds skv. 12. gr.:

a) Samþykkis er ekki krafist ef yfirvaldið, sem veitir upplýsingunum viðtöku, fær einnig umsókn um niðurfellingu eða lækkun sektar fyrir sama brot frá sama umsækjanda og send var yfirvaldinu, sem sendir upplýsingarnar, að því tilskildu að umsækjandi hafi ekki möguleika á að draga upplýsingar, sem hann hefur veitt viðtökuyfirvaldinu, til baka þegar þær eru sendar.

b) Samþykkis er ekki krafist ef viðtökuyfirvaldið hefur gefið út skriflega skuldbindingu um að upplýsingar, sem það hefur fengið sendar og aðrar upplýsingar sem það kann að fá eftir sendingartímann, sem skráður er hjá sendingaryfirvaldinu, verði hvorki notaðar af því sjálfu né öðru yfirvaldi sem fær þær sendar síðar til að beita viðurlögum:

i) gagnvart þeim sem sækir um niðurfellingu eða lækkun sekta,

ii) gagnvart öðrum lögaðila eða einstaklingi sem nýtur hagstæðari meðferðar af hálfu sendingaryfirvaldsins á grundvelli umsóknar sinnar sem hann leggur fram innan ramma áætlunar yfirvaldsins um niðurfellingu eða lækkun sekta, eða

iii) gagnvart starfsmanni eða fyrrverandi starfsmanni einhverra þeirra sem getið er í i- eða ii-lið.

Afhenda skal umsækjanda eintak af skriflegri skuldbindingu viðtökuyfirvaldsins.

c) Ekki þarf samþykki fyrir sendingu upplýsinga til yfirvalds, sem fékk umsókn um niðurfellingu eða lækkun sekta, eða notkun þess á þeim upplýsingum, hafi samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki tekið þær saman skv. 1. mgr. 22. gr. fyrir hönd og á kostnað þess yfirvalds.

12. gr.

Upplýsingaskipti

1. Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu hafa það vald, til beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins, að veita hvert öðru og nota til sönnunar hvers konar upplýsingar um staðreyndir og lagaatriði, þ.m.t. trúnaðarupplýsingar.

2. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar til sönnunar við beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins og í tengslum við það viðfangsefni sem var tilefni þess að þær voru teknar saman hjá yfirvaldinu sem sendir upplýsingarnar. Ef innlendum samkeppnislögum er hins vegar beitt í sama máli og samhliða samkeppnislögum EES og það leiðir ekki til annarrar niðurstöðu er einnig heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á samkvæmt þessari grein, við beitingu innlendra samkeppnislaga.

3. Einungis er heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á skv. 1. mgr., til sönnunar þegar beita á einstaklinga viðurlögum ef:

— mælt er fyrir um svipuð viðurlög í lögum yfirvaldsins, sem sendir upplýsingarnar, í tengslum við brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins eða, ef slíkt er ekki fyrir hendi,

— upplýsingunum hefur verið safnað á þann hátt að gert sé ráð fyrir að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og kveðið er á um í lögum landsins sem tekur við upplýsingunum. Í þessu tilviki er yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum, þó ekki heimilt að nota þær upplýsingar, sem skipst er á, til að beita viðurlögum til frjálsræðissviptingar.

13. gr.

Málsmeðferð frestað eða hætt

1. Ef samkeppnisyfirvöld í tveimur EFTA-ríkjum eða fleiri taka við kvörtun eða fara fram að eigin frumkvæði skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins gegn sama samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð skal sú staðreynd að eitt yfirvald fjalli um málið nægja öðrum til þess að fresta málsmeðferð eða vísa kvörtun frá. Eftirlitsstofnun EFTA getur með sama hætti vísað kvörtun frá á þeirri forsendu að samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki fjalli um málið.

2. Ef samkeppnisyfirvald í EFTA-ríki eða Eftirlitsstofnun EFTA fær senda kvörtun gegn samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð, sem annað samkeppnisyfirvald hefur þegar fjallað um, er því heimilt að vísa henni frá.

14. gr.

Ráðgjafarnefnd

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samráð við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu áður en hún tekur ákvörðun skv. 7., 8., 9., 10. og 23. gr., 24. gr. (2. mgr.) og 29. gr. (1. mgr.).

2. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum við umfjöllun einstakra mála. Heimilt er að tilnefna viðbótarfulltrúa EFTA-ríkis, sem er til þess bært að fjalla um samkeppnismál, þegar fjallað er um annað á fundum en einstök mál. Í stað fulltrúa, sem geta ekki sótt fundi, geta komið aðrir fulltrúar.

Framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum ráðgjafarnefndarinnar og láta álit sitt í ljós. Fulltrúar þeirra hafa þó ekki atkvæðisrétt.

3. Samráð getur farið fram á boðuðum fundi undir formennsku Eftirlitsstofnunar EFTA og skal hann haldinn í fyrsta lagi 14 dögum eftir að fundarboð er sent ásamt samantekt um málið, upplýsingum um mikilvægustu skjölin og drögum að ákvörðun. Að því er tekur til ákvarðana skv. 8. gr. er heimilt að halda fundinn sjö dögum eftir að framkvæmdarhluti draga að ákvörðun hefur verið sendur. Ef Eftirlitsstofnun EFTA sendir fundarboð, sem tilgreinir skemmri fyrirvara en að framan greinir, má halda fundinn á þeim degi sem lagður er til ef ekkert EFTA-ríki hreyfir mótmælum við því. Ráðgjafarnefndin skal leggja fram skriflegt álit á drögum Eftirlitsstofnunar EFTA að ákvörðun. Henni er heimilt að skila áliti jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Rökstyðja skal þá afstöðu sem fram kemur í álitinu fari einn eða fleiri nefndarmanna fram á það.

4. Samráð getur einnig farið fram skriflega. Eftirlitsstofnun EFTA skal þó boða til fundar ef EFTA-ríki eða framkvæmdastjórn EB óskar eftir því. Við skriflega málsmeðferð skal Eftirlitsstofnun EFTA ákvarða eigi skemmri frest en 14 daga til handa EFTA-ríkjunum til að leggja fram athugasemdir til dreifingar til hinna EFTA-ríkjanna. Ef um er að ræða ákvarðanir sem taka skal skv. 8. gr. styttist fresturinn úr 14 dögum í sjö daga. Ef Eftirlitsstofnun EFTA ákvarðar skemmri frest vegna skriflegrar málsmeðferðar en að framan greinir skal sá frestur, sem lagður er til, gilda ef ekkert EFTA-ríkjanna hreyfir andmælum.

5. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ítrasta tillit til álits ráðgjafarnefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

6. Ef ráðgjafarnefndin skilar skriflegu áliti skal það látið fylgja drögum að ákvörðun. Ef ráðgjafarnefndin mælir með því að álitið verði birt skal Eftirlitsstofnun EFTA annast birtinguna og taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

7. Eftirlitsstofnun EFTA skal, að beiðni samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríki, setja á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar mál sem samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki hafa til umfjöllunar skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að gera slíkt að eigin frumkvæði. Í báðum tilvikum skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna hlutaðeigandi samkeppnisyfirvöldum um það.

Einkum geta samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki lagt fram beiðni varðandi mál sem Eftirlitsstofnun EFTA telur gefa tilefni til málsmeðferðar á grundvelli 6. mgr. 11. gr.

Ráðgjafarnefndin skal ekki segja álit sitt á málum sem eru til umfjöllunar hjá samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum. Ráðgjafarnefndinni er einnig heimilt að fjalla um almenn atriði samkeppnislaga EES.

8. Framkvæmdastjórn EB skal, með hliðsjón af þeirri þátttöku sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr., fá boð um að taka þátt í samráði í samræmi við 3. og 4. mgr. og fá viðeigandi upplýsingar eins og kveðið er á um í 6. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

15. gr.

Samstarf við innlenda dómstóla

1. Í málsmeðferð til beitingar á 53. eða 54. gr. EES-samningsins er dómstólum í EFTA-ríkjunum heimilt að óska eftir því að Eftirlitsstofnun EFTA sendi þeim þær upplýsingar, sem hún hefur undir höndum, eða álit sitt á þeim álitaefnum sem varða beitingu samkeppnisreglna EES.

2. EFTA-ríkin skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA afrit af sérhverjum skriflegum úrskurði innlendra dómstóla um beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Senda skal slíkt afrit án tafar eftir að aðilar hafa fengið tilkynningu um skriflegan úrskurð í heild sinni.

3. Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum er heimilt leggja fram skriflegar athugasemdir, að eigin frumkvæði, fyrir innlenda dómstóla í eigin ríki um málefni sem varða beitingu 53.

eða 54. gr. EES-samningsins. Þeim er enn fremur heimilt, með leyfi hlutaðeigandi dómstóls, að gera athugasemdir munnlega fyrir innlendum dómstólum í eigin ríki. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leggja, að eigin frumkvæði, skriflegar athugasemdir fyrir dómstóla í EFTA-ríkjunum, ef nauðsyn krefur, varðandi samræmda beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Henni er enn fremur heimilt að gera athugasemdir munnlega með leyfi hlutaðeigandi dómstóls.

Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, þó aðeins til undirbúnings athugasemda sinna, að fara fram á það við viðeigandi dómstól í EFTA-ríki að hann sendi þeim eða tryggi sendingu þeirra skjala sem teljast nauðsynleg til að meta málið.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á víðtækari valdheimildir til handa samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum samkvæmt lögum viðkomandi EFTA-ríkis til að skila athugasemdum til dómstóla.

16. gr.

Samræmd beiting samkeppnislaga EES

1. Þegar innlendir dómstólar fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt. Þeir skulu enn fremur forðast að taka ákvarðanir sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka við málsmeðferð sem hafin er. Innlendum dómstóli er, í þessu skyni, heimilt að meta hvort ástæða sé til að fresta málsmeðferð dómstólsins. Þessi skylda hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur skv. 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

2. Þegar samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

V. ÞÁTTUR

VALD TIL RANNSÓKNA

17. gr.

Rannsóknir á einstökum atvinnugreinum og á tegundum samninga

1. Gefi þróun viðskipta milli aðila að EES-samningnum, ósveigjanleiki í verðmyndun eða aðrar aðstæður ástæðu til að ætla að samkeppni á því svæði, sem EES-samningurinn tekur til, hafi verið takmörkuð eða henni raskað getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að gera athugun á tiltekinni atvinnugrein eða tilteknum tegundum samninga í ýmsum atvinnugreinum. Meðan á þeirri athugun stendur er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að

framfylgja 53. og 54. gr. EES-samningsins og getur hún látið gera nauðsynlegar athuganir í því skyni.

Eftirlitsstofnun EFTA er m.a. heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni upplýsingar um alla samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að birta skýrslu um niðurstöður athugana sinna á tilteknum atvinnugreinum og bjóða þeim sem hagsmuna eiga að gæta að skila inn athugasemdum.

2. Ákvæði 14., 18., 19., 20., 22., 23. og 24. gr. gilda að breyttu breytanda.

18. gr.

Beiðni um upplýsingar

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, með einfaldri beiðni eða ákvörðun, að leita allra nauðsynlegra upplýsinga hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin skv. 55. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA sendir einfalda beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafresti þeirra og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.

3. Ef Eftirlitsstofnun EFTA fer fram á það, með ákvörðun, að fyrirtæki og samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem að liggur baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafrest þeirra. Hún skal einnig tilgreina þau viðurlög sem kveðið er á um í 23. gr. og gefa til kynna eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 24. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögaðila er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, einstaklingum, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Lögfræðingum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar sé hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda afrit af hinni einföldu beiðni eða ákvörðun til samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkinu, þar sem fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur, og til samkeppnisyfirvalda í því EFTA-ríki sem þetta hefur áhrif á.

6. Ríkisstjórnir og samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessum kafla.

19. gr.

Heimild til skýrslutöku

1. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessum kafla er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögaðila sem samþykkja slík viðtöl vegna söfnunar upplýsinga er varða viðfangsefni rannsóknar.

2. Fari viðtal skv. 1. mgr. fram á athafnasvæði fyrirtækis skal Eftirlitsstofnun EFTA upplýsa samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu, þar sem viðtalið fer fram, um það. Fari samkeppnisyfirvöld í því EFTA-ríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA til að sjá um slíkt viðtal, til aðstoðar.

20. gr.

Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athuganir

1. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessum kafla er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa vald til:

a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land eða inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,

b) að rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,

c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,

d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,

e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita valdi sínu þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 23. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkinu, þar sem athugunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

Eftirlitsstofnun EFTA skal útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem munu taka þátt í rannsókninni í samræmi við 3. mgr. 8. gr. bókunar 23 við EES-samninginn, heimild eins og um getur í fyrstu undirgrein.

4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. og 24. gr., og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir með umboð frá eða tilnefndir af samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkinu, þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða Eftirlitsstofnunar EFTA, aðstoða embættismenn og fyldarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, með virkum hætti. Í þessu skyni skulu þeir hafa það vald sem tilgreint er í 2. mgr.

6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun sem farið er fram á samkvæmt þessari grein skal hlutaðeigandi EFTA-ríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt framkvæmdarvald til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.

7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.

8. Ef sótt er um þá heimild sem um getur í 7. mgr. skulu innlend dómsmálayfirvöld hafa eftirlit með því að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt, þegar þau sinna eftirlitsskyldum sínum og kanna hvort þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brotið, að biðja Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkinu, um nákvæmar skýringar, t.d á því á hverju Eftirlitsstofnun EFTA byggi grunsemdir sínar um brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins, svo og hversu alvarlegt meint brot er og á hvern hátt hlutaðeigandi fyrirtæki tengist málinu. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstólinn er til þess bær að fjalla um lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA.

21. gr.

Athugun á öðrum athafnasvæðum

1. Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að bókhald eða önnur viðskiptaskjöl, er varða starfsemina og viðfangsefni athugunarinnar, sem skipta máli til að sanna alvarlegt brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins, séu geymd á öðru athafnasvæði, landsvæði eða í öðru flutningatæki, þ.m.t. á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeig-

andi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja, getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun um að fyrirskipa athugun á því athafnasvæði, landsvæði eða flutningatæki.

2. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið og tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og réttinn til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins. Í henni skal það einkum tilgreint sem staðfesti grunsemdir Eftirlitsstofnunar EFTA í skilningi 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.

3. Ákvörðun, sem er samþykkt skv. 1. mgr., verður ekki komið til framkvæmda nema fyrir liggi heimild innlendra dómsmálayfirvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki. Innlend dómsmálayfirvöld skulu hafa eftirlit með því að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar, einkum með hliðsjón af því hversu alvarlegt meint brot er, mikilvægi þeirra sannanna sem leitað er, þátttöku hlutaðeigandi fyrirtækis og því hversu líklegt má telja að bókhald og viðskiptaskjöl, er varða viðfangsefni athugunarinnar, séu geymd á því athafnasvæði sem heimildin varðar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt að biðja Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkinu, um nákvæmar skýringar á þeim atriðum sem nauðsynleg teljast vegna eftirlits þeirra með því að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu í réttu hlutfalli við brot.

Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstólinn er til þess bær að fjalla um lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA.

4. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athugun, sem er fyrirskipuð í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skulu hafa það valdsvið sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 2. mgr. 20. gr. Ákvæði 5. og 6. mgr. 20. gr. gilda að breyttu breytanda.

22. gr.

Rannsóknir samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum

1. Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríki er heimilt að láta fara fram hvers konar athugun eða gagnaöflun á yfirráðasvæði sínu samkvæmt landslögum fyrir hönd og á kostnað samkeppnisyfirvalda í öðru EFTA-ríki í því skyni að sannreyna að brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins hafi átt sér stað. Skipti á og notkun upplýsinga, sem safnað er, skulu fara fram í samræmi við 12. gr.

2. Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum geta, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, tekið að sér að gera þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 20. gr. eða á grundvelli ákvörðunar skv. 4. mgr. 20. gr. Embættismenn samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum, sem bera ábyrgð á þessum athugunum, og aðrir, sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt, skulu hafa það valdsvið sem þeim er veitt í samræmi við landslög.

Embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, er heimilt að veita embættismönnum samkeppnisyfirvalda í því EFTA-ríki, þar sem athugunin fer fram, aðstoð ef Eftirlitsstofnun EFTA eða hlutaðeigandi yfirvald fer fram á það.

VI. ÞÁTTUR

VIÐURLÖG

23. gr.

Sektir

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, vísvitandi eða af gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 17. gr. eða 2. mgr. 18. gr.,

b) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,

c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 20. gr. eða neita að fallast á athugun sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,

d) að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við e-lið 2. mgr. 20. gr.,

— gefa rangt eða villandi svar,

— leiðrétta ekki, innan tilskilins frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið, eða

— svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem er fyrirskipuð með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,

e) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 20. gr.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja þegar þau, vísvitandi eða af gáleysi:

a) brjóta gegn 53. eða 54. gr. EES-samningsins, eða

b) brjóta í bága við ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr., eða

c) standa ekki við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.

Fjárhæð sektar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs fyrir hvert fyrirtæki og hver samtök fyrirtækja sem eiga þátt í brotinu.

Ef brot samtaka tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna hefur áhrif á.

3. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.

4. Ef samtök fyrirtækja eru sektuð með hliðsjón af veltu aðila að samtökunum og þau eru ekki gjaldhæf eru samtökin skuldbundin til að leita eftir framlagi frá aðilum að samtökunum til greiðslu sektarinnar.

Ef slík framlög berast samtökunum ekki innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur er henni heimilt að krefjast greiðslu sektarinnar beint frá einhverju þeirra fyrirtækja sem áttu fulltrúa í þeim stjórnum samtakanna sem hlut eiga að máli.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur krafist greiðslu samkvæmt annarri undirgrein er henni heimilt, til að tryggja fullnaðargreiðslu sektarinnar, að krefja einhvern þann aðila að samtökunum, sem er virkur á þeim markaði þar sem brotið á sér stað, um greiðslu á mismuninum.

Eftirlitsstofnun EFTA er hins vegar óheimilt að krefja þau fyrirtæki um greiðslu samkvæmt annarri eða þriðju undirgrein sem sýna fram á að þau hafi ekki unnið eftir ákvörðun samtakanna, þar sem hvatt er til brotsins, eða var ókunnugt um þá ákvörðun eða lagst gegn henni áður en Eftirlitsstofnun EFTA hóf rannsókn málsins.

Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis vegna greiðslu sektarinnar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu þess á næstliðnu rekstrarári.

5. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr., varða ekki hegningarlög.

24. gr.

Févíti

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem nemur fjárhæð sem fer ekki yfir 5% af meðaldagsveltu næstliðins rekstrarárs, reiknað frá þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni, í því skyni að þvinga þau til:

a) að láta af broti á 53. eða 54. gr. EES-samningsins í samræmi við ákvörðun skv. 7. gr.,

b) að fara að ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr.,

c) að standa við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.,

d) að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur farið fram á með ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr.,

e) að fallast á athugun sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.

2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að knýja fram er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni. Ákvæði 4. mgr. 23. gr. gilda á hliðstæðan hátt.

VII. ÞÁTTUR

FYRNINGARFRESTUR

25. gr.

Fyrningarfrestur að því er varðar viðurlög

1. Valdsvið, sem Eftirlitsstofnun EFTA er falið skv. 23. og 24. gr., er með fyrirvara um eftirfarandi fyrningarfresti:

a) þrjú ár þegar um er að ræða brot á ákvæðum um upplýsingar sem krafist er eða framgang athugana,

b) fimm ár fyrir öll önnur brot.

2. Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

3. Hefjist Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki handa við rannsókn eða málsmeðferð er varðar brot skal gera hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févítis. Hlé er gert á fyrningarfresti frá og með þeim degi sem a.m.k. einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina. Aðgerðir, sem valda því að gert er hlé á fyrningarfresti, eru einkum:

a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríki,

b) skriflegt umboð til athugana sem Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki veita embættismönnum sínum,

c) upphaf málsmeðferðar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eða samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríki,

d) tilkynning um andmæli af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eða samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríki.

4. Hlé á fyrningarfresti gildir gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem eiga aðild að brotinu.

5. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ákvarðað sekt eða févíti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé var gert á fyrningu skv. 6. mgr.

6. Gera skal hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févíta á meðan ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er til meðferðar hjá EFTA-dómstólnum.

26. gr.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga

1. Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til fullnustu ákvarðana skv. 23. og 24. gr. er með fyrirvara um fyrningarfrest til fimm ára.

2. Fresturinn hefst á þeim degi sem lokaákvörðun er tekin í málinu.

3. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga þegar:

a) tilkynnt er um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,

b) Eftirlitsstofnun EFTA eða EFTA-ríki að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslu á sekt eða févíti.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

5. Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:

a) greiðslufrestur er veittur,

b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun EFTA-dómstólsins.

VIII. ÞÁTTUR

SKÝRSLUGJÖF OG ÞAGNARSKYLDA

27. gr.

Skýrslugjöf málsaðila, kvartenda og annarra

1. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun, eins og kveðið er á um í 7., 8. og 23. gr. og 24. gr. (2. mgr.), skal hún veita hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, sem málsmeðferð hennar varðar, tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í málum sem hún hefur andmælt. Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis byggja ákvarðanir sínar á andmælum sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Kvartendur skulu hafa náin tengsl við málsmeðferðina.

2. Réttur hlutaðeigandi til varnar skal virtur að fullu í málinu. Þeir skulu hafa rétt til aðgangs að málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga og innanhússskjala Eftirlitsstofnunar EFTA eða samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum. Réttur til aðgangs nær t.a.m. ekki til bréfaskipta Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum eða innbyrðis milli samkeppnisyfirvalda, þ.m.t. talin skjöl samin skv. 11. og 14. gr.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila telji hún ástæðu til þess. Verða skal við umsóknum þessara einstaklinga og lögaðila um skýrslugjöf geti þeir sýnt fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta. Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum geta einnig farið fram á það við Eftirlitsstofnun EFTA að aðrir einstaklingar eða lögaðilar fái að gefa skýrslu.

4. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hyggst samþykkja ákvörðun skv. 9. eða 10. gr. skal hún birta gagnorða samantekt um málið og megininntak skuldbindinga eða fyrirhugaðra aðgerða. Þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, er heimilt að leggja fram athugasemdir sínar innan frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur og skal hann við birtingu vera minnst einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

28. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 9. gr. í bókun 23 við EES-samninginn og 12. og 15. gr. þessa kafla skulu upplýsingar, sem aflað er skv. 17. til 22. gr. eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann, einungis notaðar í þeim tilgangi sem lá að baki öflun þeirra.

2. Með fyrirvara um upplýsingaskipti og notkun upplýsinga, sem gert er ráð fyrir í 11., 12., 14., 15. og 27. gr., skulu Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í EFTA-ríkjunum, ekki veita þær upplýsingar, sem farið er fram á, eða skiptast á þeim upplýsingum skv. þessum kafla eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann né heldur þær upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Þessi skylda tekur einnig til allra fulltrúa og sérfræðinga EFTA-ríkjanna sem sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar skv. 14. gr.

Þessi skylda tekur einnig til fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem taka þátt í störfum ráðgjafarnefndarinnar skv. 8. mgr. 14. gr. og í skýrslugjöf skv. 2. mgr. 8. gr. í IV. kafla.

IX. ÞÁTTUR

GERÐIR UM UNDANÞÁGU

29. gr.

Afturköllun í einstökum tilvikum

1. Ef það leiðir af gerðum í XIV. viðauka við EES-samninginn að ekki er unnt að beita 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því er varðar ákveðnar tegundir samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt, að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar, að fella niður ávinning af slíkri undanþágugerð ef hún kemst að því að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð, sem undanþágugerðin á við um, hafi í einhverju tilviki leitt til tiltekinna áhrifa sem samrýmast ekki 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

2. Ef samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir, sem réttarregla, sem um getur í 1. mgr, á við um, hafa þau áhrif í einhverju tilviki að samrýmist ekki 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins á yfirráðasvæði EFTA-ríkis eða hluta þess, sem ber öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar, er samkeppnisyfirvöldum í því EFTA-ríki heimilt að afturkalla ávinning af viðkomandi reglu að því er þetta yfirráðasvæði varðar.

X. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

30. gr.

Birting ákvarðana

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 7. til 10. gr. og 23. og 24. gr.

2. Við birtingu skulu koma fram nöfn málsaðila og megininntak ákvörðunarinnar, þ.m.t. hvaða viðurlögum er beitt. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

31. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins

EFTA-dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu til að fjalla um lögmæti ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða févíti. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

32. gr.

Undantekningar

Þessi kafli gildir ekki um:

a) alþjóðlega þjónustu með leiguskip eins og skilgreint er í a-lið 3. mgr. 1. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 11. lið í 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86),

b) sjóflutningaþjónustu milli hafna í einu og sama EFTA-ríkinu eingöngu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. gerðarinnar sem um getur í 11. lið 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4056/86),

c) flutninga í lofti milli flugvalla á yfirráðasvæði, sem fellur undir EES-samninginn, og þriðju landa.

33. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að beita þessum kafla. Þær ráðstafanir geta m.a. tekið til:

a) framsetningar, efnis og annarra atriða kvartana sem eru lagðar fram skv. 7. gr. og þeirrar málsmeðferðar sem lýtur að frávísun kvartana,

b) hagnýtrar tilhögunar á upplýsingaskiptum og samráði sem kveðið er á um í 11. gr.,

c) hagnýtrar tilhögunar við skýrslugjöf sem kveðið er á um í 27. gr.

2. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir ráðstafanir skv. 1. mgr. skal hún birta drög að þeim og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila inn athugasemdum sínum innan þess frests sem settur er og skal hann ekki vera skemmri en einn mánuður. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA birtir drög að ráðstöfunum og samþykkir þær skal hún hafa samráð við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.

XI. ÞÁTTUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG SÉRÁKVÆÐI

34. gr.

Tilvísanir í eldri greinar og kafla

Í þessum þætti er litið svo á að tilvísanir í eldri greinar og kafla jafngildi tilvísunum í þær greinar og kafla eins og þeim var beitt fyrir gildistöku samningsins um breytingu á bókun 4

við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var 24. september 2004.

35. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Umsóknir til Eftirlitsstofnunar EFTA skv. fyrrverandi 2. gr. í II. kafla I. hluta, tilkynningar skv. fyrrverandi 4. og 5. gr. þess kafla og samsvarandi umsóknir og tilkynningar samkvæmt fyrrverandi VI., IX. og XI. kafla II. hluta falla úr gildi.

2. Ráðstafanir tengdar málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt fyrrverandi II. kafla I. hluta og VI., IX. og XI. kafla II. hluta, gilda áfram að því er varðar beitingu þessa kafla.

36. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 5. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 10. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68)

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 10. lið XIV. viðauka (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar athafnir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,

b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,

c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum,

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 2. gr. fyrrnefndrar gerðar sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

37. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (reglugerð (EBE) nr. 4056/86) að því er varðar sjóflutninga

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, að því er varðar sjóflutninga, í samræmi við fyrrverandi IX. kafla II. hluta þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar athafnir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,

b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,

c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum, eða

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

38. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (reglugerð (EBE) nr. 3975/87) að því er varðar flutninga í lofti

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því er varðar flutninga í lofti í samræmi við fyrrverandi IX. kafla II. hluta þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar athafnir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,

b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,

c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum, eða

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.

39. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (reglugerð 17/62)

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins í samræmi við fyrrverandi II. kafla I. hluta þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tilteknar athafnir aðila:

a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,

b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,

c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum, eða

d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirkt.“

40. gr.

Tilnefning samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjum

1. EFTA-ríkin skulu tilnefna samkeppnisyfirvöld eða önnur yfirvöld sem annast skulu beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins með þeim hætti að farið sé með skilvirkum hætti að ákvæðum II. kafla þessarar bókunar. Tilnefnd yfirvöld geta einnig verið dómstólar.

2. Ef innlend stjórnvöld og dómsmálayfirvöld hafa umboð til að annast framkvæmd samkeppnislaga EES er EFTA-ríkjunum heimilt að fá mismunandi landsyfirvöldum, hvort sem um er að ræða stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld, ólíkt valdsvið og hlutverk.

3. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná til yfirvalda sem EFTA-ríkin tilnefna, þ.m.t. dómstólar sem hafa hlutverki að gegna við undirbúning og samþykkt þeirra tegunda ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná ekki til dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar að því er varðar þær tegundir ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr.

4. Ef yfirvald fer með mál, vegna samþykktar á tilteknum tegundum ákvarðana sem greint er frá í 5. gr., fyrir dómsmálayfirvöld í EFTA-ríki, önnur en til saksóknara, og að því tilskildu að farið sé að skilmálum þessarar málsgreinar, skulu áhrif 6. mgr. 11. gr., þrátt fyrir 3. mgr., einungis ná til þess yfirvalds sem sækir málið og skal það yfirvald draga kröfu sína fyrir dómsmálayfirvaldinu til baka ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur málsmeðferð og afturköllun málsins verður til þess að unnt er að ljúka innlendri málsmeðferð með árangursríkum hætti.

41. gr.

Fyrirvari að því er varðar Liechtenstein

Furstadæminu Liechtenstein ber engin skylda til að tilnefna samkeppnisyfirvöld eða önnur yfirvöld sem annast beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þegar Furstadæmið Liechtenstein veitir samkeppnisyfirvöldum eða öðrum yfirvöldum vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins skal það upplýsa hin EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA um það.

42. gr.

Sérákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur lagt fyrir EFTA-ríkin, til samráðs í fastanefndinni í samræmi við 2. gr. samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna, tillögur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því er varðar ákveðnar tegundir af samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á efnisyfirliti við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

1. Í stað texta II. kafla í I. hluta komi „Almennar reglur um málsmeðferð vegna framkvæmdar á 53. og 54. gr. EES-samningsins (sbr. reglugerð (EB) nr. 1/2003)“

2. Ákvæði VI. og IX. kafla í II. hluta falli niður.

3. gr.

Texti VI. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

4. gr.

Texti IX. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

5. gr.

Ákvæði 3. til 19. gr. í XI. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

6. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.

Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

Skjal um staðfestingu skal afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

3. Samningur þessi öðlast gildi sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

130/2004 frá 24. september 2004 eða þegar öll skjöl um staðfestingu hafa verið afhent til vörslu hjá EFTA-ríkjunum, hvort sem síðar verður.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

.....
FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS
ÍSLANDS

.....
FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS
LIECHTENSTEINS

.....
FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS
NOREGS

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 ([1]).

2) Bókun 23 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 ([2]).

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Með reglugerð (EB) nr. 773/2004 eru felldar úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 ([4]), (EB) nr. 2842/98 ([5]) og (EB) nr. 2843/98 ([6]), en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 3. gr. bókunar 21 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað texta 4. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94) komi eftirfarandi:

   „32004 R 0773: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18).“

2. Texti 5. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98), 15. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98) og 16. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98) falli brott.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 10. gr. bókunar 23 við samninginn:

([1]) Stjtíð. ESB L [óbirt] og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. [óbirt]
([2]) Stjtíð. ESB L [óbirt] og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. [óbirt]
([3]) Stjtíð. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18.
([4]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1994, bls. 28.
([5]) Stjtíð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 18.
([6]) Stjtíð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 22.

„AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM

10. gr. A

Þegar eftirlitsstofnun veitir aðilum, sem andmælum er beint til, aðgang að málsskjölum skal aðgangurinn ekki taka til innanhússskjala hinnar eftirlitsstofnunarinnar eða samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær t.a.m. ekki til bréfaskipta á milli eftirlitsstofnananna, milli eftirlitsstofnunar og samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða milli samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða í EFTA-ríkjunum þegar slík bréfaskipti eru hluti af málsskjölum þar til bærrar eftirlitsstofnunar."

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 773/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, hvort sem síðar verður.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal V.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 773/2004

frá 7. apríl 2004

um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ([1]), einkum 33. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1/2003 er framkvæmdastjórninni fengið vald til að setja reglur um tiltekna þætti málsmeðferðar vegna beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur um að hefja málsmeðferð sem framkvæmdastjórnin beitir og einnig um meðferð kvartana og skýrslna sem teknar eru af viðkomandi málsaðilum.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003 ber innlendum dómstólum skylda til að forðast að taka ákvarðanir sem gætu farið í bága við fyrirhugaðar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í sama máli. Samkvæmt 6. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar er valdi samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum aflétt þegar framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð til samþykktar ákvörðun skv. III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að dómstólar og samkeppnisyfirvöld aðildarríkjanna fái vitneskju um það þegar framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð. Þess vegna skal framkvæmdastjórnin geta birt opinberlega ákvarðanir sínar um að hefja málsmeðferð.

3) Áður en munnlegur málflutningur er fenginn frá einstaklingum eða lögaðilum, sem samþykkja að veita viðtal, skal framkvæmdastjórnin skýra þessum aðilum frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki viðtalinu og að þeim sé í sjálfsvald sett hvort þeir veita það. Einnig skal upplýsa þá sem viðtal er tekið við um tilganginn með viðtalinu og hvort það sé skráð á einhvern hátt. Til að tryggja að málflutningurinn sé eins nákvæmur og hægt er má einnig gefa þeim sem viðtal er tekið við kost á að leiðrétta skráðan málflutning. Ef skipst er á upplýsingum, sem eru fengnar með munnlegum málflutningi, skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skal einungis nota þær upplýsingar sem sönnunargögn þegar beita skal einstaklinga viðurlögum og skilyrðum þeirrar greinar er fullnægt.

4) Samkvæmt d-lið 1. mgr. 23. gr. í reglugerð (EB) nr. 1/2003 er heimilt að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja fyrir að leiðrétta ekki, áður en frestur sem framkvæmdastjórnin setur rennur út, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður þeirra hefur gefið við spurningum meðan á athuguninni stóð. Því er nauðsynlegt að viðkomandi fyrirtæki fái skýrslu um allar skýringar sem eru gefnar og að hafin sé málsmeðferð sem gerir fyrirtækinu kleift að bæta hvers konar leiðréttingum, breytingum eða viðbótum við skýringar starfsmannsins, sem honum er ekki eða var ekki heimilt að veita upplýsingar um fyrir hönd fyrirtækisins. Skýringar starfsmanns skulu áfram vera til í málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar eins og þær voru skráðar meðan á athuguninni stóð.

5) Kvartanir eru mikilvæg uppspretta upplýsinga þegar komast þarf að því hvort samkeppnisreglur hafi verið brotnar. Mikilvægt er að skilgreina skýra og skilvirka málsmeðferð

([1]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 411/2004 (Stjtíð. EB L 68, 6.3.2004, bls. 1).

fyrir meðferð kvartana sem berast framkvæmdastjórninni.

6) Til þess að kvörtun sé tekin til meðferðar, skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, verða að vera í henni upplýsingar um sérstaklega tilgreind atriði.

7) Til að aðstoða þá sem leggja fram kvörtun við að koma nauðsynlegum staðreyndum til framkvæmdastjórnarinnar skal útbúa sérstakt eyðublað. Skilyrði fyrir því að farið sé með kvörtun sem slíka, eins og um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, er að upplýsingarnar, sem eru tilgreindar á því eyðublaði, hafi verið lagðar fram.

8) Gefa skal einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa ákveðið að bera fram kvörtun, kost á því að vera í nánum tengslum við málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar með það fyrir augum að sannreyna hvort um brot á reglum sé að ræða. Þeir skulu þó ekki hafa aðgang að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tilheyra öðrum aðilum sem eiga hlut að málsmeðferðinni.

9) Gefa verður þeim sem bera fram kvörtun færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum ef framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nægileg ástæða til að taka kvörtunina til meðferðar. Ef framkvæmdastjórnin vísar kvörtun frá á þeim forsendum að samkeppnisyfirvald aðildarríkis sé með eða hafi þegar haft málið til meðferðar skal hún tilkynna þeim sem leggur fram kvörtun hvaða yfirvald um sé að ræða.

10) Til að virða rétt fyrirtækja til málsvarnar skal framkvæmdastjórnin veita hlutaðeigandi málsaðilum rétt til að flytja mál sitt áður en hún tekur ákvörðun.

11) Einnig skal setja ákvæði um skýrslugjöf annarra aðila en þeirra sem leggja fram kvörtun, eins og um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, og sem eru ekki málsaðilar sem andmælum hefur verið beint til, en sem geta engu að síður sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Að jafnaði skal líta svo á að neytendasamtök, sem óska eftir því að flytja mál sitt, hafi nægilegra hagsmuna að gæta ef málsmeðferðin varðar vörur eða þjónustu fyrir neytendur eða vörur eða þjónustu sem er beinlínis hluti af slíkri vöru eða þjónustu. Ef framkvæmdastjórnin telur að það komi að gagni í málsmeðferðinni getur hún einnig boðið öðrum aðilum að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum og að vera viðstaddir munnlega skýrslugjöf málsaðilanna sem andmælum hefur verið beint gegn. Hún getur einnig boðið slíkum aðilum að skýra frá sjónarmiðum sínum við þessa munnlegu skýrslugjöf ef við á.

12) Til að auka árangur munnlegrar skýrslugjafar skal skýrslugjafarfulltrúi hafa heimild til að leyfa viðkomandi málsaðilum, þeim sem leggja fram kvörtun, öðrum aðilum sem eru boðaðir til skýrslugjafar, þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar og yfirvöldum aðildarríkjanna að spyrja spurninga meðan á skýrslugjöfinni stendur.

13) Þegar framkvæmdastjórnin veitir aðgang að málsskjölum skal hún tryggja vernd viðskiptaleyndarmála og annarra trúnaðarupplýsinga. Undir „aðrar trúnaðarupplýsingar" flokkast aðrar upplýsingar en viðskiptaleyndarmál sem geta talist trúnaðarmál að svo miklu leyti sem það myndi skaða fyrirtæki eða einstakling verulega ef þær væru gefnar upp. Framkvæmdastjórnin skal geta farið fram á það við fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem leggja eða hafa lagt fram skjöl eða greinargerðir, að þau tilgreini hvað af upplýsingunum séu trúnaðarupplýsingar.

14) Þegar viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar eru nauðsynlegar til að færa sönnur á að brot hafi verið framið skal framkvæmdastjórnin meta, fyrir hvert og eitt skjal, hvort þörfin á að gefa upp trúnaðarupplýsingar sé meiri en skaðinn sem það gæti valdið.

15) Vegna réttaröryggis skal mæla fyrir um lágmarksfrest fyrir framlagningu hvers konar gagna sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

16) Þessi reglugerð kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98 frá 22. desember 1998 um skýrslugjöf málsaðila við tiltekna málsmeðferð skv. 85. og 86. gr. EB-sáttmálans ([1]), sem skal því felld úr gildi.

17) Með þessari reglugerð eru málsmeðferðarreglur í flutningageiranum aðlagaðar almennu reglunum um málsmeðferð í öllum geirum. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglu-

([1]) Stjtíð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 18.

gerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga ([1]) skal því felld úr gildi.

18) Með reglugerð (EB) nr. 1/2003 er tilkynninga- og heimildakerfið afnumið. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 ([2]) skal því felld úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ.

1. gr.

Efni og gildissvið

Reglugerð þessi gildir um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ HAFIN

2. gr.

Málsmeðferð hafin

1. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er ákveðið að hefja málsmeðferð með það fyrir augum að samþykkja ákvörðun samkvæmt III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003 en þó eigi síðar en þann dag sem hún gefur út bráðabirgðamat skv. 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, eða yfirlýsingu um andmæli, eða þann dag sem tilkynning skv. 4. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar er birt, eftir því hvað af þessu gerist fyrst.

2. Framkvæmdastjórnin getur tilkynnt opinberlega um upphaf málsmeðferðar á hvern þann hátt sem hentar. Áður en hún gerir það skal hún láta viðkomandi málsaðila vita af því.

3. Framkvæmdastjórnin getur beitt valdi sínu til rannsókna skv. V. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003 áður en hún hefur málsmeðferð.

4. Framkvæmdastjórnin getur vísað kvörtun frá skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 án þess að hefja málsmeðferð.

III. KAFLI

RANNSÓKNIR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

3. gr.

Vald til skýrslutöku

1. Þegar framkvæmdastjórnin tekur viðtal við aðila með samþykki hans, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, skal hún, í upphafi viðtals, skýra frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki og frá tilganginum með viðtalinu og minna á að honum sé í sjálfsvald sett hvort hann veitir það. Hún skal einnig upplýsa aðilann, sem viðtal er tekið við, um það ef hún hyggst skrá viðtalið.

2. Taka má viðtalið á hvaða hátt sem er, þ.m.t. gegnum síma eða með rafrænum aðferðum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skrá málflutning einstaklinga, sem viðtal er tekið við, á hvaða hátt sem er. Aðili, sem hefur samþykkt að tekið sé viðtal við hann, skal fá aðgang að afriti af hvers konar skráningu viðtalsins. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin gefa þeim sem viðtal er tekið við frest til að koma á framfæri leiðréttingum á málflutningi sínum.

4. gr.

Munnlegar spurningar við athugun máls

1. Þegar embættismenn, eða aðrir fylgdarmenn þeirra með umboð framkvæmdastjórnarinnar, biðja fulltrúa eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar skv. e-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 er heimilt að skrá skýringarnar, sem eru gefnar, með hvaða hætti sem er.

2. Að lokinni athuguninni skal veita viðkomandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja aðgang að afriti af hvers konar skráningu, sem er gerð skv. 1. mgr.

3. Í tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem hefur ekki eða hafði ekki heimild fyrirtækisins eða samtakanna til að gefa skýringar fyrir þeirra hönd, hefur verið beðinn um skýringar skal framkvæmdastjórnin gefa fyrirtækinu eða samtökum fyrirtækja frest til að koma til framkvæmdastjórnarinnar hvers konar leiðréttingum, breytingum eða viðbótum við skýringar sem slíkur starfsmaður lætur í té. Bæta skal leiðréttingunum, breytingunum eða viðbótunum við skýringarnar eins og þær eru skráðar skv. 1. mgr.

([1]) Stjtíð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 22.
([2]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1994, bls. 28.

IV. KAFLI

MEÐFERÐ KVARTANA

5. gr.

Skilyrði fyrir því að kvartanir séu tækar

1. Einstaklingar og lögaðilar skulu sýna fram á að þeir hafi lögmætra hagsmuna að gæta til að eiga rétt á að leggja fram kvörtun að því er varðar 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.

Í slíkum kvörtunum skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er á eyðublaði C eins og fram kemur í viðaukanum. Framkvæmdastjórnin getur veitt undanþágu frá þessari skyldu að því er varðar hluta upplýsinganna, þ.m.t. skjöl sem krafist er á eyðublaði C.

2. Senda skal framkvæmdastjórninni kvörtunina í þríriti á pappír auk afrits á rafrænu formi ef unnt er. Sé einhver hluti kvörtunarinnar háður trúnaðarkvöðum skal sá sem leggur fram kvörtun einnig leggja fram sérútgáfu af kvörtuninni, sem inniheldur engin trúnaðarmál.

3. Kvartanir skulu lagðar fram á opinberu tungumáli Bandalagsins.

6. gr.

Þátttaka kvartenda í málsmeðferð

1. Ef framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um andmæli varðandi mál sem hún hefur fengið kvörtun um skal hún afhenda þeim sem leggur fram kvörtunina afrit af þeirri útgáfu andmælanna sem ekki inniheldur trúnaðarupplýsingar og gefa þeim sem leggur fram kvörtun frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem við á, veitt þeim sem leggja fram kvörtun tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í munnlegri skýrslugjöf málsaðilanna sem yfirlýsing um andmæli hefur verið borin fram gegn ef þeir óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

7. gr.

Kvörtunum vísað frá

1. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur, að ekki séu nægilegar ástæður fyrir því að bregðast við kvörtun skal hún upplýsa þann sem leggur fram kvörtun um ástæður þess og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

2. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin gefur, rennur út og skriflegar athugasemdir hans leiða ekki til þess að kvörtunin sé metin á annan hátt skal framkvæmdastjórnin vísa kvörtuninni frá með ákvörðun.

3. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir ekki frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin veitir, rennur út telst kvörtunin hafa verið dregin til baka.

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Ef framkvæmdastjórnin hefur upplýst þann sem leggur fram kvörtun um að hún hyggist vísa henni frá skv. 1. mgr. 7. gr. getur sá sem leggur fram kvörtunina farið fram á að fá aðgang að skjölunum sem liggja til grundvallar bráðabirgðamati framkvæmdastjórnarinnar. Sá sem leggur fram kvörtunina skal þó ekki fá aðgang að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tilheyra öðrum málsaðilum sem eiga hlut að málsmeðferðinni.

2. Sá sem leggur fram kvörtun má einungis nota þau skjöl, sem hann hefur haft aðgang að í tengslum við málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. sáttmálans, þegar um er að ræða dómseða stjórnsýslumál vegna beitingar þessara ákvæða sáttmálans.

9. gr.

Frávísun kvartana skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003

Vísi framkvæmdastjórnin kvörtun frá skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skal hún þegar í stað upplýsa þann sem leggur fram kvörtunina um það hvaða innlenda samkeppnisyfirvald fjalli um málið eða hafi þegar fjallað um það.

V. KAFLI

RÉTTUR TIL AÐ FLYTJA MÁL SITT

10. gr.

Yfirlýsing um andmæli og svar

1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi málsaðilum skriflega um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Tilkynna skal hverjum og einum málsaðila um slíka yfirlýsingu um andmæli.

2. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir málsaðilum um andmæli sín skal hún gefa þeim frest til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við fram-

kvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

3. Málsaðilar geta, í skriflegum athugasemdum sínum, sett fram allar staðreyndir, sem þeir vita um, sem skipta máli fyrir vörn þeirra gagnvart andmælum framkvæmdastjórnarinnar. Þeir skulu láta fylgja öll skjöl sem málið varðar til sönnunar staðreyndum sem þar eru settar fram. Þeir skulu leggja fram frumrit á pappír auk afrits á rafrænu formi eða, ef ekki er lagt fram rafrænt eintak, 28 pappírsafrit af gögnunum sem þeir leggja fram og skjölum sem fylgja þeim. Þeim er heimilt að leggja það til að framkvæmdastjórnin taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest þær staðreyndir sem koma fram í gögnunum sem þeir leggja fram.

11. gr.

Réttur til að flytja mál sitt

1. Framkvæmdastjórnin skal veita málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, möguleika á að flytja mál sitt áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.

2. Í ákvörðunum sínum skal framkvæmdastjórnin einungis fjalla um andmæli sem málsaðilar, sem um getur í 1. mgr., hafa fengið að tjá sig um.

12. gr.

Réttur til munnlegrar skýrslugjafar

Framkvæmdastjórnin skal gefa málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, færi á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf ef þeir óska eftir því í skriflegum gögnum sem þeir leggja fram.

13. gr.

Skýrslugjöf annarra aðila

1. Ef einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en þeir sem um getur í 5. og 11 gr., óska eftir því að flytja mál sitt, og geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, skal framkvæmdastjórnin tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða aðilum, sem um getur í 1. mgr., að rökstyðja mál sitt frekar við munnlega skýrslugjöf málsaðilans sem andmælum var beint til, ef aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að bjóða hvaða öðrum aðila sem er að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum og vera viðstaddur munnlega skýrslugjöf málsaðilanna sem andmælum hefur verið beint til. Framkvæmdastjórnin getur einnig boðið slíkum aðila að skýra frá sjónarmiðum sínum við þessa munnlegu skýrslugjöf.

14. gr.

Framkvæmd munnlegrar skýrslugjafar

1. Skýrslugjafarfulltrúi skal stjórna skýrslugjöf og skal hann vera fullkomlega hlutlaus.

2. Framkvæmdastjórnin skal boða þá einstaklinga, sem eiga að gefa skýrslu, til munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.

3. Framkvæmdastjórnin skal boða samkeppnisyfirvöld aðildarríkjanna til þátttöku í munnlegu skýrslutökunni. Hún getur einnig boðað embættismenn og opinbera starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum.

4. Aðilar, sem eru boðaðir, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglega fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem reglur þeirra heimila, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er einnig heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

5. Þeim sem gefa framkvæmdastjórninni skýrslu er heimilt að leita aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.

6. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

7. Skýrslugjafarfulltrúi getur leyft málsaðilum, sem andmælum hefur verið beint til, þeim sem leggja fram kvörtun, öðrum aðilum, sem eru boðaðir til skýrslugjafarinnar, þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar og yfirvöldum aðildarríkjanna að spyrja spurninga meðan á skýrslugjöfinni stendur.

8. Skrá skal málflutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem gefa skýrslu skulu fá aðgang að skráðum málflutningi ef þeir óska eftir því. Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna málsaðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

VI. KAFLI

AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM OG MEÐFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

15. gr.

Aðgangur að málsskjölum og notkun skjala

1. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, aðgang að málsskjölum, ef um það er beðið. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli.

2. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til viðskiptaleyndarmála, annarra trúnaðarupplýsinga og innanhússkjala framkvæmdastjórnarinnar eða til samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær heldur ekki til bréfaskipta á milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum eða milli samkeppnisyfirvalda innbyrðis ef slík bréfaskipti er að finna í málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ekkert í þessari reglugerð kemur í veg fyrir að framkvæmdastjórnin afhendi og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans.

4. Skjöl, sem hafa fengist með aðgangi að málsskjölum samkvæmt þessari grein, skal einungis nota í dóms- eða stjórnsýslumálum vegna beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans.

16. gr.

Greining og varðveisla trúnaðarupplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal ekki afhenda eða veita aðgang að upplýsingum, þ.m.t. skjöl, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar um aðila.

2. Aðili, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum skv. 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 13. gr. (1. og 3. mgr.), eða afhendir framkvæmdastjórninni frekari upplýsingar á meðan á þessari sömu málsmeðferð stendur, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur vera trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt innan frests sem framkvæmdastjórnin veitir honum til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin krafist þess að fyrirtæki og samtök fyrirtækja, sem leggja fram skjöl eða greinargerðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala þau telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim og gagnvart hvaða fyrirtækjum slík skjöl skuli vera trúnaðarmál. Framkvæmdastjórnin getur einnig krafist þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja tilgreini hvern þann hluta andmæla, samantektar um mál, sem er gerð skv. 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem inniheldur viðskiptaleyndarmál að þeirra dómi.

Framkvæmdastjórnin getur gefið fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja frest til að:

a) rökstyðja kröfu sína um upplýsingaleynd að því er varðar hvert einstakt skjal eða hluta af skjali, skýrslu eða hluta úr skýrslu,

b) láta framkvæmdastjórninni í té sérútgáfu af skjölum eða skýrslum þar sem trúnaðarmálum er sleppt,

c) leggja fram nákvæma lýsingu á hverju einstöku atriði í upplýsingum sem er sleppt.

4. Ef fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láta undir höfuð leggjast að fara að ákvæðum 2. og 3. mgr. getur framkvæmdastjórnin gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða skýrslum.

VII. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Frestur

1. Þegar framkvæmdastjórnin veitir frest, eins og kveðið er á um í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir framlagningu gagna og til þess hversu brýnt málið er.

2. Frestur, sem um getur í 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.), skal vera a.m.k. fjórar vikur. Sé um að ræða málsmeðferð, sem er hafin í því skyni að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, má þó stytta frestinn í eina viku.

3. Frestur, sem um getur í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal vera a.m.k. tvær vikur.

4. Lengja má frest eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það áður en upphaflegi frestur-inn rennur út.

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 2842/98, (EB) nr. 2843/98 og (EB) nr. 3385/94 eru felldar úr gildi.

Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar reglugerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð.

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Ráðstafanir tengdar málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2842/98 og (EB) nr. 2843/98, gilda áfram að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ C

KVÖRTUN SKV. 7. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 1/2003

I. Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun og fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem kvörtunin varðar

1. Veita skal allar upplýsingar um þann einstakling eða lögaðila sem ber fram kvörtunina. Ef fyrirtæki leggur fram kvörtun skal tilgreina fyrirtækjasamstæðuna sem það tilheyrir og gefa nákvæmt yfirlit yfir eðli og umfang starfseminnar. Gefið upp tengilið (ásamt símanúmeri, póstfangi og netfangi) þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Tilgreinið fyrirtæki eða samtök fyrirtækja þar sem kvartað er yfir starfseminni, þ.m.t. ef við á, allar tiltækar upplýsingar um fyrirtækjasamstæðuna sem fyrirtækið eða fyrirtækin, sem kvörtunin beinist að, tilheyrir og eðli og umfang starfsemi þeirra. Tilgreinið stöðu kvartanda gagnvart fyrirtækinu/fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja sem kvartað er yfir (t.d. viðskiptavinur eða samkeppnisaðili).

II. Ítarlegar upplýsingar um meint brot og sönnunargögn

3. Greinið nákvæmlega frá staðreyndum sem talið er að bendi til þess að um brot sé að ræða á ákvæðum 81. eða 82. gr. sáttmálans og/eða 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Tilgreinið einkum hvers eðlis varan er (vara eða þjónusta) sem hið meinta brot hefur áhrif á og útskýrið, ef þörf krefur, viðskiptatengsl varðandi þessar vörur. Gefið upp í einstökum atriðum allar fyrirliggjandi upplýsingar um samninga eða starfsvenjur fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem þessi kvörtun varðar. Tilgreina skal, að svo miklu leyti sem unnt er, hlutfallslega markaðsstöðu fyrirtækjanna sem kvörtunin varðar.

4. Leggið fram öll skjöl í yðar vörslu sem varða eða tengjast beint þeim staðreyndum sem settar eru fram í kvörtuninni (t.d. texta samninga, fundargerðir samningaviðræðna eða funda, viðskiptaskilmála, viðskiptaskjöl, umburðarbréf, bréfaskipti, minnisatriði frá símtölum...). Tilgreinið nöfn og heimilisföng aðila sem geta vottað þær staðreyndir sem eru settar fram í kvörtuninni, einkum þeirra sem hið meinta brot hefur áhrif á. Leggið fram tölulegar upplýsingar eða önnur gögn í yðar vörslu sem tengjast staðreyndunum sem eru settar fram, einkum þar sem þau sýna þróun á markaði (t.d. upplýsingar varðandi verð og verðþróun, aðgangshindranir á markaði fyrir nýja birgja o.s.frv.).

5. Setjið fram sjónarmið yðar varðandi landfræðilegt umfang meints brots og útskýrið, þar sem það er ekki augljóst, að hve miklu leyti sú háttsemi, sem kvartað er yfir, kann að hafa áhrif á viðskipti á milli aðildarríkja eða á milli Bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja sem eru aðilar að EES-samningum.

III. Niðurstöður fengnar frá framkvæmdastjórninni og lögmætir hagsmunir

6. Útskýrið hvaða niðurstöðu eða aðgerðum óskað er eftir að málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skili.

7. Rökstyðjið lögmæta hagsmuni yðar sem kvartanda, skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003. Gerið einkum grein fyrir því hvernig háttsemin, sem kvartað er yfir, hefur áhrif á yður og útskýrið hvernig íhlutun framkvæmdastjórnarinnar gæti, að yðar mati, bætt úr meintum kvörtunarmálum.

IV. Málsmeðferð fyrir innlendum samkeppnisyfirvöldum eða innlendum dómstólum

8. Veitið allar upplýsingar um það hvort þér hafið leitað til einhvers annars samkeppnisyfirvalds varðandi sama eða nátengt málefni og/eða hvort mál hafi verið höfðað fyrir innlendum dómstóli. Ef sú er raunin skal veita allar upplýsingar um stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvaldið sem leitað var til og um það hvaða gögn hafi verið lögð fyrir slíkt yfirvald.

Yfirlýsing þess efnis að upplýsingarnar, sem koma fram á þessu eyðublaði og í viðaukum við það, séu veittar í góðri trú.

Dagsetning og undirskrift

Fylgiskjal VI.

SAMNINGUR UM BREYTINGU Á BÓKUN 4 VIÐ SAMNINGINN MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingar á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem nefnist hér á eftir samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7 apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans[1],

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004 um breytingu á bókun 21 og bókun 23 við EES-samninginn,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað III. kafla í I. hluta bókunar 4 við saminginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

[1] Stjtíð. ESB 123, 27.4.2004, bls. 18.

„III. KAFLI

REGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA SAKV. 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ

1. gr.

Efni og gildissvið

Þessi kafli gildir um málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins.

II. ÞÁTTUR

MÁLSMEÐFERÐ HAFIN

2. gr.

Upphaf málsmeðferðar

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að hefja málsmeðferð með það fyrir augum að samþykkja ákvörðun skv. II. kafla III. þáttar hvenær sem er fyrir þann dag sem hún gefur út bráðabirgðamat skv. 1. mgr. 9. gr. þess kafla, eða ber fram andmæli, eða fyrir þann dag sem tilkynning skv. 4. mgr. 27. gr. þess kafla er birt, eftir því hvað af þessu gerist fyrst.

2. Eftirlitsstofnun EFTA getur birt upplýsingar um að málsmeðferð sé hafin á hvern þann hátt sem hentar. Áður en hún gerir það skal hún láta viðkomandi aðila vita af því.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur beitt valdi sínu til rannsókna skv. V. kafla II. kafla áður en hún hefur málsmeðferð.

4. Eftirlitsstofnun EFTA getur vísað kvörtun frá skv. 7. gr. II. kafla án þess að hefja málsmeðferð.

III. ÞÁTTUR

RANNSÓKNIR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

3. gr.

Vald til skýrslutöku

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tekur viðtal við aðila með samþykki hans í samræmi við 19. gr. II. kafla skal hún, í upphafi viðtals, skýra frá lagagrundvelli og tilganginum með viðtalinu og minna á að þeir veiti viðtalið af fúsum og frjálsum vilja. Hún skal einnig upplýsa aðilann, sem viðtal er tekið við, um það ef hún hyggst skrá viðtalið.

2. Taka má viðtalið á hvaða hátt sem er, þ.m.t. gegnum síma eða með rafrænum aðferðum.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur skráð málflutning einstaklinga, sem viðtal er tekið við, á hvaða hátt sem er. Aðili, sem hefur samþykkt að tekið sé viðtal við hann, skal fá aðgang að afriti af hvers konar skráningu viðtalsins. Ef nauðsyn krefur skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa þeim sem viðtal er tekið við frest til að koma á framfæri leiðréttingum á málflutningi sínum.

4. gr.

Munnlegar spurningar við athugun máls

1. Þegar embættismenn eða aðrir aðilar, sem eru í fylgd með þeim og hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, biðja fulltrúa eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar skv. e-lið 2. mgr. 20. gr. II. kafla er heimilt að skrá skýringarnar, sem eru gefnar, með hvaða hætti sem er.

2. Að lokinni athuguninni skal veita viðkomandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja aðgang að afriti af hvers konar skráningu, sem er gerð skv. 1. mgr.

3. Í tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem hefur ekki eða hafði ekki heimild fyrirtækisins eða samtakanna til að gefa skýringar fyrir þeirra hönd, hefur verið beðinn um skýringar skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa fyrirtækinu eða samtökum fyrirtækja frest til að koma til Eftirlitsstofnun EFTA hvers konar leiðréttingum, breytingum eða viðbótum við skýringar sem slíkur starfsmaður lætur í té. Bæta skal leiðréttingunum, breytingunum eða viðbótunum við skýringarnar eins og þær eru skráðar skv. 1. mgr.

IV. ÞÁTTUR

MEÐFERÐ KVARTANA

5. gr.

Skilyrði fyrir því að kvartanir séu tækar

1. Einstaklingar og lögaðilar skulu sýna fram á að þeir hafi lögmætra hagsmuna að gæta til að eiga rétt á að leggja fram kvörtun að því er varðar 7. gr. II. kafla.

Í slíkum kvörtunum skulu koma fram upplýsingar sem er krafist á eyðublaði C sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, eða framkvæmdastjórnin gefa út eins og fram kemur í 1. viðbæti Eftirlitsstofnun EFTA getur fallið frá því að gera þetta að skyldu að því er varðar hluta upplýsinganna, þ.m.t. skjöl sem krafist er á eyðublaði C.

2. Senda skal Eftirlitsstofnun EFTA kvörtunina í þríriti á pappír auk afrits á rafrænu formi ef unnt er. Sé einhver hluti kvörtunarinnar háður trúnaðarkvöðum skal sá sem leggur fram kvörtun einnig leggja fram sérútgáfu af kvörtuninni, sem inniheldur engin trúnaðarmál.

3. Kvartanir skulu lagðar fram á opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða Bandalagsins.

6. gr.

Þátttaka kvartenda í málsmeðferð

1. Beri Eftirlitsstofnun EFTA fram andmæli varðandi mál sem hún hefur fengið kvörtun um skal hún afhenda þeim sem leggur fram kvörtunina afrit af sérútgáfu á andmælunum þar sem trúnaðarmálum er sleppt og gefa þeim sem leggur fram kvörtun frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA getur, eftir því sem við á, veitt þeim sem leggja fram kvörtun tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í munnlegri skýrslugjöf málsaðilanna sem yfirlýsing um andmæli hefur verið borin fram gegn ef þeir óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

7. gr.

Kvörtunum vísað frá

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur, að ekki séu nægilegar ástæður fyrir því að bregðast við kvörtun skal hún upplýsa þann sem leggur fram kvörtun um ástæður þess og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

2. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem Eftirlitsstofnun EFTA gefur, rennur út og skriflegar athugasemdir hans leiða ekki til þess að kvörtunin sé metin á annan hátt skal Eftirlitsstofnun EFTA vísa kvörtuninni frá með ákvörðun.

3. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir ekki frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem Eftirlitsstofnun EFTA setur, rennur út telst kvörtunin hafa verið dregin til baka.

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur upplýst þann sem leggur fram kvörtun um að hún hyggist vísa henni frá skv. 1. mgr. 7. gr. getur sá sem leggur fram kvörtunina farið fram á að fá aðgang að skjölunum sem liggja til grundvallar bráðabirgðamati Eftirlitsstofnunar EFTA. Sá sem leggur fram kvörtunina skal þó ekki fá aðgang að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tilheyra öðrum málsaðilum sem eiga hlut að málsmeðferðinni.

2. Sá sem leggur fram kvörtun má einungis nota þau skjöl, sem hann hefur haft aðgang að í tengslum við málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins, þegar um er að ræða dóms- eða stjórnsýslumál vegna beitingar þessara ákvæða EES-samningsins.

9. gr.

Frávísun kvartana skv. 13. gr. II. kafla

Vísi Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun frá skv. 13. gr. II. kafla skal hún þegar í stað upplýsa þann sem leggur fram kvörtunina um það hvaða innlenda samkeppnisyfirvald fjalli um málið eða hafi þegar fjallað um það.

V. ÞÁTTUR

RÉTTUR TIL AÐ FLYTJA MÁL SITT

10. gr.

Yfirlýsing um andmæli og svar

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna viðkomandi málsaðilum skriflega um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Tilkynna skal hverjum og einum málsaðila um slíka yfirlýsingu um andmæli.

2. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir málsaðilum um andmæli sín skal hún gefa þeim frest til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við sig. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

3. Málsaðilar geta í skriflegri yfirlýsingu sinni sett fram allar staðreyndir, sem þeir vita um, sem skipta máli fyrir vörn þeirra gagnvart andmælum Eftirlitsstofnunar EFTA. Þeir skulu láta fylgja öll viðeigandi skjöl til sönnunar staðreyndum sem eru settar fram. Þeir skulu leggja fram frumrit á pappír auk afrits á rafrænu formi eða, ef ekki er lagt fram rafrænt eintak, sex pappírsafrit af gögnunum sem þeir leggja fram og skjölum sem fylgja þeim. Þeim er heimilt að leggja það til að Eftirlitsstofnun EFTA taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest þær staðreyndir sem koma fram í gögnunum sem þeir leggja fram.

11. gr.

Réttur til að flytja mál sitt

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita málsaðilum, sem þeir hafa beint andmælum til, möguleika á að flytja mál sitt áður en þeir hafa samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 1. mgr. 14. gr. II. kafla.

2. Í ákvörðunum sínum skal Eftirlitsstofnun EFTA einungis fjalla um andmæli sem málsaðilar, sem um getur í 1. mgr., hafa fengið að tjá sig um.

12. gr.

Réttur til munnlegrar skýrslugjafar

Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, færi á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf ef þeir óska eftir því í skriflegum gögnum sem þeir leggja fram.

13. gr.

Skýrslugjöf annarra aðila

1. Ef einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en þeir sem um getur í 5. og 11 gr., óska eftir því að flytja mál sitt, og geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða aðilum, sem um getur í 1. mgr., að rökstyðja mál sitt frekar við munnlega skýrslugjöf málsaðilans sem andmælum var beint til, ef aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bjóða hvaða öðrum aðila sem er að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum og vera viðstaddur munnlega skýrslugjöf málsaðilanna sem andmælum hefur verið beint til. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig boðið slíkum aðilum að skýra frá sjónarmiðum sínum í munnlegri skýrslugjöf.

14. gr.

Framkvæmd munnlegrar skýrslugjafar

1. Skýrslugjafarfulltrúi skal stjórna skýrslugjöf og skal hann vera fullkomlega hlutlaus.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal boða þá einstaklinga, sem eiga að gefa skýrslu, til munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal boða samkeppnisyfirvöld EFTA-ríkjanna til þátttöku í munnlegu skýrslutökunni. Hún getur einnig boðað embættismenn og opinbera starfsmenn annarra yfirvalda í EFTA-ríkjunum, svo og framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB.

4. Aðilar, sem eru boðaðir, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglega fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem reglur þeirra heimila, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er einnig heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

5. Þeim sem gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu er heimilt að njóta aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.

6. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

7. Skýrslugjafarfulltrúi getur leyft málsaðilum, sem andmælum hefur verið beint til, þeim sem leggja fram kvörtun, öðrum aðilum, sem eru boðaðir til skýrslugjafar, þjónustudeild Eftirlitsstofnunar EFTA og yfirvöldum EFTA-ríkjanna að spyrja spurninga meðan á skýrslugjöfinni stendur.

8. Skrá skal málflutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem gefa skýrslu skulu fá aðgang að skráðum málflutningi ef þeir óska eftir því. Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna málsaðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

VI. ÞÁTTUR

AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM OG MEÐFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

15. gr.

Aðgangur að málsskjölum og notkun skjala

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, aðgang að málsskjölum, ef um það er beðið. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli.

2. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til viðskiptaleyndarmála og innanhússkjala Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB eða samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkj-

unum eða aðildarríkjum EB. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær t.a.m. ekki til bréfaskipta á milli samkeppnisyfirvaldanna, milli samkeppnisyfirvalda og aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna eða milli samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða í EFTA-ríkjunum þegar slík bréfaskipti eru hluti af málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA.

3. Ekkert í þessum kafla kemur í veg fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA afhendi og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot á ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins.

4. Skjöl, sem hafa fengist með aðgangi að málsskjölum samkvæmt þessari grein, skal einungis nota í dóms- eða stjórnsýslumeðferð vegna beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins.

16. gr.

Greining og varðveisla trúnaðarupplýsinga

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal ekki afhenda upplýsingar, þ.m.t. skjöl, eða gera þau aðgengileg ef þau innihalda viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar um aðila.

2. Einstaklingur sem skýrir frá sjónarmiðum sínum skv. 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 13. gr. (1. og 3. mgr.) þessa kafla eða leggur síðar fram frekari upplýsingar hjá Eftirlitsstofnun EFTA á meðan sama málsmeðferð stendur yfir skal tilgreina á skýran hátt ásamt rökstuðningi hvaða gögn hann telur vera trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt á þeim degi sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður að hann geti skýrt frá sjónarmiðum sínum.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar getur Eftirlitsstofnun EFTA krafist þess að fyrirtæki og samtök fyrirtækja, sem leggja fram skjöl eða greinargerðir skv. II. kafla, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala þau telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim og gagnvart hvaða fyrirtækjum slík skjöl skuli vera trúnaðarmál. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig krafist þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja tilgreini hvern þann hluta andmæla, samantekar um mál sem er gerð grein fyrir skv. 4. mgr. 27. gr. II. kafla eða ákvörðunar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, sem hún telur vera viðskiptaleyndarmál.

Eftirlitsstofnun EFTA getur gefið fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja frest til að:

a) rökstyðja kröfu sína um upplýsingaleynd að því er varðar hvert einstakt skjal eða hluta af skjali, skýrslu eða hluta úr skýrslu,

b) láta Eftirlitsstofnun EFTA í té sérútgáfu af skjölum eða skýrslum þar sem trúnaðarmálum er sleppt,

c) leggja fram nákvæma lýsingu á hverju einstöku atriði í upplýsingum sem er sleppt.

4. Ef fyrirtæki eða samtök fyrirtækja fara ekki að ákvæðum 2. og 3. mgr. getur Eftirlitsstofnun EFTA gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða skýrslum.

VII. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Frestur

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA veitir frest, eins og kveðið er á um í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.) þessa kafla, skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir framlagningu gagna og til þess hversu brýnt málið er.

2. Frestur, sem um getur í 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.) þessa kafla skal vera a.m.k. fjórar vikur. Sé um að ræða málsmeðferð, sem er hafin í því skyni að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir skv. 8. gr. II. kafla, má þó stytta frestinn í eina viku.

3. Frestur, sem um getur í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.) þessa kafla skal vera a.m.k. tvær vikur.

4. Lengja má frest eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

18. gr.

(Enginn texti)

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Reglur um málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt fyrrverandi II. kafla I. hluta og XII. kafla II. hluta, eins og þeim var beitt fyrir gildistöku samningsins um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var 3. desember 2004, gildir áfram að því er varðar beitingu þessa kafla.

20. gr.

Sérákvæði

Eftirlitsstofnun EFTA getur, í samræmi við ákvæði 49. gr. þessa samnings, lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum ásamt athugasemdum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á efnisyfirliti við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

1. Í stað texta II. kafla í I. hluta komi „Reglur um málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins“.

2. Texti IV. og XII. kafla falli niður.

3. Í V. hluta komi „Eyðublöð sem um getur í 1. mgr. 5. gr. III. kafla“ í stað texta 1. viðbætis.

3. gr.

Í II. kafla I. hluta komi „Þessi skylda tekur einnig til fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem taka þátt í störfum ráðgjafarnefndarinnar skv. 3. mgr. 14. gr. og í skýrslugjöf skv. 3. mgr. 14. gr. III. kafla.“

4. gr.

Texti IV. kafla I. hluta í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

5. gr.

Texti XII. kafla II. hluta í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

6. gr.

Í stað texta 1. viðbætis í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi það sem tilgreint er í viðauka við þennan samning.

7. gr.

Textar 3. og 5. viðbætis í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

8. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.

Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

Skjal um staðfestingu skal afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

3. Samningur þessi öðlast gildi sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004 eða þegar öll skjöl um staðfestingu hafa verið afhent til vörslu hjá EFTA-ríkjunum, hvort sem síðar verður.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

. . . . . .
FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

. . . . . .
FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

. . . . . .
FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS NOREGS

VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli Efta-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls

Í stað 1. viðbætis við bókun 4 komi eftirfarandi:

„

EYÐUBLAÐ C

KVÖRTUN SKV. 7. GR. II. VIÐAUKA

I. Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun og fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem kvörtunin varðar

1. Veita skal allar upplýsingar um þann einstakling eða lögaðila sem ber fram kvörtunina. Ef fyrirtæki leggur fram kvörtun skal tilgreina fyrirtækjasamstæðuna sem það tilheyrir og gefa nákvæmt yfirlit yfir eðli og umfang starfseminnar. Gefið upp tengilið (ásamt símanúmeri, póstfangi og netfangi) þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.

2. Tilgreinið fyrirtæki eða samtök fyrirtækja þar sem kvartað er yfir starfseminni, þ.m.t. ef við á, allar tiltækar upplýsingar um fyrirtækjasamstæðuna sem fyrirtækið eða fyrirtækin, sem kvörtunin beinist að, tilheyrir og eðli og umfang starfsemi þeirra. Tilgreinið stöðu kvartanda gagnvart fyrirtækinu/fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja sem kvartað er yfir (t.d. viðskiptavinur eða samkeppnisaðili).

II. Ítarlegar upplýsingar um meint brot og sönnunargögn

3. Lýsa skal nákvæmlega staðreyndum sem álitið er að bendi til þess að um brot sé að ræða á ákvæðum 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Tilgreinið einkum hvers eðlis varan er (vara eða þjónusta) sem hið meinta brot hefur áhrif á og útskýrið, ef þörf krefur, viðskiptatengsl varðandi þessar vörur. Gefið upp í einstökum atriðum allar fyrirliggjandi upplýsingar um samninga eða starfsvenjur fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem þessi kvörtun varðar. Tilgreina skal, að svo miklu leyti sem unnt er, hlutfallslega markaðsstöðu fyrirtækjanna sem kvörtunin varðar.

4. Leggið fram öll skjöl í yðar vörslu sem varða eða tengjast beint þeim staðreyndum sem settar eru fram í kvörtuninni (t.d. texta samninga, fundargerðir samningaviðræðna eða funda, viðskiptaskilmála, viðskiptaskjöl, umburðarbréf, bréfaskipti, minnisatriði frá símtölum...). Tilgreinið nöfn og heimilisföng aðila sem geta vottað þær staðreyndir sem eru settar fram í kvörtuninni, einkum þeirra sem hið meinta brot hefur áhrif á. Leggið fram tölulegar upplýsingar eða önnur gögn í yðar vörslu sem tengjast staðreyndunum sem eru settar fram, einkum þar sem þau sýna þróun á markaði (t.d. upplýsingar varðandi verð og verðþróun, aðgangshindranir á markaði fyrir nýja birgja o.s.frv.).

5. Setjið fram sjónarmið yðar varðandi landfræðilegt umfang meints brots og útskýrið, þar sem það er ekki augljóst, að hve miklu leyti sú háttsemi, sem kvartað er yfir, kann að hafa áhrif á viðskipti á milli aðildarríkja EB eða á milli Bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja eða milli EFTA-ríkjanna.

III. Niðurstöður fengnar frá Eftirlitsstofnun EFTA og lögmætir hagsmunir

6. Útskýrið hvaða niðurstöðu eða aðgerðum óskað er eftir að málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA skili.

7. Setja skal fram ástæður sem liggja að baki kröfunni um lögmæta hagsmuni skv. 7. gr. II. kafla. Einkum skal gera grein fyrir því á hvern hátt háttsemin, sem kvörtun er lögð fram gegn, hefur áhrif á þann sem kvartar og, álit á því hvernig afskipti Eftirlitsstofnunar EFTA væru líkleg til að bæta meint kvörtunarmál.

IV. Málsmeðferð fyrir innlendum samkeppnisyfirvöldum eða innlendum dómstólum

8. Veita skal allar upplýsingar um það hvort leitað hafi verið til einhverra annarra samkeppnisyfirvalda varðandi sama málefni og/eða hvort málinu hafi verið vísað til innlends dómstóls. Ef sú er raunin skal veita allar upplýsingar um stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvaldið sem leitað var til og um það hvaða gögn hafi verið lögð fyrir slíkt yfirvald.

Yfirlýsing þess efnis að upplýsingarnar, sem koma fram á þessu eyðublaði og í viðaukum við það, séu veittar í góðri trú.

Dagsetning og undirskrift

“

Fylgiskjal VII.

Davíð Þór Björgvinsson,
prófessor:

Álitsgerð
um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana í tilefni af innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003.

(Reykjavík, 30. október 2004.)

1. Inngangur.

Utanríkisráðherra hefur óskað eftir lögfræðilegri álitsgerð um stjórnskipuleg álitamál varðandi innleiðingu reglugerðar ráðins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Reglugerð þessi var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 24. september 2004. Upptaka reglugerðarinnar í EES-samninginn hefur í för með sér að nauðsynlegt er að gera breytingar á samkeppnislögum nr. 8/1993. Er gert ráð fyrir þessum breytingum í frumvarpi til nýrra samkeppnislaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Það er eingöngu 27. gr. frumvarpsins sem kemur til skoðunar í þessari álitsgerð.[1]

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

> Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar. Dómstóllinn getur í þessu skyni frestað meðferð málsins.
>
> Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á heimild dómstóls til að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins skv. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins segir þetta:

> Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 1. mgr. 16. gr. bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, svo og 1. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 53. og 54. gr. EES-samningsins, og eru sett til að tryggja samræmi í beitingu þeirra alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.
>
> Þegar dómstóll fellir úrskurð eða kveður upp dóm um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrskurður hans eða dómur ekki brjóta í bága við þá ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin hefur tekið. Hann skal enn fremur forðast að fella úrskurð eða kveða upp dóma sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin kann að taka í máli sem hún hefur tekið til meðferðar. Dómstóll getur í þessu skyni ákveðið að fresta meðferð málsins fyrir dóminum. Ákvæði greinarinnar taka ekki til almennra lögskýringa Eftirlitsstofnunarinnar heldur einungis ákvörðunarorða hennar í viðkomandi máli. Dómstóll getur þó, meðan á málsmeðferð stendur, beðið um ráðgefandi álit hjá EFTA-dómstólnum á grundvelli 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Af tilvitnuðu ákvæði verður ráðið að verði það að lögum verða ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli 53. og 54. gr. EES-samningsins *bindandi* fyrir íslenska dómstóla.

---

[1] Álitsgerð þessi tók upphaflega mið af drögum að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga, dags. 30. september 2004. Ýmsar tæknilegar breytingar hafa síðan þá verið gerðar á texta 27. gr. frumvarpsins og athugasemdum í greinargerð. Álitsgerðin í þeirri mynd sem hún birtist hér tekur mið af þeim breytingum. Þær breyta þó engu um meginniðurstöður álitsgerðarinnar.

Athugasemdir í greinargerð um að „almennar lögskýringar“ Eftirlitsstofnunarinnar séu ekki bindandi breytir því ekki. Þá er íslenskum dómstól jafnframt óheimilt að kveða upp úrskurð eða dóm sem er andstæður ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að taka. Í reynd merkir þetta líklega að dómstóll getur ekki lokið málinu fyrr en ákvörðun stofnunarinnar liggur fyrir.

Þá er vert að hafa í huga að skv. 56. gr. EES-samningsins er einnig gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórn EB geti átt lögsögu í málum þar sem reynir á beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þótt ekki sé það tekið fram í 27. gr. frumvarpsins er gengið út frá því hér að íslenskir dómstólar verði með hliðstæðum hætti bundnir af ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB þegar mál á undir hana, sbr. og nánar 56. gr. EES-samningsins.[2] Einnig er bent á b-lið 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins, en þar er gert ráð fyrir að unnt sé að skjóta ákvörðunum ESA á sviði samkeppni til EFTA-dómstólsins. Samsvarandi gildir um heimild til að skjóta ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar til dómstóls EB. Þótt ekkert sé tekið fram um þetta í 27. gr. frumvarpsins er eðlilegt að skilja ákvæðið svo að hafi máli verið skotið til þessara dómstóla og niðurstaða liggur fyrir verði ákvörðun þeirra með sama hætti bindandi fyrir íslenska dómstóla. Þá gildi enn fremur fyrirvarinn um ákvarðanir sem þessar stofnanir kunna að taka með sama hætti og þegar Eftirlitsstofnun EFTA á í hlut. Þetta verður einnig ráðið af ákvæðum VII. kafla frumvarpsins í heild, sem hefur m.a. að geyma ákvæði um framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt EES-samningnum, sbr. einkum ákvæði 24. gr. frumvarpsins þar sem skýrlega er gert ráð fyrir þessu. Þessi skilningur er raunar staðfestur í greinargerð í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins og er á honum byggt í þessari álitsgerð.

Aftur á móti er óljósara hvaða ályktanir ber að draga af 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins um ráðgefandi álit þar sem fram kemur að ákvæðið breyti engu um heimild skv. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 34. gr. er aldrei skylt að leita ráðgefandi álits og er orðalag frumvarpsgreinarinnar í samræmi við það. Þá eru slík ráðgefandi álit aldrei bindandi þótt eftir því hafi verið óskað. Til samanburðar er dómstólum aðildarríkja sambandsins stundum skylt að leita forúrskurðar skv. 234. gr. EB og forúrskurður er ávallt bindandi ef eftir honum hefur verið óskað, hvort sem það var skylt eða ekki. Varðandi skýringu 27. gr. frumvarpsins vaknar einkum sú spurning hvernig með skuli fara ef ósamræmi verður milli ákvörðunar ESA sem 27. gr. vísar til og ráðgefandi álits sem leitað er eftir vegna sama máls, sem 27. gr. gerir ráð

---

[2] Ákvæðið hljóðar svo:

„1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a. eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

b. með fyrirvara um c-lið skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

c. framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.

2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.

4. Hugtökin „fyrirtæki“ og „velta“ eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.“

fyrir að unnt sé að leita eftir. Einkum vaknar sú spurning hvort líta beri svo á að ráðgefandi álit verði bindandi við þessar aðstæður. Í því sambandi skiptir máli að niðurlag ákvæðisins byggist orðrétt á samningnum um breytingar á bókun 4 við ESE-samninginn og á sér fyrirmynd í orðalagi 16. gr. reglugerðar nr. 1/2003. Forsaga þessa ákvæðis er að í niðurstöðum EB-dómstólsins í *Delimitis*-málinu og *Masterfoods*-málinu[3] segir að innlendur dómstóll geti leitað eftir forúrskurði EB-dómstólsins, telji hann vafa leika á réttmæti niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnismáli. Niðurlag 27. gr. frumvarpsins virðist því eiga að skilja svo að unnt sé að leita ráðgefandi álits m.a. ef dómstóll telur vafa leika á réttmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismáli. Þetta sýnist eiga að leiða til þeirrar niðurstöðu að sé ósamræmi milli ákvörðunar Eftirlitsstofnunarinnar og ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins geti ákvörðunin ekki verið bindandi og dómstól sem óskar eftir áliti beri þá að fylgja álitinu, þótt svo eigi að heita að það sé aðeins ráðgefandi. Af ákvæðinu sjálfu verður þó ekki með vissu ráðið hvernig ber að skilja þetta. Í greinargerð segir í athugasemdum við 27. gr. að álitið verði ekki bindandi við þessar aðstæður, en á hinn bóginn væri dómstól alltaf rétt að leggja niðurstöðu EFTA-dómstólsins til grundvallar ef ósamræmi er milli hennar og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA. Í þessu sambandi er þó vert að benda á að í öllu falli er heimilt að skjóta ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA til EFTA-dómstólsins og sú niðurstaða verður bindandi fyrir íslenska dómstóla. Af þessum sökum er ekki talið að þessi álitamál sem tengjast ráðgefandi álitum við þessar aðstæður hafi í reynd sérstaka þýðingu fyrir niðurstöður álitsgerðarinnar, að öðru leyti en því að undirstrika þá sérstöðu sem 27. gr. frumvarpsins hefur.

Álitaefnið sem fjallað er um þessari álitsgerð er nánar það hvort það rúmist innan valdheimilda löggjafans að mæla svo fyrir að íslenskir dómstólar skuli bundnir af ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar EB, EFTA-dómstólsins og dómstóls EB þegar þeir beita 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Þótt álitaefnið sé þannig nokkuð afmarkað er engu að síður eðlilegt að setja það í samhengi við almenna umræðu um framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana og þau lagaviðhorf sem talin verða eiga við í þeim efnum á Íslandi. Í því sambandi er þess að geta að allt frá því frumvarp til laga um EES-samninginn, sbr. nú lög nr. 2/1993, var lagt fram á Alþingi hafa umræður um það hvort samningurinn eða einstök ákvæði hans séu samrýmanleg íslensku stjórnarskránni verið nokkuð líflegar. Mikilvægur grundvöllur að þeirri umræðu var álit sem þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, lét semja um þetta efni.[4] Þá urðu nokkrar umræður um þetta efni vegna ráðagerða um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Einnig af því tilefni lét þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, semja tvær álits-

---

[3] Mál C-234/89 *Delmitis* [1991] ECR I-935 og mál C-344/98 *Masterfoods* [1991] ECR I-11369.

[4] Álitið var samið af nefnd sem í sátu Þór Vilhjálmsson, páv. hæstaréttardómari, Gunnar G. Schram, páv. lagaprófessor, Stefán Már Stefánsson, lagaprófessor og Ólafur Walter Stefánsson, páv. skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Álitið er prentað í *Alþingistíðindum* A, 1992 (þingskjal nr. 30, fylgiskjal I), bls. 682–713.

gerðir um þetta efni.[5] Álitsgerðir þessar og niðurstöður þeirra hafa þýðingu fyrir það álitaefni sem hér er til skoðunar.

Álitaefni það sem hér er til umfjöllunar tengist því allvíðtækri lögfræðilegri og pólitískri umræðu um heimildir til framsals ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Hafa fræðimenn m.a. lagt nokkuð til þeirrar umræðu.[6] Því hefur verið tekinn sá kostur að fjalla í þessari álitsgerð einnig um almennari viðhorf í þessum efnum enda verða þau sjónarmið sem fram hafa komið talin hafa talsverða þýðingu fyrir það sérgreinda álitaefni sem hér er til umfjöllunar, m.a. í því skyni að greina réttarstöðuna á Íslandi í þessu efni og einnig til þess að meta hvaða svigrúm löggjafinn kanna að hafa til framsals ríkisvalds að óbreyttum stjórnlögum.

Álitsgerð þessi er að öðru leyti þannig upp byggð að fyrst verður gerð grein fyrir meginefni þeirra breytinga sem felast í reglugerð nr. 1/2003. Þá verður gerð grein fyrir þeirri sérstöðu sem 27. gr. frumvarpsins hefur í samanburði við þau ákvæði EES-samningsins sem talin hafa verið fela í sér framsal ríkisvalds. Þá verður fjallað nokkuð með almennum hætti um fullveldishugtakið, enda er það jafnan fyrirferðarmikið í umræðu um mögulegar heimildir löggjafans til að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Tilgangurinn með því er m.a. sá að færa rök fyrir því að þótt ætla verði að í ákvæðum stjórnarskrárinnar felist sú forsenda að Ísland sé fullvalda ríki leysir það ekki sjálfkrafa úr þeim stjórnskipulegu álitamálum sem hér eru til skoðunar. Í framhaldi af því verður fjallað nokkuð um hin almennu lögfræðilegu og réttarpólitísku rök sem telja verður mikilvæg við úrlausn þessa álitaefnis. Þá verður gerð grein fyrir fræðikenningum og lagaframkvæmd á Íslandi um þetta efni. Í framhaldi af því verður rökstudd sú skoðun að í gildi sé regla að íslenskum rétti sem heimilar hinum almenna löggjafa takmarkað framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í niðurstöðum álitsgerðarinnar er síðan lagt mat á það hvort það framsal ríkisvalds sem telja verður að felist í 27. gr. frumvarpsins rúmist inna þeirra heimilda sem löggjafinn er talinn hafa samkvæmt framangreindri reglu.

---

[5] Höfundar álitsgerðanna voru Stefán Már Stefánsson, Viðar Már Matthíasson og Davíð Þór Björgvinsson. Álitsgerðirnar eru prentaðar sem fylgiskjöl með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. *Alþingistíðindi* A 1999 (þskj. 240) (Álitsgerðirnar er að finna á bls. 1952–1983 og 1983–1994). Þá komu álitamál þessu tengd upp í tengslum við frumvarp til laga um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, sbr. nú lög nr. 43/2001, einkum í tengslum við 1. mgr. 27. gr. samþykktarinnar, þótt það sé nokkuð annars eðlis og skipti ekki máli fyrir þessa álitsgerð.

[6] Af skrifum fræðimann í lögfræði má nefna: Ólafur Jóhannesson: Stjórnarskráin og þátttaka Íslands í alþjóðastofnunum. Tímarit lögfræðinga 1. hefti 1962, bls. 1–27; Gunnar G. Schram: Framsal ríkisvalds til Evrópubandalagsins. *Ármannsbók. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr.* Reykjavík, 1989, bls. 219–247; Guðmundur Alfreðsson: Um EES og stjórnarskrána (16. ágúst 1992). *Alþt.* A 1992–1993 (þskj. 30 fylgiskjal III), bls. 737–758; Björn Þ. Guðmundsson: Stjórnarskráin og EES (22. júlí 1992). *Alþt.* A 1992–1993 (þskj. 30, fylgiskjal), bls. 714–736; Davíð Þór Björgvinsson: (i) *Morgunblaðinu* 5. júlí 1992 undir fyrirsögninni: Stjórnarskráin og EES. *Morgunblaðið* 5. júlí 1992; (ii) EES og framsal ríkisvalds. *Afmælisrit. Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júlí 2000*, Reykjavík 2000, bls. 77–109; (iii) Stjórnarskrárákvæði um framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðastofnana. *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (Lagadeild). Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003. Ritstjóri Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 213–228; (iv) Stjórnarskráin og framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana. *Morgunblaðið* 9. mars 2003; Sigurjón Ingvason: EES-samningurinn og stjórnarskráin. *Úlfljótur* 3. tbl. 1992, bls. 247–262; Kristrún Heimisdóttir: Stjórnarskrárbundið fullveldi Íslands. *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 2003, bls. 19–60. Stefán Már Stefánsson: EES-samningurinn og stjórnarskráin. *Morgunblaðið* 13. október 1998.

2. Nánar um 27. gr. frumvarpsins.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að breytingar þær sem hér er fjallað um komi til vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd þeirra samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans um EB. Hið almenna markmið breytinga þeirra sem felast í reglugerð nr. 1/2003 er að draga úr miðstýringu stofnana sambandsins á sviði samkeppnismála og færa valdheimildir á því sviði til samkeppnisyfirvalda og dómstóla aðildarríkjanna. Reglugerð þessi hefur verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, eins og fyrr segir. Af upptöku reglugerðarinnar leiðir að gera þarf breytingar á ákvæðum samkeppnislaga þar sem innleiðing hennar hefur í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við EES-samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem nauðsynlegt er talið að lögfesta. Segir síðan í athugasemdunum að valdheimildir aðila séu taldar nægilega skýrar og afmarkaðar til að þær standist kröfur íslensks réttar. Ætla verður að í þessari athugasemd felist sú afstaða höfunda frumvarpsins að lögfesting þess samrýmist íslenskum stjórnarskipunarlögum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur einnig fram að meginbreytingin sem felst í upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn sé sú að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum fái heimild til að beita samkeppnisákvæðunum fullum fetum, en hingað til hefur túlkun þeirra og beiting verið á forræði Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Segir enn fremur að á grundvelli þessara breytinga verði íslenskum samkeppnisyfirvöldum heimilt og skylt að afgreiða ákveðin mál á grundvelli 53. og 54. gr. EES-samningsins hér á landi.

Af athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins sérstaklega er ljóst að í frumvarpinu birtist sú ráðagerð að hendur íslenskra dómstóla verði við ákveðnar aðstæður bundnar vegna ákvarðana alþjóðlegrar stofnunar (Eftirlitsstofnunar EFTA). Þá er einnig vakin athygli á að ákvæði 27. gr. tekur einnig til EFTA-dómstólsins, framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og dómstóls EB, sbr. nánar það sem fram kemur í inngangskafla.

Ekkert fyllilega sambærilegt ákvæði er að finna í íslenskum lögum, eins og rökstutt verður frekar í næsta kafla. Þó er skylt að geta þess að samkvæmt EES-samningnum, sbr. 110. gr., hafa Eftirlitsstofnun EFTA, EFTA-dómstóllinn, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og dómstóll EB heimild til að taka ákvarðanir á grundvelli 53. og 54. gr. EES-samningsins, sem geta verið bindandi fyrir íslenska aðila og enn fremur eru ákvarðanir þessara aðila fullnustuhæfar hér á landi án nokkurs atbeina íslenskra dómstóla, enda hafa þeir ekki hingað til haft lögsögu til að leysa úr málum á grundvelli nefndra ákvæða EES-samningsins.[7]

---

[7] Hér er þess þó að geta að íslenskir dómstólar hafa beitt ákvæðum IV. hluta (53.–65. gr.) kafla EES-samningsins, þótt EES-samningurinn geri ekki ráð fyrir að þeir hafi til þess lögsögu, sbr. *H.1998, 4406*. Í málinu var því m.a. haldið fram af hálfu stefnanda að álagning og ráðstöfun iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 76/1987 fæli í sér ríkisstyrk sem andstæður væri 61. gr. EES-samningsins. Í héraðsdómi var fjallað rækilega um þessa málsástæðu stefnanda og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri um óheimila ríkisaðstoð að ræða í skilningi 61. gr. samningsins. Í dómi Hæstaréttar er niðurstaða héraðsdóms um þetta atriði staðfest með vísan til forsendna héraðsdóms. Hér má vísa til dóms EFTA-dómstólsins í máli E-1/00 *Lánasýsla ríkisins* gegn *Íslandsbanka-FBA hf.* REC 2000–2001, 8. Þar var m.a. spurt um það hvort ríkisstyrkur fælist í lögunum um ríkisábyrgð. Segir að vissulega geti verið um ríkisstyrk að ræða, en aftur á móti bresti dómstóla í aðildarríkjunum hæfi til að lýsa ríkisaðstoð, sem EFTA-ríki veita, andstæða EES-samningnum. Af þessu má vera ljóst að annaðhvort ber að skilja dóm Hæstaréttar þannig að íslenskir dómstólar áskilji sér lögsögu í slíkum málum þrátt fyrir að EES-samningurinn geri ekki ráð fyrir því, eða eftir atvikum að dómurinn sé byggður á misskilningi.

Það var nokkuð álitaefni í tilefni af lögfestingu EES-samningsins hvort þetta samræmdist stjórnarskránni. Í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 var þetta þó talið samræmast henni. Var sá skilningur lagður til grundvallar við afgreiðslu frumvarps til laga nr. 2/1993 á Alþingi.

3. Sérstaða 27. gr. frumvarpsins.

Hafa verður í huga að í þeim breytingum sem ráðgerðar eru felst í reynd að vald, sem nú er alfarið á hendi Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, er að vissu marki fært til innlendra samkeppnisyfirvalda og dómstóla. Þótt hendur íslenskra dómstóla séu að nokkru bundnar við úrlausn mála er í vissum skilningi gengið skemmra í framsali valds en samkvæmt þeim reglum sem nú gilda þar sem ákvarðanir þessara stofnana eru bindandi fyrir innlenda aðila og fullnustuhæfar án nokkurs annars atbeina innlendra aðila. Sú ályktun kann því að virðast nærtæk að ákvæði 27. gr. frumvarpsins rúmist innan þess framsals sem þegar hefur verið talið heimilt á grundvelli EES-samningsins. Vegna sérstöðu sem ákvæði 27. gr. frumvarpsins hefur að öðru leyti verður þó ekki talið að þetta atriði eitt og sér leysi úr því álitaefni sem hér liggur fyrir.

Hér að framan er bent á að samkvæmt EES-samningnum eru ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins á sviði samkeppnismála fullnustuhæfar í aðildarríkjum samningsins. Um leið hafa íslenskir dómstólar ekki haft lögsögu til að leysa úr málum á grundvelli 53. og 54. gr. samningsins. Með þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar fá íslenskir dómstólar slíkar heimildir. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að dómstólar verði bundnir við ákvarðanir sem Eftirlitsstofnun EFTA (og framkvæmdastjórnin, EFTA-dómstóllinn og dómstóll EB) hefur tekið í sama máli, sbr. nánar ákvæði greinarinnar. Þar með hefur 27. gr. frumvarpsins talsverða sérstöðu þar sem hendur íslenskra dómstóla verða bundnar við úrlausnir stofnunarinnar í málum þar sem þeir annars hafa lögsögu.

Þótt hér sé í ákveðnum skilningi verið að færa innlendum aðilum valdheimildir sem þeir höfðu ekki áður verður þetta engu að síður talið jafngilda því að dómsvald í íslenskum málum verði að vissu marki framselt til alþjóðastofnunar eða það a.m.k. takmarkað vegna ákvarðana stofnunarinnar. Vegna skilyrða sem byggt er á í EES-samningnum um að samráð fyrirtækja eða misnotkun markaðsráðandi stöðu hafi áhrif á hinum sameiginlega markaði og vegna krafna um ákveðna veltu fyrirtækjanna, sbr. nánar 56. gr. EES-samningsins, eru í reynd ekki líkur á að oft geti á þetta reynt þegar íslensk fyrirtæki eiga í hlut. Það hefur þó ekki beina þýðingu fyrir það sértæka lögfræðilega álitamál sem hér er til skoðunar, þótt það geti skipt máli við pólitískt mat á því hver verði þýðing þessara breytinga í reynd.

Í íslenskum lögum er ekki að finna ákvæði sem með sama hætti takmarkar dómsvald íslenskra dómstóla og bindur hendur þeirra með formlegum hætti við úrlausn máls sem þeir hafa annars lögsögu til að dæma í. Viðurkenning á fullnustuhæfi erlendra stjórnvaldsúrskurða eða dóma er annars eðlis þar sem þær fela í sér viðurkenningu á fullnustuhæfi stjórnvaldsákvarðana sem alfarið eru teknar af erlendum stjórnvöldum samkvæmt þeim reglum sem gilda í viðkomandi ríki eða dómum sem kveðnir er upp af dómstólum í öðru ríki, án nokkurs atbeina íslenskra aðila. Í íslenskri löggjöf eru mörg dæmi þess að löggjafinn hafi veitt erlendum úrlausnum fullnustuhæfi og eru skilyrðin fyrir slíkri viðurkenningu eða rökin fyrir henni mismunandi í hverju tilviki. Ákvæði af þessu tagi hafa þó aldrei verið túlkuð þannig að þau takmörkuðu sjálfstæði innlendra dómstóla í málum sem þeir annars eiga lögsögu í. Það hefur m.ö.o. ekki verið litið svo á að þau skertu sjálfstæði dómsvaldsins á Íslandi þannig að sérstök stjórnskipuleg vandkvæði sköpuðust. Þetta felur einfaldlega í sér að lögmætum ákvörðunum stjórnvalda eða dómstóla í öðrum löndum verður framfylgt á Íslandi að tilteknum skilyrðum uppfylltum, rétt eins og innlendum stjórnvaldsákvörðunum og dómum. Ef ágreiningur risi

aftur á móti um það hvort tilteknar ákvarðanir frá erlendum aðilum eða dómar væru í reynd fullnustuhæfar hér á landi er unnt að bera slíkan ágreining undir íslenska dómstóla. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins snertir aftur á móti með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins þar sem dómari verður bundinn af ákvörðun annars aðila (Eftirlitsstofnunar EFTA) þegar hann kveður upp sinn dóm. Sú tegund framsals sem í ákvæðinu felst er því nýmæli í íslenskum lögum, án þess að með því sé í sjálfu sér tekin afstaða til þess hvort ákvæðið gengur lengra eða skemmra í framsali ríkisvalds til alþjóðastofnana en áður hefur verið talið rúmast innan stjórnarskrárinnar. Það þarfnast því sérstakrar skoðunar hvort það framsal til alþjóðastofnunar á dómsvaldi sem í þessu verður talið felast samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Til að varpa frekara ljósi á þau nýmæli sem í 27. gr. frumvarpsins felast er þarft að rifja upp ýmis sjónarmið um meðferð dómsvalds og framsal þess sem fram komu í samningaviðræðunum um EES-samninginn og í umræðum um samræmi hans við íslensku stjórnarskrána. Þá komu þessi sjónarmið að nokkru einnig fram í álitsgerðum um Schengen-samstarfið. Þau sýna að mikil áhersla var lögð á þá grundvallarþýðingu sem sjálfstæði innlends dómsvalds var talið hafa.

Í samningaviðræðunum um EES-samninginn kom mjög skýrt fram það sjónarmið af hálfu Íslands, Noregs, Sviþjóðar og Finnlands að fundin yrði leið til að tryggja þessum ríkjum aðgang að sameiginlegum markaði á sviði fjórfrelsisins án þess að þeim yrði gert að framselja ríkisvald umfram stjórnskipulegar heimildir. Niðurstöður samningaviðræðnanna og ákvæði samningsins sem lúta að meðferð dómsvalds bera þessa glöggt merki. Þrjú atriði er vert að nefna í þessu sambandi, þ.e. ráðgefandi álit skv. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE), 6. gr. EES-samningsins og 3. gr. ESE, og 107. gr. EES-samningsins, sbr. bókun 34. Umfjöllun um þessi atriði sýnir glöggt að mikil tregða var til þess að fallast á að hendur dómsvaldsins í EFTA-ríkjunum yrðu bundnar umfram það sem talið var samræmast stjórnarskrám þeirra.

Ráðgefandi álit.

Fyrst má nefna ákvæði samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um ráðgefandi álit, sbr. einkum 34. gr. ESE. Fyrirmynd 34. gr. ESE er að finna í 234. gr. EB (áður 177. gr.). Í því ákvæði er dómstól EB fengið vald til að kveða upp *forúrskurði* varðandi túlkun samningsins og ákvæða EB-réttar sem af honum leiðir. Í 2. mgr. 234. gr. segir að komi álitaefni af þessu tagi upp fyrir dómstóli í aðildarríki EB *geti* sá dómstóll, ef hann telur að úrskurður um álitaefnið sé nauðsynlegur áður en dómur er kveðinn upp, óskað úrskurðar dómstóls EB um túlkun ákvæðisins. Í 3. mgr. segir síðan að komi slíkt álitaefni upp fyrir dómstól í aðildarríki og úrlausn þess sætir ekki málskoti samkvæmt landslögum *skuli* vísa málinu til dómstóls EB.

Tilgangurinn að baki 234. gr. EB er að tryggja samræmda skýringu og beitingu EB-réttarins í aðildarríkjum bandalagsins. Mismunandi skýring og beiting reglnanna í einstökum aðildarríkjum var talin til þess fallin að vinna gegn þeirri samræmingu löggjafar á ákveðnum sviðum sem að er stefnt með samstarfinu á sviði fjórfrelsisins. Frá þessu sjónarmiði má segja að framkvæmd ákvæðisins feli í sér eins konar samvinnu milli dómstóls EB og dómstóla aðildarríkja bandalagsins, samvinnu sem miði að því að markmið þess efnahagslega og viðskiptalega samstarfs, sem stofnsáttmálar mæla fyrir um, náist. Forúrskurðir eru mjög mikilvægur þáttur í starfsemi dómstóls EB og hefur dómstóllinn sett fram margar af grundvallar-

reglum EB-réttarins í slíkum úrskurðum.[8] Til eru umfangsmikil fræðiskrif um forúrskurði dómstóls EB og er ekki ástæða til að fjalla ítarlega um það úrræði hér. Fyrir efni þessarar álitsgerðar nægir að nefna eftirtalin meginatriði: (i) Dómstólum aðildarríkja bandalagsins er stundum skylt að leita forúrskurðar dómstóls EB. Skv. 3. mgr. 234. gr. EB er skylt að leita forúrskurðar þegar álitaefni um skýringu EB-réttar koma upp í máli sem rekið er fyrir dómstól á síðasta dómstigi, þ.e. dómstól sem kveður upp dóma sem verður ekki áfrýjað. (ii) Í öðrum tilvikum er dómstólum aðildarríkjanna heimilt að leita forúrskurðar og er það meginreglan, sbr. 2. mgr. 234. gr. EB. (iii) Forúrskurðir eru alltaf *bindandi* þegar eftir þeim hefur verið leitað, hvort sem það var skylt eða ekki. Dómstól, sem leitað hefur forúrskurðar, ber því að leggja skýringu dómstóls EB á EB-reglum til grundvallar dómi.

Ákvæði 34. gr. ESE stefnir að sama markmiði og forúrskurðir dómstóls EB. Úrræðinu sem ákvæðið mælir fyrir um er ætlað að stuðla að því að eitt af höfuðmarkmiðum EES-samningsins um samræmda beitingu og skýringu EES-reglna í EFTA-ríkjunum, og raunar öllu Evrópska efnahagssvæðinu, náist. Hér er því um að ræða skýra hliðstæðu við 234. gr. EB. Ráðgefandi álit eru þó frábrugðin forúrskurðum skv. 234. gr. EB í nokkrum mikilvægum atriðum, en aðeins tvö af þeim skipta máli fyrir þessa álitsgerð.

Í fyrsta lagi felur 34. gr. ESE aðeins í sér *heimild* fyrir dómstól EFTA-ríkis til að leita eftir ráðgefandi áliti hjá EFTA-dómstólnum. Dómstólum EFTA-ríkja er m.ö.o. aldrei skylt að leita eftir slíku áliti. Aftur á móti gerir 3. mgr. 234. gr. EB ráð fyrir að dómstól aðildarríkis sé *skylt* að leita forúrskurðar EB-dómstólsins ef um er að ræða dómstól sem kveður upp dóma sem ekki er hægt að skjóta til æðra dóms. Í öðrum tilfellum er um að ræða heimild, sbr. 2. mgr. 234. gr. Í öðru lagi eru álit EFTA-dómstólsins skv. 34. gr. ESE aðeins *ráðgefandi* fyrir dómstól EFTA-ríkis, á meðan forúrskurðir EB-dómstólsins eru *bindandi*, hvort sem um hann er beðið á grundvelli 2. eða 3. mgr. 234. gr. EB.

Fyrir efni þessarar álitsgerðar skiptir það mestu máli að í undirbúningsviðræðunum fyrir EES-samninginn var rædd þörfin á því að kveða á um úrræði í EES-samningnum sem væri sambærilegt við forúrskurði. Var þá einkum haft í huga að slík álitsumleitan yrði bindandi fyrir dómstóla EFTA-ríkjanna. Frá þeim ráðagerðum var hins vegar horfið þar sem talið var að slíkt fyrirkomulag kynni að vera andstætt stjórnarskrá einstakra EFTA-ríkja. Í álitsgerð nefndar utanríkisráðherra frá 1992 þar sem fjallað er um ráðgefandi álit er lögð sérstök áhersla á að hvorki sé skylt að leita ráðgefandi álita né væru þau bindandi, þótt eftir þeim sé óskað. Af þeim sökum var í álitsgerðinni ekki talið að ákvæðið um ráðgefandi álit hefði sérstök stjórnskipuleg vandkvæði í för með sér.[9] Í 27. gr. frumvarpsins er aftur á móti gert ráð

---

[8] Um forúrskurði sjá t.d. Stefán Má Stefánsson: *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (2000), einkum bls. 1011–1035; Brown og Jacobs: *The Court of Justice of the European Communities* (2000), bls. 204–245; Weatherhill og Beaumont: *EU Law* (1999), bls. 314–356; Johansson og Westman-Clément: EFTA-domstolens rådgivande yttranden (1994), bls. 23–38; Magnussen: Norske domstolers foreleggelse av tolkningsspørsmål for EFTA-domstolen (1999), bls. 196–215; Bungum: Norske domstolers rett til å stille prjudisielle spørsmål ved fortolkning av EØS- eller EU-rett (1995), bls. 329–343. Einnig Davíð Þór Björgvinsson. Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. *Tímarit lögfræðinga* 1995.

[9] Þess að geta að Hæstiréttur Íslands hefur einu sinni leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, sbr. Mál E-5/1998 *Fagtún ehf.* gegn *Byggingarnefnd Borgarholtsskóla, íslenska ríkinu, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ*. REC, 1999, 51. Þá hefur rétturinn jafnframt í einu tilfelli staðfest úrskurð héraðsdómara um að leita slíks álits, en breytt spurningunum sem óskað var álits á, sbr. Mál E-1/00 *Lánasýsla ríkisins* gegn *Íslandsbanka-FBA* hf. REC 2000–2001, 8. Þá hefur Hæstiréttur oftar en einu sinni haft hliðsjón af slíkum álitum við úrlausn ágreiningsmála þar sem reynt hefur á skýringu og beitingu EES-reglna. Verður því að ætla að í lagaframkvæmd hafi dómstólar hér á landi fallist á niðurstöður álitsins að þessu leyti. Það breytir ekki þeirri

fyrir að íslenskir dómstólar verði bundnir af ákvörðunum tiltekinna stofnana við ákveðnar aðstæður. Þótt ekki sé þar um ráðgefandi álit að ræða er þessi ráðagerð sem fram kemur í 27. gr. frumvarpsins ósamrýmanleg þeirri hugmynd og forsendum sem ákvæðin um ráðgefandi álit eru byggð á og þeim röksemdum sem m.a. voru færðar fram fyrir því að þau samrýmdust stjórnarskránni.

Ákvæði 6. gr. EES og 3. gr. ESE.

Einnig er hér ástæða til að geta um 6. gr. EES-samningsins og 1. og 2. mgr. 3. gr. ESE. Í 6. gr. EES-samningsins segir:

> Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.

Í 1. og 2. mgr. 3. gr. ESE segir:

> 1. Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða bókana 1 til 4 og ákvæða í gerðum samsvarandi þeim sem skráðar eru í I. og II. viðauka við samning þennan, að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins, þó að því tilskildu að ákvæðin séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.[10]
>
> 2. Við túlkun og beitingu EES-samningsins og samnings þessa skulu eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn taka tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í viðkomandi úrskurðum dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðnir eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins og varða túlkun þess samnings eða reglna í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, að því tilskildu að þær séu efnislega samhljóða ákvæðum EES-samningsins eða ákvæðum bókana 1–4, svo og ákvæðum gerða samsvarandi þeim sem skráðar eru í I. og II. viðauka við samning þennan.

Ákvæði 6. gr. EES og 1. og 2. mgr. 3. gr. ESE hafa að markmiði, ásamt ýmsum öðrum ákvæðum EES-samningsins, að tryggja samræmi í framkvæmd, beitingu og skýringu sameiginlegra reglna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.[11] Í umræðum um stjórnarskrána og EES var nokkuð fjallað um þýðingu 6. gr. EES og 3. gr. ESE. Niðurstaðan af því var sú að ákvæðin hefðu ekki sérstök stjórnskipuleg vandkvæði í för með sér vegna þess að dómar EB-dómstólsins væru ekki bindandi, heldur væru þeir lögskýringargögn sem hafa ætti hliðsjón af við skýringu og beitingu EES-samningsins. Hér er eingöngu lýst þeim skilningi sem lagður var til grundvallar þeirri niðurstöðu að ákvæði 6. gr. EES ylli ekki sérstökum stjórnskipulegum vandkvæðum. Á hinn bóginn mætti hafa langt mál um það hvort og að hvaða marki fordæmi eru samt sem áður bindandi í reynd, þ.m.t. fordæmi dómstóls EB, en íslenskir

---

niðurstöðu þótt komið hafi fyrir að Hæstiréttur hafi hafnað því að leita ráðgefandi álits, enda aðrar ástæður tilgreindar fyrir því sem varða ekki efni þessarar álitsgerðar.

[10] Í tilvitnuðum bókunum er að finna ákvæði sem varða störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA vegna bókunar 1 við EES-samninginn. Enn fremur ákvæði um störf hennar og valdsvið á sviði opinberra innkaupa, ríkisaðstoðar og samkeppni. Í viðaukum I og II er að finna tilvísanir til tiltekinna gerða EB sem varða eftirlit með reglum um ríkisaðstoð og samkeppni.

[11] Um hugtakið „einsleitni“ sjá t.d. Stefán Má Stefánsson *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (2000), einkum bls. 122–129; Dóra Guðmundsdóttir: Getur dómstólum borið skylda til ...? (2000), bls. 111 og Norberg o.fl. *EEA Law* (1993), bls. 192 og áfr.

fræðimenn hafa fjallað nokkuð um það málefni.[12] Hér skiptir mestu máli sú forsenda þegar stjórnskipulegt gildi 6. gr. var metið, að fordæmin væru ekki bindandi. Þótt 27. gr. frumvarpsins sé vissulega annars eðlis er það ákvæði einnig ósamrýmanlegt þeirri hugmynd og forsendum sem ákvæði 6. gr., sbr. og einnig 3. gr. ESE, er reist á og þeim röksemdum sem m.a. voru færðar fram fyrir því að það samrýmdist stjórnarskránni.

Ákvæði 107. gr. EES-samningsins og bókunar 34.

Í 107. gr. EES er að finna ákvæði sem vísar til bókunar 34 við EES-samninginn þar sem EFTA-ríkjunum er gefinn kostur á að heimila dómstólum sínum að biðja dómstól EB að taka ákvörðun um túlkun EES-reglu. Í bókun 34 segir nánar að þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningnum, sem að efni til eru eins og ákvæði í stofnsáttmálum Evrópubandalagsins, með áorðnum breytingum eða viðbótum, eða gerðum sem samþykktar hafa verið samkvæmt honum, í máli sem er fyrir dómstóli eða rétti í EFTA-ríki, geti dómstóllinn eða rétturinn, telji hann það nauðsynlegt, beðið dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun í slíku máli. Þá kemur einnig fram í bókuninni að hyggist EFTA-ríki nýta sér þessa bókun skuli tilkynna vörsluaðila og dómstóli Evrópubandalaganna að hve miklu leyti og með hvaða hætti bókunin muni gilda um dómstóla og rétti þess.

Með ákvæðum 107. gr. EES og bókunarinnar er þeirri leið haldið opinni að dómstólar EFTA-ríkjanna geti leitað bindandi forúrskurðar frá dómstól EB. Það er aftur á móti undir sérstakri ákvörðun einstakra EFTA-ríkja komið hvort þau kjósa að nýta sé þá heimild. Í álitsgerð nefndar utanríkisráðherra frá 1992 er bent á að hér sé ekki um að ræða að skylda dómstóla til að leita forúrskurðar, heldur aðeins heimild. Af þeim sökum var þetta atriði ekki talið skipta máli fyrir niðurstöður þeirrar álitsgerðar. Þá var á það bent að kysi Ísland að nýta sér þetta úrræði þyrfti að setja um það sérstök lög og enn fremur að ekki væri ástæða til að taka sérstaka afstöðu til þess hvort stjórnarskrárbreyting væri nauðsynleg vegna þess atriðis. Við þetta má bæta að það er tæpast álitamál að ástæðan fyrir því að ákveðið var að ákvæði 107. gr. EES skyldi vera valkvætt var einmitt sú að talið var að það gæti ekki samrýmst stjórnlögum sumra EFTA-ríkjanna að dómstólar þeirra yrðu bundnir af forúrskurðum dómstóls EB. Þetta viðhorf skiptir talsverðu máli fyrir mat á stjórnskipulegu gildi 27. gr. frumvarpsins. Í þessu kemur vissulega fram að nokkur eðlismunur var talinn á því að viðurkenna tilteknar ákvarðanir sem fullnustuhæfar og þess að fallast á að þær geti bundið hendur dómstóla í málum þar sem þeir annars hafa lögsögu.

Þá má geta þess að lokum að í álitsgerðum sem fyrr eru nefndar er endurtekið hnykkt á því að með samningunum fengu stofnanir ekki heimild til að taka ákvarðanir sem með beinum hætti binda hendur íslenskra dómstóla eða annarra aðila sem að landslögum hafa heimildir til að skera úr réttarágreiningi með bindandi hætti. Þá hafa þessar röksemdir iðulega verið notaðar til að komast að sömu niðurstöðu. Var það talin þýðingarmikil röksemd þegar komist var að þeirri niðurstöðu að ákvæði EES-samningsins og tengdra samninga um meðferð dómsvalds samræmdust íslensku stjórnarskránni. Þar sem í 27. gr. frumvarpsins felst ráðagerð um að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA verði bindandi fyrir íslenska dómstóla á sú röksemd ekki við í því tilviki sem hér um ræðir.

---

[12] Skúli Magnússson. *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*. Reykjavík 2003 og Jón Steinar Gunnlaugsson. *Fordæmi og valdmörk dómstóla*. Reykjavík 2003.

Að lokum má hér nefna 15. lið inngangsorða EES-samningsins, sem einnig dregur fram þá áherslu sem lögð var á sjálfstæði dómstóla EFTA-ríkjanna, en þar segir: „Samningsaðilar stefna að því, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samnings þessa og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samning þennan, svo og að koma sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði.“ Í þessum orðum er lögð áhersla á að þau ákvæði samningsins og úrræði sem miða að því að markmiðinu um einsleitni skuli náð eigi ekki að hafa áhrif á sjálfstæði dómstóla aðildarríkjanna.

Þau atriði sem hér hafa verið rakin leiða í ljós að ákvæði 27. gr. frumvarpsins hefur talsverða sérstöðu og rúmast að mínu áliti ekki sjálfkrafa innan þess framsals sem þegar hefur verið talið heimilt á grundvelli EES-samningsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess sérstaklega hvort sú tegund framsals sem í ákvæðinu felst rúmist innan þeirra heimilda sem löggjafinn verður talinn hafa í þessu efni.

4. Fullveldishugtakið.

Eins og rakið er í inngangi er eðlilegt, í tilefni af því álitaefni sem hér er rætt, að fjalla nokkuð um fullveldishugtakið og lögfræðilega þýðingu þess fyrir álitaefnið. Í umræðum um stjórnarskrána og EES, og einnig af öðrum tilefnum þar sem reynt hefur á svipuð álitamál, kemur hugtakið „fullveldi“ (e. sovereignty) iðulega fyrir. Er því stundum haldið fram að hvers konar framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana án sérstakrar heimildar í sjálfri stjórnarskránni sé ólögmætt vegna þess að það skerði „fullveldi“ íslenska ríkisins sem verndað sé í stjórnarskránni.

Ekki er ágreiningur um að íslenska stjórnarskráin sé reist á þeirri forsendu að Ísland sé fullvalda ríki. Skilgreining hugtaksins „fullveldi“ er engu að síður mismunandi eftir fræðasviðum, auk þess sem deilt er um rétta skilgreiningu þess innan einstakra fræðasviða.[13] Varasamt getur því verið að nota hugtakið „fullveldi“ í lögfræðilegri umræðu um heimildir ríkisins (löggjafans) til að framselja valdheimildir ríkisins til alþjóðlegra stofnana án þess að afmarka það fyrst lögfræðilega. Ástæðan er m.a. sú, eins og fyrr segir, að skilgreining þess eftir fræðasviðum er mismunandi, en önnur ástæða er að hugtakið getur verið mjög gildishlaðið og er oft notað sem eins konar „slagorð“ til að höfða til þjóðernistilfinninga í því skyni að reisa varnarmúra gegn því að lúta valdheimildum alþjóðlegra stofnana til íhlutunar í málefni ríkis eða borgara þess. Tilhneiging er til að líta svo á að slíkar valdheimildir takmarki eða skerði „fullveldi“ ríkis og séu því ólögmætar (eða í það minnsta óæskilegar). Það getur því verið erfitt að nota það í lögfræðilegri umræðu.

Frá lögfræðilegu sjónarhorni hefur hugtakið „fullveldi“ í grófum dráttum tvær hliðar. Annars vegar má skilgreina það frá sjónarhóli *almenns þjóðaréttar* og hins vegar frá sjónar

---

[13] Af íslenskum ritum sjá t.d. Guðmund Hálfdánarson. *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk.* Reykjavík 2001, einkum bls. 235–239; Davíð Þór Björgvinsson: EES og framsal ríkisvalds. *Afmælisrit. Þór Vilhjálmsson sjötugur. 9. júní 2000.* Reykjavík 2000 einkum bls. 78–79 og 85–88; Atli Harðarson: Er fullveldi einhvers virði? *Vafamál.* Reykjavík 1998, bls. 67–83. Af erlendum ritum þar sem fjallað er um fullveldishugtakið má t.d. nefna: *National Constitutions in the Era of Integration.* The Hague 1999 (ritstj. Antero Jyränki).

miði *stjórnskipunarréttar* einstakra ríkja (í þessu tilviki íslensks stjórnskipunarréttar).[14] Bent er á að orðið *fullveldi* kemur ekki fyrir með skýrum hætti í íslenskum lögum og ræðst lögfræðileg merking þess í íslenskum rétti þar af leiðandi af fræðikenningum.[15] Þó hefur 1. gr. stjórnarskrárinnar verið túlkuð svo að í henni felist að Ísland sé fullvalda ríki.[16] Enn fremur er bent á í 1. gr. sambandslaganna frá 1918 var tekið fram að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki.

Það er meginregla þjóðaréttar að hann taki til fullvalda ríkja. Hefðbundið er að líta svo á að tiltekin fjögur grundvallaratriði séu forsenda fyrir tilvist ríkis, en þau eru: *fólk, land, lögbundið skipulag* og *stjórnskipulegt sjálfstæði*. Þegar sagt er í þjóðarétti að ríki sé fullvalda er einkum vísað til síðastnefnda atriðisins. Í því felst að ríki fari sjálft með æðstu stjórn eigin málefna óháð yfirvöldum annarra ríkja eða, eftir atvikum, alþjóðlegum stofnunum. Ekki er ágreiningur um það að Ísland er fullvalda ríki að þjóðarétti samkvæmt þessari skilgreiningu, bæði að lögum og í reynd. Aðild Íslands að EES-samningnum breytir því ekki og er raunar fremur staðfesting þess að það sé einnig skilningur annarra ríkja.

Þegar skoðuð er merking fullveldishugtaksins frá sjónarmiði stjórnskipunarréttar fellur það að efnisinntaki að mestu saman við þjóðréttarlega skilgreiningu, en sjónarhornið er annað. Áherslan er eftir sem áður lögð á að æðsta stjórn innri málefna, þ.m.t. mótun utanríkisstefnu, er í grunninum í höndum innlendra stofnana og aðila sem ekki sækja vald sitt til valdhafa annarra ríkja eða alþjóðastofnana. Ekki leikur vafi á að ákvæði 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar ber t.d. að skýra þannig að það vísi til *íslenskra* „stjórnarvalda“ og „dómenda“. Í þessu felst að frá sjónarhóli þegnanna sjálfra eru æðstu yfirvöld í ríkinu, óháð stjórnarformi, fullvalda. Þau deila m.ö.o. völdum sínum á landsvæði ríkisins ekki með öðrum, nema þau sjálf ákveði það með lögmætum hætti.

5. Almenn réttarpólitísk og lögfræðileg sjónarmið um framsal ríkisvalds.

Í umræðunni um EES og stjórnarskrána á sínum tíma kom ekki sérstaklega fram hvaða hagsmuni þeim reglum, sem taldar voru standa framsali fullveldis (ríkisvalds) í vegi, er ætlað að vernda. Þó er jafnan gagnlegt að huga að slíku við skýringu laga, þ.m.t. ákvæða stjórnarskrárinnar sem taldar verða byggjast á því að Ísland sé fullvalda ríki. Í stuttu máli má spyrja

---

[14] Ýmis vafamál tengjast skilgreiningu og notkun þessa hugtaks. Þannig er því oft haldið á lofti í ritum um þjóðarétt að allir þjóðréttarsamningar feli í sér skerðingu á fullveldi vegna þess að með samningi takmarki ríki í reynd, eðli málsins samkvæmt, svigrúm sitt til athafna. Þá er stundum sagt sem svo að frá pólitísku sjónarmiði séu ríki aldrei fullkomlega fullvalda, nema þau öflugustu (í efnahagslegum, pólitískum og hernaðarlegum skilningi). Á móti er því haldið fram að mörg markmið, sem telja má sammannleg og samþjóðleg, náist mun betur í samstarfi við aðra og á grundvelli samninga og þannig geti takmörkun fullveldis, ef svo ber undir, aukið pólitískan, efnahagslegan og hernaðarlegan styrk, sem aftur er brjóstvörn fullveldis. Dæmi um þetta er aðild Íslands að NATO. Ekki verða þessi viðhorf eða önnur álíka rædd frekar í þessari álitsgerð, en vissulega er hér um verðugt rannsóknarefni að ræða.

[15] Sjá þó inngang Vínarsamningsins um ræðissamband, sbr. lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, nr. 4/1978. Þar segir að ríki þau sem eru aðilar að samningnum minni á að ræðissamband hafi frá fornu fari tíðkast milli þjóða, hafi í huga markmið og grundvallarreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi jafnræði *fullvalda* ríkja, o.s.frv.

[16] Þetta er m.a. gert í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992. Sjá enn fremur Kristrúnu Heimisdóttur. Stjórnarskrárbundið fullveldi Íslands. *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 2003 (einkum bls. 37–44).

hvaða hagsmuni fullveldi ríkis eða áskilnaði um að ríki sé fullvalda er ætlað að standa vörð um.[17] Mismunandi leiðir koma til greina þegar leitað er svara við þessari spurningu.

Í fyrsta lagi má líta svo á að verið sé að vernda hagsmuni íslenska ríkisins sem slíks (ríkisheildarinnar), þar sem landið, þjóðin og ríkisvaldið og handhafar þess eru ein eining og hafa sömu órofa hagsmuna að gæta. *Í öðru lagi* má líta svo á að verið sé að vernda hagsmuni íslenskra handhafa ríkisvalds, þ.m.t. dómstóla, sem eigi rétt á því samkvæmt stjórnarskránni og hafa fengið til þess viðurkenningu annarra ríkja að sitja einir að völdum yfir þegnum sínum og þurfa ekki að deila þeim með erlendu valdi. *Í þriðja lagi* hagsmuni íslenskra borgara sem eiga rétt á að þeirri réttarvernd sem stjórnkerfið í þeirra eigin landi hefur upp á að bjóða. Áhersla á fullveldið þjónar þá þeim tilgangi fyrst og fremst að gæta réttinda þegna ríkisins. Verður nú fjallað frekar um einstök atriði.

Í fyrsta atriðinu er lögð áhersla á þá hagsmuni sem tengjast menningarlegri arfleifð þjóðar og vitund hennar um sérstöðu sína og sameiginlega ættjörð. Frá þessu sjónarmiði séð er gengið út frá ríkinu sem einni heild þar sem þjóðin og ríkisvaldið og handhafar þess eru samstíga eining sem hefur sömu hagsmuna að gæta. Um þá sameiginlegu hagsmuni, þjóðareininguna og þjóðareinkennin, standi fullveldið vörð. Þessi hugmynd er í ætt við hefðbundnar hugmyndir um þjóðerni og þjóðareininguna sem mótuðu umræður í Evrópu á 19. öld, þ.m.t. á Íslandi, og höfðu áhrif á baráttu þjóðríkja fyrir sjálfstæði.[18]

Áhersla á þessa hlið fullveldishugtaksins í samskiptum ríkja á grundvelli þjóðaréttar hefur þó fólgna í sér vissa vankanta, enda eru forsendur fyrir samskiptum fullvalda og sjálfstæðra ríkja á grundvelli þjóðaréttar aðrar en við áttu um baráttu þjóðríkja fyrir sjálfstæði. Hætta er á að hugtakið „fullveldi“ verði við þessar aðstæður fyrst og fremst pólitískt „slagorð“ án afmarkaðs innihalds og það notað til að hafa áhrif á tilfinningar og höfða til þjóðerniskenndar manna. Um leið er það notað til að reisa varnarvegg gagnvart samskiptum við aðrar þjóðir á grundvelli þjóðaréttar og gagnvart hugsanlegum afskiptum annarra ríkja og alþjóðlegra stofnana af innanlandsmálum í nafni þjóðernis og ríkiseiningar, án tillits til raunverulegra og áþreifanlegra hagsmuna borgaranna sjálfra. Hætta er á að gildi fullveldishugtaksins í lögfræðilegri umræðu um framsal ríkisvalds og mögulegar heimildir til þess að skerða það verði takmarkað. Með þessu er ekki sagt að það séu ekki mikilsverðir hagsmunir sem fullveldið í þessum skilningi stendur vörð um. Aðrar hliðar fullveldishugtaksins eru ekki síður mikilvægar eins og sýnt verður.

Ef miðað er við að fullveldi ríkis snúist fyrst og fremst um það hverjir eigi að fara með völd á tilteknu landsvæði þjónar hugmyndin um fullveldi fyrst og fremst hagsmunum þeirra sem fara með völd í tilteknu ríki.

Í ritum um hugmyndasögu er upphaf hugmyndarinnar um fullveldi ríkis tíðum rakið til Frakkans Jean Bodin (1530–1596) og rits hans *Six Livres de la République* (Sex bækur um ríkið) sem kom út árið 1576.[19] Vanmáttur Frakkakonungs við að koma á lögum og reglu undir lok 16. aldar, m.a. vegna trúarbragðastyrjalda, var frá fræðilegu sjónarmiði settur í samhengi við fullveldi (*souveraneté*) konungs. Hugmyndin um pólitískt fullveldi Frakkakonungs var sett fram til að styðja völd hans og óskoraðan rétt til að koma á lögum og reglu á

---

[17] Um hinar ýmsu hliðar fullveldishugtaksins sjá t.d. Antero Jyränki: Transferring Powers of a Nation-State to International Organisations: The Doctrine of Sovereignty Revisited. *National Constitutions in the Era of Integration*. London 1999, bls. 61–85 (61–63).

[18] Sjá t.d. Guðmund Hálfdánarson. Má raunar vísa til ritsins í heild.

[19] Sjá t.d. John Morrow: *History of Political Thought. A Thematic Introduction*. London 1998, bls. 30–31. Enn fremur J. M. Kelly: *A short History of Western Legal Theory*. Oxford 1992, bls. 175.

tilteknu landsvæði og gagnvart því fólki sem þar bjó, án tillits til tungumáls, menningar, trúarbragða eða annarra þjóðareinkenna einstakra hópa. Til þess að þetta væri unnt var talið nauðsynlegt að uppspretta valds væri aðeins hjá einum aðila, hann væri með öðrum orðum fullvalda. Gildi þessarar hugmyndar verður að skoða í ljósi þeirra sögulegu aðstæðna sem ríktu þegar þær voru settar fram. Kenningin var mótuð með skýr markmið í huga, þ.e. þau að hafna því að tiltekinn hópur manna, hver sem samkenni hans, þjóðernisleg eða önnur, kynnu að vera, gætu eða ættu rétt til að taka höndum saman, óháð eða gegn „fullvaldinum" (konungi eða öðrum). Megininntak kenningar Bodin var að hafna því að þátttaka fjöldans eða samsetning hans að öðru leyti gæti orðið grundvöllur að stjórn ríkisins.[20] Kenning þessi var sett fram til að skjóta rótum undir tilkall eins aðila til óskoraðra valda á tilteknu svæði, án tillits til þess hver samkenni þegna hans kynnu annars að vera. Fullveldið var ekki talið deilanlegt og það var óframseljanlegt.

Hugmyndir af þessu tagi tengjast vissulega að nokkru fullveldishugmynd þeirri sem ætla má að íslenska stjórnarskráin sé reist á, að því leyti að markmiðið var m.a. að tryggja Íslendingum sjálfum stjórn íslenskra málefna án afskipta erlends valds. Í þessum kenningum Bodin felst þó ekki að einstaklingar eigi *rétt* á því að aðeins tiltekinn valdhafi (konungur, ríkisstjórn o.s.frv.) ráði málum þeirra, enda var konungurinn sjálfur hafinn yfir lögin. Upphaflega á hugmyndin því ekkert skylt við hagsmuni ríkis (lands, þjóðar og yfirvalda) sem slíks, sem sérstakrar einingar, né heldur er það tengt við réttindi þegna á ákveðnu landsvæði til að láta tiltekna aðila ráða málefnum sínum. Hún er í upphafi eingöngu sett fram til að skjóta hugmyndafræðilegum rótum undir tilkall til valda. Af því má vera ljóst að sé þessi hugmynd um fullveldi ein lögð til grundvallar er hætta á að skýring stjórnarskrárinnar um heimildir til framsals ríkisvalds taki fyrst og fremst mið af rétti þeirra sem fara með völd og rétti þeirra eða skyldu til að hafna því að deila völdum með öðrum, en síður af raunverulegum hagsmunum og réttindum borgaranna til að eiga úrlausn mála sinna undir öðrum. Fullveldi undir formerkjum sem hér voru rakin hefur ekki beina, augljósa og áþreifanlega þýðingu til hagsbóta fyrir hagsmuni eða réttindi borgara hins fullvalda ríkis. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvort svo er.

Þá er komið að þriðja atriðinu en það má að nokkru leyti skilja sem andsvar við framangreindar hliðar fullveldishugtaksins. Ókosturinn við þær tvær hliðar fullveldishugtaksins sem hér hafa verið raktar er í meginatriðum sá að ekki er sjálfgefið að fullveldið hafi beina þýðingu til hagsbóta fyrir borgara hins fullvalda ríkis, enda getur ríki verið fullvalda óháð stjórnarformi og án tillits til þess hvort þegnar ríkis búa við mannréttindi og frelsi, m.a. á sviði viðskipta. Mörg dæmi eru þess í alþjóðastjórnmálum að ríki skjóti sér á bak við þjóðréttarlegt fullveldi sitt til að bægja frá afskiptum annarra þjóða eða alþjóðlegra stofnana sem miða að því að bæta stjórnarform og auka mannréttindi og frelsi innan landamæra þeirra. Fullveldið getur þannig við ákveðnar kringumstæður orðið skjól fyrir valdhafa til að kúga þegnana og brjóta mannréttindi eða annars konar frelsisréttindi á þeim. Af þessum sökum gætir vaxandi áherslu á það sjónarmið í umræðum um fullveldi að markmiðið með fullveldi eigi fyrst og fremst að vera að skapa umgjörð til þess að tryggja mannréttindi, frelsi og almenna velferð þegnunum til handa um leið og tekið er tillit til þeirra þátta sem tengja saman þjóðir. Fullveldi ríkis eigi þar með að þjóna því markmiði fyrst og fremst að standa vörð um þessi gæði. Þetta sjónarmið birtist m.a. í alþjóðastjórnmálum samtímans þar sem hernaðar-

---

[20] John Dunn: Conclusion. Í ritinu *Democracy. The Unfinished Journey 508 BC to AD 1993*. 1992, bls. 247–248).

lega öflug ríki telja það rétt sinn, í skjóli siðferðilegra yfirburða, að ráðast að öðrum ríkjum til að létta af þegnum þeirra byrðum harðstjóra sem skeyta ekki um réttindi þegna sinna. Virðing fyrir fullveldi ríkis víkur þar með vegna þess að það tryggir þegnum sínum ekki þessi réttindi eða mannsæmandi lífsskilyrði. Á sama hátt má líta svo á að réttur ríkis til að standa vörð um fullveldi sitt miði að því að tryggja þegnum sínum þessi réttindi.

Til áréttingar þessum sjónarmiðum er vert að benda á að stjórnmálaþróun í heiminum síðustu 20 árin eða svo einkennist af tveimur meginþáttum sem virðast í fljótu bragði vera andstæðir. Annars vegar hefur hrun Sovétríkjanna og kommúnistastjórna í A-Evrópu ýtt undir myndun nýrra þjóðríkja. Hugmyndin um þjóðríkið er því síður en svo á undanhaldi. Á hinn bóginn eru ríki heims í öðrum skilningi að renna meira saman. Þessi þróun hefur áhrif á merkingu fullveldishugtaksins og gildi þess fyrir álitaefnið sem hér er til úrlausnar. Guðmundur Hálfdánarson gerir meginþáttum þessarar þróunar skil í riti sínu um íslenska þjóðríkið, uppruna þess og endimörk.[21] Þótt þar sé að nokkru um að ræða atriði sem ýmsir aðrir hafa bent á áður er ástæða til að vekja athygli á umfjöllun hans.

Fyrst bendir hann á byltingu í samgöngum og upplýsingatækni sem gert hafi samskipti milli fjarlægra staða auðveldari og hraðari. Hann telur að áhrif þessa séu og eigi eftir að verða gríðarleg fyrir hugmyndir manna um þjóðríkið. Sífellt verði erfiðara að viðhalda þeirri ímynd að menning hverrar þjóðar sé á einhvern hátt lík innbyrðis um leið og hún greinir sig frá menningu annarra þjóða, en sameiginleg menning er samkvæmt hefðbundnum viðhorfum mikilvægur þáttur í þjóðernisvitund og þar með í hugmyndum manna um fullveldi. Menningin er í auknum mæli að verða alþjóðleg, eða a.m.k. fjölþjóðleg.

Í öðru lagi bendir hann á aukið alþjóðlegt eðli viðskipta í heiminum sem fari saman við aukna trú á möguleikum markaðarins til að auka hagsæld og þörfina fyrir að draga úr hindrunum í alþjóðaviðskiptum. Hnattvæðing í viðskiptum og minnkandi afskipti ríkisvaldsins dregur úr samkennd og samstöðu um þá þætti sem venjulega eru taldir tengja saman þjóðir. Við þessi sjónarmið Guðmundar má bæta að aukin alþjóðaviðskipti, sem þurfa að lúta eigin sérstökum reglum, eru til þess fallin að grafa undan valdi þjóðríkja (ríkisheilda), m.a. með því að valdsvið þeirra þrengist þegar vissir þættir eru fengnir sameiginlegum stofnum í hendur, en einnig vegna þess að viðskiptin eiga sér í reynd stað utan landamæra ríkja. Um leið dregur úr möguleikum einstakra ríkja til að veita þeim aðilum sem stunda þessi viðskipti þá lagavernd sem þeim er nauðsynleg. Af því sprettur þörfin fyrir að styrkja frekar alþjóðlegar stofnanir sem fá það hlutverk að standa vörð um hin lögvörðu réttindi sem einstaklingar og lögaðilar kunna að eiga vegna þátttöku í alþjóðlegum viðskiptum.

Þriðja atriðið sem nefna má er að ýmis vandamál sem mannkynið á við að etja eru þess eðlis að þau krefjast sameiginlegs átaks margra ríkja. Dæmi um þetta eru umhverfismál í víðum skilningi og nýting náttúruauðlinda, svo sem fiskistofna, en einnig vegna þátttöku þegna þeirra í viðskiptum milli landa. Ef ná á fram virkri réttarvernd við slíkar aðstæður er það ekki tækt viðhorf lengur að í fullveldi ríkis felist heimild til að haga ákvörðunum sínum í þeim efnum án þess að réttmætt tillit sé tekið til hagsmuna annarra ríkja eða hagsmuna viðskiptaaðila frá öðrum ríkjum. Benda má á í dæmaskyni að tregða hefur verið til þess að fallast á það í alþjóðasamfélaginu að hvalveiðar í íslenskri lögsögu séu einkamál Íslendinga. Skilyrði til að hefja hvalveiðar og gera viðskipti með hvalafurðir að nýju að arðbærri atvinnugrein hafa reynst erfið af þessum sökum og af ótta við að Íslendingar yrðu beittir viðskiptaþvingunum eða annars konar refsiaðgerðum.

---

[21] Guðmundur Hálfdánarson: *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001, bls. 228.

Fyrir mat á þýðingu fullveldishugtaksins fyrir það álitaefni sem hér er til umfjöllunar ber af þessum sökum að hafa í huga vaxandi samvinnu milli ríkja og aukin tengsl einstaklinga í mismunandi ríkjum, jafnt á sviði viðskipta sem öðrum sviðum. Jafnframt skiptir máli að þessum samskiptum er að stórum hluta komið á án nokkurrar milligöngu yfirvalda einstakra ríkja. Þessar aðstæður leiða til þess að tengsl einstaklinganna við sitt eigið ríki verða veikari. Afleiðingar þessa eru tvenns konar. Í fyrsta lagi verður æ erfiðara að réttlæta það sjónarmið að þeim beri vernd eins ríkis sem hafi eitt rétt til ráðstöfunar á réttindum þeirra og í öðru lagi verður ríkisheildin verr í stakk búin til að gæta hagsmuna þeirra og réttinda á fullnægjandi hátt, enda mótaðilar gjarnan staðsettir í öðru ríki. Við þessar aðstæður er eðlilegt að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri eigi tilkall til þess að úrlausn ágreinings þeirra í millum, og eftir atvikum eftirlit með starfsemi þeirra, eigi undir sameiginlegar alþjóðlegar stofnanir, fremur en stofnanir í ríki eins þeirra. Með því að fela alþjóðlegum stofnunum tiltekin völd á þessum forsendum er því ekki verið að draga úr réttaröryggi einstaklinga eða aðila í atvinnurekstri, heldur þvert á móti stefnt að því að auka það. Þessi sjónarmið eiga að sjálfsögðu betur við eftir því sem ríkin, sem samningar eru gerðir við, búa við ríkari lýðræðishefð. Í því sambandi má hafa í huga að hin upprunalegu aðildarríki EES búa við ríka lýðræðishefð og í mörgum þeirra á hún sér lengri sögu en á Íslandi. Stofnanir sem þessi ríki setja sameiginlega á fót hvíla einnig á slíkum hefðum. Engin augljós rök eru til að ætla að íslenskir borgarar yrðu almennt verr settir með því að eiga mál sín undir slíkum stofnunum þótt það kynni að draga úr svigrúmi íslenskra yfirvalda, þ.m.t. dómstóla, til að þjóna hagsmunum þeirra sérstaklega. Séu þessar lýðræðishefðir til staðar og ríkin fullnægja öllum almennum skilyrðum þess að vera réttarríki er ekki ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að öll grundvallarréttindi þegnanna séu virt, en vernd fullveldis á fyrst og fremst að miða að því. Enda er það svo að á síðustu árum hafa íslenskir þegnar oft leitað til alþjóðlegra stofnana vegna þess að þeir hafa ekki náð fram rétti sínum fyrir innlendum stofnunum. Í sumum tilvikum hefur það skilað þeim verulegum árangri. Þannig er ljóst að framsal valdheimilda til alþjóðlegra stofnana getur við vissar aðstæður styrkt til muna réttarstöðu einstaklinga og lögaðila. Af þessu leiðir jafnframt að einstrengingsleg áhersla á fullveldisréttindi ríkis, þar sem verndarhagsmunir eru aðrir en réttindi þegnanna, getur komið í veg fyrir að þegnar þess njóti eðlilegrar réttarverndar í heimi alþjóðlegra viðskipta.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum er að þegar metnar eru heimildir til framsals ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana hljóta að vega þungt hagsmunir og réttindi borgaranna. Ávallt verði að hafa í huga hvað telja megi eðlilegt og forsvaranlegt gagnvart borgurunum þegar tillit hefur verið tekið til allra aðstæðna, þ.e. hvað varðar EES sérstaklega, þátttöku í viðskiptum við þegna annarra landa á sameiginlegum markaði ríkja sem öll teljast til réttarríkja. Taka verður mið af þessum hagsmunum við skýringu stjórnarskrárinnar eða annarra grundvallarreglna um mögulegar heimildir löggjafans til að framselja ríkisvald þannig að fastmótaðar hugmyndir um fullveldi ríkis verði ekki til þess að skerða réttarvernd einstaklinga og takmarka úrræði þeirra til að leita réttar síns á þeim vettvangi sem eðlilegastan má telja þegar haft er í huga alþjóðlegt eðli viðskiptanna. Ætla verður að löggjafinn hafi svigrúm til að meta það svo að hagsmunir íslenskra þegna geti einmitt verið best tryggðir með því að eftirlit með þeim og úrlausn ágreiningsmála á sviði alþjóðlegra viðskipta eigi undir sameiginlegar stofnanir margra ríkja sem vinna að sama markmiði á grundvelli þjóðaréttar. Í því er talin felast besta trygging fyrir því að allir fái á grundvelli jafnræðis notið þeirra réttinda sem alþjóðlegar viðskiptareglur, þ.m.t. samkeppnisreglur EES-samningsins, mæla fyrir um. Sameiginlegar stofnanir draga úr möguleikum stærri og öflugri ríkja til beygja skýringu og

framkvæmd reglnanna undir hagsmuni sína eða þegna sinna, og eru þar með til þess fallnar að styrkja stöðu smærri ríkja í samfélagi alþjóðlegra viðskipta.

Auknar kröfur um skilvirka framkvæmd alþjóðlegra viðskiptareglna og sjónarmið um aukna réttarvernd borgaranna hafa þannig óhjákvæmilega áhrif á fullveldi ríkja og hugmyndir manna um það, og löghelgar að mínu áliti ákveðið framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana þótt það sé vissulega álitamál hvar draga eigi mörkin. Það skiptir miklu máli fyrir efni þessarar álitsgerðar að 27. gr. frumvarpsins stefnir einmitt sérstaklega að því að skapa einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri tækifæri til að leita réttar síns fyrir sjálfstæðum alþjóðlegum stofnunum ef reglur eru brotnar gagnvart þeim og binda um leið hendur innlendra stofnana.

6. Réttarstaðan á Íslandi.

6.1 Almenn sjónarmið við skýringu stjórnarskrárinnar.

Almenn sjónarmið um skýringu ákvæða stjórnarskrár skipta máli fyrir mat á hugsanlegum heimildum til framsals ríkisvalds, m.a. í því tilviki sem fjallað er um í álitsgerð þessari. Vel er kunnur sá greinarmunur sem venja er að gera á kenningum um óbreytilega skýringu stjórnarskrárinnar annars vegar og kenningum um breytilega skýringu hins vegar.[22] Í fyrra tilfellinu er átt við að við skýringu stjórnarskrárinnar eigi að leggja til grundvallar þau viðhorf sem voru ráðandi á þeim tíma er hún var upphaflega sett. Í síðari kenningunni felst að þeir sem túlka stjórnarskrána á hverjum tíma eigi að hafa svigrúm til að haga skýringum hennar í samræmi við breyttar aðstæður og nýja þjóðfélagshætti og aðstæður í alþjóðasamskiptum.

Fjalla mætti um rök með og á móti þessum kenningum í löngu máli. Þá má einnig draga í efa að þessar kenningar lýsi á fullnægjandi hátt þeim fjölbreytilegu sjónarmiðum sem til greina kemur að beita við skýringu ákvæða stjórnarskrár. Verður það ekki frekar rakið hér. Haganlegast er að freista þess að leita jafnvægis milli þeirra beggja. Við túlkun stjórnarskrárinnar ber vitaskuld að hafa í heiðri þær grundvallarhugmyndir sem hún var í upphafi reist á. Á sama tíma verður þó að taka mið af þeim meginstraumum sem einkenna ráðandi hugmyndir á hverjum tíma, ekki aðeins í stjórnmálum í þröngum skilningi, heldur einnig þeirra sem ráða afstöðu þegnanna til samfélagshátta almennt, stöðu einstaklinga, mannréttinda og frelsis á hverjum tíma, m.a. með það að markmiði að réttindi þeirra séu sem best tryggð á hverjum tíma. Hið síðarnefnda er forsenda þess að stjórnarskráin geti verið sú kjölfesta í stjórnskipuninni sem henni er ætlað að vera.

Ekki verður gefið einhlítt svar við þeirri spurningu hvort Hæstiréttur Íslands hefur í túlkun sinni á íslensku stjórnarskránni aðhyllst breytilegar eða óbreytilegar skýringar. Margir dómar Hæstaréttar bera þó augljóslega fremur vitni um breytilega skýringu.[23] Þá er næsta augljóst að umræða um mannréttindamál og alþjóðlegar mannréttindareglur hefur haft margháttuð áhrif á skýringu mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar hin síðustu ár.[24] Var þeirra áhrifa farið að gæta í ríkum mæli áður en breyting var gerð á stjórnarskránni með stjórnskipunarlögum

---

[22] Sjá um þetta t.d. Gauk Jörundsson: *Um eignarnám*. Reykjavík 1968, bls. 41–46; Ólaf Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík 1978, bls. 415–416; Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, bls. 46–49 og Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. Reykjavík 1996, bls. 133–134.

[23] Sjá nánar um dómareifanir sem þetta varða, Davíð Þór Björgvinsson. *Lögskýringar*. Reykjavík 1996, bls. 139–142.

[24] Davíð Þór Björgvinsson: Beiting Hæstaréttar Íslands á lögunum um mannréttindasáttmála Evrópu. *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 2004, bls. 345–371.

nr. 97/1995 og raunar fyrir lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62/1994. Aukin viðskiptatengsl milli ríkja og þörf þeirra sem stunda slík viðskipti fyrir skjóta og hlutlæga úrlausn ágreiningsmála til að greiða fyrir þeim hljóta að hafa sömu áhrif.

Í þessu sambandi verður einnig að geta þess meginsjónarmiðs að Alþingi, sem handhafi löggjafarvalds, hafi nokkurt svigrúm til að meta hvort löggjöf eða þjóðréttarsamningur brjóti í bága við stjórnarskrána. Þetta á ekki síst við um þá þætti stjórnarskrár og löggjafar sem lúta að skipulagi ríkisvaldsins sjálfs og handhöfn þess, þ.m.t. dómstóla.[25] Stjórnarskrárákvæði þau sem koma til skoðunar í tengslum við heimildir til framsals ríkisvalds eru matskennd, dómaframkvæmd á grundvelli þeirra er takmörkuð og fræðikenningar og skýrar stjórnskipunarhefðir skortir. Af þeim sökum ríkir oft vafi um skýringu þeirra. Jafnframt ber að hafa í huga að stjórnarskráin sjálf felur ekki neinum tilteknum aðila að skera úr um stjórnskipuleg álitamál af þessu tagi eins og gert er í ýmsum ríkjum. Fyrir því er hins vegar stjórnskipuleg dómvenja hér á landi að dómstólar hafi þetta vald. Álitamál um samræmi almennra laga eða þjóðréttarsamninga annars vegar og stjórnarskrár hins vegar verða þó aðeins borin undir hina almennu dómstóla í tengslum við tiltekið sakarefni. Ef af slíkri málsókn verður eiga dómstólar þess ekki kost að dæma um álitaefnið fyrr en eftir að tiltekin löggjöf er komin til framkvæmda og í sumum tilvikum löngu síðar. Við þessar aðstæður er eðlilegt að dómstólar játi löggjafanum sjálfum, lýðræðislega kjörnum meiri hluta Alþingis, visst svigrúm til að skýra stjórnarskrána, enda sæta handhafar löggjafarvalds pólitískri ábyrgð. Af þessu sjónarmiði leiðir einnig að gera verður ráð fyrir nokkru svigrúmi löggjafans sjálfs til mats á stjórnskipulegu gildi löggjafar, einkum þegar þau álitamál hafa sérstaklega verið til umræðu við þinglega meðferð lagafrumvarps. Þetta síðastnefnda atriði skiptir máli við mat á stjórnskipulegu gildi EES-samningsins.[26]

Við skýringu ákvæða stjórnarskrárinnar sem varða handhöfn og meðferð ríkisvalds verður að hafa þessi sjónarmið í huga. Vitaskuld leiða þau til þess að hafa verði í heiðri þá grunnhugmynd að baki sérstakri stjórnarskrá fyrir Ísland, að afmarka og skilgreina íslenska ríkið sem frjálst og fullvalda í samfélagi þjóðanna og þar með að ríkisvaldið skuli vera innlent. Hluti af skýringu á inntaki ákvæða stjórnarskrárinnar um meðferð ríkisvalds á hverjum tíma hlýtur aftur á móti alltaf að vera það að Ísland geti verið virkur þátttakandi í samfélagi þjóðanna sem fullvalda ríki. Í samræmi við þetta er eðlilegt að taka mið af vaxandi samskiptum

---

[25] Sjá m.a. í þessu sambandi Ólaf Jóhannesson. *Stjórnskipun Íslands* 1978, bls. 415. Þar er rakin sú skoðun að vald dómstóla til að kveða á um stjórnskipulegt gildi laga kunni að vera takmarkaðra þegar um er að ræða löggjöf sem lýtur að innra skipulagi og starfsháttum handhafa ríkisvaldsins.

[26] Nefna mætti fjölmarga dóma Hæstaréttar sem reistir eru á svipuðum sjónarmiðum og hér voru rakin. Ágætt dæmi er dómur Hæstaréttar frá 6. apríl 2000 í máli ákæruvaldsins gegn Birni Kristjánssyni o.fl. þar sem m.a. var deilt um stjórnskipulegt gildi 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Í forsendum dómsins rekur Hæstiréttur aðdraganda laganna og þau sjónamið sem reglurnar um úthlutun aflaheimilda byggjast á. Þar kemur m.a. fram að þar sem grunnur fiskveiðistjórnunar sé ennþá sá sami hljóti að felast í því að löggjafinn meti þessa skipan svo að upphaflegu rökin að baki henni eigi enn við. Ýmis atriði önnur eru rakin. Síðan segir: „Að öllu þessu virtu er mat löggjafans reist á málefnalegum forsendum. Eru ekki efni til þess, að því mati verði haggað af dómstólum. ...“ Þessi dómur er í anda hefðbundinna viðhorfa við túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar þar sem byggt er á svigrúmi löggjafans til slíkrar túlkunar, enda sé það reist á málefnalegu mati. Erfitt er þó að afmarka hvenær mat löggjafans telst málefnalegt. Í því sambandi er bent á dóm Hæstaréttar frá 3. desember 1998 í máli Valdimars Jóhannssonar gegn íslenska ríkinu. Þar var 5. gr. sömu laga um úthlutun veiðileyfa ekki talin samræmast ákvæðum stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði þótt rökin að baki þeirri reglu hafi upphaflega að stórum hluta verið reist á sömu grunnsjónarmiðum og reglurnar um úthlutun aflaheimilda.

þjóða á öllum sviðum, ekki síst viðskipta, og gæta að því að þröng skýring ákvæða stjórnarskrárinnar verki ekki sem hemill á virka þátttöku íslenska ríkisins í þessari þróun og vinni gegn hagsmunum íslenskra þegna.

Af framansögðu leiðir að við skýringu ákvæða stjórnarskrárinnar sem varða framsal á ríkisvaldi til alþjóðastofnana er eðlilegt að hafa í huga síaukna alþjóðlega samvinnu. Þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem einkum koma til skoðunar um framsal ríkisvalds eru gömul að stofni til og stjórnarskráin í heild, af sögulegum ástæðum, samofin hugmyndinni um sjálfstæði íslenska ríkisins og fullveldi um eigin málefni, einkum gagnvart danska konungsríkinu. Alþjóðlegt samstarf hefur fært þjóðir heims saman og Ísland er þar þátttakandi sem fullvalda ríki og staða þess í alþjóðlegu samstarfi að því leyti þjóðréttarlega ótvíræð. Þessi þróun leiðir til þess að forsendur fyrir skýringu á ákvæðum stjórnarskrárinnar varðandi heimildir til framsals ríkisvalds í takmörkuðum mæli og í nánar afmörkuðum tilgangi eru aðrar en áður. Gildi þessara sjónarmiða við skýringu ákvæða stjórnarskrár er ekki minna þótt stjórnarskrárgjafinn hafi í hendi sér að breyta stjórnarskránni til að aðlaga hana að breyttum aðstæðum. Sjónarmið þau um skýringu ákvæða stjórnarskrárinnar sem hér voru rakin hafa sjálfstætt gildi óháð því hvort stjórnarskránni er breytt eða ekki, enda vandséð að unnt sé útfæra almennt ákvæði í stjórnarskrá um heimild til framsals ríkisvalds þannig að lögskýringar verði leystar af hólmi. Þau sjónarmið við túlkun stjórnarskrárinnar ættu því við með sambærilegum hætti þótt slíku almennu ákvæði væri fyrir að fara í íslensku stjórnarskránni.

6.2 Einstök ákvæði stjórnarskrárinnar sem varða heimildir til framsals ríkisvalds.

6.2.1 Inngangur.

Í íslensku stjórnarskránni er ekki að finna sérstök ákvæði sem mæla fyrir um framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana. Ákvæði 21. gr. stjskr. veitir forseta, með atbeina og á ábyrgð ráðherra, heimild til að stofna til þjóðréttarskuldbindinga. Ákvæði þetta mælir fyrir um gerð hefðbundinna þjóðréttarsamninga, en verður ekki talið fela í sér sérstaka heimild til að framselja ríkisvald til alþjóðlegra stofnana og þá síður heimild til að gera þjóðréttarsamninga sem fara gegn stjórnarskrá. Skilja verður niðurlag þess þannig að sumir milliríkjasamningar séu þess efnis að þeim verði ekki fullnægt nema lagabreytingar komi til og í þeim tilvikum sé gerð krafa um samþykki Alþingis.

6.2.2 Ákvæði 1. gr. stjskr.

Í 1. gr. stjskr. segir að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Þótt ekki sé tekið fram í þessu ákvæði að Ísland sé fullvalda ríki verður að telja það eina af forsendum þeim sem ákvæðið er reist á og raunar stjórnarskráin í heild. Í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 sem fyrr er vitnað til er þetta þó ekki talið hafa sjálfstæða þýðingu við úrlausn þess álitaefnis sem álitið fjallar annars um.[27] Sama á við um það álitaefni sem hér er til umræðu. Hugtakið fullveldi skiptir þó að vissu leyti máli í þessu sambandi, enda má hugsa sér að ríki hafi framselt svo stóran hluta af valdheimildum sínum til alþjóðlegra stofnana eða stjórnvalda í öðru ríki að það teljist ekki lengur fullvalda í reynd. Þó sýnir sagan að ríki getur talist fullvalda þótt talsvert skorti á að það hafi allar valdheimildir í eigin hendi. Þannig sagði í 1. gr. dönsk-íslensku sambandslaganna frá 1918 að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki þótt það væri í konungssambandi við Danmörku og utanríkismál þess væru í höndum danska stjórnarráðsins í umboði Íslands, auk þess sem kveðið var nánar á um ýmis réttindi danskra ríkisborgara á

---

[27] Álit nefndar utanríkisráðherra, bls. 682–683.

Íslandi og öfugt. Enn fremur var mælt svo fyrir að Hæstiréttur Danmerkur skyldi fara með æðsta dómsvald þangað til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu.[28] Það var því ekki skilyrði fullveldis í skilningi sambandslaganna að æðsta dómsvaldið væri orðið innlent. Þá er Ísland vitaskuld fullvalda ríki þrátt fyrir aðild að EES-samningnum. Skiptir þá ekki máli hvort lögð er til grundvallar stjórnmálafræðileg eða hefðbundin þjóðréttarleg skilgreining hugtaksins. Ísland er að sjálfsögðu einnig fullvalda ríki þótt íslenskir dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu síðar að EES-samningurinn fæli í sér óheimilt framsal ríkisvalds. Í skjóli óumdeildra fullveldisréttinda sinna gætu Íslendingar breytt stjórnarskrá sinni til að tryggja samræmi hennar við samninginn, þeir gætu leitað breytinga á samningnum í sama skyni eða horfið frá honum ef ekki reynast aðrar leiðir færar. Þá er gengið út frá því að aðildarríki Evrópusambandsins séu fullvalda þrátt fyrir aðildina og fyrir það, að margra mati, víðtæka framsal ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana sem henni fylgir. Samkvæmt þessu er í raun hægt að ræða lögfræðilega um mögulegar heimildir til framsals ríkisvalds án þess að nota hugtakið fullveldi. Af þessu má einnig draga þá ályktun að í þeirri forsendu stjórnarskrárinnar, að Ísland sé fullvalda ríki, felst ekki sjálfkrafa frá lögfræðilegu sjónarmiði að ekki megi án sérstakrar heimildar í stjórnarskránni sjálfri framselja í vissum mæli einstakar valdheimildir ríkisins til alþjóðastofnana. Að því leyti kemur 1. gr. stjskr. ekki frekar við sögu hér.

6.2.3 Ákvæði 2. gr. stjskr.

Í þessari álitsgerð er einkum miðað við að heimild til að framselja ríkisvald ráðist fyrst og fremst af skýringu 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir:

> Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

Í þessu ákvæði má segja að felist þrjár reglur sem hér skipta máli. Í fyrsta lagi að ríkisvaldið skuli skiptast í þrjá þætti, í öðru lagi að völdin skuli vera í höndum þeirra aðila sem þar eru nefndir og í þriðja lagi að yfirvöld séu innlend, þ.m.t. dómstólar. Hið síðastnefnda er ekki sérstaklega nefnt en ekki er ástæða til að draga í efa að það felist í ákvæðinu.

Óumdeilt er að í réttarframkvæmd hafa verið gerðar margar undantekningar frá þessum reglum í 2. gr., einkum í lagasetningu af hálfu Alþingis, án þess að stjórnarskráin hafi að geyma sérstaka heimild til þess eða að það hafi verið talið fara gegn ákvæðum stjórnarskrár.[29] Frá fyrstu tveimur reglunum eru svo margar undantekningar og vel þekktar að óþarfi er að rekja það nákvæmlega hér. Sumar þeirra varða grundvallaratriði í sjálfri stjórnskipuninni. Nægir þar að nefna handhöfn forseta á löggjafar- og framkvæmdarvaldi, sem 2. gr. mælir sjálf fyrir um, en einnig setu ráðherra á Alþingi. Aðrar undantekningar helgast af venjuhelgaðri lagasetningar- og stjórnarframkvæmd án þess að þær eigi sér stoð í orðalagi stjórnarskrárinnar. Má þar nefna heimildir ráðherra til að setja almenn stjórnsýslufyrirmæli á grundvelli almennra laga, en í því felst framsal löggjafarvalds til framkvæmdarvaldshafa. Hafa dómstólar og fræðimenn lagt nokkuð af mörkum til að afmarka og skilgreina heimilt framsal

---

[28] Sjá nánar 6., 7., 8. og 10. gr. dönsk-íslensku sambandslaganna frá 1918 og Ólaf Jóhannesson. *Stjórnskipun Íslands* 1978, bls. 42–43.

[29] Sjá hér Þór Vilhjálmsson og Ragnhildi Helgadóttur: Hæstiréttur og stjórnarskráin. Fyrri hluti. *Úlfljótur* 1. tbl. 1998, bls. 83–125, einkum bls. 85–88.

löggjafarvalds.[30] Enn fremur er óumdeilt að íslenskir dómstólar geta beitt erlendum lögum og í sumum tilfellum gera lög beinlínis ráð fyrir því að það sé gert.[31] Í vissum skilningi má líta á þetta sem frávik frá 2. gr. þar sem íslenskir þegnar geta með þessu móti verið bundnir af öðrum lagareglum en þeim sem stafa frá innlendum stjórnarstofnunum enda séu þeir þátttakendur í viðskiptum eða annars konar samskiptum þar sem erlendar réttarreglur gilda. Þá er stjórnvöldum í mörgum tilvikum fengið vald til að skera úr réttarágreiningi. Í þessu felst visst framsal dómsvalds til framkvæmdarvalds á grundvelli almennra laga. Hefur það komið í hlut dómstóla og fræðimanna að afmarka þessar heimildir nánar.[32] Þá eru dæmi um að Alþingi hafi með höndum stjórnarframkvæmd sem samkvæmt orðalagi 2. gr. á undir framkvæmdarvaldið. Enn má geta þess að í lögum eru dæmi þess að heimilt sé að fela einkaaðilum meðferð opinbers valds.[33]

Að því er varðar löggjafarvaldið sérstaklega er vert að hafa í huga að á sumum sviðum gera lög beinlínis ráð fyrir því að þjóðréttarreglum, sem ekki hafa verið sérstaklega lögfestar, skuli beitt. Hér er átt við þau tilvik þar sem vísað er til þjóðréttarsamninga í lögum og sagt að þeim skuli beita með hliðsjón af þeim, í samræmi við þá eða eftir atvikum með þeim takmörkunum sem af þeim leiðir. Verða nú nefnd nokkur dæmi um þetta.

Í 2. gr. laga nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, segir: „Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.“ Hér er miðað við að almennum stjórnsýslufyrirmælum sem sett kunna að vera á grundvelli laganna skuli framfylgt þannig að samræmist þjóðréttarsamningum. Samkvæmt orðum ákvæðisins er ekki aðeins um að ræða þjóðréttarsamninga sem voru fyrir hendi þegar lögin tóku gildi, heldur einnig þá sem síðar kunna að koma til. Með þessum hætti hefur löggjafinn bundið hendur stjórnvalda við setningu almennra stjórnsýslufyrirmæla og við beitingu þeirra og framkvæmd, við þjóðréttarsamninga sem kunna að verða gerðir í framtíðinni. Lætur nærri að þjóðréttarsamningum á þessu sviði séu þannig veitt ríkari áhrif að landsrétti en strangt til tekið verða leidd af hinni hefðbundnu tvíeðliskenningu um skil þjóðaréttar og landsréttar.

---

[30] Sjá hér t.d. *H.1986,462* (þungaskattur), *H.1986,1361* (búnaðarmálasjóðsgjald), *H.1987,1018* (gengismunur), *H.1996,2956* (Samherji) og *H.1996,3002* (fullvirðisréttur). Í þessum dómum var ýmist talið að stjórnvöld hefðu farið út fyrir heimildir sínar eða eftir atvikum að lagaheimildir sem framsal var byggt á væru ekki nægilega skýrar og afmarkaðar.

[31] Sjá t.d. almennar athugasemdir í greinargerð með frumvarpi til laga um lagaskilareglur á sviði samningaréttar, lagt fram á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 70, sbr. nú lög nr. 43/2000. Í þessum heimildum kemur enn fremur fram að á ýmsum sviðum eru lögfestar sérstakar lagaskilareglur. Jafnframt gera lög nr. 43/2000 ráð fyrir beitingu erlendra réttarreglna á sviði samningaréttar.

[32] Sjá nánar álit nefndar utanríkisráðherra, einkum bls. 685. Enn fremur Eiríkur Tómasson: Takmarkanir á úrskurðarvaldi dómenda skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar. *Úlfljótur* 4. tbl. 1984, bls.183 o. áfr. og eftir sama höfund: „Embættistakmörk yfirvalda“ – Úrlausnir íslenskra dómstóla um valdmörk stjórnvalda. *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur. 24. september 1994*, bls. 205 o. áfr. Enn fremur Davíð Þór Björgvinsson: Lagaákvæði á sviði sifjaréttar sem fela stjórnvaldi úrskurðarvald. *Afmælisrit Gizurar Bergsteinssonar*, Reykjavík 1992, bls. 179 o. áfr. Enn fremur Þór Vilhjálmsson og Ragnhildur Helgadóttir Hæstiréttur og stjórnarskráin. Fyrri hluti. *Úlfljótur* 1. tbl. 1998, bls. 83–125. Í þessum ritgerðum er vísað til fjölda dóma sem varða þetta álitaefni.

[33] Í 2. mgr. 30. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, er m.a. byggt á þessu. Þar segir: „Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.“

Í 1. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, segir: „Lög þessi gilda um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslensks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.“ Í þessu ákvæði setja þjóðréttarreglur gildissviði íslenskra laga skorður.

Í 1. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, segir að aðili dómsvalds geti verið hver sá einstaklingur, félag eða stofnun, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Dómstólar hafa vald til að dæma mál allra þeirra sem geta verið aðilar nema undantekningar séu gerðar í lögum eða samkvæmt þjóðarétti. Þá segir einnig í 24. gr. sömu laga að dómstólar hafi vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Hér er m.a. vísað til þess að þjóðréttarsamningar kunni að mæla fyrir um lögsögu annarra stofnana en íslenskra dómstóla. Tilvísanir til þjóðaréttar hér merkja að þjóðréttarreglur takmarka gildissvið íslensku reglnanna og ganga framar þeim að svo miklu leyti sem þær kunna að vera ósamrýmanlegar.

Í 11. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, segir að ákvæðum 4.–6. gr. laganna skuli beita með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttarins. Um er að ræða almennan fyrirvara eða áminningu um það að taka tillit til þjóðréttarreglna í samskiptum ríkja um refsilögsögumál. Hér er m.a. átt við alþjóðareglur um frjálsa för skipa og flugvéla, sbr. t.d. reglur um óslitna eftirför.[34] Á þessar reglur hefur reynt í dómum Hæstaréttar Íslands, sbr. t.d. *H.1964,10*, *H.1964,44* og *H.1964,859*, sem allir varða sama álitaefnið.[35] Í dómunum var vísað til afstöðu ríkja á alþjóðaráðstefnu í Genf árið 1958 til réttarreglna á úthafinu, sem þar voru samþykktar um eftirför eftir erlendum skipum úr landhelgi út á úthafið, og aðdraganda þeirra. Það sem fram kom á ráðstefnunni þótti gefa til kynna að flest ríki teldu eftir ráðstefnuna þá meginreglu gilda að taka erlends skips á úthafi fyrir brot á fiskveiðilöggjöf ríkis sé m.a. háð því skilyrði að skipinu hafi verið gefið stöðvunarmerki, meðan það var innan fiskveiðimarka, og það síðan tekið eftir óslitna eftirför, er þannig hefst. Talið var í dóminum að miða yrði við að þetta væri alþjóðaregla sem Ísland yrði að hlíta.

Í 2. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, segir að lögregla skuli í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Í skýringum við 2. gr. sem fram koma í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu segir að einkum séu höfð í huga lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Einnig komi til álita mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 (þótt ekki sé þar um að ræða skuldbindandi þjóðréttarsamning) og alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966. Þá eru nefndir Vínarsamningur um stjórnmála- og ræðissamband frá 24. apríl 1963 og Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt síðari viðauka. Loks má hér geta Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987, sbr. lög nr. 15/1990. Ákvæði 2. gr. þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að minna á tilvist þessara laga og sáttmála og undirstrika mikilvægi þeirra.[36]

Hér er enn fremur ástæða til að benda á 1. gr. laga nr. 83/1993, sbr. og lög nr. 72/2003, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, en lög þess voru raunar sett til að fullnægja

---

[34] Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiábyrgð* I (1999), bls. 193–195 og Sigurður Líndal: *Þjóðréttarreglur I* (2003), bls. 17.

[35] Sjá einnig í þessu sambandi *H.1939,231* (einkum bls. 235) þar sem ekki þótti fært að ganga út frá þeirri alþjóðareglu um óslitna eftirför að stöðvunarmerki yrði að gefa áður en eftirför hæfist.

[36] *Alþt.* A 1995—96 (þskj. 783), bls. 3777–3778.

skuldbindingum sem leiðir af EES-samningnum. Þar segir í 1. mgr. 1. gr. „Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, eða 1999/42/EB, sem og viðauka við þær svo sem þeir eru á hverjum tíma, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu ná til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar."

Samkvæmt ákvæðinu afmarkast gildissvið laganna við störf þau sem talin eru í nefndum tilskipunum. Að svo miklu leyti sem um er að ræða tilvísun til þeirra gerða sem kunnar voru og teknar höfðu verið upp í EES-samninginn þegar lögin voru sett, fellur sú aðferð sem hér er notuð að því sem algengt er við innleiðingu EES-gerða. Það er aftur á móti tilvísun til viðauka við þessar gerðir eins og þeir eru á hverjum tíma sem vekur athygli. Af þessum orðum leiðir að gildissvið laganna getur breyst vegna breytinga á viðaukum við nefndar gerðir, án þess að lögum sé breytt með stjórnskipulega réttum hætti. Þannig breytist gildissvið laganna sjálfkrafa þegar sameiginlega EES-nefndin hefur tekið slíkar breytingar á viðaukunum upp í EES-samninginn með lögformlegum hætti og ákvörðun nefndarinnar er orðin skuldbindandi fyrir samningsríkin.

Það getur verið matsatriði hverju sinni hvaða lagalega þýðingu slíkar tilvísanir til þjóðréttarsamninga hafa hverju sinni. Í norrænni lögfræði hefur verið sagt um slíkar tilvísanir að um sé að ræða „sector-monism" á því sviði sem um ræðir. Það merkir að litið er svo á að af ákvæðum þessum leiði, a.m.k. í sumum tilvikum, að á viðkomandi sviðum gildi meginreglan um *eineðli* þjóðaréttar og landsréttar. Reglur þjóðréttarsamninga sem lög vísi til verði einfaldlega hluti landsréttarins með þessari aðferð, án þess að samningarnir eða einstök ákvæði þeirra séu beinlínis lögfest eða felld í landsréttinn með öðrum hætti en slíkri tilvísun.[37] Áþekkra viðhorfa gætir einnig í íslenskri lögfræði. Þannig segir Ármann Snævarr um nefndar tilvísanir í ákvæðum siglingalaga, almennra hegningarlaga og einkamálalaganna: „Mun þá rétt að telja, að reglur þjóðaréttarins séu á þeim sviðum er lögin varða, orðnar íslenskar réttarheimildir, sem taka verði tillit til, þegar íslenskum rétti er beitt."[38]

Í tengslum við þetta má einnig geta þess að dómstólar hafa stundum beitt ólögfestum þjóðréttarreglum eins og um væri að ræða innlendar réttarheimildir. Skýrasta dæmið um þetta í íslenskri réttarframkvæmd er líklega *H.1992,174.*

> Í dóminum var leyst úr sakamáli á hendur manni sem ekki var mæltur á íslenska tungu. Hann hafði þar af leiðandi notið aðstoðar dómtúlks við meðferð málsins. Samkvæmt reglum þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, taldist kostnaður af störfum dómtúlks til sakarkostnaðar í máli og var hann því, með öðrum kostnaði, lagður á ákærða ef sakfelling átti sér stað. Í dómi Hæstaréttar var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest, en tekið fram að skýra yrði ákvæði laga nr. 74/1974 til samræmis við e-lið 3. mgr. 6. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og leggja þannig kostnað af störfum dómtúlks í málinu á ríkissjóð, en sakarkostnaður var að öðru leyti lagður á sakborning.[39]

Samkvæmt orðalaginu felur þessi dómur í sér að ákvæði laga nr. 74/1974 um sakarkostnað eru skýrð til samræmis við e-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

---

[37] Sjá t.d. Jensen: *The European Convention on Human Rights in Scandinavian Law* (1992), bls. 74. Sbr. og einnig Helgesen: *Teorier om folkerettens stilling i norsk rett* (1982), bls. 53–54.

[38] Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði* (1989), bls. 266.

[39] Þeir dómar sem hér var vitnað til voru kveðnir upp áður en mannréttindasáttmálinn var lögfestur hér á landi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um hann eru raktar ítarlega tilvísanir til mannréttindasáttmálans í íslenskum hæstaréttardómum, sbr. *Alþt.* A 1992–1993 (þskj. 1160), bls. 5882 og áfram.

Í 139. gr. laga nr. 74/1974. (sbr. 3. tölul. 1. mgr.), er í gildi voru þegar dómurinn var kveðinn upp, sagði að til sakarkostnaðar teldist þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalaþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o.s.frv. Í e-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans segir aftur á móti að sakborningur skuli njóta ókeypis aðstoðar dómtúlks ef hann skilur hvorki né talar það mál sem notað er fyrir dómi. Íslenska reglan fól í sér að kostnaður vegna dómstúlks féll undir sakarkostnað og hann bar að leggja á sakborning ef hann var fundinn sekur. Aftur á móti er reglan í e-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans fortakslaus. Óheimilt er því að láta þann sem á annað borð á rétt á að njóta aðstoðar dómtúlks bera þann kostnað jafnvel þótt hann sé fundinn sekur.[40]

Af orðalagi þessara tveggja ákvæða má vera ljóst að erfitt er, ef ekki útilokað, að samræma þau með skýringu þótt Hæstiréttur orði það svo að um sé ræða skýringu réttarfarslaga með hliðsjón af sáttmálanum. Hefur þetta orðið tilefni til þess að álykta að í dóminum hafi e-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans verið beitt í málinu.[41] Undir þetta má taka, enda væntanlega átt við að ákvæði sáttmálans hafi verið beitt sem réttarheimild og ákvæðið um leið notað til að rýma út þeirri reglu íslensks réttar að kostnaður vegna dómtúlks teldist til sakarkostnaðar. Ákvæði sáttmálans er því ekki aðeins beitt sem réttarheimild, heldur gengur það framar ákvæði settra laga sem fara gegn því. Ljóst er að Hæstiréttur teygir sig mjög langt í dómi þessum í að veita ólögfestum þjóðréttarreglum bein réttaráhrif.

Annað nokkuð skýrt dæmi er *H.1993,147.*

> Málavextir voru þeir að ákærði D hafði orðið uppvís að fikniefnabroti í nóvember 1988. Málið var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar 20. janúar 1989. Ríkissaksóknari gaf ekki út ákæru fyrr en tveimur árum og þremur mánuðum síðar, eða þann 2. maí 1991. Í dómi Hæstaréttar segir: „Sá dráttur, sem varð á rekstri málsins samkvæmt framansögðu hjá embætti ríkissaksóknara og hefur ekki verið skýrður, er vítaverður. Hann brýtur í bága við 1. mgr. 138. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um sama efni, og er í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954."

Í þessum dómi segir berlega að tilteknir gallar á meðferð málsins hjá ríkissaksóknara séu í andstöðu við 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda þótt hann hefði þá ekki verið lögfestur. Ákvæði sáttmálans virðast vera notuð sem mælikvarði á lögmæti athafna opinberra aðila, í þessu tilviki ríkissaksóknara. Er erfitt að komast hjá því að líta svo á að sáttmálanum hafi verið beitt sem réttarheimild í málinu. Það breytir tæpast þessari skýringu þótt Hæstiréttur vísi jafnframt til annarra ákvæða laga sem málsmeðferð ríkissaksóknara var einnig talin brjóta gegn.

Einnig má nefna *H.1998,4497.*

> Héraðsdómari Norðurlands-Vestra synjaði beiðni lögreglustjóra um ákvörðun sektar og vararefsingar skv. 3. mgr. 115. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1998, þar sem varnaraðili hafði ekki sinnt ítrekuðu sektarboði. Rök héraðsdómara voru þessi: „Málsmeðferð þessi er andstæð 70. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 svo og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og 25/1998, einkum e-lið, enn fremur 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, einkum d- og e-lið, sbr. lög (auglýsing) nr. 10/1979, þar sem kærða hefur ekki verið gefinn kostur á að vera eða láta mæta við meðferð málsins fyrir dómi. Það skal tekið fram, að engin formleg skýrsla hefur verið tekin af kærða og bréf sýslumanns, er hér liggja fyrir, eru óundirrituð." Í dómi Hæstaréttar segir: „Verður á engan hátt talið, að málsmeðferð sé andstæð 70. gr. stjórnarskrárinnar eða þeim ákvæðum samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eða alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem vísað er til."

Hvorki í ákvörðun héraðsdóms né í dómi Hæstaréttar er gerður skýr greinarmunur á

---

[40] Eiríkur Tómasson. *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (1999), bls. 245.

[41] Sjá t.d. Sigurð Líndal: *Þjóðréttarreglur I* (2003), bls. 15–16.

mannréttindasáttmála Evrópu annars vegar og samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hins vegar að því er varðar gildi þeirra sem réttarheimilda. Báðum sáttmálum er beitt með sama hætti til að prófa lögmæti málsmeðferðar skv. 3. mgr. 115. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1998.

Þá má að lokum nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 67/2001, K og M gegn Íslenska ríkinu 31. maí 2001.

> M og K voru hinn 18. september 1989 svipt forsjá sona sinna, C sem var 15 mánaða og D sem var 6 ára, og var þeim komið í fóstur hjá X og Y í apríl 1990. Síðar gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leyfi til X og Y til að ættleiða C. M og K kröfðust ógildingar ættleiðingarleyfisins og heimildarinnar til að kenna C við X þar sem þessar ákvarðanir væru andstæðar lögum. Hæstiréttur féllst ekki á það með M og K að veiting ættleiðingarleyfisins hefði verið í andstöðu við lög og hafnaði kröfum þeirra með þeirri athugasemd að allir sem að málinu hefðu komið væru á einu máli um það að ættleiðing fósturforeldra á drengnum væri honum til gagns og þjónaði best hagsmunum hans, meðal annars vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast höfðu vegna heilsufars hans. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Verður að telja að könnun á afstöðu drengsins hafi verið fullnægjandi og í samræmi við 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. auglýsingu nr. 18/1992."

Í tilvitnuðum orðum í dómi Hæstaréttar er vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. auglýsingu nr. 18/1992. Þótt sáttmálinn hafi ekki verið lögfestur liggur beinast við að skýra þessa tilvísun svo að sáttmálanum sé beitt sem mælikvarða á lögmæti athafna stjórnvalda, eins og um lög væri að ræða, í þessu tilviki til að kveða á um lögmæti málsmeðferðar fyrir barnaverndaryfirvöldum. Erfitt er að skýra orðalag Hæstaréttar með öðrum hætti en svo að Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sé beitt sem réttarheimild.[42]

Í nokkrum tilvikum hafa dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að meðferð ríkisvalds samræmdist ekki 2. gr. stjórnarskrárinnar þar sem ekki hafi verið gætt reglna um handhöfn þess.[43] Það hefur þó ekki verið talið breyta því að hvorutveggja, framsal löggjafarvalds og dómsvalds, er heimilt innan tiltekinna marka þrátt fyrir 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá hefur erlendum dóms- og stjórnvaldsúrlausnum verið veitt aðfararhæfi hér á landi, þótt innlendir dómstólar eða stjórnvöld hafi hvergi komið að ákvörðun. Dæmi um löggjöf á þessu sviði eru lög nr. 68/1995, um Lúganósamninginn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum. Sérstaklega er vakin athygli á að reglur um viðurkenningu dóma samkvæmt Lúganósamningnum, sbr. lög nr. 68/1995, eru nokkuð víðtækar, sbr. 26. gr. Þar kemur fram að dómur sem kveðinn er upp í samningsríki skuli viðurkenndur í öðrum samningsríkjum án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf. Reglur um viðurkenningu dóma verður þó að setja í samhengi við varnarþingsreglur samningsins í I. kafla hans. Almenna varnarþingsreglan kemur fram í 2. gr. Þar segir að með þeim takmörkum sem í samningnum greinir skuli lögsækja menn sem eiga heimili í samningsríki fyrir dómstólum í því ríki. Í 5. gr. er að finna sérstakar varnarþingsreglur þar sem gert er ráð fyrir að mann, sem á heimili í samningsríki, megi lögsækja fyrir dómstóli annars ríkis við ákveðnar aðstæður. Til þess að þetta sé unnt þurfa að vera sérstök rök því til réttlætingar og ákveðin tengsl við viðkomandi ríki, sbr. nánar reglur þær sem fram koma í 5. gr. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi tengsl eru ekki alltaf augljóslega nærtækari eða nánari en þau sem lögsögureglur Eftirlitsstofnunar EFTA byggjast á. Í lögum nr. 160/1995, um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna,

---

[42] Fleiri dóma mætti nefna sem túlka má þannig að ólögfestum þjóðréttarreglum hafi verið beitt eins og um innlend lög væri að ræða: *H.1931,59* (frá sama ári einnig bls. 82, 120, 199 og 202), *H.1963,292; H.1995,486; H.1999,1709; H. 1998,516; H.1963,461 og H.2000,1534.*

[43] Dæmi um þetta er H.1995,1444 (fulltrúadómurinn).

afhendingu brottnuminna barna o.fl., er að finna ákvæði sem gera ráð fyrir viðurkenningu og aðfararhæfi dóma og úrskurða stjórnvalda á því sviði sem lögin taka til. Þá er hér skylt að nefna EES-samninginn sjálfan þar sem viðurkennt hefur verið aðfararhæfi úrlausna Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins og á sviði samkeppnismála, og enn fremur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og dómstóls EB. Í þessu felst að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar er það *venjuhelguð* framkvæmd að heimilt er að veita erlendum úrskurðum og dómum, þ.m.t. alþjóðastofnana, á grundvelli innlendra laga aðfararhæfi á Íslandi. Gildir það þótt íslenskir aðilar komi ekki að þessum ákvörðunum eða dómum.[44]

Þessar röksemdir sem hér koma fram eru ekki að öllu leyti nýjar. Þær er margar að finna í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 og á þeim er einnig að nokkru leyti byggt í álitsgerðum sem samdar voru í tilefni af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. M.a. af þeirri ástæðu er ekki þörf á að rekja þessi dæmi ítarlega hér, en látið nægja að vísa til þessara álita varðandi frekari upptalningu frávika frá 2. gr. Á hitt ber að líta að dæmum um framsal valds í þeim skilningi sem þessi dæmi vitna um hefur heldur fjölgað en hitt síðan álitið frá 1992 var skrifað. Með því hafa þessar röksemdir vissulega fengið aukið vægi og staðfesta þá afstöðu til skýringa ákvæða stjórnarskrárinnar sem hér hefur verið rökstudd.

6.2.4 Ákvæði stjórnarskrárinnar um dómsvaldið.

Rétt er að nefna tvö ákvæði stjórnarskrárinnar til viðbótar sem talin verða skipta máli fyrir þessa álitsgerð. Í fyrsta lagi 1. málsl. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þar kemur fram að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Í öðru lagi 1. málsl. 61. gr. þar sem segir að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Ekki verður séð að síðarnefnda ákvæðið skapi sérstök vandkvæði að því leyti að ráðgert er að binda í lög að dómstólar skuli ekki ganga gegn ákvörðunum ESA í sama máli.

Fyrrnefnda ákvæðið vekur aftur á móti spurningar. Afstaða fræðimanna og dómstóla til þess ákvæðis hefur tekið ákveðnum breytingum að því leyti að eldri viðhorf gera ráð fyrir að dómstólar kynnu að vissu marki að vera bundnir af því sem nefnt hefur verið frjálst mat stjórnvalda, en dómstólar gætu aftur á móti dæmt um lögmæti ákvarðana stjórnvalda að öðru leyti. Slíkar kenningar hafa aftur á móti verið á undanhaldi og þeim viðhorfum vaxið ásmegin að skilja bæri 1. málsl. 60. gr. þannig að dómstólar geti dæmt um allar ákvarðanir stjórnvalda, hverju nafni sem þær nefnast, og hvort sem um er að ræða form þeirra eða efni, nema þær séu undan lögsögu þeirra teknar með lögum eða samkvæmt eðli máls. Samkvæmt því er það meginregla íslensks réttar að þau mál sæti úrlausn dómstóla sem ekki eru skýrlega undan dómsögu þeirra tekin. Er þetta sérstaklega byggt á tilvísun til 2. gr. og 1. málsl. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir þetta, og eins og áður er rakið, er víða í lögum gert ráð fyrir að stjórnvöldum sé falið úrskurðarvald í ágreiningsmálum. Í framhaldi af því vaknar einmitt sú spurning hvort löggjafinn geti gengið svo langt að takmarka hið stjórnarskrárbundna úrskurðarvald dómstóla með því að fela stjórnvöldum fullnaðarúrskurðarvald á tilteknum sviðum og dómstólar geti eftir atvikum verið bundnir af því.

Í álitsgerð nefndar utanríkisráðherra frá 1992 er ekki vikið að þeim skorðum sem ákvæði 1. málsl. 60. gr. stjskr. kynni að setja í þessu efni. Þess var heldur ekki þörf þar sem ekkert ákvæði EES-samningsins á þeim tíma gerði ráð fyrir að binda hendur íslenskra dómstóla með þeim hætti sem hér er ráðgert. Ég tel næsta ljóst að 27. gr. frumvarpsins felur í sér visst frávik frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. málsl. 60. gr. stjskr.

---

[44] Sjá enn fremur álit nefndar utanríkisráðherra þar sem fleiri dæmi eru rakin, sbr. einkum bls. 704–706.

Dómaframkvæmd og fræðikenningar um svigrúm löggjafans að þessu leyti eru mjög á reiki, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Má sem dæmi nefna að þótt lög mæli svo fyrir að stjórnvöld eigi fullnaðarúrskurðarvald um tiltekið atriði hafa dómstólar engu að síður talið sig geta dæmt um lögmæti og réttmæti slíkra ákvarðana. Hin hefðbundnu sjónarmið gera þó ráð fyrir að löggjafanum eigi, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 60. gr. stjskr., að vera heimilt að taka tiltekin mál undan lögsögu hinna almennu dómstóla og fela þau öðrum. Þó þarf að tryggja að mál sæti engu að síður úrlausn að undangenginni málsmeðferð sem jafna má til meðferðar máls fyrir dómstólum. Ég tel líklegt að Eftirlitsstofnun EFTA fullnægi því skilyrði, auk þess sem það hefur sérstaka þýðingu í þessu sambandi að unnt er að skjóta ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA til EFTA-dómstólsins.

6.3 Lagaframkvæmd á Íslandi og fræðikenningar um framsal ríkisvalds.

6.3.1 Eldri fræðikenningar.

Hér að framan í 4. kafla er fjallað um hugtakið *fullveldi*. Þótt ekki sé ágreiningur um það að Ísland sé fullvalda ríki verður ljóst, af því sem segir hér að framan um inntak þess hugtaks, að það eitt og sér veitir takmarkaða leiðsögn í lögfræðilegri rökræðu um leyfilegt framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana. Þótt fallist væri á að það leiði af stjórnarskránni að óheimilt sé að afsala fullveldi íslenska ríkisins í hendur alþjóðlegra stofnana (og þá enn síður fullveldisréttinum sem slíkum), eru ekki rök til að líta svo á að sérhvert framsal einstakra valdheimilda ríkisins á afmörkuðu sviði og í lögmætum tilgangi sé alltaf andstætt stjórnarskránni, þótt ekki sé í henni gert ráð fyrir því berum orðum.

Í ræðu sem Ólafur Jóhannesson, þáverandi prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands og síðar forsætisráðherra, flutti 14. október 1962 fjallaði hann um þá spurningu hvaða skorður stjórnarskráin kynni að setja íslenska ríkinu varðandi þátttöku í alþjóðastofnunum.[45] Eftir að hafa rakið ýmis dæmi um þátttöku Íslands í slíku samstarfi og hvernig staðið hafi verið að verki í einstökum tilvikum segir hann:

> Með hliðsjón af þeim hætti, sem hefur verið hafður að undanförnu, er Ísland hefur gerst þátttakandi í þjóðabandalögum og alþjóðastofnunum, verður niðurstaðan sú, að Ísland geti að fengnu samþykki Alþingis án nokkurrar undangenginnar stjórnarskrárbreytingar gerst aðili alþjóðastofnunar, enda þótt henni sé fengið ákvörðunarvald um tiltekin málefni, ef í ákvörðunum hennar felast aðeins hreinar þjóðréttarlegar skuldbindingar, þ.e. þær eru aðeins bindandi fyrir íslenska ríkið sem þjóðréttaraðila, en öðlast eigi beinlínis gildi og verður ekki beitt hér innanlands nema fyrir tilstilli og meðalgöngu réttra stjórnarvalda hér á landi.[46]

Þessi orð Ólafs Jóhannessonar eiga við um samninga sem hafa aðeins að geyma hefðbundnar þjóðréttarlegar skuldbindingar fyrir ríkið sjálft, en hafa ekki sjálfkrafa áhrif á réttarstöðu einstaklinga og lögaðila innan ríkisins. Um alþjóðastofnanir sem hafa heimildir til að taka slíkar ákvarðanir segir Ólafur:

> Þegar alþjóðastofnun er hins vegar veitt vald til ákvarðana eða úrskurðar, sem fyrirfram er gefið gildi hér á landi, án þess að atbeini eða staðfesting íslenskra stjórnarvalda þurfi að koma til hverju sinni, hlýtur niðurstaðan, að mínum dómi, að verða nokkuð á aðra lund. Ef ákvarðanir frá hendi alþjóðastofnunar eiga samkvæmt stofnskrá hennar að vera bindandi fyrir íslenska þegna og lægra sett stjórnvöld, og er almennt fyrirfram gefið gildi hér á landi, án nokkurrar meðalgöngu handhafa ríkisvaldsins, er um að ræða skerðingu á sjálfsforræði íslenska ríkisins – verulega eða lítilvæga eftir atvikum. Þar er í raun réttri ákvörðunarvaldi um innanlandsmál – löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi eða dómsvaldi – að einhverju

---

[45] Ólafur Jóhannesson: Stjórnarskráin og þátttaka Íslands í alþjóðastofnunum. *Tímarit lögfræðinga* 1. hefti 1962, bls. 1–27.

[46] Sami, bls. 13.

leyti afsalað í hendur alþjóðastofnunar. Ákvarðanir þeirrar alþjóðastofnunar eru þá ekki lengur einungis þjóðréttarlegs eðlis, heldur fyrirmæli eða úrskurðir, sem eiga án nokkurrar staðfestingar íslenskra valdhafa að gilda hér á landi. Þar hefur því hluta af ríkisvaldi verið afsalað í hendur alþjóðastofnunar, þ.e.a.s. valdi, sem stjórnarskráin sjálf, beint eða óbeint, felur tilteknum stjórnvöldum að annast að viðlagðri ábyrgð að lögum. Meðferð eða yfirstjórn þeirra málefna er þá ekki lengur í höndum aðila, er að lokum bera ábyrgð gagnvart Alþingi Íslendinga og íslenskum kjósendum, heldur hjá alþjóðlegri stofnun, sem stendur utan og ofan við íslenska ríkið – stofnun, sem í raun og veru er ekki venjuleg alþjóðastofnun, heldur alþjóðleg „yfirríkjastofnun", ef svo má að orði kveða. Stjórnendur ríkisins fara þá ekki lengur með æðstu völd í landinu, eru ekki lengur fullgildir húsbændur á sínu heimili. Þvílíkt valdaafsal fær varla staðist, nema samkvæmt sérstakri stjórnlagaheimild eða að undangenginni stjórnarskrárbreytingu, einkanlega ef aðildarsamningurinn á að gilda um aldur og ævi eða er ekki uppsegjanlegur, nema með óvenju löngum fyrirvara. Sjálfsagt skiptir það þó máli, hvernig aðstöðu landsins að öðru leyti ætti að vera háttað hjá hlutaðeigandi alþjóðastofnun, þ.e.a.s. í hinni sameiginlegu stjórn stofnunarinnar, og þá fyrst og fremst það, hvort aðildarríki á þar fast sæti, hvort ákvarðanir eru háðar einróma samþykki þátttökuríkjanna, eða hvort samþykkt meiri hluta er fullnægjandi, hvernig svo sem sá meiri hluti er. Sé einróma samþykkis krafist og öll aðildarríkin eiga fast sæti í stjórnarstofnun þeirri, sem ákvörðun tekur, hefur landið raunverulega neitunarvald. Þá yrði síður talin þörf á sérstakri stjórnlagaheimild. Einnig er eðlilegt, að á það sé litið, hvort skuldbindingar aðildarríkjanna gangvart hinni alþjóðlegu stofnun eru raunverulega gagnkvæmar eða ekki. Séu skuldbindingarnar alls ekki gagnkvæmar, eða ekki nema í orði kveðnu, er enn ríkari ástæða en ella til þess að krefjast sérstakrar stjórnlagaheimildar.[47]

Í tilvitnuðum orðum gerir Ólafur greinarmun á því hvort samningur felur aðeins í sér þjóðréttarlegar skuldbindingar eða hvort hann getur haft áhrif á réttarstöðu íslenskra þegna á Íslandi. Í fyrra tilvikinu telur hann ekki þörf á sérstakri stjórnlagaheimild. Aftur á móti telur hann það líklegt ef um er að ræða samning af síðarnefnda taginu. Á því hefur hann þó ýmsa fyrirvara. Af þeim fyrirvörum sem hann gerir verður að skilja hann svo að slíkt framsal geti mögulega rúmast innan stjórnarskrárinnar ef nánar tilteknum skilyrðum er fullnægt. Fyrir vikið verður niðurstaða hans um þetta atriði ekki að öllu leyti skýr.[48] Þróun alþjóðlegra samskipta eftir að Ólafur flutti ræðu sína og þátttaka Íslands í því eykur gildi þeirra fyrirvara sem hann gerir.

Það var fyrst þegar frumvarp til fullgildingar og lögfestingar EES-samningsins var til meðferðar á Alþingi að verulega reyndi á gildi þessara viðhorfa, sbr. nánar það sem rakið verður í næsta kafla.

6.3.2 EES-samningurinn.

Gagnlegt er fyrir þessa álitsgerð að gera nokkra grein fyrir áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 í tilefni af fullgildingu og lögfestingu EES-samningsins. Í álitinu er fjallað um löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þá er ástæða til að gera nokkur skil sjónarmiðum sem fram komu í álitsgerðum þeim sem samdar voru í tilefni af þátttöku Íslands í Schengensamstarfinu.

a) Löggjafarvaldið.

Álitamál um framsal löggjafarvalds á grundvelli EES-samningsins snerust aðallega um 7. gr. samningsins, sem mælir fyrir um skyldu ríkisins til að leiða EES-reglur í landsrétt eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæðinu.

---

[47] Sami, bls. 14–15.

[48] Í fyrirlestrinum fjallar Ólafur einnig um Efnahagsbandalag Evrópu og Rómarsamninginn. Telur hann augljóst að stjórnarskrárbreyting eða sérstök stjórnlagaheimild sé óhjákvæmileg ef Ísland ætlaði að gerast fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu. Sjá nánar bls. 16–20.

Í álitinu var það talið skipta mestu máli að löggjafinn á Íslandi (Alþingi eða ráðherra) hefur síðasta orðið um lögfestingu EES-reglna á Íslandi. Ræðst það af efni reglnanna hvort það kemur í hlut Alþingis með almennum lögum eða ráðherra með almennum stjórnsýslufyrirmælum að leiða þær í landsrétt. Gengið var út frá því að EES-samningurinn og reglur sem af honum leiðir hefðu að geyma þjóðréttarskuldbindingar sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að tryggja þá stöðu að landsrétti, að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri geti byggt á þeim réttindi sér til handa. Vegna þess að þetta væru þjóðréttarskuldbindingar og vegna meginreglunnar um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar yrðu einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri ekki tryggð þessi réttindi nema reglurnar væru lögfestar sérstaklega. Þetta fyrirkomulag var talið í fullu samræmi við 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Þótt sammæli væru um að fyrirkomulag lagasetningar væri samrýmanlegt stjórnarskránni var þetta engu að síður gagnrýnt með ýmsum hætti. Töldu margir að möguleikar Íslands til að hafa raunveruleg áhrif á efni þessara reglna væru hverfandi og tæpast samboðið fullvalda ríki að leiða í rétt sinn slíkt magn nýrra reglna sem íslenskir stjórnmálamenn hafa ekki haft nein efnislega áhrif á sem máli skipta. Var í því efni m.a. gerður greinarmunur á formlegu og efnislegu löggjafarvaldi og talið að vald íslenska löggjafans væri aðeins formlegt í þeim skilningi að Alþingi eða framkvæmdarvaldshafar á Íslandi hefði í reynd enga möguleika til að hafa raunveruleg áhrif á efni þessara reglna.[49] Hefur þetta verið orðað svo að efnislegt löggjafarvald á þeim sviðum sem samningurinn tekur til hafi verið framselt til alþjóðlegra stofnana. Sú skoðun varð þó ekki ofan á að þetta leiddi til þess að ákvæði 7. gr. væri andstætt stjórnarskránni.

Nokkur umræða varð einnig um stjórnskipulegt gildi bókunar 35 við EES-samninginn. Í því sambandi er þess að geta að í EB-rétti gildir svokölluð forgangsregla sem gerir ráð fyrir því að EB-reglur gangi framar öðrum reglum landsréttar ef þær rekast á. Við gerð EES-samningsins var af hálfu samningamanna Evrópusambandsins lögð áhersla á að sambærileg regla gilti fyrir EFTA-ríkin. Þetta var talið nauðsynlegt til að tryggja EES-reglum sömu stöðu og þær hafa í rétti aðildarríkja sambandsins og stuðla þar með að samræmdri framkvæmd og beitingu sameiginlegra reglna á öllu efnahagssvæðinu.[50] Niðurstaðan var sú að kveða á um forgangsáhrif EES-réttar í sérstakri bókun við EES samninginn, þ.e. bókun 35, sem hljóðar svo:

> Þar eð með samningi þessum er stefnt að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins; og þar eð þessum markmiðum verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi um sig;
>
> Stök grein
> Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.[51]

---

[49] Þetta sjónarmið kemur t.d. fram í nefndaráliti 3. minni hluta utanríkismálanefndar Alþingis í tengslum við frumvarp sem síðar varð að lögum nr. 2/1993, sbr. þskj. 470, lagt fram á 116. löggjafarþingi, sbr. *Alþt.* A 1992, bls. 3059–3082, sbr. t.d. bls. 3070.

[50] Sven Norberg o.fl. *EEA Law* (1993), bls. 204 og 206–207. Enn fremur Dóra Sif Tynes: Ys og þys út af engu (2002), einkum bls. 476–477.

[51] Til samanburðar hljóðar enskur texti hinnar stöku greinar bókunarinnar svo: „For cases of possible conflicts between implemented EEA rules and other statutory provisions, the EFTA States undertake to introduce, if necessary, a statutory provison to the effect that EEA rules prevail in these cases."

Ríkin sem voru upphaflega aðilar að EES-samningnum fóru ólíkar leiðir til að fullnægja bókun 35. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi var þetta gert með því að setja í lög reglu sem mælir beinlínis fyrir um rétthæð réttarheimilda og veitir EES-reglum forgang. Var stjórnarskrá þessara ríkja ekki talin standa í vegi fyrir því og ekki var af því tilefni vísað sérstaklega til ákvæða í stjórnarskrám sem heimila framsal ríkisvalds. Í íslenskum rétti er hún hins vegar sett fram sem lögskýringarregla, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 sem mælir svo fyrir að skýra skuli reglur landsréttar til samræmis við EES-reglur, og það sérstaklega áréttað í athugasemdum að um lögskýringarreglu sé að ræða.[52] Var af þessum sökum ekki talið að bókun 35 og 3. gr. eesl. hefðu í för með sér sérstök stjórnskipuleg álitamál. Á Íslandi var sú leið ekki talin fær að setja í lög hreina forgangsreglu þar sem hendur löggjafans yrði bundnar við lagasetningu í framtíðinni, en slíkt fengi tæpast samrýmst stjórnarskránni. Þótt þessi álitaefni snerti ekki efni þessarar álitsgerðar með beinum hætti sýnir þetta að einstök ríki virða þessi stjórnskipulegu álitamál með mjög ólíkum hætti.

b) Framkvæmdarvaldið.

Fyrir efni þessarar álitsgerðar skiptir mestu máli sá kafli álits nefndar utanríkisráðherra sem fjallar um hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á sviði samkeppnismála.

Um hlutverk og störf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) er mælt fyrir í 1. mgr. 108., 109. og 110. gr. EES. Jafnframt er kveðið á um starfsemi hennar í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sbr. og bókanir 1–4 við þann samning, en reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 hefur einmitt í för með sér tilteknar breytingar á bókun 4 við samninginn.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 108. gr. EES hafa EFTA-ríkin komið á fót sérstakri eftirlitsstofnun, Eftirlitsstofnun EFTA. Stofnunin hefur í aðalatriðum það hlutverk að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum, sbr. 1. mgr. 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. EES. Þá hefur framkvæmdastjórn EB einnig það hlutverk, sbr. sömu málsgrein 109. gr. EES. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skuli hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál, í þeim tilgangi að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA skulu taka við umkvörtunum varðandi beitingu EES-samningsins og skiptast á upplýsingum um kvartanir sem borist hafa, sbr. 3. mgr. 109. gr. EES. Hvor stofnananna um sig skal rannsaka allar kvartanir sem falla undir valdsvið hennar og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 1. mgr. 110. gr. EES skulu ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB, samkvæmt EES-samningnum, sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki vera fullnustuhæfar.[53] Skv. 2. mgr. sömu greinar er gert ráð fyrir að fullnustan fari fram í samræmi við gildandi réttarfarsreglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Um fullnustu ákvarðana er nánar mælt fyrir um í 3. og 4. mgr. 110. gr. EES.

Eins og fyrr segir er nánar kveðið á um stofnun, hlutverk og starfsemi ESA í sérstökum

---

[52] *Alþt.* A 1991–1992, bls. 5896.

[53] Hið sama gildir raunar um slíka dóma dómstóls Evrópubandalaganna, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 110. gr. EES.

samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningnum), sbr. og bókanir 1–4 við þann samning.

Í 5. gr. ESE-samningsins er kveðið á um hlutverk og starfsemi Eftirlitsstofnunar EFTA. Skv. 1. mgr. er almennt hlutverk ESA að tryggja góða framkvæmd EES-samningsins. Í þessu felst: a) að tryggja að EFTA-ríkin standi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og ESE-samningnum, b) að tryggja beitingu reglna EES-samningsins um samkeppni og c) hafa eftirlit með beitingu annarra samningsaðila á EES-samningnum. Í þeim tilgangi að tryggja góða framkvæmd EES-samningsins skal ESA skv. 2. mgr. 5. gr., a–d-liðum: a) taka ákvarðanir og gera aðrar ráðstafanir í málum sem kveðið er á um í ESE-samningnum og EES-samningnum, b) setja fram tilmæli, skila áliti og gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða ESE-samningurinn kveða skýrt á um slíkt eða ESA álítur slíkt nauðsynlegt, c) hafa samvinnu, skiptast á upplýsingum og hafa samráð við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna eins og kveðið er á um í ESE-samningnum og EES-samningnum, d) sinna þeim störfum sem leiðir, vegna beitingar bókunar 1 við EES-samninginn, af þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum við þann samning, eins og tilgreint er í bókun 1 við ESE-samninginn. Ríkisstjórnir, yfirvöld í EFTA-ríkjum, fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu láta ESA í té nauðsynlegar upplýsingar við framkvæmd skyldustarfa sinna, sbr. 6. gr. ESE-samningsins.[54]

Af d-lið 2. mgr. 5. gr. ESE-samningsins leiðir að ESA hefur vald til að taka ýmsar íþyngjandi ákvarðanir sem beinast gegn einstökum EFTA-ríkjum eða einstaklingum og lögaðilum sem starfa innan þeirra. Nánar er mælt fyrir um þetta í bókun 1 við EES-samninginn og bókun 1 við ESE-samninginn.

Hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA er hliðstætt hlutverki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að því er varðar hið stjórnsýslulega eftirlit með framkvæmd EES-samningsins. Lengra nær sá samanburður ekki. Skiptir þar mestu máli frumkvæðishlutverk framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar nýja löggjöf. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fer þannig með mikilvægt hlutverk við pólitíska stefnumótun. Skipan framkvæmdastjóra endurspeglar þetta þar sem þeir eru iðulega valdir úr röðum stjórnmálamanna. ESA hefur ekkert slíkt hlutverk og hingað til hefur æðsta stjórn stofnunarinnar verið skipuð háttsettum embættismönnum þar sem lögð er áhersla á faglega þekkingu þeirra og reynslu.

Að meginstefnu til hefur ESA ekki yfirþjóðlegt vald, a.m.k. ekki í þeim mæli að það geti talist sambærilegt við stofnanir sambandsins. Á vissum sviðum hefur stofnunin þó að nokkru leyti víðtækara valdsvið en leitt verður af hefðbundnum þjóðréttarlegum viðhorfum. Þetta á t.d. við um svið samkeppni, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Á þessum afmörkuðu sviðum hefur ESA, á svipaðan hátt og framkvæmdastjórnin, yfirþjóðlegt vald sem einkum birtist í því að stofnunin getur kveðið upp úrskurði sem eru bindandi fyrir einstaklinga og aðila í atvinnurekstri í samningsríkjum samningsins. Eftirlitsstofnunin getur fylgt ákvörðunum sínum eftir með því að ákveða sektir eða févíti ef fyrirtæki gerist brotlegt gegn samkeppnisreglum. Þá eru þessar ákvarðanir fullnustuhæfar í samningsríkjunum eins og fyrr segir.

Einkum var litið til þessara valdheimilda ESA og EFTA-dómstólsins í umræðu það hvort EES-samningurinn væri samrýmanlegur íslensku stjórnarskránni. Um þetta er að finna ákvæði í 108.–110. gr. EES, reglum II. hluta og III. hluta ESE-samningsins og bókunar 4 við þann samning. Í fyrsta lagi hefur Eftirlitsstofnunin ákveðnar rannsóknarheimildir gagnvart

---

[54] Sjá nánar um hlutverk ESA: Norberg o.fl.: *EEA-law* (1993), bls. 700–708.

innlendum aðilum innan íslenskrar lögsögu, sbr. 11. og 14. gr. bókunar 4 við ESE. Í öðru lagi hefur ESA heimild til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir íslenska einstaklinga og lögaðila, sbr. 3., 1. mgr. 15. og 16. gr. bókunar 4 og í þriðja lagi eru þessar ákvarðanir fullnustuhæfar, sbr. 110. gr. EES-samningsins. Talið var að það framsal sem fólst í þessu samrýmdist stjórnarskránni. Vara það m.a. byggt á því að reglurnar um vald stofnana EFTA væru afmarkaðar og að þær fælu ekki í sér verulegt framsal sem talið yrði íþyngjandi í ríkum mæli. Var talið að stjórnarskráin heimilaði framsal stjórnvalds sem væri takmarkað með þeim hætti sem reglur þessar gerðu ráð fyrir. Þá var það ekki talið skipta máli þótt eftirlits- og ákvörðunarvaldið væri í afmörkuðum tilvikum í höndum stofnana EB (nú ESB). Var það talið helgast af nauðsyn í viðskiptum milli ríkja, það væri afmarkað og skýrar heimildir lægju því að baki. Þá var talið að skilyrði um gagnkvæmni væri fullnægt.

c) Dómsvaldið.

Það er eingöngu dómsvald EFTA-dómstólsins og dómstóls EB í samkeppnismálum sem kemur til skoðunar í þessu sambandi. Um dómsvald EFTA-dómstólsins í samkeppnismálum er mælt fyrir í 35. gr. ESE þar sem segir að dómstóllinn hafi ótakmarkað dómsvald að því er varðar viðurlög sem Eftirlitsstofnunin hefur sett. Þá hefur dómstóll EB sambærilegar heimildir þegar mál eiga undir lögsögu stofnana sambandsins. Með sömu rökum og talin voru eiga við um eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnina var talið að þessar heimildir EFTA-dómstólsins og dómstóls EB samræmdust stjórnarskránni.

Ýmis fleiri atriði voru rædd í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992, en þau skipta ekki máli fyrir efni þessarar álitsgerðar.

6.3.3 Gagnrýni vegna fullgildingar og lögfestingar EES-samningsins.

Í umræðu um EES og stjórnarskrána var gjarnan vísað til þeirra aðferða sem viðhafðar voru við fullgildingu samningsins í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Í Noregi og Svíþjóð var samningurinn fullgiltur á grundvelli sérstakra ákvæða í stjórnarskrám þessara ríkja sem áskilja aukinn meiri hluta þegar samningar eru taldir fela í sér framsal ríkisvalds. Þá voru í Finnlandi sett sérstök lög skv. 33. gr. finnsku stjórnarskrárinnar sem heimila að vikið sé frá ákvæðum stjórnarskrár með lögum settum eftir reglum sem gilda um breytingar á stjórnarskrá.[55] Á Íslandi byggðist heimild til framsals ríkisvalds á almennum lögum frá Alþingi og gengið út frá að á Íslandi hefði hinn almenni löggjafi heimild til að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana í takmörkuðum mæli og í nánar afmörkuðum tilgangi.

Því hefur verið haldið fram sem sérstökum rökum fyrir því að EES-samningurinn hafi farið gegn íslensku stjórnarskránni, að nágrannaríkin beittu sérstökum heimildum í sínum stjórnarskrám sem gera ráð fyrir að unnt sé í vissum mæli að framselja ríkisvald til alþjóðlegra stofnana. Það voru eingöngu ákvæðin um hlutverk ESA og framkvæmdarstjórnar ESB í samkeppnismálum sem réðu úrslitum um að talið var nauðsynlegt að nota þessa heimild í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar.[56] Reglan var sett í norsku stjórnarskrána árið 1962 til að veita stjórnvöldum nauðsynlegt pólitískt svigrúm við gerð þjóðréttarsamninga.[57]

---

[55] Sjá nánar um þetta: Sigurjón Ingvason 1992, bls. 257–260. Sjá enn fremur Johs. Andenæs: *Statsforfatningen i Norge.* 8. útgáfa. Oslo 1998, bls. 261–262 og Antero Jyränki 1999, einkum bls. 73–76.

[56] St. prp. nr. 100. 1991 - 92, bls. 100 og 344.

[57] Johs. Andenæs 1998, bls. 258.

Þótt Noregur, Svíþjóð og Finnland hafi fullgilt samninginn með þeim sérstöku aðferðum sem stjórnarskrár þessara ríkja gera ráð fyrir verður ekki af því dregin sú ályktun að EES-samningurinn hafi verið ósamrýmanlegur íslensku stjórnskránni. Í íslenskum rétti er einfaldlega ekki að finna neina reglu sem gerir ráð fyrir þessari aðferð við fullgildingu þjóðréttarsamninga sem kunna að fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Samkvæmt íslenskum rétti eru þjóðréttarsamningar fullgiltir á grundvelli 21. gr. stjskr. Það ákvæði veitir þó að sjálfsögðu ekki heimild til að fullgilda samninga sem eru andstæðir stjórnarskránni. Sé það álitamál verður Alþingi að taka afstöðu til þess. Um þetta atriði fóru fram ítarlegar umræður í þinginu og niðurstaðan varð sú að EES eða einstök ákvæði hans væru ekki andstæð stjórnarskránni. Það var því niðurstaða Alþingis að heimilt væri að fullgilda samninginn og lögfesta hann um leið.

Sú aðferð sem notuð var á Íslandi er á því byggð að ganga eigi út frá því að handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds hafi að ákveðnu marki og að vissum skilyrðum uppfylltum heimild til að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að ekki þrengi að pólitísku svigrúmi þeirra til að gera þjóðréttarsamninga til að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins og íslenskra þegna sem best í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir. Þannig er í grundvallaratriðum ekkert rangt við þá aðferð við framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem farin var þegar EES-samningurinn var lögfestur og hún löghelguð í áframhaldandi stjórnarframkvæmd. Aðferðin tók mið af stöðu íslenskra stjórnmála og hún var skynsamleg og haganleg. Þessi leið er að sjálfsögðu fær og hún samræmist viðurkenndum aðferðum í réttarríki, óháð því hvaða aðferðir eru notaðar í öðrum ríkjum.

Samanburður leiðir einnig í ljós að við inngöngu í Evrópusambandið og síðar við fullgildingu Maastricht-samningsins hafa aðildarríkin farið ólíkar leiðir.[58] Frakkland gekk þannig í Evrópubandalögin (Kola- og stálbandalagið og Kjarnorkubandalagið) upphaflega á grundvelli almennra laga, án þess að sérstök stjórnskipuleg vandkvæði hafi verið til umræðu. Ekki var sérstaklega vísað til ákvæðis í frönsku stjórnarskránni frá 1946 sem gerði ráð fyrir heimildum til að skerða fullveldi með það að markmiði að stuðla að friði milli ríkja. Sama gerðist á Ítalíu þar sem aðild var ákveðin án þess að vísa sérstaklega til heimildar í 11. gr. ítölsku stjórnarskrárinnar frá 1947 sem fjallar um aðild landsins að alþjóðastofnunum í þágu friðar og öryggis. Í Belgíu og Portúgal var aðild einnig ákveðin án nokkurrar sérstakrar heimildar eða tilvísunar til stjórnarskrárinnar og án þess að stjórnskipuleg vandkvæði væru að marki til umfjöllunar. Í öðrum tilvikum var aðild ákveðin á grundvelli sérstakra heimilda í stjórnarskrám sem ýmist voru þar fyrir eða voru settar sérstaklega í tilefni af inngöngu í Evrópubandalögin. Þetta á við um Vestur-Þýskaland, Lúxemborg, Grikkland, Spán, Danmörku og Holland. Mótaðist það að nokkru af sögulegum ástæðum og stjórnskipunar- og stjórnmálahefðum og jafnvel stjórnmálaástandi í einstökum ríkjum þegar aðild var ákveðin, hvaða leið var farin. Aðild að Maastricht-sáttmálanum hefur í sumum þessara ríkja kallað á sérstakar stjórnskipulegar ráðstafanir. Má sem dæmi nefna að sérstakar breytingar voru gerðar á frönsku stjórnarskránni í tilefni af Maastricht. Ekki er þó ástæða til rekja þetta nákvæmlega hér þar sem aðild að Evrópubandalögunum fól þegar í sér mun víðtækara framsal ríkisvalds, einkum löggjafarvalds, heldur en EES-samningurinn og frumvarpið sem hér er til skoðunar gerir ráð fyrir.

Því má vissulega halda fram að skynsamlegt sé að setja ákvæði hliðstæð þeim sem er að finna í stjórnarskrám margra Evrópuríkja og heimila að vissu marki framsal ríkisvalds til al-

---

[58] Sjá nánar um þetta: Antero Jyränki 1999, bls. 63 o. áfr.

þjóðastofnana.[59] Að baki þeirri skoðun búa þau lögfræðilegu rök að með því að hafa slíka reglu gefist tækifæri til að kveða skýrar á um slíkt framsal, skilyrði þess og umfang. Það væri því heppilegra að hafa við slíka skráða stjórnskipunarreglu að styðjast, fremur en að byggja á óskráðri reglu þar um. Þetta eru þó ekki sjálfstæð rök fyrir því að nauðsynlegt hafi verið að breyta stjórnarskránni í tilefni af fullgildingu og lögfestingu EES-samningsins, né heldur að slíkar breytingar séu nauðsynlegar til þess að heimilt sé að festa 27. gr. frumvarpsins í lög.

6.3.4 Schengen-samningurinn.

a) Almennt um Schengen-samninginn.[60]

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu er byggð á samningi frá 18. maí 1999 milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar, um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Meginatriði samningsins eru: (i) Að Ísland og Noregur skuli koma til framkvæmda Schengen-gerðunum sem taldar eru upp í sérstökum viðauka við samninginn. Hið sama á við um síðar til komnar gerðir. Um þetta eru fyrirmæli í 2. gr. samningsins. (ii) Í 3. gr. samningsins er kveðið á um þátttöku Noregs og Íslands í ákvörðunarferli um nýjar gerðir á vettvangi nefndar sem kölluð hefur verið „samsetta nefndin", sbr. einnig 4. gr. Veitir hún Noregi og Íslandi rétt til að skýra sjónarmið sín, en ekki aðgang að formlegri ákvörðun. (iii) Ekki er gert ráð fyrir að stofnanir EES hafi með eftirlit að gera að því er varðar Schengen-reglurnar, né heldur að því er varðar dómsvald í ágreiningsmálum.[61]

b) Stjórnskipuleg álitamál tengd Schengen-samningnum.[62]

Þegar fyrir lágu drög að samningi við Evrópusambandið um þátttöku Íslands og Noregs í þróun og framkvæmd Schengen-gerðanna fól þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, þremur lagaprófessorum að semja álitsgerð um það hvort drögin væru samrýmanleg ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þá var sömu mönnum falið að semja aðra álitsgerð þegar samningurinn lá endanlega fyrir og áður en lögð var fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Það sem segir um stjórnskipuleg álitamál tengd Schengen er í meginatriðum byggt á þessum álitsgerðum. Þeir þættir sem þóttu helst vekja upp stjórnskipuleg álitamál voru eftirfarandi: (i) Þátttaka Íslands (og Noregs) í ákvörðunarferlinu um nýjar Schengen-reglur. Í álitsgerðunum var m.a. svarað þeirri spurningu hvort í þessum reglum fælist framsal löggjafarvalds. (ii) Eftirlit með framkvæmd reglnanna á Ís-

---

[59] Þessari ábendingu er m.a komið á framfæri í álitsgerð um Schengen-samstarfið, sbr. Stefán Má Stefánsson, Viðar Má Matthíasson og Davíð Þór Björgvinsson, bls. 148.

[60] Hér verður eingöngu getið meginatriða varðandi Schengen-samsstarfið. Um nánari fróðleik vísast til: Stefáns Más Stefánssonar: *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (2000), bls. 293–316; Tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000. *Alþingistíðindi* A 1999–2000 (þskj. 240); Högna Snjólfs Kristjánssonar: „Hvert fara landamæraverðirnir?" *Úlfljótur* 2 1999, bls. 177–215.

[61] Sjá nánar um meginatriði samningsins Stefán Má Stefánsson: *Evrópusambandið og evrópska efnahagssvæðið* (2000), bls. 312–316.

[62] Þessi kafli er byggður á álitsgerðum þeim sem prentaðar voru sem fylgiskjöl með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. *Alþingistíðindi* A 1999–2000 (þskj. 240). (Álitsgerðirnar er að finna á bls. 1952–1983 og 1983–1994. Höfundar þeirra eru, eins og fyrr segir, Stefán Már Stefánsson, Viðar Már Matthíasson og Davíð Þór Björgvinsson.)

landi og hvort í því fyrirkomulagi kynni að felast framsal framkvæmdarvalds. (iii) Dómsvald um framkvæmd og beitingu Schengen-reglnanna á Íslandi og hvort í fyrirkomulagi kynni að felast framsal dómsvalds. (iv) Þá var vikið að ákvæðum 9. gr. og. 10. gr. samningsins um þýðingu dómafordæma dómstóls EB við skýringu og framkvæmd reglnanna og að síðustu (v) hvort uppsagnarákvæði samningsins kynnu að vera svo þungbær að stangaðist á við stjórnarskrána.

Í forsendum fyrri álitsgerðarinnar var rakið það mat höfunda að 2. gr. stjórnarskrárinnar hefði að geyma meginreglu um skiptingu ríkisvaldsins milli hinna þriggja þátta ríkisvalds. Var það talið leiða af eðli máls að ákvæðið tæki í aðalatriðum til íslensks yfirráðasvæðis, íslenskra hagsmuna og íslenskra aðila. Á það var bent að 21. gr. stjórnarskrárinnar heimilaði að íslenska ríkið yrði skuldbundið að þjóðarétti með þjóðréttarsamningum. Í greininni fælist þó ekki heimild til að gera þjóðréttarsamninga sem færu gegn stjórnarskránni.

Þá er vikið að því að þegar metið væri hvort vald alþjóðastofnana til að taka ákvarðanir sem gildi hafi gagnvart íslenskum aðilum skipti eftirtaldir þættir máli:

(1) *Hvar lögskiptin gerðust.* Vettvangur lögskipta skiptir yfirleitt máli þegar skorið er úr um það hvers lands lög skuli gilda um tiltekið réttaratriði, t.d. hvaða alþjóðlegt varnarþing skuli gilda og þar með hvaða dómstólar tiltekinna ríkja skuli hafa dómsvald. Sama gildir um valdbærni opinberra stofnana. Talið er í álitsgerðinni að sambærileg sjónarmið gætu átt við þegar stofnanir að þjóðarétti eigi í hlut.

(2) *Hvaða hagsmuni lögskiptin varða.* Bent er á að máli skipti að ákvarða hvaða hagsmuni sakarefni snertir. Áþekk sjónarmið eigi við þegar stofnanir að þjóðrétti eigi í hlut.

(3) *Hvers konar lögskipti var um að tefla.* Bent er á að það hafi þýðingu að skilgreina þau lögskipti nánar sem til athugunar séu. Sérstaklega skipti máli hvort ákvörðun sú sem um sé að tefla telst verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila eða ekki. Sem dæmi um þetta má nefna að ýmsar frelsisskerðingar og aðrar skerðingar grundvallarmannréttinda gagnvart íslenskum borgurum mega ekki fara fram innan íslenska ríkisins nema ákvæðum íslenskrar stjórnarskrá sé fullnægt. Þegar um það sé að ræða að veita alþjóðastofnunum vald til þess að taka íþyngjandi ákvarðanir, t.d. sektarákvarðanir gagnvart íslenskum aðilum, komi fyrrgreind sjónarmið til álita sérstaklega. Íslenska stjórnarskráin áskilji borgurum sínum rétt til þess að bera ágreining um embættistakmörk yfirvalda undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Varla leiki vafi á því að íslensk stjórnskipun áskilur borgurum sínum ríka og sambærilega vernd gagnvart þeim ákvörðunum erlendra aðila sem hafa sterk íslensk einkenni. Slíka ályktun má m.a. byggja á lögmætisreglunni sem gangi út á það að heimildir til framsals stjórnskipulegs valds til alþjóðastofnana þurfi að vera mjög skýrar og ótvíræðar. Tæpast sé heldur vafi á því að í 60. gr. stjórnarskrárinnar sé átt við íslenska dómstóla og íslensk yfirvöld. Hafi því alþjóðastofnunum verið heimilað með íslenskum lögum að taka íþyngjandi ákvarðanir gagnvart íslenskum einstaklingum eða lögaðilum geti orðið álitamál hvort fram hafi farið ólögmætt framsal á íslensku ríkisvaldi.

(4) *Afmörkun framsalsheimilda, gagnkvæmni o.fl.* Fleiri atriði en nú hafa verið nefnd skipta einnig máli þegar metið er hvort stjórnarskráin leyfir framsal tiltekinna valdheimilda. Hér skal nefnt sérstaklega að máli skiptir hvort valdframsal er vel afmarkað eða ekki, hvort tiltekið framsal er gagnkvæmt í samskiptum ríkja og hvort tiltekið ríki geti haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru af erlendum aðilum á grundvelli framsalsins. Enn fremur skiptir máli hvort íslenskir framkvæmdarvaldshafar hafi áður farið með umrætt eða sambærilegt vald. Loks verði að telja að það skipti máli hvers konar aðilar eða stofnanir það eru sem vald er framselt til, m.a. hvort þar séu virtar þær grundvallarreglur um málsmeðferð sem séu samrýmanlegar þeim grunnhugmyndum sem byggt er á hér á landi.

Ekkert eitt af framangreindum atriðum ráði þó úrslitum um það að hvaða marki íslensk stjórnarskrá heimilar framsal einstakra þátta ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Segja megi öllu fremur að hafa beri þau öll í huga og að það séu heildaráhrif þeirra sem máli skipti. Eðlilegt sé að gera ráð fyrir að ákvæði íslenskrar stjórnarskrár séu túlkuð með hliðsjón af gildandi þjóðarétti á hverjum tíma, a.m.k. að því marki sem unnt er að samrýma slíka túlkun fullveldisrétti ríkisins og réttaröryggi borgaranna. Þetta gildi líka um gildissvið hennar. Því séu líkur til þess, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að almenni löggjafinn geti, innan ramma íslenskrar stjórnarskrár, kveðið nánar á um gildissvið tiltekins réttaratriðis sem hefur á sér alþjóðlegan blæ. Líklegt sé að þetta svigrúm sé því meira þeim mun alþjóðlegri sem lögskiptin séu í eðli sínu. Ákvarðanir þær sem fjallað sé um í álitsgerðinni varði að mestu leyti reglur um það þegar farið er yfir innri og ytri landamæri Schengen-svæðisins, svo og ákvarðanir um sameiginlegar vegabréfsáritanir. Ekki fari því á milli mála að umrædd réttarsvið hafa á sér greinilegan alþjóðlegan blæ og samkvæmt samkomulaginu við Ísland og Noreg sé gert ráð fyrir gagnkvæmni að því er varðar réttindi og skyldur. Ekki virðist hins vegar gert ráð fyrir jafnræði milli aðila samkomulagsins varðandi ákvörðun um framtíðargerðir sem samþykktar kunna að verða innan Schengen-samkomulagsins (eða innan ESB).

Frekari sjónarmið um túlkun stjórnarskrárinnar út frá heimildum til framsals ríkisvalds til alþjóðastofnana eru einnig rakin í síðari álitsgerðinni. Þar er lögð áhersla á að miða verði við að Alþingi, sem handhafi löggjafarvalds, hafi nokkurt svigrúm til að meta hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Stjórnarskrárákvæði þau sem koma til skoðunar í tengslum við Schengen-samninginn, sbr. einkum 2. gr., séu matskennd, dómaframkvæmd á grundvelli þeirra sé takmörkuð og fræðikenningar og skýrar stjórnskipunarheföir skorti. Ætla verði löggjafanum sjálfum, lýðræðislega kjörnum meiri hluta Alþingis, visst svigrúm til að túlka stjórnarskrána og meta ytri mörk heimils framsals ríkisvalds. Þá er enn fremur rakið að við túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar sem varða fullveldi íslenska ríkisins verði að hafa í huga síaukna alþjóðlega samvinnu á öllum sviðum, sbr. rök sem rakin hafa verið hér að framan. Það eru einkum sjónarmið sem fram koma um meðferð og framsal dómsvalds sem skipta máli fyrir þessa álitsgerð. Verður látið við það sitja að lýsa þeim.

Í álitsgerðinni er byggt á því að það væri meginregla að íslenskir dómstólar ættu dómsvald um réttarágreining einstaklinga, lögaðila og stjórnvalda skv. 2. mgr. 60. gr. stjórnarskrárinnar og þeir skæru úr öllum réttarágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Ljóst væri að íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar ættu rétt á vernd innlendra dómstóla þegar frelsi þeirra og öryggi væri í húfi en Schengen-reglur tækju einmitt til slíkra atriða. Framsal dómsvalds gæti einkum falist í þrennu: (i) að gert væri ráð fyrir að unnt væri að skjóta innlendum dómsúrlausnum eða ákvörðunum stjórnvalda til alþjóðlegra dómstóla til endurskoðunar þannig að bindandi væri, (ii) að íslenskum úrlausnaraðilum væri gert skylt að bera ákveðin lagaatriði undir alþjóðlega dómstóla og vera bundnir við niðurstöður þeirra um þau atriði, (iii) að erlendum dómum væri veitt aðfararhæfi á Íslandi.

Þá er rakið að þótt við það væri miðað að íslenskir einstaklingar og lögaðilar ættu rétt á að innlendir dómstólar (eða aðrir úrlausnaraðilar) fjölluðu um mál þeirra og að íslenska ríkið lyti fyrst og fremst úrlausnarvaldi þeirra, hafi verið talið heimilt að víkja frá þessu að vissu marki án þess að það væri talið fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Enn fremur segir að því mætti slá föstu að það væri ekki andstætt ákvæðum íslenskrar stjórnarskrár þótt Ísland viðurkenni í þjóðréttarsamningi að alþjóðlegur dómstóll kveði upp dóma sem túlkar nánar þær þjóðréttarlegu skyldur sem leiðir af viðkomandi þjóðréttarsamningi. Þetta gildir jafnt þótt slíkar niðurstöður geti haft mikla þýðingu fyrir túlkun íslensks réttar af hálfu íslenskra dómstóla og stjórnvalda. Dæmi um þetta væri mannréttindasáttmáli Evrópu, en dómar Mann-

réttindadómstóls Evrópu hafi haft mikil áhrif á þróun íslensks réttar. Sambærilegt dæmi mætti einnig finna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá eru rakin ákvæði samningsins um skipan dómsvalds varðandi Schengen-reglur, einkum í tengslum við vegabréfsáritanir, hæli og önnur stefnumið varðandi frjálsa för fólks og í VI. þætti samningsins um Evrópusambandið sem fjallar um ákvæði um lögreglusamvinnu og lagalega samvinnu í refsimálum. Schengen-samningurinn gerði ekki ráð fyrir neinum dómstóli sem skæri úr deilumálum sem rísa kynnu milli samningsaðila við túlkun eða framkvæmd Schengen-reglnanna. Í aðalatriðum kæmi það í hlut dómstóls EB (og framkvæmdastjórnarinnar) að túlka og beita Schengen-reglunum eins og hverjum öðrum bandalags- eða sambandsrétti, en íslenskir dómstólar (og stjórnvöld) væru á sama hátt valdbærir til að leysa úr ágreiningi um Schengen-reglur hér á Íslandi eftir því sem efni þeirra gæfi tilefni til og segja til um stöðu þeirra að landsrétti. Þótt gera mætti ráð fyrir að túlkunaráhrif dómstóls EB um Schengen-reglur gætu orðið talsverð og ekki færi á milli mála að 9. og 10. gr. Schengen-samningsins gerði óbeint ráð fyrir slíkum áhrifum, fælist þó ekkert valdframsal í þessu sem væri andstætt stjórnarskránni enda væru íslenskir dómstólar ekki formlega bundnir við niðurstöður dómstóls EB (eða framkvæmdastjórnarinnar) samkvæmt Schengen-samningnum við Ísland og Noreg. Talið var ótvírætt að í samningnum fælist ekki framsal dómsvalds sem færi í bága við íslensku stjórnarskrána.

6.4. Síðari fræðikenningar.

Að því er varðar síðari umfjöllun fræðimanna er vert er að benda á hugleiðingar prófessors Stefáns Más Stefánssonar um EES-samninginn og stjórnarskrána. Hann bendir á að Hæstiréttur Íslands hafi með dómi sínum í máli nr. 169/1998: *Fagtún hf. gegn byggingarnefnd Borgarholtsskóla o.fl.*, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 18. nóvember 1999, ákveðið að leita ráðgefandi álits frá EFTA-dómstólnum. Af þessu dregur Stefán Már eftirfarandi ályktun:[63]

> Þar með hefur Hæstiréttur að því er best verður séð einnig lagt til grundvallar að EES-samningurinn og fylgisamningar fái samrýmst ákvæðum stjórnarskrárinnar þó að ljóst sé að rétturinn fjallaði ekki beinlínis um þetta atriði. Má nú væntanlega líta svo á að öll æðstu stjórnvöld landsins, forseti Íslands, Alþingi og Hæstiréttur, hafi komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn og fylgisamningar fari ekki í bága við stjórnarskrána.

Fleiri hafa orðið til þess að ræða þessi álitamál á fræðilegum vettvangi, m.a. höfundur þessarar álitsgerðar. Þau viðhorf koma að mestu fram í þessari álitsgerð og er því ekki ástæða til að rekja þau hér. Er þar á því byggt að hinn almenni löggjafi hafi heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana að tilteknum skilyrðum uppfylltum og framsal það sem í EES-samningnum hafi falist hafi verið innan þeirra marka sem heimil séu. Skylt er þó að geta þess að aðrir fræðimenn hafa lýst sig ósammála þeim niðurstöðum sem fram koma í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 og einnig að nokkru þeim sjónarmiðum sem byggt er á í álitsgerðum sem samdar voru í tilefni af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Um niðurstöður álits nefndar utanríkisráðherra frá 1992 er því í reynd enn deilt.

6.5. Réttarstaðan á Íslandi – samantekt og niðurstaða.

Umræður um stjórnskipulegt gildi EES-samningsins og niðurstöður þeirra, sem og að nokkru umræður um Schengen-samninginn, bera með sér að litið hefur verið svo á í íslenskri réttarframkvæmd að löggjafinn geti framselt ríkisvald til alþjóðastofnana, án þess að í

---

[63] Stefán Már Stefánsson: *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið*, bls. 65.

stjórnarskránni sé að finna ákvæði sem heimilar það sérstaklega. Þótt þannig sé heimilt að framselja einstakar valdheimildir sem eru hluti af fullveldinu með alþjóðlegum stofnunum er ekki litið svo á að fullveldinu sé þar með afsalað og þaðan af síður réttinum til fullveldis. Af þessari ástæðu m.a. er skilvirkara í lögfræðilegri umræðu að ræða þetta álitamál út frá mögulegum heimildum til að fela alþjóðlegum stofnunum meðferð einstakra valdheimilda sem annars væru á hendi ríkisins, fremur en að gera fullveldishugtakið að megininntaki slíkrar umræðu.

Ef lýsa á réttarstöðunni á Íslandi í stuttu máli má segja að í lagaframkvæmd og fræðilegum viðhorfum hafi verið mótuð óskráð regla sem heimilar hinum almenna löggjafa framsal ríkisvalds í takmörkuðum mæli. Erfitt er að afmarka með skýrum hætti inntak og umfang þessarar reglu, en sé tekið mið af lagaframkvæmd og fræðikenningum gæti hún hljóðað svo:

> Framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana er að vissu marki heimilt að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum: (i) að framsalið sé *byggt á lögum*, (ii) það sé *afmarkað* og *vel skilgreint*, (iii) það sé *ekki verulega íþyngjandi*, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana, (iv) það sé *byggt á samningi* sem kveði á um *gagnkvæm réttindi og skyldur* og mæli fyrir um *samsvarandi framsal* ríkisvalds *annarra samningsríkja*, (v) að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á *lýðræðislegum grundvelli* og að þær viðurkenni *almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu*, (vi) að framsalið leiði af *þjóðréttarsamningi* sem stefnir að *lögmætum* markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara, (vii) að framsalið megi *ekki leiða til þess að skert séu réttindi* þegnanna sem verndud eru í stjórnarskrá, (viii) að framsalið sé *afturkallanlegt*.

Þessi regla er ekki takmörkuð við það að samningur feli aðeins í sér hefðbundnar þjóðréttarlegar skuldbindingar eins og það er orðað, þ.e. þegar þær skuldabinda aðeins ríki, og hefur einnig verið talin eiga við þegar alþjóðastofnun fær vald til að taka ákvarðanir sem geta haft bein áhrif á réttarstöðu einstaklinga og lögaðila innan íslenskrar lögsögu. Þá hefur í framkvæmd ekki verið talið ráða úrslitum hvort Ísland er aðili að viðkomandi stofnun eða ekki.

7. Rúmast framsal það sem felst í 27. gr. frumvarpsins innan heimilda löggjafans til að framselja ríkisvald?

Hér verður leitast við að meta hvort það framsal sem vissulega verður talið felast í 27. gr. frumvarpsins rúmist innan þeirra heimilda sem löggjafinn verður talinn hafa til framsals ríkisvalds samkvæmt þeirri reglu sem sett er fram í kaflanum hér á undan. Verða hér skoðuð einstök skilyrði.

1. Fyrsta skilyrðið sem felst í framangreindri reglu er að framsalið sé byggt á lögum frá Alþingi. Verði frumvarp það sem hér er til skoðunar að lögum er þessu skilyrði augljóslega fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir.

2. Annað og þriðja skilyrðið lúta að því að framsalið sé *afmarkað* og *vel skilgreint* og enn fremur að það sé *ekki verulega íþyngjandi*, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana.

Í þessu sambandi ber fyrst að nefna að ákvæði 27. gr. frumvarpsins á eingöngu við þegar dómstólar beita 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins, en aldrei í öðrum tilvikum. Þannig á ákvæðið aðeins við um mjög afmarkaðar aðstæður þegar tilteknum lagaákvæðum, sem geta aðeins átt við þegar aðgerðir fyrirtækja hafa áhrif á sameiginlegum markaði EES. Erfitt er að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að því skilyrði sé fullnægt að framsalið sé afmarkað og vel skilgreint.

Að því er varðar skilyrðið um að framsalið sé *ekki verulega íþyngjandi*, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana, er fyrst bent á að um leið og fallist er á að framsalið sé afmarkað eru jafnframt líkur til þess að það teljist ekki verulega íþyngjandi enda á það aðeins við um nánar tilgreindar ástæður. Í annan stað verður að meta hvort það geti leitt til þess að hagsmunir eða

réttarvernd ríkisins eða íslenskra þegna sé skert á þann hátt að telja megi verulega íþyngjandi. Að því er þetta atriði varðar ber að gera greinarmun á því annars vegar hvort þessar heimildir teljast íþyngjandi gagnvart ríkinu sjálfu og hins vegar hvort þær teljast íþyngjandi gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Að því er fyrra atriðið varðar er bent á að í ákvæðum um valdheimildir ESA felst ekki heimild til að taka ákvarðanir sem beinast að ríkinu sjálfu, nema að því marki að þær geta skv. 27. frumvarpsins bundið hendur dómstóla við úrlausn sama ágreiningsefnis, en þessar ákvarðanir geta aðeins átt við um lögskipti einstaklinga og lögaðila. Þessar heimildir geta því ekki talist verulega íþyngjandi fyrir íslenska ríkið, enda beinist ákvörðunarvald Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 53. og 54. gr. EES aðeins að einstaklingum og lögaðilum. Sama á við um valdheimildir EFTA-dómstólsins, framkvæmdastjórnar ESB og dómstóls EB.

Ef metið er hvort ákvæði 27. gr. frumvarpsins sé verulega íþyngjandi fyrir einstaklinga og lögaðila verður að skoða heildaráhrif þessara reglna fyrir einstaklinga og aðila í atvinnurekstri, annars vegar út frá þeim réttindum sem í EES-samningnum felast þeim til handa og hins vegar þeim viðurlögum sem hægt er að beita ef ekki er farið að settum reglum. Mikilvægt er enn fremur í því sambandi að hafa í huga hvar lögskiptin gerast sem ákvörðunarvald þessara stofnana tekur til, og hvaða hagsmuni og hvers konar lögskipti um er að tefla. Ákvörðunarvald þessara stofnana tekur aðeins til þeirra sem starfa á hinum sameiginlega markaði aðildarríkja samningsins og tekur aðeins til hegðunar fyrirtækja sem hefur áhrif á þessum markaði. Heimildir til að leggja á sektir og févíti ákvarðast af þeim hagsmunum sem um er að ræða í hvert skipti, sbr. nánar 1. mgr. 15. gr. bókunar 4. Þá geta einstaklingar og lögaðilar skotið ákvörðunum ESA, sem þá varða, til EFTA-dómstólsins til endurskoðunar, sbr. b-lið 2. mgr. 108. gr. EES. Þannig fela reglur EES-samningsins í heild í sér eðlilegt hlutfall milli réttinda og þess ávinnings sem er að vænta af reglunum annars vegar og þess eftirlitshlutverks, rannsóknar- og úrlausnarheimilda hins vegar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur. Það verður því að telja líklegt að löggjafinn geti metið það svo að því skilyrði sé fullnægt að heimildir ESA skv. 27. gr. frumvarpsins séu ekki íþyngjandi umfram það sem eðlilegt getur talist þegar tillit er tekið til allra aðstæðna og sé þess vegna ekki verulega íþyngjandi í skilningi þessa skilyrðis.

Hér er enn fremur rétt að benda á að í kjölfar álits nefndar utanríkisráðherra frá 1992 kom strax fram sú gagnrýni að þau dæmi sem í álitinu eru talin væru í grundvallaratriðum ólík valdheimildum ESA á sviði samkeppnismála. Þessi dæmi gætu því ekki skipt neinu máli. Var það m.a. tilfært að í engu þeirra væri gert ráð fyrir því beinlínis að ákvörðunarvald sem annars heyrði undir innlenda aðila væri flutt út úr landinu eins og gert væri í EES-samningnum. Ýmis önnur rök eru rakin sem eiga að sýna sérstöðu þeirra heimilda sem ESA voru fengnar.[64] Þessar röksemdir geta vissulega einnig átt við um 27. gr. frumvarpsins, enda verður það framsal sem í því ákvæði felst ekki talið eiga sér skýra hliðstæðu í íslenskum rétti.

---

[64] Sjá um þetta dr. Guðmund Alfreðsson, bls. 747–748. Enn fremur Sigurjón Ingvason 1992, bls. 252–253. Sá síðarnefndi segir að dæmi um framsal valds sem rakin eru í áliti fjórmenninganna varði atvik sem ekki falla undir íslenska lögsögu. „Íslensk stjórnvöld eru hins vegar samningsbundin til þess að fullnægja þessum ákvörðunum, gagnvart íslenskum þegnum sem með athöfnum sínum eða eftir öðrum atvikum hafa komist undir erlenda lögsögu. Eftirlitsstofnun EFTA getur hins vegar tekið ákvarðanir sem varða atvik sem gerast innan íslenskrar lögsögu, en hafa að vísu áhrif út fyrir hana. Eftirlitsstofnunin hefur vald og þvingunarúrræði til þess að framkvæma rannsókn innan íslenskrar lögsögu, en ekkert slíkt rannsóknarvald er framselt í Norðurlandasamningunum. Nefnd dæmi duga því ekki til þess að álykta að ákvæðin um eftirlitsstofnunina standist gagnvart stjórnarskrá."

Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að jafnvel þótt fallist yrði á að framsal valds til Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli 27. gr. frumvarpsins sé *annars eðlis* en dæmi eru um áður hefur það eitt og sér takmarkaða sjálfstæða þýðingu við mat á því hvort það fer í bága við stjórnarskrána. Dæmin um löghelguð frávik frá 2. gr. sem nefnd hafa verið eru í eðli sínu ólík og hvíla á sérstökum forsendum og röksemdum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig, en eru samt hvert um sig almennt talin samræmast stjórnarskránni. Ekki er hægt að gefa sér fyrir fram að sú tiltekna tegund framsals sem felst í 27. gr. frumvarpsins sé óheimil vegna þess að engin skýr fordæmi eru um nákvæmlega þess konar framsal. Reglurnar sem leiðir af EES-samningnum, þ.m.t. þær sem fram koma í 27. gr. frumvarpsins, eru byggðar á sérstökum rökum sem eiga við um EES-samninginn eingöngu og þau markmið sem að er stefnt með honum. Verður að meta stjórnskipulegt gildi þeirra í því ljósi.

3. Fjórða skilyrðið er að framsalið sé *byggt á samningi* sem kveði á um *gagnkvæm réttindi og skyldur* og mæli fyrir um *samsvarandi framsal* ríkisvalds *annarra samningsríkja*. Framsal það sem um ræðir er byggt á EES-samningnum og löggjöf sem hefur verið tekin upp í samninginn, en sá samningur kveður vissulega á um gagnkvæm réttindi og skyldur samningsaðila þar sem öllum samningsaðilum er gert að framselja ríkisvald með sama hætti og með sömu skilyrðum. Þessu skilyrði virðist því augljóslega vera fullnægt.

4. Fimmta skilyrðið er að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á *lýðræðislegum grundvelli* og að þær viðurkenni *almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu*. Ekki er vafi á því að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA, sem túlka má sem íþyngjandi, eru teknar af stofnun sem fullnægir þessum skilyrðum. Sama á við um aðrar stofnanir sem 27. gr. frumvarpsins getur átt við um. Ekkert bendir til annars en að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri muni njóta réttarstöðu sem er sambærileg þeirri sem þeir njóta í samskiptum við innlend yfirvöld.

5. Sjötta skilyrðið er að framsalið leiði af *þjóðréttarsamningi* sem stefnir að *lögmætum* markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara. Ekki er ástæða til að ágreiningur verði um að þessu skilyrði sé fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir.

6. Í sjöunda lagi er sett það skilyrði að framsal ríkisvalds megi aldrei leiða til þess að skert séu *réttindi þegnanna sem vernduð eru í stjórnarskrá*. Í þessu skilyrði felst að telji íslenskir dómstólar að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA, eða annarra stofnana sem ætla verður að 27. gr. frumvarpsins vísi til, feli í sér að brotin sé réttur á íslenskum þegnum sem annars er tryggður í stjórnarskrá eru ákvarðanir hennar einfaldlega ekki bindandi fyrir þá. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins verður því aldrei túlkað þannig að í því felist að dómstólar verði bundnir af ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA eða annarra stofnana sem ákvæðið kann að vísa til sem eru efnislega taldar vera andstæðar stjórnarskrá Íslands.

7. Í áttunda lagi er rétta að setja það skilyrði að framsalið sé *afturkallanlegt*. Í þessu skilyrði felst sá skilningur að framsal löggjafans á valdheimildum ríkisins sé aldrei varanlegt og sé ávallt byggt á þeirri forsendu að þessar valdheimildir séu afturkallanlegar. Þetta er í sjálfu sér óháð hugleiðingum um hvort og við hvaða aðstæður unnt er að segja upp þjóðréttarsamningum af því tagi sem EES-samningurinn er. Aðstaðan er einfaldlega sú að í skjóli íslensku reglunnar um takmarkað framsal valdheimilda ríkisins er ekki unnt að framselja valdheimildirnar varanlega með óafturkallanlegum hætti og við það verða viðsemjendur Íslands að una. Íslendingar geta að sjálfsögðu sett sér slíka reglu einhliða og byggt á henni í skjóli fullveldisréttinda sinna.

8. Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður álitsgerðarinnar eru þessar:

1) Færð eru rök fyrir því að ákvæði 27. gr. frumvarps til samkeppnislaga hafi talsverða sérstöðu sem geri það að verkum að framsal dómsvalds sem í því verður talið felast rúmast ekki sjálfkrafa innan þess framsals ríkisvalds til alþjóðastofnana sem þegar hefur verið talið heimilt á grundvelli EES-samningsins, sem löggjafinn samþykkti með lögum nr. 2/1993, og álit nefndar utanríkisráðherra frá 1992 fjallar um. Sérstaða 27. gr. frumvarpsins felst m.a. í því að ekki eru dæmi þess að íslenskir dómstólar hafi áður verið bundnir af ákvörðunum alþjóðlegra stofnana við úrlausn mála sem þeir annars eiga lögsögu í. Þessu verður ekki jafnað til þess þegar erlendum úrlausnum, þ.m.t. úrlausnum alþjóðlegra stofnana, er veitt aðfararhæfi hér á landi, né heldur verða þær taldar felast í þeim, enda hafa slíkar fullnustuheimildir aldrei verið skýrðar svo að þær takmarki eða skerði sjálfstæði innlendra dómstóla. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins gerir það aftur á móti óneitanlega, þótt í takmörkuðum mæli sé, og skerðir með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins þar sem dómari verður, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, bundinn af ákvörðun annars aðila (Eftirlitsstofnunar EFTA, EFTA-dómstólsins, framkvæmdastjórnar EB eða dómstóls EB) þegar hann kveður upp sinn dóm. Í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 er lögð sérstök áhersla á að ákvæði EES-samningsins eða fylgisamninga hans hefðu ekki þessi eða sambærileg áhrif á sjálfstæði íslenskra dómstóla og voru það talin mikilvæg rök þegar komist var að þeirri niðurstöðu að lögfesta mætti EES-samninginn að óbreyttum stjórnlögum. Sú tegund framsals sem í ákvæðinu felst er því nýmæli í íslenskum lögum. Með því er þó í sjálfu sér ekki tekin afstaða til þess hvort ákvæðið gengur lengra eða skemmra í framsali ríkisvalds til alþjóðastofnana en áður hefur verið talið rúmast innan stjórnarskrárinnar. Því er aftur á móti haldið fram að ekki verði hjá því komist að meta sérstaklega hvort það framsal sem í ákvæðinu felst rúmist innan þeirra heimilda sem hinn almenni löggjafi verður talinn hafa í þessu efni.

2) Í álitsgerð þessari er byggt á þeirri forsendu að í íslenskum rétti gildi venjuhelguð regla um að hinum almenna löggjafa sé að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana. Í álitsgerðinni er rökstutt í alllöngu máli að slík óskráð regla gildi að íslenskum rétti án þess að hún sé orðuð í stjórnarskránni. Þótt þessi regla verði álitin í gildi er óhjákvæmilegt að halda því til haga að ekki hefur með beinum hætti reynt á gildi hennar fyrir íslenskum dómstólum. Auk þess er nánara inntak hennar óljóst og ytri mörk heimils framsals ekki skýr. Af þeim sökum felst ákveðin áhætta í því að byggja framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana á þessari reglu. Sé tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar, sem fela í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta, má þó færa veigamikil rök fyrir því að löggjafanum sé játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem þessi regla setur. Slíkt fyrirkomulag er haganlegt og skynsamlegt, ef tekið er mið af þróun mála í alþjóðasamskiptum og alþjóðaviðskiptum. Í því sambandi er mikilvægt að löggjafinn hafi möguleika á að tryggja réttarstöðu íslenskra þátttakenda í slíkum viðskiptum og tryggja þeim nauðsynlega réttarvernd á þeim vettvangi sem eðlilegastan má telja þegar eðli alþjóðlegra viðskipta er haft í huga. Á hinn bóginn hefur í dómum Hæstaréttar undanfarinn áratug eða svo gætt vissrar tilhneigingar til að þrengja að valdheimildum löggjafans umfram það sem ætla mætti að fælist í hinum hefðbundnu sjónarmiðum, m.a. þegar löggjöf varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi sem getið er í stjórnarskrá. Hafa

niðurstöður þeirra í sumum tilvikum komið bæði stjórnmálamönnum og fræðimönnum í lögfræði nokkuð á óvart sé tekið mið af hefðbundnum sjónarmiðum um skýringu stjórnarskrárinnar. Endurteknir árekstrar löggjafarvalds og dómsvalds af þessu tagi leiða til þess að ekki er mögulegt að spá fyrir um það með neinni vissu hver afstaða íslenskra dómstóla kann að verða til þess álitaefnis sem hér er tekist á við.

3) Framangreind óskráð regla er á því reist að í lagaframkvæmd og fræðikenningum hafi verið við það miðað að heimilt sé í takmörkuðum mæli að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Skýrasta dæmið um þetta er EES-samningurinn sjálfur. Mikilvæg réttarpólitísk og lögfræðileg rök hníga til þess að löggjafanum sé játað svigrúm til þess að mæla fyrir um takmarkað framsal einstakra valdheimilda ríkisins til slíkra stofnana til að greiða fyrir alþjóðasamskiptum og þá ekki síður til að tryggja réttarvernd og réttarstöðu Íslendinga og íslenskra fyrirtækja sem taka þátt í alþjóðlegum viðskiptum. Alþingi er valdamesta stofnun íslenska ríkisins og þingmenn sæta pólitískri ábyrgð. Við mat á svigrúmi sínu til að framselja ríkisvald til alþjóðastofnunar getur Alþingi því gert að sínum þau réttarpólitísku og lögfræðilegu rök sem rakin eru í álitsgerð þessari. Þessi réttarpólitísku og lögfræðilegu rök eru jafngild og hafa sambærilegt vægi þótt heimilt sé að breyta stjórnarskrá og mæla fyrir um heimild til framsals ríkisvalds í henni, enda vandséð að slík heimild yrði nokkurn tímann orðuð þannig að hún leysi í eitt skipti fyrir öll úr þeim vafamálum sem upp geta komið við framsal ríkisvalds. Að því leyti skipta þessi rök einnig máli við þær aðstæður og löggjafinn gæti staðið með svipuðum hætti frammi fyrir því að taka afstöðu til þeirra við beitingu slíks ákvæðis.

4) Í álitsgerðinni er því haldið fram að sú forsenda sem stjórnarskráin verður talin byggjast á, að Ísland sé fullvalda ríki, komi ekki í veg fyrir að löggjafanum sé í takmörkuðum mæli heimilt að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Við mat á þýðingu fullveldishugtaksins í þessu sambandi, og þeim skorðum sem það kann að setja mögulegum heimildum löggjafans, ber að leggja áherslu á þann lagalega skilning á hugtakinu að réttur ríkis til fullveldis miði að því treysta rétt þess til að standa vörð um hagsæld, mannréttindi og frelsi þegna sinna á eigin forsendum, um leið og það er frá pólitísku sjónarmiði umgjörð um þjóðernisleg og menningarleg samkenni þjóðar. Af þessu sjónarmiði leiðir m.a. að framsal ríkisvalds til alþjóðastofnunar má ekki leiða til þess að takmörkuð verði réttindi þegnanna þannig að í bága fari við stjórnarskrárbundin grundvallarréttindi þeirra. Þá felst einnig í fullveldisrétti ríkisins að valdheimildir, sem framseldar hafa verið, eru ávallt afturkallanlegar.

5) Þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem helst koma til skoðunar varðandi framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins eru í 1., 2. og 60. gr. hennar. Að því er varðar 2. gr. stjórnarskrárinnar er bent á að viðurkennd hafi verið mörg frávik frá þeim reglum sem í ákvæðinu verða taldar felast, m.a. að því er varðar meðferð dómsvalds. Mörg þessara frávika eru löngu venjuhelguð og styðjast við málefnaleg rök, þótt ekkert þeirra sé fyllilega sambærilegt við það sem lagt er til í 27. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga. Þótt möguleg frávik frá ákvæðum 2. gr. stjórnarskrárinnar sæti vissulega takmörkunum hefur í dómaframkvæmd verið viðurkennt að löggjafinn hafi ákveðið svigrúm í þessu efni. Lagaframkvæmd á Íslandi vitnar enn fremur um það viðhorf að löggjafinn hafi talsvert svigrúm til að mæla fyrir um frávik frá 2. gr. þótt skráðum heimildum til þess sé ekki fyrir að fara í stjórnarskránni. Rök standa til þess að líta svo á að sambærilegt svigrúm sé fyrir hendi þegar kemur að heimildum til að fela alþjóðlegum stofnunum valdheimildir á afmörkuðum sviðum, og við nánar tilgreindar aðstæður, sem annars væru á hendi ríkisins.

6) Með vísan til þeirra réttarpólitísku og lögfræðilegu röksemda, sem raktar hafa verið, og lagaframkvæmdar og fræðikenninga, sbr. og 2. tölul. hér að framan, er því haldið fram hér að samkvæmt íslenskum rétti gildi nú þegar regla sem heimilar hinum almenna löggjafa framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana í takmörkuðum mæli. Regluna má orða svo:
   Framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana er að vissu marki heimilt að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum: (i) að framsalið sé byggt á lögum, (ii) það sé afmarkað og vel skilgreint, (iii) það sé ekki verulega íþyngjandi, hvorki fyrir íslenska ríkið né þegnana, (iv) það sé byggt á samningi sem kveði á um gagnkvæm réttindi og skyldur og mæli fyrir um samsvarandi framsal ríkisvalds annarra samningsríkja, (v) að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á lýðræðislegum grundvelli og að þær viðurkenni almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu, (vi) að framsalið leiði af þjóðréttarsamningi sem stefnir að lögmætum markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara, (vii) að framsalið megi ekki leiða til þess að skert séu réttindi þegnanna sem vernduð eru í stjórnarskrá, (viii) að framsalið sé afturkallanlegt.
7) Í álitsgerðinni eru færð fyrir því rök að það framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins, sem í 27. gr. frumvarpsins verður talið felast, geti rúmast innan þeirra heimilda sem löggjafinn hefur samkvæmt þeirri reglu sem talin er gilda hér á landi og gerð er grein fyrir hér að framan. Það er þó undir því komið að fallist sé á að löggjafinn hafi að óbreyttum stjórnlögum heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli og að inntak þeirrar heimildar sé með þeim hætti sem lýst hefur verið. Um þetta hvorutveggja hefur verið og er ágreiningur meðal stjórnmálamanna og fræðimanna í lögum.
8) Við hið lögfræðilega mat skiptir máli að skerðing á sjálfstæði dómsvaldsins og framsal dómsvalds til alþjóðastofnunar er skv. 27. gr. frumvarpsins mjög takmarkað við ákveðnar ástæður og á eingöngu við þegar íslenskir dómstólar beita tilteknum ákvæðum EES-samningsins. Þótt það sé ekki lögfræðilegt sjónarmið að öllu leyti er einnig ástæða til að benda á að líklegt er að þýðing 27. gr. eigi í reynd eftir að verða afar lítil.
9) Að lokum er nauðsynlegt að árétta enn og aftur að forsendan fyrir því að 27. gr. frumvarpsins standist gagnvart stjórnarskrá er að fallist sé á að í íslenskum rétti gildi venjuhelguð regla um að hinn almenni löggjafi hafi heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, án sérstakrar heimildar til þess í stjórnarskránni. Enn fremur verður að leggja áherslu á að ekki hefur með beinum hætti reynt á gildi þessarar reglur fyrir dómstólum. Alþingi, sem æðsti handhafi löggjafarvalds og valdamesta stofnun ríkisins, hefur byggt á slíkri reglu í framkvæmd. Það er einnig á ábyrgð Alþingis að áskilja sér svigrúm til að móta inntak þessarar reglu nánar í framkvæmd og beita henni í því tilviki sem hér um ræðir, m.a. með það að markmiði að stuðla því að íslenska ríkið geti verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

922. Svar [289. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur og Gunnars Örlygssonar um stöðu fatlaðra kvenna.

1. *Hefur verið gerð rannsókn á stöðu fatlaðra kvenna hér á landi með tilliti til menntunar og atvinnumöguleika?*

Hér á landi hefur ekki verið gerð yfirgripsmikil rannsókn til að kortleggja stöðu fatlaðra kvenna í íslensku samfélagi með tilliti til menntunar og atvinnumöguleika. Hins vegar hefur fræðifólk unnið ýmis rannsóknarverkefni um fatlaðar konur sem hafa beinst að mörgum ólíkum þáttum í lífi þeirra, m.a. menntun og atvinnu. Er hér einkum vísað til rannsókna Rannveigar Traustadóttur, prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, sem hefur ásamt nemendum sínum og samstarfsfólki unnið að fjölmörgum rannsóknarverkefnum um fatlaðar konur um margra ára skeið, m.a. um menntun og atvinnu. Flestar fötluðu kvennanna sem hafa verið þátttakendur í þessum rannsóknum hafa verið með þroskahömlun en konur með aðrar skerðingar hafa einnig verið þátttakendur.

Mikilvægt er að benda á að niðurstöður rannsóknanna byggjast á viðtölum við fatlaðar konur á ýmsum aldri og talsvert er síðan sumar þeirra voru í skóla, en aðrar eru tiltölulega nýútskrifaðar úr skólakerfinu.

Samkvæmt íslenskum lögum gildir sú meginregla að allir nemendur, einnig fatlaðir, gangi í sama skóla. Þrátt fyrir þetta hafa langflestar fötluðu kvennanna sem hafa tekið þátt í rannsóknum hér á landi fengið menntun sína í sérskólum eða sérdeildum almennra skóla. Aðeins örfáar þeirra hafa átt stutta viðdvöl í almennum bekk grunnskóla. Misjafnt er hvernig þær bera almenna skólanum söguna. Sumar lýsa ánægju með veruna þar og voru afar ósáttar við að vera settar í sérskóla. Aðrar kvarta yfir því hversu erfitt það hefði verið að fylgja hinum nemendunum eftir og að stuðningur hefði ekki verið nægur. Örfáar kvennanna hafa lokið grunnskólaprófi frá almennum skóla, hinar luku grunnskólaárum sínum í sérskólum.

Flestar töldu að þær hefðu ekki fengið nægan undirbúning til að fara út á vinnumarkaðinn eftir að hafa lokið grunnskólanum og leituðu eftir áframhaldandi námi. Ekki var um marga valkosti að ræða. Þær sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu áttu þrjá möguleika. Í fyrsta lagi tveggja ára framhaldsnám við sama sérskóla og þær höfðu stundað grunnskólanám (úrræði sem ekki er lengur í boði). Í öðru lagi iðnnám í sérdeild almenns iðnskóla. Í þriðja lagi nám í framhaldsskóla, en framhaldsskólarnir hafa sumir sérhæft sig til að taka á móti ákveðnum hópum fatlaðra nemenda, svo sem hreyfihömluðum og heyrnarskertum, og núna nemendum með þroskahömlun. Aðeins hluti kvennanna sem hafa tekið þátt í rannsóknunum hélt áfram námi eftir grunnaskóla, hinar fóru á verndaða vinnustaði eða hæfingarstöðvar þar sem þær fengu vinnuþjálfun.

Örfáar kvennanna fóru einn vetur í almennan húsmæðraskóla og létu vel af því.

Í rannsóknum þessum hefur komið fram að námsleiðir sem fötluðum nemendum standa til boða eru oft miðaðar við afar hefðbundin kynhlutverk og þessum nemendum þannig beint í hefðbundnar karlagreinar (svo sem smíðar og málmiðnir) og kvennagreinar (sauma). Oftast voru litlir sem engir möguleikar á fjölbreyttu námsvali.

Fáir fatlaðir nemendur skila sér í háskóla hér á landi. Aðgengi að þeim, bæði félagslegt og að byggingum, hefur reynst fötluðum erfitt. Nú er verið að kanna aðstæður fatlaðra í Háskóla Íslands en niðurstöður liggja ekki fyrir og ekki er hugað sérstaklega að konum.

Fatlaðir eiga almennt erfiðara með að fá vinnu en ófatlaðir. Þetta á ekki síst við um fatlaðar konur en erlendar rannsóknir sýna að þær eiga mun erfiðara með að fá vinnu en fatlaðir karlar. Ef þær fá vinnu eru þær líklegri að vera í hlutastarfi en fatlaðir karlar í fullu starfi.

Atvinnumál þeirra þroskaheftu kvenna sem hafa tekið þátt í rannsóknum Rannveigar Traustadóttur og samstarfsfólks hennar endurspegla að fatlaðar konur standa almennt illa á vinnumarkaði og margar hverjar eiga erfitt með að fá vinnu á almennum vinnustöðum, einkum virðast konur með þroskahömlun standa illa. Flestar þeirra vinna á vernduðum vinnustöðum eða sérstökum vinnuþjálfunarstöðum/hæfingarstöðum fyrir fatlaða. Aðeins örfáar þeirra unnu á almennum vinnumarkaði, oftast í hlutastarfi. Langflestar fötluðu kvennanna sem hafa tekið þátt í rannsóknum um atvinnumál eiga það sameiginlegt að vinna við einhæf láglaunastörf í iðnaði eða þjónustu. Þær fáu konur sem unnu á venjulegum vinnustöðum voru mun ánægðari en þær sem voru í verndaða kerfinu, bæði með vinnuna og með launin.

Nýtt úrræði í atvinnumálum fatlaðs fólks hefur litið dagsins ljós og nefnist það „atvinna með stuðningi“. Hér er um að ræða aðferð við að aðstoða fatlað fólk við að finna og halda vinnu á almennum vinnumarkaði. Þetta úrræði hefur reynst mjög vel hér á landi eins og erlendis þar sem úrræðið hefur verið notað um margra ára skeið. Hér er um mjög jákvæða nýjung að ræða sem mun nýtast fötluðum konum ekki síður en körlum.

2. *Stendur til að gera slíka rannsókn á næstunni?*

Þær rannsóknir sem vitnað er til hér að framan gefa mjög góða innsýn í afmarkaða þætti en ekki tölfræðilegt heildaryfirlit. Það er því ljóst að full ástæða er til að vinna rannsókn sem gæfi heildaryfirlit yfir stöðu mála á Íslandi og það verður skoðað í ráðuneytinu hvernig best verði staðið að slíkri rannsókn eða úttekt.

3. *Hver er staða fatlaðra kvenna almennt hvað varðar menntun og atvinnuþátttöku?*

Í stuttu máli má almennt segja að reynsla fatlaðra kvenna (einkum þroskaheftra) af hinu almenna skólakerfi hafi einkennst af því að kerfið hafi ekki verið í stakk búið til að sinna þeim vel. Í gegnum tíðina hefur þeim oftast verið vísað í sérúrræði sem einungis hefur verið ætlað fötluðum og kerfið hefur brugðist því hlutverki að veita þeim menntun sem undirbjó þær til daglegrar þátttöku í leik og starfi í íslensku samfélagi. Afleiðingin er sú að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra hefur átt í verulegum erfiðleikum á vinnumarkaði. Skólakerfið sinnir þó í vaxandi mæli fötluðum nemendum (af báðum kynjum) í almennu skólastarfi á öllum skólastigum. Flestum rannsóknum hérlendis ber þó saman um að talsvert vanti á og að auki er afar lítið gert til að styrkja sérstaklega fatlaðar stúlkur og konur til að vinna gegn þeirri tvöföldu mismunun sem þær búa við annars vegar sem konur og hins vegar sem fatlaðir einstaklingar.

Í stuttu máli má segja að atvinnuþátttaka fatlaðra kvenna einkennist af einhæfum láglaunastörfum. Flestar eiga í verulegum erfiðleikum með að fá vinnu á venjulegum vinnustöðum. Margar eru í störfum í verndaða kerfinu sem hefur það markmið að þjálfa þær til starfa á almennum vinnumarkaði. Það gengur hins vegar afar hægt og illa og flestum þeirra finnst sem þær sitji fastar í verndaða kerfinu. Það vekur athygli að útilokað er fyrir flestar kvennanna að sjá sér farborða af þeim launum sem þeim eru greidd fyrir vinnuna í verndaða kerfinu. Líkt og almenna menntakerfið hefur hinn almenni vinnumarkaður sögulega séð ekki sinnt fötluðum konum.

923. Svar [460. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um varðveislu sjónvarpsefnis.

1. *Hvaða reglur gilda um það hvaða sjónvarpsefni er varðveitt?*

Um varðveislu útvarpsefnis gilda:

a. 10. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 20/2002,
b. 8. gr. reglugerðar um skylduskil til safna, nr. 982/2003,
c. 25. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000,
d. 5. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000,
e. 26. gr. reglugerðar um Ríkisútvarpið, nr. 357/1986.

Samkvæmt útvarpslögum, nr. 53/2000, skal hver sá sem heimild hefur til rekstrar útvarps varðveita í a.m.k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, segir m.a. í 5. gr. að Ríkisútvarpinu beri að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar og er það að efni til samhljóða eldri lagagrein. Með lögum um skylduskil til safna, nr. 20/2002, og reglugerð nr. 982/2003 var Ríkisútvarpinu gert skylt að afhenda útsendar dagskrár hljóðvarps og sjónvarps í einu eintaki. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir og í þessu tilviki er um að ræða Kvikmyndasafn Íslands.

Ríkisútvarpið hefur um áratuga skeið varðveitt hluta af dagskrárefni sínu. Framan af var unnið eftir viðmiðunarreglum sem framkvæmdastjórar settu hverju sinni. Að öðru leyti tóku dagskrár- og deildarstjórar ákvarðanir um hvaða efni skyldi varðveitt. Með lögum um skylduskil til safna, nr. 20/2002, og reglugerð nr. 982/2003 var Ríkisútvarpinu gert skylt að afhenda útsendar dagskrár hljóðvarps og sjónvarps í einu eintaki til Kvikmyndasafns eins og áður sagði. Ríkisútvarpið hefur haft samráð og samstarf við Þjóðskjalasafn um varðveislu skjala eins og lögbundið er og um varðveislu dagskrárefnis þar til Kvikmyndasafni var falið það verkefni.

Ráðuneytið leitaði einnig eftir upplýsingum frá Stöð 2 og Skjá 1. Í svari Stöðvar 2 kemur fram að efni sé varðveitt í 18 mánuði samkvæmt útvarpslögum. Auk þess er efni sem Stöð 2 framleiðir í formi þáttaraða varðveitt í filmusafni nema þegar ekki þykir ástæða til að varðveita alla þættina til lengri tíma. Í þeim tilvikum er útbúið sýnishorn af þættinum eða varðveittur a.m.k. einn þáttur. Erlent dagskrárefni sem Stöð 2 sýnir er geymt samkvæmt samningi um sýningarrétt og endursent til framleiðenda þegar samningstíma lýkur.

Í svari Íslenska sjónvarpsfélagsins sem rekur Skjá 1 var ekki getið um hvernig varðveislu er háttað.

2. *Hvaða sjónvarpsefni stjórnmálalegs eðlis, sem sýnt var fyrir alþingiskosningar frá 1967– 2003, er til hjá Ríkisútvarpinu?*

Í fylgiskjali I er greint frá því hvaða sjónvarpsefni stjórnmálalegs eðlis, sem tengist alþingiskosningum 1967–2003, er varðveitt hjá Ríkisútvarpinu.

3. *Hvaða flokkakynningar eru til frá kosningunum 1971, 1974, 1978, 1979, 1983, 1987, 1991, 1995, 1999 og 2003? Óskað er eftir upplýsingum um hvaða stjórnmálaflokkar buðu fram í hverjum kosningum og hvaða efni er til um hvern og einn.*

Í svari frá Ríkisútvarpinu kemur fram að flokkakynningar stjórnmálaflokkanna hafi verið framleiddar af flokkunum sjálfum og séu varðveittar hjá þeim, sjá fylgiskjal II. Í fylgiskjalinu eru tilgreindar þær flokkakynningar sem til eru í safni Ríkisútvarpsins, flokkaðar eftir árum.

Í fylgiskjali III er tafla yfir þá flokka sem buðu fram í kosningum 1971–2003.

Í svari Íslenska sjónvarpsfélagsins er greint frá flokkakynningum í þættinum Silfur Egils 2002–2003, sjá fylgiskjal IV.

4. *Hvaða stjórnmálaumræðuþættir og aðrir stjórnmálaþættir, svo sem umræður kvöldið fyrir kjördag frá þessum kosningum, eru til, flokkaðir eftir árum?*

Hvað varðar Ríkisútvarpið er vísað til svars við 1. lið og fylgiskjals I. Þar er allt sjónvarpsefni sem á við spurninguna tilgreint eftir árum.

Í svari Stöðvar 2 kemur fram að fyrsta kosningasjónvarpið þar hafi verið 1987. Einnig er til efni frá kosningasjónvarpi 1991, 1995, 1999 og 2003 og að auki eru til þættir sem tengjast kosningum og kallast Lokaslagur. Þeir voru sýndir kvöldið fyrir kjördag og í þeim komu fram fulltrúar flokkanna eða forsvarsmenn þeirra. Fyrir kosningarnar 1995 voru þættir á dagskrá sem heita Sjónarmið. Þetta voru samtals 54 þættir sem byrjuðu í október 1994 og enduðu í maí 1995. Í þeim voru mál tengd stjórnmálum tekin fyrir og stjórnmálamenn sátu fyrir svörum.

Í svari Íslenska sjónvarpsfélagsins í fylgiskjali IV er greint frá gestum í þættinum Silfur Egils frá september 2002 til maí 2003 og jafnframt hverjir tóku þátt í aukaþætti rétt fyrir kosningar 2003.

Fylgiskjal I.

Ríkisútvarpið:

Sjónvarpsefni stjónmálalegs eðlis sem tengist alþingiskosningum 1967–2003.

1967
Kosningavaka sjónvarpsins, 12.6.
13.6. er rætt við stjórnmálaleiðtoga þegar úrslit liggja fyrir.

1971
Hringborðsumræður forystumanna þingflokkanna 8.6.
Kosningasjónvarp 13.6
Úrslit kosninganna : Umræðuþáttur 14.6. Rætt við formenn flokkanna.

1974
Alþingi : Þingrof 8.5.

1978
Framboðsfundur fulltrúa allra stjórnmálaflokka haldinn á Egilsstöðum. Hluti þessa fundar var sýndur í kosningasjónvarpi.

1979
Kosningasjónvarp 3.12.
Hefst á sameiginlegum framboðsfundi allra flokka á Þingeyri.

1987
Í kvöldkaffi: umræðuþáttur EI 3.3.
Nýju kosningalögin: Umræðuþáttur 17.3.
Reykjaneskjördæmi 21.4.
Reykjavík 22.4
Norðurland eystra 23.4
Skoðanankannanir: Umræðuþáttur 21.4.
Hringborðsumræður formanna 24.4.
Kosningavaka sjónvarpsins 25.4

1991
Kjördæmaumræður
8.4. Vesturlandskjördæmi
10.4. Norðurlandskjördæmi vestra
11.4. Norðurlandskjördæmi eystra
15.4. Austurlandskjördæmi
17.4. Reykjaneskjördæmi
18.4. Reykjavíkurkjördæmi
19.4. Umræðuþáttur : Samsending RÚV og Stöðvar 2
21.4. Kosningavaka sjónvarpsins.

1995

10.3. Við upphaf kosningabaráttunnar
13.3. Alþingiskosningar 1995 – Mennta og menningarmál
20.3. Alþingiskosningar 1995 – Velferðarkerfið
26.3. Alþingiskosningar. Kjördæmaumræður.
Reykjaneskjördæmi,
Austurland,
Suðurland,
Vestfjarðakjördæmi
27.3. Alþingiskosningar 1995 - Atvinnumál
28.3. Alþingiskosningar 1995. Formenn sitja fyrir svörum : Jón Baldvin Hannibalsson.
29.3. Alþingiskosningar 1995. Formenn sitja fyrir svörum : Jóhanna Sigurðardóttir
30.3. Alþingiskosningar 1995. Formenn sitja fyrir svörum : Jóna Valgerður Kristjánsdóttir
2.4. Alþingiskosningar. Kjördæmaumræður.
Norðurland vestra
Norðurland eystra
Reykjavík
Vesturland
3.4. Alþingiskosningar 1995. Formenn sitja fyrir svörum : Davíð Oddsson
4.4. Alþingiskosningar 1995. Formenn sitja fyrir svörum : Ólafur Ragnar Grímsson
5.4. Alþingiskosningar 1995. Formenn sitja fyrir svörum : Halldór Ásgrímsson
6.4. Alþingiskosningar 1995 : Ísland og umheimurinn
7.4. Lokaumræður flokksleiðtoga
8.4. Kosningavaka
9.4. Umræður um niðurstöður kosninganna

1999

X'99 : Austurlandskjördæmi
X'99 : Norðurland eystra
X'99 : Norðurland vestra
X'99 : Reykjaneskjördæmi
X'99 : Reykjavíkurkjördæmi
X'99 : Suðurlandskjördæmi
X'99 : Vestfjarðakjördæmi
X'99 : Vesturlandskjördæmi
X'99 : Hálendi Íslands og Evrópumál
X'99 : Unga fólkið
X'99 : Velferðar- og skattamál
X'99 : Eldri borgarar
X'99 : Fiskveiðistjórnunarkerfið
X'99 : Formenn flokka sem bjóða fram á landsvísu (samsending með Rás 2)
X'99 : Tæpitungulaust : Davíð Oddsson
X'99 : Tæpitungulaust : Halldór Ásgrímsson
X'99 : Tæpitungulaust : Kjartan Jónsson
X'99 : Tæpitungulaust : Margrét Frímannsdóttir
X'99 : Tæpitungulaust : Steingrímur J. Sigfússon

X'99 :Tæpitungulaust : Sverrir Hermannsson
X'99 :Lokaslagur. Formenn flokka sem bjóða fram á landsvísu (samsending með Rás 2)
X '99: Kosningavaka Alþingiskosninga 1999
X'99 :Úrslitin

2003
16.4 At : Unga fólkið og alþingiskosningarnar.
23.4. Ný kosningalög - fréttaskýring
13.4. Kosningakastljósið. Rætt við fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem bjóða fram á landsvísu.
15.4. Kosningakastljósið. Formenn Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins
16.4. Kosningakastljósið. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar
22.4. Kosningakastljósið. Rætt við unga frambjóðendur flokkanna sem bjóða fram á landsvísu.
23.4. Kosningakastljósið. Fulltrúar Framsóknarflokks og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs
29.4. Kosningakastljósið. Fulltrúar Frjálslynda flokksins og Sjálfstæðisflokksins
23.4. Kosningakastljósið. Blaðamennirnir Óskar Guðmundsson, Ólafur Teitur Guðnason og Sigurdór Sigurdórsson ræða um kosningabaráttuna.
23.4. Kosningakastljósið. Fjallað um fylgiskannanir, nýja kjördæmaskipan o.fl. Gestir þáttarins eru þau Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur, Þorlákur Karlsson framkvæmdastjóri hjá Gallup og Arna Schram blaðamaður á Morgunblaðinu.
8.5. Kosningakastljósið. Gestir þáttarins eru þeir Sigmundur Ernir Rúnarsson ritstjóri DV og Steingrímur Sigurgeirsson blaðamaður á Morgunblaðinu
11.5. Kosningakastljósið. Umræður leiðtoga þeirra flokka sem náðu mönnum á þing í kosningunum; Halldór Ásgrímsson form. Framsóknarflokksins, Davíð Oddsson form. Sjálfstæðisflokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson form. Frjálslynda flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir talsm. Samfylkingarinnar og Steingrímur J. Sigfússon form. Vinstri grænna.
Kosningar 2003 : Norðausturkjördæmi.
Kosningar 2003 : Norðvesturkjördæmi
Kosningar 2003 : Reykjavík norður
Kosningar 2003 : Reykjavík suður
Kosningar 2003 : Suðurkjördæmi
Kosningar 2003 : Suðvesturkjördæmi
Kosningar 2003 : Leiðtogaumræður. Leiðtogar þeirra framboða sem bjóða fram í öllum kjördæmum mæta í Alþingishúsið við Austurvöll en þaðan er sjónvarpað í beinni útsendingu umræðum þeirra. Samsending RÚV og Stöðvar 2.
Kosningar 2003 : Tæpitungulaust : Davíð Oddsson
Kosningar 2003 : Tæpitungulaust : Guðjón Arnar Kristjánsson
Kosningar 2003 : Tæpitungulaust : Guðmundur G. Þórarinsson
Kosningar 2003 : Tæpitungulaust : Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Kosningar 2003 : Tæpitungulaust : Halldór Ásgrímsson
Kosningar 2003 : Tæpitungulaust : Steingrímur J. Sigfússon

Kosningavaka Sjónvarpsins 2003 : Alþingiskosningar

Fylgiskjal II.

Ríkisútvarpið:

Flokkakynningar.

Flokkakynningar stjórnmálaflokka hafa verið framleiddar af flokkunum sjálfum og eru varðveittar hjá þeim. Þó eru í safni Ríkisútvarpsins til eftirfarandi kynningar:

1987
Framboðskynningar : Bandalag jafnaðarmanna
Framboðskynningar : Flokkur mannsins
Framboðskynningar : Þjóðarflokkurinn
Framboðskynningar : Kvennalisti
Framboðskynningar : Samtök Stefáns Valgeirssonar

1991
Flokkakynning : Sjálfstæðisflokkur
Flokkakynning : Heimastjórnarsamtökin
Flokkakynning : Alþýðuflokkurinn

1995
Flokkakynningar : Þjóðvaki

1999
X '99 : flokkakynning : Framsóknarflokkurinn
X '99 : flokkakynning : Húmanistaflokkurinn
X '99 : flokkakynning : Samfylkingin
X '99 : flokkakynning : Sjálfstæðisflokkurinn
X '99 : flokkakynning : Vinstrihreyfingin grænt framboð

2003
Kosningar 2003 : flokkakynningar : Framsóknarflokkurinn
Kosningar 2003 : flokkakynningar : Frjálslyndi flokkurinn
Kosningar 2003 : flokkakynningar : Nýtt afl
Kosningar 2003 : flokkakynningar : Samfylkingin
Kosningar 2003 : flokkakynningar : Sjálfstæðisflokkurinn
Kosningar 2003 : flokkakynningar : Vinstri hreyfingin – grænt framboð

Fréttainnslög eru ekki meðtalin í þessum lista.

Fylgiskjal III.

Flokkar sem buðu fram í alþingiskosningum 1971–2003.

	1971	1974	1978	1979	1983	1987	1991	1995	1999	2003
Alþýðuflokkur	X	X	X	X	X	X	X	X		
Framsóknarflokkur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjálfstæðisflokkur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Alþýðubandalag	X	X	X	X	X	X	X	X		
Samtök frjálslyndra og vinstri manna	X	X								
Bandalag jafnaðarmanna					X	X				
Samtök um kvennalista					X	X	X	X		
Borgaraflokkur						X				
Samtök um jafnrétti og félagshyggju						X				
Þjóðvaki, hreyfing fólksins								X		
Frjálslyndi flokkurinn									X	X
Samfylkingin									X	X
Vinstrihreyfingin - grænt framboð									X	X
Alþýðuflokkur:										
1991 og 1995: Alþýðuflokkur - Jafnaðarmannaflokkur Íslands.										
Alþýðubandalag:										
1995: Alþýðubandalag og óháðir.										

Fylgiskjal IV.

Íslenska sjónvarpsfélagið:

Flokkakynningar **Silfur Egils 2002–2003.**

Silfur Egils 23. 2. 2003
Flokksþing Framsóknarflokksins - Guðni Ágústsson

Silfur Egils 2. 3. 2003
Flokksráðsþing Vinstri Grænna – Steingrímur J. Sigfússon

Silfur Egils 9. 3. 2003
Landsfundur Frjálslyndra – Guðjón Arnar Kristjánsson og Sverrir Hermannsson

Silfur Egils 30. 3. 2003
Landsfundur Sjálfstæðisflokksins – Davíð Oddsson

Silfur Egils 6. 4. 2003
Vorþing Samfylkingarinnar – Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Gestir Silfur Egils frá september 2002 – maí 2003

Silfur Egils 22. 9. 2002
Efni: Þjóðmál, BNA að ráðast í Írak, kosningar í Þýskalandi, einkavæðing á Íslandi.
Gestir: Borgar Þór Einarsson, Hrafn Jökulsson, Einar Kárason, Magnús Diðrik Baldursson, Jón Óskar Sólnes, Karl Blöndal (í síma), Elías Davíðsson, Ásgeir Friðgeirsson og Vilhjálmur Egilsson.

Silfur Egils 29. 9. 2002
Efni: Írak, Evrópusambandið, Decode, Leynimakk á íslenskum viðskiptamarkaði, skálmöld í Reykjavík.
Gestir: Júlíus Hafstein, Sigurður Pétursson, Björn Ingi Hrafnsson, William Wallace, Margrét Frímannsdóttir, Sigursteinn Másson, Helgi Gunnarsson, Steindór Erlingsson, Gunnar Smári Egilsson og Sigurður Már Jónsson.

Silfur Egils 6. 10. 2002
Efni: Ástand og horfur, þing að hefjast, prófkjör og alþingiskosningar nálgast, Evrópusambandið, óánægja með Framsóknarflokkinn.
Gestir: Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Dag Seierstad, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Helgi Hjörvar, Guðjón Ólafur Jónsson og Kjartan Magnússon.

Silfur Egils 13. 10. 2002
Efni: Ástand og horfur, prófkjör og kosningahorfur, Miðausturlönd, Einkavæðing, skýrsla Ríkisendurskoðunar.
Gestir: Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Eggert Skúlason, Svanur Kristjánsson, Michelle Hartman, Kristján Pálsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Silfur Egils 20. 10. 2002
Efni: Einkavæðing Landsbankans, Hugsanlegt stríð við Írak og skil sem hafa orðið milli Evrópu og Bandaríkjanna í því máli, vöruverð.
Gestir: Óli Björn Kárason, Karl Th. Birgisson, Steinþór Heiðarsson, Hildur Rúna Hauksdóttir, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jóhannes Jónsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Magnússon og Christopher Coker.

Silfur Egils 27. 10. 2002
Efni: Framboðsmálin, Evrópukosning Samfylkingarinnar, Davíð Oddsson.
Gestir: Ágúst Ólafur Ágústsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Páll Vilhjálmsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Hrafn Jökulsson, Björn Ingi Hrafnsson, Ólafur Teitur Guðnason og Mark Steel.

Silfur Egils 3. 11. 2002
Efni: Prófkjör víða um land, kvikmyndin Hafið, myndun stjórnar Samfylkingar og Framsóknarflokks.
Gestir: Sverrir Hermannsson, Flosi Eiríksson, Ásta Möller, Hallgrímur Thorsteinsson, Arna Schram, Hafliði Helgason, Jakob Frímann Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Árni Mathiesen, Halldór Hermannsson og Baltasar Kormákur.

Silfur Egils 10. 11. 2002
Efni: Prófkjör hjá Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum, Kárahnjúkavirkjun.
Gestir: Óskar Guðmundsson, Páll Magnússon, Pétur Blöndal, Júlíus Sólnes, Svanborg Sigmarsdóttir, Borgar Þór Einarsson, Magnús Árni Magnússon, Birgir Dýrfjörð, Ásgeir Friðgeirsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jakob Frímann Magnússon.

Silfur Egils 17. 11. 2002
Efni: Vettvangur dagsins, viðskiptalífið, stríð gegn Írak, prófkjör Sjálfstæpismanna.
Gestir: Finnur Þór Birgisson, Júlíus Hafstein, Heimir Már Pétursson, Björn Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Hálfdánardóttir, Hafliði Helgason, Júlíus Fjeldsted, Ingvi Hrafn Óskarsson, Guðrún Inga Ingólfsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Soffía Kristín Þórðardóttir.

Silfur Egils 24. 11. 2002
Efni: Liðin vika, prófkjör Sjálfstæðisflokksins, ESB prófkjörsumræða, Nató.
Gestir: Hanna Birna Kristjánsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Björgvin G. Sigurðsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Friðrik Daníelsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Katrín Fjeldsted, Sigurður Kári Kristjánsson, Ögmundur Jónasson og Óli Tynes.

Silfur Egils 1. 12. 2002
Efni: Jón Baldvin að gefa út nýja bók, kreppa stjórnmálaflokkanna í landinu, Evrópusambandið, prófkjör og uppstillingar hjá Sjálfstæðisflokknum.
Gestir: Guðrún Ögmundsdóttir, Magnús Þór Gylfason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hallgrímur Helgason, Þröstur Helgason, Birgir Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

Silfur Egils 8. 12. 2002
Efni: Arðsemi Kárahnjúka, pólitískar bækur sem eru að koma út, skoðanakannanir: fylgi flokkanna.
Gestir: Ásgeir Sverrisson, Garðar Sverrisson, Gunnar Smári Egilsson, Stefán Pétursson, Þorsteinn Siglaugsson, Karl Th. Birgisson, Kristján Kristjánsson og Árni Þór Vigfússon.

Silfur Egils 15. 12. 2002
Efni: Kárahnjúkamál, stækkun Evrópusambandsins og hvernig það kemur út fyrir okkur. Bækur Trausta og Andra.
Gestir: Helgi Hjörvar, Páll Magnússon, Sigurður Kári Kristjánsson, Björn Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Trausti Valsson og Andri Snær Magnason.

Silfur Egils 22. 12. 2002
Efni: Atburðir vikunnar, innkoma Ingibjargar Sólrúnar í landsmálin, umræða um nokkrar bækur.
Gestir: Björn Ingi Hrafnsson, Óli Björn Kárason, Björgvin G. Sigurðsson, Ármann Jakobsson, Svanur Kristjánsson, Ólafur Hannibalsson, Óskar Guðmundsson og Þórlindur Kjartansson.

Silfur Egils 31. 12. 2002
Efni: Árið sem er að líða, besta, versta, skussi, stjarna o.s.frv.
Gestir: Hljómsveitin Spaðar, Reynir Traustason, Jón Steinar Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þráinn Bertelsson, Eggert Skúlason, Kristján B. Jónasson, Sigrún Davíðsdóttir, Ásgeir Friðgeirsson, Ólafur Hannibalsson, Hafliði Helgason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Björn Bjarnason, Stefán Jón Hafstein, Dagur B. Eggertsson, Guðni Ágústsson, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson.

Silfur Egils 5. 1. 2003
Efni: Samantekt úr áramótasilfri.
Gestir: Óli Björn Kárason, Björn Ingi Hrafnsson, Ármann Jakobsson, Björgvin G. Sigurðsson, Svanur Kristjánsson, Ólafur Hannibalsson, Óskar Guðmundsson og Þórlindur Kjartansson.

Silfur Egils 12. 1. 2003
Efni: Heimsmálin: Írak, Norður Kórea og fleira, skoðanakannanir, hræringar innan samfylkingarinnar, umræða um fjölmiðla og eitt og annað sem þeim tengist.
Gestir: Agnes Bragadóttir, Hrafn Jökulsson, Kristinn Hrafnsson, Róbert Ragnarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Birgir Guðmundsson og Birgir Hermannsson.

Silfur Egils 19. 1. 2003
Efni: Stríð gegn Írak, málefni miðbæjarins, Kárahnjúkar.
Gestir: Sigríður Þorgeirsdóttir, Karl Th. Birgisson, Álfheiður Ingadóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Hörður Bergmann, séra Örn Bárður Jónsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Óli Tynes.

Silfur Egils 26. 1. 2003
Efni: Vettvangur dagsins, Byggðamálin, Fiskimálin, Hugsanlegur Hernaður á Írak.
Gestir: Ellert B. Schram, Margrét Sverrisdóttir, Pétur Blöndal, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Michael T. Corgan.

Silfur Egils 2. 2. 2003
Efni: Ungt fólk í framboði, bandalag jafnaðarmanna, hugsanlegt stríð í Írak.
Gestir: Kolbrún Halldórsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Garðar Sverrisson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Sigurður Kári Kristjánsson og Omar Kitmitto.

Silfur Egils 9. 2. 2003
Efni: Ástand og horfur í pólitíkinni, Séð og Heyrt, Hugsanlegur Hernaður gegn Írak, Gengi íslensku Krónunnar.
Gestir: Jónína Bjartmars, Árni Mathiesen, Ögmundur Jónasson, Guðmundur Árni Stefánsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Kristján Þorvaldsson, Jónas Kristjánsson, Eyþór Arnalds, Edda rós Karlsdóttir, Þorsteinn Þorgeirsson.

Silfur Egils 16. 2. 2003
Efni: Ræða Ingibjargar Sólrúnar í borganesi, útspil Davíðs Oddsonar og ríkistjórnarinnar í atvinnumálum, skattalækkanir og skýrsla um Jón Ólafsson, yfirvofandi stríð í Írak.
Gestir: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar, Björn Ingi Hrafnsson, Eiríkur Bergmann Einarsson, Borgar þór Einarsson, Stefán Pálsson, Ósk Vilhjálmsdóttir, Benedikt Jóhannesson, Birgir Guðmundsson og Gunnar Smári Egilsson.

Silfur Egils 23. 2. 2003
Efni: Flokksþing framsóknarflokksins, skattamál og skattalækkanir, ástand og horfur.
Gestir: Guðni Ágústsson, Jón Magnússon, Bjarni Harðarson, Hallur Hallsson, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jóhanna Sigurðardóttir og Einar Kr. Guðfinnsson.

Silfur Egils 2. 3. 2003
Efni: Vettvangur dagsins, málefni Kúrda kúrdistinn, Gengi krónunnar, Flokkráðsþing Vinstri Grænna.
Gestir: Ingvi Hrafn Jónsson, Reynir Traustason, Ólafur Baldvinsson, Erlendur Haraldsson, Sigurður Jóhannesson, Ásgeir Jónsson, Edda Rós Karlsdóttir, Steingrímur J Sigfússon, Pétur Blöndal, Lúðvík Bergvinsson.

Silfur Egils 9. 3. 2003
Efni: Vettvangur dagsins, Frjálslyndir, Stalín 50 ár frá dauða hans.
Gestir: Páll Vilhjálmsson, Gunnar Smári Egilsson, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Sverrir Hermannsson, Arnór Hannibalsson, Birgir Ármannson, Dagur B. Eggertsson, Björn Ingi Hrafnsson.

Silfur Egils 16. 3. 2003
Efni: Fólk utan flokka, eigna- og tekjuskipting, femínistar, 2 myndlistarsýningar, vettvangur dagsins.
Gestir: Álfheiður Ingadóttir, Helgi Hjörvar, Kjartan Magnússon, Sigríður Þorgeirsdóttir, Gyða Pétursdóttir, Guðmundur Oddur Magnússon, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Magnússon og Þorvaldur Gylfason.

Silfur Egils 23. 3. 2003
Efni: Stríðið í Írak.
Gestir: Andrés Magnússon, Ármann Jakobson, Kristrún Heimisdóttir, Steingrímur Hermannson, Stefán Ólafsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Magnússon, Sigurður Kári Kristjánsson, Katrín Jakobsdóttir.

Silfur Egils 30. 3. 2003
Efni: Michael Moore, ástand og horfur, landsfundur sjálfstæðisflokksins.
Gestir: Davíð Oddson, Ellert B. Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Ingi Jónsson, Árni Sveinsson, Bjarni Ólafsson, Halldór Ásgrimsson og Össur Skarphéðinsson.

Silfur Egils 6. 4. 2003
Efni: Vettvangur dagsins, Stefna samfylkingarinnar, Bókafélagið Bjartur, Hvað bjóða flokkarnir uppá.
Gestir: Signý Sigurðardóttir, Sigurður G. Tómasson, Júlíus Hafstein, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Karl Helgason, Pétur Blöndal, Guðni Ágústsson og Guðmundur Árni Stefánsson.

Silfur Egils 13. 4. 2003
Efni: Kosningarnar, Írak Stríðið, Bókmenntir.
Gestir: Ásgeir Sverrisson, Guðmundur Andri Thorsson, Eyþór Arnalds, Ásta Möller, Guðmundur G. Þórarinsson, Gunnar Örlygsson, Björn Ingi Hrafnsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Ögmundur Jónasson og Þröstur Helgason.

Silfur Egils 20. 4. 2003
Efni: Málefni dagsins, ástand og horfur, Íraksstríðið, Pólitík, Umhverfismála mynd Hrafns Gunnlaugssonar.
Gestir: Stefanía Óskarsdóttir, Birgir Hermannsson, Jón Magnússon, Jón Ormur Halldórsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Dagný Jónsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Mörður Árnason, Siv Friðleifsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Silfur Egils 27. 4. 2003
Efni: Vettvangur dagsins, kosningaumræða, fiskveiðistofnun, mynd um Stríðið í Írak.
Gestir: Svanborg Sigmarsdóttir, Hans Kristján Árnason, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Ari Alexander Magnússon, Friðrik Arngrímsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Guðmundur Oddur Magnússon.

Silfur Egils 4. 5. 2003
Efni: Þáttur sendur út frá Fiðlaranum á Akureyri. Byrjað á álitsgjöfum og spekúlöntum. Frambjóðendur í kjördæminu. Vettvangur dagsins.
Gestir: Birgir Guðmundsson, Sigurjón Benediktsson, Dagný Jónsdóttir, Helgi Seljan, Arnór Benónýsson, Hlynur Hallsson, Valgerður Sverrisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal, Kristján Möller, Valdimar H. Jóhannesson, Brynjar Sindri Sigurðarson og Þorsteinn Már Baldvinsson.

Kosningasilfur Egils AUKAÞÁTTUR 7. 5. 2003
Efni: AUKAÞÁTTUR - Kosningar 2003.
Gestir: Bjarni Harðarson ritstjóri, Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Hallgrímur Helgason rithöfundur (í síma frá Hofsósi), Hjörleifur Guttormsson fyrrverandi alþingismaður, Valgerður Bjarnadóttir viðskiptafræðingur, Hallur Hallsson fjölmiðlamaður, Gunnar Smári Egilsson ritstjóri, Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur, Jón Magnússon frambjóðandi Nýs afls, Kristrún Heimisdóttir frambjóðandi Samfylkingar, Bjarni Benediktsson frambjóðandi Sjálfstæðisflokks, Atli Gíslason frambjóðandi VG, Björn Ingi Hrafnsson frambjóðandi Framsóknarflokks, Eyjólfur Ármannsson frambjóðandi Frjálslynda flokksins og Kristján Pálsson frambjóðandi T-listanum.

Silfur Egils 11. 5. 2003
Efni: Uppgjör kosninganna. Nýjir þingmenn. Álitsgjafar.
Gestir: Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Óskar Guðmundsson, Sigmar B. Hauksson, Ólafur Hannibalsson, Grímur Atlason, Birgir Guðmundsson (í síma frá Akureyri), Helgi Hjörvar, Sigurður Kári Kristjánsson, Árni Magnússon, Gunnar Örlygsson og Össur Skarphéðinsson.

Silfur Egils 18. 5. 2003
Efni: Pólitík og fjölmiðlar, Baugur, haldið áfram með uppgjör kosninganna.
Gestir: Benedikt Jóhannesson, Ármann Jakobsson, Birgir Hermannsson, Óskar Bergsson, Margrét Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Ögmundur Jónasson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Dagný Jónsdóttir, Sigurður Már Jónsson, Ásgeir Friðgeirsson, Halldór Gylfason, Árni Snævarr, Ólafur Teitur Guðnason, Sigurjón M. Egilsson.

Stjórnmálaþáttur rétt fyrir kosningar.

Aukaþáttur af Silfri Egils 7. 5. 2003 – sjá ofar.

924. Svar [584. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru tillögur Halldórs Blöndals, forseta Alþingis, og Magnúsar Stefánssonar, þingmanns, í skýrslu þeirra um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni samkvæmt byggðaáætlun sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið og vísað er til í skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005? Óskað er eftir að skýrslan verði birt í heild sinni.

Alþingi samþykkti 3. maí 2002 þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Tillaga nr. 4 um aðgerðir í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar ber heitið *Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni*. Verkefnið er á ábyrgð forsætisráðuneytis

og verktími þess er 2002–2005. Markmið verkefnisins var að efla stærstu byggðarlögin á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta yrðu endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari. Að opinberar stofnanir á landsbyggðinni hafi ekki aðeins svæðisbundið þjónustuhlutverk með höndum heldur verði stofnanir sem þjóna öllu landinu einnig staðsettar á landsbyggðinni.

Í janúar 2003 fór þáv. forsætisráðherra þess á leit við Halldór Blöndal, forseta Alþingis, og Magnús Stefánsson þingmann að vera með sér í ráðum um framangreind mál. Skýrslan var afhent forsætisráðherra í nóvember 2003.

Höfundar skýrslunnar áttu fundi með ráðherrum ríkisstjórnarinnar þar sem greint var frá þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í hverju ráðuneyti, til að fjölga verkefnum og störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins og hvað sé fyrirhugað í þeim efnum. Í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar kom fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gefast til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði. Því eru ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum getur orðið. Höfundarnir vildu því einkum leggja áhersla á eftirfarandi:

- Að styrkja þær stofnanir sem eru til staðar á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni, m.a. frá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi má m.a. nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur.
- Að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar. Beina ber athygli sérstaklega að einum byggðakjarna í hverjum landsfjórðungi sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi ber einkum að hyggja að eflingu menntastofnana og sjúkrahúsa. Jafnframt er mikilvægt að styrkja þá vísa að rannsóknastarfsemi sem þegar eru komnir á landsbyggðinni með fjölgun verkefna og samstarfi fleiri stofnana.

Meðfylgjandi er skýrslan í heild ásamt skilabréfi skýrsluhöfunda.

Fylgiskjal.

Skilabréf Halldórs Blöndals og Magnúsar Stefánssonar til forsætisráðherra.

(7. nóvember 2003.)

Eins og fram kemur í skýrslu okkar um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni hafa ráðuneytin uppi áform um að styrkja starfsemi stofnana úti um land, annaðhvort með nýjum verkefnum eða fjarvinnslu. Í mörgum tilvikum getur ráðið úrslitum um, hvort það takist, að fé sé til þess á fjárlögum. Af þeim sökum leggjum við til að í fjárlögum næsta árs sé veitt ákveðnu fé í þessu skyni sem síðar skuli ráðstafað samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra eða fjármálaráðherra.

Skýrsla.
Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Með bréfi dags. 29. janúar sl. fór forsætisráðherra þess á leit við undirritaða að vera með sér í ráðum varðandi gerð áætlunar um að fjölga verkefnum og störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. tillögu 4 um aðgerðir í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem ber heitið „Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni".

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er víða getið áherslna sem tengjast eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þar má m.a. nefna:

- Að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar. Sérstök áhersla verði lögð á fjarnám til þess að sem flestir geti stundað nám í sinni heimabyggð. Unnið verði að uppbyggingu byggðakjarna í samræmi við byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á Alþingi á síðasta kjörtímabili.
- Að stuðla að því að stjórnkerfið endurspegli breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. Einkum verði horft til þess hvernig best má nýta kosti upplýsingasamfélagsins og rafrænnar stjórnsýslu til að tryggja jafnt aðgengi borgaranna að nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu.
- Að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags. Háskólanám verði eflt og fjarnám þróað í samvinnu við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.
- Að allir landsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð aldri, búsetu og efnahag.

Undirritaðir hafa átt fundi með ráðherrum ríkisstjórnarinnar þar sem þeir hafa greint frá þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í viðkomandi ráðuneyti til að fjölga verkefnum og störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins og hvað sé fyrirhugað í þeim efnum.

Í viðræðum okkar við ráðherra ríkisstjórnarinnar kom fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gefast til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði. Því eru ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum getur orðið. Í því sambandi viljum við að áhersla verði einkum lögð á eftirfarandi:

- Að styrkja þær stofnanir sem eru til staðar á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni, þ.á m. frá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi má m.a. nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur.
- Að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar. Beina ber athygli sérstaklega að einum byggðakjarna í hverjum landsfjórðungi sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi ber einkum að hyggja að eflingu menntastofnana og sjúkrahúsa. Jafnframt er mikilvægt að styrkja þá vísa að rannsóknastarfsemi sem þegar eru komnir á landsbyggðinni með fjölgun verkefna og samstarfi fleiri stofnana.

Yfirlit yfir aðgerðir ráðuneyta.

Hér á eftir er greint frá helstu verkefnum og áformum ráðuneyta, sem fram kom í viðræðum við ráðherrana, til að fjölga verkefnum og störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins:

Dómsmálaráðuneyti.

1. Ráðherra leggur áherslu á að efla sýslumannsembættin með því að færa þeim ný verkefni. Þessar stofnanir eru til staðar og því vænlegra að leita leiða til að efla þær frekar en að stofna nýjar eða flytja stofnanir frá höfuðborgarsvæðinu til dreifbýlisins.
2. Ráðherra hyggst vinna að því að stækka lögregluumdæmin. Á þann hátt er verið að auka öryggi íbúa landsbyggðarinnar og gera það fýsilegri kost að búa úti á landi.
3. Sektarinnheimtan hefur nýlega verið flutt til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli þar sem bæst hefur við eitt starf.
4. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að færa um næstu áramót mál er varða umferð og eftirlit með ökutækjum frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Jafnframt að mál er varða leit og björg í neyð verði sameinuð undir einni yfirstjórn í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þannig næst meiri samfella í báðum málaflokkum og aukið öryggi í björgunarmálum, sérstaklega úti á landi.
5. Ráðherra mun láta kanna kosti þess að breyta ákæruvaldinu og færa það í fleiri umdæmi líkt því sem er um héraðsdómara.

Félagsmálaráðuneyti.

1. Ráðherra lagði fram svar sitt við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfs og stofnana, sbr. þingskjal 930 frá síðasta þingi.
2. Ráðherra lagði fram svar sitt við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, sbr. þingskjal 848 frá síðasta þingi.
3. Að því er stefnt að slysaskráning Vinnueftirlits ríkisins, sem er ný starfsemi, verði unnin úti á landi. Um er að ræða tvö störf og þess vænst að verkefnið geti hafist árið 2004.
4. Á vegum ráðuneytisins, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, er unnið að uppbyggingu gagnabanka um ýmiss konar fjárhagslegar upplýsingar úr rekstri sveitarfélaga. Meginmarkmið slíkrar upplýsingaveitu er að efla hvers kyns fjárhagslegan samanburð milli sveitarfélaga er stuðlað gæti að hagkvæmari rekstri þeirra. Slík veita nýttist einnig öðrum opinberum aðilum og íbúum sveitarfélaga. Gerður hefur verið samningur til þriggja ára við fjarvinnslufyrirtæki á Hvammstanga um byggingu og rekstur gagnagrunns sem heldur utan um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Samningurinn felur í sér eitt viðbótarstarf.
5. Félagsmálaráðuneyti og Íbúðalánasjóður hafa gert samning til þriggja ára við Háskólann á Bifröst um rannsóknarsetur í húsnæðismálum sem leiðir af sér eina lektorsstöðu.
6. Ráðuneytið mun á næstunni fara yfir verkefni stofnana ráðuneytisins með það í huga að stuðla að því að verkefni eða smáar starfseiningar hins opinbera geti færst til stofnana úti á landi og styrkt þá starfsemi sem þar er að finna.

Fjármálaráðuneyti.

1. Hjá Fasteignamati ríkisins og ANZA hf. á Akureyri eru 13 störf sem með beinum eða afleiddum hætti eru afleiðing ákvörðunar Alþingis árið 2000 um uppbyggingu Landskrár fasteigna á Akureyri. Störfin lúta að tölvurekstri og tengdri þjónustu, upplýsingaþjónustu, vinnslu landupplýsinga og landeignaskrá. Þetta fyrirkomulag sannar að reka má og þjónusta stóra gagnagrunna og flókin tölvukerfi á Akureyri. Er Landskrá fasteigna stærsta gagnasafn rekið utan höfuðborgarsvæðisins.
2. Vinnuhópur, sem fjármálaráðherra setti á laggirnar, gerði tillögur um að auka sérhæfingu skattstofa úti á landi. Árið 2002 fékkst lagaheimild til handa ráðherra að flytja skatteftirlitsþáttinn til skattstofa frá ríkisskattstjóra. Þar með er kominn möguleiki á að

flytja hluta af eftirlitsstarfseminni út á land og í því sambandi hefur verið horft til Akureyrar og Akraness. Þetta verkefni er í þróun.
3. Með tilkomu nýs fjárhags- og mannauðskerfis Fjársýslu ríkisins skapast möguleikar á að flytja verkefni út á land síðar meir. Unnt er að tengjast kerfinu í gegnum netið þannig að skráning í það og vinnsla getur m.a átt sér stað úti á landsbyggðinni. Innleiðing bókhalds- og launahluta kerfisins stendur yfir en til stendur að innleiða aðra kerfishluta á næstu árum. Kerfið býður einnig upp á að skönnun reikninga eigi sér stað á stofnunum og sjálfsafgreiðsla verði efld til muna.
4. Fjármálaráðuneytið hefur það verkefni í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar að leita leiða til að efla fjarvinnslu hjá hinu opinbera. Það verkefni er nýlega hafið. Í þeirri vinnu verða m.a. skoðaðir möguleikar á að vinna fjarvinnsluverkefni úti á landi. Ráðuneytið er langt á veg komið með gerð fjarvinnslu- og fjarvinnuáætlun. Með fjarvinnslu er átt við það þegar upplýsingatækniverkefni eru falin utanaðkomandi verktaka og unnin fjarri reglulegum vinnustað vinnuveitandans. Fjarvinna er það þegar starfsmaður vinnur að hluta eða öllu leyti heima eða annars staðar en á reglulegum vinnustað vinnuveitandans.
5. Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með samstarfsverkefni nokkurra ráðuneyta og stofnana um innleiðingu rafrænna skilríkja fyrir ríkið. Með innleiðingu rafrænna skilríkja skapast grundvöllur fyrir örugg samskipti á rafrænu formi sem er ein meginforsenda flutnings verkefna, sem unnin eru með rafrænum hætti, út á landsbyggðina.

Heilbrigðisráðuneyti.
1. Ráðuneytið leggur áherslu á að sú heilbrigðisþjónusta (nærþjónusta), sem ráðuneytið á að tryggja úti á landi, sé í lagi og hafi tryggan starfsgrundvöll.
2. Stefnt er að því að byggja upp Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) sem hátæknisjúkrahús landsbyggðarinnar. Unnið er að undirbúningi hönnunar og innréttingar fyrstu hæðar viðbyggingarinnar. Segulómtæki verður tekið til notkunar á næsta ári. Slíkar rannsóknir hafa hingað til eingöngu verið unnar á höfuðborgarsvæðinu en með tilkomu tækisins munu 400–600 rannsóknir verða unnar á FSA. Þess má svo geta að geðlæknisþjónustan hefur verið efld.
3. Stefnt er að efla sérhæfingu sjúkrahúsa úti á landi. Nýta má í auknum mæli aðstöðu sjúkrastofnana á landsbyggðinni til smærri aðgerða. Einnig er stefnt að því að efla lyflækningar, öldrunarþjónustu og geðlæknisþjónustu.
4. Gerðir hafa verið samningar við sjúkrahúsin á Akureyri og Akranesi um auknar bæklunarlækningar í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH). Einnig hefur nýting sjúkrahússins á Sauðárkróki til skurðlækninga aukist í samvinnu við lækna á FSA og LSH. Þá hafa samningar við barnalækna á LSH um þjónustu á Vestfjörðum, Austurlandi og víðar gefist vel.
5. Miðstöð sjúkraflugs hefur verið komið upp á Akureyri.
6. Sjúkraflutningaskólinn hefur verið færður til Akureyrar.
7. Uppbygging heilsugæslunnar úti á landi er víðast hvar lokið þótt endurbætur séu stöðugt í gangi. Þjónustusamningar um heilsugæslu og öldrunarþjónustu hafa verið gerðir við Akureyri og Hornafjörð. Stjórnsýsla málaflokkanna er á ábyrgð við komandi sveitarfélags. Ráðherra hefur einnig skipað nefnd í þeim tilgangi að skoða möguleika þess að flytja heilsugæsluna og öldrunarþjónustuna yfir til sveitarfélaganna. Með tilfærslu heilsugæslunnar og öldrunarþjónustunnar yrði skipulagningin öll á einni hendi í hverju sveitafélagi og þjónustan heilsteyptari fyrir vikið.
8. Unnið hefur verið að sameiningu heilbrigðisstofnana um allt land. Dæmi um það er

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HA) en sú sameining hefur tekist mjög vel. Með eflingu HA hafa verkefni flust til stofnunarinnar sem áður voru unnin á höfuðborgarsvæðinu.

9. Heilsustofnun Þingeyjarsýslu vinnur að þróun rafrænna lyfseðla og gerður hefur verið samningur við Eyþing um framhaldsáfanga þeirrar þróunar. Á vegum Tryggingastofnunar ríkisins er verið að endurnýja öll skráningarkerfin. Í framhaldi af því verður kannað hvort mögulegt er að flytja einhver skráningarstörf út á land.
10. Öldrunarþjónustan víða um land hefur verið efld og biðlistar víða engir. Nýbúið er að skrifa undir samning við Akureyrarbæ um að fjölga öldrunarrýmum um 60 fram til ársins 2007.
11. Áform eru uppi um að efla endurhæfingarstofnanir úti á landi. Samningur hefur verið gerður við Náttúrulækningafélag Íslands um fleiri hvíldarinnlagnir í Hveragerði.
12. Lýðheilsustöð hefur verið stofnuð og forstjóri ráðinn til starfa. Hugmyndir eru uppi um að efla tengsl Lýðheilsustöðvar við stofnanir landsbyggðarinnar, þ.m.t. Háskólann á Akureyri og FSA og þróa ný lýðheilsuverkefni í samvinnu við þær stofnanir.
13. Unnið er að úttekt á ástandi húsnæðis heilbrigðisstofnana úti á landi. Í undirbúningi er tillögugerð um átak í viðhaldsmálum þessara bygginga en ljóst er að viðhaldi margra byggingana er áfátt. Ljóst er að viðhaldsframkvæmd af þessari stærðargráðu er bæði kostnaðarsöm og mannfrek.

Iðnaðarráðuneyti.

1. Nýsköpunarmiðstöð var sett á fót á Akureyri á árinu 2002 og eru þar nú þrjú störf en stefnt að fimm störfum í framtíðinni.
2. Frumkvöðlasetri Norðurlands var komið á fót á Akureyri árið 2001 og á Höfn, Hornafirði árið 2003. Ráðuneytið á aðild að þeim ásamt Nýsköpunarsjóði, Byggðastofnun, Iðntæknistofnun, viðkomandi sveitarfélögum og fyrirtækjum á svæðunum. Setrunum er ætlað að veita sérhæfða aðstoð við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd.
3. Byggðarannsóknarstofnun var komið á fót við Háskólann á Akureyri árið 2001 í samstarfi við iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun. Stofnunin hefur fram til þessa haft ½ stöðugildi en falið öðrum innan Háskólans á Akureyri vinnu í sínu nafni. Á árinu 2002 var m.a. unnið að fjórum rannsóknarverkefnum. Ársverk hafa því sveiflast eftir verkefnastöðu.
4. Opnað hefur verið útibú Orkustofnunar á Akureyri með tveimur starfsmönnum. Útibúið tekur að sér verk er varða niðurgreiðslu á hitun íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni og verkefni tengd svokölluðum bændavirkjunum. Með nýjum raforkulögum er stefnt að því að flytja til útibúsins verkefni tengd eftirliti með raforkugeiranum.
5. Íslenskar orkurannsóknir, sem áður voru rannsóknarsvið Orkustofnunar, hafa tvo menn í störfum á Akureyri, aðallega við jarðhitaverkefni á Norðurlandi. Í tengslum við þessa starfsemi eru árlega nokkur sumarstörf.
6. Iðnaðarráðuneyti, í samvinnu við sjávarútvegsráðuneyti og menntamálaráðuneyti, vinnur að því að koma á fót öndvegissetri á Akureyri á sviði auðlindalíftækni í tengslum við Háskólann á Akureyri, opinberar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu.
7. Starfsemi Orkustofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar, frumkvöðlaseturs og öndvegisseturs á Akureyri mun fá starfsaðstöðu í fyrirhuguðu rannsóknar- og nýsköpunarhúsi sem þar er verið að reisa.
8. Búið er að skipa þriggja manna starfshóp til að vinna að gerð byggðaáætlunar fyrir Vestfirði á grundvelli fyrirliggjandi vinnu heimamanna. Samhliða þeirri vinnu verða kann-

aðir möguleikar á að endurreisa starfstöð Iðntæknistofnunar á Ísafirði fyrir matvælaiðnaðinn ef næg eftirspurn er eftir þjónustu þess á Vestfjörðum. Undirbúningur að sérstöku þróunarverkefni um klasasamstarf fyrirtækja á Ísafirði og nágrenni er á lokastigi.

Landbúnaðarráðuneyti.

1. Landshlutabundnu skógræktarverkefnin eru nú sex talsins, þar af fimm stofnuð 1997–2000. Framlag ríkisins til landshlutabundinnar skógræktar hefur farið vaxandi og fylgt að mestu þeim áætlunum sem gerðar voru í upphafi fyrir hvert verkefni. Á þeirra vegum eru starfandi fimm skrifstofur, Egilsstöðum, Selfossi, Hvanneyri, Þingeyri og á Akureyri, og hefur hvert verkefni sinn framkvæmdastjóra. (Stjórn Austurlandsskóga, yngsta verkefnisins, var falin Héraðsskógum.) Á hverri skrifstofu starfa auk framkvæmdastjóra 2–5 aðrir – ungt, háskólamenntað fólk.
2. Um 700 aðilar eru skráðir í verkefnið Bændur græða landið sem er á vegum Landgræðslu ríkisins. Á Alþingi 2002 var samþykkt landgræðsluáætlun 2003–2014 þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir þessum þætti og fjármagni til hans. Þá hefur starfsemi Skógræktar ríkisins á Egilsstöðum tekið breytingu í kjölfar þarfa verkefnanna, m.a. hvað varðar áætlanagerð. Fari fram sem horfir má reikna með fjölgun þar.
3. Komið hefur verið á fót Landbótasjóði í samræmi við landgræðsluáætlun 2003–2014 sem ætlað er að styðja við bændur til að fjármagna landbætur á sínu heimalandi. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. framlagi ríkisins á árinu 2004 til sjóðsins.
4. Landgræðslan hefur nú sett á fót héraðssetur á Hvanneyri, Hólum, Húsavík, Egilsstöðum, Kirkjubæjarklaustri og Árnesi, auk þess sem hún er í samstarfi við Skjólskóga á Vestfjörðum. Á þessum héraðsmiðstöðvum starfa nú sjö manns og má búast við fjölgun starfsmanna þar í hlutfalli við aukin verkefni.
5. Starfsemi Búnaðarháskólans á Hvanneyri hefur verið efld og stefnt er að enn frekari eflingu á rannsóknarþætti skólans. Í því sambandi verði kannað hvernig tengja megi rannsóknir á vegum RALA við kennslu og rannsóknir á Hvanneyri. Þannig verði við endurskoðun á rannsóknarháttum innan landbúnaðarins horft til þess að flytja rannsóknarstarfsemi út á land.
6. Komið hefur verið á fót hestamiðstöð í Skagafirði í samráði við sveitarfélagið sem er ætlað að beita sér fyrir átaki til gæðastýringar og eflingar fagmennsku í hrossarækt, hestamennsku, hestaíþróttum og hestatengdri ferðaþjónustu. Þar eru nú tvö störf.
7. Ráðuneytið hefur stutt við verkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli sem hefur það markmið að auka samkeppnishæfni sveitanna með sérstöku átaki í tölvukennslu og tæknivæðingu. Verkefninu sinnir einn starfsmaður á Sauðárkróki. Þátttaka í verkefninu er bundin við íbúa á lögbýlum eða búnaðargjaldsskylda starfsemi.
8. Laxeldi hefur verið leyft í nokkrum fjörðum á Austurlandi og fer mest af framleiðslu eldislax fram í þeim landshluta en annað fiskeldi fer fram víða um land. Fiskeldi er víða umtalsverður atvinnuþáttur og má t.d. nefna að í Öxarfirði og Kelduhverfi hefur fiskeldisframleiðsla skapað mikla atvinnu í héraði þar sem dregið hefur úr hefðbundnum landbúnaði eins og víða annars staðar og svo má segja um fleiri héruð.

Menntamálaráðuneyti.

1. Uppbygging Háskólans á Akureyri vegur þyngst til eflingar atvinnustarfsemi úti á landi af þeim verkefnum sem eru á vegum menntamálaráðuneytisins. Þar verða flest störfin til. Verið er að kanna möguleika á að efla rannsóknarþáttinn við skólann. Til greina kemur að rannsóknir vegna lesröskunar fari fram við skólann.

2. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að reisa rannsóknarhús í tengslum við Háskólann á Akureyri þar sem ýmsar stofnanir ríkisins munu hafa aðstöðu. Framkvæmdir eru hafnar og að því stefnt að taka húsið í notkun í lok árs 2004.
3. Ríkið hefur stofnað í samvinnu við sveitarfélög átta símenntunarmiðstöðvar úti á landi. Um er að ræða sameiginlegt átak í byggðamálum og menntamálum. Miðstöðvaranar auka verulega sveigjanleikann til náms með fjarkennslu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á starfsmenntun og kennslu fyrir nýbúa. Í ár er varið 14 m.kr. til að halda uppi starfsnámi í löggildingargreinum þar sem nemendafjöldi sveiflast verulega milli ára sökum fámennis. Þá verður reynt að ná samningum við fyrirtæki í heimabyggð um aðstöðu fyrir verklega kennslu. Í því sambandi má nefna vélsmíðinám á Ísafirði og matvælanám á Akureyri.
4. Verið er að koma á fót háskólanámssetri á Húsavík, Egilsstöðum og Ísafirði. Um er að ræða samstarfsvettvang háskólakennslu og vísindastarfsemi. Á árinu 2003 er verður varið 41 m.kr. til þessarar starfsemi.
5. Haustið 2004 hefur göngu sína framhaldsskóli á Snæfellsnesi sem nýta mun sér kosti fjarkennslunnar. Í ár verður varið 13 m.kr. til skólans og um 39 m.kr. árið 2004.
6. Nám með fjarkennslu hefur aukist gríðarlega á síðustu þremur árum. Á framhaldsskólastigi stunduðu 337 nemendur fjarnám árið 1999 en árið 2002 hafði þeim fjölgað í um 1.600. Á háskólastigi stunduðu 496 nemendur fjarnám árið 1999 en árið 2002 hafði þeim fjölgað í tæp 2.000.
7. Nokkru fé er varið til að styrkja grunnskólahald í dreifðum byggðum. Þannig er í ár varið 15 m.kr. til grunnskóla á Vestfjörðum með það í huga að kennarar geti kennt á fleiri en einum stað.
8. Ráðherra hefur undirritað menningarsamning við sveitarfélög á Austurlandi. Ríkið leggur 9 m.kr. alls til reksturs þriggja menningarmiðstöðva á Höfn, Eskifirði og Seyðisfirði. Stefnt er að ganga frá samningi um stofnun þeirrar fjórðu á Héraði á árinu 2003. Einnig leggur ríkið fram 26 m.kr. til Menningarráðs Austurlands, sem síðar er úthlutað til að styrkja menningarverkefni.
9. Ráðherra hefur einnig gert menningarsamning við Akureyrarbæ þar sem tiltekin menningarstarfsemi er styrkt, fyrst og fremst starfsemi Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Listasafns Akureyrar. Framlag ríkisins er nú 63,7 m.kr. og hefur aukist all hratt á síðustu árum. Akureyrarbær leggur fram jafnháa fjárhæð.
10. Ráðuneytið hefur komið á fót tveimur fræðamiðstöðvum, Snorrastofu í Reykholti og Gunnarsstofu á Skriðuklaustri. Stefnt er að því að flytja til þeirra aukin verkefni. Snorrastofa sér m.a. um rekstur húsnæðis ríkisins í Reykholti. Snorrastofa sér einnig um að skrá afritasafn fyrir Landsbókasafnið og geyma bækur. Þar er um að ræða tvö störf.
11. Þjóðminjasafnið hefur samið við fjarvinnslufyrirtæki á Húsavík um skráningu á menningarverðmætum. Um er að ræða tvö störf. Á vegum Fornleifaverndar starfa fjórir minjaverðir úti á landi.
12. Til greina kemur að færa verkefni sem hentar fjarvinnslu í meira mæli út á land. Á árinu 2003 er varið 15 m.kr. til að skrá menningaratburði og miðla þeim upplýsingum. Fjarvinnslufyrirtæki eru nú starfandi á nokkrum stöðum, svo sem Hvammstanga, Húsavík, Raufarhöfn, Ísafirði o.fl.
13. Ráðuneytið og Reykjavíkurborg standa að Listahátíð í Reykjavík. Í auknum mæli hafa aðilar úti á landi verið kallaðir til samstarfs. Menningarborgarsjóður var stofnaður í framhaldi af verkefninu Reykjavík – menningarborg og leggur ráðuneytið árlega fé til

hans. Sjóðurinn hefur styrkt menningaratburði úti á landi og til greina kemur að breyta hlutverki hans þannig að hann þjóni þeim þætti í ríkari mæli.

14. Gengið hefur verið frá samningum við Akureyrarbæ, Ísafjarðarkaupstað og Vestmannaeyjabæ um framkvæmdir við menningarhús. Viðkomandi sveitarfélög stýra verkefnunum og bera fulla ábyrgð á þeim. Gert er ráð fyrir að hlutdeild ríkisins verði 60% í framkvæmdakostnaði og má ætla að heildarkostnaður ríkisins vegna þessara þriggja menningarhúsa verði um 1.250 m.kr. sem kemur til greiðslu á næstu 3–4 árum.
15. Hugmyndir eru uppi um að stofna sérstakan sjóð sem styður við bakið á menningartengdri ferðaþjónustu. Verið er að kanna fjármögnun slíks sjóðs.
16. Ungmennafélögin úti á landi hafa fengið stuðning ríkisins við uppbyggingu íþróttamannvirkja. Þegar hafa verið byggðar upp þrjár þjónustumiðstöðvar fyrir íþróttir. Árin 2003 og 2004 leggur ríkið fram 40 m.kr. til uppbyggingar íþróttaaðstöðu á Sauðárkróki, en landsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið þar árið 2004.
17. Ríkið hefur tekið þátt í uppbyggingu Vetraríþróttamiðstöðvar á Akureyri en stefnt er að því að sú miðstöð geti keppt við evrópskar skíðamiðstöðvar. Samtals mun ríkið leggja fram 180 m.kr. á sex árum sem er um þriðjungur af heildarkostnaði.

Samgönguráðuneyti.

1. Árið 1999 sendi ráðherra bréf til allra stofnana og hlutafélaga sem undir ráðuneytið heyra og óskaði eftir áætlun frá þeim um aðgerðir til að færa þjónustu og störf út á land. Á kjörtímabilinu 1999–2003 var 92 störfum komið fyrir úti á landi.
2. Ráðherra hefur sett á fót þriggja manna starfshóp sem ætlað er að gera nýja áætlun um flutning verkefna út á landsbyggðina næstu fjögur árin. Stefnt er að því að starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 2003.
3. Vegagerðin hefur gert áætlun um eflingu starfsemi sinnar á landsbyggðinni. Er þar bæði um að ræða flutning verkefna frá Reykjavík út á land og staðsetningu nýrra starfa á landsbyggðinni. Störfin sem um er að ræða eru á sviði upplýsinga þjónustu eftirlits af ýmsu tagi, gagnasöfnunar, gagnavinnslu, símsvörunar, umferðar og um ferðaröryggis, umsjónar með ferjurekstri og veghönnunar. Í nóvember 2001 flutti Vegagerðin skiptiborð og hluta af upplýsingaþjónustu við vegfarendur til Ísafjarðar. Þar er því aðalsímsvörun Vegagerðarinnar og svarað í símanúmerið 1777 og veittar upplýsingar um færð og veður. Þar er um að ræða fjögur ný stöðugildi. Þá hafa verið flutt til Akureyrar fjögur störf er tengjast ýmsu eftirliti á vegum Vegagerðarinnar og umferðaröryggismálum og til Sauðárkróks var flutt eitt starf er tengist skipulagningu og eftirliti yfirborðsmerkinga vega. Fastráðnir starfsmenn Vegagerðarinnar eru um 350, þar af eru um 230 á landsbyggðinni.
4. Árið 2000 var undirritaður samningur milli flugmálastjórnar og Akureyrarbæjar varðandi slökkvi- og björgunarþjónustu á Akureyrarflugvelli. Samningurinn fól í sér að Slökkvilið Akureyrar tæki að sér að annast slökkvi- og björgunarstörf og verkefni sem lúta að öryggismálum á Akureyrarflugvelli en Slökkvilið Akureyrarflugvallar á vegum flugmálastjórnar sinnti þeim áður. Að auki hefur Slökkvilið Akureyrar tekið að sér þjálfun og faglega umsjón með slökkvi- og brunavarnarmálum á landsbyggðarflugvöllum Flugmálastjórnar. Þjálfunin hafði fram að þessu farið fram í Reykjavík.

   Þá hefur verið ráðið í fjórar nýjar stöður vegna aukins viðbúnaðar á áætlunarflugvöllunum á Egilsstöðum, Höfn og í Vestmannaeyjum. Nokkur reynsla er komin á samning um sameiginlegan rekstur slökkviliðs á Egilsstöðum á milli sveitarfélagsins og flugmálastjórnar og gerðir hafa verið samningar við Fjarðarbyggð um rekstur flugvallarins

í Norðfirði og Siglufjarðarbæ um rekstur flugvallarins á Siglufirði. Jafnframt hefur flugmálastjóra verið falið að undirbúa frekari samninga á þessu sviði.

Flugmálastjórn hefur í auknum mæli keypt hönnunarvinnu utan höfuðborgar svæðisins, svo og ýmiss konar viðhaldsþjónustu. Á heildina litið skapa þessi kaup um það bil sex ný störf á landsbyggðinni. Á vegum Flugmálastjórnar starfa alls um 250 manns, þar af um 61 starfsmaður á landsbyggðinni

5. Hinn 1. mars 2004 mun skoðun skipa verða flutt frá Siglingastofnun til einkarekinna skoðunarstofa. Ráðuneytið mun leitast við að núverandi störf utan höfuðborgarsvæðisins haldist áfram þrátt fyrir þessa breytingu.
6. Árið 1998 var opnað útibú Siglingastofnunar í Keflavík til viðbótar við önnur er hafa verið á landsbyggðinni um árabil. Þar starfar einn maður. Þá hefur frá ársbyrjun 2001 verið unnið að verkefni sem tengist flokkun og skráningu skannaðra teikninga í útibúi Siglingastofnunar á Ísafirði. Jafnframt hefur verið ákveðið að þar verði unnið að skipulagi og úrvinnslu skyndiskoðana fiskiskipaflotans. Um er að ræða tæpt stöðugildi. Á vegum Siglingastofnunar starfa alls um 90 manns, þar af um 15 á landsbyggðinni. Þar að auki eru 54 vitaverðir í hlutastarfi, allir á landsbyggðinni.
7. Aðsetur rannsóknarnefndar sjóslysa var samfara endurskipulagningu á allri starfsemi nefndarinnar flutt til Stykkishólms haustið 2001. Við nefndina eru tvö föst stöðugildi á ársgrundvelli.
8. Á vegum Íslandspósts hf. hefur aðalskiptiborð og þjónustuver fyrirtækisins fyrir einstaklinga verið flutt til Akureyrar, pökkun fyrstadagsumslaga til Ísafjarðar, frímerkjavarsla í Borgarnes og vinna við ársmöppur í Búðardal auk þess sem smávörulager fyrirtækisins hefur verið fluttur til Blönduóss. Þessar ákvarðanir þýða að um það bil átta til tíu ársverk hafa verið flutt út á land. Á vegum Íslandspósts starfa um 1.260 manns, þar af eru um 470 úti á landi. Þessu til viðbótar eru starfandi sem verktakar um 100 landpóstar og um það bil 40 stöðugildi eru hjá samstarfsaðilum Póstsins á landsbyggðinni.
9. Síminn hefur markvisst unnið að því að flytja störf út á land í tengslum við upplýsingasímann 118. Svarað er í 118 á fjórum stöðum á landinu, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Nú eru 62 stöðugildi á vegum 118 á landsbyggðinni, þar af um 40 á Akureyri og um 20 á Egilsstöðum. Alls starfa um 1.300 manns hjá Símanum, þar af um 300 á landsbyggðinni.

   Verið er að kanna möguleika þess að flytja störf út á land sem tengjast starfsemi símans m.a. þjónustuveri Símans.
10. Ráðuneytið mun kappkosta að verða við óskum sem borist hafa frá nokkrum sveitarfélögum um að stofna þjónustuver þar sem hafa að geyma verkstöðvar ríkis og sveitarfélaga. Þannig hefur komið beiðni frá Þórshafnarhreppi um að koma undir eitt þak starfsstöð Vegagerðar, flugvallar og áhaldahúss bæjarins.

Sjávarútvegsráðuneyti.

1. Stór hluti starfsemi Hafró fer fram úti á landi. Þar má m.a. nefna aflaskráningakerfið. Útibú Hafró úti á landi mega sín hins vegar lítils á flestum stöðum. Helstu undantekningar eru Akureyri og Ísafjörður.
2. Sjávarútvegsráðuneytið í samvinnu við atvinnuvegaráðuneytin er að kanna hvernig unnt er að nýta fyrirhugað rannsóknarhús á Akureyri til að efla starfsemi á vegum RF og Hafró. Helst er staðnæmst við hugmyndir um líftæknirannsóknir. RF kemur nú að starfsemi Matvælasetursins á Akureyri.

3. Ráðuneytið vinnur að endurskoðun á starfsemi RF á landsbyggðinni. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu fyrir áramót.
4. Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er verið að hrinda af stað markáætlun sem ber heitið *Aukið verðmæti sjávarfangs* og er fyrsti hluti hennar til fimm ára. Hún var undirbúin í samvinnu við fagfólk og hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskvinnslu og ætti að geta nýst til verkefna sem unnin eru á landsbyggðinni.
5. Á umræðustigi er meðal fyrirtækja sem starfa að fiskeldi að þau sameinist um tilraunir til þorskseiðaeldis á einum stað sem til þess þykir hentugastur, jafnframt því að nýta þá aðstöðu sem fyrir er.
6. Hugmyndir eru uppi um að koma á fót þorskeldismiðstöð, þ.e. fyrir framhaldseldi, á Ísafirði sem myndi tengjast þróunarsetrinu þar. Hafró og RF kæmu að þeirri starfsemi.
7. Ráðuneytið hefur úthlutað 500 tonna þorskígildiskvóta til fiskeldis. Úthlutað hefur verið til staða hringinn í kringum landið í þeim tilgangi að afla reynslu um hvar skilyrðin eru best.
8. Fiskistofa hefur á árinu 2003 fært þrjú störf eftirlitsmanna frá Reykjavík út á land, tvö störf til Akureyrar og eitt á Ísafjörð. Þar með eru fjögur störf í útibúinu á Akureyri og tvö störf í útibúinu á Ísafirði.

Umhverfisráðuneyti.

1. Efling starfsemi Náttúrustofa. Framlag til Náttúrustofa á landsbyggðinni var aukið í fjárlögum 2003 um 1,9 m.kr. hjá hverri, eða samtals um 11,4 m.kr. Samkomulag er við sveitarfélögin, sem eru ábyrg fyrir rekstrinum, um að þeirra framlag verði að lágmarki 30% á móti framlagi ríkisins. Samtals má ætla að þessi aðgerð leiði til aukins umfangs á landsbyggðinni á árinu 2003. Að auki eru 2,5 m.kr. til undirbúnings stofnunar Náttúrustofu á Norðurlandi eystra sem ætla má að hefji rekstur á árinu 2004.
2. Unnið er að á vegum Veðurstofunnar að stofna rannsóknarmiðstöð snjóflóða á Ísafirði. Í fjárlögum 2003 eru 4 m.kr. til undirbúnings þess verkefnis.
3. Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Verið er að efla starfsemi þjóðgarðanna. Í fjárlögum 2003 eru á lið Umhverfisstofnunar 15 m.kr. til að standa undir auknum kostnaði við þjóðgarða og landvörslu. Ráðið hefur verið í þrjú heilsársstörf í þjóðgarðana á þessu ári, eitt í hvern þjóðgarð þ.e. þjóðgarðinn Snæfellsjökul, þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum og þjóðgarðinn í Skaftafelli.
4. Ráðuneytið leggur áherslu á að efla útibú stofnana úti á landi með störfum sem hafi víðtækari skírskotun en nú er og er mikilvægt í því sambandi að stofnanir mismunandi ráðuneyta vinni saman í stórnsýslueiningum í byggðakjörnum á landsbyggðinni. Einn starfsmaður hefur verið ráðinn í útibú Umhverfisstofnunar á Akureyri (veiðistjórnunarsvið). Á næstu árum verður vonandi unnt að efla útibú Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum (veiðistjórnunarsvið/hreindýraráð) svo og Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands.
5. Gert er ráð fyrir að framlög úr ofanflóðasjóði til bygginga varnargarða í þéttbýli á snjóflóðahættusvæðum verði um 1,3 milljarðar króna á næstu 2–3 árum. Varnargarður við Seyðisfjörð fer senn í útboð og unnið er að undirbúningi útboðs á framkvæmdum við varnargarða á Siglufjörð. Þá munu framkvæmdir á Ísafirði og Bolungarvík væntanlega verða boðnar út á næstu misserum.
6. Umhverfisráðuneytið styrkir sveitarfélög til fráveituframkvæmda sem nemur allt að 20% af kostnaði þeirra. Nú þegar hefur ríkissjóður styrkt sveitarfélög sem nemur 1,3 milljarði

króna en alls er áætlað að styrkveitingar muni nema rúmum 2 milljörðum króna þegar framkvæmdum lýkur.

Af framangreindu má ljóst vera að umtalsverður árangur hefur náðst á síðustu árum í að fjölga störfum á vegum ríkisins á landsbyggðinni og að auki eru ýmis áform ráðuneyta um að gera enn betur í þeim efnum á kjörtímabilinu.

Reykjavík 6. nóvember 2003.

Halldór Blöndal,
forseti Alþingis.

Magnús Stefánsson,
alþingismaður.

925. Breytingartillaga [495. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá Halldóri Blöndal.

Við bætist ný grein, 2. gr., svohljóðandi:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

a. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Frá 1. september til 31. desember: stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd.
b. 3. tölul., er verður 4. tölul., orðast svo: Frá 1. september til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, hvítmáfur, hettumáfur, rita, skúmur, kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa og skúm nærri æðarvarpi.
c. Í stað dagsetningarinnar „15. október“ í 5. tölul., er verður 6. tölul., kemur: 1. nóvember.

926. Fyrirspurn [618. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraðra.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hverju sætir að greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraðra hafa ekki fylgt launaþróun eins og kveðið er á um í almannatryggingalögum?

927. Fyrirspurn [619. mál]

til viðskiptaráðherra um opinber hlutafélög.

Frá Merði Árnasyni.

Hefur á vegum ráðherra eða stofnana sem falla undir ráðuneyti hans verið kannað hvort fýsilegt sé að gera ráð fyrir opinberum hlutafélögum í íslenskri löggjöf? Hver er afstaða ráðherrans til þess, sbr. t.d. dönsk og norsk hlutafélagalög?

928. Svar [586. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru mánaðarlegar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum frá janúar 2003 til og með febrúar 2005, annars vegar á verðlagi hvers mánaðar, hins vegar á verðlagi febrúar 2005?

Mánaðarleg innheimta tekna ríkissjóðs af stimpilgjöldum í millj. kr.

	Verðlag hvers mánaðar	Verðlag febrúar 2005
2003		
janúar	266	284
febrúar	278	297
mars	296	313
apríl	286	302
maí	278	294
júní	265	280
júlí	348	368
ágúst	285	302
september	323	340
október	392	410
nóvember	310	324
desember	354	369
2004		
janúar	296	308
febrúar	335	350
mars	373	388
apríl	346	357
maí	364	373
júní	420	427
júlí	381	389
ágúst	310	317
september	664	676

	Verðlag hvers mánaðar	Verðlag febrúar 2005
október	966	975
nóvember	958	965
desember	977	980
2005		
janúar	729	731

Upplýsingar um febrúar 2005 liggja ekki fyrir.

929. Svar [459. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um Lífeyrissjóð bænda.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?

Árið 2004 fengu að meðaltali 3.668 lífeyrisþegar greiddan lífeyri úr sjóðnum í hverjum mánuði. Þar af fá sumir fleiri en eina tegund lífeyris. Heildarlífeyrisgreiðslur í janúar 2005 námu 57.270.131 kr.

2. Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?

Fjöldi virkra (greiðandi) sjóðfélaga árið 2003 var 3.530 og hafði þeim fækkað úr 4.283 árið 2002. Ástæðu fækkunarinnar má m.a. rekja til laga nr. 140/2002, um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Samkvæmt þeim var hætt að skipta iðgjöldum sjálfkrafa milli hjóna og samþýlisfólks en við það fækkaði greiðandi sjóðfélögum töluvert. Virkum sjóðfélögum hefur hins vegar fækkað jafnt og þétt mörg undanfarin ár, eða um 5–10% á ári. Ekki eru enn forsendur til að telja virka sjóðfélaga á árinu 2004.

3. Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar: 0–10 þús. kr., 10–20 þús. kr., 20–30 þús. kr., 30–40 þús. kr. 40–50 þús. kr., meira en 50 þús. kr.?

Lífeyrisþegar sem fá eingöngu greiddan lífeyri vegna búskapartíma (þ.e. greitt að fullu úr ríkissjóði).
Greiðslur í janúar 2005.

	Karlar	Meðalgreiðslur	Konur	Meðalgreiðslur	Samtals	Meðalgreiðslur
Ellilífeyrir:						
0–10 þús. kr.	2	3.551	1	8.200	3	5.101
10–20 þús. kr.	9	15.682	3	15.539	12	15.646
20–30 þús. kr.	2	20.720	1	20.720	3	20.720
(enginn yfir þessu)						
Samtals	13	14.590	5	15.108	**18**	**14.734**
Makalífeyrir:						
0–10 þús. kr.	0		29	5.484	29	5.484
10–20 þús. kr.	0		116	15.290	116	15.290
(enginn yfir þessu)						
Samtals	0		145	13.329	**145**	**13.329**

Lífeyrisþegar sem fá greitt vegna áunninna réttinda (uppbót vegna búskapartíma þeirra sem fæddir eru 1914 og fyrr meðtalin).
Greiðslur í janúar 2005.

	Karlar	Meðalgreiðslur	Konur	Meðalgreiðslur	Samtals	Meðalgreiðslur
Ellilífeyrir:						
0–10 þús. kr.	376	6.097	578	4.833	954	5.331
10–20 þús. kr.	595	15.068	328	14.328	923	14.805
20–30 þús. kr.	411	24.497	136	23.691	547	24.255
30–40 þús. kr.	180	34.071	23	31.954	203	33.832
40–50 þús. kr.	30	42.504	0	0	30	42.504
(enginn yfir þessu)						
Samtals:	1.592	18.049	1.065	10.751	**2.657**	**15.115**
Makalífeyrir:						
0–10 þús. kr.	33	3.847	499	5.364	532	5.270
10–20 þús. kr.	10	13.045	208	15.094	218	15.000
20–30 þús. kr.	1	24.365	11	22.564	12	22.714
(enginn yfir þessu)						
Samtals:	44	6.404	718	8.446	**762**	**8.328**
Örorkulífeyrir:						
0–10 þús. kr.	44	5.871	74	5.551	118	5.670
10–20 þús. kr.	32	14.910	57	14.901	89	14.904
20–30 þús. kr.	27	24.258	55	24.619	82	24.500
30–40 þús. kr.	29	34.801	30	34.571	59	34.684
40–50 þús. kr.	10	44.653	15	43.975	25	44.246
50–60 þús. kr.	3	52.231	4	52.294	7	52.267
(enginn yfir þessu)						
Samtals:	145	20.709	235	19.235	**380**	**19.797**

4. Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?

Möguleikar bænda til að ávinna sér lífeyrisréttindi hafa verið og eru lakari en annarra launþega í landinu og nú aðallega vegna lágra reiknaðra launa í landbúnaði. Réttindi eru hins vegar sambærileg að því leyti að stigaútreikningur er sá sami og hjá almennu lífeyrissjóðunum. Lífeyrissjóður bænda veitir nú lágmarksréttindi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þ.e. margföldunarstuðull er 1,4. Fram til 1. júlí 2003 var margföldunarstuðull 1,442 en var lækkaður vegna tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins í árslok 2002.

5. Eru fyrirhugaðar breytingar á réttindaávinnslu hjá sjóðnum eða greiðslum úr honum?

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er lífeyrissjóðum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum

sjóðsins. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Eins og fram kemur í svari við 4. lið var margföldunarstuðull hjá Lífeyrissjóði bænda lækkaður niður í 1,4 vegna tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins í árslok 2002. Í árslok 2003 var 7,2% halli á heildarskuldbindingum sjóðsins en vonir standa til að hallinn fari undir 5% á þessu ári. Gangi það eftir munu greiðslur úr sjóðnum væntanlega ekki breytast.

Þess ber að geta að ýmislegt er að breytast í ytra umhverfi lífeyrissjóða sem hefur áhrif á Lífeyrissjóð bænda eins og aðra sjóði. Þannig hafa vextir farið lækkandi, lífslíkur aukist og örorkulíkur vaxið. Allt eru þetta atriði sem kunna að hafa áhrif á stöðu lífeyrissjóða í næstu framtíð. M.a. til að bregðast við nýjum aðstæðum hafa nokkrir lífeyrissjóðir stefnt að því að taka upp aldurstengt réttindakerfi. Engin ákvörðun hefur verið tekin um slíkt varðandi Lífeyrissjóð bænda.

930. Frumvarp til laga [620. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

4. og 5. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 4. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Upplýsingaskylda.

Jafnréttisstofa getur krafið opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar og athugunar á einstökum málum. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Jafnréttisstofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

Jafnréttisstofa getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða fyrirmælum Jafnréttisstofu.

Við framkvæmd lagagreinar þessarar skal fylgja ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála skv. 5. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Kærunefnd jafnréttismála getur við meðferð kærumála falið Jafnréttisstofu að afla allra tiltækra upplýsinga og gagna skv. 4. gr.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Í sérhverju fyrirtæki og stofnun þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu þeir kjósa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisáætlun, að jafnréttis sé gætt í starfsmannastefnu og að farið sé að öðru leyti að lögum þessum. Jafnréttisfulltrúarnir skulu njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og trúnaðarmenn samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og kjarasamningum sem um störf þeirra gilda.

5. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir og skulu tilnefningaraðilar tilnefna einn karl og eina konu í þær.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 96 22. maí 2000 og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

Greinargerð.

Hér er endurflutt frumvarp sem lagt var fram á vorþingi 2004 (þskj. 844, 565. mál). 4. og 5. gr. frumvarpsins eru þó nýjar.

Með þessu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 96/2000 er mælt fyrir um úrræði til að vinna gegn kynbundnum launamun og öðru misrétti kynjanna.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Engu síður er það staðreynd að kynbundinn launamunur er talinn vera á bilinu 14–18% þegar borin eru saman laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Kerfisbundinn launamunur hefur verið viðvarandi um árabil og engin teikn á lofti um breytingar. Með kynbundnum launamun er að sjálfsögðu brotið í bága við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og enn fremur við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hann misbýður réttlætiskennd fólks. Þessi mismunun leiðir til annars misréttis og hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, efnahags-, félags- og menningarlífi. Fleiri staðreyndir um misrétti kynjanna liggja fyrir. Heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði um 60% af atvinnutekjum karla, heildaratvinnutekjur kvenna meðal opinberra starfsmanna eru um 86% af atvinnutekjum karla, um 30% einstæðra mæðra hafa framfærslu af tekjum undir fátæktarmörkum og konur eru aðeins um 20% af forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana svo að fátt eitt sé nefnt. Verk karla eru meira metin en verk kvenna. Kvennastörf eru hvorki metin að félagslegum né fjárhagslegum verðleikum. Karlar eru „viðmið“ (norm) en konur „frávik“ og á þeim hugmyndum byggist óskráður kynbundinn og karllægur samfélagssamningur sem stjórnar aðstæðum kynjanna félagslega, efnahagslega og pólitískt. Allt eru þetta þekktar stað-

reyndir og það er einnig staðreynd að vilji er allt sem þarf til að koma á raunverulegu jafnrétti.

Í samræmdri könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi kemur í ljós að á Íslandi er kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum meiri en á hinum opinbera. Þetta er í samræmi við launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur annars vegar og launakannanir Reykjavíkurborgar hins vegar. Þetta skýrist að hluta til af því að kjaraákvarðanir eru í meira mæli einstaklingsbundnar á almennum vinnumarkaði en algengara er að miðstýrðir kjarasamningar séu hafðir til viðmiðunar á opinbera vinnumarkaðnum. Starfsfólki á almennum vinnumarkaði fer fjölgandi og sífellt algengara er að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli. Þessar staðreyndir ásamt landlægri launaleynd gera það að verkum að sífellt erfiðara verður að fylgjast með launum, launaþróun og launamisrétti. Ýmsar vísbendingar eru um að kynbundið launamisrétti hafi fundið sér nýjan farveg í aukagreiðslum, svo sem bílahlunnindum, óunninni yfirvinnu og dagpeningum, en slíkt má meðal annars lesa út úr launakönnun Reykjavíkurborgar frá árinu 2001. Engin ráð eru í dag til að fylgjast með því hvernig körlum er hyglað með greiðslum af þessu tagi og slíkar upplýsingar eru takmarkaðar hjá kjararannsóknarnefndum. Ekkert bendir hins vegar til þess að launamunur fari minnkandi en alþjóðlegar rannsóknir benda þvert á móti til þess að kynbundinn launamunur muni aukast á næstu árum með auknum einstaklingslaunasamningum verði ekkert að gert.

Ljóst er að lagasetningar hafa ekki dugað til og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að kerfislægri mismunun kynjanna en góð stjórnvaldstæki þarf til að vinna á rótgrónum stöðumun kynjanna á vinnumarkaði. Að veita opinberri stofnun heimild til að afla gagna og vinna úr þeim upplýsingar er nauðsynlegt tæki til að greina stöðuna til að geta gripið til aðgerða.

Frumvarpið veitir Jafnréttisstofu heimildir til að ganga úr skugga um það með rannsókn og gagnaöflun hvort réttindum og skyldum skv. III. kafla jafnréttislaganna sé fullnægt, svo sem um launajafnrétti, og tryggt sé að bannákvæðum IV. kafla þeirra sé framfylgt. Er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti hafið rannsókn og gagnaöflun að eigin frumkvæði, að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála. Um viðlíka heimildir er til að mynda mælt fyrir í skattalögum, samkeppnislögum og lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi. Sýnu veigameiri eru rökin fyrir því að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að tryggja konum stjórnarskrárbundin mannréttindi.

Í nýrri fjórðu grein frumvarpsins er mælt fyrir um nýmæli í anda heimilda og úrræða sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. gildandi laga um skipun jafnréttisfulltrúa hjá sérhverju ráðuneyti og hlutverk þeirra, en þó er mælt fyrir um aukin verkefni jafnréttisfulltrúa hjá einkafyrirtækjum. Að mati sérfróðra aðila um jafnréttismál og samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum er staða kvenna hjá einkafyrirtækjum verri en hjá ríki og sveitarfélögum og jafnréttisáætlanir þeirra virðast ekki skila tilætluðum árangri. Þar er bæði kynbundinn launamunur og munur á heildartekjum karla og kvenna meiri. Valdaleysi kvenna í stjórnum einkafyrirtækja, einkum stórfyrirtækja, er einnig sláandi og endurspeglar í engu menntun þeirra, hæfni og reynslu. Þá er þess að geta að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga njóta réttinda og meiri verndar gegn mismunun samkvæmt stjórnsýslulögum og upplýsingalögum sem ekki hafa verið yfirfærð á einkarekstur.

Í 5. gr. er lögð til breyting á 20. gr. gildandi laga um þátttöku í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Ákvæðið er að gefnu tilefni gert markvissara og lagt til að sami

háttur verði á hafður við skipun og tilnefningu í nefndir, ráð og stjórnir ríkis og sveitarfélaga og við tilnefningar og skipun í Jafnréttisráð skv. 2. mgr. 7. gr. laganna. Lagt er til að tilnefningaraðilar tilnefni einn karl og eina konu þannig að veitingarvaldið hafi val og geti við það gætt þess að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Með lögfestingu þessarar tillögu má ætla að það muni heyra sögunni til að nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga verði eingöngu eða að miklum meiri hluta skipaðar körlum.

Á vorþingi 2004 var frumvarp sama efnis tekið til 1. umræðu og vísað til félagsmálanefndar sem fjallaði ekki um málið. Því miður virðist vera enn brýnni nauðsyn á þeim úrræðum sem frumvarpið mælir fyrir um nú en fyrir ári. Rökin standa öll óhögguð. Það hefur ekkert þokast í þjóðfélaginu í átt til launajafnréttis. Mannréttindabrot á konum, viðvarandi kynbundinn launamunur og fákvenni í nefndum, stjórnum og ráðum eru jafnóþolandi og fyrr. Það er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar allt frá árinu 1998 að jafna launamun kynjanna og gæta að jafnrétti við opinbera stefnumótun. Frumvarpið samræmist þeim markmiðum. Þeir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa einnig gefið ítrekuð fyrirheit um að jafna stöðu kvenna. Hér gefst þeim tækifæri til að efna loforð sín og rétta hlut kvenna verulega með stjórnsýsluúrræðum og rjúfa kyrrstöðuna í jafnréttismálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi 4. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um skyldu opinberra stofnana, atvinnurekenda og félagasamtaka til að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar. Lagt er til að málsgreinin verði felld niður sem 4. mgr. 3. gr., en umorðuð sem ný 4. gr. laganna og taki bæði til almennrar og sértækrar upplýsingaskyldu opinberra stofnana, sveitarfélaga, atvinnurekenda og félagasamtaka, sbr. almennar athugasemdir við lagafrumvarpið og 2. gr. þess. Samhengis vegna þykir rétt að 5. mgr. 3. gr. verði 6. mgr. nýrrar 4. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í greininni eru Jafnréttisstofu veittar heimildir til að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur almennt og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar skv. 3. gr. laganna og vegna athugunar einstakra mála, sbr. einnig III., IV. og V. kafla laganna. Jafnréttisstofu eru með frumvarpinu veittar heimildir bæði til að krefjast upplýsinga munnlega og skriflega, til að krefjast afhendingar gagna og hún getur við rannsókn máls, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brot hafi verið framin gegn lögunum eða fyrirmælum hennar, gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum atvinnurekenda og lagt hald á gögn. Hér er mælt fyrir um víðtækari heimildir fyrir Jafnréttisstofu en núgildandi 4. mgr. 3. gr. hefur veitt henni. Um tilgang þessara breytinga er vísað til almennra athugasemda um frumvarpið. Er frumvarpið samið í anda þeirra heimilda sem skattyfirvöldum, Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirliti og fleiri opinberum eftirlitsstofnunum er veitt lögum samkvæmt til eftirlits með skattgreiðslum, samkeppni og fjármálum. Vísað er til rökstuðnings í frumvörpum til laga um þessar eftirlitsstofnanir fyrir þeim heimildum sem þeim hafa verið veittar. Það er því rökrétt og varla tiltökumál að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að vinna gegn mannréttinda- og stjórnarskrárbrotum gegn konum. Það gefur auga leið að Jafnréttisstofa verður að gæta lagaákvæða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga við rannsókn mála og gagnaöflun. Verður Jafnréttisstofa þannig að gæta þess að vinna persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Jafnréttisstofu er í lófa lagið að afla gagna og

gera athuganir og samanburð á launakjörum til að staðreyna mismunun og afla sannana án þess að nafngreina þá einstaklinga sem bornir eru saman í launakjörum. Sama gildir um haldlagningu og leit. Hefur ekki vafist fyrir opinberum eftirlitsaðilum, sem veittar eru sömu heimildir, að halda sig innan ramma laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála. Í 3. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um almennar heimildir sem ekki þarfnast skýringa. Í 6. mgr. 2. gr. kveðið á um sömu málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu sem nú er mælt fyrir um í 5. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Nefndin hefur iðulega staðið frammi fyrir sönnunarvanda við úrlausnir kærumála. Hér eru lagðar til breytingar til að bregðast við þessum sönnunarvanda, eins og nánar er rökstutt í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um kosningu jafnréttisfulltrúa í sérhverju fyrirtæki og stofnun, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, til eftirlits með jafnréttisáætlun, með því að jafnrétti sé fylgt í starfsmannastefnu og með lögum nr. 96/2000 að öðru leyti, sbr. einnig 13. gr. laganna. Er reiknað með að jafnréttisfulltrúar starfi í nánu samstarfi við trúnaðarmenn viðkomandi fyrirtækis. Í störfum sínum geta jafnréttisfulltrúar tekið saman upplýsingar og fjallað bæði um almenn og sértæk jafnréttismál í samræmi við réttindi og skyldur skv. III. kafla laganna og gætt þess að ákvæði IV. kafla um bann við mismunun á grundvelli kynferðis séu virt. Jafnréttisfulltrúar geta í því skyni bæði beint tilmælum til stjórnenda, leitað til viðkomandi stéttarfélags og nýtt sér önnur úrræði sem kveðið er á um í lögunum. Má ætla að tilgangi jafnréttislaga verði náð mun fyrr með öflugu starfi jafnréttisfulltrúa. Vegna eðlis og mikilvægis starfa jafnréttisfulltrúa þykir rétt að tryggja starfsöryggi þeirra og stöðu að öðru leyti með því að veita þeim sambærilega stöðu eftir því sem við á og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Um skýringar á greininni er vísað til greinargerðar hér að framan. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera verði einvörðungu eða að miklum meiri hluta til skipaðar körlum eins og alkunna er og nýleg dæmi sanna.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 2006 þannig að ríkisstjórninni gefist ráðrúm til að gera ráð fyrir þeirri breytingu sem verður á starfsskyldum Jafnréttisstofu í fjárlögum. Einnig er þörf á að lögin þannig breytt verði kynnt vandlega fyrir atvinnurekendum, samtökum þeirra, stéttarfélögum og öðrum þeim sem málið varðar.

931. Tillaga til þingsályktunar [621. mál]

um reglur um kynjahlutföll.

Flm.: Atli Gíslason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem móti reglur um kynjahlutföll við ráðningu forstöðumanna ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkishlutafélaga og við skipan í nefndir og ráð á vegum sömu aðila. Nefndin geri enn fremur tillögur um sambærilegar reglur hjá sveitarfélögum. Þá gefi nefndin álit á því hvort rétt sé að setja lög um kynjahlutföll við val og röðun frambjóðenda stjórnmálaflokka til Alþingis og sveitarstjórna. Loks leiti nefndin leiða og setji fram tillögur um hvernig megi fjölga konum í stjórnum fyrirtækja, lífeyrissjóða og stofnana. Í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar allra þingflokka.

Nefndin skili tillögum fyrir 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Svipuð þingsályktunartillaga var flutt á 130. löggjafarþingi 2003–2004 en var hvorki rædd né hlaut meðferð í nefnd.

Í skýrslu nefndar um efnahagsleg völd kvenna, sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið og kom út í febrúar 2004, segir að þar sem karlar beri meira úr býtum og stýri frekar fyrirtækjum en konur séu áhrif þeirra yfir efnislegum gæðum meiri en kvenna. Meginniðurstaða launakönnunar sem nefndin lét gera var að konur hefðu 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnudag. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að forstöðumenn ríkisstofnana og ráðuneyta eru langflestir karlar, eða um 80%. Einnig að fáar konur sitja í opinberum úthlutunarnefndum sem veita fé til uppbyggingar íslensks atvinnulífs og konur fái lítinn hluta þess fjármagns sem veitt er úr opinberum sjóðum til styrktar atvinnuuppbyggingu. Þá kemur fram í skýrslunni að karlar eru um 70% þeirra sem sitja í nefndum á vegum hins opinbera. Þessar staðreyndir eru gamalkunnar og til þessa hefur lagasetning ekki dugað til og skilað þeim árangri sem stefnt var að, til að mynda með jafnréttislögum. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að stjórnvaldstækjum til að vinna á rótgrónum stöðumun kynjanna.

Norsk stjórnvöld eru vel á veg komin í átt að því markmiði að a.m.k. 40% stjórnenda hjá hinu opinbera verði konur. Fyrir þremur árum setti norska ríkisstjórnin, undir forsæti Kjell Magne Bondevik, fram kröfu um kynjakvóta við stöðuveitingar hjá norska ríkinu. Árangurinn lét ekki á sér standa og hefur hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum hækkað um meira en 6% á tveimur árum. Nú er staðan sú í Noregi að 33,9% af 9.000 stjórnendum hjá hinu opinbera eru konur og norska ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að markmið hennar um 40% lágmarkshlutfall kvenna náist fyrir sumarið 2006. Forsætisráðherra Noregs gerði grein fyrir þessum árangri á baráttudegi kvenna 8. mars 2004. Hlutfall norskra kvenna í stjórnum fyrirtækja er hins vegar enn mjög lágt, aðeins 9%. Norska ríkisstjórnin leitar nú leiða til að bæta úr því.

Okkur Íslendingum hefur miðað of skammt áleiðis við að jafna stöðu kvenna og karla og við stöndum okkur lakast norrænna ríkja þegar hlutfall kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum er skoðað. Því er brýnt að grípa til raunhæfra aðgerða. Með virkum stjórnvaldstækjum er unnt að auka áhrif kvenna á stjórn ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja öllum til hagsbóta. Engin ástæða er til að ætla að ekki megi ná sama árangri hér á landi og í Noregi með reglum um kynjahlutföll bæði hjá hinu opinbera og í einkarekstri.

Í tillögu þessari er einnig gert ráð fyrir að nefndin gefi álit sitt á því hvort rétt sé að binda í lög ákvæði um kynjahlutföll við val og röðun frambjóðenda stjórnmálaflokka til Alþingis

og sveitarstjórna. Stjórnmálaflokkar hafa almennt ekki sett sér slíkar reglur og það er staðreynd að hlutur kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum er mun minni en æskilegt er og hefur fremur farið minnkandi en hitt. Afar brýnt er að rétta af þennan kynbundna lýðræðishalla þannig að sú auðlind sem felst í menntun og reynslu kvenna nýtist hvarvetna þjóðinni allri til hagsbóta.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum er kveðið á um að hvers kyns kynbundin mismunun brjóti í bága við grundvallarreglur um jafnrétti og virðingu fyrir manngildi. Slík mismunun hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, félags-, efnahags- og menningarlífi. Það eru mannréttindi að sjónarmið, reynsla og þarfir beggja kynja séu höfð að leiðarljósi við alla stefnumörkun og ákvarðanatöku stjórnvalda og það er beinlínis til þess fallið að viðvarandi launamunur kynjanna minnki. Konum er núna mismunað við stöðuveitingar og við skipanir í nefndir og ráð. Tillaga þessi er sett fram í þeim tilgangi að vinna gegn þeirri mismunun.

Frá því að þingsályktunartillaga svipaðs efnis var lögð fram á vorþingi 2004 hefur hvorki gengið né rekið í þessu mikilsverða hagsmunamáli kvenna og karla. Ef eitthvað er virðast teikn á lofti um að hlutur kvenna í áhrifa- og valdastöðum hafi fremur rýrnað. Hlutfall kvenna er lægst á Alþingi miðað við þjóðþing á Norðurlöndum og einnig miðað við mörg önnur lönd, t.d. Rúanda, Kúbu, Kostaríka, Argentínu, Suður-Afríku og Írak. En það er ekki aðeins á Alþingi, hjá ríkinu og sveitarfélögum sem konur eru valda- og áhrifalitlar. Staða þeirra er vægast sagt dapurleg hjá einkafyrirtækjum sé horft til fjölda kvenna í stjórnum. Þetta gildir sér í lagi um stjórnir stórfyrirtækja. Nýlegar rannsóknir sýna enn fremur að staða kvenna í atvinnurekstri er lakari en karla, þær mæta m.a. minni skilningi hjá lánastofnunum og eiga erfiðara með að fá lán og aðra fyrirgreiðslu. Allar þessar staðreyndir og fleiri ónefndar gefa ærið tilefni til að leitað verði allra tiltækra úrræða. Er þingsályktunartillagan því endurflutt en aukin frá fyrra horfi og nefndinni falið að leita leiða og setja fram tillögur til að auka veg kvenna í stjórnum fyrirtækja, lífeyrissjóða og stofnana. Þeir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa allir gefið ítrekuð fyrirheit um að jafna stöðu kvenna. Tillagan er til þess fallin að koma þessum fyrirheitum í verk og rjúfa kyrrstöðuna í jafnréttismálum.

932. Fyrirspurn [622. mál]

til fjármálaráðherra um sumarbústaði í eigu ríkisins o.fl.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Hve margir sumarbústaðir eru í eigu ráðuneyta, undirstofnana þeirra, fyrirtækja í eigu ríkisins, stofnana og sjálfstæðra stofnana í eigu ríkisins eða starfsmannafélaga þeirra? Hvar eru þeir, hvernig er notkun slíkra bústaða háttað og hvaða reglur gilda um notkun þeirra? Óskað er eftir sundurliðuðum svörum.

Skriflegt svar óskast.

933. Svar [555. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um læknismeðferð barna erlendis.

1. *Hversu mörg börn hafa farið í læknismeðferð erlendis á ári síðustu fimm ár, á hvaða aldri voru þau og um hvers konar læknismeðferð var að ræða í hverju tilviki?*
2. *Í hve mörgum tilvikum á ári síðustu fimm ár hefur verið greitt fyrir fylgd beggja foreldra eða tveggja aðstandenda með barni sem þurft hefur að fara í læknismeðferð erlendis?*

Hér koma fram upplýsingar um fjölda ferða (í sumum tilvikum er um að ræða fleiri en eina ferð sama barns) vegna einstakra sjúkdómaflokka/aðgerða, aldursdreifingu barnanna og um samþykkta fylgd aðstandenda og fagfólks, flokkað eftir árum.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Hjartasjúkdómar					
Börn fædd	1985–2000	1985–2001	1985–2002	1990–2003	1990–2004
Fjöldi ferða	17	27	31	22	19
Fylgd eins aðstandanda	2	2	1	4	0
Fylgd tveggja aðstandenda	15	25	30	18	19
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)	13	21	28	18	17
Æxli (góðkynja og illkynja)					
Börn fædd	1988–1992	1993–1999	1999	1990–1998	1990–1991
Fjöldi ferða	10	4	1	2	2
Fylgd eins aðstandanda	1	2	0	0	1
Fylgd tveggja aðstandenda	9	2	1	2	1
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)	0	0	0	0	1
Beinmergsígræðsla					
Börn fædd	1988–1999		2000	1987	2003
Fjöldi ferða	9	0	2	1	1
Fylgd eins aðstandanda	0		0	0	0
Fylgd tveggja aðstandenda	9		2	1	1
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)	0		1	1	0
Líffæraígræðslur					
Börn fædd	1984–1985		1992	1991–2003	
Fjöldi ferða	2	0	2	3	0
Fylgd eins aðstandanda	0		0		0
Fylgd tveggja aðstandenda	2		2		3
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)	0		0		2

Ár	2000	2001	2002	2003	2004
Augnsjúkdómar					
Börn fædd	1983–1996	1986–2000		1998–2002	
Fjöldi ferða	4	12	0	2	0
Fylgd eins aðstandanda	4	12			2
Fylgd tveggja aðstandenda	0	0			0
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)	0	0			0
Flogaveiki (heilaaðgerð)					
Börn fædd		1992–1997	2002	1996	1989
Fjöldi ferða	0	2	1	1	2
Fylgd eins aðstandanda		0	0	0	2
Fylgd tveggja aðstandenda		2	1	1	0
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)		0	1	1	0
Kuðungsígræðsla					
Börn fædd		1994–1999	1999	1994–1996	1999–2003
Fjöldi ferða	0	5	2	3	3
Fylgd eins aðstandanda		5	2	3	3
Fylgd tveggja aðstandenda		0	0	0	0
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)		0	0	0	0
Missmíði á andliti og/eða eyrum					
Börn fædd			1987–2001	1994–1996	1990–2001
Fjöldi ferða			7	5	4
Fylgd eins aðstandanda			5	5	4
Fylgd tveggja aðstandenda			2*	0	0
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)			2*	0	0
Annað					
Börn fædd	1987–1999	1986–2000	1986–2000	1991–2001	1990–2003
Fjöldi ferða	15	7	3	2	4
Fylgd eins aðstandanda	13	6	0	1	3
Fylgd tveggja aðstandenda	2	1	3	1	1
Fagfylgd (læknir og/eða hjúkrunarfræðingur)	1	2	0	0	1

* Tvær ferðir með barn fætt 2000 með hjartabilun.

3. *Í hve mörgum tilvikum á ári síðustu fimm ár hefur umsóknum um slíkar greiðslur verið hafnað, á hvaða aldri voru börnin og um hvers konar læknismeðferð var að ræða?*

Samkvæmt skýringum Tryggingastofnunar ríkisins er vandamálið við að svara þessari spurningu að stofnunin afgreiðir þennan þátt umsóknar óháð því hvað sótt er um, því það er læknirinn sem sækir um fyrir hönd sjúklingsins og merkir jafnvel stundum ekki við hvort

óskað sé eftir fylgd, hvað þá hvort óskað sé eftir fylgd eins eða tveggja aðstandenda. Tryggingastofnun afgreiðir þennan lið umsóknarinnar því einfaldlega í samræmi við þær upplýsingar sem liggja fyrir um sjúkdóm barnsins og fyrirhugaða meðferð. Jafnvel þótt stofnunin samþykki fylgd tveggja er ekki víst að tveir aðstandendur fylgi barninu. Því á ekki alltaf við að tala um að umsókn um tvo fylgdarmenn sé hafnað.

Þeir sem ekki fá stuðning til að senda tvo aðstandendur utan með barni sem þarf að gangast undir aðgerð eiga þess kost að sækja um styrk til minningar- og gjafasjóðs Landspítalans. Flestir í einmitt þessum hópi fá þar úrlausn sinna mála.

934. Fyrirspurn [623. mál]

til forsætisráðherra um fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl ráðherra.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Er ríkisstjórnin reiðubúin að láta birta opinberlega yfirlit yfir fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl ráðherra við fyrirtæki og sjóði á sambærilegan hátt og gert er í Danmörku?

935. Lög [399. mál]

um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars)

Samhljóða þskj. 895.

936. Lög [251. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars)

Samhljóða þskj. 269.

937. Frumvarp til laga [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1996.

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990.

2. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 79/1997.

3. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 151/1996.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

938. Frumvarp til laga [504. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats í Sveitarfélaginu Skagafirði er heimilt að selja ábúanda kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði jörðina Utanverðunes.

Verð jarðarinnar, mannvirkja og ræktunar á henni fer eftir því sem um semst en ella skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats. Ráðstöfun eigna legatsins, verði það leyst upp, skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, sem leitar umsagnar sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárjarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

939. Frumvarp til laga [236. mál]

um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til slysa og atvika sem tengjast umferð ökutækja og sem í lögum þessum eru nefnd umferðarslys.

Rannsóknir umferðarslysa samkvæmt lögum þessum skulu ná til rannsókna einstakra umferðarslysa og til flokka umferðarslysa eða umferðarslysa sem teljast af sama tagi.

Samgönguráðherra skal í reglugerð tilgreina nánar hvað fellur undir umferðarslys í lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknir umferðarslysa samkvæmt lögum þessum skulu miða að því að leiða í ljós orsakir umferðarslyss til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og draga úr afleiðingum sambærilegra slysa og stuðla með því að auknu öryggi í umferðinni.

Rannsókn umferðarslysa samkvæmt lögum þessum er óháð rannsókn umferðarslysa samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

II. KAFLI

Skipulag umferðarslysarannsókna.

3. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.

Í rannsóknarnefnd umferðarslysa eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og skal einn skipaður formaður. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Samgönguráðherra skipar varamenn til sama tíma.

Allur kostnaður við starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn.

Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar og gætir þess að hann sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Forstöðumaður ræður til nefndarinnar annað starfsfólk.

5. gr.

Þeir sem skipaðir eru í rannsóknarnefnd umferðarslysa skulu hafa menntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við umferðarslysarannsóknir.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

6. gr.

Forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að tilnefna staðgengil rannsóknarstjóra.

Forstöðumaður skal hafa sérmenntun eða starfsreynslu á sviði umferðarmála eða umferðarslysarannsókna.

Um sérstakt hæfi forstöðumanns fer eftir því sem segir í 2. mgr. 5. gr.

III. KAFLI

Tilkynning um umferðarslys. Framkvæmd rannsóknar.

7. gr.

Verði umferðarslys, sbr. 1. gr., skal vaktstöð samræmdrar neyðarsímsvörunar, eða lögreglan, svo fljótt sem verða má koma boðum um umferðarslysið til rannsóknarstjóra. Rannsóknarstjóri skal tilkynna vaktstöð eða lögreglu svo fljótt sem kostur er hvort hann hyggst koma á vettvang slyssins.

8. gr.

Rannsóknarstjóri skal hafa óhindraðan aðgang að vettvangi umferðarslyss. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal hafa aðgang að vettvangi umferðarslyss í samráði við lögreglu, fari þar fram lögreglurannsókn.

Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa rétt til að óska aðstoðar lögreglu.

Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi þegar sérstaklega stendur á.

Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa samráð við lögreglu rannsaki lögregla vettvang.

9. gr.

Óski rannsóknarstjóri þess á vettvangi skal hvorki hreyfa né flytja á brott ökutæki eða hrófla við ummerkjum slyssins uns rannsókn er lokið, nema að svo miklu leyti sem slíkt er talið nauðsynlegt til verndar veigameiri hagsmunum.

Rannsóknarstjóra er heimilt að taka til vörslu ökutæki eða hluta þess og annað ef ætla má að það geti haft þýðingu við rannsókn.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal svo fljótt sem verða má láta af hendi ökutæki, hluta þess eða annað það sem nefndin hefur tekið í sína vörslu.

Hafi lögregla tekið ökutæki, hluta þess eða önnur gögn sem tengjast umferðarslysi í sínar vörslur á grundvelli laga um meðferð opinberra mála er rannsóknarstjóra heimilt að krefjast þess að slíkt verði ekki afhent eiganda eða lögmætum rétthafa nema að höfðu samráði við rannsóknarstjóra.

10. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt við rannsókn mála að leita eftir upplýsingum varðandi ökutæki, ökumenn, farþega, vitni og annað sem kann að skipta máli varðandi rannsóknina. Heimild þessi nær til öflunar upplýsinga og gagna hjá stjórnvöldum og öðrum, þar á meðal lögreglu, vátryggingafélögum, læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki. Er þessum aðilum skylt að láta nefndinni slíkar upplýsingar í té.

Heimild 1. mgr. nær til persónugreinanlegra upplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga á borð við sjúkra- og krufningarskýrslur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur nauðsynlegar í þágu rannsóknar máls.

Meðferð og vinnsla nefndarinnar á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að taka skýrslur af ökumanni, farþegum og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyss.

Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna. Skýrslur aðila og vitna teljast réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana og stofnana sem starfa á sviði umferðarmála, innlendra sem erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn umferðarslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

11. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, forstöðumaður, starfslið og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í þágu nefndarinnar.

Um aðgang að rannsóknargögnum og öðrum gögnum fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

IV. KAFLI

Skýrslur um rannsóknir umferðarslysa. Aðgangur að gögnum.

12. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal gefa út og birta skýrslu um störf sín ár hvert. Í skýrslunni skal m.a. vera að finna yfirlit yfir helstu störf nefndarinnar á yfirstandandi starfsári, tölfræðilegar samantektir auk almennra tillagna um öryggisúrbætur á sviði umferðarmála.

Þegar rannsókn einstaks máls er lokið skv. 1. gr. getur rannsóknarnefnd umferðarslysa samið sérstaka skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar, telji hún tilefni til. Í skýrslunni skal

gerð grein fyrir orsökum eða sennilegum orsökum auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra. Skal skýrslan gerð opinber svo fljótt sem verða má.

Rannsóknarnefndin getur beint tilmælum til viðeigandi aðila um úrbætur í umferðaröryggismálum eftir því sem rannsókn gefur tilefni til og skulu þeir sem tillögum er beint til taka tilhlýðilegt tillit til tilmælanna ef kostur er og hrinda þeim í framkvæmd ef við á. Rannsóknarnefndin getur að liðnum sex mánuðum frá því að tilmæli voru gefin út krafist upplýsinga um hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum.

Við skýrslugerð samkvæmt ákvæði þessu skal rannsóknarnefnd umferðarslysa gefa aðilum þeim sem sérlega ríkra hagsmuna hafa að gæta að mati nefndarinnar kost á, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að skýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal fella úr skýrslum sínum um einstök mál skv. 2. mgr. beina tilvísun til trúnaðargagna sem hún aflar í tengslum við rannsókn máls, svo og gagna sem aflað hefur verið hjá lögreglu, sé rannsókn opinbers máls ekki lokið, nema að því leyti sem óhjákvæmilegt er talið vegna greiningar á orsökum umferðarslyss. Nöfn aðila er tengjast umferðarslysi skulu jafnframt afmáð úr skýrslu nefndarinnar.

Í skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

13. gr.

Óheimilt er rannsóknarnefnd umferðarslysa að veita aðgang að trúnaðargögnum þeim sem nefndin aflar í tengslum við rannsókn einstakra mála, nema að því marki sem slíkt reynist nauðsynlegt vegna umsagna aðila um skýrslur rannsóknarnefndar umferðarslysa. Eru slík gögn undanþegin ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Til trúnaðargagna í skilningi 1. mgr. teljast m.a. heilsufarslegar upplýsingar, álitsgerðir sem aflað hefur verið í tengslum við rannsókn máls og skýrslur vitna og annarra aðila.

Umsagnaraðilar og þeir sem starfa í þeirra þágu, sbr. 12. gr., skulu virða þagnarskyldu um hvaðeina það sem þeim verður kunnugt vegna aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæði þessu. Er umsagnaraðilum óheimilt að veita öðrum en þeim sem starfa í þeirra þágu við að veita umsögn upplýsingar um eða aðgang að slíkum gögnum.

14. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa um rannsókn einstakra slysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum.

V. KAFLI
Endurupptaka mála o.fl.

15. gr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur endurupptekið mál þótt rannsókn nefndarinnar sé lokið, sbr. 12. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati.

Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd umferðarslysa að rannsaka nánar tiltekið umferðarslys eða sérstök atriði sem tengjast umferðarslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn rannsóknarnefndarinnar er lokið.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild. Gildistaka.

16. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um skilgreiningu umferðarslysa skv. 1. gr., meðferð og vörslu málsgagna, persónuskilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna, rannsóknarstjóra og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað, tæki og þjálfun nefndarinnar til vettvangsrannsókna, um fyrirkomulag á birtingu skýrslna nefndarinnar og aðra þætti málsmeðferðar hjá nefndinni.

17. gr.

Lög þessi taka gildi 1. september 2005. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 83/2002 og 132/2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar umferðarslysa skv. 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, lýkur við gildistöku laga þessara.

940. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. mars.)

1. gr.

Í stað orðanna „vélsleða og fjórhjól“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings.

3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bann við sölu á veiðifangi.

Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils.

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.

Sölubann sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra fugla og fuglaafurða þeirra tegunda sem bannið tekur til. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar

fuglategundir og afurðir þeirra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.

4. gr.

Í stað orðanna „Á sama tíma“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Frá 1. apríl til 14. júlí ár hvert.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 17. gr. a. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.
b. Á eftir orðunum „framkvæmd brots“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann skv. 17. gr. a.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

941. Svar [485. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um eignarhald á bújörðum.

1. Hversu margar bújarðir með greiðslumarki skiptu um eigendur á árunum 1995–2004?

Ekki er haldið utan um eigendaskipti jarða við skráningu á handhafabreytingu greiðslumarks. Ástæður þess að greiðslumark færist á milli aðila geta verið margar, t.d. kynslóðaskipti ábúenda, sala á greiðslumarki frá jörð eða sala á jörð. Ekki þarf allt greiðslumark jarðar að flytjast á milli handhafa við skráð handhafaskipti, um getur verið að ræða sölu á hluta af greiðslumarki jarðarinnar.

Handhafabreytingar beingreiðslna sauðfjár (utan breytinga á rekstrarformi).

Almanaksár	Fjöldi breytinga
1996	83
1997	66
1998	72
1999	90
2000	61
2001	68
2002	48
2003	39

Handhafabreytingar beingreiðslna mjólkur (utan breytinga á rekstrarformi).

Verðlagsár	Fjöldi breytinga
1995–1996	43
1996–1997	41
1997–1998	47
1998–1999	46
1999–2000	42
2000–2001	27
2001–2002	23
2002–2003	17

2. *Hversu margir voru skráðir eigendur lögbýla árið 1995 og árið 2004?*

Jarðaskrá 1994 er síðasta skrá sem gefin var út á grundvelli nafnaskráningar eigenda og er ekki hægt að rekja saman eigendur í henni þar sem þeir eru ekki persónugreinanlegir. Sú skrá var að mörgu leyti á úreltu formi og torsótt reyndist að afla gagna úr henni. Því var ákveðið að skrá jarðaskrána inn í nýjan gagnagrunn með ítarlegri upplýsingum. Hagþjónusta landbúnaðarins annaðist þá uppfærslu og aflaði ítarlegra upplýsinga hjá sveitarfélögum við leiðréttingu skrárinnar sem reyndist mun tímafrekari en gert hafði verið ráð fyrir. Fyrsta skráin sem gefin var út eftir þessar breytingar var jarðaskrá sem miðaðist við fasteignamat í desember 2000 og nýjasta skráin er jarðaskrá 2004 sem miðast við desember 2003. Jarðaskrá 2005 er í vinnslu. Upplýsingarnar sem hér fara á eftir eru úr þessum tveimur skrám og miðast við eignarhald lögbýla 1. desember 2000 og 1. desember 2003.

	2000	**2003**
Heildarfjöldi lögbýla	6433	6453
Fjöldi í eigu opinberra aðila	975	925
Fjöldi lögbýla með ópersónugreinanlega eigendur	143	139

3. *Hversu mikið var um að sömu eigendur væru að:*
   a. *2–4 jörðum,*
   b. *5–7 jörðum,*
   c. *8 eða fleiri jörðum í árslok 1995, 1999 og 2004?*

Jarðaskrá sú sem ráðuneytið hefur gefið út samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976 inniheldur eingöngu upplýsingar um lögbýli á landinu. Ráðuneytið hefur engar upplýsingar um eignarhald á öðrum jörðum en lögbýlum. Samkvæmt nýjum jarðalögum, nr. 81/2004, sem tóku gildi 1. júlí 2004 skal ráðuneytið halda bæði jarðaskrá og lögbýlaskrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna. Síðasta útgefna jarðaskrá er grunnurinn að hinni nýju lögbýlaskrá en gerð jarðaskrár samkvæmt nýjum jarðalögum, nr. 81/2004, er í undirbúningi í samvinnu við Fasteignamat ríkisins og er frestur til útgáfu hennar til 31. desember 2008. Ekki er því unnt að svara þessari spurningu.

4. *Hversu mikið var um að sömu eigendur væru að:*
   a. *2–4 lögbýlum,*
   b. *5–7 lögbýlum,*
   c. *8 eða fleiri lögbýlum í árslok 1995, 1999 og 2004?*

Athygli er vakin á því að eigendur eru mun fleiri en eignirnar enda er mjög algengt að lögbýli séu í sameign nokkurra aðila, t.d. hjóna og sambúðarfólks, aðila að félagsbúi og aðrar ástæður geta einnig verið fyrir sameign. Algengt er að um tvö til þrjú samliggjandi lögbýli sé að ræða sem nýtt eru sem eitt þannig að annað telst í ábúð og hitt í eyði.

Hér er talið hvað hver aðili á eignarhlut í mörgum jörðum. Þannig er aðili sem á lítinn hlut í þremur jörðum talinn eigandi þriggja jarða.

Af 5.315 lögbýlum sem voru í eigu 8.758 einstaklinga og fyrirtækja árið 2000 á enginn eignarhlut í átta eða fleiri lögbýlum, fjórir aðilar eiga hlut í 5–7 lögbýlum og 1.197 aðilar eiga hlut í 2–4 lögbýlum.

Af 5.389 lögbýlum sem voru í eigu 9.116 einstaklinga og fyrirtækja árið 2003 á enginn eignarhlut í átta eða fleiri lögbýlum, fimm aðilar eiga hlut í 5–7 lögbýlum og 1.237 aðilar eiga hlut í 2–4 lögbýlum.

942. Fyrirspurn [624. mál]

til dómsmálaráðherra um varnarviðbúnað við eiturefnaárás.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hverjar eru niðurstöður skýrslu starfshóps embættismanna á vegum þriggja ráðuneyta, sem fjallaði um varnarviðbúnað vegna hugsanlegrar notkunar eiturefna-, sýkla- og geislavopna hér á landi?
2. Hvenær lágu niðurstöðurnar fyrir?
3. Af hverju hafa niðurstöðurnar ekki verið kynntar almenningi?

943. Fyrirspurn [625. mál]

til dómsmálaráðherra um Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Í hve mörg ár hefur Hegningarhúsið við Skólavörðustíg verið rekið á undanþágum frá heilbrigðisyfirvöldum?
2. Hvaða atriði hafa heilbrigðisyfirvöld gert athugasemdir við og hvað hefur verið gert til að bæta úr þeim?
3. Hefur ríkið þurft að greiða dagsektir vegna þeirra tímamarka sem undanþágur heilbrigðisyfirvalda hafa kveðið á um í þeim tilvikum þegar ekki hefur verið ráðist í úrbætur? Ef svo er, hversu háar fjárhæðir er um að ræða?

4. Eru lagaheimildir fyrir því að undanþiggja ríkið dagsektum í þeim tilvikum þegar ekki er farið að kröfum opinberra eftirlitsaðila um úrbætur á húsnæði og/eða aðbúnaði í fangelsum og sett tímamörk eftirlitsaðila ekki virt?
5. Á hvern hátt er réttur fanga sem dvelja í Hegningarhúsinu til vinnu, náms og líkamsþjálfunar tryggður samkvæmt ákvæðum laga?
6. Hefur Evrópunefnd um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin) gert athugasemdir við aðbúnað fanga í Hegningarhúsinu? Ef svo er, hve oft og hvað fólst í þeim athugasemdum og hvað hefur verið gert til úrbóta?

Skriflegt svar óskast.

944. Fyrirspurn [626. mál]

til dómsmálaráðherra um konur sem afplána dóma.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir sem hljóta dóm á ári hverju afplána nú með samfélagsþjónustu og hversu margar konur eru í þeim hópi?
2. Á hvern hátt hyggst ráðherra beita sér fyrir því að staða og möguleikar kvenna í fangelsi séu sambærileg stöðu og möguleikum karlfanga?

945. Fyrirspurn [627. mál]

til félagsmálaráðherra um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hvað greiddu bændur til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga árlega á tímabilinu 1998–2004?
2. Hvað fengu bændur árlega í atvinnuleysisbætur á sama tímabili?
3. Hvaða önnur útgjöld hefur A-deild sjóðsins, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 317/2003?
4. Hversu mikil er uppsöfnuð innstæða bænda?
5. Sér ráðherra ástæðu til að breyta reglum um atvinnuleysistryggingar bænda að fenginni reynslu þannig að greiðslur frá þeim nýtist bændum betur?

946. Nefndarálit [434. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 og 103/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 frá 23. apríl 2004 og 103/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

Tilskipunin miðar að því að samræma reglur er lúta að innri markaði á sviði fjármála í Evrópu og styrkja tiltrú fjárfesta á verðbréfamörkuðum, m.a. með því að mæla fyrir um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Ítarlegri reglur munu tryggja meira samræmi milli markaða og umgjörðin á íslenskum fjármálamarkaði verður styrkt til muna og m.a. er gert ráð fyrir að heimildir eftirlitsaðila til að birta upplýsingar verði rýmkaðar. Innleiðing gerðanna kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram lagafrumvarp þess efnis á Alþingi (þskj. 767, 503. mál) og er það til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Birgir Ármannsson.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

947. Nefndarálit [436. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti og Skúla Jónsson frá ríkisskattstjóra.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

Með tilskipuninni er gerðar breytingar á fyrstu félagaréttartilskipuninni frá 1968 varðandi skráningu félaga þannig að skrá megi upplýsingar rafrænt en markmiðið er að auðvelda aðgang að upplýsingum um félög og einfalda formsatriði um birtingu upplýsinga. Þannig verður unnt að senda skylduupplýsingar um hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög rafrænt til hlutafélagaskrár. Jafnframt verður hlutafélagaskrá heimilt að krefjast þess að öll eða viss félög sendi tilteknar upplýsingar rafrænt og að auki krefjast þess að lágmarksupplýsingar verði birtar á vefsíðu félaga.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er lokafrestur til þess 1. janúar 2007 en lagafrumvarp verður væntanlega lagt fram á næsta þingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Birgir Ármannsson.
Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

948. Nefndarálit [437. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004 frá 4. júní 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Með innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög verður öll rammalöggjöf um útboðs- og skráningarlýsingar gerð ítarlegri. Kveðið verður á um þær lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma þegar fjármálagerningar eru boðnir í almennu útboði eða skráðir í kauphöll. Þá miðar tilskipunin að því að tryggja vernd fjárfesta, virkni fjármálamarkaðarins í Evrópu og gegnsæi. Samræmdar og áreiðanlegar upplýsingar munu þannig auðvelda fjárfestum að athafna sig á markaðnum og draga úr kostnaði. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra þegar lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi (þskj. 767, 503. mál) og er það til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 9. mars 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Birgir Ármannsson.
Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

949. Frumvarp til laga [628. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

6. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Uppsögn skal vera skrifleg, rökstudd og málefnaleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:
Fyrir brot gegn lögum þessum má dæma þeim miskabætur sem misgert er við.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Greinargerð.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður ritaði grein í Tímarit lögfræðinga, 3. hefti 1975, sem ber heitið Uppsögn vinnusamninga. Í greininni segir hann meðal annars orðrétt:

„Tilkynning um slit á vinnusamningi, uppsögn, getur haft í för með sér margvísleg óþægindi fyrir þann, sem fyrir verður, hvort sem það er vinnuveitandinn eða launþeginn. Það er auðvitað augljóst, hvaða ástæður valda reglum um uppsagnarfrest, sem sé þær að draga sem mest úr óþægindum og tjóni, sem kunna að leiða af fyrirvaralausri eða fyrirvaralítilli uppsögn. Fyrirvaralaus uppsögn getur valdið mikilli röskun í lífi launþegans, sem fyrir verður, svo að ekki sé talað um þá móðgun, sem getur falist í henni. Launþegar eru sjaldnast svo vel fjáðir, að þeir þoli að missa af þeim tekjum, sem stöðug vinna skapar. Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að þeir eigi rétt á rúmum uppsagnarfresti, svo þeim gefist færi á að útvega sér atvinnu í tæka tíð. Það getur og verið mjög bagalegt fyrir vinnuveitanda, ef launþegi stekkur fyrirvaralaust úr vistinni, og því eðlilegt að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur."

Guðmundur Ingvi Sigurðsson ritar hér af næmum skilningi á stöðu launafólks grein sem fjallar fyrst og fremst um rétt til uppsagnarfrests. Hann var lögfestur fjórum árum síðar með lögum nr. 19/1979 en umsaminn áður í mörgum kjarasamningum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um lengd uppsagnarfrests og að uppsagnir skuli vera skriflegar. Í sérlögum er að finna ákvæði sem takmarka rétt atvinnurekanda til uppsagna, svo sem þegar trúnaðarmenn eiga í hlut og launafólk í fæðingarorlofi. Einnig eru sérákvæði sem takmarka uppsagnarrétt, svo sem í jafnréttislögum, nr. 96/2000, lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, og í lögum um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Almennt er ekki lögð sú skylda á atvinnurekendur og launafólk að tilgreina ástæður uppsagnar. Einber tilkynning um uppsögn nægir og atvinnurekandi getur leyst starfsmann þegar í stað undan starfsskyldum en ber eðlilega að greiða laun á uppsagnarfresti. Um það eru fjölmörg gömul sem ný dæmi. Uppsagnir, svo ekki sé talað um geðþóttauppsagnir, valda enn sem fyrr mikilli röskun í lífi launamanna. Þær eru særandi og álitshnekkur og til þess fallnar að meiða æru launafólks þegar ráðningarsamband hefur staðið lengi. Þær eru jafnframt til þess fallnar að torvelda möguleika þess sem sagt er upp að fá nýtt starf. Bak við órökstuddar uppsagnir geta búið og búa oft ástæður sem fela í sér mismunun, einnig samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar um bann við mismunun vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Alkunna er sú mismunun sem konur sæta í íslensku þjóðfélagi. Þær sæta órökstuddum uppsögnum vegna kynferðis síns auk þess að vera mismunað við ráðningar. Önnur staðreynd blasir einnig við. Hún er sú að það gerist æ algengara að miðaldra og eldra fólki með langan starfsaldur sé sagt upp og yngra starfsfólk ráðið í staðinn eða það heldur fremur störfum sínum. En leyndin, sú staðreynd að ekki þurfi að rökstyðja uppsagnir, útilokar einatt alla sönnun þess að þeim sem sagt er upp hafi verið mismunað eða að fyrrnefnd lög sem takmarka uppsagnir hafi verið brotin.

Reynslan virðist sú að harka og óbilgirni í samskiptum atvinnurekenda við starfsfólk færist í vöxt. Svo er að sjá að ný kynslóð auðmanna, sem hafa á undanförnum árum keypt eða yfirtekið hvert stórfyrirtækið af öðru, gjarnan að frumkvæði og fyrir fjármagn einokunarbankanna, beri meiri virðingu fyrir arði af fjármagni sínu og bankanna en fólki. Það er til að mynda þyngra en tárum taki að horfa til þess að starfsfólki sé sagt upp fyrirvaralaust og gert að hirða persónuleg gögn sín og hypja sig af vinnustað samdægurs undir eftirliti eins og um

glæpamenn væri að ræða. Í því felast dylgjur um hæfni og eiginleika starfsmanns sem hann hefur lítil tök á að leiðrétta.

Við búum í lýðræðisþjóðfélagi þar sem heiðarleg gegnsæ samskipti atvinnurekanda og starfsfólks eiga að vera aðalsmerki. Það er engum ofraun að haga uppsögn með málefnalegum og rökstuddum hætti eins og lagt er til í frumvarpi þessu. Það er einfaldlega lagt til að komið sé fram við launafólk af virðingu.

Í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO-158 frá 1982 um uppsögn og ráðningarsamninga er kveðið á um það að sú meginregla gildi að atvinnurekandi megi ekki segja starfsmanni upp, nema ákvörðunin sé byggð á atvikum er varða hæfni og háttsemi hans eða ástæðum sem varða atvinnureksturinn. Gerð er krafa um gildar ástæður, „valid reasons“. Í samþykktinni er að finna upptalningu á ástæðum sem aldrei geta talist gildar, svo sem mismunun í blóra við mannréttindaákvæði, stéttarfélagsaðild o.fl. Svipaðar reglur hafa verið teknar upp í alþjóðasáttmála, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu, og ýmis ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu eiga samhljóm í samþykktinni. Samþykkt ILO hefur ekki verið innleidd hér á landi og aðeins í fáum Evrópuríkjum. Í löggjöf flestra Evrópuríkja, meðal annars Norðurlanda, hafa engu að síður verið sett lög sem takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda. Þau hafa lögleitt skilyrði um það að gildar og málefnalegar ástæður verði að liggja til grundvallar ákvörðun um uppsögn. Þessi skilyrði hafa ekki raskað starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu fyrirtækja í viðkomandi löndum Evrópu. Verður ekki annað ætlað en að íslensk fyrirtæki geti starfað, vaxið og dafnað við sömu skilyrði. Það er aðeins verið að fara fram á að uppsögn byggist á málefnalegum og gildum rökum. Uppsögn starfsmanns skiptir litlu sem engu fyrir afkomu fyrirtækis og kostnaður af rökstuddri og málefnalegri uppsögn er enginn eða hverfandi í hlutfalli við það fjártjón og miska sem starfsfólk má þola vegna ómálefnalegra uppsagna. Lífsafkoma hvers launamanns stendur og fellur með reglulegum vinnutekjum. Í þessu samhengi verður að taka fram að flestir atvinnurekendur gera sér grein fyrir því að ánægt starfsfólk, sem býr við starfsöryggi og góðan aðbúnað, er forsenda ábatasams reksturs. Í vel reknum fyrirtækjum eru uppsagnir rökstuddar og ekki gripið til þeirra nema önnur úrræði séu tæmd. Þegar fækka þarf starfsmönnum á samdráttarskeiði vel rekins fyrirtækis er því til dæmis mætt með því að ráða ekki í störf sem losna eða með því að útvega starfsmönnum vinnu hjá öðrum atvinnurekanda. Það eru fyrst og fremst forsvarsmenn illa rekinna fyrirtækja sem koma ekki fram við starfsfólk af virðingu og sjálfsagðri kurteisi þegar grípa þarf til uppsagna. Þeir gera sér ekki grein fyrir þeirri auðlegð sem felst í ánægðu og reyndu starfsfólki. Það má því færa fram gild rök fyrir því að það komi atvinnurekendum til góða, ekki síst þegar til lengri tíma er litið, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Fjölmargir dómar hafa gengið þar sem launafólki hafa verið játaðar skaðabætur vegna ólögmætra uppsagna. Dómstólar hafa hins vegar verið afar tregir til að dæma þeim sem misgert hefur verið við miskabætur, jafnvel ekki í þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að sýna fram á dómgreindarleysi, hörku og óbilgirni atvinnurekanda. Hafa dómstólar vísað til þess að lagaheimild skorti. Reyndar er fyrir hendi nýlegt dæmi um miskabættur greiddar opinberum starfsmanni í hárri stöðu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Er full ástæða til að lögleiða ótvíræða heimild til að greiða almennu launafólki miskabætur og einnig í tilvikum þegar 26. gr. laga nr. 50/1993 á ekki við, eins og nánar er rökstutt í skýringum með greininni. Sérregla um miskabætur vegna órökstuddra og eða ómálefnalegra uppsagna almenns launafólks hefur auk þess rík varnaðaráhrif.

Síðustu 10–15 árin hafa verið ár einkavæðingar og frelsis í viðskiptum. Þjóðfélagsgerð okkar hefur tekið stórstígum breytingum. Því miður er það svo að auknu frelsi hefur að bestu

manna yfirsýn ekki fylgt ábyrgð. Með frumvarpi þessu er leitast við að sporna gegn ábyrgðarlausu frelsi við uppsagnir og einkavæða ábyrgðina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal uppsögn vera skrifleg. Með frumvarpinu er lagt til að uppsögn skuli jafnframt vera rökstudd og málefnaleg, þ.e. að fyrir uppsögn séu gildar ástæður. Hér er fyrst og fremst verið að horfa til uppsagna atvinnurekenda. Almennt má segja að það eigi ekki að vefjast fyrir atvinnurekanda eða starfsmanni að haga uppsögn þannig að hún uppfylli kröfur um málefnalegar og gildar ástæður svo sannað sé. Rökin verða fyrst og fremst að varða hæfni eða framgöngu starfsmanns eða rekstrarlegar ástæður. Í dæmaskyni má nefna að atvinnurekandi verður að líta til starfsreynslu, færni og menntunar og gæta þess almennt séð að segja fremur upp starfsmanni með styttri starfsaldur. Kjósi hann engu að síður að segja upp starfsmanni með lengri starfsaldur og reynslu verða að vera til þess málefnaleg rök. Þau geta verið margvísleg og átt sér rekstrarlegar forsendur. En ljóst er að veigameiri rök þarf til að segja upp starfsmanni sem á að baki langan starfsferil hjá atvinnurekanda og önnur og veigaminni ef starfsmanni er til að mynda sagt upp á reynslutíma eða skömmu eftir að honum lauk, ráðning var tíma- eða verkefnabundin eða starfið tilfallandi um stuttan tíma. Þá má ljóst vera að uppsögn verður aldrei rökstudd með stéttarfélagsaðild starfsmanns eða þátttöku hans í starfsemi stéttarfélaga, vegna kæru á hendur atvinnurekanda eða þátttöku í málaferlum vegna brota á lögum eða reglum, vegna jafnréttissjónarmiða, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, og annarra mannréttindaákvæða. Þá verða að koma fram veigamikil rök ef segja á launamanni upp störfum sem er tímabundið frá vinnu vegna veikinda eða slyss. Það teljast málefnaleg rök ef starfsmaður uppfyllir ekki þær kröfur sem voru forsendur ráðningar, er áhugalaus um starfið, óstundvís og þar fram eftir götunum. Í slíkum tilvikum verður þó að reikna með að atvinnurekandi áminni viðkomandi starfsmann um að bæta ráð sitt, ella megi búast við uppsögn. Áður en til þess kemur er mikilvægt að atvinnurekandi gefi starfsmanni kost á að tjá sig. Alvarleg brot í starfi réttlæta uppsögn og jafnvel fyrirvaralausa ef þannig stendur á. Skýr starfsmannastefna og leiðbeinandi reglur um framkvæmd starfa og annað það sem viðkemur starfsemi atvinnurekanda eru til þess fallnar að auðvelda allar ákvarðanir um uppsagnir, þar með talið val á þeim starfsmanni eða starfsmönnum sem segja á upp.

Um 2. gr.

Um skýringar á greininni vísast aðallega til umfjöllunar hér að framan. Dómstólum er treyst til að ákvarða í hvaða tilvikum miskabætur eru réttlætanlegar og kveða á um fjárhæð þeirra. Til hliðsjónar mati á fjárhæð miskabóta verður meðal annars að horfa til starfsaldurs, til möguleika starfsmanns á að fá annað starf, til uppsagnarástæðna og rökstuðnings og almennt til sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

950. Frumvarp til laga [629. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú hefur maður átt eignarhlut í fasteignasölu eða félagi sem rekur fasteignasölu við gildistöku laga þessara 1. október 2004, án þess að það samrýmist ákvæðum 7. gr. um eignarhald á fasteignasölu og þá öðlast þau ákvæði, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 30. gr., ekki gildi gagnvart honum fyrr en 1. ágúst 2006, enda sanni hann fyrir eftirlitsnefnd Félags fasteignasala að hann sitji námskeið sem efnt hefur verið til skv. 3. gr. og geti lokið prófraun á tilskildum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að fresta gildistöku 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/2004 um eignarhald á fasteignasölu sem kveður á um að ef fasteignasala er stunduð í nafni félags skuli löggiltur fasteignasali eiga meiri hluta í því.

Þeir sem hyggjast afla sér lögbundinna réttinda til að geta haldið eignarhlut sínum í fasteignasölu geta ekki öðlast þau fyrr en í júní 2006 að loknu fyrsta námskeiði vegna löggildingar sem efnt er til á grundvelli laganna. Með breytingunni er því komið til móts við þá sem eiga eignarhlut í fasteignasölu eða félagi sem rekur fasteignasölu og hafa skráð sig á námskeið og geta lokið prófraun á tilskildum tíma.

951. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sjóvá–Almennum tryggingum hf. og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er ætlunin að samræma ákvæði laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA þykja núgildandi ákvæði um skilyrði um lögheimili til að mega stunda atvinnurekstur fela í sér höft og óbeina mismunun sem ekki fái án réttlætingar samrýmst 31. gr. samningsins um staðfesturétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Atli Gíslason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. mars 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Birgir Ármannsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Sigurjón Þórðarson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	

952. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12 febrúar 1940 (vararefsing fésektar).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að lögboðin vararefsing fésekta nái til sekta allt að 300.000 kr. í stað 100.000 kr. eins og nú er og að hærri fjárhæð standi að baki hverjum afplánunardegi vararefsingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Atli Gíslason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. mars 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Birgir Ármannsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Sigurjón Þórðarson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	

953. Beiðni um skýrslu [630. mál]

frá samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Frá Merði Árnasyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Helga Hjörvar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og Katrínu Júlíusdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að samgönguráðherra flytji Alþingi skýrslu um áhrif hvalveiða undanfarið á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Greinargerð.

Beiðni þessi var lögð fram 16. október 2003 en skýrslan barst ekki á því þingi og er beiðnin því endurflutt.

Innan ferðaþjónustunnar halda menn því fram að hvalveiðar þær sem sjávarútvegsráðherra hefur gengist fyrir að undanförnu hafi óheppileg áhrif á ímynd Íslands erlendis, og geti þau meðal annars komið illa niður á ferðaþjónustunni til frambúðar. Áður en ákvörðun er tekin um framhald á þessum veiðum er mikilvægt að fyrir liggi athugun um þetta mál til þess að hægt sé að vega og meta sem flest rök fyrir henni. Farið er fram á að í skýrslu ráðherrans verði kynnt sjónarmið sem flestra í ferðaþjónustu og gerð grein fyrir áliti sérfræðinga á þessu sviði. Mikilvægt er að reyna að greina bæði skammtíma- og langtímaáhrif af veiðunum á ímynd landsins sem ferðamannalands. Litið verði á málið með tilliti til helstu markhópa íslenskrar ferðaþjónustu og reynt eftir megni að skoða áhrifin eftir ríkjum og markaðssvæðum, aldri, kyni, menntun og fleiri algengum breytum. Svarað verði eftir mætti hver eru viðhorf ferðamanna í helstu markhópum ferðaþjónustunnar til hvalveiða og við hvaða breytingum megi búast á fjölda ferðamanna til landsins frá hverju markaðssvæði og úr hverjum markhóp miðað við framhald á veiðum. Þá verði gerð grein fyrir líklegum áhrifum hvalveiðanna á ferðaþjónustu eftir einstökum greinum, flugþjónustu, gistihúsarekstri, hvalaskoðun o.s.frv.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

954. Þingsályktun [434. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 og 103/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 640.

955. Þingsályktun [436. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 642.

956. Þingsályktun [437. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 643.

957. Lög [236. mál]

um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 939.

958. Lög [504. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 938.

959. Svar [599. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um úthlutun fjár til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er staðið að því að úthluta þeim 500 millj. kr. sem árlega er varið til að ná fram markmiðum laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningkostnaði olíuvara?

Í lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, er að finna meginreglur um álagningu flutningsjöfnunargjalda á ákveðnar olíuvörur og greiðslur til að jafna kostnað við flutning þeirra innan lands.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á helstu olíuvörum, þ.e. bifreiðabensíni, gasolíu, annars konar olíu og blöndum til brennslu, m.a. svartolíu. Auk þess nær jöfnunin til flugvélabensíns og flugsteinolíu (þotueldsneytis) til innanlandsflugs. Jöfnunin nær ekki til flutnings á olíu sem ætluð er til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, á erlend skip og erlendar flugvélar.

Jöfnunin tekur bæði til sjóflutninga og landflutninga. Kostnaður er jafnaður við sjóflutning olíuvara frá innflutningshöfnum til olíuhafna. Hvað landflutning snertir er kostnaður jafnaður við flutning á bensíni og dísilolíu með tankbifreið frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til útsölustaða í byggð, þ.e. utan hálendis.

Lagt er flutningsjöfnunargjald á viðkomandi olíuvörur og rennur það í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Stjórn sjóðsins gerir tillögu til Samkeppnisstofnunar um ákvörðun gjalds er nægi til að greiða flutningskostnað af olíuvörunum frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til annarra olíuhafna og útsölustaða. Haldnir eru sérstakir reikningar fyrir flokka olíuvara, þ.e. 1. bifreiðabensín, 2. gasolíu, 3. aðrar olíur og blöndur til brennslu, 4. flugvélabensín og 5. flugsteinolíu (þotueldsneyti). Leitast er við að láta tekjur og gjöld innan einstakra flokka standast á.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum sem viðskiptaráðherra skipar. Staðgengill forstjóra Samkeppnisstofnunar er nú formaður stjórnarinnar en auk þess skipar viðskiptaráðherra einn stjórnarmann án tilnefningar. Þá sitja í stjórninni fulltrúar þeirra þriggja olíufélaga, sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum. Olíufélögin þrjú, eða meiri hluti þeirra, fara sameiginlega með eitt atkvæði við ákvarðanatöku í stjórninni. Eitt félaganna, Olíufélagið ehf., hefur nýlega dregið fulltrúa frá félaginu til baka en hyggst tilnefna óháðan fulltrúa til setu í stjórninni.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og Samkeppnisstofnun sjá um daglegan rekstur og greiðslur á kostnaði úr sjóðnum. Úrskurðar stjórnin hvað teljast skuli flutningskostnaður og skal jöfnun takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru hverju sinni.

Markmiðið með jöfnun á flutningskostnaði olíuvara er að bæta hag einstaklinga og fyrirtækja í dreifðum byggðum. Svipuð sjónarmið liggja til grundvallar ýmiss konar styrkjakerfum á Evrópska efnahagssvæðinu. Stjórnvöld hérlendis hafa þó ekki talið að flutningsjöfnunarkerfi olíuvara feli í sér ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins heldur ríkisstuðning með sérstökum hætti. Eftirlitsstofnun EFTA fékk mál varðandi sjóðinn til meðferðar fyrir nokkrum árum en gerði ekki athugasemdir við jöfnunarkerfið.

Árið 2003 voru greiðslur á Íslandi vegna bifreiðabensíns um 97 millj. kr., vegna gasolíu um 379 millj. kr. og vegna annars konar olíu og blandna til brennslu, m.a. hráolíu, um 46 millj. kr. Gasolía er bæði notuð á bifreiðar og skip.

Vestfirðir, Norðurland og Austurland fá um helmingi meira úr sjóðnum en þessir landshlutar greiða í hann. Hafa þeir landshlutar því mest gagn af sjóðnum. Greiðslurnar úr sjóðnum á árinu 2003 námu samtals um 531 millj. kr. og greiðslur úr sjóðnum á undanförnum árum hafa oft numið svipuðum fjárhæðum.

Um verðlagningu á olíuvörum fer nú eftir samkeppnislögum. Sú regla gildir ekki lengur að olíufélög þurfi að selja ákveðna tegund af olíuvörum á sama verði um land allt. Þær raddir hafa heyrst að olíuvörur geti verið dýrari í afskekktum byggðum en á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt gerist þrátt fyrir flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Nyti hans ekki við má ætla að verðmunur helstu olíuvara væri enn meiri og slíkt kæmi m.a. niður á útgerðarfyrirtækjum. Mismunur á olíuverði getur m.a. stafað af því að birgðastöðvar, sem geta verið alldýrar í rekstri á afskekktum stöðum, njóta ekki stuðnings úr sjóðnum heldur aðeins flutningur á olíuvörum til þeirra. Þá nær jöfnunin, eins og áður segir, aðeins til viðurkenndra útsölustaða en um olíuflutninga til afskekktra staða lengra í burtu getur verið að ræða og slíkt leitt til hækkunar olíuverðs á þeim stöðum. Stærðarhagkvæmni gætir ekki heldur.

960. Svar [579. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um viðskipti fjármálaráðuneytisins og stofnana þess við ráðningarstofur.

1. *Skiptu ráðuneytið og stofnanir sem undir það heyra við ráðningarstofur og vinnumiðlara árin 2002, 2003 og 2004?*

Af 20 stofnunum sem heyra undir ráðuneytið skiptu átta við ráðningarstofur auk ráðuneytisins sjálfs á umræddum árum. Þessar stofnanir eru: Fjársýsla ríkisins, Ríkisskattstjóri, Skattstofan í Reykjavík, Tollstjórinn í Reykjavík, Fasteignamat ríkisins, Framkvæmdasýsla ríkisins, Ríkiskaup og ÁTVR.

2. *Hvað var ráðið í mörg störf með þeim hætti í ráðuneytinu og í hverri stofnun?*
3. *Hversu mikið var ráðningarstofunum greitt fyrir störf sín á þessum árum af hálfu ráðuneytisins og hverrar stofnunar?*

Heiti stofnunar	Fjöldi starfa	Greiðsla til ráðningarstofanna
Aðalskrifstofa fjármálaráðuneytisins	12	2.351.442 kr.
Fjársýsla ríkisins	2	189.000 kr.
Ríkisskattstjóri	1	8.778 kr.
Skattstofan í Reykjavík	1	56.000 kr.
Tollstjórinn í Reykjavík	6	736.030 kr.
Fasteignamat ríkisins	2	553.000 kr.
Framkvæmdasýsla ríkisins	3	745.000 kr.
Ríkiskaup	3	437.750 kr.
ÁTVR	36	4.023.232 kr.

4. *Höfðu ráðuneytið og/eða stofnanirnar samninga við einstakar ráðningarstofur á þessum árum og þá hvaða ráðningarstofur?*

Fjármálaráðuneytið hefur ekki gert formlega samninga við einstakar ráðningarstofur. Hins vegar liggur fyrir samkomulag við STRÁ – Starfsráðningar ehf. um afslátt af gjaldskrá sem gert var að undangenginni verðkönnun. Stofnanir hafa ekki gert samninga við einstakar ráðningarstofur. Viðskipti við ráðningarstofur hafa verið um einstök verk og alltaf eftir verðkönnun. Ráðningarstofur sem skipt hefur verið við eru m.a. STRÁ – Starfsráðningar ehf., Ísgen sf., Ráðningarþjónustan, Atvinnumiðlun stúdenta, Mannafl–Liðsauki, Gallup, AM atvinnumiðstöð.

5. *Hafa slíkir samningar verið boðnir út á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess? Ef ekki – hvers vegna ekki?*

Forstöðumenn ríkisstofnana fara með ráðningarmál starfsmanna hjá stofnunum sem þeir stýra. Það er ákvörðun einstakra stofnana ráðuneytisins hvort og þá í hvaða mæli stofnunin skiptir við ráðningarstofur og vinnumiðlara.

Engir samningar hafa verið boðnir út á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess. Fjárhæðirnar sem hafa verið greiddar ráðningarstofunum eru undir viðmiðunareglum um útboðsskyldu og þar sem um er að ræða lágar fjárhæðir og breytilegar þarfir er ávinningur óljós af útboði en eins og áður segir hafa verðkannanir verið gerðar.

961. Fyrirspurn [631. mál]

til heilbrigðisráðherra um flutning launaútreikninga og launabókhalds heilbrigðisstofnana frá landsbyggðinni.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Er áætlað að flytja launaútreikninga og launabókhald sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva frá landsbyggðinni í miðlægt kerfi?
2. Eru hugmyndir um að flytja önnur verkefni frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar til Reykjavíkur?

962. Fyrirspurn [632. mál]

til fjármálaráðherra um söfn og listaverk í eigu Símans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Verða listaverk, söfn og safngripir í eigu Símans seld ef verður af einkavæðingu fyrirtækisins?

963. Fyrirspurn [633. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur til ríkisins frá Landssímanum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverjar eru heildargreiðslur Landssíma Íslands hf., áður Pósts og síma hf., áður Pósts og síma, til ríkissjóðs á arði eða skil á hagnaði eða aðrar greiðslur til ríkisins sem eiganda frá upphafi til og með þeim arðgreiðslum sem ákveðnar hafa verið á yfirstandandi ári að ósk ríkisins, uppfært til núgildandi verðlags og sundurliðað eftir árum?
2. Hver er meðaltalsársupphæð viðkomandi greiðslutímabils og hve mörg ár er sú upphæð að skila ígildi söluandvirðis Símans ef miðað er við 40 milljarða kr.?

Skriflegt svar óskast.

964. Fyrirspurn [634. mál]

til umhverfisráðherra um veiðikortasjóð.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hverjar voru tekjur veiðikortasjóðs árin 2002–2004, sundurliðað eftir árum?
2. Hver var rekstrarkostnaður sjóðsins árin 2002–2004, sundurliðað eftir árum?
3. Hverjir hafa hingað til fengið úthlutun úr veiðikortasjóði, hversu háir hafa þeir styrkir verið og til hvaða verkefna?
4. Hver er staða sjóðsins nú?
5. Hefur verið tekin ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á þessu ári? Ef svo er, til hverra verður þeim fjármunum úthlutað og hvernig skiptist heildarupphæðin á einstaka aðila og verkefni?
6. Hafa verið mótaðar sérstakar reglur um úthlutanir úr veiðikortasjóði umfram það sem segir í 11. gr. laga nr. 64/1994? Ef svo er, hverjar eru þær reglur?

Skriflegt svar óskast.

965. Fyrirspurn [635. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kynningu á íslenska kvótakerfinu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað vörðu íslensk stjórnvöld miklum fjármunum árin 1999–2004 til kynningar á íslenska kvótakerfinu, annars vegar utan lands og hins vegar innan lands, reiknað á núvirði?

Skriflegt svar óskast.

966. Fyrirspurn [636. mál]

til landbúnaðarráðherra um heimasölu afurða bænda.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tillögur nefndar um heimasölu afurða bænda nái fram að ganga og ef svo er, hvernig?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að sala á heimaslátruðu kjöti út af lögbýlum verði leyfð?

967. Fyrirspurn [637. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbrögð við faraldri.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Er til viðbragðsáætlun fyrir skæðan faraldur eins og fuglaflensu? Ef ekki, er unnið að slíkri áætlun nú?
2. Eru til birgðir inflúensulyfja og bóluefna til að bregðast við því ástandi sem skapast getur og við hvaða forsendur miðast áætlanir?
3. Beinist viðbúnaður eingöngu að heilbrigðisstéttum eða hefur almenningur verið upplýstur um viðeigandi viðbúnað?
4. Hverjar teljast eðlilegar sóttvarnir heimila og þykir rétt að þau komi sér upp lyfjabirgðum?

968. Tillaga til þingsályktunar [638. mál]

um láglendisvegi.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhorni landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukið öryggi og stytting leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, og eins innan landsvæða.

Megináhersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi, t.d. við flutning á raforku og heitu vatni, og ávinningur af hugsanlegri fækkun flugvalla og hafskipahafna.

Greinargerð.

Að líkindum má koma öllum þjóðleiðum á láglendisvegi með gerð innan við 20 jarðganga sem samtals yrðu um 100 km samanlagt eða styttri og því litlu lengri í kílómetrum talið en þau göng og jarðhellar sem fylgja gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern kílómetra í jarðgangagerð. Verkhraði er einnig meiri en áður eins og sést af gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hag menn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir. Gefin var út áætlun um jarðgöng í janúar árið 2000 og lagt til að hún yrði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Þar eru talin upp 24 jarðgangaverkefni. Þegar hefur verið unnið að gerð nýrra, góðra fjallvega um Klettsháls, Bröttubrekku og Vatnaleið (í stað leiðarinnar Staðarsveit – Kolgrafarfjörður) og gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Þá standa eftir eftirfarandi leiðir þar sem gera þyrfti jarðgöng:

- Arnarfjörður – Dýrafjörður.
- Dynjandisheiði.
- Óshlíð.
- Ísafjörður – Súðavík.
- Eyrarfjall í Djúpi.
- Tröllatunguheiði.
- Siglufjörður – Ólafsfjörður.
- Öxnadalsheiði.
- Vaðlaheiði.
- Vopnafjörður – Hérað.
- Seyðisfjörður – Hérað/Norðfjörður.
- Norðfjörður – Eskifjörður.
- Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður.
- Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík.
- Skriðdalur – Berufjörður (Öxi).
- Undir Berufjörð.

- Reynisfjall í Mýrdal.
- Hellisheiði.

Göng úr botni Ísafjarðardjúps yfir í Fjarðarhornsdal í Kollafirði yrðu einnig mjög hagkvæm eftir að þverun Gufufjarðar, Djúpafjarðar og Þorskafjarðar væri lokið, enda yrði þá hægt að aka á láglendisvegi milli suðvesturhorns landsins og norðurhluta Vestfjarða. Alls yrðu öll þessi göng um 85–90 km. Jarðgöng til Vestmannaeyja eru ekki inni í þessari áætlun, enda fjármögnun þeirra tengd niðurfellingu á ferjusiglingum við opnun þeirra.

969. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum:

a. Í stað dagsetningarinnar „23. apríl 2005“ kemur: 8. október 2005.
b. Við málsgreinina bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur samstarfsnefnd, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum, ákveðið með auknum meiri hluta atkvæða og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið að atkvæðagreiðsla fari fram fyrir þann tíma, enda sé það mat nefndarinnar að tillaga um sameiningu viðkomandi sveitarfélaga fái næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördag. Samstarfsnefndin skal koma saman eins fljótt og unnt er til að taka ákvörðun um kjördag og tilkynna ráðuneytinu niðurstöðu sína eigi síðar en 20. maí 2005.

2. gr.

Við 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum bætist: ef liðnir eru meira en sex mánuðir frá atkvæðagreiðslu um tillögu sameiningarnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps þann 23. apríl 2005, í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar um sameiningu þessara sveitarfélaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ágúst 2003 ákvað ríkisstjórnin að hefja í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga átak til að efla sveitarstjórnarstigið hér á landi. Átakið felur einkum í sér þrennt: Að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga og aðlaga tekjustofna sveitarfélaga breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan.

Í nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga eiga sæti alþingismennirnir Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón Hjörleifsson og Magnús Stefánsson, Elín R. Líndal, oddviti Húnaþings vestra, Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar, Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, og Ragnhildur

Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneyti, sem tók við formennsku í nefndinni af Guðjóni Bragasyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu í október 2004.

Frá því átakið hófst hefur sameiningarnefndin haldið kynningarfundi um allt land með sveitarstjórnarmönnum þar sem fulltrúar úr verkefnisstjórn átaksins og sameiningarnefnd hafa gert grein fyrir verkefninu. Sameiningarnefnd óskaði strax í upphafi eftir hugmyndum og tillögum frá sveitarfélögum og samtökum þeirra um hvaða möguleikar væru til sameiningar sveitarfélaga í hverjum landshluta og hvaða breytingar landshlutasamtök sveitarfélaga teldu að ættu að eiga sér stað á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Verkefnisstjórn hefur einnig unnið að því að kanna hvaða verkefni kunni að vera hentugt að flytja frá ríki til sveitarfélaga og jafnframt hefur verið skoðað hvort einhver verkefni sveitarfélaga kunni að vera betur komin hjá ríkinu. Á sama tíma hefur tekjustofnanefnd fjallað um tekjustofna sveitarfélaga og hvaða breytingar kunni að vera rétt að gera á þeim í tengslum við verkefnið.

Sérstök viljayfirlýsing var undirrituð 17. september 2004 í tengslum við verkefnið þar sem félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lýstu yfir vilja sínum til að halda verkefninu áfram, þrátt fyrir að nokkrar tafir hefðu þá orðið á framkvæmd þess. Í kjölfar yfirlýsingarinnar voru tillögur sameiningarnefndar kynntar og var almenningi og sveitarstjórnum veittur frestur til 1. desember 2004 til að gera athugasemdir við tillögurnar. Alls bárust nefndinni 96 athugasemdir frá sveitarstjórnum, landshlutasamtökum og almenningi og hefur verið tekið tillit til þeirra við gerð endanlegra tillagna nefndarinnar.

Ástæðan fyrir því að færa þarf kosningadag fram til haustsins 2005 er tvíþætt: Annars vegar tók lengri tíma en gert var ráð fyrir að ná samkomulagi í tekjustofnanefnd um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og því dróst að sameiningarnefnd kynnti endanlegar tillögur sínar. Er því nú ljóst að ekki er nægur tími til stefnu til að tillögurnar geti fengið nægilega kynningu og umfjöllun í viðkomandi sveitarfélögum fyrir kjördag. Hins vegar er ástæðan sú að undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar er kominn misjafnlega vel á veg á einstökum svæðum. Má nefna að í Borgarfirði hefur frá árinu 2003 verið starfandi samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Skorradalshrepps og hefur vinna nefndarinnar nánast frá upphafi miðast við að kosið yrði um sameiningu þessara sveitarfélaga vorið 2005. Í kjölfar þess að tillögur sameiningarnefndar voru kynntar í september síðastliðnum hefur Kolbeinsstaðahreppur einnig átt fulltrúa í samstarfsnefndinni og er ekkert því til fyrirstöðu að kosið verði um sameiningu þessara fimm sveitarfélaga þann 23. apríl nk. Á öðrum svæðum er undirbúningur víðast kominn skemmra á veg. Hagkvæmniathuganir hafa t.a.m. verið gerðar varðandi hugsanlegar sameiningar sveitarfélaga á Snæfellsnesi og á Eyjafjarðarsvæðinu og einnig hafa sveitarstjórnir víða haldið borgarafundi eða látið kanna viðhorf íbúa til sameiningar sveitarfélaga. Samstarfsnefndir skv. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum hafa hins vegar ekki verið skipaðar á nokkrum þeirra svæða þar sem sameiningarnefnd gerir tillögu um sameiningu sveitarfélaga. Hafa allmargar sveitarstjórnir lýst yfir áhyggjum sínum að frestur til að kynna kosti og galla sameiningartillagna og undirbúa atkvæðagreiðslu sé ekki nægur ef kjósa þarf 23. apríl 2005.

Samkvæmt tillögu sameiningarnefndar og að höfðu samráði við sveitarstjórnarmenn víða um land er í frumvarpi þessu lagt til að kosning um sameiningartillögur fari fram laugardaginn 8. október 2005 í stað 23. apríl s.á. Þó er samstarfsnefnd á hverju svæði heimilað að láta atkvæðagreiðsluna fara fram fyrr ef það er mat nefndarinnar að sameiningartillaga muni hljóta næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördaginn. Skal samstarfsnefndin kynna félagsmálaráðuneytinu þá ákvörðun sína svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 20. maí 2005 til að ráðuneytið geti gert ráðstafanir til að láta utankjörfundaratkvæðagreiðslu hefjast tímanlega

fyrir kjördag. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að slík ákvörðun þurfi samþykki aukins meiri hluta nefndarmanna og að samráð verði haft við ráðuneytið áður en tillaga þess efnis verði borin upp til atkvæða.

Kjördagur sá sem lagður er til í frumvarpinu er valinn með hliðsjón af því að upphaflegar tillögur sameiningarnefndar voru kynntar í lok september 2004 og síðan þá hefur átt sér stað mikil umræða um tillögurnar. Verður að ætla að sveitarstjórnum sé með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu veittur nægur tími til að kynna tillögur nefndarinnar og undirbúa atkvæðagreiðslu um þær. Jafnframt ber að hafa í huga að stefnt er að því að átaki um eflingu sveitarstjórnarstigsins ljúki fyrir næstu almennu sveitarstjórnarkosningar árið 2006.

Rétt er að taka fram að sameiningarnefnd getur, sbr. ákvæði til bráðabirgða V, ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 en í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingu á þeirri tímasetningu. Hins vegar er í 2. gr. frumvarpsins fallið frá skyldu til að gera nýja kjörskrá fyrir þá atkvæðagreiðslu ef kosning fer fram innan sex mánaða frá því að greidd voru atkvæði um tillögu sameiningarnefndar. Nefndin mun væntanlega helst beita umræddri heimild ef úrslit í atkvæðagreiðslu um fyrri tillögu og könnun á vilja hlutaðeigandi sveitarstjórna benda til þess að grundvöllur sé fyrir öðrum sameiningarkosti en greidd voru atkvæði um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að atkvæðagreiðsla um einstakar sameiningartillögur fari fram laugardaginn 8. október 2005, í stað 23. apríl s.á. Þó er samstarfsnefnd á hverju svæði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram fyrr ef það er mat nefndarinnar að sameiningartillaga muni hljóta næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördaginn. Skal nefndin hafa samráð við félagsmálaráðuneytið um þá ákvörðun og skilyrði er að slík samþykkt hljóti stuðning aukins meiri hluta nefndarmanna, þ.e. ⅔ hluta greiddra atkvæða. Samstarfsnefndin skal koma saman eins fljótt og verða má til að taka ákvörðun um kjördag og tilkynna ráðuneytinu þá ákvörðun sína án tafar. Við ákvörðun kjördags er nauðsynlegt að hafa í huga að samkvæmt lögum skal kosning utan kjörfundar hefjast svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Ráðuneytið þarf þar af leiðandi að fá tilkynningu frá samstarfsnefnd með nægilegum fyrirvara til að það geti gert ráðstafanir til að láta utankjörfundaratkvæðagreiðslu hefjast tímanlega fyrir kjördag.

Mikilvægt er að sveitarstjórnir sem ekki hafa enn tilnefnt fulltrúa í samstarfsnefnd í samræmi við tillögur sameiningarnefndar geri það hið fyrsta til að samstarfsnefnd geti tekið ákvörðun um kjördag. Rétt er hins vegar að undirstrika að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að 8. október sé sá kjördagur sem miða ber við ef ekki er tekin ákvörðun um að kosningin fari fram fyrr. Hvorki samstarfsnefndir né félagsmálaráðuneytið geta þannig tekið ákvörðun um að kosning um tillögur sameiningarnefndar fari fram eftir þann dag sem fram kemur í greininni.

Um 2. gr.

Í greininni er fallið frá skilyrði um að útbúa verði nýja kjörskrá við atkvæðagreiðslu um nýja tillögu sameiningarnefndar, sbr. heimild í ákvæði til bráðabirgða V í lögunum, enda líði ekki meira en sex mánuðir frá kjördegi fram að nýrri atkvæðagreiðslu. Er þetta sama regla og gildir skv. 91. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, þegar endurtaka þarf sveitarstjórnarkosningar.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi. Er þar með fallið frá því að almenn atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar fari fram um allt land hinn 23. apríl 2005, með þeirri undantekningu að heimilað er að atkvæðagreiðsla um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps fari fram þann dag sem samstarfsnefnd kjörin af sveitarstjórnum þessara sveitarfélaga hefur þegar ákveðið. Markvisst hefur verið unnið að undirbúningi sameiningar þessara sveitarfélaga allt frá árinu 2003 og er ekki talin ástæða til að fresta atkvæðagreiðslu um tillögu um sameiningu þessara sveitarfélaga þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.
(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember 2002.)

Frumvarpið felur í sér óverulega breytingu á lögum er samþykkt voru á 130. löggjafarþingi. Í frumvarpinu er lagt til að í stað þess að atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar fari fram 23. apríl 2005 verði henni frestað til 8. október s.á. Samstarfsnefndum á viðkomandi svæðum verður þó heimilt að uppfylltum skilyrðum að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram fyrr. Ekki verður séð að þessi breyting hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að heimilt verði að breyta dagsetningu almennrar atkvæðagreiðslu um tillögur um sameiningu einstakra sveitarfélaga.

Samþykkt frumvarpsins leiðir ekki svo séð verði til aukinna ríkisútgjalda.

970. Fyrirspurn [640. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kvartanir og kærur sjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu margar kvartanir hafa borist landlæknisembættinu frá sjúklingum og aðstandendum þeirra frá árinu 1995, skipt eftir árum og tilefni?
2. Hversu margar kærur hafa borist úrskurðarnefnd almannatrygginga frá sama tíma, skipt eftir árum og tilefni?

Skriflegt svar óskast.

971. Fyrirspurn [641. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um umboðsmenn sjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver voru verkefni fulltrúa sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, hvernig reyndist starf hans og hvers vegna var það lagt niður?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun sambærilegra starfa í heilsugæsluumdæmum?

972. Fyrirspurn [642. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver var heildarkostnaður við viðgerðir og endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý í Póllandi árið 2001?
2. Hvert var heildarsamningsverð verksamnings við pólsku skipasmíðastöðina sem tók verkið að sér?
3. Voru einhver aukaverk unnin og ef svo er, hvaða verk voru það og hver var kostnaður við þau?
4. Hvaða kostnaður annar féll til vegna viðgerðanna í Póllandi sundurliðað eftir:
   a. ferðakostnaði starfsmanna Landhelgisgæslunnar,
   b. ferðakostnaði annarra, og þá hverra,
   c. dagpeningagreiðslum, og þá til hverra,
   d. kostnaði við siglingar skipanna til og frá Póllandi,
   e. öðrum kostnaði, sem sundurliðast hvernig?
5. Höfðu breytingar á gengi krónunnar einhver áhrif á heildarkostnað við verkið?

6. Ef þessar viðgerðir og endurbætur á varðskipunum hefðu farið fram á Íslandi, hverjar hefðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna verksins þá orðið?
7. Hverjir buðu í verkið í upphafi og hversu há voru tilboðin?

Óskað er eftir því að fjárhæðir séu gefnar upp í íslenskum krónum á verðlagi ársins 2001 og jafnframt á verðlagi febrúarmánaðar 2005.

Skriflegt svar óskast.

973. Svar [594. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um Sægull ehf..

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir áttu fyrirtækið Sægull ehf. sem ráðherra greiddi 35 millj. kr. af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar hinn 15. janúar 2003?*
2. *Hverjar eru helstu niðurstöður rannsókna sem gerðar voru í tengslum við barraeldi og áðurnefndar 35 millj. kr. voru veittar til?*
3. *Hvaða vísindamenn og vísindastofnanir stóðu að framkvæmd þessara rannsókna?*
4. *Hafa niðurstöður rannsóknanna verið birtar í viðurkenndum vísindaritum, eða á öðrum vettvangi?*

Sægull ehf. er og hefur frá stofnun verið að fullu í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fyrirtækið var stofnað til að ljúka eldi þess ungfiskjar sem í fyrirtækinu var þegar Máki hf. varð gjaldþrota. Tilgangurinn var ekki síst að láta á það reyna hvort forsendur væru fyrir áframhaldandi rekstri barraeldis. Í því fólst að sannreyna fóðurnýtingu, vaxtarhraða, rekstrarkostnað, markaðs- og sölukostnað og síðast en ekki síst að láta reyna á markaðsforsendur fyrir íslenskan barra. Mat á þessum þáttum var á vegum fyrirtækisins Sægulls ehf. og unnið af starfsmönnum þess. Hér er um að ræða reglubundnar athuganir sem hvert þróunarfyrirtæki þarf að sinna til að meta forsendur fyrir áframhaldandi rekstri. Þessar athuganir hafa ekki gefið tilefni til opinberrar birtingar, en þess má þó geta að þær leiddu í ljós að ekki reyndust forsendur til að halda rekstrinum áfram. Helstu niðurstöður má lesa úr ársreikningum Sægulls ehf. fyrir árin 2002 og 2003.

974. Frumvarp til laga [643. mál]

um Ríkisútvarpið sf.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Eignaraðild.

Ríkisútvarpið sf. er sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins, hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess eru óheimil án samþykkis Alþingis. Félagið skal vera sjálfstæður skattaðili.

Íslenska ríkið er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Ríkisútvarpsins sf.

2. gr.
Leyfi til útvarps.

Ríkisútvarpið sf. hefur leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem það fær til umráða eða sem því kann síðar að verða úthlutað.

II. KAFLI
Hlutverk og skyldur.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Ríkisútvarpsins sf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum, einkum 3. mgr. þessarar greinar, og stofnsamningi.

Enn fremur er félaginu heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, sbr. 6. gr.

Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni. Beitt skal hverjum þeim tæknilegu aðferðum sem tiltækar eru hverju sinni, þar á meðal hvort sem er hliðrænum eða stafrænum aðferðum.
4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja opinbera og hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.
5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi.

7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.
8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.
9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.
10. Að veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.
11. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.
12. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.
13. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.
14. Að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð, svo sem ritað mál, hljómplötur, hljóðsnældur, geisladiska, myndbönd og margmiðlunarefni.
15. Að sjá um að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Skal félagið hafa til útláns eða sölu valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.
16. Að standa fyrir, taka þátt í eða styðja tónleika og annað skemmtanahald sem tengist dagskrárefni.
17. Að ávaxta þá fjármuni félagsins sem lausir kunna að vera hverju sinni.
18. Að gera hvaðeina sem stjórn félagsins telur óhjákvæmilegt eða stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð.

Að fengnu sérstöku samþykki menntamálaráðherra skal Ríkisútvarpið sf. veita aðra þjónustu í almannaþágu sem tengist með eðlilegum hætti aðalþjónustu félagsins.

4. gr.

Efni á erlendu máli.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins sf., skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal, eftir því sem kostur er, látin fylgja endursögn eða kynning á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

III. KAFLI
Önnur starfsemi.

5. gr.

Samvinna um dagskrárgerð o.fl.

Ríkisútvarpið sf. skal kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpinu sf. er heimilt að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar.

6. gr.

Þátttaka í nýrri starfsemi.

Ríkisútvarpinu sf. er heimilt að standa að annarri starfsemi sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og

aðstöðu þess að öðru leyti, þar á meðal á sviði fjarskipta og margmiðlunar eða öðrum sviðum er fjölmiðlun tengjast. Getur félagið gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum. Undir ákvæði þessarar greinar fellur m.a. hvers konar nýsköpunarstarf á þeim sviðum sem hér um ræðir.

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem félagið kann að verða aðili að samkvæmt heimild þessarar greinar, aðskildum frá fjárreiðum reksturs skv. 1. mgr. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 1. mgr. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað af rekstri samkvæmt þessari grein, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu.

IV. KAFLI
Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins sf.

7. gr.
Umboð menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu sf.

Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins sf. skal mælt nánar fyrir um í stofnsamningi félagsins. Stofnsamningur og breytingar á honum skulu birtar í Stjórnartíðindum.

8. gr.
Stjórn Ríkisútvarpsins sf.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og hafa óflekkað mannorð. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Ríkisútvarpsins sf., fyrst og fremst skyldur þess til útvarps í almannaþágu. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins sf.

9. gr.
Starfssvið stjórnarinnar.

Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins sf. nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi félagsins:

a. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
b. Að taka ákvarðanir um lán til þarfa félagsins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 10% af veltu (rekstrartekjum í lok næstliðins árs) á ári hverju þarf stjórn félagsins að leita samþykkis eiganda félagsins, sbr. 1. mgr. 7. gr.
c. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna. Meðal slíkra ákvarðana má nefna kaup og sölu hluta í öðrum félögum, nýja starfsemi á vegum félagsins og að leggja niður tiltekna starfsemi sem félagið hefur haft með höndum, sem og önnur þýðingarmestu verkefni félagsins.
d. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.

e. Að gefa út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt.

Að öðru leyti en að framan greinir ákveðst starfssvið stjórnar í stofnsamningi Ríkisútvarpsins sf.

10. gr.

Útvarpsstjóri.

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins sf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. 8. gr. laga þessara. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar.

Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins sf.

V. KAFLI
Tekjur Ríkisútvarpsins sf.

11. gr.

Tekjustofnar.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins sf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraða eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraða.
2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.

Hinn 15. febrúar og 15. maí ár hvert skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt grein þessari.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Verkefni samkvæmt óskum stjórnvalda.

Nú óska stjórnvöld eftir því að Ríkisútvarpið sf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði, og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Ríkisútvarpsins sf.

13. gr.

Gildistaka laganna o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum falla úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2008, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2011. Heiti þeirra laga verður: **Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

Þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins er átt við Ríkisútvarpið sf.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stofnun sameignarfélags um Ríkisútvarpið.

Með lögum þessum er stofnað sameignarfélag um Ríkisútvarpið. Skal heiti þess vera Ríkisútvarpið sf. Félagið skal skráð hjá sýslumanninum í Reykjavík. Frestur til þess að setja félaginu sérstakan stofnsamning og halda stofnfund er 15 dagar eftir að Alþingi hefur kosið menn til setu í stjórn. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til sameignarfélagsins.

Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð stofnfjár í Ríkisútvarpinu sf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð og skal hún greiðast af ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá sýslumanninum í Reykjavík.

Við gildistöku laga þessara tekur sameignarfélagið við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs.

Ríkisútvarpið sf. skal yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

II.

Réttindi starfsmanna.

Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Fastráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni stofnunarinnar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut, og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan sex vikna frá því honum barst boðið.

Ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.

Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem áunnið hefur sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu.

Þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laga þessara eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skulu halda rétti til aðildar að henni.

III.
Fyrsta stjórn félagsins.

Eigi síðar en 15 dögum eftir að Alþingi kýs menn til setu í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., skal menntamálaráðherra halda stofnfund Ríkisútvarpsins sf. þar sem jafnt stjórn sem stjórnarformaður félagsins skal kjörin. Þar til skipuð hefur verið stjórn fyrir félagið er menntamálaráðherra í fyrirsvari fyrir félagið sem eini stjórnarmaður þess.

IV.
Lok á umboði útvarpsráðs.

Umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir af Alþingi skv. 19. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laga þessara.

V.
Álagning og innheimta útvarpsgjalds.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins sf. til og með 31. desember 2007 eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og öðrum miðlum og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða. Menntamálaráðherra skal staðfesta útvarpsgjöld að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Eftir 1. janúar 2008 fer um tekjur félagsins skv. 11. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins.

Á 125. löggjafarþingi lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til nýrra útvarpslaga (125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 241, 207. mál). Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi með nokkrum breytingum, sem menntamálanefnd Alþingis lagði til, útvarpslög nr. 53 17. maí 2000 (125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 1217, 207. mál, Stjórnartíðindi A 2000, bls. 130). Með hinum nýju útvarpslögum voru felld úr gildi útvarpslög nr. 68/1985, með síðari breytingum, að undanteknum ákvæðum laganna sem varða Ríkisútvarpið. Heiti þeirra laga varð lög um Ríkisútvarpið og voru þau gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum sem lög um Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.

Útvarpslög nr. 53/2000 mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Helsta tilefni endurskoðunar útvarpslaganna var setning tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytti sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Ýmis nýmæli fólust í hinni nýju sjónvarpstilskipun og vísast um það efni til frumvarpsins til laga nr. 53/2000. Þá voru gerðar á útvarpslögunum ýmsar breytingar sem ekki leiddi beinlínis af tilskipun 97/36/EB.

Í áliti menntamálanefndar, þar sem mælt var með samþykkt útvarpslagafrumvarpsins, kom fram það álit nefndarinnar að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað. Menntamálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum til breytinga á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið og flytur menntamálaráðherra nú frumvarp þetta í framhaldi af þeirri vinnu og í samræmi við ósk menntamálanefndar Alþingis. Því frumvarpi sem hér liggur fyrir og útvarpslögum nr. 53/2000 er ætlað að mynda heildarlöggjöf um útvarpsmálefni hér á landi.

Útvarp er í frumvarpi þessu notað sem samheiti fyrir hljóðvarp og sjónvarp, eins og gert er í a-lið 1. gr. útvarpslaga.

Skal hér á eftir gerð grein fyrir efni frumvarps þessa, einkum þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði frá núgildandi ákvæðum um Ríkisútvarpið, og þá sérstaklega breytingu á rekstrarforminu í þá átt að Ríkisútvarpið verði eftirleiðis rekið í sameignarfélagsformi.

2. Meginefni frumvarpsins.

Helstu nýmæli með frumvarpi þessu eru eftirfarandi: *Í fyrsta lagi* er ráðgert með frumvarpi þessu að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis sameignarfélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og rekstur yfirfærður í félagsform. Hér er einungis um formbreytingu að ræða þar sem stofnað er sameignarfélag en ekki hlutafélag um reksturinn. Ábyrgð ríkisins á rekstrinum mun því vera ótakmörkuð sem fyrr. *Í öðru lagi* er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur sameignarfélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, framlagi af fjárlögum, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann að ákveða sérstaklega. *Í þriðja lagi* er stjórnun félagsins breytt. Þessi breyting er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er ytra eftirlit útvarpsráðs lagt af með niðurlagningu þess og hins vegar er innra eftirlit framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins lagt niður. Gerir breytingin því ráð fyrir því að sameignarfélagið verði rekið á rekstrarlegum forsendum og stjórnunarvald fyrirtækisins verði alfarið í höndum stjórnar þess.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku þess í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Ekki er mælt fyrir um þá breytingu í þessum lögum, en ráðgert er að leggja fram frumvarp um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem m.a. verður felld niður greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Að teknu tilliti til framangreinds eru meginatriði frumvarpsins eftirfarandi:

1. Rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt með því að stofnað verður sameignarfélag um rekstur Ríkisútvarpsins, sem beri heitið Ríkisútvarpið sf., sbr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða I. Ætlunin er að í meginatriðum hagi félagið starfsemi sinni í samræmi við almennar reglur um sameignarfélög og Ríkisútvarpið fái þann sveigjanleika í rekstri sem á að fylgja því að breytast úr ríkisstofnun í sameignarfélag. Þá er og gert ráð fyrir því að félagið verði sjálfstæður skattaðili og starfi þannig við sömu skilyrði í landinu og önnur félög. Íslenska ríkið er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Ríkisútvarpsins sf. líkt og verið hefur. Við lántöku félagsins eða ábyrgð þess á greiðslum ber stjórn þess að leita samþykkis menntamálaráðherra þegar lántakan eða ábyrgðin nemur 10% af árlegri veltu, eins nánar er kveðið á um í b-lið 1. mgr. 9. gr.
2. Ríkið verður eigandi félagsins og verður sala þess, slit eða innkoma nýrra sameigenda óheimil án samþykkis Alþingis, sbr. 1. gr.
3. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til sameignarfélagsins, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Þá fær Ríkisútvarpið sf. með lögunum leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem Ríkisútvarpið hefur til umráða eða Ríkisútvarpinu sf. kann síðar að verða úthlutað, sbr. 2. gr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.
4. Starfsemi Ríkisútvarpsins sf. er skilgreind sem útvarp í almannaþágu eða útvarp með opinbert þjónustuhlutverk („public service broadcasting"), sbr. 1. mgr. 3. gr. Skyldur félagsins eru tilgreindar í samræmi við þetta hlutverk, sbr. 3. mgr. 3. gr.
5. Ríkisútvarpinu sf. er heimilað að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum í samræmi við tilgang þess og efna til samvinnu við aðra aðila, sbr.

2. mgr. 3. gr., 5. gr. og 6. gr., þó með fyrirvara um fjárhagslegan aðskilnað milli slíkrar starfsemi og aðalstarfseminnar, þar sem það á við, sbr. 2. mgr. 6. gr.

6. Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu, sbr. 7. gr. Í því felst m.a. að ráðherra kýs stjórn á aðalfundum félagsins, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hins vegar er ekki mælt fyrir um vald hans til ráðningar á tilteknum starfsmönnum Ríkisútvarpsins sf., eins og nú er gert í lögum um Ríkisútvarpið, sbr. 1. mgr. 6. gr. (skipun útvarpsstjóra) og 6. mgr. 9. gr. (ráðning framkvæmdastjóra).
7. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hlutverk stjórnarinnar verður í meginatriðum hið sama og stjórna almennt í sameignarfélögum, þ.e. yfirumsjón með rekstri félagsins, sbr. nánar 1. mgr. 9. gr. Stjórninni er ætlað að skipuleggja starfsemi félagsins ásamt stjórnendum þess. Felld eru brott öll ákvæði um deildaskiptingu fyrirtækisins. Slík ákvæði þykja ekki lengur eiga heima í lögum, heldur heyrir það undir eðlilegt starfssvið stjórnenda Ríkisútvarpsins sf. að taka ákvarðanir um skiptingu fyrirtækisins í rekstrareiningar, eins og almennt tíðkast í fyrirtækjarekstri. Það er ekki talið meðal verkefna stjórnar fyrirtækisins að hafa afskipti af dagskrá, sbr. 9. gr. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. Tryggir þetta fyrirmæli ritstjórnarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf. Þá er og gert ráð fyrir því að nánari útfærslu á innra skipulagi félagsins verði lýst í stofnsamningi sameignarfélagsins.
8. Útvarpsstjóri verður æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins sf. í daglegum rekstri, bæði framkvæmdastjóri og yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum félagsins, svo sem nefnt hefur verið, sbr. 1. mgr. 10. gr. Er þetta í stórum dráttum í samræmi við núverandi fyrirkomulag og er þó sjálfstæði útvarpsstjóra aukið frá því sem nú er. Það verður stjórn félagsins sem ræður útvarpsstjóra og hefur yfir honum að segja, sbr. a-lið 1. mgr. 9. gr. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins sf. án umsagnar eða tillagna annarra aðila gagnstætt því sem nú er. Skv. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið ræður útvarpsstjóri starfsfólk við dagskrá aðeins að fengnum tillögum útvarpsráðs og menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra deilda. Er breytingin í þessu efni einn þátturinn í því að treysta sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf.
9. Útvarpsráð verður lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af dagskrá, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið. Er þetta enn einn liðurinn í þeirri stefnu að treysta sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf. og starfsmanna félagsins.
10. Ríkisútvarpið sf. verður stofnað með setningu laganna, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Framlag ríkissjóðs verður í upphafi ákveðið 5.000.000 kr.
11. Tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða II. Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem við gildistöku laganna eru ráðnir ótímabundinni ráðningu, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, eða eru skipaðir, skulu eiga rétt á störfum hjá Ríkisútvarpinu sf. við yfirtöku þess á starfsemi Ríkisútvarpsins. Er gert ráð fyrir að með hinum fyrirhuguðu lögum verði þeim veittur fortakslaus réttur til starfa hjá félaginu sambærileg þeim sem þeir áður gegndu hjá Ríkisútvarpinu. Þá eru ákvæði um biðlaunaréttindi og lífeyrisréttindi starfsmanna sem tryggja eiga hag þeirra með sanngjörnum hætti.
12. Tekjustofnar félagsins breytast þannig að sérstakt gjald er lagt á þá einstaklinga sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. sömu laga, sbr. 12. gr. og ákvæði til bráðabirgða V. Fram að þeim tíma, þ.e. til og með 31. desember 2007, verður lagt á og innheimt afnotagjald með sama hætti og verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2008 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og inn-

heimtu þess, sbr. 2. og 4. mgr. 10. gr. og 12.–18. gr. laga um Ríkisútvarpið, en það verður þó að gerast í áföngum til þess að tryggja innheimtu þeirra afnotagjalda sem gjaldfalla í tíð núgildandi laga, sbr. gildistökuákvæði frumvarps þessa.

13. Ákvæði útvarpslaga eiga að gilda um Ríkisútvarpið sf. að því leyti sem ekki eru sett sérákvæði um félagið samkvæmt þessu frumvarpi. Almenn ákvæði útvarpslaga nr. 53/2000 eiga því að gilda um Ríkisútvarpið sf. eins og aðrar útvarpsstöðvar, svo sem ákvæði um auglýsingabirtingu, ákvæði til verndar börnum, önnur fyrirmæli sem sett verða í samræmi við Evrópusambandstilskipanir 89/552/EBE og 97/36/EB, svo sem um hlutfall evrópsks efnis í útvarpsdagskrá og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, ákvæði um eftirlit útvarpsréttarnefndar og ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni.
14. Ekki þykir ástæða til þess að taka upp í frumvarp þetta ýmis ákvæði sem nú er að finna í lögum um Ríkisútvarpið. Við gerð frumvarps þessa hefur verið leitast við að einfalda innra skipulag Ríkisútvarpsins. Vísast til þess að í texta laganna er einungis lýst helstu atriðum er varða innra skipulag Ríkisútvarpsins sf. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rekstrarleg atriði séu upptalin í lögunum sem eðlilegast er að stjórn félagsins og daglegir stjórnendur taki ákvarðanir um.
15. Í stórum dráttum munu gilda svipaðar reglur um Ríkisútvarpið sf. og giltu áður um Ríkisútvarpið samkvæmt útvarpslögum nr. 68/1985 og nú samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að því leyti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir breytingum hér að framan.

3. Formbreyting.

Sú leið hefur verið farin í auknum mæli á undanförnum árum, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum, að breyta ríkisstofnunum í sjálfstæð félög, og þá ýmist þannig að félögin eru alfarið í eigu ríkisins, þau seld á markaði eða einhver hluti þeirra seldur öðrum aðilum. Af nýlegum dæmum um slíka formbreytingu ríkisstofnana hér á landi má nefna breytingu á rekstrarformi Lyfjaverslunar ríkisins, Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Póst- og símamálastofnunar.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir þeirri leið að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og nýtt félag, sameignarfélag, taki við réttindum og skyldum þess. Þá er gert ráð fyrir því að ríkið eigi allan eignarhlut í Ríkisútvarpinu sf. og sala félagsins eða eignarhluta þess svo og slit þess séu óheimil án samþykkis Alþingis (1. gr.).

Við samningu frumvarps þessa var ekki farin sú leið að stofna hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins. Ástæða þess er sú að Ríkisútvarpið hefur sérstöðu – hér er um að ræða félag sem ekki er ráðgert að selja og staða þess því ekki sambærileg stöðu t.d. Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Með því að stofna sameignarfélag um rekstur Ríkisútvarpsins gefst tækifæri á að nýta þá kosti sem félagarekstur hefur í för með sér en halda enn fremur í þau sérkenni sem einkenna Ríkisútvarpið og með þeim hætti sameina kosti bæði opinbers rekstrar og einkarekstrar.

Auk framangreinds er ástæða til að taka fram að það rekstrarform sem felst í sameignarfélagsforminu felur í sér ótakmarkaða ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins, en ekki takmarkaða ábyrgð eins og hlutafélagaformið hefur í för með sér.

Í flestum eða öllum Evrópuríkjum hefur ríkisvaldið um langan aldur staðið að útvarpsrekstri og á því hefur yfirleitt ekki orðið breyting þó að einkaaðilum hafi í seinni tíð einnig verið heimilaður útvarpsrekstur og ríkiseinokun á þessu sviði teljist ekki samrýmast fyrirmælum um tjáningarfrelsi. Eru útvarpsstöðvar, sem reknar eru af ríkjum, hugsaðar sem opinberar þjónustustofnanir („public service broadcasting“). Er ríkisútvarpsstöðvum ætlað að

flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki sé víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta gera eða flytja. Einnig er sú krafa gerð til ríkisútvarpsstöðvanna að þær tryggi vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og tryggi að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, sem og að um mál sé fjallað málefnalega og af hlutlægni. Á seinni tímum er því m.a. haldið fram að almenningur eigi kröfu á því að geta gengið að einni opinni sjónvarpsrás að minnsta kosti, og styðst þessi röksemd við hugmyndina um hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það er skýr stefna í öllum Evrópuríkjum að starfrækt skuli útvarp í almenningsþágu í formi opinberra þjónustufyrirtækja, núorðið víðast hvar við hlið útvarps einkaaðila í viðskiptalegum tilgangi. Til að mynda ítrekaði ráðherranefnd Evrópuráðsins á fundi sínum 11. september 1996 álit sitt um hið nauðsynlega hlutverk útvarps í almannaþágu sem afgerandi þátt í fjölhyggju í fjölmiðlun sem sé aðgengileg fyrir alla bæði á landsgrundvelli og svæðisbundið með því að séð sé fyrir víðtækri dagskrárþjónustu er nái til upplýsingar, menntunar, menningar og afþreyingar. Pólitísk öfl innan Evrópusambandsins, þar á meðal ráðherraráð sambandsins, leggja einnig mjög ríka áherslu á rétt ríkjanna til þess að reka útvarp í almannaþágu og rétt einstakra ríkja til þess að skilgreina hlutverk þess. Loks hafa menningarmálaráðherrar Norðurlanda á síðustu árum lýst yfir stuðningi við útvarp í almannaþágu.

Þar sem ríkið rekur útvarpsstarfsemi verður að gera þá kröfu að sá rekstur sé eins hagkvæmur og við verður komið. Þykir þetta best verða gert þannig að fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins verði hagað sem líkast rekstri einkafyrirtækis og þá í sameignarfélagsformi. Það er þekkt víða í Evrópu að ríkisútvarpsstöðvarnar séu reknar af sjálfstæðum félögum. Af Norðurlöndunum má nefna að í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hafa verið stofnuð hlutafélög um rekstur ríkisútvarpsstöðvanna (í Svíþjóð eru hlutafélögin að vísu í eigu sérstakra stofnana). Í Danmörku er Danmarks Radio sjálfstæð ríkisstofnun með sama hætti og íslenska Ríkisútvarpið er nú.

Helstu kostir þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins í sameignarfélagsform þykja vera þessir: Ábyrgð stjórnenda verður aukin og þeir verða sjálfstæðari í störfum sínum. Með breytingu í sameignarfélag gefst færi á að skilgreina verkaskiptingu á milli daglegra stjórnenda og stjórnar. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að skerpa nokkuð skilgreininguna á verkaskiptingunni milli framkvæmdastjóra (útvarpsstjóra) og samstarfsmanna hans og stjórnar (9. og 10. gr.). Stjórnendur í sameignarfélagi geta brugðist skjótar við breyttum markaðsaðstæðum og öðrum breytingum á aðstæðum heldur en stjórnendur ríkisstofnunar, og þar með á fyrirtækið að vera betur í stakk búið til þess að standast samkeppni og skila hagnaði. Loks má nefna að sameignarfélagi eru ekki settar eins þröngar skorður í starfsemi sinni og ríkisstofnun. Að sjálfsögðu er þó ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að Ríkisútvarpið geti eftir rekstrarformsbreytingu ráðist í verkefni sem eru alls óskyld grundvallarhlutverki þess, en hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti tekið upp samvinnu við aðra aðila, staðið að stofnun nýrra fyrirtækja, gengið inn í starfandi félag, allt innan marka tiltekinna tengsla við hina reglulegu starfsemi þess, sbr. 2. mgr. 3. gr., 5. og 6. gr. frumvarpsins. Er mælt fyrir um það að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Þykja þannig öll rök mæla með því að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag þó að ríkið verði áfram eigandi félagsins.

Þá ber að geta þess að nýtt frumvarp um sameignarfélög er í vinnslu hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Af efni frumvarps þessa er ljóst að byggja verður fyrst um sinn á almenn-

um ólögfestum reglum félagaréttarins um sameignarfélög, en þegar fyrrgreint frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra er orðið að lögum má gera ráð fyrir því að taka þurfi tillit til efnis þeirra laga við rekstur Ríkisútvarpsins. Frá þessu er a.m.k. ein undantekning og lýtur hún að því hversu margir eigendur koma að rekstri sameignarfélagsins. Af almennum reglum félagaréttarins leiðir að eigendur sameignarfélags verði að vera a.m.k. tveir. Hér er hins vegar sú leið farin að einungis einn eigandi verður að félaginu, þ.e. íslenska ríkið. Sú leið sem hér er lögð til byggist á fyrri framkvæmd þegar félög hafa verið stofnuð um rekstur ríkisstofnana. Má hér sem dæmi nefna 2. gr. laga nr. 75/1994, um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi, og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Í fyrrgreindum ákvæðum var veitt heimild til stofnunar hlutafélaga þrátt fyrir að áskilnaður væri í þágildandi hlutafélagalögum að fleiri hluthafa þyrfti til stofnunarinnar.

4. Tekjustofnar fyrirtækisins.

Það er mjög mismunandi meðal Evrópuríkja hvaða tekjustofnar eru fengnir útvarpsstöðvum sem flokkaðar eru undir opinber þjónustufyrirtæki. Algengasti tekjustofninn er leyfisgjald (afnotagjald) sem styðst venjulega við eign á sjónvarpsviðtæki. Einnig tíðkast leyfisgjald ásamt sérstöku gjaldi til ríkisútvarpsstöðva („public service“ gjalda sem stundum a.m.k. eru lögð á aðrar útvarpsstöðvar), sömuleiðis leyfisgjald og auglýsingatekjur eða auglýsingatekjur ásamt greiðslum af fjárlögum. Oftast er um það að ræða að tekjustofnarnir séu fleiri en einn og er algengasta samsetningin leyfisgjald (afnotagjald) og auglýsingatekjur.

Ekki eru í sjónvarpstilskipunum Evrópusambandsins nein fyrirmæli eða ráðagerðir sem takmarka heimildir aðildarríkjanna til fjármögnunar á starfsemi útvarpsstöðva í eigu opinberra aðila. Er hér um að ræða tilskipanir 89/552/EBE, sem breytt var með tilskipun 97/36/EB, en um tilskipanir þessar var ítarlega fjallað í greinargerð frumvarpsins til útvarpslaga nr. 53/2000. Á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins, sem haldin var í Amsterdam í júnímánuði 1997, var samþykkt sérstök bókun um útvarpsþjónustu í almannaþágu í aðildarríkjunum („Protocol on the System of Public Broadcasting in the Member States“). Í bókun þessari lýstu Evrópusambandsríkin yfir þeirri skoðun sinni að útvarpsþjónusta í almannaþágu í aðildarríkjunum tengdist með beinum hætti lýðræðislegum, félagslegum og menningarlegum þörfum þjóðfélaganna og þeirri þörf að viðhalda fjölbreytni í fjölmiðlun. Evrópusambandsríkin komu sér í bókun þessari saman um eftirfarandi túlkunarreglur sem bætt var við stofnsáttmála Evrópusambandsins þegar Amsterdamsáttmálinn tók gildi 1. maí 1999: „Ákvæði stofnsáttmálans um Evrópusambandið skulu engin áhrif hafa á heimildir aðildarríkjanna til þess að gera ráðstafanir til tekjuöflunar fyrir útvarp í almannaþágu („public service broadcasting“) að svo miklu leyti sem þeim tekjum er veitt til útvarpsstöðva til þess að þær inni af hendi þau verkefni í almannaþágu, sem þeim eru falin, skilgreind og skipulögð hjá hverju aðildarríki fyrir sig, og að því leyti sem tekjuöflunin hefur ekki áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni innan sambandsins í þeim mæli, að brjóti í bága við sameiginlega hagsmuni jafnframt því sem tekið skal tillit til þeirrar ætlunar, að um sé að ræða starfsemi í almannaþágu.“

Í þessari bókun felst að ákvarðanir um tekjuöflun til útvarps í almannaþágu („public service broadcasting“) verði að mestu leyti látnar vera í valdsviði hvers aðildarríkis, eins og verið hefur. Búast má við að ákvæði EES-samningsins verði túlkuð með svipuðum hætti.

Hér á landi hefur það fyrirkomulag verið tíðkað lengi að Ríkisútvarpið fái greidd afnotagjöld og samkvæmt útvarpslögum er þetta gjald, útvarpsgjald, lagt á eigendur útvarpsviðtækja (2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000). Einnig hefur Ríkisútvarpið tekjur af auglýsingum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið. Í framkvæmd

hefur stofnunin einnig tekjur af þáttum sem í þessu tilliti er jafnað til auglýsinga, svo sem af kostun einstakra dagskrárliða, og fjarsölu. Lengi vel hafði Ríkisútvarpið einnig tekjur af aðflutningsgjöldum af útvarpsviðtækjum og hlutum í þau, en sá tekjustofn var felldur niður með 3. gr. laga nr. 144/1995.

Allt frá upphafi sjónvarpsreksturs á árinu 1966 hafa verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins og stofnunin haft af þeim tekjur. Sú ráðstöfun hefur ætíð verið nokkuð umdeild. Í upphafi var hún gagnrýnd af dagblöðunum sem töldu með þessu vegið að tekjuöflunarmöguleikum sínum. Á síðari árum hefur gagnrýnin einkum komið frá keppinautum á sjónvarpsmarkaði sem einnig hafa gagnrýnt lögbundið afnotagjald til Ríkisútvarpsins. Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum frá 1996 kom fram sú tillaga meiri hluta starfshópsins að Ríkisútvarpið hyrfi alveg af auglýsingamarkaði. Var augljóslega á því byggt í skýrslunni, að því er sjónvarpsstöðvar varðar, að í vændum væri mikil samkeppni milli einkarekinna sjónvarpsstöðva. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Ef sjónvarp Ríkisútvarpsins hyrfi af auglýsingamarkaði við núverandi aðstæður yrði í reynd engin samkeppni um auglýsingaframboð í sjónvarpi. Það yrðu nánast tveir aðilar sem eftir yrðu á auglýsingamarkaði í sjónvarpi (365 ehf. með Stöð 2 og Sýn annars vegar og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. með Skjá einn hins vegar). Hver sem þróunin kann að verða í framtíðinni þykir ekki rétt að leggja það til nú að hætt verði auglýsingum í sjónvarpi Ríkisútvarpsins.

Önnur sjónarmið koma hins vegar til álita um auglýsingar í hljóðvarpi en eiga við um auglýsingar í sjónvarpi. Á hljóðvarpssviðinu er veruleg samkeppni, en hún er hins vegar að mestu leyti bundin við þéttbýlissvæði. Hljóðvarpsstöðvum hefur yfirleitt ekki tekist að byggja upp dreifikerfi sín þannig að þær nái til landsins alls, trúlega vegna þess að auglýsingatekjur þeirra hafa ekki leyft slíkar fjárfestingar. Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um að Ríkisútvarpinu sf. verði bannað að afla tekna með auglýsingum í hljóðvarpi. Kemur þar fyrst og fremst tvennt til. Í fyrsta lagi þarf að taka slíka ákvörðun með góðum fyrirvara svo að þeir aðilar, sem fyrir eru á markaðnum, og aðilar, sem við breyttar aðstæður gætu haft hug á að fara inn á markaðinn, hafi nægan tíma til þess að laga sig að nýju umhverfi. Í öðru lagi hefur hljóðvarp Ríkisútvarpsins svo mikla útbreiðslu að ótækt þykir að svipta viðskiptalífið og allan almenning svo öflugum auglýsingamiðli án þess að gerðar hafi verið aðrar ráðstafanir sem líklegar séu til þess að bæta upp þann missi – og þá með það einnig í huga að búið verði í haginn fyrir samkeppni á þessum markaði. Eins og málum er nú háttað verður naumast hjá því komist að líta á auglýsingaþjónustu í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins sem þátt í opinberu þjónustuhlutverki þess. Þykir af framangreindum ástæðum ekki fært að leggja það til nú að auglýsingum verði hætt í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins hefur einnig verið umdeildur tekjustofn. Þeir sem andvígir eru opinberum útvarpsrekstri hafa andmælt gjaldinu sem gjaldtöku fyrir þjónustu sem þeir óski ekki eftir. Er sú röksemd skiljanleg þegar litið er á hana frá sjónarhóli þeirra sem telja ekki þörf fyrir það að ríkið standi að rekstri fjölmiðla. Einnig hafa ýmsir þeir sem aðhyllast eða geta sætt sig við útvarpsrekstur ríkisins látið í ljós efasemdir um að innheimta afnotagjalds sé eðlilegasta leiðin til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið. Starfshópur sá um endurskoðun á útvarpslögum, sem fyrr er nefndur, lagði t.d. til að afnotagjaldakerfi og innheimtukerfi Ríkisútvarpsins í núverandi mynd yrði lagt niður, enda væri sú skipan í senn þunglamaleg, kostnaðarsöm og óskilvirk. Lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpinu yrðu fengnar tekjur með nefskatti, innheimtum af landsmönnum öllum eldri en sextán ára og af öllum lögaðilum í landinu. Til vara lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpið yrði flutt frá B-hluta og yfir á A-

hluta ríkisreiknings þannig að rekstur stofnunarinnar byggðist á framlagi fjárveitingavaldsins samkvæmt samþykkt fjárlaga hverju sinni.

Við samningu frumvarps þessa hefur fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins komið til nýrrar skoðunar. Er það niðurstaða ráðuneytisins að leggja til að fjármögnun í formi afnotagjalds verði felld niður frá 1. janúar 2008, en í þess stað komi sérstakt gjald sem leggst á skattskylda einstaklinga og lögaðila, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Þessi niðurstaða styðst aðallega við þrenns konar rök. Í fyrsta lagi hefur þessi leið í för með sér sparnað þar sem sérstakur kostnaður við innheimtu afnotagjalds fellur niður. Í öðru lagi fylgir sá annmarki núverandi fyrirkomulagi að allir þeir sem gerast áskrifendur að einkarekinni sjónvarpsstöð og kaupa sér sjónvarpstæki til þess að njóta þjónustu hennar verða sjálfkrafa greiðendur afnotagjalda til Ríkisútvarpsins þar sem greiðsla afnotagjaldsins er bundin við eign á viðtæki. Með því að afnema tengsl viðtækjaeignar við greiðslu til Ríkisútvarpsins eru hin neikvæðu áhrif á viðskipti sjónvarpsnotenda við einkaaðila upprætt að þessu leyti. Í þriðja lagi leiðir breytingin til þess að kostnaður hinna tekjulægstu einstaklinga við að njóta útvarps í almannaþágu fellur niður. Alls leggst gjaldið á um 160.000 einstaklinga á aldursbilinu 16–70 ára og um 22.000 lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraðra til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra. Tekjutenging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald, sbr. lög nr. 125/1999.

Á árinu 2003 námu afnotagjöld rúmlega 2,1 milljarði króna af tæplega 3 milljarða króna rekstrartekjum Ríkisútvarpsins, eða tæplega 69% af rekstrartekjum. Var hlutur afnotagjalda af rekstrartekjum Ríkisútvarpsins á árinu 2003 lítið eitt lægri en á árinu 2002. Aðrar tekjur (auglýsingatekjur, kostunartekjur og ýmsar tekjur) Ríkisútvarpsins á árinu 2003 námu um 845 milljónum króna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í greinum þessum er fjallað um eignaraðild að Ríkisútvarpinu sf. og leyfi þess til útvarps, hljóðvarps og sjónvarps. Hefur verið gerð grein fyrir efni 1. gr. í almennu athugasemdunum að framan og í 1. og 2. tölul. 2. kafla í almennu athugasemdunum hér að framan (meginefni frumvarpsins). Í 3. tölul. síðastnefnds kafla var gerð grein fyrir efni 2. gr., sbr. 2. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Í 1. gr. er ítrekuð yfirlýsing eldri lagaákvæða um sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Þetta sjálfstæði er styrkt enn frekar með ýmsum breytingum sem lagt er til í frumvarpinu að gerðar verði á stjórnun Ríkisútvarpsins og vikið hefur verið að í almennu athugasemdunum hér að framan. Ritstjórnarlegt sjálfstæði er treyst með því að útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 10. gr., og sjálfstæði hans er aukið þar sem ekki þarf lengur að fá tillögur útvarpsráðs um starfsfólk við dagskrá. Útvarpsráð verður lagt niður og þar með hætt afskiptum pólitískt kjörins ráðs af dagskrá. Einnig er ætlunin að binda enda á afskipti annarra en útvarpsstjóra af ráðningu annarra starfsmanna Ríkisútvarpsins, en skv. 2. mgr. 10. gr. verður það útvarpsstjóri sem ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins sf. Þá er ákvæði 2. mgr. 8. gr. um skyldu stjórnarmanna til þess að forðast hagsmunaárekstra í starfi sínu fyrir félagið ætlað að styrkja sjálfstæði þess. Öll ákvæði frumvarpsins, sem ætlað er að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf. sem útvarps í almannaþágu, eru í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins 11. september 1996 til aðildarríkja Evrópuráðsins varðandi tryggingu fyrir sjálfstæði útvarps í almannaþágu, einkum að því er varðar ritstjórnarlegt og stofnanalegt sjálfstæði.

Í 1. mgr. 1. gr. er ráðgert að félagið verði sjálfstæður skattaðili. Það mun hafa það í för með sér, ef hagnaður verður af rekstri félagsins, að það greiði skatt af hagnaði til ríkissjóðs í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Þannig er eðlilegt að félagið greiði skatta eins og önnur fyrirtæki hér á landi.

Í 2. mgr. 1. gr. er gert ráð fyrir einfaldri ábyrgð íslenska ríkisins á öllum skuldbindingum félagsins. Verður ábyrgð ríkisins á skuldbindingum félagsins því sambærileg ábyrgð ríkisins gagnvart ríkisstofnunum almennt, sbr. og hliðstætt ákvæði í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lýst hlutverki Ríkisútvarpsins sf. Í 1. mgr. kemur fram það meginhlutverk félagsins að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu. Áður hefur verið að því vikið hvað felst í skilgreiningunni á útvarpsþjónustu í almannaþágu. Er stundum í þessu sambandi talað um útvarp með opinbert þjónustuhlutverk, en í báðum tilvikum er vísað til þess sama og þegar á ensku er talað um „public service broadcasting“. Þess háttar útvarpsstöðvar eiga ekki einungis að taka mið af fjárhagslegum ávinningi í rekstri sínum, heldur sinna t.d. ýmiss konar menningarlegri starfsemi, rækta þjóðlegan menningararf o.s.frv., sem ekki er víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptaleg sjónarmið í huga, telji sér skylt eða fært að sinna með sama hætti. Að vísu er það svo að víða hafa mörkin milli útvarpsstöðva í almannaþágu og útvarps, þar sem viðskiptahagsmunir ráða ferðinni, dofnað mjög þar sem útvarpsstöðvar í almannaþágu flytja að stórum hluta efni sem mjög svipar til efnis annarra útvarsstöðva, svo sem skemmtiefni af ýmsu tagi. Eftir sem áður eru gerðar meiri kröfur til útvarpsstöðva í almannaþágu um flutning efnis af alvarlegra tagi, sem og til meiri varkárni í fréttaflutningi, kynningu allra sjónarmiða í þjóðfélagsmálum er almenning varða miklu o.s.frv. Annars vísast til þess hluta í almennu athugasemdunum að framan þar sem almennt var fjallað um útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Þó að um sé að ræða útvarp í almannaþágu er sú krafa í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja, sem reka útvarp af því tagi, að þau séu sem best rekin, veiti öðrum útvarpsstöðvum á markaðnum samkeppni og aðhald og skili jafnvel hagnaði. Af sama toga eru sprottin ákvæði í 2. mgr. þessarar greinar og ákvæði III. kafla frumvarpsins um þátttöku félagsins í annarri starfsemi með fjárhagslegum aðskilnaði frá hinni hefðbundnu starfsemi Ríkisútvarpsins sf.

Gert er ráð fyrir því að sérstakur stofnsamningur verði samþykktur og fylgja drög að honum sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Þá er í þessari grein, sem fjallar auk framangreinds um hlutverk Ríkisútvarpsins sf., fjallað um meginatriði þeirra skyldna félagsins, sem leiðir af því hlutverki þess, að það reki útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Talið er rétt að skilgreina skyldur Ríkisútvarpsins sf. nokkru nákvæmar en gert er í gildandi lögum um Ríkisútvarpið, sbr. einkum 3.–5. gr. laganna. Í stórum dráttum má segja að fylgt sé nokkuð hefðbundinni skilgreiningu á skyldum útvarps í almannaþágu: að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna, lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt, lögð sé rækt við þjóðleg gildi, efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt sé við ýmiss konar menningarstarfsemi, haldið sé uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu og starfsemin sé innt af hendi með sem fullkomnustum tæknibúnaði.

Skal nú vikið að einstökum ákvæðum greinarinnar.

Ákvæði 1. tölul. 3. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 3. tölul. 3. mgr. er að formi til nýtt ákvæði og lýsir með almennum orðum skyldu Ríkisútvarpsins sf. til þess að standa að gerð og dreifingu fjölbreytts og vandaðs dagskrárefnis fyrir sjónvarp og hljóðvarp með tæknilega fullkomnum aðferðum.

Ákvæði 2. og 4.–9. tölul. 3. mgr. eru sama efnis og ákvæði 2.–3. mgr. 3. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar eru sums staðar gerðar. Ákvæði fyrri málsliðar 2. tölul. er í flestum meginatriðum samhljóða 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu félagsins til að senda út til alls landsins en sú breyting lögð til að miða við a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá í stað tveggja árið um kring. Síðan er tekið fram um skyldu félagsins til þess að birta hluta efnis síns með viðeigandi hætti í öðrum miðlum, þ.m.t. á netinu. Þá er í 8. tölul. tekin berum orðum fram skylda félagsins til þess að flytja efni á sviði íþrótta og annars tómstundastarfs, en slíkt efni er sérstaklega þýðingarmikið fyrir ungt fólk.

Í 9. tölul. 3. mgr. er tekið upp ákvæði fyrri málsliðar 4. mgr. 3. gr. gildandi laga um skyldu til að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Síðan er bætt við ákvæði um skyldu félagsins til þess m.a. að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa, en slíkar skyldur verða æ fyrirferðarmeiri í nútímaþjóðfélagi. Sem dæmi um skyldu Ríkisútvarpsins í þessu efni má nefna dóm Hæstaréttar frá 6. maí 1999 í málinu nr. 151/1999: Berglind Stefánsdóttir og Félag heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu. Í máli þessu var um það deilt hvort Ríkisútvarpinu væri skylt að láta túlka á táknmáli framboðsræður í sjónvarpinu, kvöldið fyrir kosningar, um leið og þær færu fram, eða hvort Ríkisútvarpinu væri heimilt að sinna þörfum heyrnarlausra með öðrum aðferðum sem það hugðist beita. Hæstiréttur benti á að það væri óaðskiljanlegur þáttur kosningarréttar, sem verndaður væri í III. kafla stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 3. gr. I. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, að sá sem réttarins nyti hefði tækifæri til að kynna sér þau atriði sem kosið væri um. Ljóst þótti að það sé í samræmi við lögákveðið hlutverk Ríkisútvarpsins skv. 15. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 (nú 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000) að það kynni frambjóðendur og stefnumál þeirra fyrir kosningar til Alþingis. Bæri Ríkisútvarpinu ótvírætt að gæta jafnræðis þegar það sinnti þessu hlutverki sínu og lyti sú skylda ekki aðeins að frambjóðendum og þeim stjórnmálaöflum sem í hlut ættu, heldur einnig að þeim sem útsendingum væri beint til. Ætti því Ríkisútvarpið að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Þótt játa bæri Ríkisútvarpinu verulegu svigrúmi við tilhögun dagskrár og útsendinga yrðu þær ákvarðanir, sem röskuðu þeim skyldum og réttindum sem mælt væri fyrir um í 15. gr. útvarpslaga (nú 3. gr. laga um Ríkisútvarpið) og 7. gr. laga um málefni fatlaðra, að styðjast við gild málefnaleg rök. Þótti Ríkisútvarpið ekki hafa fært fram nægilega gild og málefnaleg rök til að réttlæta þá mismunun sem fólst í ákvörðun þess, en fyrir lá að tæknilega var vel framkvæmanlegt að hafa þann háttinn á sem krafist var. Einnig var litið til þess að skammur tími var á milli útsendingar og upphafs kjörfundar. Þóttu áfrýjendur eiga rétt á því að kröfur þeirra yrðu teknar til greina við þessar aðstæður. Tilvik það sem um ræðir í máli þessu er vissulega sérstakt. Það getur hins vegar vel orðið til leiðbeiningar í öðrum málum þó að sjálfsögðu verði að meta hvert mál fyrir sig, þar á meðal það hvað teljist vera eðlilegar þarfir.

Í 10. tölul. 3. mgr. er tekið upp ákvæði síðari málsliðar 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið.

11. tölul. 3. mgr. kemur í stað 6. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið. Efnislega eru þrjár breytingar gerðar. Hin fyrsta er sú að í stað orðalagsins að Ríkisútvarpið skuli „stefna að því“ að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins er skyldan gerð ótvíræð. Önnur er sú að komið skal upp víðar um landið aðstöðu til útvarps, þ.e. bæði sjónvarps og hljóðvarps, en ekki einungis hljóðvarps, eins og orðað er í gildandi lögum.

Þriðja breytingin, sem lögð er til, er á þá leið að þeirri starfsemi, sem um ræðir í greininni, skuli komið upp utan höfuðborgarsvæðisins, en ekki í hverju kjördæmi, og er þessi tillaga gerð sérstaklega með hliðsjón af örri tækniþróun á sviði útvarps og að ekki þurfi að setja upp aðstöðu til dagskrárgerðar í hverjum landsfjórðungi.

Ákvæði 12. tölul. 3. mgr. um skyldu Ríkisútvarpsins sf. til þess að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps er að formi til nýtt. Þetta hefur þó verið viðurkennt eitt meginhlutverk Ríkisútvarpsins og felst í raun og veru, a.m.k. að verulegum hluta, í 13. gr. útvarpslaga. Í 12. gr. frumvarps þessa er svo sérstaklega ráð fyrir því gert að stjórnvöld kunni að óska eftir því að Ríkisútvarpið sf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn, og skal þá gera um það efni samning milli ríkisins og Ríkisútvarpsins sf.

Í 13. tölul. 3. mgr., sem er nýtt ákvæði, er mælt fyrir um skyldu félagsins til þess að koma sér upp þeim eignum, föstum og lausum, sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi þess.

Í 14. tölul. 3. mgr. er fjallað um skyldu félagsins til þess að gera aðgengilegt í öðru formi en sem útvarpsefni ýmislegt efni sem talið er að geti haft varanlegt gildi og sé því í samræmi við tilgang félagsins.

Ákvæði 15. tölul. 3. mgr. er í meginatriðum sama efnis og ákvæði 5. gr. laga um Ríkisútvarpið sem fjallar um varðveislu frumflutts dagskrárefnis. Þó er breytt orðalagi síðari málsliðar greinarinnar og nú gert ráð fyrir að það sé ekki einungis heimilt, heldur skylt, að hafa slíkt efni til sölu eða leigu, en jafnframt tekið fram að það sé valið efni en ekki allt efni sem með þessum hætti verði gert almenningi aðgengilegt.

Í 16. tölul. 3. mgr. er nýtt ákvæði sem mælir fyrir um það að félagið skuli standa fyrir, taka þátt í eða styðja tónleika og annað skemmtanahald sem tengist dagskrárefni. Ríkisútvarpið hefur lengi verið í sérstökum tengslum við Sinfóníuhljómsveit Íslands og byggjast þau tengsl á lögum um hljómsveitina, nr. 36/1982. Ákvæði 16. tölul. gerir ráð fyrir að Ríkisútvarpið sf. efni til samstarfs við fleiri aðila en Sinfóníuhljómsveitina um dagskrárefni, en það verði samningsatriði hverju sinni hvernig því samstarfi yrði háttað.

Ákvæði 17. tölul. 3. mgr. um ávöxtun lausra fjármuna er að formi til nýtt, en er í samræmi við núverandi framkvæmd.

Í 18. tölul. 3. mgr. er ákvæði sem einnig er að formi til nýtt. Er hér um að ræða almennt ákvæði um skyldu til þess að gera hvaðeina sem óhjákvæmilegt er eða stuðlar að því að tilgangi félagsins sem útvarps í almannaþágu verði náð. Ógjörningur má heita að telja með algjörlega tæmandi hætti einstakar skyldur félagsins. Verður ákvæði sem þetta að teljast eðlilegt, en því eru auðvitað þröngar skorður settar út í hvaða starfsemi félag eins og Ríkisútvarpið sf. getur farið þannig að það rúmist innan tilgangs þess sem útvarps í almannaþágu.

Í 4. mgr. er nýtt ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að Ríkisútvarpið sf., með sérstöku samþykki menntamálaráðherra, veiti aðra þjónustu í almannaþágu sem tengist með eðlilegum hætti aðalþjónustu félagsins. Engin sérstök þjónusta er höfð í huga við mótun þessa ákvæðis, en þarfir breytast stöðugt og t.d. tækniframfarir eru örar. Má því líta á ákvæði þetta sem varnagla sem geti gert mögulegt að bregðast við þörfum er upp kunna að koma.

Í ákvæðinu er hlutverki Ríkisútvarpsins sf. lýst með ítarlegum hætti. Í útvarpsrekstri í almannaþágu á Vesturlöndum eru fordæmi fyrir því að viðkomandi fagráðherra geri stjórnunarsamning við það félag sem annast slíkan útvarpsrekstur f.h. ríkisvaldsins. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að þessi leið verði farin, en telja verður að ekkert sé því til fyrirstöðu að árangursstjórnunarsamningur verði gerður milli menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins sf. þar sem mælt verði fyrir um nánari útfærslu á skyldum félagsins. Er hér m.a. vísað til samsetningar útsendrar dagskrár með tilliti til innlends dagskrárefnis, efnis sem ætlað er

börnum eða sérstökum aldurshópum, fræðslu- og heimildaefnis, íþróttaefnis og annars þess sem við kann að eiga hverju sinni. Þá eru enn fremur fordæmi fyrir því að stjórnir þeirra félaga, sem annast útvarpsrekstur í almannaþágu, semji skýrslu og geri viðkomandi fagráðherra grein fyrir því hvernig takist til að uppfylla lögbundnar meginskyldur um útvarp í almannaþágu. Með sömu rökum og að ofan greinir er ekkert því til fyrirstöðu að stjórn Ríkisútvarpsins sf. semji slíka skýrslu og geri menntamálaráðherra grein fyrir því hvernig til takist að uppfylla skyldur félagsins skv. 3. gr. frumvarps þessa.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er tekið upp óbreytt efni 5. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið þess efnis að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins sf., skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni, og önnur atriði tengd þessu fyrirmæli. Þessi áskilnaður er í samræmi við núgildandi ákvæði útvarpslaga nr. 53/2000. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru tekin saman ákvæði um samvinnu Ríkisútvarpsins við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar (1. mgr.) og heimild til þess að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar (2. mgr.). Heimild til hvors tveggja er nú í lögum um Ríkisútvarpið (5. mgr. 4. gr.), en samkvæmt orðalagi 1. mgr. skal lögð aukin áhersla á samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar. Að öðru leyti er ákvæði 1. mgr. samhljóða 5. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið, og ákvæði 2. mgr. er samhljóða fyrri málslið 8. mgr. sömu greinar.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. er nýmæli. Í greininni er mælt fyrir um heimild til handa Ríkisútvarpinu sf. til þess að standa að annarri starfsemi sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti, þar á meðal á sviði fjarskipta og margmiðlunar eða öðrum sviðum er fjölmiðlun tengjast. Segir síðan að félagið geti gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum. Undir ákvæði þessarar greinar fellur m.a. hvers konar nýsköpunarstarf á þeim sviðum sem hér um ræðir.

Segja má að Ríkisútvarpið hafi nú þegar stigið fyrstu skrefin á þeirri braut sem hér er mörkuð með þeirri þjónustu sem það hefur tekið upp á heimasíðunni www.ruv.is. Algengt er í nágrannalöndum að útvarpsstöðvar í almannaþágu hafi á seinni tímum farið út í starfsemi af því tagi sem um ræðir í greininni. Sem dæmi um starfsemi, sem getur fallið undir greinina, má nefna samvinnu við sjálfstæða framleiðendur sjónvarpsefnis, t.d. með þátttöku í fyrirtækjum þeirra eða stofnun dótturfyrirtækja með þeim. Í 10. gr. útvarpslaga er mælt fyrir um það að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið fyrir evrópsk verk sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Er þetta fyrirmæli byggt á ákvæðum Evrópusambandstilskipana 89/552/EBE og 97/36/EB sem gerð var grein fyrir í greinargerð frumvarpsins til útvarpslaga nr. 53/2000. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir þeim möguleika að sjónvarpsstöðvar eigi einhvern hlut að framleiðslu sjónvarpsefnis með sjálfstæðum framleiðendum. Heimild greinarinnar er engan veginn einskorðuð við þennan þátt, eins og orðalag hennar ber með sér. Rétt er að minna á það í þessu sambandi að mjög ör þróun á sér stað í

þeim efnum sem minnst er á í grein þessari, svo sem ýmiss konar margmiðlun og samruna í þróun tölvutækni, fjarskipta og sjónvarps sem halda mun áfram á næstu árum. Verður að telja rétt að Ríkisútvarpið sf. fylgist með þessari þróun og taki þátt í henni eftir því sem skynsamlegt verður metið og að sjálfsögðu af hæfilegri varkárni, þó að framtíðarsýn beri að skipa í fyrirrúm. Það verður í verkahring stjórnar Ríkisútvarpsins sf. og daglegra stjórnenda að taka einstakar ákvarðanir um þessi efni.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um það að halda skuli fjárreiðum alls reksturs, sem félagið kann að verða aðili að samkvæmt heimild þeirri sem í greininni felst, aðskildum frá fjárreiðum reksturs skv. 1. mgr. 3. gr., þ.e. hinum hefðbundna rekstri Ríkisútvarpsins eða þeim rekstri sem það stundar nú þegar. Verður t.d. að telja netþjónustu Ríkisútvarpsins rúmast innan reksturs þess skv. 1. mgr. 3. gr. og sjálfsagt getur það breyst í tímans rás hvers konar rekstur verður almennt talinn geta flokkast undir útvarpsþjónustu í almannaþágu. Ekki má nota fjármuni frá rekstri skv. 1. mgr. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað af rekstri sem Ríkisútvarpinu sf. er heimilað að stofna til eða taka þátt í samkvæmt þessari grein, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu. Sérstaklega þarf að gæta þess að starfsemi Ríkisútvarpsins sf. verði að þessu leyti í samræmi við reglur samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum, og samkeppnisreglur EES-samningsins.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um stjórnskipulag Ríkisútvarpsins sf.

Samkvæmt 7. gr. fer menntamálaráðherra með eignarhlut ríkisins í félaginu. Hann kýs stjórn félagsins í samræmi við hlutbundna kosningu Alþingis. Félagsfundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn þess fer með málefni félagsins á milli félagsfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Undir stjórn félagsins heyrir útvarpsstjóri, sem ráðinn er af stjórninni, og er hann æðsti yfirmaður alls daglegs rekstrar á vegum félagsins, jafnt á sviði framkvæmdastjórnar sem á sviði dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn félagsins og skiptir með þeim verkum í samræmi við skipurit félagsins sem stjórn félagsins ákveður, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa en fram eru komnar í athugasemdum um þennan kafla frumvarpsins og í 2. kafla í hinum almennu athugasemdum (meginefni frumvarpsins).

Um 8. gr.

Í þessari grein er leitast við að treysta sjálfstæði stjórnar félagsins með tvennum hætti. Þannig miðar 1. mgr. að því að treysta sjálfstæði stjórnarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu, en 2. mgr. leitast m.a. við að treysta sjálfstæði gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum.

Í ákvæðinu er gert er ráð fyrir því að stjórn félagsins verði kosin á aðalfundi sem haldinn skuli í síðasta lagi fyrir lok maímánaðar ár hvert. Alþingi skal fyrir þann tíma hafa kosið menn til setu í stjórninni.

Hvað varðar 2. málsl. 2. mgr. er hér í raun um hæfisreglu að ræða sem tengd er almennum neikvæðum hæfisreglum hvað varðar stjórnarsetu. Þannig verður almennt að telja að einstaklingar, sem beint eða óbeint inna af hendi störf, taka við greiðslum eða hafa hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum en Ríkisútvarpinu sf., geti ekki gætt hagsmuna félagsins hvað varðar skyldur þess til útvarps í almannaþágu.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lýst starfssviði stjórnar Ríkisútvarpsins sf. í meginatriðum. Meðal annars er í 1. mgr. nefnt að ráða útvarpsstjóra og veita honum lausn frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör, að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, sem ekki falla undir daglegan rekstur, að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár, o.s.frv., og annast önnur verkefni eins og ákveðið verður í stofnsamningi. Auk framangreinds er tekið fram að það falli undir starfssvið stjórnar félagsins að taka lán til þarfa félagsins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Til að tryggja ábyrgð eiganda félagsins, íslenska ríkisins, á skuldbindingum vegna Ríkisútvarpsins sf. þarf samþykki ríkisins hverju sinni fari skuldbindingarnar fram úr vissu marki. Í frumvarpi þessu er lagt til að miðað verði við 10% af veltu (rekstrartekjum í lok næstliðins árs) á ári hverju. Þegar samþykki er nauðsynlegt fyrir skuldbindingum samkvæmt framansögðu er kveðið á um samþykki menntamálaráðherra, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Í 2. mgr. er svo heimilað að skilgreina nánar starfssvið stjórnarinnar í stofnsamningi og samþykktum félagsins. Þannig er ekki mælt með tæmandi hætti fyrir um starfssvið stjórnar, heldur er gert ráð fyrir að því verði gerð nánari skil í stofnsamningi.

Um 10. gr.

Hér eru fyrirmæli um útvarpsstjóra og starfssvið hans. Í því sem mestu skiptir er starfssvið útvarpsstjóra óbreytt frá gildandi lögum. Hann er framkvæmdastjóri félagsins og gilda um þann hluta almennar reglur um störf framkvæmdastjóra. Auk þess er útvarpsstjóri æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins sf. Í stórum dráttum er ákvæði 1. mgr. 10. gr. í samræmi við gildandi lög, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þó er sjálfstæði útvarpsstjóra og starfsmanna Ríkisútvarpsins sf. yfirleitt aukið í sambandi við dagskrárgerð þar sem útvarpsráð er lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af útvarpsefni, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Í 2. mgr. er tekið fram að útvarpsstjóri ráði aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins sf. Er hér um að ræða verulega breytingu frá núverandi fyrirkomulagi, sbr. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið þar sem segir að framkvæmastjórar deilda, sbr. 4. mgr. 9. gr., séu ráðnir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs, og útvarpsstjóri ráði starfsfólk dagskrár að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skv. 2. mgr. á útvarpsstjóri að vera algjörlega sjálfstæður í ráðningum starfsmanna félagsins, þó fyrst um sinn með þeim fyrirvara sem greinir í ákvæði til bráðabirgða II um forgangsrétt núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins til sambærilegra starfa og þeir hafa haft hjá Ríkisútvarpinu.

Að öðru leyti vísast til 8. tölul. í lýsingunni á meginefni frumvarpsins í 2. kafla almennu athugasemdanna.

Um 11. gr.

Í 4. kafla hinna almennu athugasemda við frumvarpið (Tekjustofnar fyrirtækisins) var gerð grein fyrir því að í frumvarpi þessu er á því byggt að frá og með 1. janúar 2008 verði hætt að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum (útvarpsgjaldi). Vísast til þess sem þar sagði um þessa breytingu og rökin fyrir henni.

Í samræmi við þessa breytingu er í 11. gr. frumvarpsins lagt til að frá og með 1. janúar 2008 skiptist tekjustofnar Ríkisútvarpsins sf. í þrennt:

1. Sérstakt gjald sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila.
2. Tekjur af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum.

3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Tekjur skv. 1. tölul 1. mgr. ákvæðisins yrðu 13.500 kr. af hverjum gjaldanda og mundu skila alls um 2.470 milljónum kr. miðað við full skil, en gert er ráð fyrr að afnotagjaldið skili Ríkisútvarpinu um 2.500 milljónum kr. á árinu 2005. Eðlilegt er að fjárhæð nefskattsins verði endurskoðuð þegar nær dregur því að breyting á tekjustofnum Ríkisútvarpsins sf. kemur til framkvæmda. Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri. Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Hvað varðar ráðstöfun á tekjum skv. 1. tölul. 1. mgr. ber að taka fram að Ríkisútvarpið sf. verður fyrst og fremst útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Komi hins vegar til annarrar starfsemi af hálfu félagsins, sem tengist fyrrgreindri meginstarfsemi, þarf að halda fjárreiðum vegna þess rekstrar aðskildum. Á grundvelli samkeppnissjónarmiða verður félaginu óheimilt að nota tekjur sínar til að greiða kostnað niður af hinum nýja rekstri, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem telst til útvarps í almannaþágu í skilningi 3. gr. frumvarpsins. Þannig ber að halda fjárreiðum aðskildum eftir því hvort um sé að ræða starfsemi skv. 3. gr. frumvarpsins eða starfsemi skv. 6. gr. frumvarpsins og ekki telst til útvarps í almannaþágu.

Hvað varðar 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að heimilt sé að birta auglýsingar er tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi rétti, en þar er heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi". Ástæða þykir að kveða með skýrum hætti á um það að Ríkisútvarpinu sf. verði heimilt að birta auglýsingar í öðrum miðlum en útvarpi að teknu tilliti til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3845/2003. Í málinu var kvartað yfir því að Ríkisútvarpið notaði tekjur sínar til þess að byggja upp vefinn www.ruv.is, en hluti hans væri fjármagnaður með afnotagjöldum á sjónvarp og útvarp. Niðurstaða umboðsmanns var m.a. sú að sala Ríkisútvarpsins á auglýsingum til birtingar á heimasíðunni gæti ekki talist heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi" skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 122/2000.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að helmingur tekna vegna gjaldsins sé greiddur fyrir fram þann 15. febrúar og 15. maí ár hvert af hálfu fjármálaráðuneytisins. Eftirstöðvar gjaldsins mundu greiðast á tímabilinu frá ágúst til desember í samræmi við innheimtu annarra opinberra gjalda.

Í 4. mgr. eru fyrirmæli um að setja skuli gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna og er þar átt við gjaldtöku skv. 15. gr. útvarpslaga. Er það í verkahring stjórnar að setja slíkar gjaldskrár, í reynd auðvitað í samráði við daglega stjórnendur sem fara með auglýsingamál og fjármál fyrirtækisins.

Um 12. gr.

Hér mælir fyrir um það hvernig með skuli fara ef stjórnvöld óska eftir því við Ríkisútvarpið hf. að það leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir alla landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki muni skila arði. Er þá gert ráð fyrir að gerður verði sérstakur samningur milli ríkisins og félagsins um hvert einstakt verkefni.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falli úr gildi. Þó er mælt fyrir um það að þær greinar sem varða álagningu afnotagjalds séu í gildi til 1. janúar 2008, er nýr tekjustofn kemur til, og þær greinar sem varða innheimtu áfallins afnotagjalds séu í gildi til 1. janúar 2011, en skv. 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið helst lögveð fyrir afnotagjaldi í þrjú ár frá gjalddaga. Þar sem nauðsynlegt er að hafa ákvæði um innheimtu afnotagjalda, sem falla á í tíð núgildandi laga um Ríkisútvarpið, er lagt til að þau ákvæði verði í sérstökum lögum, lögum um innheimtu útvarpsgjalds, á meðan þau ákvæði eru í gildi. Sjá fylgiskjal II.

Samkvæmt framansögðu mun rekstur félagsins verða fjármagnaður með sérstöku gjaldi sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 1.–2 .gr. laga nr. 90/2003. Þessi breyting mun ekki eiga sér stað strax – gert er ráð fyrir því að hið nýja félag fái tveggja og hálfs árs aðlögunartíma áður en rekstur þess verður alfarið fjármagnaður með framangreindum hætti. Í þessu felst að félaginu verður veittur þriggja ára aðlögunartími, en hann mun fela í sér svigrúm til handa félaginu til að starfa áfram samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, en jafnframt tækifæri til að aðlaga reksturinn hinu nýja umhverfi.

Í 3. mgr. er sett ákvæði um það að þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins sé átt við Ríkisútvarpið sf. Samkvæmt athugun á lagasafni á netinu er vikið að Ríkisútvarpinu á einn eða annan hátt í 10 réttarheimildum í lagasafni auk laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, þ.e.: 8. gr. forsetabréfs nr. 114/1945, um starfsháttu orðunefndar, 28. gr. laga nr. 17/1965, um landgræðslu, 3. mgr. 47. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, 4. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, b-lið 1. mgr. 3. gr., 4. mgr. 3. gr., 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, 2. mgr. 86. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, 25. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, 6. og 34. gr. laga nr. 53/2000, útvarpslaga, og 10. gr. laga nr. 20/2002, um skylduskil til safna. Samkvæmt framangreindu ákvæði 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins ber eftir gildistöku laganna að skilja þau lagaákvæði þar sem talað er um Ríkisútvarpið sem þar sé átt við Ríkisútvarpið sf.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði 1. og 2. mgr. fjalla um stofnun sameignarfélags um Ríkisútvarpið og eignir og skuldir Ríkisútvarpsins sem ganga til sameignarfélagsins. Þegar hefur verið fjallað um þessa formbreytingu og þau atriði sem af henni leiðir, sbr. 3. kafla í hinum almennu athugasemdum að framan um formbreytinguna, 2. kafla almennu athugasemdanna (meginefni frumvarpsins) og athugasemdir um 1. og 2. gr. frumvarpsins. Eins og þegar hefur verið lýst í 3. kafla í hinum almennu athugasemdum er ráðgert að ríkissjóður yfirtaki hlut Ríkisútvarpsins vegna greiðsluþátttöku í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gera má ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs á fjárlögum til reksturs Ríkisútvarpsins lækki vegna yfirtöku á þessari skuldbindingu Ríkisútvarpsins.

Í 2. mgr. er m.a. mælt fyrir um að menntamálaráðherra ákveði heildarfjárhæð stofnfjár í Ríkisútvarpinu sf. Við stofnun félagsins skuli þó lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð og skuli sú fjárhæð greidd af ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins. Samkvæmt ákvæðinu getur menntamálaráðherra ákveðið að leggja fram hærra stofnfé í upphafi kjósi hann það.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið sf. taki við útvarpsrekstri Ríkisútvarpsins við gildistöku laganna.

Í 4. mgr. segir að Ríkisútvarpið sf. yfirtaki þær skyldur sem Ríkisútvarpið hafi undirgengist í samningum við þriðju aðila.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði mælir fyrir um réttindi starfsmanna við breytingu Ríkisútvarpsins í sameignarfélag. Tilgangur ákvæðisins er að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði við formbreytinguna tryggð með eðlilegum hætti, kveðið á um rétt þeirra til sambærilegra starfa hjá sameignarfélaginu, biðlaunarétt og lífeyrisréttindi. Hefur það verið haft að leiðarljósi að ekki verði hallað á réttindi starfsmanna stofnunarinnar við breytingu á rekstrarformi hennar. Við samningu ákvæðisins hefur m.a. verið höfð hliðsjón af fyrri framkvæmd þegar ríkisstofnunum hefur verið breytt í rekstrarfélög, sbr. lög nr. 103/1996, svo og niðurstöðu dóma sem gengið hafa í málum út af réttarstöðu starfsmanna við breytingu ríkisfyrirtækja í sjálfstæð félög.

Með 2. mgr. ákvæðisins er starfsmönnum Ríkisútvarpsins tryggður réttur til sambærilegra starfa hjá Ríkisútvarpinu sf. og þeir hafa haft hjá stofnuninni, þ.e. þeim starfsmönnum sem eru skipaðir eða ráðnir ótímabundinni ráðningu hjá stofnuninni og falla undir ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 3. og 4. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um rétt starfsmanna þegar þeim hefur verið boðin sambærileg staða. Starfsmönnum er veittur eðlilegur frestur til þess að segja til um það ef þeir hyggjast ekki nýta þann rétt til starfa sem ákvæðið tryggir þeim.

Í 5. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að þeir starfsmenn, sem hafa áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna og ráðast enn fremur til starfa hjá sameignarfélaginu, eigi ekki rétt á bæði lífeyrisgreiðslum og launagreiðslum að því tilskildu að þeir haldi óskertum launum sínum hjá félaginu.

Í 6. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi þeim réttindum.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Hér er gert ráð fyrir að eigi síðar en 15 dögum eftir gildistöku laga þessara skuli haldinn stofnfundur þar sem menntamálaráðherra kýs stjórn Ríkisútvarpsins sf. Frá gildistöku laganna og þar til að kosning stjórnarmanna hefur farið fram skal menntamálaráðherra vera í fyrirsvari fyrir Ríkisútvarpið sf.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Þar sem ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að útvarpsráð starfi áfram eru hér fyrirmæli um það hvernig umboð þess fellur niður. Er gert ráð fyrir að umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir, falli niður við gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Ráðgert er að afnema álagningu útvarpsgjalds 1. janúar 2008. Í ákvæðinu er mælt fyrir um hverjir tekjustofnar sameignarfélagsins skuli vera frá gildistöku laganna til og með 31. desember 2007. Eftir þann tíma ber að miða við 11. laganna.

Fylgiskjal I.

Drög að stofnsamningi fyrir Ríkisútvarpið sf.

1. gr.

Félagið er sameignarfélag og er nafn þess Ríkisútvarpið sf. Félagið er sjálfstæður skattaðili.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Efstaleiti 1, 150 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í stofnsamningi þessum. Auk þessa er tilgangur félagsins að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

4. gr.

Stofnfé félagsins er kr. 5.000.000,00 – (krónur fimmmilljónir 00/100).

5. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra félagsfunda.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Félagsfundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu menntamálaráðherra. Skal krafan gerð skriflega, fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan þriggja daga.

7. gr.

Stjórn skal boða til félagsfunda með tilkynningu til eiganda sameignarfélagsins í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund og félagsfundi skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Aðalfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækir eigandi sameignarfélagsins. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan hálfs mánaðar með þriggja daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækir eigandi sameignarfélagsins eða umboðsmaður hans.

Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

8. gr.

Eigandi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmanni heimild til að sækja félagsfundi og koma þar fram fyrir sína hönd.

Tillögur að breytingum á stofnsamningi þessum, svo sem um sölu eignarhluta, um sameiningu félagsins við önnur félög eða fyrirtæki, eða um slit félagsins, má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði. Ákvörðun um sölu eignarhluta,

sameiningu félagsins við önnur félög eða fyrirtæki eða slit félagsins er óheimil nema að fengnu samþykki Alþingis.

9. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á félagsfundum.

10. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

11. gr.

Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins sf. nær einkum til eftirfarandi þátta í starfi félagsins:

a. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
b. Að taka ákvarðanir um lán til þarfa félagsins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 10% af veltu (rekstrartekjum í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf stjórn félagsins að leita samþykkis eiganda félagsins, sbr. 1. mgr. 7. gr.
c. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna. Meðal slíkra ákvarðana má nefna kaup og sölu hluta í öðrum félögum, nýja starfsemi á vegum félagsins og að leggja niður tiltekna starfsemi sem félagið hefur haft með höndum, sem og önnur þýðingarmestu verkefni félagsins.
d. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
e. Að gefa út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt.

Að öðru leyti en að framan greinir gætir stjórn félagsins hagsmuna eiganda og sér til þess að starfsemi þess sé í samræmi við lög, reglur og stofnsamning þennan.

12. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á útvarpsstjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

13. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra (útvarpsstjóra) og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Útvarpsstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Útvarpsstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

14. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöðu sína fyrir aðalfund. Endurskoðandi má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

15. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

16. gr.

Stofnsamningi þessum má breyta á lögmætum aðalfundi með samþykki eiganda sameignarfélagsins.

17. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem breytingar á stofnsamningi þessum. Þarf atkvæði eiganda til að ákvörðun um slit sé gild. Félagsfundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Ákvörðun um sölu eignarhluta, sameiningu félagsins við önnur félög eða fyrirtæki eða slit félagsins er óheimil nema að fengnu samþykki Alþingis.

18. gr.

Þar sem ákvæði stofnsamnings þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta almennum reglum sem gilda um sameignarfélög, svo og lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Stofnsamningur Ríkisútvarpsins sf. sem samþykktur var á stofnfundi félagsins.

Fylgiskjal II.

Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.

1. gr. (áður 12. gr.)

Eigandi viðtækis sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot

fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.

Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

2. gr. (áður 13. gr.)

Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 12. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Hver sá er fæst við sölu viðtækja skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

3. gr. (áður 14. gr.)

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.

4. gr. (áður 15. gr.)

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur viðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 13. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

5. gr. (áður 16. gr.)

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

6. gr. (áður 17. gr.)

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Lögtaksréttur er fyrir ógreiddum útvarpsgjöldum, álagi skv. 1. mgr., vöxtum og innheimtukostnaði.

7. gr. (áður 18. gr.)

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði skv. 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Ákvæði 1., 2., 3. og 5. gr. falla úr gildi 1. janúar 2008, en ákvæði 4., 6. og 7. gr. falla úr gildi 1. janúar 2011.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sameignarfélag í eigu ríkissjóðs um rekstur Ríkisútvarpsins sem taki yfir eignir og skuldir þess. Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda og álagningu sérstaks útvarpsgjalds. Í þriðja og síðasta lagi eru gerðar breytingar á stjórnun. Í athugasemdum við frumvarpið eru boðaðar breytingar á fjármögnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður Ríkisútvarpið rekið sem sameignarfélag í eigu ríkisins en ekki sem ríkisfyrirtæki. Það þýðir að fjárreiður hins nýja félags verða væntanlega sýndar í E-hluta ríkisins, en til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira en ekki í B-hluta ríkisins þar sem Ríkisútvarpið hefur verið. Hið nýja fyrirtæki mun fá fjárveitingu frá A-hluta ríkissjóðs sem svarar til tekna af sérstökum skatti, útvarpsgjaldi, á sama hátt og Ríkisútvarpið hefur fengið fjárveitingu vegna tekna af afnotagjöldum. Gjaldstofn, álagning og innheimta munu hins vegar breytast eins og greint verður frá síðar.

Þessi formbreyting, þ.e. flutningur úr B-hluta í E-hluta, hefur að því talið er engin áhrif á ábyrgð ríkisins á rekstri og skuldbindingum. Hins vegar verður félagið losað undan ýmsum lögum og reglum sem gilda sérstaklega um ríkisrekstur svo sem varðandi fjárreiður, upplýsingagjöf, starfsmannahald og lántökuheimildir. Frumvarpið gerir ráð fyrir vissri takmörkun á heimild stjórnar til að skuldbinda sameignarfélagið fjárhagslega, og þar með ríkissjóð.

Samkvæmt 11. gr. fumvarpsins er lagt til að Ríkisútvarpið sf. hafi fastar tekjur af sérstökum skatti, útvarpsgjaldi, sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun hafi óveruleg áhrif á útgjöld skattstofa og innheimtumanna, en innheimta afnotagjalda kostar Ríkisútvarpið nú um 80 m.kr. á ári og ætti sú fjárhæð að sparast að mestu leyti.

Skylda til að greiða útvarpsgjald mun hvíla samkvæmt frumvarpinu á öllum einstaklingum sem eru heimilisfastir hér á landi og þeim sem dvelja hér á landi lengur en 183 daga á ári eða hverju tólf mánaða tímabili. Undanþegnir skattinum eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður samkvæmt lögum um sjóðinn. Samkvæmt álagningarskrá ríkisskattstjóra árið 2004 vegna tekna á árinu 2003 greiddu 160.520 einstaklingar gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og hafði þeim fjölgað um 1,9% frá árinu áður. Að auki skulu lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild vera skattskyldir, þó ekki dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar sem eru undanþegnir skattskyldu svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og

sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru 31.779 lögaðilar á skattgrunnskrá við álagningu 2004 og þar af voru 23.621 aðilar tekju- og eignarskattsskyldir. Af þeim fjölda skiluðu 16.443 framtali en áætlað var á 7.178 og kunna sumir þeirra að hafa skilað framtali síðan. Gera verður ráð fyrir að ekki takist að innheimta skattinn hjá öllum sem það verður formlega lagt á, eins og gildir um afnotagjöldin. Miðað við 13.500 kr. gjald á ári og 1,5% fjölgun greiðenda milli ára má reikna með að um það bil 183 þúsund aðilar greiddu gjaldið í ár ef það væri lagt á og að það skilaði um 2.470 m.kr. nettó.

Til samanburðar eru bruttótekjur af afnotagjöldum áætlaðar 2.516 m.kr. í fjárlögum 2005 og þar af er áætlað að innheimtar verði 2.450 m.kr. en 66 m.kr. verði afskrifaðar. Samkvæmt þessum forsendum skilar hinn nýi skattstofn því sama og afnotagjöldin. Til viðbótar kemur að boðað er lagafrumvarp sem leiði til þess að hið nýja félag taki ekki þátt í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar sem lækkar útgjöld þess um 120 m.kr. á ári og að 80 m.kr. árlegur sparnaður ætti að nást með breyttum álagningar- og innheimtuaðferðum.

Í 12. tölul. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpinu sf. sé skylt að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps en í 12. gr. er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti óskað eftir því að fyrirtækið leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða, sem ljóst er að ekki skili arði og skal þá gera um þær samning. Fjármálaráðuneytið telur að meta þurfi hvert tilefni með tilliti til þess hvort það varði nauðsynlega öryggisþjónustu sem fjármagna skal af tekjum af útvarpsgjaldi eða útgjöld sem ekki eru nauðsynleg vegna öryggis en eru til almennaheilla í öryggisskyni eða vegna byggðasjónarmiða. Ekki eru forsendur til að meta hvaða fjárhæðir gæti verið um að ræða.

Samkvæmt fyrsta bráðabirgðaákvæði lagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að ríkið leggi allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til sameignarfélagsins. Samkvæmt ríkisreikningi 2003, sem er síðasti reikningur sem liggur fyrir, námu eignir Ríkisútvarpsins liðlega 4,6 milljörðum króna í lok þess árs. Þar af voru fastafjármunir metnir á 3,8 milljarða króna en veltufjármunir stóðu í 0,8 milljörðum. Á móti komu tæplega 4,6 milljarðar í skuldir og nam eigið fé stofnunarinnar 88 m.kr. í árslok. Mestu munaði um nálægt 2,6 milljarða króna skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og er áætlað að afborgun af skuldabréfinu sé um 220 m.kr. í ár.

Í öðru bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er fjallað um breytingar sem snúa að starfsmönnum og lagt til að þeir sem eru fastráðnir eigi rétt á störfum hjá hinu nýja félagi, sambærilegum og þeir gegndu hjá Ríkisútvarpinu. Um biðlaunarétt fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu eiga 163 starfsmenn biðlaunarétt að upphæð 467 m.kr. Hins vegar eru ekki forsendur til að áætla að hvaða leyti mun reyna á þetta. Útgjöld sem af þessu kunna að leiða lenda á hinu nýja fyrirtæki samkvæmt fyrsta bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Ríkisútvarpið er skuldbundið til að greiða 25% af hallarekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt lögum um hljómsveitina. Lagafrumvarpið felur ekki í sér breytingu á þessu en í athugasemdum er boðað sérstakt frumvarp til breytinga á lögum um Sinfóníuhljómsveitina þar sem m.a. greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins verði felld niður. Í fjárlögum 2005 er gert ráð fyrir að greiðsluþátttakan nemi 119 m.kr.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni útgjöld A-hluta ríkisins ekki breytast.

975. Frumvarp til laga [644. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „56%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 81%.
b. B-liður 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að fella niður ákvæði laga um Ríkisútvarpið er varðar þátttöku þess í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Með lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, var mælt fyrir um hvernig standa skyldi að rekstri sinfóníuhljómsveitarinnar. Skv. 1. mgr. 3. gr. laganna var mælt fyrir um greiðsluþátttöku eftirfarandi aðila og var hún svohljóðandi:

	Aðili	**Greiðsluþátttaka**
a.	Ríkissjóður	56%
b.	Ríkisútvarpið	25%
c.	Borgarsjóður Reykjavíkur	18%
d.	Bæjarsjóður Seltjarnarness	1%

Frumvarp þetta er liður í endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins. Í menntamálaráðuneytinu hefur verið unnið að samningu frumvarps þar sem ráðgert er að breyta rekstri Ríkisútvarpsins þannig að sameignarfélag verði stofnað og taki við rekstri þess. Með frumvarpinu er ráðgert að fella úr gildi þá lagaskyldu sem falist hefur í b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að teknu tilliti til þessarar breytingar er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar og því er lagt til að menntamálaráðuneytið tilnefni mann í stjórn.

Í ljósi þessa er lagt til með frumvarpi þessu að sú lagaskylda sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu að greiða 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði felld niður og að framlag ríkissjóðs hækki sem nemur framlagi Ríkisútvarpsins, þ.e. úr 56% í 81%.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið. Það felur í sér tillögu um að ríkissjóður beri 25% hlut Ríkisútvarpsins í rekstri hljómsveitarinnar og breytingar á skipan stjórnar sem þessu tengjast. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að það auki útgjöld ríkisins um 118,5 m.kr. á ári m.v. forsendur í fjárlögum fyrir árið 2005.

976. Fyrirspurn [645. mál]

til félagsmálaráðherra um leigulóðarréttindi sumarhúsaeigenda.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver er réttur þeirra sem leigja lóð af landeiganda undir sumarbústað til að bregðast við óeðlilegri hækkun afgjalda eða annarri skerðingu réttinda?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að réttur lóðarleiguhafa í þessu sambandi verði skilgreindur nánar í lögum?

977. Svar [625. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.

1. *Í hve mörg ár hefur Hegningarhúsið við Skólavörðustíg verið rekið á undanþágum frá heilbrigðisyfirvöldum?*

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er rekstur fangelsa starfsleyfisskyldur og skulu fangelsi m.a. uppfylla kröfur reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti. Frá 1998 hefur þrisvar sinnum verið veitt starfsleyfi fyrir Hegningarhúsið til bráðabirgða, í tvö ár í senn, og samkvæmt leyfisveitingu frá 10. febrúar 2004 hefur fangelsið nú starfsleyfi til 10. febrúar 2006.

2. *Hvaða atriði hafa heilbrigðisyfirvöld gert athugasemdir við og hvað hefur verið gert til að bæta úr þeim?*

Frá 1998 hefur heilbrigðiseftirlit og síðan umhverfis- og heilbrigðissvið Reykjavíkur skoðað Hegningarhúsið reglulega. Bent hefur verið á ýmislegt vegna húsnæðis og aðbúnaðar, misveigamikið, en til eru skráðar athugasemdir um eftirtalin atriði:

Við eftirlit heilbrigðiseftirlits í desember 1999 kom eftirfarandi í ljós:

1. Eldhúsinnréttingar í móttökueldhúsi á 1. hæð voru úr sér gengnar. Einnig var gólfefni lélegt. Eldhúsið stóðst ekki kröfur sem gerðar eru til móttökueldhúss.
2. Flísar á gólfi innra baðherbergis voru brotnar og lagnir frá handlaug lekar. Eins voru flísar á veggjum salerna sums staðar illa farnar.
3. Þröskuldar voru slitnir.
4. Ristar yfir loftræstingum og opnanlegum fögum voru óhreinar.
5. Gólf einangrunarklefa voru grómtekin.

Ráðist var í eftirfarandi umbætur vegna framangreindra athugasemda:

1. Gagnger endurnýjun fóru fram á eldhúsi fangelsisins árið 2000. Skipt var um allar innréttingar.
2. Flísar voru lagfærðar og pípulagnir endurnýjaðar.
3. Endurbætur voru gerðar á þröskuldum þar sem þörf var á. Nokkrir sem voru mjög slitnir voru lagaðir, aðrir sem voru óþarfir fjarlægðir.
4. Reglulega er farið yfir ristar og þær hreinsaðar.
5. Gólf einangrunarklefa voru lagfærð.

Skipt var um glugga og gluggabúnað í tveimur fangaklefum árið 2001 að kröfu heilbrigðiseftirlits vegna leka og fúa.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur kom í reglubundið heilbrigðiseftirlit í Hegningarhúsið í október 2002. Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

1. Í aðstöðu fanga á gangi, þar sem voru vaskaborð og skápar, var innréttingin slitin og erfið í þrifum. Fram kom að þetta þyrfti að lagfæra strax.
2. Rakaskemmdir í útveggjum læknastofu/skoðunarstofu. Fram kom að komast þyrfti fyrir orsök leka og lagfæra skemmdir, auk þess sem rýmið þarfnaðist málningar.
3. Á gestasalerni við klefa 2–3 vantaði fljótandi handsápu og einnota handþurrkur.

Eftirfarandi umbætur voru gerðar í kjölfarið:

1. Ný innrétting var sett upp í aðstöðu fanga á fangagangi.
2. Læknastofa var máluð og útveggir lagfærðir. Eftir að breyting var gerð á jarðvegshæð og hellur lagðar á Skólavörðustíg fyrir utan fangelsisbygginguna hefur raki í veggjum minnkað.
3. Fljótandi sápa og einnota handþurrkur eru við vaska á öllum salernum og við aðrar handlaugar og sturtur.

Í framhaldi af reglubundnu eftirliti í ágúst 2004 fundaði forstjóri Fangelsismálastofnunar og forstöðumaður fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu með umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um framtíð fangelsisins og áætlanir um byggingu nýs fangelsis í Reykjavík. Umhverfis- og heilbrigðisstofa óskaði í framhaldinu eftir fundi með dóms- og kirkjumálaráðherra um þessi mál og var hann haldinn í september 2004. Ekki komu fram sérstakar sundurliðaðar ábendingar eða aðfinnslur varðandi Hegningarhúsið á þessum fundum aðrar en þær að aðstæður í fangelsinu bæru þess merki að það hafi verið tekið í notkun árið 1874 og stæðist ekki þær kröfur sem gerðar séu til fangelsa í dag.

4. *Hefur ríkið þurft að greiða dagsektir vegna þeirra tímamarka sem undanþágur heilbrigðisyfirvalda hafa kveðið á um í þeim tilvikum þegar ekki hefur verið ráðist í úrbætur? Ef svo er, hversu háar fjárhæðir er um að ræða?*

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um þetta hjá forstöðumanni fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu eða Fangelsismálastofnun ríkisins.

5. *Eru lagaheimildir fyrir því að undanþiggja ríkið dagsektum í þeim tilvikum þegar ekki er farið að kröfum opinberra eftirlitsaðila um úrbætur á húsnæði og/eða aðbúnaði í fangelsum og sett tímamörk eftirlitsaðila ekki virt?*

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um þetta atriði.

6. *Á hvern hátt er réttur fanga sem dvelja í Hegningarhúsinu til vinnu, náms og líkamsþjálfunar tryggður samkvæmt ákvæðum laga?*

Fangelsið er aðallega notað sem móttökufangelsi og dvelja flestir fangar þar í stuttan tíma. Ekki er sérstök aðstaða til skólahalds fyrir fanga og ekki er aðstaða til sérstakrar fangavinnu á verkstæði eða í vinnusal. Í fangelsinu er unnt að vista 14 afplánunarfanga og af þeim hafa jafnan tveir fasta vinnu við ræstingar, þrif, umhirðu og eftirlit með eldhúsi og matarbökkum og þess háttar. Þess utan sjá fangar einnig um alla vinnu sem til fellur í fangahluta og útivistaraðstöðu vegna viðhalds og umhirðu, svo sem smálagfæringar, málningarvinnu, slátt, lóðarhirðingu og þessháttar. Þetta teljast hins vegna ígrip en ekki föst verkefni. Einn klefi fangelsisins er notaður til líkamsræktar. Þar er pláss fyrir þrekhjól og handlóð. Útivistargarður er mikið notaður, bæði sumar og vetur. Þar er hægt að spila knattspyrnu á litlum velli og skjóta á körfu. Fangar fá rúman tíma til útivistar, sérstaklega þegar vel viðrar.

7. *Hefur Evrópunefnd um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin) gert athugasemdir við aðbúnað fanga í Hegningarhúsinu? Ef svo er, hve oft og hvað fólst í þeim athugasemdum og hvað hefur verið gert til úrbóta?*

Eftir heimsókn CPT-nefndarinnar 1993 var gerð athugasemd vegna lítils birtuflæðis inn um fimm glugga á fangaklefum í austurálmu Hegningarhússins. Skipt var um þá glugga og sett í staðinn hert öryggisgler sem hleypir inn meiri birtu, ásamt opnanlegu fagi. Í þeirri heimsókn var einnig bent á að taka ætti klefa 13 og 14 úr notkun til vistunar fanga og var það gert og þeim breytt í sjónvarpsherbergi og æfingaherbergi. Hvað varðar athugasemd nefndarinnar um verkefnaskort fanga í Hegningarhúsinu vísast til svars við 6. lið, en eins og þar kemur fram er hvorki aðstaða í húsinu fyrir skólahald eða reglulega vinnu fanga.

Í heimsókn CPT-nefndarinnar 1998 var lýst ánægju með að föngum hefði fækkað í Hegningarhúsinu og að farið hefði verið að ábendingum vegna slæmrar birtu í sumum klefum og að klefar 13 og 14 hefðu verið teknir úr notkun. Áfram var gerð athugasemd við slakan aðbúnað fanga varðandi vinnu, nám og tómstundir. Í heimsókn CPT-nefndarinnar 2004 var sérstaklega tekið fram að þrátt fyrir aldur og aðstöðuskort í Hegningarhúsinu ynnu starfsmenn þar gott og faglegt starf, vinnuandi væri góður og þægilegt andrúmsloft milli starfsmanna og fanga. Enn var bent á skort á aðstöðu til mismunandi verkefna fyrir fanga.

Eins og rakið er í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn um breytingar í fangelsismálum fyrr á þessu þingi er það mat Fangelsismálastofnunar að leggja þurfi niður fangelsisrekstur í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg á næstu árum. Gert er ráð fyrir að í stað Hegningarhússins og fangelsisins í Kópavogi verði horft til frekari uppbyggingar og umbóta á núverandi fangelsum á Litla-Hrauni, Kvíabryggju og Akureyri auk nýbyggingar á Hólmsheiði. Ekki er á þessari stundu unnt að tímasetja einstakar framkvæmdir eða hvenær Hegningarhúsinu verður lokað.

978. Frumvarp til laga [646. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur maður lokið samfelldri afplánun refsivistar sem staðið hefur a.m.k. síðustu 12 mánuði, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist, og skal hann þá hafa rétt til atvinnuleysisbóta þó að hann uppfylli ekki skilyrði 4. tölul. 1. mgr., enda uppfylli hann önnur skilyrði til greiðslu bótanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 117. löggjafarþingi og aftur á 120. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er flutt að nýju nær óbreytt.

Í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, er gert ráð fyrir að hafi einstaklingur verið sviptur frelsi sínu með dómi geti hann geymt áunninn rétt til atvinnuleysisbóta í allt að tvö ár meðan á afplánun dóms stendur. Hins vegar er ljóst að fæstir þeirra sem afplána dóm um lengri eða skemmri tíma hafa stundað vinnu reglubundið. Í þeim tilvikum er því ekki um neinn áunninn rétt að ræða sem þessir einstaklingar geta nýtt sér að aflokinni fangelsisvist. Því er lagt til að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt til hagsbóta fyrir þá sem koma atvinnulausir úr fangelsi.

Eins og lög um atvinnuleysistryggingar eru nú verða menn að uppfylla lágmarksvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Engin undanþága er frá því ákvæði sem um ræðir, þ.e. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, til hagsbóta fyrir þá sem er ókleift að uppfylla þetta skilyrði þar sem þeir hafa verið sviptir frelsi sínu með refsidómi á umræddu tímabili. Ekki er þó nein ástæða til að ætla að fyrir löggjafanum hafi vakað að gera rétt manna minni fyrir að hafa setið af sér refsidóm.

Ekki er eðlilegt að láta menn uppfylla skilyrði ákvæðisins með þeirri vinnu sem stendur til boða í fangelsum, enda er sjaldnast um að ræða fullan vinnudag. Þá er sökum aðstæðna í fangelsunum ekki vinnu að hafa í þeim öllum. Fangar geta að auki ekki ráðið sjálfir í hvaða fangelsi þeir afplána refsinguna heldur er sú ákvörðun tekin af Fangelsismálastofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þeir sem hafa afplánað skemmri dóm en eitt ár geti unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta á þennan hátt. Gert er ráð fyrir að undanfarandi gæsluvarðhald teljist til afplánunar í þessu sambandi ef afplánun kemur í beinu framhaldi og viðkomandi hefur ekki verið frjáls maður á milli gæsluvarðhalds og afplánunar. Einnig er gert ráð fyrir að einungis með samfelldri afplánun geti maður aflað sér réttarins á þennan hátt.

979. Tillaga til þingsályktunar [647. mál]

um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Jón Bjarnason,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka auk formanns sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar til að hafa yfirumsjón með og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar samhliða brottför hersins. Nefndin kanni einnig rækilega möguleika á að auka hvers kyns borgaralega atvinnustarfsemi í tengslum við flugvöllinn og geri tillögur um aðgerðir í því skyni. Nefndin leiti eftir hugmyndum og þátttöku heimamanna á Suðurnesjum í starfi sínu og eigi við þá náið samstarf. Nefndin skili ráðherra skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 2005.

Greinargerð.

Síðastliðin 15 ár hafa bandarísk stjórnvöld dregið mjög úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Áhugi bandarískra hermálayfirvalda á því að draga enn frekar saman seglin og leggja herstöðina jafnvel niður hefur komið skýrt fram á allra síðustu árum. Slíkt þarf ekki að koma neinum á óvart í ljósi þess hve mikið hefur dregið úr spennu í okkar heimshluta frá því sem var undir lok 9. áratugarins. Í reynd er staðan sú að herinn er og hefur verið að fara í áföngum á undanförnum árum og ekkert bendir til annars en að sú þróun haldi áfram. Samhliða henni er eðlilegt að afnot af landsvæðum, húsnæði og annarri aðstöðu verði borgaraleg og að þeir möguleikar sem þannig skapast verði nýttir til að byggja upp annars konar umsvif sem efla atvinnulíf á svæðinu.

Gildistími síðustu bókunar sem gerð var af ríkisstjórnum Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarsamningsins frá 1951 rann út í apríl 2001. Engum hefur dulist að íslensk stjórnvöld þrýsta á um áframhaldandi rekstur herstöðvarinnar og hafa gert að sérstöku baráttumáli að halda hér í fjórar herþotur. Þessar kröfur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til þess að hvorki gengur né rekur í viðræðum um framhaldið og óvissan hangir yfir heimamönnum á Suðurnesjum og öðrum sem sótt hafa vinnu sína á völlinn. Á meðan fara Bandaríkjamenn sínu fram og segja upp fólki og gera breytingar í rekstri alfarið á sínum forsendum. Nýleg dæmi eru uppsagnir í slökkviliðinu og skert þjónusta við brautir flugvallarins.

Eins og fram kemur í fylgiskjali IV hefur hermönnum á Keflavíkurflugvelli fækkað um 56% frá árinu 1990 og flugvélum herliðsins þar um 70% á sama tímabili. Þessari þróun í átt til afvopnunar ber að fagna. Jafnvel fylgismenn herstöðvarinnar hljóta að viðurkenna að þessi þróun er rökrétt í ljósi þess að sá óvinur sem notaður var til að réttlæta veru Bandaríkjahers á Íslandi er ekki lengur til staðar.

Það gefur augaleið að fyrrgreindar breytingar hafa haft mikil áhrif á atvinnu Íslendinga af þjónustu við herinn og starfsemi sem honum tengist. Íslenskir starfsmenn hersins voru 674 um áramótin 2004–2005 og hafði þá fækkað um tæp 40% frá árinu 1990. Ef litið er til heildarfjölda þeirra starfa sem herinn ber kostnað af, þ.e. bæði starfsmanna hans og starfsfólks verktaka og stofnana sem þjónusta herinn, þá hefur þeim fækkað gríðarlega á síðustu tveimur árum. Þannig nam fækkunin á tímabilinu 30. apríl 2003 til 31. desember 2004 a.m.k. 535 störfum. Í því sambandi er afar eftirtektarvert að þessa sér ekki eins stórlega stað og ætla

mætti í atvinnuleysistölum á Suðurnesjum án þess að lítið sé gert úr þeim vanda sem þetta hefur skapað, sérstaklega fyrir viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur.

Samdrátturinn í starfsemi herstöðvarinnar á undanförnum 15 árum og sterkar vísbendingar um enn frekari samdrátt sýna að engin framtíð er í því fyrir Suðurnesjamenn að horfa til hersins sem einnar af undirstöðum atvinnulífs á svæðinu. Þrátt fyrir að ekki séu öll kurl komin til grafar varðandi afleiðingarnar af hinni miklu fækkun frá því í apríllok 2003 má segja að skammtímaáhrif hennar bendi í það minnsta til þess að atvinnulífið á suðvesturhorninu þurfi ekki eins tilfinnanlega á herstöðinni að halda og margir hafa viljað halda fram.

Flutningsmenn telja að nú séu uppi nánast sögulegar aðstæður til þess að binda endi á veru herliðsins á Keflavíkurflugvelli og þær harðvítugu deilur sem um herstöðina hafa staðið á Íslandi í meira en hálfa öld. Hin langa herseta hefur markað sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddu af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. En verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar. Gjaldeyristekjur sem leitt hafa af henni hafa minnkað að raungildi á undanförnum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi. Þar að auki er enginn vafi á því að ýmiss konar atvinnustarfsemi gæti komið í stað þjónustu við herstöðina og auðveldað þær breytingar sem brottför hersins hefur í för með sér. Ef stjórnvöld og heimamenn taka höndum saman og skapa hagstæð skilyrði til atvinnuþróunar og nýsköpunar, m.a. með því að bjóða fram þá aðstöðu sem losnar til borgaralegrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli samhliða áframhaldandi samdrætti og síðan brottför hersins er ekki ástæða til annars en bjartsýni í þeim efnum. Ljóst er að bæta þarf fyrir ýmis spjöll á íslenskri náttúru og leggja í vinnufrekar aðgerðir til að hreinsa þau svæði sem hafa orðið fyrir mengun af völdum hersetunnar og eðlilegt að semja um þátttöku Bandaríkjamanna í þeim kostnaði.

Borgaraleg flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist mjög á síðustu árum. Þannig fjölgaði t.d. komufarþegum úr 514 þús. árið 2002 í 573 þús. árið 2003 og aftur í 693 þús. á síðasta ári samkvæmt upplýsingum á vef Samtaka ferðaþjónustunnar. Heildarfjöldi farþega sem fór um Flugstöð Leifs Eiríkssonar jókst um 20% milli áranna 2003 og 2004, úr 1.370 þús. í 1.640 þús. manns. Ný spá breska fyrirtækisins BAA Plc. gerir ráð fyrir að þessi fjöldi tvöfaldist á næstu tíu árum og verði um 3,1 milljón manns árið 2015. Þetta er 10% meiri fjöldi en síðasta spá BAA hljóðaði upp á og hlýtur að vera til marks um bjarta tíma fram undan í þjónustu við borgaralega flugumferð á Keflavíkurflugvelli. Líklegt verður að telja að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst á ýmsan hátt í því sambandi.

Þó svo að flest bendi til að miðstöð innanlandsflugs verði áfram á Reykjavíkurflugvelli, a.m.k. fram um 2016, er einnig líklegt að vaxandi þrýstingur verði á uppbyggingu innanlandsflugs af landsbyggðinni sem tengist millilandafluginu í Keflavík. Slíkt tengiflug mundi gagnast mjög vel í uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni og mæta þörfum fyrir að dreifa álagi af ört vaxandi ferðamannastraumi um landið. Slík tenging mundi einnig nýtast þeim íbúum landsbyggðarinnar sem ferðast til og frá landinu og eiga ekki annað erindi til Reykjavíkur en að fara þar í gegn á leið sinni til Keflavíkur.

Vaxtarmöguleikarnir liggja þó ekki aðeins í farþegaflugi. Rétt er að vekja athygli á því að með væntanlegri aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) munu þarlend stjórnvöld að öllu óbreyttu heimila flug yfir Síberíu. Þar með opnast möguleikar á nýjum og hagkvæmari leiðum fyrir alþjóðlegt fraktflug yfir norðanverða Síberíu. Keflavíkurflugvöllur gæti þá orðið tengiflugvöllur fyrir fraktflutninga milli Ameríku, Asíu og Evrópu. Einnig hefur verið bent á möguleika sem gætu falist í uppbyggingu viðhaldsaðstöðu og lagerþjónustu fyrir flug þegar mikið af hentugu húsnæði til slíkra hluta losnar með minnkandi umsvif-

um og að endingu brottför hersins. Ýmis annar iðnaður og þjónusta tengd flugi og ferðaþjónustu gæti án efa dafnað á flugvallarsvæðinu og nýtt aðstöðu sem losnar til borgaralegra nota þegar um slíkt semst. Enn aðrir benda á möguleika Keflavíkurflugvallar og svæðisins sem miðstöðvar fyrir hraðflutningaþjónustu.

Loks er rétt að nefna hugmyndir sem komnar eru frá Flugvirkjafélagi Íslands um nýtingu á aðstöðu í flugskýli nr. 885, sem áður hýsti ratsjárflugvélar hersins, til þess að annast breytingar á stórum flugvélum, sbr. fylgiskjal VI. Allt sem þarf til slíkrar starfsemi er til staðar hér á landi nema nógu stórt flugskýli en kostnaður við að reisa slíka byggingu hleypur á milljörðum. Því hafa flugvirkjar horft til þess möguleika að nýta umrætt flugskýli, enda svo komið að einungis þyrlusveit hersins hefur þar aðstöðu og nýtir húsnæðið ekki nema að litlum hluta.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa ávallt talað fyrir því að Ísland yrði herlaust land og hvatt til þess að Bandaríkjamönnum yrði gert að hverfa með herlið sitt af landi brott enda er herstöðin á Miðnesheiði hluti af heildarvígbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og NATO. Kjarnorkuvopnastefna Bandaríkjamanna og NATO er óbreytt, þ.e. að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði (e. first use policy). Einnig er sú stefna óbreytt að veita ekki neinar upplýsingar um þann vígbúnað sem er til staðar á Keflavíkurflugvelli eða hvers konar vopn Bandaríkjaher flytur um flugvöllinn þegar svo ber undir.

Nú er svo komið að íslensk yfirvöld sækjast eftir áframhaldandi veru herliðsins á Miðnesheiði fyrst og síðast af efnahagslegum ástæðum, þótt annað sé látið í veðri vaka. Rök fyrir nauðsyn þess að hér séu fjórar gamlar óvopnaðar herþotur til loftvarna, hvað sem það kostar, halda auðvitað ekki vatni. Því þykir flutningsmönnum ástæða til að beina sjónum að efnahags- og atvinnuþættinum umfram aðra. Aldrei hefur þótt hátt risið á þeim málflutningi að hér ætti að vera erlendur her í landinu til þess eins að græða á honum peninga. Sá þáttur er nú hvort eð er orðinn óverulegur og engin ástæða til annars en bjartsýni um framtíðina á Suðurnesjum, þ.e. ef menn snúa sér að því að takast á við hana í stað þess að ríghalda í óbreytt ástand með tilheyrandi óvissu. Öll önnur rök fyrir tilvist herstöðvarinnar eru löngu fallin hafi þau einhver verið.

Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfrar aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum og vinnu sem hefst í framhaldi af samþykkt tillögunnar.

Með tillögunni voru þrjú fylgiskjöl sem eru samhljóða fylgiskjölum í þskj. 9 Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar (9. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 488–495:

I. Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.
II. Bókun 1994. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)
III. Bókun 1996. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Fylgiskjal IV.

Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins:

Mannafli og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
(Febrúar 2005.)

Í lok desembermánaðar 2004 voru alls um 1.453 hermenn í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ásamt fjölskyldum þeirra og um 100 bandarískum borgaralegum starfsmönnum sem annast sérhæfð störf voru samtals um 3.335 manns hér á landi á vegum varnarliðsins. Þá voru íslenskir starfsmenn 674 að tölu í lok mánaðarins.

Fjöldi varnarliðsmanna hefur breyst eins og hér segir á undanförnum árum:

	Hermenn	Þar af flugher	Með fjölskyldum	Íslenskir starfsmenn
1. mars 1990	3.294	1.335	4.987	1.086
1. jan. 1994	2.877	1.160	5.709	910
1. júlí 1995	2.280	796	4.742	951
1. jan. 1996	2.149	687	4.440	882
1. júlí 1997	2.019	699	4.265	883
1. júlí 2000	1.900	642	4.000	916
1. okt. 2001	1.898	635	4.000	870
1. okt. 2002	1.924	632	3.953	910
1. apríl 2003	1.946	653	4.035	897
1. okt. 2003	1.907	708	4.016	894
1. jan. 2004	1.889	733	4.047	885
1. apríl 2004	1.771	706	4.066	785
1. júlí 2004	1.693	720	3.844	754
1. okt. 2004	1.554	690	3.492	712
1. jan. 2005	1.453	672	3.335	674

Hafa ber í huga að fjöldi hermanna er nokkuð breytilegur eftir því hvort allar stöður eru mannaðar. Mannafli er jafnan í lágmarki í árslok og fjöldi íslenskra starfsmanna í hámarki á sumrin. Þá eru gjarna sveiflur í fjölda liðsmanna flughersins eftir því hversu mikill mannafli fylgir orrustu- og eldsneytisflugvélum sem hér eru starfræktar hverju sinni. Fækkun hermanna á árunum 1990 til 1994 stafaði m.a. af fækkun í flughernum, m.a. með brottför ratsjárflugvéla og fækkun orrustuþotna svo og fækkun eftirlitsflugvéla flotans. Samt sem áður jókst heildarfólksfjöldi á Keflavíkurflugvelli í fyrstu sökum 40% aukningar sem varð á íbúðarhúsnæði fyrir fjölskyldur og gátu þá allir varnarliðsmenn sem vildu haft fjölskyldur sínar hjá sér. Fækkun frá janúar 1994 stafaði af frekari fækkun í flughernum í framhaldi af samkomulagi þar um og fækkun í eftirlitsflugsveit flotans og lokun fjarskiptastöðva. Íslenskum starfsmönnum fækkaði á fyrri helmingi þessa tímabils vegna strangra aðhaldsaðgerða Bandaríkjastjórnar við ráðningar í störf sem losnuðu og lítið eitt vegna færslu þjónustustarfa til verktaka.

Heildarmannfjöldi á vegum varnarliðsins stóð þó í stað til ársins 2004 enda var fækkun til þess tíma einkum í röðum hermanna sem dvelja í varnarstöðinni í skamman tíma án fjöl-

skyldna og samtímis fjölgaði í fjölskylduliði hinna. Lítil öryggissveit úr landgönguliði flotans var kölluð heim árið 2003 og eftirlitsflugsveit flotans sem lauk venjubundinni sex mánaða dvöl í febrúarmánuði árið 2004 var ekki leyst af hólmi. Þá var starfsemi viðgerðarstöðvar og stjórndeildar eftirlitsflugvélanna hætt á sama ári og skýrir það fækkun liðsmanna undanfarna 12 mánuði.

Alls hefur flugvélum varnarliðsins fækkað um 70% og hermönnum um 56% frá árinu 1990. (Flugvélum úr 37 í 10 til 12 og hermönnum úr 3.294 í 1.453.) Um 230 íslenskir starfsmenn hafa hætt störfum eða horfið á brott vegna hagræðingaraðgerða frá 1. nóvember 2003 en auk rúmlega 670 íslenskra starfsmanna varnarliðsins sjálfs starfa nú um 450 manns að jafnaði hjá verktökum og stofnunum eins og Ratsjárstofnun sem annast þjónustu við varnarliðið. Stærstu verktakafyrirtækin á Keflavíkurflugvelli eru Íslenskir aðalverktakar og Keflavíkurverktakar og annast þau fyrst og fremst verklegar framkvæmdir. Þá má telja Kögun og Olíufélagið auk annarra þjónustuverktaka. Ríkisstofnanir sem annast starfsemi tengda varnarliðinu eru auk Ratsjárstofnunar: sýslumannsembættið, flugvallarstjóri og Veðurstofa Íslands með samtals rúmlega 180 starfsmenn sem ekki eru taldir með í ofangreindri samantekt utan fáeinir lögreglumenn og tollverðir sem varnarliðið ber beinan kostnað af. Engir íslenskir starfsmenn búa á varnarsvæðinu og laun þeirra og önnur kjör eru samkvæmt samningum á íslenskum vinnumarkaði.

Varnarliðið er samsett úr deildum bandarískra flughersins sem annast loftvarnir og Bandaríkjaflota sem annast rekstur varnarstöðvarinnar. Flotastöðin, eða flugbækistöð flotans á Keflavíkurflugvelli, rekur öll mannvirki og þjónustu á varnarsvæðinu svo sem flugvöllinn, húsnæði, veitukerfi, mötuneyti, veitingastaði, verslanir, skóla og tómstundastarfsemi af ýmsu tagi sem gerir varnarliðsmönnum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa sem eðlilegustu lífi.

Flestir íslenskir starfsmenn varnarliðsins starfa hjá flotastöðinni. Má þar nefna stofnun verklegra framkvæmda sem m.a. annast viðhald og rekstur mannvirkja og veitukerfa; tómstundadeild sem rekur íþrótta- og tómstundastofnanir auk veitingahúsa, skemmtistaða og ferðaskrifstofu; verslun flotans, Navy Exchange, sem býður upp á flest annað en matvöru; matvöruverslun; birgðadeild sem annast innkaup, geymslu og dreifingu á hvers kyns vörum og eldsneyti, svo og fjármáladeild að ógleymdu slökkviliðinu sem, auk þess að annast brunavarnir í mannvirkjum og flugvélum, sér um hálkuvarnir og snjóruðning á flugbrautum, afgreiðslu herflutningaflugvéla og ýmsa aðra þjónustu við flugvélar. Eru þá ótaldar margar smærri deildir flotastöðvarinnar og annarra deilda varnarliðsins sem hafa færri íslenskum starfsmönnum á að skipa. Heildarkostnaður við rekstur varnarliðsins á síðasta ári var um 18 milljarðar kr. (250 milljónir Bandaríkjadala). Tekjur íslenska þjóðarbúsins af varnarliðinu námu 1,5% af vergri landsframleiðslu árið 2003 samkvæmt upplýsingum Seðlabankans.

Verklegar framkvæmdir á vegum varnarliðsins eru fjármagnaðar af Bandaríkjastjórn eða Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Smæstu viðhaldsverkefnin eru framkvæmd af iðnaðarmönnum varnarliðsins sjálfs, en verktakar annast stærri viðhaldsverkefni og nýbyggingar. Um verkefni sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum er samið við íslenska verktaka sem valdir eru samkvæmt útboði. Öll verkefni sem fjármögnuð eru af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins eru boðin út, innan lands eða í öllum ríkjum bandalagsins eftir stærð verksins. Samráð er haft um umfang verkefna á vegum varnarliðsins og greinir það utanríkisráðuneytinu frá þeim framkvæmdum sem það hyggst ráðast í. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast forval þeirra íslensku fyrirtækja sem sækjast eftir verksamningum og sölu á vörum og þjónustu til varnarliðsins samkvæmt ákveðnum hæfniskröfum.

Fylgiskjal V.

Seðlabanki Íslands:

Viðskipti við varnarliðið.
(Febrúar 2005.)

	Varnarliðsviðskipti í millj. kr.						Nettótekjur af varnarliðinu.				
	Verk-takar	Olíu-félög	Skipa-félög	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Útgjöld	Nettó-tekjur	Gengi USD	Í millj. USD	% af útflutn.	% af VLF
1970	6	0	1	5	12	1	11	0,88	12,9	5,4	2,6
1971	5	1	1	7	14	1	13	0,88	14,8	5,8	2,3
1972	6	1	1	8	16	2	14	0,87	16,5	5,5	2,1
1973	9	1	2	8	20	2	18	0,90	20,5	4,9	1,9
1974	7	3	2	12	24	2	22	1,00	22,1	4,6	1,6
1975	19	4	5	20	48	6	42	1,54	27,3	5,8	2,1
1976	29	5	9	27	70	8	62	1,82	34,0	5,9	2,2
1977	38	8	10	40	96	7	89	1,99	44,8	6,1	2,2
1978	62	10	15	67	155	8	146	2,71	53,9	5,9	2,3
1979	59	15	16	96	187	20	167	3,52	47,4	4,3	1,8
1980	103	20	26	206	355	23	332	4,79	69,3	5,7	2,1
1981	187	35	19	302	543	46	497	7,24	68,6	5,6	2
1982	559	57	97	456	1.169	80	1.089	12,52	87,0	8,3	2,8
1983	1.303	95	176	869	2.443	287	2.156	25,00	86,2	7,9	3,3
1984	1.600	113	139	1.137	2.989	223	2.766	31,66	87,4	8	3,1
1985	1.307	185	66	1.831	3.389	267	3.122	41,47	75,3	6,2	2,6
1986	2.356	234	60	2.193	4.843	415	4.428	41,04	107,9	7	2,8
1987	2.291	260	82	2.664	5.297	507	4.790	38,60	124,1	6,5	2,3
1988	3.029	323	132	2.289	5.773	663	5.110	43,09	118,6	6	2
1989	4.060	352	252	3.529	8.193	885	7.308	57,14	127,9	6,6	2,4
1990	4.875	315	268	4.577	10.035	801	9.234	58,23	158,6	7,2	2,6
1991	4.416	294	397	5.401	10.508	1.069	9.439	59,04	159,9	7,3	2,5
1992	4.190	245	252	5.541	10.228	471	9.757	57,52	169,6	7,7	2,5
1993	3.171	224	482	5.526	9403	342	9.061	67,74	133,8	6,4	2,3
1994	2.924	-	-	-	-	-	9.546	-	136,9	5,9	2,2
1995	3.262	-	-	-	-	-	8.983	-	138,9	5,4	2
1996	3.945	-	-	-	-	-	9.902	-	148,9	5,4	2
1997	4.703	-	-	-	-	-	10.943	-	154,6	5,5	2,1
1998	4.046	-	-	-	-	-	10.344	-	145,8	4,9	1,8
1999	3.684	-	-	-	-	-	10.411	-	144,2	4,7	1,7
2000	4.253	-	-	-	-	-	11.595	-	147,4	4,8	1,7
2001	3.652	-	-	-	-	-	11.726	-	120,2	3,7	1,6
2002	3.330	-	-	-	-	-	11.310	-	124,0	3,4	1,5
2003	2.623	-	-	-	-	-	11.932	-	155,9	3,8	1,5

Fylgiskjal VI.

Guðjón Valdimarsson:

Minnisblað um atvinnutækifæri fyrir flugvirkja og eflingu atvinnustarfsemi á Suðurnesjum.
(Maí 2004.)

Minnisblað þetta er ritað með vísan til samtals við Svein Þorgrímsson, iðnaðarráðuneyti, og varðar möguleg atvinnutækifæri fyrir flugvirkja og eflingu atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Undanfarna mánuði hafa umsvif ameríska hersins á Keflavíkurflugvelli minnkað og gætu dregist enn frekar saman í náinni framtíð. Herinn hefur yfir að ráða flugskýli 885, sem kæmi þá til með að standa autt, þar sem það hýsir einungis þyrlusveit hersins um þessar mundir. Miklir fjármunir hafa verið lagðir í uppbyggingu skýlisins undanfarin 10 ár og er þarna um að ræða fjárfestingu sem þjóðhagslegir hagsmunir kalla á að nýtt verði eftir föngum. Skýlið sjálft er forsenda fyrir þeirri hugmynd sem hér verður sett fram en hún byggist á því að hérlendis er gríðarleg fagþekking og hátt menntunarstig flugvirkja, á sama tíma og eftirspurn eftir flugvirkjum er ekki meiri en svo að rúmlega 100 íslenskir flugvirkjar fá ekki starf í sínu fagi.

Hugmyndin felst í því að stofnað yrði félag á vegum sveitarfélaga á Suðurnesjum, er sérhæfði sig annars vegar í að breyta flugvélum, bæði farþegavélum og hervélum, í vöruflutningavélar og tæki hins vegar að sér viðhald flugvéla, þ.m.t. herflugvéla. Mikil eftirspurn er eftir slíkri þjónustu. Sem dæmi má nefna að 34 farþegavélum af gerðinni 757 var breytt í flutningavélar á árunum 2001–2003, þ.e. um 17 vélum á ári. Áætluð þörf fyrir slíkar breytingar næstu 20 árin er milli 30 og 40 á ári samkvæmt tímaritinu *Flight International* sem gefið var út í apríl sl. Núna er verið að breyta 757 farþegavél í vöruflutningavél fyrir íslenska flugfélagið Bláfugl og eru þær breytingar framkvæmdar í Bandaríkjunum. Bent skal á að 95% flugvirkja eru sérmenntaðir í Bandaríkjunum og búa yfir þeirri þekkingu sem þarf til slíkra breytinga. Leitað yrði samninga við Boeing (Israel Aircraft Industries, Singapore Technologies Aerospace) um að breyta farþegavélum í vöruflutningavélar.

Varðandi viðhald flugvéla, þá hefur því verið sinnt hérlendis, svo sem fyrir Air Iberia, Air Holland, Air Finland og fleiri flugfélög. Þá er það þekkt að óbreyttir borgarar sjái um viðhald hervéla. Þannig mætti gera viðhaldssamning við herinn um viðgerðir á vélum NATO, að orrustuvélum undanskildum og gæti slíkur samningur verið kjölfesta fyrir starfsemi félagsins sem hér er til umfjöllunar.

Í þessu sambandi væri nauðsynlegt að ná samningum við sveitarfélög á Suðurnesjum og Hitaveitu Suðurnesja, í samvinnu við FVFÍ, þar sem hitunarkostnaður er töluverður. Þannig yrði óskað eftir að félagið keypti umframorku af hitaveitunni sem geymd yrði í heitavatnsgeymum sem fyrir eru á svæðinu og gætu þjónað því. Í þessu sambandi mætti hugsa sér samning er kvæði á um fastar greiðslur, stigvaxandi í samræmi við umfang félagsins hverju sinni.

Samantekt:

Markmið.

Markmið þessa verkefnis eru tvö: annars vegar að bæta atvinnuástand á Suðurnesjum og atvinnuástand flugvirkja, hins vegar að nýta eignir sem annars færu til spillis. Þá er og nauð-

synleg forsenda að eignarhald yrði á vegum sveitarfélaganna, með aðkomu Hitaveitu Suðurnesja. FVFÍ gæti veitt ráðgjöf í upphafi en hefði ekki aðild að rekstrinum með öðrum hætti.

Leiðir.

Forsendur fyrir því að þessi hugmynd geti orðið að veruleika eru tvær:

- Annars vegar að skýli 885 verði ekki lengur nýtt af hálfu hersins og yrði fengið hinu nýja félagi til endurgjaldslausra afnota.
- Hins vegar að samningur yrði gerður við herinn og/eða önnur flugfélög um viðhald.

Til viðbótar kæmu verkefni vegna breytinga og í því yrðu miklir hagnaðarmöguleikar fólgnir.

Menntun.

Við þetta má bæta að frá árinu 2000 hefur FVFÍ haft ágætt samtarf við ráðuneyti menntamála og hefur m.a. yfirtekið hluta af menntunarmálum flugvirkja, svo sem gerð og umsjón sveinsprófa og kennslu vegna þeirra. Þá er verið að leggja drög að stofnun vinnuhóps í FVFÍ sem hefur það verkefni með höndum að leita eftir samvinnu við menntamálaráðuneytið við að þróa meistaranám og samræma erlent nám íslenska menntakerfinu, auk endurmenntunar. Þá hefur FVFÍ áhuga á að taka að sér kennslu í flugvirkjun í samvinnu við fjölbrautaskólann í Keflavík.

Eins og sjá má hér að framan vill FVFÍ leggja sitt af mörkum til stefnumótunar og starfsmöguleika fyrir flugvirkja hérlendis. Hugmyndir sem hér hafa verið settar fram eru raunhæfar en verða ekki rökstuddar frekar að þessu sinni nema forsendur og vilji samstarfsaðila liggi til þess.

980. Frumvarp til laga [648. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. samningsviðauki).

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins, ásamt viðauka, og með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 14 frá 13. maí 2004 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um breytingu á eftirlitskerfi samningsins.

b. 2. mgr. orðast svo:

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukar nr. 1, 4, 6, 7 og 13, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, og með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 14, eru birtir sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, birtur í fylgiskjali með lögum nr. 62/1994, sbr. 2. mgr. 1. gr., orðast eins og greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og viðbótarsamningur nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Fylgiskjal.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnmálahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

[Skylda til að virða mannréttindi.][1)]

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

I. kafli.
[Réttindi og frelsi.][1)]

2. gr.

[Réttur til lífs.][1)]

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;
c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

3. gr.

[Bann við pyndingum.][1]

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

4. gr.

[Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.][1]

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.
2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.
3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:
a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;
b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;
c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

5. gr.

[Réttur til frelsis og mannhelgi.][1]

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;
b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;
c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;
d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;
e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;
f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum

hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

6. gr.

[Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.][1]

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.
d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

7. gr.

[Engin refsing án laga.][1]

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

8. gr.

[Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.][1)]

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

9. gr.

[Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.][1)]

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

10. gr.

[Tjáningarfrelsi.][1)]

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

11. gr.

[Funda- og félagafrelsi.][1)]

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

12. gr.

[Réttur til að stofna til hjúskapar.][1)]

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

13. gr.

[Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.][1)]

Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

14. gr.

[Bann við mismunun.][1)]

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaeða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

15. gr.

[Skerðing réttinda á hættutímum.][1)]

1. Á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

16. gr.

[Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.][1)]

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

17. gr.

[Bann við misnotkun réttinda.][1)]

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

18. gr.

[Takmörkun á skerðingu réttinda.][1)]

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi sem heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi við hafðar í nokkru öðru skyni en fyrir er um mælt.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[II. kafli.
Mannréttindadómstóll Evrópu.

19. gr.

Stofnun dómstólsins.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.

Fjöldi dómara.

Dómstóllinn skal skipaður jafnmörgum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.

Hæfisskilyrði.

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

2. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

3. Meðan kjörtímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.

Kosning dómara.

1. Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meiri hluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

... [1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 1. gr.*

[23. gr.

Kjörtímabil og brottvikning.

1. Dómararnir skulu kosnir til níu ára. Þá má ekki endurkjósa.

2. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.

3. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

4. Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveimur þriðju hlutum atkvæða að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 2. gr.*

... [1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 3. gr.*

[24. gr.
Skrifstofa og skýrslugerðarmenn.

1. Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins.

2. Skýrslugerðarmenn, sem starfa undir stjórn forseta dómstólsins, skulu vera dómstólnum til aðstoðar þegar einn dómari situr í dóminum. Þeir skulu vera hluti af starfsliði skrifstofu dómstólsins.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 4. gr.*

[25. gr.][1)]
Fullskipaður dómstóll.

Fullskipaður dómstóll skal:

1. kjósa forseta sinn og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;
2. skipa deildir til ákveðins tíma;
3. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
4. samþykkja starfsreglur dómstólsins; ... [1)]
5. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara;

[6. leggja fram beiðni skv. 2. mgr. 26. gr.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 5. gr.*

[26. gr.
Einn dómari situr í dóminum, nefndir, deildir og yfirdeild.

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa sem hér segir: einn dómari sitji í dóminum, hann starfi í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.

2. Ráðherranefndin getur, að beiðni fullskipaðs dómstóls, með samhljóða ákvörðun og til ákveðins tíma, fækkað dómurum í deildum í fimm.

3. Þegar dómari situr einn í dóminum skal hann ekki skoða kærur á hendur þeim samningsaðila sem hann er kosinn fyrir.

4. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem er kosinn af hálfu þess samningsaðila sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti sá dómari ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir forseti dómstólsins dómara af lista sem fyrrnefndur samningsaðili hefur þegar lagt fram.

5. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara, sem áttu sæti í deildinni sem kvað upp dóm í málinu, eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem átti sæti í deildinni af hálfu þess samningsaðila sem er málsaðili.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 6. gr.*

[27. gr.
Valdsvið dómara sem sitja einir í dóminum.

1. Dómara, sem situr einn í dóminum, er heimilt að lýsa ótæka eða fella af málaskrá dómstólsins kæru, sem borin er fram skv. 34. gr., þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari skoðunar.

2. Ákvörðunin skal vera endanleg.

3. Lýsi dómari, sem situr einn í dóminum, ekki kæru ótæka eða felli hana ekki af málaskrá skal hann framsenda hana nefnd eða deild til frekari skoðunar.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 7. gr.*

[28. gr.

Valdsvið nefnda.

1. Nefnd er heimilt, að því er varðar kæru sem er borin fram skv. 34. gr. og með samhljóða atkvæðum,

a. að lýsa hana ótæka eða fella af málaskrá sinni þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari skoðunar; eða

b. að lýsa hana tæka og fella um leið dóm um efni hennar ef þegar hefur verið fjallað um úrlausnarefnið, sem málið snýst um og varðar túlkun eða beitingu ákvæða sáttmálans eða viðbótarsamninga við hann, í staðfestri dómaframkvæmd dómstólsins.

2. Ákvarðanir og dómar skv. 1. mgr. skulu vera endanlegir.

3. Eigi dómarinn, sem er kosinn af hálfu samningsaðilans sem er málsaðili, ekki sæti í nefndinni getur nefndin, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, boðið dómaranum að taka sæti eins nefndarmanna, að teknu tilliti til allra þátta sem máli skipta, m.a. þess hvort fyrrnefndur samningsaðili hafi andæft því að málsmeðferðinni skv. b-lið 1. mgr. sé beitt.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 8. gr.*

29. gr.

Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efnishlið hennar.

[1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 27. eða 28. gr., eða dómur ekki felldur skv. 28. gr., skal deild kveða á um hvort kæra, sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr., sé tæk og um efni hennar. Heimilt er að taka ákvörðun um hvort kæra sé tæk sérstaklega.][1)]

2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur skv. 33. gr. séu tækar og um efnishlið þeirra. [Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn ákveði annað í undantekningartilvikum.][1)]

...[1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 9. gr.*

30. gr.

Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á samningnum eða samningsviðaukum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu, nema því aðeins að málsaðili mótmæli.

31. gr.

Hlutverk yfirdeildarinnar.

Yfirdeildin skal:

1. úrskurða um kærur sem bornar eru fram skv. 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftirlátið lögsögu skv. 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar skv. 43. gr.; ...[1)]

[2. úrskurða í málum sem ráðherranefndin vísar til dómstólsins í samræmi við 4. mgr. 46. gr.; og][1)]

[3.][1] fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram skv. 47. gr.

[1] *Samningsviðauki nr. 14, 10. gr.*

32. gr.

Lögsaga dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og samningsviðauka við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34., [46.][1] og 47. gr.

2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

[1] *Samningsviðauki nr. 14, 11. gr.*

33. gr.

Millirikjamál.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samningsaðila á ákvæðum samningsins og samningsviðauka við hann.

34. gr.

Kærur einstaklinga.

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og samningsviðaukum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.

Skilyrði þess að mál sé tækt.

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan 6 mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann skv. 34. gr. ef hún er:

a. frá ónafngreindum aðila, eða
b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

[3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja kæru einstaklings, sem er borin fram skv. 34. gr., telji hann:

a. kæruna ósamrýmanlega ákvæðum sáttmálans eða viðbótarsamninga við hann, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kærurétti einstaklinga; eða
b. kæranda ekki hafa orðið fyrir umtalsverðu óhagræði, nema virðing fyrir mannréttindum, eins og þau eru skilgreind í sáttmálanum og viðbótarsamningum við hann, krefjist þess að efni kærunnar sé skoðað og með þeim fyrirvara að óheimilt er að vísa frá, á þessari forsendu, máli sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt.][1]

4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málflutningsins sem er.

[1] *Samningsviðauki nr. 14, 12. gr.*

36. gr.

Málsaðild þriðja aðila.

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.

2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málaferlunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.

[3. Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins er heimilt að leggja fram skriflegar athugasemdir í öllum málum fyrir deild eða yfirdeildinni og taka þátt í réttarhöldum.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 13. gr.*

37. gr.

Kærur felldar niður.

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða
c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.

Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru í samningi þessum eða samningsviðaukum við hann séu virt.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

[38. gr.

Skoðun máls.

Dómstóllinn skal skoða málið með fulltrúum málsaðila og, ef þörf krefur, framkvæma rannsókn sem þeim samningsaðilum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 14. gr.*

[39. gr.

Sáttargerð.

1. Dómstóllinn getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, verið reiðubúinn til þess að aðstoða málsaðila við að ná sáttum í málinu á þeirri forsendu að mannréttindi séu virt, eins og þau eru skilgreind í sáttmálanum og viðbótarsamningum við hann.

2. Málsmeðferð, sem fer fram skv. 1. mgr., skal háð trúnaðarkvöðum.

3. Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.

4. Ákvörðunin skal fengin ráðherranefndinni sem hefur umsjón með því að skilmálum sáttargerðarinnar sé fullnægt með þeim hætti sem fram kemur í ákvörðuninni.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 15. gr.*

40. gr.

Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.
2. Málskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.

Sanngjarnar bætur.

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.

Dómar uppkveðnir í deildum.

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.

Vísun máls til yfirdeildar.

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deildar að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar.
2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið vekur alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum og samningsviðaukum við hann eða alvarlegt deiluefni sem er almennt mikilvægt.
3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málinu með dómi.

44. gr.

Endanlegir dómar.

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.
2. Dómur deildar verður endanlegur:
   a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málinu verði vísað til yfirdeildarinnar, eða
   b. þremur mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar, eða
   c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot skv. 43. gr.
3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.

Rökstuðningur dóma og ákvarðana.

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækar eða ótækar.
2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

[46. gr.

Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.

3. Telji ráðherranefndin að erfiðleikar við túlkun endanlegs dóms torveldi umsjón með fullnustu hans getur hún vísað málinu til dómstólsins til að fá úr því skorið hvernig beri að túlka dóminn. Tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í nefndinni þarf til að samþykkja ákvörðun um tilvísun.

4. Telji ráðherranefndin að samningsaðili neiti að hlíta endanlegum dómi í máli sem það á aðild að getur hún, eftir að hafa afhent viðkomandi samningsaðili formlega tilkynningu þar um og með ákvörðun sem er samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í nefndinni, beint þeirri spurningu til dómstólsins hvort samningsaðilinn hafi brotið gegn skyldum sínum skv. 1. mgr.

5. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem tekur til umfjöllunar til hvaða ráðstafa skuli grípa. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem skal hætta skoðun málsins.][1)]

[1)] *Samningsviðauki nr. 14, 16. gr.*

47. gr.

Ráðgefandi álit.

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningsviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.

Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.

Rökstuðningur ráðgefandi álits.

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.

3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.

Kostnaður við dómstólinn.

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

51. gr.

Sérréttindi og friðhelgi dómara.

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.][2)]

[2)] *Samningsviðauki nr. 11, 1. gr.*

[III. kafli.
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.][1)]

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[53. gr.

Verndun núverandi mannréttinda.][1)]

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[54. gr.

Vald ráðherranefndarinnar.][1)]

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofnskrá Evrópuráðs.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[55. gr.

Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.][1)]

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

[1)] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[56. gr.

Svæðisbundið gildissvið.][1)]

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli [þó með fyrirvara skv. 4. mgr. þessarar greinar][1)] gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.

2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.

4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tek-

ur til, að það fallist á að [dómstóllinn sé bær um að taka við kærum][1] frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga [skv. 34. gr. samnings þessa].[1]

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[57. gr.
Fyrirvarar.][1]

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[58. gr.
Uppsögn.][1]

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.

2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið áður en uppsögnin tók gildi.

3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. [56. gr.][1]

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.*

[59. gr.
Undirritun og fullgilding.][1]

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

[2. Evrópusambandinu er heimilt að gerast aðili að þessum sáttmála.][2]

[3.][2] Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

[4.][2] Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.

[5.][2] Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

[1] *Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.* [2] *Samningsviðauki nr. 14, 17. gr.*

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í dómsmálaráðuneytinu, er lagt til að 14. viðauki við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttinda-

sáttmála Evrópu) verði lögfestur. Viðauki þessi, sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti í Strassborg 13. maí 2004, felur aðallega í sér breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans, einkum hvað varðar meðferð kæru á fyrstu stigum og fullnustu dóma dómstólsins. Samningsviðauki nr. 14 var undirritaður af Íslands hálfu 13. maí 2004.

Þegar mannréttindasáttmáli Evrópu var lögtekinn hér á landi var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni ásamt viðaukum hans, sbr. lög nr. 62/1994. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpi þessu að samningsviðauki nr. 14 verði lögtekinn hér á landi. Er texti viðaukans felldur inn í megintexta sáttmálans í fylgiskjali með frumvarpinu.

II.

Undirbúningur samningsviðauka nr. 14.

Vinna við gerð samningsviðauka nr. 14 hófst í kjölfar ákvörðunar ráðherranefndar Evrópuráðsins í nóvember 2000 um að leita þyrfti leiða til að auka skilvirkni mannréttindadómstóls Evrópu. Að gerð viðaukans komu meðal annars sérstök sérfræðinganefnd sem stofnuð var til að kanna leiðir til að auka skilvirkni dómstólsins og stýrinefnd Evrópuráðsins um mannréttindi. Þá komu þing Evrópuráðsins, mannréttindadómstóllinn, félagasamtök og fleiri aðilar að samningsgerðinni með einhverjum hætti.

Við samþykkt samningsviðauka nr. 14 þann 13. maí 2004 gaf ráðherranefnd Evrópuráðsins út yfirlýsingu þar sem aðildarríki viðurkenna brýna nauðsyn á breytingum og lýsa sig reiðubúin til að staðfesta samningsviðaukann innan tveggja ára frá undirritun hans. Dómarar mannréttindadómstólsins hafa jafnframt kallað á skjóta fullgildingu samningsviðaukans, sbr. til dæmis fréttatilkynningu forseta dómstólsins þann 25. janúar 2005. Við framlagningu lagafrumvarps þessa hafa 39 aðildarríki undirritað samningsviðaukann og sjö ríki fullgilt hann.

III.

Málafjöldi fyrir mannréttindadómstól Evrópu.

Helsti tilgangur samningsviðauka nr. 14 er að auka skilvirkni mannréttindadómstóls Evrópu svo markmiðum sáttmálans um vernd mannréttinda verði náð. Á síðustu árum hefur málafjöldi fyrir dómstólnum margfaldast og hefur dómstóllinn ekki getað sinnt auknum kærufjölda með fullnægjandi hætti. Dómstólnum bárust 40.943 kærur á árinu 2004 (10 vörðuðu Ísland) og er það 16 prósenta aukning miðað við árið áður. Til samanburðar má geta þess að dómstólnum bárust 30.069 kærur árið 2000, 18.164 kærur árið 1998 og 11.236 kærur árið 1995. Kærufjöldinn árið 2004 nálgast samanlagðan fjölda kæra á árunum 1955–1989 sem var 49.122 kærur. Meira en 90 prósent kærumála sem berast dómstólnum uppfylla ekki kæruskilyrði mannréttindasáttmálans og er vísað frá af þeim sökum. Á árinu 2004 voru 20.350 kærur taldar ótækar til efnismeðferðar (þar af sex frá Íslandi), en 830 mál voru metin tæk til efnismeðferðar. Sama ár kvað mannréttindadómstóllinn upp 718 dóma og vörðuðu 589 þeirra brot á a.m.k. einu ákvæði mannréttindasáttmálans eða viðauka hans (tveir dómar vörðuðu Ísland). Á allra síðustu árum hafa um það bil 60 prósent af dómum mannréttindadómstólsins verið svokölluð „endurtekin mál“, þ.e. mál þar sem dómstóllinn hefur þegar leyst úr sambærilegum álitaefnum. Við núverandi kerfi og aðstæður hefur mannréttindadómstólnum ekki verið kleift að sinna framangreindum málafjölda, mál hafa safnast upp og til marks um það má nefna að í lok árs 2003 biðu alls 65.000 mál afgreiðslu dómstólsins.

Helsta ástæða fjölgunar kærumála er fjölgun aðildarríkja að Evrópuráðinu og mannréttindasáttmálanum. Frá því að 11. viðauki við mannréttindasáttmálann var samþykktur árið 1994, sem fól í sér mikilvægar skipulagsbreytingar á mannréttindadómstólnum, hafa 14 ný

ríki bæst við hóp aðildarríkja og þar með 240 milljón nýir einstaklingar sem sáttmálinn tekur til. Í dag eru aðildarríki sáttmálans 45 talsins og með rúmlega 800 milljónir íbúa sem allir hafa beinan kærurétt til dómstólsins. Önnur ástæða fjölgunar kærumála til dómstólsins er að kærur gegn ríkjum sem voru aðilar að sáttmálanum 1993 hefur fjölgað. Þekking einstaklinga á efni og kæruheimild mannréttindasáttmálans hefur vaxið og leitt af sér aukinn kærufjölda.

IV.

Markmið samningsviðauka nr. 14.

Samningsviðaukanum er ætlað að auka skilvirkni mannréttindadómstólsins með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er dómstóllinn gerður betur í stakk búinn til að takast á við þann mikla fjölda kæra sem reynast ótækar til efnismeðferðar. Í vissum tilvikum mun einn dómari, í stað þriggja dómara nefndar áður, geta vísað frá kærum, sbr. 7. gr. samningsviðaukans. Í öðru lagi bætir 12. gr. samningsviðaukans við nýju skilyrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar. Samkvæmt ákvæðinu skal vísa frá kæru vegna meints brots ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði. Í þriðja lagi verður hægt að afgreiða svokölluð „endurtekin mál“ með skilvirkari hætti en áður. Skv. 8. gr. samningsviðaukans munu þriggja dómara nefndir hafa heimild til að dæma í málum þar sem dómstóllinn hefur þegar leyst úr sambærilegum álitaefnum, í stað sjö dómara deildar í dag. Þá verður unnt að ljúka máli með sátt á öllum stigum málsins skv. 15. gr. viðaukans sem gæti einkum átt við í málum af þessum toga en samkvæmt núgildandi skipan verður aðeins lokið með sátt málum sem eru tæk til efnismeðferðar.

Samningsviðaukinn felur einnig í sér breytingar á öðrum þáttum mannréttindasáttmálans. Til dæmis er sjálfstæði dómara aukið þar sem þeir skulu kosnir til níu ára, í stað sex ára samkvæmt núverandi reglum, og án möguleika á endurkjöri, sbr. 2. gr. samningsviðaukans. Þá eru ráðherranefndinni veitt ný úrræði varðandi eftirlit með fullnustu dóma og mannréttindadómstólnum falið hlutverk varðandi fullnustu þeirra, sbr. 16. gr. samningsviðaukans. Jafnframt verður Evrópusambandinu heimilt að gerast aðili að mannréttindasáttmálanum, sbr. 17. gr. samningsviðaukans.

V.

Efni samningsviðauka nr. 14.

1.–3. gr. samningsviðaukans fela í sér breytingar á ákvæðum mannréttindasáttmálans um kosningu og kjörtímabil dómara. Kjörtímabili dómara er breytt og skulu þeir kosnir til níu ára, í stað sex ára samkvæmt núgildandi reglum. Gildir reglan einnig um þá dómara sem hafa verið kosnir í stað annarra dómara sem eigi hafa lokið kjörtímabili sínu. Þá verður ekki unnt að endurkjósa dómara eins og nú er heimilt. Samningsviðaukinn hefur að geyma bráðabirgðareglur varðandi kjörtímabil núverandi dómara. Skv. 21. gr. viðaukans skal kjörtímabil dómara sem sitja sitt fyrsta tímabil þegar viðaukinn tekur gildi framlengt til níu ára. Aðrir dómarar skulu ljúka kjörtímabili sínu sem skal framlengt um tvö ár. Breytingum þessum er ætlað að auka sjálfstæði og óhlutdrægni dómara, eins og meðal annars hefur verið óskað eftir af hálfu þings Evrópuráðsins. Þessar breytingar eru einnig í samræmi við kjörreglur nýrra dómstóla, sbr. a-lið 9. mgr. 36. gr. Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Breytingum á kjörtímabili dómara er ekki ætlað að hafa áhrif á samfelld störf dómstólsins. Núverandi kerfi þar sem stór hluti dómara er kosinn á þriggja ára fresti er fellt úr gildi, sbr. niðurfellingu á 2.–4. mgr. 23. gr. sáttmálans. Gert er ráð fyrir að fyrirhugað níu ára kjörtímabil, óháð lengd kjörtímabils fyrirrennara dómara, muni tryggja reglulegar kosningar þar sem nýir dómarar byrja ekki allir störf á sama tíma.

4. gr. samningsviðaukans fjallar um störf skýrslugerðarmanna sem skulu vera dómstólnum til aðstoðar þegar einn dómari situr í dóminum. Í athugasemdum við samningsviðaukann er tekið fram að skýrslugerðarmaðurinn skuli að jafnaði hafa þekkingu á tungumáli og lagakerfi þess ríkis sem mál beinist gegn.

6. og 7. gr. samningsviðaukans fela í sér breytingar á mannréttindasáttmálanum að því er varðar setu eins dómara í dómi. Ákvæðin fela í sér það nýmæli að einn dómari, í stað þriggja dómara nefndar áður, getur setið í dómi. Valdsvið dómarans er takmarkað við að lýsa ótæka eða fella af málaskrá dómstólsins kæru sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr. mannréttindasáttmálans. Ákvörðun dómara er endanleg og verður ekki skotið til nefndar eða deildar. Dómari getur eingöngu tekið slíka ákvörðun í málum sem eru augljóslega ekki tæk til meðferðar. Leiki vafi á um hvort kæra sé tæk til meðferðar vísar dómari málinu til nefndar eða deildar til úrskurðar. Þá getur dómari ekki skoðað kærur á hendur því aðildarríki sáttmálans sem hefur tilnefnt hann. Þess skal getið að fyrstu tvö árin eftir að viðaukinn tekur gildi geta eingöngu deildir og yfirdeild dómstólsins beitt nýju kæruskilyrði b-liðar 3. mgr. 35. gr., sbr. 2. mgr. 20. gr. viðaukans. Skv. 6. gr. samningsviðaukans getur ráðherranefndin, að beiðni fullskipaðs dómstóls, með samhljóða ákvörðun og til ákveðins tíma, fækkað dómurum í deildum úr sjö í fimm. Nýjar reglur eru teknar upp varðandi skipan sérstakra dómara í tilvikum þar sem reglulegur dómari er vanhæfur eða getur ekki af öðrum ástæðum setið í dómi og er það meðal annars til að koma til móts við gagnrýni þings Evrópuráðsins á núverandi kerfi. Skv. 6. gr. samningsviðaukans skal hvert aðildarríki útbúa fyrir fram lista yfir sérstaka dómara og skipar forseti dómstólsins sérstakan dómara af þeim lista ef þörf krefur. Með þessum hætti verður breyting á eldri framkvæmd þar sem aðildarríki gat valið sérstakan dómara eftir að málsmeðferð í viðkomandi máli var hafin. Í athugasemdum með viðaukanum kemur fram að gert sé ráð fyrir því að listinn geti haft að geyma nöfn dómara sem kosnir hafa verið fyrir hönd annarra aðildarríkja.

8. gr. samningsviðaukans felur í sér breytingar á 28. gr. mannréttindasáttmálans um valdsvið nefnda. Valdsvið þriggja dómara nefnda eykst til muna þar sem til viðbótar við að lýsa kæru ótæka, eins og þær hafa heimild til samkvæmt núverandi kerfi, geta þær lýst kæru tæka, og samtímis fellt dóm um efni hennar ef skýr dómaframkvæmd liggur fyrir um úrlausnarefnið af hálfu mannréttindadómstólsins. Þar af leiðandi getur þriggja dómara nefnd kveðið upp efnisdóm í framangreindum málum, í staðinn fyrir sjö dómara deild í dag, og einföld málsmeðferð á við. Allar ákvarðanir nefnda þurfa að vera samhljóða. Ólíkt því sem gildir um efnisúrlausnir mála í deildum, sbr. 2. mgr. 27. gr. sáttmálans, sbr. og 6. gr. samningsviðaukans, þá er sá dómari sem kjörinn er af hálfu þess ríkis sem er málsaðili ekki sjálfkrafa meðlimur nefndar. Hins vegar getur nefnd boðið dómara að taka sæti eins nefndarmanna.

9. gr. samningsviðaukans felur í sér breytingar á 29. gr. mannréttindasáttmálans. Í ákvæðinu felst sú meginregla að við meðferð kærumála skv. 34. gr. fjalli dómurinn samhliða um meðferðarhæfi máls og efnishlið þess. Er það í samræmi við þróun í framkvæmd dómstólsins á síðustu árum. Ekki er þó gert ráð fyrir þeirri framkvæmd í milliríkjakærum, sbr. 2. mgr. 29. gr. mannréttindasáttmálans.

12. gr. samningsviðaukans felur í sér breytingar á 35. gr. mannréttindasáttmálans um kæruskilyrði. Samkvæmt b-lið 3. mgr. 35. gr. skal vísa frá kæru vegna meints brots ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði. Umræddu skilyrði verður þó ekki beitt ef virðing fyrir mannréttindum, eins og þau eru skilgreind í sáttmálanum og viðbótarsamningum við hann, krefst þess að efni kæru sé skoðað eða ef um er að ræða mál sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt. Með hinu nýja skilyrði um meðferðarhæfi kærumáls verður dómstólnum falið að meta hvort mál er þannig vaxið að afleið-

ingar þess séu tiltölulega lítilvægar fyrir kæranda og engar grundvallarspurningar uppi um túlkun sáttmálans sem krefjist efnislegrar skoðunar. Þess skal getið að fyrstu tvö árin eftir að viðaukinn tekur gildi geta deildir og yfirdeild dómstólsins eingöngu beitt nýju kæruskilyrði b-liðar 3. mgr. 35. gr., sbr. 2. mgr. 20. gr. viðaukans, en hvorki nefndir þriggja dómara né dómarar sem sitja einir í dómi Er þannig miðað við að deild og yfirdeild dómstólsins muni á fyrstu árunum eftir gildistöku viðaukans móta þau sjónarmið sem byggt verði á við beitingu þessa skilyrðis þannig að samræmd framkvæmd skapist á því sviði sem verði fordæmisgefandi fyrir nefndir eða staka dómara þaðan í frá við ákvörðun um meðferðarhæfi.

Samkvæmt 13. gr. samningsviðaukans er mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins heimilt að leggja fram skriflegar athugasemdir í öllum málum fyrir deild eða yfirdeildinni og taka þátt í réttarhöldum. Breyting þessi er í samræmi við ósk mannréttindafulltrúans og þings Evrópuráðsins, en embætti mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins var stofnað af ráðherranefndinni 7. maí 1999.

Samkvæmt 15. gr. verður unnt að ljúka máli með sátt á öllum stigum máls en ekki aðeins eftir ákvörðun um meðferðarhæfi eins og nú er. Jafnframt verður breytt núgildandi fyrirkomulagi um að málalok með sátt verði ákveðin með dómi en þess í stað verður máli lokið með sátt samkvæmt ákvörðun dómstólsins. Þá verður ráðherranefndinni veitt heimild til að hafa umsjón með fullnustu slíkra ákvarðana dómstólsins. 16. gr. samningsviðaukans felur í sér ný úrræði fyrir ráðherranefndina varðandi eftirlit með fullnustu dóma og er mannréttindadómstólnum veitt hlutverk hvað varðar fullnustu þeirra. Telji ráðherranefndin að erfiðleikar við túlkun endanlegs dóms torveldi umsjón með fullnustu hans getur nefndin vísað málinu til mannréttindadómstólsins til að fá úr því skorið hvernig túlka beri dóminn, sbr. 3. mgr. 46. gr. sáttmálans. Telji ráðherranefndin að aðildarríki neiti að hlíta endanlegum dómi í máli sem það á aðild að getur hún beint þeirri spurningu til dómstólsins hvort aðildarríkið hafi brotið gegn skyldu sinni skv. 1. mgr. 46. gr. um að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju máli sem það sé aðili að, sbr. 4. mgr. 46. gr. sáttmálans. Í báðum tilvikum þarf tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni til að samþykkja ákvörðun um tilvísun til mannréttindadómstólsins. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 46. gr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem tekur til umfjöllunar til hvaða ráðstafa skuli grípa, sbr. 5. mgr. 46. gr. sáttmálans. Komist dómstóllinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 46. gr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem skal hætta skoðun málsins.

17. gr. samningsviðaukans felur í sér breytingar á 59. gr. mannréttindasáttmálans og opnar þann möguleika að Evrópusambandið geti gerst aðili að sáttmálanum. Slík aðild hefur lengi verið til umræðu og er hún fyrirhuguð í náinni framtíð, sbr. t.d. 2. mgr. I-9 gr. sáttmála um stjórnarskrá Evrópu. Formlegar samningaviðræður um aðildina hafa hins vegar ekki hafist milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Ef af aðild Evrópusambandsins verður er þörf á frekari breytingum á mannréttindasáttmálanum.

18.–22. gr. samningsviðaukans fela í sér loka- og bráðabirgðaákvæði sem ekki þarfnast nánari skýringa

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir breytingum á 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna og 4. mgr. 1. gr. laganna í samræmi við lögfestingu samningsviðauka nr. 14 frá 13. maí 2004. Breytingarnar þurfa ekki frekari skýringar.

Um 2. gr.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 og samningsviðaukar nr. 1, 4, 6, 7 og 13, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, eru birtir sem fylgiskjal með lögum nr. 62/1994, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en því var breytt vegna lögfestingar 11. viðauka með lögum nr. 25/1998. Samningsviðauki nr. 14 verður ekki birtur í heild sinni í framangreindu fylgiskjali laga, heldur eru samningsákvæði hans felld inn í texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, eins og birtur er í fylgiskjali með lögum nr. 62/1994, orðist eins og greinir í fylgiskjali með þessum lögum. Samningsviðauki nr. 14 felur eingöngu í sér breytingar á texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, en ekki á öðrum samningsviðaukum. Ekki er því þörf að breyta samningsviðaukum nr. 1, 4, 6, 7 og 13, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, eins og þeir birtast í fylgiskjali með lögum nr. 62/1994.

Um 3. gr.

Samkvæmt 19. gr. samningsviðauka nr. 14 tekur hann ekki gildi fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er öll aðildarríki mannréttindasáttmálans hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af viðbótarsamningnum með fullgildingu. Með þessari grein er því lagt til að lögin taki gildi um leið og viðbótarsamningur nr. 14 öðlast gildi að því er Ísland varðar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við lagafrumvarp þetta er stefnt að því að samningsviðaukinn verði fullgiltur af öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins innan tveggja ára frá undirritun hans og er því stefnt að gildistöku hans í maí 2006.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. samningsviðauki).

Í frumvarpinu er lagt til að 14. viðauki við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu) verði lögfestur. Meginefni viðaukans lýtur að breytingum á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans. Frumvarpið hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

981. Frumvarp til laga [649. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. 1. mgr. bætist: og hafa eftirlit með framkvæmd slíkra rannsókna.
b. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka hvað varðar m.a. meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða. Um eftirlit landlæknis með starfsemi blóðbanka fer skv. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi blóðbanka, skráningu aukaverkana, framkvæmd eftirlits o.fl. í reglugerð.
c. Við 10. tölul. 1. mgr. bætist: svo sem Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA).
d. Á eftir 5. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

   Lyfjafyrirtæki skulu greiða Lyfjastofnun gjald fyrir útgáfu vottorða um markaðsleyfi lyfs vegna lyfja sem þau hyggjast sækja um markaðsleyfi fyrir í öðrum löndum (Certificate of a Pharmaceutical Product) auk vottorða um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Certificate of Authorisation for Manufacturers of Medicinal Product) og vottorða um að lyf sé hér á markaði (Statement of Licensing Status of Pharmaceutical Products). Gjöldin skulu taka mið af vinnu sérfræðings við útgáfu þeirra.

   Lyfjastofnun er heimilt að innheimta sérstök gjöld vegna sérfræðiráðgjafar um markaðsleyfi lyfs (Scientific Advice) sem lyfjafyrirtæki æskja.
e. Í stað „3.–6. mgr.“ í 7. mgr. kemur: 3.–8. mgr.
f. Við 4. tölul. 8. mgr. bætist: þ.m.t. starfsemi blóðbanka.
g. Á eftir orðinu „lyfjagerða“ í 2. tölul. 9. mgr. kemur: þ.m.t. starfsemi blóðbanka.
h. Á eftir orðunum „heildarsölu lyfja“ í 2. tölul. 9. mgr. kemur: hér á landi.
i. Í stað „9. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 11. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Lyf:* Hvers konar efni eða efnasamsetningar sem sögð eru búa yfir eiginleikum sem koma að gagni við meðferð sjúkdóma hjá mönnum eða dýrum eða við forvarnir gegn sjúkdómum eða hvers konar efni eða efnasamsetningar sem nota má fyrir menn eða dýr eða gefa þeim, annaðhvort í því skyni að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli líflyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdómsgreiningu.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef vafi leikur á því hvort vara geti, að teknu tilliti til allra eiginleika hennar, fallið undir skilgreininguna á lyfi og skilgreininguna á vöru sem heyrir undir aðra löggjöf gilda ákvæði þessara laga.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Skilgreiningar.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast sjö nýir málsliðir sem orðast svo: Gildistími markaðsleyfa er fimm ár með þeim undantekningum sem fram koma í þessari málsgrein. Heimilt er að endurnýja markaðsleyfi lyfs að þeim tíma liðnum á grundvelli endurmats Lyfjastofnunar á sambandi áhættu og ávinnings (risk-benefit balance). Áður en að endurmati kemur skal markaðsleyfishafi, í það minnsta sex mánuðum áður en markaðsleyfi fellur úr gildi, hafa lagt fyrir Lyfjastofnun fullnægjandi og uppfærð gögn um gæði, öryggi og verkun lyfja. Þegar markaðsleyfi lyfs hefur verið endurnýjað í eitt skipti skal það gilda ótímabundið nema Lyfjastofnun ákveði með gildum rökum vegna lyfjagátar að það skuli einungis endurnýjað til fimm ára. Markaðsleyfi fellur úr gildi ef lyf sem markaðsleyfi hefur verið veitt fyrir hefur í reynd ekki verið sett á markað innan þriggja ára frá veitingu leyfisins eða lyf sem leyfi hefur verið veitt fyrir og sett á markað hefur í reynd ekki verið á markaði samfleytt í þrjú ár. Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður og af ástæðum er varða lýðheilsu. Slíkar undanþágur skulu studdar viðeigandi rökum.

b. Á eftir orðunum „heimilt að afturkalla“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: ógilda, fella niður tímabundið eða breyta.

c. Á eftir orðinu „markaðsleyfi“ í 8. mgr. kemur: eða markaðssetningu.

d. Á eftir orðinu „umsókna“ í 2. málsl. 9. mgr. kemur: viðurkenningu miðlægra markaðsleyfa Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA), verndartíma gagna um forklíniskar og klínískar prófanir.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. og 4. mgr. verða 2. og 3. málsl. 2. mgr.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Lyfjastofnun getur heimilað tímabundna dreifingu lyfs, sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi, enda sé það ætlað til varna vegna sýkla, eiturefna, efnafræðilegra áhrifavalda eða kjarnageislunar, sem grunur leikur á eða staðfest hefur verið að hafi eða gæti breiðst út.

Lyfjastofnun getur veitt dýralækni, að fenginni rökstuddri umsókn og á hans ábyrgð, heimild til notkunar lyfs, með eða án markaðsleyfis hér á landi, utan skráðra ábendinga eða fyrir aðra dýrategund en lyfið er ætlað. Nánar skal kveðið á um slík tilvik í reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að fengnu leyfi Lyfjastofnunar.

b. Á eftir 1. málsl. 7. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Allan fyrirhugaðan samhliða innflutning lyfs skal tilkynna markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnun. Nánar skal kveðið á um skilyrði samhliða innflutnings og málsmeðferð Lyfjastofnunar í reglugerð um samhliða innflutt lyf, sbr. 9. mgr. 7. gr.

7. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Með framleiðslu er átt við allar aðgerðir við innkaup á efnum og vöru, svo og vinnsluferli, svo sem vigtun, blöndun, áfyllingu, pökkun, merkingu, gæðaeftirlit, samþykki og geymslu, ásamt viðeigandi eftirliti. Ráðherra er heimilt að gefa út tímabundið framleiðsluleyfi og takmarkað framleiðsluleyfi til tiltekinnar tegundar framleiðslu, t.d. vélskömmtunar lyfja. Nánar skal kveðið á um skilyrði slíks leyfis í reglugerð um framleiðslu lyfja.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Til að knýja á um úrbætur og framkvæmd ráðstöfunar eða vegna brota á lögum þessum getur Lyfjastofnun beitt eftirfarandi aðgerðum.

9. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Lyf sem fengið hafa útgefin markaðsleyfi eða markaðsleyfi þeirra hafa verið endurnýjuð fyrir 30. október 2005 skal endurnýja einu sinni til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laganna.

II. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 37. gr. c, sem orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús skal starfrækja blóðbanka sem hefur með höndum blóðbankaþjónustu á landsvísu. Ráðherra veitir leyfi til starfrækslu blóðbanka að fenginni umsögn landlæknis og Lyfjastofnunar.

Eftirlit með starfsemi blóðbanka er í höndum landlæknis skv. 3. gr. laga þessara og Lyfjastofnunar skv. 3. gr. lyfjalaga.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að mæla nánar fyrir um starfsemi blóðbanka, skilyrði leyfis, afturköllun leyfis, skráningu aukaverkana, framkvæmd eftirlits o.fl.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2., 4. og 5. gr. og b-liðar 6. gr. koma til framkvæmda 30. október 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samstarfi við Lyfjastofnun. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tveimur lagabálkum, þ.e. lyfjalögum og lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þær breytingar á lyfjalögum sem frumvarpið felur í sér eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða ýmsar breytingar sem nauðsynlegt þótti að gera á nokkrum ákvæðum laganna vegna nokkurra nýrra gerða Evrópusambandsins, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum, tilskipunar 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 sem breytir tilskipun 2001/83/EB um lyf sem ætluð er mönnum og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/28 frá 31. mars 2004 sem breytir tilskipun 2001/82/EB um lyf sem ætluð eru dýrum. Ber þar helst að nefna eftirlitshlutverk Lyfjastofnunar vegna þeirrar starf-

semi blóðbanka sem varðar m.a. meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða, nýja og víðari skilgreiningu á lyfjahugtakinu, ákvæði um gildistíma markaðsleyfa og endurnýjun þeirra auk skyldu til að tilkynna fyrirhugaðan samhliða innflutnings lyfs til markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnunar.

Hins vegar er í frumvarpinu lögð til sú breyting á álagningu lyfjaeftirlitsgjalda að eftirlitsgjaldið skal einungis lagt á heildarsölu framleiðenda hér á landi en ekki sölu utan hins innlenda markaðar. Þessi breyting er tilkomin vegna athugasemda Samtaka iðnaðarins f.h. innlendra lyfjaframleiðenda þess efnis að gjaldtaka sé orðin úr hófi vegna mikillar starfsemi íslenskra lyfjaframleiðenda erlendis og því sé þörf á endurskoðun álagningar lyfjaeftirlitsgjaldsins. Ljóst er að Lyfjastofnun mun verða af tekjum vegna þessarar breytingar og því tekjutapi þarf hugsanlega að mæta með hækkun á álagningarhlutfalli lyfjaeftirlitsgjaldanna. Æskilegt er að þetta komi til skoðunar við þá heildarendurskoðun lyfjalaga sem fyrirhuguð er á næstu missirum. Þá bætast við tvær heimildir Lyfjastofnunar til töku gjalda vegna útgáfu vottorða og vegna sérfræðilegrar ráðgjafar en þær vega ekki upp á móti framangreindri tekjulækkun stofnunarinnar. Þessar breytingar á gjaldtökuákvæðum laganna byggjast á vinnu starfshóps sem ráðherra skipaði síðastliðið haust til að fara yfir álagningu lyfjaeftirlitsgjalda vegna framangreindra athugasemda Samtaka iðnaðarins. Í starfshópnum áttu sæti auk fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins, fulltrúi fjármálaráðuneytisins, Lyfjastofnunar og lyfjaframleiðenda. Þá hafa þær verið bornar undir fulltrúa Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS).

Auk ofangreindra breytinga er með frumvarpinu lagt til að í ákvæði lyfjalaga um framleiðslu verði það orðað sérstaklega að framleiðsluleyfi geti bæði verið tímabundið og takmarkað við ákveðna tegund framleiðslu. Einnig er skilgreiningu á framleiðslu bætt við ákvæðið en hana hefur skort í lögin til þessa. Að lokum felur frumvarpið í sér að ákvæði laganna um áminningar er gert skýrara.

Í frumvarpinu er lagt til að í lög um heilbrigðisþjónustu verði bætt sérstöku ákvæði um blóðbanka. Ákvæðið er tilkomið vegna innleiðingar á tilskipun 2002/98/EB um blóð og blóðhluta sem getið er um hér á undan. Starfsemi blóðbanka fellur almennt undir ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt þykir þó að orða það sérstaklega í lögunum að Landspítali – háskólasjúkrahús skuli starfrækja blóðbanka sem veiti blóðbankaþjónustu á landsvísu og að til starfseminnar þurfi leyfi ráðherra. Þá er í frumvarpinu lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að kveða nánar á um starfsemi blóðbanka í reglugerð um blóðbanka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið. Með ákvæðinu er styrkari stoðum rennt undir það hlutverk Lyfjastofnunar að hafa eftirlit með framkvæmd klínískra lyfjarannsókna en í 4. tölul. 3. gr. gildandi lyfjalaga er einungis kveðið á um það hlutverk stofnunarinnar að annast útgáfu leyfa til rannsókna með lyf. Eftirlit Lyfjastofnunar með þeirri starfsemi hefur því byggst á almennu eftirlitsákvæði í 47. gr. laganna.

Um b-lið. Með ákvæðinu er Lyfjastofnun falið það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka hvað varðar meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða. Annað eftirlit með starfsemi blóðbanka er í höndum landlæknis og grundvallast það á 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um landlækni og landlæknisembættið. Með ákvæðinu er verið að lögleiða að hluta tilskipun 2002/98/EB um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB og tilskipun 2004/33/EB um framkvæmd tilskipunar 2002/98/EB með

tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð til nánari útfærslu þessa ákvæðis.

Um c-lið. Lyfjastofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu eiga aðild að Lyfjamálastofnun Evrópu, EMEA (European Medicines Evaluation Agancy), þar sem fjallað er með samræmdum hætti um markaðsleyfi fyrir lyf fyrir menn og dýr innan svæðisins. Ísland ásamt hinum EFTA-löndunum Noregi og Lichtenstein taka með beinum hætti þátt í ákvörðunum um markaðsleyfi fyrir lyf í nefndum á vegum EMEA, svo sem CHMP (Committe for Medicinal Product for Human Use) og CVMP (Committee for Medicinal Products for Veterinary Use). Mat Lyfjamálastofnunar Evrópu á markaðsleyfum fyrir lyf hefur með beinum og óbeinum hætti áhrif á þau markaðsleyfi sem gefin eru út á Íslandi og því er talið mikilvægt að tiltaka þetta hlutverk Lyfjastofnunar sérstaklega.

Um d-lið. Vegna útrásar lyfjafyrirtækja á erlenda markaði hefur þörf aukist fyrir útgáfu vottorða af ýmsu tagi sem lyfjafyrirtækin æskja. Því þykir mikilvægt að bæta við gjaldtökuheimild vegna útgáfu þessara vottorða til að standa undir þeim kostnaði er þeirri vinnu er samfara.Vinna við gerð vottorða er mismunandi eftir umfangi. Sérfræðingur útbýr vottorð. Árið 2004 voru gefin út 684 vottorð. Gefin voru út 303 CPP-vottorð (Certificate of a Pharmaceutical Product), 322 GMP-vottorð (Certificate of Authorisation for Manufacturers of Medicinal Product – Good Manufacturing Practice) og 59 FSC-vottorð (Statement of Licensing Status of Pharmaceutical Products – Free Sales Certificate). Áætla má að tekjur vegna útgáfu vottorða geti numið 3–5 millj. kr. miðað við fjölda vottorða síðasta árs eða að meðaltali um 4.500–7.500 kr. fyrir hvert vottorð. Ljóst er að tekjur vegna vottorða munu ekki nema að nokkru leyti geta mætt þeim tekjumissi sem aðrar breytingar frumvarpsins hafa í för með sér fyrir Lyfjastofnun. Kveðið verður á um fjárhæð gjaldsins í gjaldskrá stofnunarinnar.

Þá er bætt við gjaldtökuheimild fyrir Lyfjastofnun vegna vísindalegrar ráðgjafar (Scientific Advice) en það færist í aukana að lyfjafyrirtæki æskja vísindalegrar aðstoðar sérfræðinga Lyfjastofnunar við umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf, en slíkar umsóknir eru mjög flóknar og umfangsmiklar. Þar sem ekki er um hefðbundna leiðbeiningarskyldu í skilningi stjórnsýslulaga að ræða heldur oft tímafreka og umfangsmikla tæknilega aðstoð er mikilvægt að sérstök heimild verði veitt til að innheimta gjald fyrir þá vinnu. Sambærilegar heimildir er að finna í nágrannalöndum okkar, þar á meðal hjá Lyfjamálastofnun Evrópu.

Um e-lið. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um f-lið. Við upptalningu eftirlitskyldra aðila í 8. mgr. 3. gr. laganna bætast blóðbankar og er það í samræmi við þá breytingu sem fram kemur í a-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem ákveðinn hluti af starfsemi blóðbanka verður undir eftirliti Lyfjastofnunar.

Um g-lið. Í ákvæðinu er blóðbanka bætt við upptalningu í 2. tölul 9. mgr. um hvernig álagningu lyfjaeftirlitsgjalds skuli háttað.

Um h-lið. Lyfjaútflutningur hefur aukist undanfarin ár og þar með velta lyfjafyrirtækja. Við samningu gjaldtökuákvæða lyfjalaga á árinu 2000 var hins vegar ekki séð fyrir sú þróun sem varð með útrás lyfjafyrirtækja á erlenda markaði. Eins og lyfjafyrirtæki og Samtök iðnaðarins hafa bent á getur verið ósanngjarnt að innheimta lyfjaeftirlitsgjöld vegna sölu lyfja utan hins innlenda markaðar og má færa fyrir því rök að eftirlitsstarfsemi hér á landi ljúki við útflutning lyfja frá innlendum lyfjafyrirtækjum. Margvíslegt eftirlit á sér hins vegar stað með innlendri lyfjaframleiðslu hér á landi þó fyrirhugað sé að flytja þau lyf til útlanda og verður engin breyting þar á. Hér er því lagt til að lyfjaeftirlitsgjald taki ekki til sölu lyfja utan hins innlenda markaðar.

Um i-lið. Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Um a-lið. Sett er fram ný skilgreining á lyfi sem byggist á skilgreiningu hugtakanna lyf fyrir menn og lyf fyrir dýr í löggjöf Evrópusambandsins, sbr. 1. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB og 1. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/28/EB. Skilgreiningunni á lyfi er breytt á þann veg að í henni kemur nú fram hvers konar áhrif lyfið getur haft á lífeðlisfræðilega starfsemi. Með þessari upptalningu á áhrifum getur skilgreiningin einnig tekið til lyfja á borð við genameðferðarlyf, geislavirk lyf og tiltekin lyf til staðbundinnar notkunar. Þá getur fullyrðing um að efni eða efnasamsetningar búi yfir eiginleikum við meðferð sjúkdóma eða forvarnir gegn sjúkdómum valdið því að efnið geti talist lyf.

Um b-lið. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er tekið af skarið um að svokallaðar jaðarvörur („borderline products") sem eru á mörkum lyfjageirans og annarra geira falli undir lyfjalögin. Greinin byggist á 2. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB og 2. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/28/EB. Í ákvæðinu felst að geti vara, að teknu tilliti til allra eiginleika hennar, fallið bæði undir skilgreiningu á lyfi og skilgreiningu á vöru samkvæmt annarri löggjöf fellur hún undir ákvæði lyfjalaga. Falli vara hins vegar ótvírætt undir skilgreiningu á vörum í öðrum flokkum, einkum í flokki matvæla, fæðubótarefna, lækningatækja, sæfiefna eða snyrtivara fellur hún ekki undir ákvæði lyfjalaganna. Rétt er að undirstrika tengsl ákvæðisins við 2. mgr. 5. gr. eins og hún hljóðar nú þar sem segir að í vafatilvikum skeri Lyfjastofnun úr því hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Um a-lið. Ákvæðið byggist á 23. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB og 17. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/28/EB.

Um b-lið. Í 5. gr. núgildandi lyfjalaga er einungis kveðið á um að Lyfjastofnun sé heimilt að afturkalla markaðsleyfi að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Með þessu ákvæði frumvarpsins er lagt til að einnig sé kveðið á um að stofnunin geti ógilt, fellt niður tímabundið eða breytt markaðsleyfi við tilteknar aðstæður sem nánar koma fram í 5. gr. laganna. Rétt þykir að orða þessi úrræði sérstaklega í lögum svo ekki sé neinn vafi á valdheimildum stofnunarinnar hvað þetta varðar. Þá er einnig mælt fyrir um vægari úrræði en afturköllun eins og að fella markaðsleyfi niður tímabundið eða breyta markaðsleyfi. Ákvæðið er í samræmi við 79. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB.

Um c-lið. Sú breyting sem hér er lögð til er gerð vegna bóluefna fyrir dýr, með miðlægt markaðsleyfi, sem skylt er að gefa út markaðsleyfi fyrir en ekki er talin ástæða til að leyfa markaðssetningu á, t.d. þegar sjúkdómur finnst ekki hér á landi.

Um d-lið. Bætt er við upptalningu í 9. mgr. 7. gr laganna að ráðherra skuli setja ákvæði í reglugerð um hvernig viðurkenningu Lyfjastofnunar á miðlægum markaðsleyfum Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) skuli háttað og ákvæði um verndartíma gagna um forklínískar og klínískar prófanir. Hvað fyrra atriðið varðar þykir nauðsynlegt að því sé lýst í reglugerð með hvaða hætti og við hvaða skilyrði Lyfjastofnun viðurkennir miðlæg markaðsleyfi. Um síðara atriðið, verndartíma gagna við forklínískar og klínískar prófanir, eru ítarleg ákvæði í 8. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB og 6. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/28/EB sem geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða lyf fyrir menn eða lyf fyrir dýr. Ekki þótti rétt að festa svo ítarleg ákvæði í lög heldur kveða með nákvæmum hætti á um það í reglugerð

hvenær umsækjandi um markaðsleyfi fyrir lyf er undanþeginn þeirri skyldu að leggja fram umrædd gögn.

Um 5. gr.

Um a-lið. Uppbyggingu ákvæðisins er lítillega breytt til einföldunar.

Um b-lið. Lagt er til að við ákvæðið bætist tvær nýjar málsgreinar. Sú fyrri byggist á 4. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/27/EB. Í ákvæðinu er kveðið á um heimild Lyfjastofnunar til að heimila tímabundna dreifingu lyfs sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi við nánar tilteknar aðstæður sem nefndar eru í ákvæðinu. Um er að ræða ákveðna neyðarráðstöfun og undantekningu frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga að engin lyf skuli flutt inn til landsins án markaðsleyfis og því þykir rétt að kveða sérstaklega á um hana í lögum. Sú síðari byggist á 6. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/28/EB. Ákvæðið er undantekningarákvæði sem er háð rökstuddri umsókn dýralæknis vegna einstaks tilfellis og er á hans ábyrgð.

Um 6. gr.

Hér er orðalagi 1. málsl. 7. mgr. 33. gr. breytt á þann veg að í stað þess að samhliða innflutningur lyfs sé háður útgáfu sérstaks markaðsleyfis Lyfjastofnunar sé hann háður leyfi stofnunarinnar til samhliða innflutnings lyfsins. Við samhliða innflutnings lyfs gefur Lyfjastofnun í reynd ekki út eiginlegt markaðsleyfi (marketing authorisation). Nær er að tala um leyfi stofnunarinnar til samhliða innflutnings lyfsins (parallel import licence) sem felst í staðfestingu hennar á því að lyfið sé það sama eða sambærilegt lyfi sem þegar hefur markaðsleyfi á Íslandi.

Þá er lagt til að við málsgreinina bætist nýr málsliður þar sem mælt er fyrir um þá skyldu heildsala að tilkynna markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnun um allan fyrirhugaðan samhliða innflutning. Ákvæðið byggist á 55. tölul. 1. mgr. tilskipunar 2004/27/EB og b-lið 39. tölul. 1. gr. tilskipunar 2004/28/EB. Einnig er lagt til að við bætist málsliður þar sem kveðið er á um að í reglugerð um samhliða innflutt lyf verði nánar fjallað um skilyrði slíks innflutnings og málsmeðferð Lyfjastofnunar við veitingu leyfis. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð stofnunarinnar sé mun einfaldari og fljótvirkari heldur en þegar gefin eru út eiginleg markaðsleyfi.

Um 7. gr.

Hér lagt til að við ákvæði 34. gr. núgildandi laga um framleiðsluleyfi verði bætt skilgreiningu á framleiðslu svo enginn vafi sé á því í hvaða tilvikum framleiðsluleyfis sé krafist en hugtakið hefur fram til þessa verið skilgreint í reglugerð um framleiðslu lyfja. Þá þykir rétt að taka fram að ráðherra geti gefið út bæði tímabundin og takmörkuð framleiðsluleyfi sem miðast þá við ákveðna tegund framleiðslu.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að orðalag 47. gr. núgildandi laga um það hvenær Lyfjastofnun er heimilt að beita áminningu verði gert skýrara en í gildandi ákvæði.

Um 9. gr.

Bráðabirgðaákvæðinu er ætlað að fyrirbyggja hugsanlega réttaróvissu við þá aðlögun sem breytingar á gildistíma markaðsleyfa vegna gildistöku tilskipana 2004/27/EB og 2004/28/EB geta haft í för með sér. Þannig þarf að endurnýja a.m.k. einu sinni til fimm ára markaðsleyfi fyrir lyf sem við gildistöku laga þessara hafa þegar fengið útgefin markaðsleyfi. Eftir eldri

reglum þurfti að endurnýja markaðsleyfi á fimm ára fresti og bráðabirgðaákvæðið er því ekki talið íþyngja markaðsleyfishöfum sem þegar hafa fengið útgefin markaðsleyfi.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að það verði orðað sérstaklega í lögum að starfræktur skuli blóðbanki á Íslandi. Tilefni þessarar breytingar er innleiðing á tilskipun 2002/98/EB um blóð og blóðhluta. Ákvæðið gerir ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi til starfrækslu blóðbanka og að nánar verði kveðið á um starfsemina, eftirlit o.fl. í reglugerð sem ráðherra setur.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að þær greinar frumvarpsins sem innleiða ákvæði tilskipana 2004/27/EB og 2004/28/EB komi til framkvæmda þegar ákvæði fyrrgreindra tilskipana koma til framkvæmda eða 30. október 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar. Annars vegar eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum lyfjalaga sem lúta m.a. að því að Lyfjastofnun verður falið eftirlit með starfsemi blóðbanka hvað varðar geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða. Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt þeirra tillagna feli í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hins vegar er lögð til sú breyting á álagningu lyfjaeftirlitsgjalda að þau verða einungis lögð á heildsölu framleiðenda hér á landi en ekki á lyf til sölu erlendis. Á móti kemur að lyfjafyrirtæki munu greiða Lyfjastofnun gjald fyrir útgáfu ýmissa vottorða er tengjast útflutningi lyfja. Þá verði Lyfjastofnun heimilt að innheimta sérstök gjöld vegna vísindalegrar ráðgjafar við umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf verði eftir þeirri þjónustu leitað.

Gert er ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins leiði til um 14 m.kr. lækkunar lyfjaeftirlitsgjalda en á móti komi gjöld fyrir útgáfu vottorða og vísindalega ráðgjöf sem má ætla að verði eigi lægri en 3–4 m.kr.

Í fjárlögum ársins 2005 eru gjöld Lyfjastofnunar 145 m.kr. Aðrar rekstrartekjur og markaðir gjaldstofnar stofnunarinnar, að meðtöldu lyfjaeftirlitsgjaldi, eru hins vegar tæpum 13 m.kr. hærri en gjöld. Samþykkt frumvarpsins á því ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

982. Lög [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 937.

983. Lög [409. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (vararefsing fésektar).

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 520.

984. Lög [484. mál]

um breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 740.

985. Tillaga til þingsályktunar [650. mál]

um vernd samgönguminja.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd til að kanna hvernig tryggja megi betur en nú er skráningu og vernd samgönguminja og undirbúa gerð samgönguminjaáætlunar. Nefndin verði skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerðinni, öðrum tilnefndum af Fornleifavernd ríkisins og þeim þriðja tilnefndum af ráðherra og verði hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir 1. október 2006.

Greinargerð.

Víða um land er að finna merkar samgönguminjar sem liggja undir skemmdum, svo sem brýr, hlaðna vegi og hafnargarða, símamannvirki, sæluhús símamanna frá öndverðri 20. öld og vörður á gömlum þjóðleiðum. Þá eru ýmsar slíkar þjóðleiðir að leggjast af og falla í gleymsku svo að brýnt er að hefja skipulega vinnu við skráningu þeirra og kortlagningu. Samgönguminjum er vissulega víða sinnt og safnað, bæði af opinberum aðilum og áhugasömum einstaklingum, en stjórnvöld hafa ekki markað ákveðna stefnu í þessum málaflokki. Ekki er hægt að ætlast til þess að áhugamenn sinni einir þessu mikilvæga varðveislu- og skráningarstarfi enda krefjast mörg verkefni á því sviði umtalsverðra fjármuna ef vel á að vera. Þar að auki hlýtur árangurinn í heild að vera undir því kominn að verkið sé unnið eftir einu samræmdu skipulagi sem byggist á góðri yfirsýn.

Samgöngur og samgöngubætur hafa alla tíð verið geysilega mikilvægar fyrir fólk á Íslandi enda landið dreifbýlt og víða erfitt yfirferðar. Óhætt er að fullyrða að 20. öld, sem var öld vélvæðingar hér á landi, hafi verið tímabil meiri og hraðari breytinga í samgöngumálum en nokkurt annað skeið í sögu Íslands. Á slíkum framfaraskeiðum er eðlilega hvað hættast við því að minjar og minningar um samgönguhætti fyrri tíma lendi í glatkistunni og gildi þeirra verði ekki fyllilega ljóst fyrr en um seinan.

Í ljósi þess hve saga samgangna er snar þáttur í Íslandssögunni er afar mikilvægt að vernd samgönguminja verði efld og skipulega að henni unnið. Þess vegna er hér lagt til að Alþingi feli ráðherra að skipa þriggja manna nefnd er kanni hvernig söfnun og vernd þessara minja verði best tryggð og undirbúi gerð samgönguminjaáætlunar.

986. Frumvarp til laga [651. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði laganna gilda um alla erlenda launamenn sem starfa hér á landi, hvort sem er á vegum íslenskra eða erlendra atvinnurekenda, starfsmannaleigna eða hliðstæðra fyrirtækja.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Fyrirtækjum skv. 2. mgr. 1. gr. og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu þeirra er skylt að veita trúnaðarmönnum stéttarfélaga aðgang að ráðningarsamningum og upplýsa um launakjör viðkomandi launamanna.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og dæma má þeim miskabætur sem misgert er við.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 55/1980, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

Greinargerð.

Fyrir rúmu ári skipaði Árni Magnússon félagsmálaráðherra nefnd sem ætlað var að semja frumvarp um aðkomu starfsmannaleigna að íslenskum vinnumarkaði. Nefndin hefur ekki lokið störfum. Frá því að nefndin var skipuð hefur þeim fyrirtækjum stöðugt fjölgað sem notfæra sér þjónustu starfsmannaleigna eða gera hliðstæða samninga um störf erlendra launamanna í þeirra þágu. Það hefur verið staðreynt að margir þessara erlendu launamanna njóta ekki samsvarandi kjara og réttinda og íslenskir launamenn. Eru laun og önnur starfskjör þeirra iðulega lakari en aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um sem lágmarkskjör. Enn fremur liggur fyrir að mikill fjöldi erlendra launamanna kemur hingað til lands sem ferðamenn og starfar hér án tilskilinna atvinnu- og dvalarleyfa. Leikur rökstuddur grunur á því að opinberum gjöldum, bæði staðgreiðslu og launatengdum gjöldum, af launum margra þessara starfsmanna sé ekki skilað. Frá þessum staðreyndum hefur ítrekað verið greint í fjölmiðlum, svo sem í DV 12. og 22. febrúar 2005, Fréttablaðinu 14. og 24. febrúar 2005 og Morgunblaðinu 22. febrúar 2005. Því miður hafa stjórnvöld ekki orðið við ítrekuðum tilmælum verkalýðshreyfingarinnar um að grípa í taumana.

Það hefur verið dregið í efa að lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, taki til allra erlendra launamanna sem hér starfa. Þá er ljóst að ákvæði laga nr. 54/2001 taka aðeins til lágmarksréttinda skv. 1. gr. laga nr. 55/1980, þ.e. til lágmarkslauna, yfirvinnugreiðslna, orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma. Er úr því bætt með frumvarpi þessu og lagt til að öll ákvæði laga nr. 55/1980 taki til erlendra launamanna sem starfa hér á landi.

Það ástand sem hér hefur verið lýst er til þess fallið að valda harðvítugum deilum og upplausn á íslenskum vinnumarkaði. Gæti svo farið að hér kæmi til svipaðra átaka og á upphafsárum verkalýðsbaráttunnar fyrir setningu laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér eru afar mikilsverðir hagsmunir í húfi fyrir aðildarsamtök vinnumarkaðarins, launamenn, atvinnurekendur, ríki og sveitarfélög.

Það er grundvallaratriði að skipulag og leikreglur á vinnumarkaði haldist í því friðsamlega horfi og verið hefur síðastliðna áratugi. Frumvarpinu er ætlað að taka á þessu vandamáli og því er beint gegn viðkomandi starfsmannaleigum og hliðstæðum fyrirtækjum og atvinnurekendum sem við þær skipta, burtséð frá samningum þeirra á milli. Að sama skapi mun lögfesting frumvarpsins vernda kjör og réttindi viðkomandi launamanna. Einnig er lögfesting frumvarpsins til þess fallin að tryggja samkeppnisstöðu atvinnurekenda. Má ljóst vera að þeir fjölmörgu atvinnurekendur sem fara að lögum í einu og öllu standa höllum fæti í samkeppni við atvinnurekendur sem greiða laun undir lágmarkskjörum og standa ekki eða illa skil á opinberum gjöldum. Um frekari rökstuðning er vísað til frumvarps til laga um útsenda starfsmenn, sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi, þskj. 885, 573. mál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni eru tekin af öll tvímæli um það að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla erlenda launamenn sem hér starfa á Íslandi, einnig til þeirra sem starfa á grundvelli leigu- eða þjónustusamninga

starfsmannaleigna, og að lög nr. 55/1980 taki til þeirra í einu og öllu. Leigusamningar, þjónustusamningar og aðrir samningar um lakari ráðningarkjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi fyrir íslenskan vinnumarkað þykir rétt að kveða á um heimild til eftirlits trúnaðarmanna stéttarfélaga með umræddum fyrirtækjum, starfsmannaleigum sem öðrum, og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu þeirra. Ber þessum aðilum að afhenda ráðningarsamninga hinna erlendu launamanna. Komi ekki fram upplýsingar um launakjör í ráðningarsamningum geta trúnaðarmenn kallað eftir öðrum gögnum sem upplýsa um þau.

Um 3. gr.

Mælt er fyrir um sektar- og miskabótaheimildir. Gert er ráð fyrir að sektum verði beitt þegar brot eru alvarleg eða ítrekuð og að þeir launamenn sem lögin eru brotin á geti krafist miskabóta. Það er lagt í vald dómstóla að ákveða hvenær rétt sé að verða við kröfum um miskabætur og fjárhæð þeirra eftir eðli máls hverju sinni.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

987. Svar [578. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklu fé hefur verið varið til eftirtalinna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli árlega sl. tíu ár, hverjir greiddu kostnaðinn og hversu mikinn hluta hans greiddi íslenska ríkið:

a. nýbygginga,
b. viðhalds mannvirkja, þ.m.t. flugbrauta,
c. snjómoksturs?

Í meðfylgjandi töflum kemur fram kostnaður ríkisins annars vegar og kostnaður varnarliðsins hins vegar við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Kostnaðartölur ríkisins eru byggðar á upplýsingum frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli um það fé sem þessir aðilar hafa varið í framkvæmdir á flugvellinum sl. tíu ár. Í gögnunum er tilgreint hversu miklu fé hefur verið varið í fjárfestingar, viðhald og snjómokstur.

Í kostnaðartölum varnarliðsins er um að ræða heildarkostnað á öllu varnarsvæðinu, bæði kostnað sem Bandaríkin hafa greitt og kostnað sem greiddur hefur verið úr sjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Þá hafa einkafyrirtæki eins og FL Group ásamt dótturfyrirtækjum, Suðurflugi hf. og Flugflutningum ehf., varið þó nokkru fé í framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll sl. tíu ár.

Kostnaður varnarliðisins við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.[1]

Fjárhagsár	Snjór og ís, hreinsun	Fjárfestingar	Viðhald (m.a. flugbrautir)[2]	Heildarkostnaður á fjárhagsári
1994–1995	77.267	14.946	508.331	600.544
1995–1996	85.752	18.156	512.207	616.115
1996–1997	80.221	20.022	469.029	569.272
1997–1998	101.296	31.509	478.732	611.537
1998–1999	111.301	38.647	573.791	723.739
1999–2000	114.872	36.521	967.936	1.119.329
2000–2001	135.282	118.760	2.753.570	3.007.612
2001–2002	146.103	110.515	2.145.301	2.401.919
2002–2003	140.348	139.130	1.900.540	2.180.018
2003–2004	91.364	48.353	749.311	889.028
Samtals	1.083.807	576.559	11.058.748	12.719.113

[1] Allar tölur eru í þúsundum króna. Gengi miðast við gengi Bandaríkjadals í byrjun janúar hvers árs. Fjárhagsár varnarliðsins er frá byrjun október til loka september. Tölurnar eru samanlögð framlög Bandaríkjahers og Atlantshafsbandalagsins.

[2] 2001–2003 voru bæði suður/norður- og austur/vestur-brautirnar endurnýjaðar, þ.e. fræstar og endurmalbikaðar og flugbrautarljós endurnýjuð.

Fjárfestingar og viðhald Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Flugstöð Leifs Eiríkssonar										
Fjárfestingar	3.876	15.342	92.704	155.745	611.293	1.956.200	1.372.152	397.117	218.219	2.135.637
Viðhald	40.579	46.124	49.398	78.046	97.316	68.961	119.196	87.054	106.651	86.062
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli										
Fjárfestingar					35.500	23.100	30.000	24.600	205.200	16.100
Viðhald					600	4.200	3.400	4.900	2.500	1.900
Snjóruðningur	5.900	5.500	6.100	6.000	1.800	4.600	5.100	6.000	9.200	8.700
Samtals	50.354	66.965	148.202	239.791	746.509	2.057.061	1.529.849	519.671	541.770	2.248.399

Allar tölur eru í þús. kr.
Árin 1999, 2000 og 2001 var unnið að framkvæmdum við suðurbyggingu.
Árið 2004 voru fjárfestingar vegna flughlaða og stækkunar og breytingar á norðurbyggingu.
Árin 1995–1998 voru Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórn reknar sem heild.

988. Tillaga til þingsályktunar [652. mál]

um mat á fasteignum og um álagningarstofn fasteignaskatts.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega að skipa nefnd til að gera tillögur um breytingar á reglum um ákvörðun matsverðs íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og á reglum um álagningarstofn og álagningu fasteignaskatts samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Skal nefndin leita leiða til að finna nýjan álagningargrundvöll fasteignaskatts þannig að álagning endurspegli kostnað sveitarfélaga af þjónustu við íbúðareigendur, enn fremur að rofin verði tengsl álagningarstofns við skyndilegar breytingar á markaðsverði íbúða og álagning fasteignaskatts taki fremur breytingum í takt við almennar verðlagshækkanir.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á þágildandi lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat á fasteignum, með lögum nr. 47/2000 og í kjölfarið voru þau endurútgefin með áorðnum breytingum. Á sama tíma hófst Fasteignamat ríkisins handa við endurmat á öllu íbúðarhúsnæði í landinu. Leiddi endurmatið til verulegra hækkana á áðurgildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Bæði ríkisstjórnin og sveitarstjórnir lýstu því yfir að endurmatið mundi ekki leiða til hækkana á eignarskatti og fasteignaskatti. Raunin varð önnur. Við álagningu gjaldárið 2002 greiddu framteljendur sem áttu ekki aðrar eignir en skuldlausar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir eignarskatt í fyrsta skipti á ævinni. Fasteignaskattar hafa einnig hækkað vegna endurmatsins og enn frekar á grundvelli verulegra hækkana á markaðsverði íbúðarhúsnæðis, en skv. 27. gr. laga nr. 6/2001 skal matsverð fasteignar vera gangverð hennar umreiknað til staðgreiðslu. Íbúðaverð hækkaði á öllu landinu milli áranna 2003 og 2004, að Vestfjörðum undanskildum. Verð á íbúðarhúsnæði á Austurlandi hækkaði mest, um tæp 35%. Í Reykjavík nam hækkunin tæpum 14%, á Norðurlandi vestra 12,1% og á Norðurlandi eystra 10,6%. Í öðrum landshlutum nam hækkunin 9–10%, nema á Vestfjörðum, eins og áður segir, þar sem íbúðaverð lækkaði um 1,7%. Almennt má segja að hækkun matsverðs íbúðarhúsnæðis milli áranna 2003 og 2004 hafi numið að meðaltali rúmum 10% umfram almennar verðlagshækkanir samkvæmt vísitölu neysluverðs og hefur haft í för með sér sambærilega hækkun fasteignaskatta. Allt bendir til þess að matsverð fasteigna muni hækka verulega umfram almennt verðlag á þessu ári vegna mikillar eignaverðbólgu sem hófst á síðasta ári. Eignaverð hækkaði um 4,1% að raunvirði í janúar sl. og síðustu 12 mánuði um rúmlega 25%. Fasteignaskattar eru í eðli sínu gjöld sem er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélaga við að þjónusta fasteignaeigendur og eru lögð á óháð tekjum. Útsvar er hins vegar lagt á sem hlutfall af tekjum, tekjuskattsstofni. Veruleg hækkun á markaðsverði íbúðarhúsnæðis síðustu mánuði og fyrirsjáanleg hækkun á þessu ári umfram almennar verðlagshækkanir ætti að mati flutningsmanna ekki að hafa áhrif á stofn til álagningar fasteignaskatts. Kostnaður sveitarfélaga af þjónustu við íbúðaeigendur eykst ekki í réttu hlutfalli við hækkun á markaðsverði íbúða. Þessi eignaverðbólga hefur bitnað og mun bitna harðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar, svo sem eldri borgurum og einstæðum foreldrum. Þá má halda því fram með gildum rökum að viðmiðun fasteignamats við gangverð, markaðsverð, mismuni sveitar-

félögum. Er þannig ljóst að sveitarfélög á Vestfjörðum standa afar höllum fæti og er fjárhagsstaða þeirra þó nógu slæm fyrir vegna fólksfækkunar. Er brýnt að setja nýjar reglur um álagningarstofn fasteignaskatts og styrkja tekjustofna sveitarfélaga með öðrum hætti en síhækkandi fasteignasköttum, sem eins og fyrr segir eru lagðir á óháð tekjum. Er brýnt að álagningargrundvelli fasteignaskatts verði breytt fyrir álagningu árið 2006 svo að íbúðareigendur þurfi ekki að sæta álögum umfram almennar verðlagshækkanir og að sveitarfélögum sé ekki mismunað.

989. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálm Egilsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi fiskeldisstöðva.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem felast einkum í lagfæringum á lagatexta vegna niðurlagningar sóknardagakerfisins. Jafnframt er lagt til að ákvæði um heimild skipstjóra, sbr. bráðabirgðaákvæði XXIX í lögunum, til að ákveða að hluti af afla fiskiskips teljist ekki til aflamarks þess verði fært til almenns ákvæðis í lögunum og þar með gert ótímabundið. Loks er lagt til að heimild sem ráðherra hefur til að úthluta aflaheimildum til tilrauna með áframeldi á þorski sem að óbreyttu rennur út á þessu fiskveiðiári verði framlengd til fiskveiðiársins 2009/2010.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að veiðileyfi séu gefin út til eins árs í senn eins og verið hefur. Í áfangaskýrslu nefndar, sem skipuð var af sjávarútvegsráðherra til að fjalla um starfsumhverfi sjávarútvegsins, sem var gefin út í febrúar sl. er hins vegar lagt til að veiðileyfi verði almennt ótímabundin og hefur sjávarútvegsráðherra jafnframt lýst yfir stuðningi við slíka breytingu. Þá hafa hagsmunaaðilar í umsögnum um frumvarpið mælt með því að útgefin veiðileyfi samkvæmt lögunum verði ótímabundin. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt í þá veru enda verður ekki annað séð en breytingin leiði til hagræðingar og einföldunar bæði hjá veiðileyfishöfum og í stjórnsýslunni. Samkvæmt tillögu nefndarinnar falla ótímabundin veiðileyfi niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði eða þegar fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands eða eigendur eða útgerðir þess fullnægja ekki skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í a-lið 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 1. mgr. 11. gr. laganna falli brott. Í öðrum málslið þeirrar málsgreinar er mælt fyrir um að farist skip hafi útgerð þess 12 mánaða svigrúm til að flytja aflaheimildir sem skráðar voru á skipið á nýtt skip. Telur nefndin rétt að ákvæði þessa efnis verði áfram í lögunum og leggur hún til breytingu þess efnis.

Loks leggur nefndin til að fyrsti gjalddagi veiðigjalds verði 1. október í stað 15. september eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti er nefndin fylgjandi efni frumvarpsins og leggur til að það verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson og Jón Gunnarsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Kristján L. Möller og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Magnús Stefánsson.	Birkir J. Jónsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	

990. Breytingartillögur [362. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Í stað síðari efnismálsliðar 1. gr. komi þrír nýir málsliðir sem orðist svo: Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.
2. Við 7. gr.
   a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:
      Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.
   b. B-liður falli brott.
3. Í stað orðanna „15. september“ í 9. gr. komi: 1. október.

991. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálm Egilsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi fiskeldisstöðva og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verði styttur þannig að lögin falli úr gildi 1. júlí á þessu ári. Er frumvarpið lagt fram í kjölfar þess að skylda til greiðslu í sjóðinn var felld niður samhliða upptöku veiðigjalds, sbr. lög nr. 51/2004. Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Þá leggur meiri hlutinn til að lögin falli úr gildi 1. október 2005 í stað 1. júlí til að tryggt sé að nægilegur tími gefist til að ljúka uppgjöri sjóðsins.

Í samræmi við framangreint leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.

Alþingi, 17. mars 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. Einar K. Guðfinnsson. Guðmundur Hallvarðsson.

Magnús Stefánsson. Birkir J. Jónsson.

992. Svar [607. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um sölu grunnnets Landssímans.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur Samkeppnisstofnun skilað skýrslu eða áliti um hvaða áhrif það hafi á samkeppni á fjarskiptamarkaði ef grunnnet Landssímans verður selt með fyrirtækinu? Ef svo er, þá er óskað eftir því að skýrsla eða álit Samkeppnisstofnunar verði birt í heild sinni og jafnframt upplýst fyrir hvaða ráðherra verkið var unnið.

Við undirbúning á sölu Landssíma Íslands hf. (Símans) árið 2001 kallaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu, sem umsjón hefur með sölu ríkiseigna, eftir áliti fjölmargra sérfróðra aðila varðandi ýmsa þætti sölu á Símanum. Meðal annars var óskað eftir minnisblaði frá Samkeppnisstofnun eftir fund nefndarinnar með fulltrúum stofnunarinnar 24. mars árið 2000. Framkvæmdanefndin kallaði eftir minnisblaðinu að eigin frumkvæði, ekki að ósk ráðherranefndar um einkavæðingu eða annarra einstakra ráðherra.

Í minnisblaðinu, sem dagsett er 7. apríl árið 2000, koma fram áhersluatriði Samkeppnisstofnunar varðandi söluna á Símanum sem þá var fyrirhuguð og þau snúa m.a. að svokölluðu grunnneti félagsins. Umrætt minnisblað fellur undir undantekningarákvæði 5. gr. og 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Hins vegar hefur ítrekað verið vitnað til innihalds minnisblaðsins, ekki síst af fyrirspyrjanda, og mun forsætisráðuneytið ekki leggjast gegn birtingu þess í heild.

Fyrir liggur að umrætt minnisblað er fimm ára gamalt og fjarskiptamarkaðurinn hefur tekið miklum breytingum síðan þá. Fyrirtæki í samkeppni við Símann hafa eflst og samkeppni aukist, hvort heldur er í grunnnetsþjónustu eða ýmiss konar virðisaukandi þjónustu, og lagaumhverfið hefur sömuleiðis tekið breytingum með tilliti til samkeppnissjónarmiða. Íslensk stjórnvöld hafa því einungis styrkst í þeirri trú að rétt sé að selja Símann í heilu lagi eins og lög nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., heimila.

Fyrir liggur að lagaumhverfið á Evrópska efnahagssvæðinu gerir ráð fyrir samkeppni í rekstri grunnneta í fjarskiptageiranum. Önnur íslensk fyrirtæki veita grunnnetsþjónustu. Nægir þar að nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Og fjarskipti og Fjarska. Lagalegt umhverfi á Íslandi tryggir samkeppnisaðilum Símans að evrópskri fyrirmynd greiðan og jafnan aðgang að grunnnetinu. Lög um þetta, sem endurskoðuð voru árið 2003, gera ríkar kröfur til markaðsráðandi aðila á fjarskiptamarkaði og gefa skýr fyrirmæli um aðgang annarra að grunnneti slíks aðila. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun hafa úrræði til inngripa verði markaðsráðandi aðili uppvís að brotum.

Því mæla nú sem fyrr ótvíræð rök með því að selja Símann í heilu lagi. Víðast hvar í Evrópu hafa fjarskiptafyrirtæki verið seld úr ríkiseigu. Í því ferli hafa grunnnet hvergi verið aðskilin af þeirri ástæðu að hvergi var sú leið talin skynsamleg, hvorki fyrir neytendur né fjarskiptamarkaðinn. Nýleg skýrsla frá OECD styður enn fremur þessi sjónarmið en þar segir m.a.: „Aðskilnaður [grunnnets frá öðrum þjónustuþáttum fyrirtækja] er áhættusamur, ávinningurinn takmarkaður, mjög óviss og getgátukenndur". Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun, fag- og eftirlitsaðili með fjarskiptamarkaðnum, bent á ókosti þess að skilja grunnnet Símans frá öðrum rekstrarþáttum fyrirtækisins.

Aðskilnaður grunnnetsins frá öðrum þjónustuþáttum Símans hefði tvímælalaust í för með sér aukna óvissu við sölu á fyrirtækinu og yrði til þess fallinn að lækka söluverðmæti þess, sem að hluta til er ætlað til uppbyggingar á fjarskiptaþjónustu. Einmitt með sölu á Símanum,

og samhliða styrkingu ríkissjóðs, hefur ríkisvaldið fleiri úrræði en áður til að ráðast í uppbyggingu á fjarskiptaþjónustu, ekki síst á landsbyggðinni.

Markmið stjórnvalda með sölu á hlut sínum í Símanum eru skýr – að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði og bæta þannig hag neytenda. Eðlilegt er að fylgjast með þróun samkeppni á innlendum fjarskiptamarkaði og endurskoða eftirlitsúrræði ef með þarf til að tryggja samkeppni frekar. Slíkt er sjálfsagt, enda þróun á fjarskiptamarkaði ör og lög um fjarskiptaþjónustu og eftirlitsúrræði hljóta ávallt að vera í endurskoðun.

993. Fyrirspurn [653. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kaupmátt ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega þróast í samanburði við almenna kaupmáttarþróun á tímabilinu 1988–2005 annars vegar og 1995–2005 hins vegar miðað við áætlað meðalverðlag ársins 2005:

a. hjá þeim sem eingöngu hafa greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sér til framfærslu og búa einir,
b. hjá þeim sem búa ekki einir, eru því ekki með heimilisuppbót, en hafa
   1. 47.600 kr.,
   2. 95.200 kr.,
   3. 144.000 kr.

   úr lífeyrissjóði árið 2005 auk greiðslna frá almannatryggingum og sömu rauntekjur úr lífeyrissjóði árin á undan?

Skriflegt svar óskast.

994. Fyrirspurn [654. mál]

til félagsmálaráðherra um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hverjir hafa fengið úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sl. þrjú ár og það sem af er þessu ári, sundurliðað eftir framlögum og árum?

Skriflegt svar óskast.

995. Fyrirspurn [655. mál]

til menntamálaráðherra um skoðun tölvuleikja.

Frá Steinunni K. Pétursdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að nýta sér heimild í 11. gr. laga nr. 47/1995 og setja reglur um skoðun tölvuleikja? Ef svo er, hvers konar reglur? Ef svo er ekki, hvers vegna?

Skriflegt svar óskast.

996. Frumvarp til laga [656. mál]

um breytingu á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Gunnarsson, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman, Lúðvík Bergvinsson, Gunnar Örlygsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Karl Haraldsson.

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tannlæknum skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega, sem og breytingar á henni, jafnóðum og þær eru gerðar. Skulu tannlæknar einnig senda Tryggingastofnun ríkisins gjaldskrána ásamt breytingum. Þá er tannlæknum skylt að hafa gjaldskrána sýnilega sjúklingum á biðstofu. Um aðgengi að upplýsingum um gjaldskrár, birtingu gjaldskrár og takmörkun auglýsingaskyldu við algengustu liði gjaldskrár fer nánar samkvæmt reglugerð ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að gera neytendum kleift að afla sér upplýsinga um gjaldskrár tannlækna. Í frumvarpinu er því gerð tillaga um að tannlæknum verði skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega og jafnframt þegar gerðar eru á henni breytingar. Einnig er gerð tillaga um að gjaldskrá tannlækna skuli vera sýnileg á biðstofum þeirra til kynningar fyrir þá sjúklinga sem þar koma.

Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að þeir sem hyggjast leita sér tannlæknaþjónustu geti haft greiðari aðgang að gjaldskrám einstakra tannlækna. Í gildandi lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, eru starfandi tannlæknum bannaðar hvers konar auglýsingar á starfsemi sinni, þ.m.t. auglýsingar um gjaldskrá. Í frumvarpinu er lagt til að tannlæknum verði

ekki lengur bannað að auglýsa gjaldskrá sína heldur gert skylt að auglýsa hana árlega og að nýju ef henni er breytt.

Þá er lagt til að ráðherra verði heimilað að takmarka auglýsingaskylduna við algengustu liði gjaldskrár í stað þess að auglýsa alla liði hennar þar sem kostnaður við slíkar auglýsingar gæti reynst óhóflegur og íþyngjandi. Hægt væri að fela Tryggingastofnun ríkisins að skilgreina hvaða liði gjaldskrár eigi að auglýsa hverju sinni eða styðjast við 4. gr. reglna Samkeppnisstofnunar um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna, nr. 446/2004, um útdrátt úr gjaldskrá. Einnig er lagt til að ráðherra ákveði hvar birta beri auglýsingu um gjaldskrá og hvar best sé að safna upplýsingunum saman þannig að aðgengi almennings að þeim sé tryggt. Þar mætti hugsa sér að Tannlæknafélag Íslands, Neytendasamtökin, Samkeppnisstofnun eða Tryggingastofnun gætu haldið utan um þessar upplýsingar og haft þær aðgengilegar á netinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að Tryggingastofnun geti birt upplýsingar tannlækna um gjaldskrá á upplýsingavef sínum fyrir þá sem rétt eiga á endurgreiðslum samkvæmt gildandi lögum og reglum. Þá telja þeir einnig mikilvægt að þar sem gjaldskrá tannlækna á Íslandi er algjörlega frjáls sé nauðsynlegt fyrir þá einstaklinga, sem ekki falla undir lög og reglur um endurgreiðslu á kostnaði vegna tannlækninga, að þeim verði gert kleift á skjótan og auðveldan hátt að bera saman gjaldskrá einstakra tannlækna áður en ákvörðun er tekin um að sækjast eftir þjónustu tannlæknis. Verulegur munur er á gjaldskrám einstakra tannlækna og því verulegur munur á því gjaldi sem sjúklingar greiða fyrir sambærileg læknisverk. Því er nauðsynlegt að tryggja aðgang neytenda að upplýsingum um þjónustuna til þess að veita aðhald og auka samkeppni.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, greiðir Tryggingastofnun ríkisins hlut sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu sem nánar er útfærð í reglugerð nr. 815/2002, um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði vegna tannlækninga. Þá greiðir stofnunin sjúkratryggðum einstaklingum til baka kostnað vegna tannlækninga sem nemur ákveðnu hlutfalli af útgefinni gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nr. 898/2002, með síðari breytingum.

Endurgreiðslan byggist á 1. gr. reglugerðarinnar:

„Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkratryggðum vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkvæmt 37. grein almannatryggingalaga eða gildandi samningum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert á hverjum tíma.“

Hlutfallsleg endurgreiðsla af umræddri gjaldskrá er skv. 2. gr. reglugerðarinnar:

„Geiðslur til sjúkratryggðra samkvæmt þessum kafla skulu vera það hlutfall af gjaldskrá ráðherra sem hér segir:

1. 100%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr.
2. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar, sbr. þó 5. gr.
3. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 50%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar, sbr. þó 5. gr. “

Í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns á yfirstandandi löggjafarþingi (þskj. 566, 261. mál) kom fram að stór hluti tannlækna og sérfræðinga í tannlækningum er með gjaldskrá sem er talsvert hærri en sú sem ráðherra setur og er

grundvöllur endurgreiðslna til þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslum frá hinu opinbera samkvæmt almannatryggingalögum.

Svarið leiðir í ljós að þrátt fyrir að Tryggingastofnun greiði sjúkratryggðum í samræmi við ákvæði reglugerðar fá þeir ekki endurgreitt það hlutfall af heildarreikningi sem reglugerðin kveður á um þar sem gjaldskrá tannlækna er mun hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðherra sem endurgreiðslur eru grundvallaðar á. Hér gildir einu hvort um er að ræða elli- og örorkulífeyrisþega eða börn og unglinga yngri en 18 ára.

Ef tannlæknir er með gjaldskrá sem er 35% hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðherra þýðir það eftirfarandi endurgreiðslu til mismunandi hópa (samkvæmt svari ráðherra eru 64 tannlæknar með gjaldskrá sem er 30–40% yfir ráðherragjaldskrá).

100% endurgreiðsla verður 74% af reikningi tannlæknis.

75% endurgreiðsla verður 56% af reikningi tannlæknis.

50% endurgreiðsla verður 37% af reikningi tannlæknis.

Meiru munar hjá þeim 30 tannlæknum sem eru með gjaldskrá á bilinu 40–65% yfir ráðherragjaldskránni. Af 43 sérfræðingum í tannlækningum sem svarið náði yfir reyndust 13 þeirra með gjaldskrá sem var á bilinu 40–106% yfir viðmiðunargjaldskrá ráðherra.

Ef reikningur fyrir aðgerð hjá tannlækni eða sérfræðingi er 50.000 kr., gjaldskrá hans 40% yfir viðmiðunargjaldskrá, og sjúklingurinn sjúkratryggður þá munar á endurgreiðslu og raungreiðslum:

Endurgreiðsla á að vera	Endurgreiðsla er	Á að vera kr.	Er kr.	Mismunur kr.
100%	71%	50.000	35.700	14.300
75%	54%	37.500	27.000	10.500
50%	36%	25.000	18.000	7.000

Við útreikning á fyrrgreindum dæmum er ekki tekin nein afstaða til þess hvaða gjaldskrá er „rétt“ gjaldskrá en hann gerður til að sýna fram á að vegna misræmis í gjaldskrá sem ráðherra setur og gjaldskrá starfandi tannlækna greiða sjúkratryggðir hærra hlutfall af reikningum sínum en ef ráðherra og tannlæknar kæmust að niðurstöðu um eina gjaldskrá sem gilda ætti fyrir sjúkratryggða. Meðan svo er og einnig til upplýsingar fyrir sjúklinga utan sjúkratrygginga hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir neytendur tannlæknaþjónustu að geta séð hver gjaldskrá tannlækna er í raun og veru.

Samkeppnisstofnun hefur gefið út reglur nr. 446 frá 14. maí 2004, um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna. Þar segir að markmið reglnanna sé að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Í 2. gr. segir: „Gjaldskrá sem sýnir verð á öllum aðgerðaliðum sem framkvæmdir eru hjá tannlækni skal liggja frammi á tannlæknastofu. Tannlækni sem reglur þessar taka til er skylt að hafa útdrátt úr gjaldskrá á áberandi stað á biðstofu sinni.“

Það er ljóst af reglum Samkeppnisstofnunar að verið er að reyna að auka upplýsingaflæði til neytenda tannlæknaþjónustu innan ramma gildandi laga, en ljóst er þó öllum að erfitt er að bera saman verð einstakra tannlækna nema með ferðalögum milli tannlæknastofa eða miklum hringingum til að fá upplýsingar um gjaldskrá og þá um leið hugsanlegt endurgreiðsluhlutfall af heildargreiðslu sjúklings frá Tryggingastofnun ef um sjúkratryggðan einstakling er að ræða.

Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa í auknum mæli sett reglur um skyldur tannlækna til að upplýsa sjúklinga sína um verð þjónustunnar. Tannlæknum þar er almennt gert skylt að gera skriflegar kostnaðaráætlanir og leggja fyrir sjúklinga áður en aðgerð hefst og er jafnvel í bígerð sums staðar að þeir verði að kynna væntanlegan kostnað þegar sjúklingar eru kallaðir

inn í reglubundið eftirlit með tannheilsu. Samkeppnisstofnun hefur tekið á skyldu til að framvísa kostnaðaráætlun í reglum sínum en miðar þá við 100.000 íslenskar krónur sem er talsvert hærra en gengur og gerist í þeim nágrannalöndum okkar þar sem þetta er tíðkað.

Samanburður milli landa.

Ísland.

Íslenskum tannlæknum er skylt að hafa gjaldskrá á áberandi stað á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 100.000 kr. (Reglur Samkeppnisstofnunar nr. 446/2004.)

Danmörk.

Dönskum tannlæknum er skylt að hafa gjaldskrá á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 2.500 danskar kr. (25.000 ísl. kr.).

Danska samkeppnisstofnunin telur að skortur sé á verðsamkeppni meðal tannlækna.

Ríkisstjórnin ætlar að gera breytingar á ýmsum lögum og reglum til þess að gera samkeppnisumhverfi í Danmörku með því besta sem gerist innan OECD fyrir árið 2010. Meðal annars er ætlunin að auka gegnsæi á tannlæknamarkaðnum.

(www.ks.dk/publikationer/konkurrence/2004/konk-strategi-hov/fak-generelt)

Noregur.

Norskum tannlæknum er skylt að hafa gjaldskrá á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 2.000 norskar kr. (20.000 ísl. kr.).

Samkeppnisstofnun Noregs álítur að skortur á verðupplýsingum sé ein meginskýringin á því hvers vegna verð tannlækna hefur hækkað eins mikið og raun ber vitni frá því verð tannlækna var gefið frjálst árið 1995. (KonkurranseNytt, 6, 6/2004.)

Svíþjóð.

Sænska samkeppnisstofnunin telur að skortur sé á verðsamkeppni meðal tannlækna.

Stofnunin leggur til að upplýsingar til neytenda um verð verði bættar og tekur undir tillögur sænsku neytendasamtakanna um að skylda verði tannlækna til að gefa skriflega kostnaðaráætlun og birta verðskrá sína á biðstofu. Einnig er lagt til að tannlæknar verði skyldaðir til að senda sænsku tryggingastofnuninni, „Försäkringskassan“, verðlista og að stofnunin ákveði hvenær og hvernig slíkir listar verði settir fram og sendir. Stofnunin birti listana á heimasíðu sinni. Sektir verði við brotum á að afhenda rétta lista.

Neytendasamtökin leggja enn fremur til að tannlæknum verði skylt að geta um væntanlegan kostnað þegar þeir kalla sjúklinga inn í reglubundið eftirlit og hvaða meðferð sé fyrirhuguð.

Samanburður á gjaldskrám tannlækna á milli landa.

Heimild: Rapport vedr. Konkurrencebegrænsende love og regler på tandområdet, útg.: fjármála-, heilbrigðis- og viðskiptaráðuneyti Danmerkur, júní 2004. Verð í skýrslunni er fyrir árið 2003.

Breskar tölur í skýrslunni eru úr einkarekstri og einnig þýskar tölur sem eru frá Slésvík-Holtsetalandi.

Tölur í skýrslunni eru í dönskum krónum og er reiknað með að 1 dönsk kr. jafngildi 10 ísl. kr.

Tölur fyrir Ísland eru úr gjaldskrá nr. 898/2002, frá árinu 2003.

	Frjálst verð Ísl.*	Danmörk	Bretland	Ísland	Þýskaland	Noregur	Svíþjóð
Áfangaeftirlit með röntgenskoðun	4.758	2.200	3.990	3.660	960	3.350	3.270
Röntgenmynd	1.274	1.100	1.660	980	390	580	260
Plastviðgerð, 1 flötur	6.734	3.620	7.030	5.180	1.900	3.520	3.830
Fylling, 2 fletir	8.567	7.860	10.140	6.590	5.700	5.930	5.430
Úrdráttur tannar, deyfing innifalin	3.328	1.970	4.090	2.560	1.840	4.650	4.830
Rótfylling, tönn með 1 rótargang	16.653	10.070	19.660	12.810	9.000	15.700	13.700
Steypt króna, gull eða postulín	62.530	53.660	42.300	48.100	39.000	36.200	28.200
Þriggja liða brú úr gulli eða postulíni	163.540	156.440	126.900	125.800	119.000	107.520	72.520
Samtals	**267.384**	**236.920**	**215.770**	**205.680**	**177.790**	**177.450**	**132.040**

* Meðalverð íslenskra tannlækna er um 30% hærra en gjaldskrá nr. 898/2002.

Megintilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er sá að auðvelda neytendum tannlæknaþjónustu að bera saman gjaldskrár tannlækna sem eru afar mismunandi og í mörgum tilfellum hærri en opinber gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem er grundvöllur endurgreiðslna ríkisins á tannlæknakostnaði til sjúkratryggðra. Þar sem gjaldskrár einstakra tannlækna eru algjörlega frjálsar er það sjálfsagður réttur neytenda að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um þær og ekki verður séð að unnt sé að ná því takmarki nema með opinberri birtingu gjaldskránna og aðgengi að þeim á einum stað.

997. Skýrsla [630. mál]

samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Samkvæmt beiðni (á þskj. 953) frá Merði Árnasyni og fleiri alþingismönnum er hér með lögð fram á Alþingi skýrsla um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Óskað var eftir að reynt yrði að greina bæði skammtíma- og langtímaáhrif af veiðunum á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Litið yrði á málið með tilliti til helstu markhópa íslenskrar ferðaþjónustu og reynt eftir megni að skoða áhrifin eftir ríkjum og markaðssvæðum, aldri, kyni og menntun. Svarað yrði eftir mætti hver væru viðhorf ferðamanna í helstu markhópum ferðaþjónustunnar til hvalveiða og hvaða breytingum mætti búast við á fjölda ferðamanna til landsins frá hverju markaðssvæði og hverjum markhóp. Þá yrði gerð grein fyrir líklegum áhrifum hvalveiðanna á ferðaþjónustu eftir einstökum greinum, flugþjónustu, gistihúsarekstri, hvalaskoðun o.s.frv.

Beiðnin var fyrst lögð fram á síðasta löggjafarþingi. Í kjölfar hennar óskaði samgönguráðherra eftir að skýrslan yrði unnin hjá Ferðamálaráði Íslands. Strax var ljóst að til að leita svara við öllum þessum spurningum um hugsanleg áhrif á ímynd á öllum markaðssvæðum og hjá öllum markhópum annars vegar til skemmri tíma og hins vegar til lengri tíma yrði að ráðast í verulegar kannanir á öllum markaðssvæðum. Leitaði Ferðamálaráð því eftir lauslegu kostnaðarmati sérhæfðs fyrirtækis í gerð slíkra viðhorfskannana áður en lengra yrði haldið. Samkvæmt því mati yrði kostnaður allt að 20 millj. kr.

Ráðherra ákvað síðan að óska eftir því við Ferðamálaráð að það leitaðist við að nálgast málið á annan hátt og takmarka vinnuna með því að taka saman fyrirliggjandi gögn og upplýsingar í stofnuninni. Samantekt upplýsinganna hefur síðan dregist af ýmsum ástæðum, en ekki síst þeim að þess var freistað að bíða stöðugt eftir nýjustu gögnum sem gætu gefið frekari innsýn í málið. Nú síðast í desember 2004 lágu fyrir niðurstöður úr könnun Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna sumarið 2004.

Ímynd og viðhorf.

Hér á eftir fara ýmis gögn sem eru fyrirliggjandi svo og skoðanir og viðhorf ýmissa aðila til málsins auk upplýsinga um umfang ferðaþjónustu árin 2003 og 2004. Í þeirri tölfræði kemur að sjálfsögðu ekkert fram um ímynd. Hún sýnir eingöngu breytingar á umfangi á einstökum mörkuðum frá því að umræddar veiðar hófust, en eins og kemur fram í skýrslubeiðni er eingöngu verið að vísa til hvalveiðanna sumarið 2003.

Eina markaðssvæðið þar sem reynt hefur verið, með samanburðarhæfum könnunum, að mæla reglulega breytingar á ímynd Íslands ef svo má að orði komast er Norður-Ameríka. Þar hafa á vegum samstarfsverkefnisins *Iceland Naturally* verið gerðar kannanir á viðhorfum íbúa svæðisins til íslenskrar vöru og þjónustu. Í könnun *IN* árið 1999 sögðu 53% aðspurðra að þeir mundu ekki kaupa vöru eða þjónustu frá löndum sem stunduðu hvalveiðar. Í maí 2004 var hlutfall þeirra sem svöruðu spurningunni á sama hátt 34%. Árið 1999 sögðust 75% aðspurðra í umræddri könnun *IN* vera mótfallnir því að „takmörkuð nýting hvala skyldi leyfð". Í maí 2004 var hlutfall þeirra sem svöruðu þessari spurningu á sama hátt 49%.

Sé litið til þessara niðurstaðna má draga þá ályktun að dregið hafi verulega úr neikvæðum viðhorfum til hvalveiða almennt í Norður-Ameríku á þessu fimm ára tímabili. Rétt er að benda á að *IN* gerir seinni könnunina eftir að Íslendingar höfðu sumarið áður stundað vísindaveiðar á hrefnu. Meginniðurstaða könnunar *IN* er að Íslandi hafi á þessu fimm ára tímabili tekist að skapa jákvæðari ímynd til landsins.

Í viðhorfskönnunum Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna er ekki spurt beint um afstöðu gestanna til hvalveiða eða hugsanleg áhrif þeirra á þá ímynd sem gestirnir hafa af landinu. Hins vegar eru ýmsar spurningar sem lúta að viðhorfi gestanna og upplifun þeirra, áhuga þeirra á að koma aftur og fleiri atriðum sem hljóta að gefa ákveðna mynd af þeirri ímynd sem gestir hafa við brottför héðan.

Ekki er hægt að lesa úr niðurstöðunum neina marktæka breytingu á viðhorfi erlendra gesta til landsins eða upplifunar af heimsókninni á milli áranna 2002 og 2004. Nauðsynlegt er að benda á það hér að í þessum könnunum eru eingöngu þeir spurðir sem hingað koma, en ekki gerð könnun meðal almennings á markaðssvæðum okkar, enda, eins og áður hefur komið fram, var horfið frá slíkum könnunum vegna mikils kostnaðar.

Hluti af ímyndarsköpun felst í umfjöllun fjölmiðla um land og þjóð á markaðssvæðum okkar. Í niðurstöðum könnunar Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna í því sambandi kemur m.a. eftirfarandi fram: Spurt er hvort ferðamenn sumarið 2004 hafi séð jákvæða eða neikvæða umfjöllun um Ísland í heimalandi sínu mánuðina fyrir ferðina. Sögðust 30,8% hafa séð jákvæða fjölmiðlaumfjöllun, en 1,6% neikvæða. Samsvarandi tölur sumarið 2002 voru að 28,3% sögðust hafa séð jákvæða umfjöllun, en 0,9% neikvæða umfjöllun.

Vegna aukinnar kynningar var meiri fjölmiðlaumfjöllun almennt um landið erlendis nú hin síðari ár en 2001–2002 sem getur skýrt það að hlutfallslega fleiri hafi séð fjölmiðlaumfjöllun. Fulltrúar fyrirtækja og hagsmunasamtaka hafa bent á að í kjölfar hrefnuveiða Íslendinga síðsumars 2003 hafi verið mikil neikvæð fjölmiðlaumfjöllun um Ísland á helstu markaðssvæðum okkar. Að því verður vikið nánar síðar.

Umfang ferðaþjónustu.

Nú liggja fyrir upplýsingar um umfang íslenskrar ferðaþjónustu og hvernig það hefur breyst á einstökum mörkuðum árið 2004 miðað við 2003. Það skal tekið skýrt fram að þær tölur eru ekki mælikvarði á ímynd Íslands á hverju svæði fyrir sig. Eins og áður hefur komið fram verður hún ekki metin nema með viðhorfskönnunum og þá hefði þurft að gera þær áður en veiðar hófust og svo eftir til að fá samanburð.

Tölurnar um umfang ferðaþjónustu sýna að heildarauknings umsvifa íslenskrar ferðaþjónustu á erlendum samkeppnismörkuðum árið 2004 miðað við 2003 er hlutfallslega meiri en hjá flestum öðrum þjóðum.

Tölur um fjölda gesta 2003 og 2004.

Fjöldi ferðamanna um Leifsstöð

	2003	2004	Aukn.	%
Bandaríkin	45.242	48.700	3.458	7,6%
Bretland	52.973	60.375	7.402	14,0%
Danmörk	24.326	32.932	8.606	35,4%
Finnland	6.970	7.477	507	7,3%
Frakkland	20.345	21.600	1.255	6,2%
Holland	10.726	11.104	378	3,5%
Ítalía	8.991	9.498	507	5,6%
Japan	4.458	6.745	2.287	51,3%
Kanada	2.559	3.485	926	36,2%
Noregur	24.417	26.815	2.398	9,8%
Spánn	5.126	5.643	517	10,1%
Sviss	6.121	7.031	910	14,9%
Svíþjóð	25.211	26.993	1.782	7,1%
Þýskaland	36.807	38.726	1.919	5,2%
Önnur þjóðerni	34.496	43.216	8.720	25,3%
Samtals:	308.768	350.340	41.572	13,5%
Ísland	252.146	297.756	45.610	18,1%

Oft hefur verið á það bent að ímynd lands og þjóðar sé það sem hvað mestu skiptir þegar unnið er á erlendum samkeppnismarkaði í ferðaþjónustu, með öðrum orðum að samhengi sé á milli ímyndar landsins og samkeppnishæfni á erlendum mörkuðum. Þá hefur oft komið fram í athugasemdum andstæðinga hvalveiða að þær gætu skaðað ímynd Íslands og þannig dregið úr samkeppnishæfni landsins. Er því freistandi að draga þá ályktun, þar sem Ísland náði hlutfallslega meiri árangri en flest önnur lönd á árinu 2004, árinu eftir að umræddar hvalveiðar hófust, að veiðarnar hafi ekki skaðað ímynd landsins sem ferðamannalands á stærstu markaðssvæðum okkar eða meðal helstu markhópa á þeim tíma sem liðinn er frá því þær hófust 2003. En auðvitað er málið flóknara en svo og enn skal bent á að spurningum um hugsanleg áhrif á ímyndina, sérstaklega til langs tíma eins og óskað var eftir, verður ekki svarað nema með viðamiklum sérhæfðum könnunum. Niðurstöður kannana *Iceland Naturally* í Norður-Ameríku sem áður voru nefndar sýna breytingar á almennum viðhorfum á fimm ára

tímabili, 1999–2004, og hljóta að gefa ákveðnar vísbendingar sem hægt er að nota til að reyna að nálgast svör við spurningum um hugsanleg áhrif hvalveiða.

Umsagnir.

Við gerð skýrslunnar var leitað til nokkurra aðila sem starfa á mörkuðunum. Eftirfarandi svör bárust:

Skrifstofa Ferðamálaráðs í Norður-Ameríku haustið 2004:

Eins og málin standa hér í dag þá er ekki hægt að sjá að hvalveiðar okkar séu að hafa áhrif í markaðssetningu landsins. Svo lengi sem hvalveiðarnar snúast um vísindaveiðar á 20 til 30 dýrum þá virðast þær ekki hafa mikil áhrif. Rétt er að taka fram að ástæður þess að ekki fer mikið fyrir neikvæðri umfjöllun og viðbrögðum gætu einnig legið í hinu almenna ástandi hér í landi, svo sem stríðinu í Írak, ótta við hryðjuverk og yfirstandandi kosningar. Um leið og lygnir í þjóðfélaginu ef svo má að orði komast gætu raddir mótmælenda hvalveiða farið að heyrast.

Ef hvalveiðar við Ísland byrjuðu aftur á viðskiptalegum grunni má gera ráð fyrir sterkum viðbrögðum.

Breyting í umsvifum í Norður-Ameríku 2003–2004: + 9,2%.

Skrifstofa Ferðamálaráðs á meginlandi Evrópu haustið 2004:

Skrifstofan hefur undanfarið verið í sambandi við söluaðila Íslandsferða í Þýskalandi og almennt telja þeir áhrifin af hvalveiðum 2003 og 2004 nær engin.

Bent er á að um var að ræða tiltölulega fáa hvali og veiðarnar í vísindaskyni.

Margir söluaðilar gera aftur á móti ráð fyrir meiri áhrifum og sterkari viðbrögðum, ef farið yrði í hvalveiðar á viðskiptalegum grunni á stórhvelum.

Breyting í umsvifum á meginlandi Evrópu 2003–2004: + 6,2%.

Skrifstofa Ferðamálaráðs í Bretlandi haustið 2004:

Það er nokkuð langt síðan að einhver almenn umræða hefur verið í Bretlandi um hvalamálið. Hef rætt nú nýlega við forsvarmenn tveggja stærstu söluaðila Íslandsferða í Bretlandi. Samkvæmt upplýsingum Icelandair Holidays, sem er dótturfyrirtæki Icelandair virðist umræðan um hvalveiðar hafa þagnað í bili a.m.k.

Hjá fyrirtækinu Arctic Experience kemur fram að bókunum í hvalaskoðunarferðir hjá þeim hafi fækkað, þau segjast fá af og til tölvupóst frá fólki sem mótmælir hvalveiðum en í miklu minna mæli en áður. Bæði fyrirtækin segja að líklega megi þakka, ef svo má að orði komast, heimsmálunum fyrir að þessi umræða hafi að mestu horfið. Íraksstríðið tekur t.d. mikið rúm í breskum fjölmiðlum.

Breyting í umsvifum í Bretlandi 2003–2004: + 14,0%.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Ferðamálaráðs fyrir sumarið 2004 fór 36,1% erlendra gesta í hvalaskoðun. Sumarið 2002 sögðust 36,0% hafa farið í hvalaskoðun hér við land. Hlutfallið er því nær það sama sumarið 2002 og 2004, en ferðamönnum fjölgaði verulega á milli þessara ára og því fóru mun fleiri erlendir gestir í hvalaskoðun sumarið 2004 en 2002.

Niðurstaða.

Eins og ítrekað hefur verið bent á hafa ekki verið unnar kannanir á markaðssvæðum okkar í þeim tilgangi einum að meta áhrif hvalveiðanna 2003 á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Erfitt er að sjá að slíkar kannanir muni þjóna tilgangi sínum héðan af.

Í þessari skýrslu hefur verið safnað saman fyrirliggjandi tölfræðigögnum og niðurstöðum úr almennum könnunum meðal erlendra ferðamanna. Þá hefur verið leitað álits söluaðila á mörkuðunum.

Ekki verður séð eftir lestur þessara gagna að hvalveiðarnar sumarið 2003 hafi haft áhrif á almenna ímynd Íslands á helstu markaðssvæðum ferðaþjónustunnar. Þar koma aftur á móti fram varnaðarorð um að hvalveiðar í meira umfangi og í atvinnuskyni gætu skaðað ímynd okkar. Sömu varnaðarorð hafa heyrst undanfarið hjá forsvarsmönnum ferðaþjónustunnar á Íslandi.

Til að kanna hvort líkur séu á þeim skaða væri nauðsynlegt að sérhæfð fyrirtæki í markaðsrannsóknum ynnu rannsóknir á helstu markaðssvæðum okkar á þann hátt sem gert var ráð fyrir í upphaflegri beiðni Alþingis.

Viðauki.

Umfjöllun fjölmiðla og hagsmunaaðila um áhrif vísindaveiða á íslenska ferðaþjónustu.

Hér á eftir fara nokkrar viðbótarupplýsingar varðandi annars vegar viðhorf ferðamanna og hins vegar upplýsingar úr fréttum varðandi viðbrögð ýmissa aðila þar sem settar eru fram skoðanir viðkomandi á áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustu. Fram koma m.a. viðhorf hagsmunasamtaka svo og einstakra fyrirtækja varðandi hugsanleg áhrif hvalveiða.

Hvalfriðunarsinnar skemma veggspjöld í Lundúnum.
(Morgunblaðið 28. október 2003.)

Nokkuð er um það að hvalfriðunarsinnar eyðileggi veggspjöld sem Flugleiðir hafa látið setja upp á lestarstöðvum í Lundúnum þar sem ferðir til Íslands eru auglýstar.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða, segir að um víðtæka auglýsingaherferð sé að ræða sem hafi hafist um miðjan september og standi yfir fram í miðjan nóvember. Um sé að ræða nokkrar mismunandi útgáfur af veggspjöldum sem komið sé upp á 700 stöðum í öllum neðanjarðarlestastöðvunum í Lundúnum. Herferðin hafi gengið mjög vel og Flugleiðir hafi fengið mikil og góð viðbrögð við henni.

Hins vegar hafi verið nokkur dæmi þess að hvalfriðunarsinnar hafi skemmt eitthvað af veggspjöldum. Það sé aftur á móti erfitt að fá yfirsýn yfir hvað það sé mikið um þetta, þar sem að veggspjöldin séu hreinsuð og skipt út af starfsfólki lestarstöðvanna jafnóðum og þetta gerist.

„Við þekkjum allnokkur dæmi um að hvalfriðunarsinnar hafi verið að koma svona skilaboðum á framfæri, en það er ekki hægt að hafa yfirsýn yfir það hvað það er mikið", sagði Guðjón.

Hann sagði að andstæðingar hvalveiða væru mjög áberandi í Bretlandi og notuðu flest tækifæri sem gæfust til þess að koma málstaðnum á framfæri. Þeir yrðu áþreifanlega varir við það í sínu markaðsstarfi. Skrifstofur þeirra í Bretlandi og víðar fengju mikið af orðsendingum og tölvupósti þessa efnis. Þá væri mikið fjallað um hvalveiðarnar í bandarískum fjölmiðlum. Þannig væri hann með undir höndum þykka möppu með úrklippum úr bandarískum blöðum þar sem umfjöllunarefnið væri hvalveiðar Íslendinga.

Aðspurður hvort þeir teldu hættu á að hvalveiðarnar sköðuðu íslenska ferðaþjónustu sagði Guðjón að þeir hefðu áhyggjur af þeim áhrifum sem hvalveiðarnar hefðu í þeim efnum.

Mótmæla vísindaveiðum á hrefnu með tölvupósti.
(Morgunblaðið 26. júní 2004.)

Tölvupóstur með mótmælum gegn vísindaveiðum Íslendinga á hrefnu streymir til utanríkisráðuneytisins þessa dagana og hafa um 4.000 skeyti borist. Öllum bréfunum er svarað með upplýsingum um stefnu íslenskra stjórnvalda og útskýringum á að hún byggist á sjálfbærri nýtingu allra auðlinda hafsins.

Frá þessu sagði í kvöldfréttum RÚV en þar sagði að sendingarnar væru skipulagðar af Greenpeace-samtökunum. Á vef þeirra sé hægt að rekja sig af forsíðugrein um hvalveiðar Íslendinga með nokkrum aðgerðum að stöðluðu tölvubréfi, en eftir að nafni heimilisfangi og tölvupóstfangi hefur verið bætt við þarf aðeins að smella á hnapp og þá fer sendingin til utanríkisráðuneytisins í Reykjavík.

Samskonar herferð átti sér stað í fyrra af hálfu Greenpeace og bárust þá um 50.000 skeyti. Í bréfinu lýsir sendandi ánægju með að Íslendingar ætli að veiða færri hrefnur nú en í fyrra en lýsir því jafnframt yfir að hann hyggist ekki heimsækja Ísland nema sett verði á algjört hvalveiðibann.

Ráða ekki liðsmönnum Greenpeace frá Íslandsferðum vegna hvalveiða.
(Morgunblaðið 9. september 2004.)

„Greenpeace hefur ekki og mun ekki leggja að nokkrum liðsmanni sínum að heimsækja ekki Ísland vegna hvalveiðanna," segir í athugasemd sem Greenpeace-samtökin á Norðurlöndunum sendu frá sér vegna fréttar sænska blaðsins Expressen í dag þar sem segir frá stuðningi Karls Gústafs konungs við vísindaveiðar Íslendinga á hrefnu.

„Fyrir hönd Greenpeace viljum við undirstrika að ranglega var haft eftir talsmanni okkar í Svíþjóð og ummæli hans varðandi hvalveiðar Íslendinga slitin úr samhengi í Expressen.

Greenpeace hefur ekki og mun ekki leggja að nokkrum liðsmanni sínum að heimsækja ekki Ísland vegna hvalveiðanna. Samtökin hafa boðið íslensku þjóðinni að hvetja styrktarmenn samtakanna til Íslandsferða skuldbindi Íslendingar sig til að hætta hvalveiðum í atvinnuskyni. Við höfum ekki beðið nokkurn styrktaraðila okkar að taka sér ekki á hendur ferð til Íslands.

Greenpeace eru andvíg hvalveiðum og hefur um langt árabil krafist þess að öllum hvalveiðum í atvinnuskyni yrði hætt. Þegar Íslendingar tilkynntu í ágúst 2003 að þeir ætluðu að hefja veiðar eftir 14 ára hlé ýtti Greenpeace úr vör átakinu „the Pledge" til að sýna fram á þann efnahagslega og umhverfisfræðilega ávinning sem Íslendingar gætu náð með því að velja fremur sjálfbæra ferðamennsku í stað hvalveiða. Rúmlega 61.000 manns um heim allan hafa lofað því að íhuga Ísland sem sumarleyfisstað verði veiðunum hætt," segir í athugasemdum sem Truls Gulowsen, fulltrúi Greenpeace í Noregi, sendi Fréttavef Morgunblaðsins (mbl.is) í dag.

Ferðamenn hætta við ferðir til Íslands.
(Spiegel 25. ágúst 2003.)

Reykjavík/Stokkhólmur – Á meðan kjötið af fyrstu veiddu hrefnunum er rifið út hjá kaupmönnum í Reykjavík kvartar íslenski ferðamannaiðnaðurinn yfir því að ferðamenn hætti við ferðir til Íslands. Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar mótmæla nýhöfnum hvalveiðum Íslendinga með því að sniðganga íslenskar vörur.

Samkvæmt upplýsingum frá fréttaþjónustunni NFI í Reykjavík hafa ferðaskrifstofur fengið tilkynningar frá hópum frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Frakklandi um að þeir hafi hætt við ferðir til Íslands eftir að Íslendingar tilkynntu að þeir ætli að hefja hvalveiðar á ný. „Við viljum meina að þetta sé aðeins byrjunin“, segir markaðsstjóri Iceland Travel, Sigrún Sigmundsdóttir.

Um miðja vikuna höfðu 21 ferðaskrifstofa, þar á meðal stærsta ferðaskrifstofa heims TUI, skrifað til íslensku ríkisstjórnarinnar og skorað á hana að endurskoða ákvörðun sína að veiða 38 hrefnur í vísindaskyni, meðal annars vegna þess að Ísland er einn af bestu stöðunum í heiminum til að fylgjast með hvölum og höfrungum.

Hvalirnir verða veiddir fyrir miðjan september. Íslenska ríkisstjórnin réttlætir veiðarnar á þessari hættulausu tegund með því að það þurfi að rannsaka fæðuvenjur þessarra spendýra með tilliti til fiskistofna í kringum Ísland. Dýraverndunarsinnar vísa þessum rökum á bug og saka hvalveiðimenn um að vísindalegur tilgangur sé aðeins yfirskin yfir viðskiptalegan áhuga þeirra á að afla sér peninga.

Sænska ríkisútvarpið sagði frá í fréttum á föstudag að kjötið af fyrsta hvalnum sem veiddur var hafi verið rifið út. Veiðimaðurinn hafði áður afhent Hafrannsóknastofnun hluta af dýrinu til rannsókna.

Hvalveiðar hrekja ferðamenn í burtu.
(Spiegel 1. september 2003.)

Með því að hefja veiðar á hrefnum í svonefndum vísindalegum tilgangi að nýju gætu Íslendingar verið að knésetja hinn ábótasama og ört vaxandi hluta ferðaþjónustunnar: Hvalaskoðun.

„Hingað til hefur Ísland, sem hefur upp á óvenju margar tegundir af hvölum að bjóða, verið aðalviðkomustaður hvalaferðamanna frá öllum heiminum – og á hverju ári koma fleiri áhugamenn um sjávarspendýr til þess að fylgjast með dýrunum frá skipi. En þessir dýraverndunar- og umhverfissinnuðu gestir gætu látið sig vanta, sérstaklega þegar Ísland, eins og ráðgert er, hefur hvalveiðar í atvinnuskyni árið 2006. Í könnun sem vísindamenn hjá háskólanum í London og Reading gerðu á meðal hvalaskoðenda kom í ljós að 79 prósent aðspurðra voru tilbúnir að sniðganga alveg ferðir til lands sem stundaði hvalveiðar. Þar með myndi stór hluti hvalaferðamennskunnar leggjast af. Í dag gefur hvalaferðamennskan Íslandi ekki aðeins jákvæða ímynd heldur líka árlega 12 milljónir evra (1.070 milljónir ISK). Fagfólk í ferðamannaiðnaðinum var búið að spá því að árið 2006 myndu tekjur af hvalaskoðun vaxa í 20 milljónir evra (1,8 milljarðar ISK).“

Um 75% töldu hvalveiðar ekki skipta máli.
(Morgunblaðið 11. október 2003.)

Fjórðungur ferðamanna sem fóru í hvalaskoðunarferð á vegum þriggja fyrirtækja í fyrrasumar hefði ekki komið hingað til lands væru hvalveiðar stundaðar við Ísland, en 75% þeirra kváðu slíkt ekki skipta sig máli. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem Ferðamálasetur Íslands og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri kynntu í gær en hún fjallaði um hvalaskoðun, hvalveiðar og ferðamennsku.

Könnunin var gerð í júlí árið 2002 og náði til íslenskra og útlendra ferðamanna, sem voru í hvalaskoðunarferð hjá þremur fyrirtækjum, Hvalstöðinni, Norðursiglingu og Sæferðum. Alls svöruðu 1.143 ferðamenn spurningalista sem fyrir þá var lagður í upphafi ferðar, en þeir Daníel Guðmundsson og Arnar Guðmundsson höfðu frumkvæði að rannsókninni. Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun, vann úr niðurstöðum og kynnti þær helstu í gær. Ítarleg skýrsla um rannsóknina kemur út í næstu viku. Hjördís sagði mikilvægt að athuga að könnunin var gerð áður en Íslendingar hófu að stunda hvalveiðar sem var nú síðsumars. Hún sagði mjög mikilvægt að svipuð könnun yrði gerð næsta sumar, 2004, til samanburðar.

Tveir þriðju vissu af banni.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu komið til Íslands ef hér væru stundaðar hvalveiðar. Niðurstaðan er sú að 75% þeirra svöruðu já en 25% svöruðu því til að þeir hefðu ekki komið ef svo væri. Þá voru ferðamennirnir spurðir hvort þeir hefðu farið í hvalaskoðunarferð ef hvalveiðar væru stundaðar á Íslandi og í ljós kom að 56% þeirra kváðu svo vera. Tveir af hverjum þremur vissu af því að hvalveiðibann var í gildi þegar könnunin var gerð í fyrrasumar. Sama hlutfall var uppi á teningnum þegar spurt var hvort fólk áliti að hægt væri að veiða ákveðnar hvalategundir án þess að stofna þeim í hættu. Þá kom einnig fram í könnuninni að 80% svarenda sögðust styðja aðgerðir gegn þjóðum sem veiða hvali.

Grænfriðungar opna íslenskt vefsvæði.
(Morgunblaðið 14. janúar 2004.)

Grænfriðungar hafa opnað íslenskt vefsvæði, www.greenpeace.is, og segjast vona að með því gefist kostur á opinskárri umræðu um hvalveiðar og önnur umhverfismál. Fram kemur á heimasíðunni, að 18.539 manns hafa lýst yfir miklum áhuga á að ferðast til Íslands og vilja fá upplýsingar um ferðaþjónustu á Íslandi ef ríkisstjórnin hættir hvalveiðum.

Á heimasíðunni kemur einnig fram, að það sé afstaða Grænfriðunga að Ísland ásamt öðrum Norðurlandaþjóðum gegni mikilvægu hlutverki í alþjóðlegu samstarfi um umhverfisvernd í Evrópu, á norðurslóðum og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Er þeim tilmælum beint til íslenskra stjórnvalda að hætta hvalveiðum og nýta þess í stað hvalastofna með hvalaskoðun.

Ennfremur sé það einlægur vilji Greenpeace að vinna með Íslendingum að öðrum málefnum, þá ekki síst að stöðva loftslagsbreytingar og mengun sjávar, sem skipta höfuðmáli um framtíð lífs á jörðinni eins og við þekkjum það.

Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla hvalveiðum.
(Morgunblaðið 1. júní 2004.)

Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að halda áfram hvalveiðum í vísindaskyni hér við land í sumar. Samtökin hafa ítrekað bent á að á helstu markaðssvæðum íslenskrar ferðaþjónustu ríki almenn andstaða við hvalveiðar og er hætta á að ímynd Íslands erlendis skaðist vegna þessara áforma, að því er segir í tilkynningu frá þeim.

Í tilkynningunni segir að þrátt fyrir að dýrum sem veiða skuli í sumar verði stórfækkað miðað við fyrri áform, þá séu stjórnvöld að taka áhættu með hvalveiðum. Bent hafi verið á að verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni þar sem enginn markaður sé fyrir hvalkjöt í heiminum.

„Vöxtur ferðamanna, sem hafa farið í hvalaskoðun, er ævintýri líkastur. Á tæpum áratug hefur ferðamönnum í hvalaskoðun fjölgað úr tveimur þúsundum 1995 í yfir 70 þúsund 2003. Vaxtarbroddurinn er í ferðaþjónustu en ekki í stækkandi hvalfjalli í frystiklefum," að því er segir í tilkynningunni.

Af vef stærsta hvalaskoðunarfyrirtækis á Íslandi.
(Þar kemur fram skoðun fyrirtækisins á ákvörðuninni um hvalveiðar og afleiðingum hennar. Einnig kemur þar fram hver þróun er í viðskiptum fyrirtæksins 2003 og 2004.)

9. janúar 2004.
Árið sem var að líða er hið annasamasta í níu ára rekstrarsögu Norður-Siglingar.

Félagið hefur ekki áður flutt jafnmarga farþega en þeir urðu vel á tuttugasta og fimmta þúsundið sumarið 2003. Það má ef til vill kalla það kaldhæðni örlaganna að auk þess sem skipinu var haldið til fiskveiða áður fyrr var það einnig notað til hrefnudráps fyrir Norðurlandi. Það er hins vegar liðin tíð og mun ekki breytast þótt sjávarútvegsráðherra hafi heimilað svokallaðar vísindaveiðar á hrefnum þegar langt var liðið á hvalaskoðunarvertíðina.

Það er ekki ofmælt að sú ákvörðun hafi komið þeim í opna skjöldu sem byggja afkomu sína á hrefnuskoðun og óhætt er að fullyrða að hrefnuveiðarnar ógni hvalaskoðun í landinu og munu trúlega ganga af hvalaskoðun dauðri ef þeim verður haldið til streitu á næstu árum.

25. maí 2004.
Hvalaskoðun fer vel af stað.

Hvalaskoðun Norður-Siglingar hefur farið vel af stað þetta árið, þ.e.a.s. eftir að norðanhretinu í byrjun mánaðarins slotaði. Líflegt hefur verið í flóanum og gestir, erlendir sem innlendir, ánægðir með ferðirnar.

Ein ferð er á áætlun út mánuðinn en eitthvað hefur því verið um aukaferðir bæði á morgnana og síðdegis. 1. júní n.k. fjölgar svo ferðum í þrjár á dag og yfir háannatímann eykst svo ferðatíðnin enn og verða sex ferðir í hvalaskoðun á dag auk annnarra ferða.

25. júlí 2004.
Annasamasti dagur Norður-Siglingar frá upphafi.

Dagurinn í dag var sá annasamasti frá upphafi en 624 farþegar voru fluttir í 13 ferðum fjögurra báta félagsins út á Skjálfanda. Það má gera ráð fyrir að yfir 700 manns hafi því í heildina siglt í hvalaskoðun á Skjálfanda, en annað hvalaskoðunarfyrirtæki er nú einnig starfrækt á Húsavík. Í dag stóð því hvalaskoðunarhöfuðstaðurinn Húsavík vel undir nafni.

998. Svar [458. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um listaverkakaup Listasafns Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið ráðstöfunarfé hefur Listasafn Íslands haft til listaverkakaupa árlega sl. 15 ár eða frá árinu 1989 og hvernig hefur árleg fjárhæð þróast með tilliti til verðlags?

Í fyrri töflunni hér á eftir er greint frá framlögum til listaverkakaupa Listasafns Íslands eins og þau eru í fjárlögum fyrir árin 1989–2005, síðari dálkurinn sýnir framlög á verðlagi ársins 2004. Stuðst er við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988 og meðaltal hvers árs, sjá seinni töflu.

Framlög í fjárlögum til listaverkakaupa Listasafns Íslands.
(Tölur í millj. kr.)

	Verðlag hvers árs.	Verðlag 2004. Miðað við neysluverðsvísitölu, meðaltal árs.
1989	7,4	13,7
1990	10,0	16,1
1991	12,0	18,1
1992	12,0	17,5
1993	12,0	16,8
1994	12,0	16,5
1995	12,0	16,3
1996	12,0	15,9
1997	12,0	15,6
1998	12,0	15,4
1999	12,0	14,8
2000	12,0	14,1
2001	12,0	13,3
2002	12,0	12,6
2003	12,0	12,4
2004	10,8	10,8
2005	10,8	

Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988, meðaltal hvers árs.

Ár	Vísitala
1989	126,7
1990	145,5
1991	155,4
1992	161,2
1993	167,8
1994	170,3
1995	173,2
1996	177,1
1997	180,3
1998	183,3

Ár	Vísitala
1999	189,6
2000	199,1
2001	212,4
2002	222,6
2003	227,3
2004	234,6
2005	

Grunnur maí 1988 = 100.
Einingar: Árshækkun síðustu 12 mánuði.

999. Svar [448. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um íslensku og íslensk fræði erlendis.

Í greinargerð með fyrirspurninni segir: „Miðað er við árið 1997 vegna þess að staða mála þangað til er ljós af svari ráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar á 122. löggjafarþingi (44. mál, skj. 44 og 187).“ Þó að spurningar séu ekki nákvæmlega eins orðaðar og í framangreindri fyrirspurn árið 1997 má af greinargerðinni ráða að hér sé a.m.k. að hluta til óskað eftir framvinduskýrslu um þessi mál.

Í samningi ráðuneytisins við við Háskóla Íslands um tiltekin verkefni Stofnunar Sigurðar Nordals sem undirritaður var 6. september 2004 er kveðið á um að stofnunin hafi í umboði ráðuneytisins m.a. umsjón með málefnum íslenskra sendikennara við erlenda háskóla, umsjón með styrkjum til að efla bókakost sendikennarastóla og annist önnur verkefni á sviði íslenskukennslu erlendis, eftir því sem tilefni gefst til og samkvæmt nánara samkomulagi, sbr. fylgiskjal.

1. Við hvaða erlendar menntastofnanir á háskólastigi er kennd íslenska (nútímamálið) og íslensk fræði?

Erfitt er að gera fulla grein fyrir kennslu í íslensku og íslenskum fræðum við þá háskóla erlendis þar sem ekki eru fastar stöður í greininni, enda mjög breytilegt frá ári til árs hvort boðið er upp á íslenskukennslu, hversu mikla, hver kennir og við hvaða námsefni er stuðst. Í því sambandi verður að treysta á stopular upplýsingar frá skólunum sjálfum eða kannanir. Þær verða þó aldrei einhlítar þar sem fyrst þarf að hafa haldgóða vitneskju um þá skóla um víða veröld sem hafa einhvern tíma boðið upp á íslenskukennslu og síðan þarf að afla svara frá þeim um kennsluna en það reynist ekki alltaf auðvelt. Árið 1998 gerði Stofnun Sigurðar Nordals könnun á kennslu í forníslensku og nútímamáli erlendis. Stofnunin sendi fyrirspurnir til tæplega 200 háskólastofnana og svöruðu 94 skólar sem buðu þá upp á reglulega íslenskukennslu, auk 12 skóla þar sem íslenska var einungis kennd óreglulega eða boðið upp á sjálfsnám undir handleiðslu kennara. Niðurstöður könnunarinnar er að finna á heimasíðu Stofnunar Sigurðar Nordals: www.nordals.hi.is. Þótt könnun þessi sé rúmlega sex ára gömul bendir ekkert til þess að meginniðurstöður hennar um kennsluna sem í boði er séu ekki enn í fullu gildi að mestu leyti; breytingarnar á kennsluframboði eru ekki það örar. Hins vegar hefur nemendum fjölgað sums staðar en heldur fækkað annars staðar. Ætla má að nú stundi árlega á annað þúsund nema nám í íslensku nútímamáli við erlenda háskóla.

Kennslu í nútímaíslensku við háskóla erlendis má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru á nokkrum stöðum prófessorar og lektorar sem hafa íslenskt mál og bókmenntir sem aðalkennslugrein, í flestum tilfellum er um Íslendinga að ræða. Í öðru lagi kenna nokkrir erlendir háskólakennarar íslensku ásamt öðrum greinum. Í þriðja og síðasta lagi kenna Íslendingar, oft stúdentar sem búsettir eru erlendis, íslensku í stundakennslu. Þá er rétt að minna á að íslenska er kennd allvíða utan háskóla í einkakennslu, námsflokkum og hjá Íslandsvinafélögum. Samkvæmt könnun Stofnunar Sigurðar Nordals 1998 var nútímaíslenska kennd við 38 háskóla víða um heim: þ.e. á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Sviss, Austurríki, á Ítalíu, í Tékklandi, Ungverjalandi, Búlgaríu, Litháen, Rússlandi, Kanada og Japan. Þá var íslenskt nútímamál skylda fyrir þá sem stunduðu norræn fræði við átta háskóla af þessum 38 en valgrein annars staðar.

2. *Í hvaða öðrum menntastofnunum erlendis er lögð stund á íslensku og íslensk fræði, svo kunnugt sé?*

Ekki eru til neinar kannanir á því hvar íslensk fræði eru stunduð annars staðar en þar sem þau eru kennd. Íslensk miðaldafræði og nútímamálfræði er þó stunduð víðar. Hins vegar má benda á að á milli 200 og 300 manns sækja að jafnaði alþjóðleg fornsagnaþing sem haldin eru þriðja hvert ár. Flestir þátttakendanna eru fræðimenn í íslenskum fræðum. Þá hefur Stofnun Sigurðar Nordals hátt í 800 manns á skrá yfir fræðimenn í íslenskum fræðum erlendis. Þessir fræðimenn starfa einkum í Evrópulöndunum, Norður-Ameríku og Ástralíu. Í Asíu er einkum áhugi á íslenskum fræðum í Japan.

3. *Í hverjum þessara menntastofnana á háskólastigi eru íslenskir kennarar („sendikennarar") að störfum?*

Núna eru þrettán Íslendingar í starfi sem íslenskukennarar við erlenda háskóla, í föstum eða tímabundnum stöðum, þrír í Frakklandi og Þýskalandi, tveir í Svíþjóð og einn í Noregi, Finnlandi, Danmörku, Austurríki og Kanada. Auk þess eru nokkrir íslenskir stundakennarar við erlenda háskóla.

4. *Hvernig er háttað stuðningi Íslendinga við þetta starf?*

Á fjárlögum árið 2004 voru veittar um 5 millj. kr. til kennslu í íslensku við erlenda háskóla, þar af var um 2,6 millj. kr. varið til lektorsstöðu við Lundúnaháskóla sem ríkissjóður greiðir að hálfu, 2,5 millj. kr. til lektorsstöðu við Humboldt-háskóla í Berlín og 1 millj. kr. til að efla íslenskukennslu við Manitoba-háskóla. Því sem þá var eftir var varið til að greiða launauppbót til kennara í íslensku við fjórtán aðra háskóla erlendis, veita bókastyrki og ferðastyrki, kosta árlegan kennarafund og veita íslensku sendikennurunum heimflutningsstyrki við starfslok erlendis. Nú styðja íslensk stjórnvöld reglubundna kennslu í nútímaíslensku við fimmtán erlenda háskóla, þ.e. í Björgvin, Gautaborg, Uppsölum, Helsinki, Kaupmannahöfn, Kiel, Berlín, Erlangen, München, Vín, Lyon, París, Caen, London og Winnipeg. Auk þess fá Cambridge-háskóli og Waseda-háskóli í Tókíó nokkurn styrk til námskeiðahalds í íslensku.

Á sínum tíma lögðu íslensk stjórnvöld fram fé til að koma á fót prófessorsstöðu í íslensku við Manitoba-háskóla. Sá skóli og Cornell-háskóli í Bandaríkjunum fá árlega nokkurn bókastyrk. Á árinu 2004 nam styrkurinn til Manitoba-háskóla 500.000 kr., en 300.000 kr. til Cornell-háskóla. Þá fékk norræna bókasafnið í París 60.000 kr. styrk á árinu 2004 til að bæta íslenskan bókakost sinn. Menntamálaráðuneytið hefur undanfarið veitt árlega hátt á þriðja tug erlendra námsmanna styrk til að stunda nám í íslensku við Háskóla Íslands. Árið 2004

var varið til þessara styrkja 20 millj. kr. og 22 millj. kr. eru ætlaðar til styrkjanna á yfirstandandi fjárlagaári. Margir erlendu námsmannanna nema íslensku eftir að hafa lagt grunn að því námi heima fyrir og að því leyti má þess vegna skoða námsstyrkina sem stuðning við íslenskukennslu erlendis.

Á undanförnum árum hafa margs konar rannsókna-, nemenda-, og kennaraskipti milli Háskóla Íslands og annarra evrópskra háskóla aukist fyrir tilstuðlan norrænnar samvinnu og Evrópusambandsins. Hafa kennarar í íslensku fyrir erlenda stúdenta farið utan og kennt námskeið við erlenda háskóla, m.a. við Fróðskaparsetur Færeyja.

Þá má geta þess að íslenskuskor hugvísindadeildar, Hugvísindastofnun, Stofnun Sigurðar Nordals, fimm háskólar í öðrum Evrópulöndum og Wisconsinháskóli í Madison hafa á undanförnum árum unnið að gerð kennsluefnis á netinu, sem m.a. er ætlað erlendum stúdentum til sjálfsnáms í íslensku, Icelandic Online. Hafa menntamálaráðuneytið, Rannís og Háskóli Íslands m.a. styrkt kennsluefnisgerðina. Fyrsti hluti var tekinn í notkun í ágúst 2004 og hefur notið mikilla vinsælda, ekki síst meðal þeirra fjölmörgu sem ekki eiga kost á að nema íslensku við skóla sína. Vonast er eftir að í framtíðinni verði unnt að koma á fjarkennslu í tengslum við þetta netefni.

Ekki er kunnugt um að aðrir aðilar hér á landi en menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands styrki kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis með skipulögðum hætti.

5. *Hefur kennsla af þessu tagi verið lögð niður við einhverja skóla síðan 1997? Hefur slík kennsla verið tekin upp við einhverja skóla síðan 1997?*

Á undanförnum árum hefur skipulögð kennsla í íslensku nútímamáli verið hafin við háskóla í Poznan í Póllandi og Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum. Hins vegar mun kennslu í íslensku hafa verið hætt við háskólann í Búdapest en eins og fram kemur í svari við 1. lið eru nákvæmar upplýsingar um þetta ekki tiltækar.

6. *Hafa ráðherra borist óskir um stuðning við þetta starf frá árinu 1997? Hver hafa orðið viðbrögð ráðuneytisins við slíkum óskum?*

Síðan 1997 hafa verið gerðir samningar um stuðning við kennslu í íslensku við Humboldt-háskóla í Berlín og Manitoba-háskóla í Winnipeg. Þá var ákveðið árið 2002 að veita Waseda-háskóla í Tókíó 270.000 styrk árlega næstu þrjú árin til kennslu í íslensku og íslenskum fræðum. Á síðustu árum hefur verið óskað óformlega eftir að framlag til launa kennara við Vínarháskóla og Lyon-háskóla verði hækkað. Þá hefur verið óskað eftir stuðningi við íslenskukennslu við háskóla í Bonn og Freiburg í Þýskalandi, Búdapest í Ungverjalandi, Poznan í Póllandi, Zagreb í Króatíu og Rómaborg. Ákveðið hefur verið að forgangsraða og styðja frekar þá kennslu sem getið hefur verið um hér að framan

7. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til þess arna í kjölfar nýlegs samnings við Háskóla Íslands um íslenskukennslu erlendis og önnur verkefni hjá Stofnun Sigurðar Nordals?*

Íslenskukennsla erlendis er mikilvægur þáttur í kynningu á íslenskri menningu og eflingu íslenskrar tungu almennt. Menntamálaráðuneytið hefur á ýmsum sviðum beitt sér fyrir bættri aðstöðu sendikennara og annara sem að þessum málum starfa síðustu misserin, m.a. með ýmsum styrkjum eins og að framan greinir t.d. til íslenskukennslu í Manitoba og Japan svo og námsefnisins Icelandic Online sem miklar vonir eru bundnar við. Ráðuneytið hyggst halda stuðningi af þessu tagi áfram.

Samningur menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um tiltekin verkefni Stofnunar

Sigurðar Nordals sem undirritaður var 6. september 2004, eins og að framan greinir, felur ekki í sér skilgreiningu verkefna er sjálfkrafa kalla á auknar fjárveitingar. Skv. 4. gr. samningsins mun menntamálaráðuneytið beita sér fyrir fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni til að standa straum af kostnaði við verkefni þau sem tilgreind eru í samningnum að fenginni kostnaðaráætlun sem lögð skal fyrir ráðuneytið í tengslum við gerð fjárlaga. Mun ráðuneytið meta þörf fyrir fjárveitingar á grundvelli þessara kostnaðaráætlana hverju sinni.

Fylgiskjal.

Samningur milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um tiltekin verkefni Stofnunar Sigurðar Nordals.

Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands, fyrir hönd Stofnunar Sigurðar Nordals, gera með sér samning um þau verkefni sem stofnunin fer með í umboði ráðuneytisins. Samningurinn er gerður með vísan til reglna um Stofnun Sigurðar Nordals, 2. gr., liðar a, e og h, sem háskólaráð setti stofnuninni 14. september 2001 á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

1. gr.
Verkefnið

Stofnun Sigurðar Nordals (hér eftir nefnd stofnunin), sem er starfrækt við Háskóla Íslands, tekur að sér að annast eftirfarandi verkefni í umboði menntamálaráðuneytisins.

a) Umsjón með málefnum íslenskra sendikennara við erlenda háskóla.

b) Árlegt sumarnámskeið í íslensku fyrir erlenda stúdenta í samvinnu við heimspekideild Háskóla Íslands.

c) Úthlutun styrkja Snorra Sturlusonar, sbr. reglur um styrkina frá 24. júní 1992.

d) Umsjón með styrkjum til að efla bókakost sendikennarastóla.

e) Önnur verkefni á sviði íslenskukennslu erlendis, eftir því sem tilefni gefst til og samkvæmt nánara samkomulagi.

2. gr.
Þjónusta

Stofnunin veitir þjónustu á þeim sviðum sem nefnd eru í 1. gr. Í því felst m.a.:

a) að veita sendikennurum erlendis upplýsingar f.h. stjórnvalda og efna árlega til funda með þeim um kennslu og rannsóknir í íslensku máli og menningu.

b) auglýsa sumarnámskeið í íslensku fyrir erlenda háskólanema og skipuleggja þau í samstarfi við heimspekideild Háskóla Íslands.

c) auglýsa ár hvert styrki Snorra Sturlusonar og hafa milligöngu um dvöl fræðimanna á Íslandi.

d) að útvega bækur og kennslugögn fyrir sendikennarastólana.

3. gr.
Samráð

Nefnd, sem í eiga sæti forstöðumaður stofnunarinnar og tveir fulltrúar tilnefndir af íslenskuskor heimspekideildar Háskólans, fjallar um tillögur og fyrirspurnir sem bornar eru fram um íslenskukennslu erlendis og afgreiðir þær til stjórnar Stofnunar Sigurðar Nordals.

Nefndin skal kosta kapps um að þeir möguleikar sem felast í fjölþjóðlegum samskiptaáætlunum og samstarfssamningum, sem Háskóli Íslands á aðild að, verði nýttir til að efla íslenskukennslu við erlenda háskóla með nemenda- og kennaraskiptum.

Fulltrúar íslenskuskorar í nefndinni geta veitt umsögn um hæfi umsækjenda um lausar sendikennarastöður sé þess óskað.

Nefndin skal útbúa sérstök viðmið um val á nemendum á sumarnámskeiðin.

Sérstök nefnd, sem starfar á grundvelli reglna um styrki Snorra Sturlusonar, annast úthlutun þeirra styrkja.

Stofnunin sér um að útvega bókakost fyrir sendikennarastólana í samráði við íslenskulektorana erlendis.

4. gr.
Fjárveitingar

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni til að standa straum af kostnaði vegna framangreindra verkefna að fenginni kostnaðaráætlun sem lögð skal fyrir ráðuneytið í tengslum við gerð fjárlaga.

5. gr.
Upplýsingagjöf

Stofnunin gerir grein fyrir verkefnum, sem stofnunin fer með í umboði ráðuneytisins, í ársskýrslu sinni. Í ársskýrslunni skal tilgreina fjölda sendikennarastóla, sem stofnunin hefur umsjón með, hvar þeir eru, hlutfall stöðu og styrkupphæð til hvers og eins. Tilgreina skal fjölda nemenda, sem sækja sumarnámskeið í íslensku, eftir kyni og þjóðerni. Yfirlit yfir styrkþega styrkja Snorra Sturlusonar skal einnig birta í ársskýrslu og tilgreina skal hvernig styrkjum til bókakaupa er varið. Á samningstímabilinu skal stofnunin gera ráðuneytinu grein fyrir reynslu af bókastyrkjum.

6. gr.
Gildistími

Gildistími samningsins er eitt ár en hann framlengist sjálfkrafa til eins árs í senn hafi ekki verið gerðar við hann formlegar athugasemdir eða honum verið sagt upp af öðrum hvorum aðila með sex mánaða fyrirvara.

Gert í Reykjavík, 6. sept. 2004

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Menntamálaráðherra

Páll Skúlason
háskólarektor

1000. Svar [549. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um fasteignir í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar fasteignir, þ.e. íbúðir annars vegar og lóðir hins vegar, eru skráðar í veðmálabækur sem eign viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem starfa eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sundurliðað eftir fyrirtækjum og þeim embættum sem annast slíkar skráningar?

Viðskiptaráðuneytið hefur ekki aðgang að þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að svara fyrirspurninni. Var þess því óskað að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja tækju saman svar við henni (sbr. fylgiskjöl).

Fylgiskjal I.

Bréf til viðskiptaráðuneytisins frá Guðjóni Rúnarssyni framkvæmdastjóra Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.
(8. mars 2005.)

Efni: Fyrirspurn frá Alþingi

Vísað er í bréf ráðuneytisins frá 23. febrúar þar sem óskað er upplýsinga frá SBV vegna fyrirspurnar þingmanns til viðskiptaráðherra um fasteignir í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

SBV vísa til meðfylgjandi svarbréfs um svipað efni til ráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2002. SBV geta því ekki veitt umræddar upplýsingar.

Fylgiskjal II.

Bréf til viðskiptaráðuneytisins frá Guðjóni Rúnarssyni framkvæmdastjóra Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.
(11. febrúar 2002.)

Efni: Fyrirspurnir frá Alþingi

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er upplýsinga frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja vegna fyrirspurnar þingmanns til viðskiptaráðherra um sparifé í bönkum og sparisjóðum.

Í tilefni af umræddri fyrirspurn þykir SBV rétt að benda á að mikilvægt er að skilja á milli opinberra upplýsinga og upplýsinga um einkamálefni. Í álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors, sem unnin var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi (þskj. 25) kemur fram að skylda ráðherra til að svara fyrirspurnum þingmanna á grundvelli 49. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, sbr. 49. gr. stjórnarskrárinnar, nái einvörðungu til fyrirspurna um opinber málefni. Jafnframt segir í álitsgerðinni að líkur séu fyrir því að málefni einstakra manna eða fyrirtækja, sem ekki lúta boðvaldi stjórnvalda, séu einkamálefni en ekki opinber málefni.

Síðan segir orðrétt: „Sé hins vegar um að ræða upplýsingar sem varða hlutafélög gilda almennar reglur hlutafélagalaga og ársreikningslaga. Þær leiða til þess að hlutafélagið sjálft er sérstakur einkaréttarlegur aðili að lögum sem hefur einnig sérstaka viðskiptavernd lögum samkvæmt."

Allar opinberar upplýsingar um félagsrekstur fjármálafyrirtækja sem heyra til Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja eru birtar í ársskýrslum þeirra á hefðbundinn hátt. Þá veita fjármálafyrirtæki reglulega upplýsingar til Fjármálaeftirlits eftir því sem óskað er lögum samkvæmt. Að öðru leyti hvíla ekki upplýsingaskyldur á fjármálafyrirtækjum gagnvart öðrum en hluthöfum sínum.

Þar sem framangreind fyrirspurn beinist að einkamálefnum viðkomandi félaga telja SBV sig ekki í aðstöðu til að verða við beiðni ráðherra. Opinberar upplýsingar um starfsemi þeirra er hins vegar að finna í ársskýrslum þessara fyrirtækja, eins og fyrr segir, auk þess sem Seðlabanki Íslands birtir reglulega almennar upplýsingar í Peningamálum um reikninga bankakerfisins.

1001. Frumvarp til laga [657. mál]

um breytingu á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Atli Gíslason, Jón Bjarnason,
Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stefnt skal að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur og vandað sé til þess sem verða má.

2. gr.

Í stað orðsins „útvarpsráðs“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: dagskrárráð.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Í framkvæmdastjórn sitja útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar allra deilda Ríkisútvarpsins og jafnmargir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, einn frá hverri deild, og fulltrúi dagskrárráðs en hann hefur málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar og er framkvæmdastjóri fjármáladeildar varamaður hans.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á almennum rekstri, mannaráðningum, samræmingu á starfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins.

4. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar samkvæmt tillögu dagskrárráðs útvarpsstjóra til fimm ára í senn.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar í dagskrárráð Ríkisútvarpsins eftir hverjar alþingiskosningar einn fulltrúa tilnefndan af hverjum þingflokki, tvo fulltrúa tilnefnda af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúa tilnefndan af Neytendasamtökunum, einn fulltrúa tilnefndan af Bandalagi íslenskra listamanna, útvarpsstjóra, framkvæmdastjóra hljóðvarps og sjónvarps og einn fulltrúa tilnefndan af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Dagskrárráð skiptir með sér verkum.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Dagskrárráð fjallar um útsenda dagskrá Ríkisútvarpsins og fylgist með að ákvæði 3.–5. gr. séu haldin. Athugasemdum dagskrárráðs skal svara skriflega sé þess óskað.

Dagskrárráð kemur að jafnaði saman mánaðarlega og oftar ef þörf krefur. Dagskrárráð getur einnig haft frumkvæði að dagskrártillögum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.

b. 6. mgr. orðast svo:

Útvarpsstjóri annast ráðningu starfsmanna, þó jafnan að tillögu framkvæmdastjórnar ef um starfsfólk dagskrár er að ræða.

8. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru afnotagjald, þ.e. gjald fyrir hljóðvarp og sjónvarp, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Öllu íbúðar- og atvinnuhúsnæði í landinu fylgir réttur til að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins. Gjaldstofn afnotagjalds miðast við íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á.

Um afnotagjöld og innheimtu þeirra fer eftir ákvæðum laga um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

9. gr.

12.–18. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem hafa þann tilgang að renna styrkari stoðum undir rekstur þess og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn þess.

Flutningsmenn telja að Ríkisútvarpið hafi miklum lýðræðislegum og menningarlegum skyldum að gegna auk þess sem það er öryggistæki fyrir alla landsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og að það hafi góðar tekjur svo að það rísi undir skyldum sínum. Stöðugur og traustur rekstur þess er kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu og tryggir hlutlæga umfjöllun og þátttöku landsmanna í landsmálum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu og stjórnarformi Ríkisútvarpsins sem fela í sér að dagskrárráð og framkvæmdastjórn skipi veigamikinn sess í rekstri þess.

Frumvarpið byggist á núgildandi ákvæðum um hlutverk Ríkisútvarpsins en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skerpt verði á skyldum Ríkisútvarpsins til að sinna innlendri dagskrárgerð.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til ný skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar. Lagt er til að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í þessari grein er samsetning hennar og valdsvið skilgreint. Lagt er til að fulltrúi dagskrárráðs eigi sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétt til að styrkja tengsl innan stofnunarinnar. Flutningsmenn telja rétt að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Í 4. gr. er gerð tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður af ráðherra en samkvæmt tillögu dagskrárráðs. Verði frumvarpið að lögum verður tillaga dagskrárráðs bindandi en þannig er lýðræðisleg skipun tryggð betur en nú. Hlutverk dagskrárráðs við mannaráðningar verður því aðeins að gera tillögu um útvarpsstjóra.

Samkvæmt frumvarpinu tekur dagskrárráð yfir flest störf útvarpsráðs. Lagt er til að ráðið verði skipað fulltrúum þingflokkanna, sveitarfélaga, Neytendasamtakanna og Bandalags

íslenskra listamanna auk þess sem útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps og fulltrúi starfsmanna eigi sæti í ráðinu. Dagskrárráð verði ekki umsagnaraðili um mannaráðningar eða skipan mála innan stofnunarinnar eins og útvarpsráð er samkvæmt gildandi lögum ef frá er talin skipun útvarpsstjóra. Höfuðhlutverk þess verði að fjalla um útsenda dagskrá og er brýnt að þannig verði búið um hnútana að gagnrýni og fyrirspurnir fái skriflega afgreiðslu frá stofnuninni. Ráðið á að endurspegla ólík sjónarmið í þjóðfélaginu en ekki valdahlutföll, auk þess sem aðild starfsmanna stuðlar að tengslum við innra starf stofnunarinnar. Við skipun í ráðið skal þess gætt að bæði byggðasjónarmið og kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Ákvæði gildandi laga um framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í 5. mgr. 9. gr. fellur brott með vísan til 3. gr. frumvarpsins. Þá er einnig gerð tillaga um breytingu á 6. mgr. 9. gr. laganna er fjallar um mannaráðningar að teknu tilliti til efnisákvæða frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sérstök lög verði sett um afnotagjöld Ríkisútvarpsins þar sem kveðið verði nánar á um gjaldið, stofn þess og innheimtu. Hingað til hafa gjöldin alltaf verið miðuð við skráð viðtæki með þeirri undantekningu að ekki er innheimt nema eitt gjald á hverju heimili þar sem viðtæki er skráð. Hins vegar er lögð til sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að stofn afnotagjalds verði íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Með þessu er afnotagjaldinu fundinn nýr farvegur sem tryggir jafnræði milli notenda og Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur af afnotagjaldi. Því er lagt til að gjaldið verði framvegis miðað við fjölda íbúða í landinu og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Því er slegið föstu að hverri íbúð fylgi réttur til að nýta þá þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir landsmönnum. Fyrir þann rétt sé síðan greitt afnotagjald eftir nánari reglum sem settar verða í sér lögum.

1002. Fyrirspurn [658. mál]

til fjármálaráðherra um Gini-stuðul fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver hefði Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, ásamt fjármagnstekjum, verið árið 2003, miðað við óbreyttar tekjur og óbreytt vinnuframboð:

a. ef nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar sem koma eiga til framkvæmda á kjörtímabilinu hefðu verið í gildi árið 2003,
b. ef jafnmiklum fjármunum og áætlað er að fari í nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar hefði verið varið til að hækka persónuafslátt?

Skriflegt svar óskast.

1003. Frumvarp til laga [659. mál]

um breytingu á lögum nr. 61 26. maí 1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

II. kafli laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
Ákvæði II. kafla laganna skulu gilda áfram um tryggingar og ábyrgðir sem tryggingardeild útflutningslána hefur veitt á grundvelli ákvæða kaflans fyrir gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þess efnis að Nýsköpunarsjóði verði ekki lengur skylt að starfrækja tryggingardeild útflutningslána og að ríkissjóður skuli ekki bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, en skv. 12. gr. laganna ábyrgist ríkissjóður skuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána. Þó munu ákvæði frumvarpsins, ef það verður að lögum, ekki eiga við um tryggingar eða ábyrgðir sem veittar hafa verið af tryggingardeild útflutningslána í samræmi við II. kafla núgildandi laga.

Breytingarnar eru lagðar til í ljósi þess að rekstur tryggingardeildarinnar hefur ekki gengið sem skyldi og afkoma deildarinnar hefur verið slæm. Þá hafa miklar ábyrgðir fallið á tryggingardeild útflutningslána á undanförnum missirum sem ríkissjóður hefur þurft að greiða. Því er ekki talið réttlætanlegt að viðhalda rekstri tryggingardeildarinnar.

II. Um tryggingardeild útflutningslána.

Tryggingardeild útflutningslána var komið á fót með lögum nr. 60/1970, um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skyldi annars vegar vera að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum vöru eða þjónustu til þess að þeir gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfu útflytjenda á hendur erlendum kaupendum.

Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að umrætt fyrirkomulag reyndist ekki sem skyldi. Vegna þess að þörfin fyrir tryggingarþjónustu við útflutning var brýnust á sviði iðnaðar var talið eðlilegt að Iðnlánasjóður starfrækti tryggingardeild útflutningslána þar sem talið var að

sjóðurinn hefði fulla burði til þess. Með lögum nr. 52/1986, um breyting á lögum nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, var því tryggingardeild útflutningslána komið á fót í svipaðri mynd og hún er í dag. Lög nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, voru síðan gefin út að nýju sem lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Í 2. mgr. 14. gr. þeirra laga var kveðið á um hlutverk tryggingardeildarinnar með eftirfarandi hætti:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum, sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innan lands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

Hlutverk tryggingardeildarinnar samkvæmt þessu ákvæði var sams konar og mælt var fyrir um í 2. gr. laga nr. 60/1970, þó þannig að útflutningur á þjónustu var gerður jafnrétthár og útflutningur á vöru.

Með lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., var Iðnlánasjóður lagður niður ásamt Fiskveiðasjóði Íslands, Útflutningslánasjóði og Iðnþróunarsjóði, sbr. 19. gr. laganna. Skv. 3. gr. laganna runnu allar eignir, skuldir og skuldbindingar framangreindra sjóða inn í bankann sem stofnfé hans, að frátöldum þeim fjármunum sem ráðstafað var til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sbr. 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Var sjóðnum ætlað það hlutverk að stuðla að arðbærri uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Að auki tók Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins við starfsemi tryggingardeildar útflutningslána hjá Iðnlánasjóði og tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Skv. 11. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð, er hlutverk tryggingardeildarinnar eftirfarandi:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum og þjónustu.
3. Að selja ábyrgðir fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Að tryggja fjárfestingar innlendra fjárfesta erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu.
5. Að tryggja búnað sem innlendir aðilar flytja á erlenda grund í tengslum við verkefni þar vegna stjórnmálalegrar áhættu.

Í meginatriðum er hlutverk tryggingardeildarinnar það sama og mælt var fyrir um í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Þó fólu 4. og 5. tölul. í sér nýmæli frá eldri lögum, auk þess sem felldur var brott 3. tölul. þeirra laga, varðandi tryggingar samkeppnislána til innlendra aðila.

Tryggingardeildin tók við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána við Iðnlánasjóð og var stofnfé deildarinnar ekki hluti af stofnfé sjóðsins. Hún tók hins vegar ekki við eignum og skuldum tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð þótt hún tæki við starfsemi hennar. Eignir og skuldbindingar þeirrar deildar féllu til Ríkisábyrgðasjóðs við brottfall laga um deildina.

III. Breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð.

Á árinu 2002 kom í ljós að þær lagareglur sem giltu um tryggingardeild útflutningslána voru of þröngar. Það hafði m.a. leitt til þess að stjórnarnefnd tryggingardeildarinnar hafði séð sig knúna til að synja um veitingu trygginga og ábyrgða, jafnvel þótt ljóst væri að slíkt hefði stuðlað að íslenskum útflutningi á vörum eða þjónustu. Þá hafði komið í ljós að sambærilegar tryggingardeildir á Norðurlöndum bjuggu við rýmri lagareglur en sú íslenska.

Viðskiptaráðherra skipaði í ágúst 2002 nefnd til að vinna tillögur að frumvarpi til laga um breytingar á II. kafla laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, að því er varðaði hlutverk tryggingardeildar útflutningslána. Nefndin lauk störfum í október 2002 og var frumvarp til breytinga á lögunum lagt fyrir Alþingi í framhaldi af því. Frumvarpið miðaði að því að útvíkka starfsheimildir tryggingardeildar útflutningslána til þess að deildinni yrði unnt að stuðla frekar að íslenskum útflutningi vöru og þjónustu og treysta þannig samkeppnisstöðu íslensks útflutnings. Frumvarpið var unnið í samræmi við þær samningsskuldbindingar íslenskra stjórnvalda sem koma fram í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um skammtímaútflutningslánatryggingar. Frumvarpið var samþykkt í desember 2002.

IV. Samstarfsverkefni.

Á árinu 2000 féll ábyrgð á tryggingardeild útflutningslána sem varð til þess að varasjóður deildarinnar varð að engu. Í kjölfarið fól ríkisstjórnin stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutningslána að gera úttekt á þörf fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar og gera tillögur um framtíðarhlutverk hennar, fjármögnun og rekstrarform, ef niðurstaðan yrði sú að deildin mundi starfa áfram.

Stjórnarnefndin skoðaði í kjölfarið ítarlega hvaða kostir væru í stöðunni. Niðurstaðan varð sú að þörf væri fyrir áframhaldandi starfsemi tryggingardeildar útflutningslána og að styrkja þyrfti starfsemi deildarinnar. Fyrri hluta árs 2002 var ákveðið að stofna til samstarfsverkefnis vegna tryggingardeildar útflutningslána til þriggja ára og var skrifað undir samstarfssamning um endurskipulagningu tryggingardeildarinnar. Þátttakendur í samstarfsverkefninu voru iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Samningur um samstarfsverkefnið tók gildi hinn 15. apríl 2002 og rennur út í apríl 2005. Í samstarfsverkefninu fólst að ráðist yrði í sérstakt kynningarstarf um starfrækslu tryggingardeildar útflutningslána, gerðir yrðu samningar við utanaðkomandi aðila um greiningu á umsóknum til tryggingardeildar útflutningslána og ráðinn yrði starfsmaður til að sinna málefnum deildarinnar eingöngu. Meðalkostnaður við samstarfsverkefnið var áætlaður 8 millj. kr. á ári. Þátttakendur samþykktu að leggja 2 millj. kr. hver á ári til samstarfsverkefnisins og fór lokagreiðsla framlaga fram 15. janúar 2005. Gert var ráð fyrir að stærsti kostnaðarliðurinn yrði vegna ráðningar starfsmanns. Samstarfsverkefnið miðaði að því að fá úr því skorið á þremur árum hvort mögulegt væri að skjóta nægilega traustum stoðum undir starfsemi tryggingardeildar útflutningslána.

Í samstarfsverkefninu fólst einnig að komið yrði á fót verkefnastjórn sem skipuð yrði einum fulltrúa frá iðnaðarráðuneytinu, einum frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sameiginlega og einum frá Samtökum iðnaðarins, auk þess sem starfsmaður tryggingardeildarinnar mundi sitja fundi verkefnastjórnar. Gert var ráð fyrir að verkefnastjórnin gerði tillögur að markaðs- og fjárhagsáætlunum til stjórnarnefndar tryggingardeildar útflutningslána, ásamt tillögum að kynningarfundum um starfsemi tryggingardeildarinnar. Tillögur verkefnisstjórnar voru háðar samþykki stjórnarnefndar tryggingardeildar útflutningslána.

V. Endurmat á samstarfssamningi.

Þegar samstarfssamningurinn vegna tryggingardeildar útflutningslána var undirritaður á vordögum 2002 var gert ráð fyrir að látið yrði á það reyna til þrautar í þrjú ár hvort hægt væri að starfrækja tryggingardeild á Íslandi með þeim hætti sem lýst hefur verið hér að framan. Nú er sá tími senn liðinn.

Þrátt fyrir að haldnir hafi verið margir kynningarfundir um tryggingardeildina, hún kynnt í einstökum fyrirtækjum og athygli vakin á starfsemi hennar í fjölmiðlum hefur ekki verið mikill áhugi meðal útflutningsfyrirtækja á því að nýta sér þjónustu deildarinnar. Þannig bárust tryggingardeildinni sex formlegar umsóknir á árinu 2002, þar af var ein dregin til baka og fimm samþykktar. Á árinu 2003 bárust tryggingardeild útflutningslána níu umsóknir, tvær þeirra voru dregnar til baka, fjórum var hafnað og þrjár samþykktar. Á árinu 2004 bárust tryggingardeildinni fjórar umsóknir og voru þrjár þeirra samþykktar. Á árinu 2002 var ein ábyrgð gefin út, sex ábyrgðir voru gefnar út á árinu 2003 og þrjár á árinu 2004. Varð allnokkurt tap af fjárfestingarverkefnum deildarinnar á árunum 2000, 2001 og 2002 en smávægilegur hagnaður á árinu 2003. Tekjur tryggingardeildarinnar af þessum verkefnum hafa því verið litlar sem engar og ekki staðið undir starfsemi deildarinnar.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er ekki talið réttlætanlegt að viðhalda rekstri tryggingardeildar útflutningslána og er því frumvarp þetta lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga um Nýsköpunarsjóð ber ríkissjóður ekki ábyrgð á skuldbindingum umfram það sem mælt er fyrir um í II. kafla laganna. II. kafli laganna fjallar um tryggingardeild útflutningslána og mælir m.a. fyrir um ábyrgð ríkissjóðs gagnvart skuldbindingum tryggingardeildarinnar. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum tryggingardeildarinnar verið felld úr gildi og þar með að ríkissjóður beri framvegis enga ábyrgð á skuldbindingum Nýsköpunarsjóðs. Breytingin er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins þess efnis að II. kafli laganna um tryggingardeild útflutningslána verði felldur brott úr lögunum, en þar með fellur brott skylda Nýsköpunarsjóðs til að starfrækja slíka deild.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna falli brott. Breytingin er lögð til til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins, þess efnis að II. kafli laganna um tryggingardeild útflutningslána og skylda Nýsköpunarsjóðs til að starfrækja slíka deild falli brott.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum ber Nýsköpunarsjóði að starfrækja deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána. Í greininni er lagt til að II. kafli laganna um tryggingardeild útflutningslána falli brott og þar með falli brott skylda Nýsköpunarsjóðs til að starfrækja sérstaka tryggingardeild útflutningslána.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að gildissvið ákvæða frumvarps þessa nái ekki yfir tryggingar eða ábyrgðir sem veittar hafa verið við gildistöku frumvarpsins, ef það verður að lögum, af tryggingardeild útflutningslána,

í samræmi við ákvæði II. kafla núgildandi laga um Nýsköpunarsjóð. Með ákvæðinu er ætlunin að tryggja að þær tryggingar og ábyrgðir sem veittar hafa verið af tryggingardeild gjaldfalli ekki við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þannig verður breytingin á lögunum ekki afturvirk og tryggingar og ábyrgðir sem veittar hafa verið áður en ríkissjóður hættir að ábyrgjast viðkomandi skuldbindingar munu halda gildi sínu.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði ekki lengur skylt að starfrækja tryggingardeild útflutningslána. Frumvarpið hefur þó ekki áhrif á núverandi ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sjóðsins vegna tryggingardeildar útflutningslána. Útistandandi kröfur hjá Ríkisábyrgðasjóði vegna tryggingardeildar útflutningslána eru nú um 45 m.kr. Þar að auki eru samtals tapaðar kröfur vegna tryggingardeildar útflutningslána undanfarin ár um 338 m.kr. Starfsemi deildarinnar hefur verið rekin með tapi og því gengið á eigið fé. Starfsemi deildarinnar hefur verið fjármögnuð af ríkissjóði ásamt samstarfssamningi sem veitti 8 m.kr. árlega til deildarinnar en rennur úr gildi í apríl 2005.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að Nýsköpunarsjóður standi undir kostnaði við lokauppgjör á starfsemi deildarinnar og því muni frumvarpið ekki hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

1004. Fyrirspurn [660. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve löng bið er eftir greiningu vegna alvarlegra þroskafrávika
   a. barna yngri en 3 ára,
   b. 3–5 ára barna,
   c. grunnskólabarna?
2. Hefur tilvísunum til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins fjölgað á síðustu fimm árum? Ef svo er, hverjar eru taldar helstu ástæðurnar?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við fjölgun frumgreininga á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og tilvísana þangað?
4. Hve langan telur ráðherra ásættanlegan biðtíma fyrir ofangreinda aldursflokka?
5. Hvenær telur ráðherra að markmiðum um ásættanlegan biðtíma verði náð?

1005. Fyrirspurn [661. mál]

til heilbrigðisráðherra um börn og unglinga með átröskun.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað hefur verið gert til að stuðla að því að átröskun barna og unglinga sé greind snemma?
2. Hvaða þjónusta stendur þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra til boða?
3. Hvernig hefur fjöldi þeirra sem greinast með átröskun þróast undanfarin 20 ár í aldurshópunum:
   a. 5–10 ára,
   b. 11–15 ára,
   c. 16–25 ára?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aukinni þjónustu við börn með átröskun með tilliti til þróunar undanfarinna ára, t.d. með því að koma á fót sérhæfðri deild á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss?
5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu fagteymis sérstakrar dag- og göngudeildar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi?

1006. Fyrirspurn [662. mál]

til félagsmálaráðherra um nýjan þjónustusamning við Sólheima og skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi þeirra.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Eru stjórnir sjálfseignarstofnana, sem fá framlög úr ríkissjóði til að sinna verkefnum sem ríkið skal samkvæmt lögum sinna eða standa undir, óbundnar af því hvernig þær ráðstafa framlögunum ef ekki er sérstakur samningur þar um milli aðila?
2. Ef þjónustusamningur við Sólheima frá 1997 um framlög vegna þjónustustigs og magns var ekki í gildi gat þá ráðuneytið þrátt fyrir það greitt samkvæmt tilteknu mati og stofnunin ráðið að vild hvernig fjármagni væri varið?
3. Hefur ráðuneytið látið fara fram lögfræðilega athugun á réttarstöðu sinni í málum af þessum toga og hvort ríkið kunni að eiga lögvarin réttindi í skjóli framlaga sinna til Sólheima eins og Ríkisendurskoðun taldi eðlilegt að gera?
4. Hvernig bregst ráðuneytið við því mati Ríkisendurskoðunar að á árunum 2000 og 2001 hafi aðeins 17 stöðugildi verið í umönnun, búsetustuðningi og heimiliseiningum þótt samkvæmt þjónustumati eldri samnings hafi verið reiknað með 34 stöðugildum við þennan þjónustuþátt?
5. Hvað er gert ráð fyrir mörgum stöðugildum í nýjum þjónustusamningi?
6. Hvernig er tryggt að menntun starfsmanna og fjöldi þeirra sé í samræmi við þjónustumat?

7. Hvernig er tryggt að viðbótarframlög upp á 30 millj. kr. (og framlög alls 173,5 millj. kr.) renni til þeirrar þjónustu við fatlaða sem þeim er ætlað samkvæmt nýjum þjónustusamningi?
8. Fellst ráðuneytið á það álit Ríkisendurskoðunar að um 73% framlaga ríkisins til Sólheima hafi runnið til fatlaðra og að á árunum 1996–2001 hafi 158 millj. kr. runnið til umfangsmeiri atvinnurekstrar, viðhalds og stofnkostnaðar húsnæðis en samningur var um?
9. Telur ráðuneytið að því fé sem verja á í varasjóð samkvæmt nýjum samningi (4% af ríkisframlagi, eða 7 millj. kr.) verði einvörðungu varið til uppbyggingar á þjónustu við fatlaða? Fjallar skipulagsskrá Sólheima um einhverjar aðrar framkvæmdir sem þannig yrði unnt að veita fé til úr varasjóði?
10. Hvað þýðir samþykkt fulltrúaráðs Sólheima um að flestar eignir á svæðinu séu í eigu Styrktarsjóðs Sólheima? Á það bæði við stofnanir fatlaðra og aðra uppbyggingu á svæðinu?

Skriflegt svar óskast.

1007. Frumvarp til laga [663. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skal öðlast: Fischer, Robert James, f. 9. mars 1943 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd leggur til að Robert James Fischer (Bobby Fischer) fái íslenskan ríkisborgararétt en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

1008. Svar [558. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Láru Margrétar Ragnarsdóttur um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. *Liggja nú þegar fyrir hugmyndir eða áætlun ráðherra um hvernig fjármagna skuli uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss þegar ríkisstjórnin staðfestir ákvörðun um nýbyggingu LSH?*

Hugmyndir um fjármögnun uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa verið töluvert til umræðu undanfarna mánuði og þeim voru m.a. gerð nokkur skil í áfangaskýrslu nefndar um uppbyggingu sjúkrahússins sem skilað var í apríl 2003.

Fjármögnunarleiðum er oft skipt í opinbera fjármögnun og einkaframkvæmd. Opinber fjármögnun í þessu tilviki gæti verið útfærð með ýmsum hætti. Hún gæti til að mynda byggst á sölu eigna Landspítala – háskólasjúkrahúss, t.d. við Vífilsstaði og í Fossvogi, eins og gert er ráð fyrir í tillögum nefnda sem skilað hafa áliti um þetta efni og kynntar hafa verið opinberlega. Þá hefur þeirri hugmynd verið hreyft að mögulega mætti verja hluta af söluandvirði Símans til að byggja upp nýjan spítala. Einnig væri hugsanlegt að fé kæmi til þessara framkvæmda úr ríkissjóði án sértækra fjármögnunaraðferða. Mikilvægast er, þegar fyrir liggur ákvörðun um byggingu, að áætlun liggi fyrir um kostnað og áfangaskiptingu svo að unnt sé að gera áætlanir um fjárstreymi með skilvirkum hætti.

Einkaframkvæmd og einkafjármögnun hefur verið skoðuð í þessu sambandi og ljóst er að tilteknir hlutar þessarar miklu framkvæmdar gætu fallið vel að þess konar fjármögnun.

Ríkisstjórn og fjárveitingarvald ákveða fjármögnun framkvæmda ef af verður, en mikilvægast er að huga að því að byggingartíminn getur orðið langur og skynsamlegt er að geta hagað uppbyggingu og fjármögnun eftir þjóðhagslegum aðstæðum í samfélaginu á hverjum tíma.

2. *Hefur ráðherra ákveðið hvers kyns eignarform verður á væntanlegri nýbyggingu LSH, t.d. hvort byggingar verði í ríkiseigu eða leigðar af einkaaðilum?*

Spurning um eignarform á þessu stigi málsins er ekki tímabær fyrr en formleg ákvörðun hefur verið tekin um nýbygginguna. Þó er hægt að segja að ekkert sé útilokað enda ráði ýtrasta hagkvæmni för.

Að lokum skal tekið fram að nú stendur yfir val á hópum sem taka munu þátt í skipulagssamkeppni um framkvæmdasvæðið. Þegar skipulag liggur fyrir er fyrst unnt að ræða um hugsanlegt fyrirkomulag einstakra bygginga, og þá verður einfaldara að sjá með hvaða hætti skynsamlegt yrði að fjármagna hvern þátt verksins.

1009. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að gildistími laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verði styttur þannig að lögin falli úr gildi 1. júlí nk. Frumvarpið er angi af þeim breytingum sem gerðar hafa verið samhliða upptöku veiðigjalds og tilfærslu gjalda í því sambandi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og að andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Á 125. löggjafarþingi, 1999–2000, samþykkti Alþingi með 49 samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar (þskj. 1186) sem flutt var af sjávarútvegsnefnd um varðveislu báta og skipa. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skyldi að varðveislu gamalla skipa og báta og móta í því sambandi reglur um fjármögnun sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki m.a. þátt í. Í ljósi þess hve Alþingi hefur með skýrum hætti látið í ljós vilja sinn til að ráðstafa a.m.k. hluta af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til þessara verkefna telur minni hlutinn einsýnt að Alþingi hrindi þeim vilja sínum í framkvæmd við afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar. Er það í raun ámælisvert hvernig ríkisstjórnin hefur með aðgerðarleysi sínu frá því að framangreind þingsályktunartillaga var samþykkt kosið að virða vilja Alþingis að vettugi í þessu máli. Er framlagning þessa frumvarps nú enn fremur staðfesting á því að aldrei hefur staðið til af hálfu ríkisstjórnarinnar og sjávarútvegsráðherra að virða vilja Alþingis í málinu. Hvað sem því líður liggur nú beint við að Alþingi árétti og staðfesti vilja sinn með skýrum og skuldbindandi hætti. Gerir minni hlutinn það því að tillögu sinni að hluti eigna Þróunarsjóðsins renni til varðveislu gamalla báta og skipa.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hafði m.a. það hlutverk að úrelda gömul fiskiskip og er alveg óhætt að fullyrða að hann hafi þannig flýtt fyrir förgun margra gamalla skipa sem ella hefði verið talin ástæða til að vernda. Reglur um úreldingarframlag úr Þróunarsjóði gerðu skýrar kröfur um að bátum sem fengu úreldingargreiðslur skyldi fargað á þann hátt að ekki væri hægt að draga þá á flot að nýju. Bátarnir voru því annaðhvort bútaðir niður eða þeir brenndir. Er því vel við hæfi að hluti fjármuna sjóðsins verði nú notaðir til varðveislu gamalla báta og skipa. Minni hlutinn gerir þó eftir sem áður ráð fyrir að meginhluti andvirðis eigna sjóðsins renni til hafrannsókna enda eru mörg brýn verkefni á því sviði sem bíða úrlausnar. Í því sambandi er minni hlutinn sammála því áliti meiri hluta nefndarinnar að ástæðulaust sé að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Þá er minni hlutinn samþykkur breytingartillögu meiri hlutans um að lögin falli úr gildi 1. október 2005 í stað 1. júlí til að tryggt sé að nægilegur tími gefist til að ljúka uppgjöri sjóðsins.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hversu miklir fjármunir munu standa eftir þegar sjóðurinn verður gerður upp, en í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kom fram að áætlað markaðsvirði eigna Þróunarsjóðs sé um 300–400 millj. kr. Nú er hins vegar talið að markaðsvirðið gæti orðið nokkru hærra eða allt að 500–600 millj. kr. vegna ýmissa ytri skilyrða

sem hafa breyst frá því að ráðuneytið lagði mat á virði sjóðsins og því gerir minni hlutinn það að tillögu sinni að kveðið verði á um að 400 millj. kr. af virði Þróunarsjóðsins renni til hafrannsókna en það sem eftir standi við endanlegt uppgjör renni í ríkissjóð og Alþingi og fjárlaganefnd þingsins verði falið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 að gera tillögur um úthlutun þessara fjármuna til verkefna sem tengjast varðveislu gamalla báta og skipa.

Í samræmi við framangreint leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu 400 millj. kr. af eignum sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Andvirði eigna sjóðsins sem eru umfram 400 millj. kr. skal renna í ríkissjóð og því ráðstafað til varðveislu gamalla báta og skipa.

Alþingi, 17. mars 2005.

Jón Gunnarsson, frsm. Jóhann Ársælsson.

1010. Tillaga til þingsályktunar [664. mál]

um friðlýsingu Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.

Flm.: Helgi Hjörvar, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Ráðherra skipi níu manna nefnd til að undirbúa tillögu að friðlýsingu og eigi í henni sæti einn fulltrúi frá hverju þessara sveitarfélaga: Húnaþingi vestra, Borgarbyggð og Hvítársíðuhreppi. Enn fremur eigi sæti í nefndinni fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, sameiginlegur fulltrúi veiðiréttarhafa svæðisins, einn fulltrúi skipaður af þjóðminjaráði, einn fulltrúi Umhverfisstofnunar, einn fulltrúi náttúruverndarsamtaka og einn fulltrúi skipaður af umhverfisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin ljúki starfi sínu fyrir árslok 2006.

Greinargerð.

Efst á Arnarvatnshæðum
oft hef eg klári beitt;
þar er allt þakið í vötnum,
þar heitir Réttarvatn eitt.

Og undir Norðurásnum
er ofurlítil tó,
og lækur líður þar niður
um lágan Hvannamó.

Á öngum stað eg uni
eins vel og þessum mér;
ískaldur Eiríksjökull
veit allt sem talað er hér.

Jónas Hallgrímsson

Venja hefur verið að friðlýsa svæði með reglugerðum sem byggjast á friðlýsingarákvæðum laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Náttúruverndaráætlun er síðan sjálfstæð stefnumörkun sem miðast við að byggja upp skipulegt net verndarsvæða með það að markmiði að vernda þær lífverur, búsvæði og jarðminjar sem þarfnast verndar af ýmsum ástæðum. Í sérstökum tilfellum hafa svæði verið friðlýst með sérlögum eða um friðlýsingu flutt sérstök þingmál. Þannig má nefna að nokkrir þingmenn fluttu þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum á 129., 130. og 131. löggjafarþingi en nýverið gerði ríkisstjórn Íslands samþykkt um þjóðgarð norðan Vatnajökuls og þar með friðlýsingu árinnar. Er að sjálfsögðu ekkert úr vegi að Alþingi og alþingismenn veki athygli á mikilsverðum náttúruperlum sem þeir telja brýnt að friðlýstar verði þótt náttúruverndaráætlun geri ekki ráð fyrir þeim. Sú áætlun er aðeins til fimm ára í senn og ávallt bundin fjárveitingu. Sjái fjárveitingavaldið sjálft, Alþingi, ástæðu til að ganga lengra en þar er gert er mikilvægt að sá vilji komi fram.

Náttúra landsins eru þau verðmæti sem íslenskri þjóð eru fólgin til varðveislu. Sú náttúra hefur orðið okkur uppspretta auðs og allsnægta meiri en dæmi eru um víðast í veröldinni. Jarðvarmi, vatnsafl, sjávarnytjar og margvísleg önnur náttúrugæði hafa verið okkar helstu uppsprettur auðs. En náttúra landsins sjálf, ósnortin, hefur í æ ríkari mæli orðið okkur auðlind í sjálfri sér, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Ferðaþjónusta hefur þannig í ríkum mæli byggt á ímyndinni um hreina og óspillta náttúru landsins og í vaxandi mæli sækja hingað ferðamenn í leit að griðastað úr önnum hins daglega lífs og í sama tilgangi sækja sífellt fleiri Íslendingar í náttúruna, ekki síst inn á óbyggðir hálendisins til að sækja sér endurnæringu í friðsemi og fegurð óbyggðanna mitt í asa samtímans.

Með þingsályktunartillögu þessari er stefnt að friðun norðvesturhluta hálendis Íslands, Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Þegar hafa eyjar Breiðafjarðar verið friðaðar, en vötnin á Arnarvatnsheiði og umhverfi þeirra eru enn ekki friðlýst. Ekki er svæðið aðeins ríkt af náttúrufegurð og friðsæld sem nútímafólk leitar æ meira í, það er líka hluti af sögu okkar frá því á landnámsöld og uppspretta margra helstu laxveiðiáa landsins. Engir virkjunarkostir eru á þessum hluta hálendisins og því engir ríkir atvinnu- eða efnahagslegir hagsmunir er mæla gegn friðlýsingu.

Nú fer margt saman í senn; vaxandi straumur erlendra ferðamanna, aukin útivist, þensla höfuðborgarsvæðisins og stytting og umbætur leiðarinnar þaðan á Arnarvatnsheiði um Hvalfjarðargöng. Með vaxandi notkun svæðisins eykst þörfin á að huga að friðun þess og skipulagðri varðveislu. Sú friðun væri meðal annars í þeim tilgangi gerð að efla rannsóknir á fiski og fiskstofnum, því þótt friðun varni ekki veiði er mikilvægt að aukin ásókn gangi ekki nærri lífríki vatnasvæðisins. Má búast við því að nú þegar stór hluti leiðarinnar er lagður bundnu slitlagi og aksturstími úr höfuðborginni um þrjár klukkustundir, þá verði heiðin æ vinsælli

til skemmri veiðiferða úr borginni. En jafnframt miðaði friðlýsing að því að verja landið uppblæstri og hlú að fuglalífi með vernd búsvæða og eyðingu minks. Til framtíðar litið kæmi annars vegar til álita að svæðið yrði hluti Snæfellsnessþjóðgarðs til eflingar ferðaþjónustu þar með svipuðum og hætti og dæmi eru um, t.d. í Noregi, en einnig mætti til lengri tíma sjá fyrir sér að svæðið sameinaðist stækkuðum þjóðgarði á Þingvöllum, sbr. tillögu til þingsályktunar á þingskjali 16 frá 123. löggjafarþingi.

Með lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, og lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, eru þessi svæði friðlýst með vísan til náttúruverndar. Markmið þeirra eru m.a. að stuðla að verndun landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Flutningsmenn líta til þessara laga sem fordæmis um friðlýsingu í nánu samráði við heimamenn. Sú tillaga sem hér er lögð fram lýtur að sömu markmiðum en fjallar um norðvesturhluta hálendisins, þ.e. Arnarvatnsheiði og Tvídægru.



Heiðarflæmi (400–600 m.y.s.) er syðst og austast í hinum miklu heiðalöndum milli Húnavatnsþings og Borgarfjarðarhéraðs. Arnarvatnsheiði liggur norður og vestur af Eiríksjökli og Langjökli. Nær hún frá Hallmundarhrauni norðaustur að Stórasandi, vestur að Vesturheiði og norður fyrir Arnarvatn stóra en þar skarast heiðarnar.

Heiðin er austan til þakin grágrýtisbreiðum en blágrýti er vestan til. Móberg er víða undir og jökulurðir mynda ása og hæðir. Þar skiptast á flóar, mýrar, móar og melahryggir en oft eru þó mosaþembur á hæðarkollum.

Á Arnarvatnsheiði er mikill fjöldi vatna. Er vatnaklasinn stundum nefndur Veiðivötn eða Fiskivötn vestari til aðgreiningar frá Veiðivötnum á Landmannaafrétti.

Í flestum vötnum og tjörnum er mikil fiskisæld og einhver veiði í þeim nær öllum. Hefur silungsveiði verið stunduð þar frá ómunatíð. Lágu veiðimenn við vötnin meðan þeir veiddu í klyfjar á hesta sína. Nú er vetrarveiði löngu aflögð í vötnunum en mikið er veitt á sumrum. Fyrrum var búsílag mikið í silungnum og mun hann hafa forðað mörgum manni frá hungri.

Fuglalíf er mikið á Arnarvatnsheiði eins og öllum heiðunum þar í grennd en Arnarvatnsheiði – Tvídægra er talið vera alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Eru þar himbrimi, endur, gæsir og álftir auk fjölmargra mó- og vaðfugla. Áður var þar mikil eggja- og fjaðratekja og þóttu góð hlunnindi. Talið er að fuglalíf hafi minnkað á heiðinni á seinni árum og er minki um kennt.

Þá er víða mikið um fjallagrös og var þar áður mikil grasatekja.

Fyrrum áttu sekir menn oft bólstaði á Arnarvatnsheiði eða í grennd við hana og er þess meðal annars getið í Grettissögu.

Áður fyrr var leiðin yfir Arnarvatnsheiði fjölfarin. Frá Kalmanstungu var talin 14 klst. ferð á hestum að Haukagili í Vatnsdal en 18–20 stunda ferð að Mælifelli í Skagafirði.

Arnarvatnsheiði er stærsta náttúruverndarsvæðið í Vestur-Húnavatnssýslu og er ásamt Tvídægru á náttúruminjaskrá. Þessi svæði eru ásamt húnvetnsku heiðunum allt austur fyrir Blöndu þau svæði á miðhálendinu sem best eru gróin en um helmingur þess er votlendi. Þar sem lítið er um gróðurlaus svæði er fuglalíf mikið og talið er líklegt að umtalsverður hluti tveggja fuglastofna, álftar og himbrima, byggi afkomu sína á þessum heiðalöndum.

Gróðurfar.

185 tegundir háplantna hafa fundist á Arnarvatnsheiði – Tvídægru, þar af tvær mjög sjaldgæfar tegundir, lensutungljurt og skrautpuntur. Gróðurkort eru til af svæðinu, gefin út 1970 og 1977, unnin á vegum RALA.

Í Árbók Ferðafélagsins frá árinu 1962 segir Steindór Steindórsson frá gróðurfari svæðisins sem hann telur vart frábrugðið öðrum íslenskum heiðalöndum. Svæðið er eins og öll heiðalöndin vestan Langjökuls og Eiríksjökuls mikið gróin en þar veldur þrennt mestu: „Í fyrsta lagi eru heiðar þessar tiltölulega lágar, og landslagi svo háttað, að þar er flatlent, og vatn safnast því fyrir í afrennslislitlar tjarnir og flóa, í öðru lagi er þar allúrkomusamt, því að votviðri ná þangað bæði frá Suður- og Norðurlandi, og í þriðja lagi, sandfok er þar lítið, enda liggja engin gróðurlítil, víðlend hraun að þeim, en svo virðist sem hraunaflákarnir í hálendinu séu þrotlaus uppspretta sandfoks, en í kjölfar þess fylgir uppblásturinn. Ljóst er þó, að uppblásturs og mela gætir mest um austanvert svæðið næst Hallmundarhrauni og Stórasandi, en þar er einnig þess að gæta, að þar rís landið einna hæst norður um Arnarvatnshæðir."

Steindór flokkar aðalgróðurlendi svæðisins í fernt: Votlendi, heiði, mosaþembu og mel. Hann segir nánast allar deildir votlendis vera á svæðinu, allt frá hinum blautasta flóa til hálfdeigjumýrar en hinar blautari deildir votlendisins eru þó víðáttumeiri. Víða liggja tjarnir og stöðuvötn í flóasundunum, sem þá lyfta sér einungis fáeina sentimetra yfir vatnsborðið. Blástararflóinn er langvíðáttumestur um austanvert svæðið. Þrátt fyrir að meiri hluti votlendisins sé flói eru mýrarsvæði allvíða, einkum litlir mýrarblettir og sund. Aðaltegund mýranna er hvarvetna stinnastör, eins og tíðast er í hálendinu en grávíðir er algengastur í öllu mýrlendi.

Heiðin og mólendið eru að mati Steindórs afar breytileg að gróðurfari. Í stað þess að vera víðáttumikil og samfelld heiðasvæði bendir hann á að heiðin liggi í beltum utan í ásum og hæðum. Það sérkennilegasta við svæðið er að mati Steindórs hið stórgerða þýfi sem gefur landinu óneitanlega nokkurn svip. „Þúfurnar eru 1–1,5 m háar með bröttum jöðrum, en flöt-

um kolli, og má kalla, að kollarnir allir séu í sama fleti í hverju þúfnastykki. Milli þúfnanna eru stundum þröngir skorningar, að jafnaði gróðurlitlir, en þar sem lautirnar eru breiðar, eru þær algrónar. Vaxa þá ýmis grös í lautunum, en á þúfnakollunum er *stinnastör* aðaltegundin. Mosi er oft allmikill í þúfnakollum.“ Rakastig landsins er allbreytilegt eftir því hversu hátt það liggur yfir mýrasundunum. Á rökustu svæðunum sem lægst liggja er gulvíðir algengasta tegundin en gulvíðikjarrið er sérkennilegasta gróðurlendið á þessum slóðum, ef borið er saman við önnur afréttarlönd á hálendinu. Innan um víðikjarrið vaxa ýmsar aðrar plöntur, einkum grös. Algengustu grastegundirnar eru hálíngresi og snarrótarpuntur. Algengustu blómjurtir heiðanna eru sóleyjar, maríustakkar og sums staðar blágresi. Víðáttumesti heiðagróðurinn er lyngheiði og eru krækilyng og bláberjalyng drottnandi tegundir víðast hvar í henni. Efsta belti heiðagróðursins, næst blásnum melakollum, einkennist af sauðamerg og víða á heiðasvæðunum eru gulgráar skellur af hreindýramosa. Þá eru fjallagrös allvíða á þessum slóðum.

Mosaþemba og melar eru víðáttumikil gróðurlendi eins og hvarvetna á hálendinu. Þó gætir örfoka mela vonum minna hér, og eru þeir einkum syðst og austast á Arnarvatnsheiði. En er vestar dregur eru melarnir oft með mosabreiðum, og stundum er erfitt að skera úr hvort fremur beri að kalla lendið mel eða grýtta mosaþembu. Aðaleinkennistegund mosaþembunnar er gamburmosinn eða grámosinn sem gefur henni lit og líf.

Veiði.

Á Arnarvatnsheiði eru fjölmörg vötn, bæði stór og smá. Oft eru þau sögð óteljandi. Flest eru vötnin grunn, dýpið 1–2 m, og verður upprót af botni þeirra flestra þegar vind hreyfir. Mörg vatnanna tengjast með lækjum og ám og hafa því bæði í- og úrrennsli. Upptök nokkurra gjöfulustu laxveiðiáa á Íslandi, svo sem Þverár í Borgarfirði, Hrútafjarðarár og Miðfjarðarár í Húnavatnssýslu, eru á Arnarvatnsheiði.

Stærst vatnanna eru Arnarvatn stóra (4,3 km^2 að flatarmáli) og Úlfsvatn (3,85 km^2). Réttarvatn, Reykjavatn, Krókavatn, Mordísarvatn, Krummavatn, Veiðitjörn, Gunnarssonavatn, Hlíðarvatn, Arfavötn, Arnarvatn litla og Stóralón eru einnig allstór. Silungur er í flestum stærri vatnanna, bæði bleikja og urriði, og hefur silungsveiði verið stunduð á heiðinni frá ómunatíð. Áður fyrr var netaveiði stunduð bæði sumar og vetur og dorgveiðar að vetri til en nú á dögum er stangaveiði orðin algengari. Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru fer með forræði yfir veiðivötnunum á svæðinu norðan vatnaskila en aðild að félaginu eiga eigendur allra lögbýla í Torfastaðahreppum fyrrverandi í Miðfirði, hvort heldur um er að ræða jarðir í byggð eða eyðibýli. Veiðivörður er á svæðinu á sumrin en menn hafa verið að veiðum frá því í júní og fram í byrjun september samkvæmt upplýsingum félagsins. Silungsveiðin er best efst þar sem Austuráin rennur úr Arnarvatni stóra og er bleikja uppistaðan í veiðinni. Arnarvatn stóra varð snemma frægt í sögunni fyrir mikla veiði en með tilkomu stangaveiða hefur stofninn í Arnarvatni stóra þó smækkað.

Fornminjar.

Margvíslegar fornleifar eru í Hallmundarhrauni, á Tvídægru og Arnarvatnsheiði. Skiptast þær í þessa flokka helsta:

Minjar um útilegumenn. Það eru annars vegar hleðslur í hellum í Hallmundarhrauni og tóftir við Arnarvatn stóra sem tengdar hafa verið við Gretti Ásmundarson, en hluti Grettissögu gerist á þessum slóðum. Minjar í hellum hafa talsvert verið rannsakaðar og nýleg athugun á fornleifum í Vígishelli sýndi að þar hafa menn hafst við á landnámsöld.

Minjar um fjárleitir. Um alla heiðina eru náttstaðir leitarmanna og gangnamannakofar. Miðstöð fjárleita var við Arnarvatn stóra og Réttarvatn sem er sunnan við það.

Samgönguminjar. Leiðir lágu þvert yfir heiðina, en samgönguminjar tengjast helst Leggjabrjóti og Skagfirðingavegi um Stórasand.

Búsetuminjar. Innan hins afmarkaða svæðis eru tvö eyðibýli, Halldórstóftir við Norðlingafljót og Aðalbreið í Austurdal, en einnig eru sel í Kjarradal. Þá eru vísbendingar um minjar sem tengjast veiði í vötnum á heiðinni.

Þjóðsögu- og sögustaðir. Svæðið er sögusvið Grettissögu og Heiðarvígasögu og eru ýmsir staðir og örnefni tengd atburðum og persónum sem lýst er í sögunum. Almennt er talið að Grettir Ásmundarson hafi dvalist við Arnarvatn í útlegð sinni og segir Grettissaga að hann hafi dvalið á Arnarvatnsheiði fyrstu þrjú ár sektartíma síns. Þar hafi hann gert sér skála sem enn sér merki, fengið sér net og bát og lifað á fiskveiðum. Í Árbók Fornleifafélagsins 1933–1936 fjallar Matthías Þórðarson um Grettisskála. Kemur fram að Grettisskáli hafi verið norðan megin við austasta hluta Arnarvatns eða sunnan við Grettishöfða. Þar má samkvæmt Matthíasi sjá skálatóftir, þrjár talsins og litlar. Tvær eru næstar vatninu en sú þriðja nokkra metra frá þeim í austur. Eftir nokkrar rannsóknir telur Matthías óefandi að þarna hafi Grettir hafst við, eins og segir í sögu hans.

Mannvirkjaleifar í Vígishelli og Halldórstóftir eru friðlýstar fornleifar en langmest af fornleifum er við Arnarvatn stóra og Réttarvatn og er sá staður afmarkaður á fornleifakorti sem fylgir svæðisskipulagi miðhálendisins og talinn lykilstaður sem ástæða er til að fái sérstaka verndunar- og kynningaráætlun.

Ekki er skylt að gera kostnaðaráætlanir um þingmannamál en reynslan sýnir að marklaust er að friðlýsa svæði ef þeim yfirlýsingum fylgja ekki aðgerðir og fjármagn. Það er mat flutningsmanna að kostnaður við undirbúning friðlýsingar geti numið allt að 15 millj. kr. og árlegur kostnaður um 10 millj. kr.

HEIMILDIR

Arnarvatnsheiði:

Tómas Einarsson og Helgi Magnússon: Íslandshandbókin – Náttúra, saga og sérkenni, fyrra bindi. Reykjavík 1989, Örn og Örlygur (bls. 124–125).

Miðhálendi Íslands – Svæðisskipulag 2015 – Skipulagsáætlun.

Heath, M.F. & Evans, M.I.: „Important Bird Areas in Europe", í Birdlife International, 2000.

Kort af fyrirhuguðu verndarsvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru unnið hjá Landmælingum.

Gróðurfar:

Steindór Steindórsson: „Um gróður á Arnarvatnsheiði". Árbók Ferðafélagsins 1962 – Arnarvatnsheiði og Tvídægra. Reykjavík 1962, Ferðafélag Íslands.

Veiði:

Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson: „Fiskirannsóknir á Arnarvatnsheiði 1987 – Arnarvatn litla, Úlfsvatn, Grunnuvötn og Stóralón". Veiðimálastofnun, VMST-R 88007X.

Eiríkur St. Eiríksson: „Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru" í Stangaveiðihandbókinni, 3. bindi, 2004.

Landssamband veiðifélaga: Vötn og veiði 1981 og 1989.

Fornminjar:

Íslenzk fornrit VII. Grettis saga Ásmundarsonar. Bandamanna saga. Útg. Guðni Jónsson. Rv. 1936, Hið íslenzka fornritafélag.

Matthías Þórðarson: „Tvö Grettisbæli." Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1933–1936. Rv. 1936, Ísafoldarprentsmiðja hf.

1011. Nefndarálit [639. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Róbert Ragnarsson frá félagsmálaráðuneyti, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Benedikt Guðmundsson, bæjarlögmann Hafnarfjarðarbæjar.

Frumvarpið er lagt fram til að breyta kjördegi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögunum. Lengri tíma hefur tekið að ná samkomulagi um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga en gert var ráð fyrir. Því hefur dregist að sameiningarnefnd hafi getað kynnt endanlegar tillögur sínar og ljóst er að ekki er nægur tími til stefnu til að kynna tillögurnar nægjanlega og fjalla um þær í sveitarfélögunum fyrir kjördag. Þá er undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar kominn misjafnlega vel á veg á einstökum stöðum.

Í frumvarpinu er lagt til að atkvæðagreiðsla um einstakar sameiningartillögur fari fram laugardaginn 8. október nk. í stað 23. apríl nk., þó þannig að samstarfsnefnd á hverjum stað verði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fyrr fram ef það er mat nefndarinnar að sameiningartillaga muni hljóta nægja kynningu meðal íbúa fyrir kjördag. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema með stuðningi aukins meiri hluta nefndarmanna.

Nefndin bendir á að frumvarpið kemur ekki í veg fyrir að þau sveitarfélög sem lengst eru á veg komin með undirbúning atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar geti kosið um sameiningu á þeim tíma sem upphaflega var gengið út frá. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að kosið verði um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Skorradalshrepps og Kolbeinsstaðahrepps 23. apríl nk.

Nefndin fjallaði sérstaklega um það ákvæði frumvarpsins að aukinn meiri hluta nefndarmanna þyrfti til að taka ákvörðun um kosningu fyrir 8. október. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að átt sé við ⅔ hluta greiddra atkvæða. Nefndin telur rétt að þetta komi fram í lagatextanum sjálfum og gerir því tillögu um að honum verði breytt á þann veg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „með auknum meiri hluta atkvæða“ í fyrri efnismálslið b-liðar 1. gr. komi: með að lágmarki ⅔ hlutum greiddra atkvæða.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.
Gunnar Örlygsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Pétur H. Blöndal.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Birkir J. Jónsson.	Einar Már Sigurðarson.
Helgi Hjörvar.	Björgvin G. Sigurðsson.	

1012. Lög [663. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. mars.)

Samhljóða þskj. 1007.

1013. Tillaga til þingsályktunar [665. mál]

um átak í uppbyggingu héraðsvega.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að gert skuli sérstakt átak í uppbyggingu héraðsvega sem flokkast samkvæmt vegalögum oftast undir safn- og tengivegi. Til þess verði varið a.m.k. 2 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fjögur ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í núgildandi samgönguáætlun.

Enn fremur skipi ráðherra þriggja manna nefnd er kanni hvernig breyta megi skilgreiningum og einfalda þær, sem og flokkun vega eftir tegundum í vegalögum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að teknu tilliti til breyttra þarfa og aukinna krafna sem gerðar eru til þessara vega. Nefndin skili áliti sínu fyrir 1. október 2005.

Greinargerð.

Í vegalögum er þjóðvegum skipt í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Hlutur safn- og tengivega, þ.e. héraðsvega, er afar mikilvægur í samgöngukerfi landsmanna. Þetta eru þeir vegir sem tengja einstök býli, náttúruvætti og sögustaði við aðalstofnvegina og skipta því miklu máli fyrir afkomu og framtíð fólks á stórum svæðum. Á þetta við um bændur og aðra þá sem vegna atvinnustarfsemi þurfa að sækja aðföng og koma frá sér afurðum með reglulegum hætti. Héraðsvegirnir eru líka mikilvægir fyrir akstur skólabarna og skipta miklu máli fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þá má og nefna vegi að stórum sumarbústaðalöndum sem þurfa að anna mikilli umferð á vissum árstímum.

Fjárveitingar til vegamála.

Fjármagn sem veitt hefur verið samkvæmt vegaáætlun skiptist, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni, á framkvæmdaflokka á eftirfarandi hátt:

	2001	2002	2003	2004
Tengivegir	574	551	568	501
Brýr	328	238	311	225
Ferðamannaleiðir	106	400	324	234
Girðingar	59	64	65	66
Landsvegir	142	133	127	140
Safnvegir	335	315	301	319
Styrkvegir	67	62	60	64
Reiðvegir	48	45	43	48

Allar tölur í töflunni eru í millj. kr. og á áætluðu meðalverðlagi 2005.

Framlög til tengi-, safn- og landsvega af heildarfé til vegamála.
Neðsti flöturinn sýnir tengivegi, miðflöturinn safnvegi og sá efsti landsvegi.
(Heimild: Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmdir í vegamálum og fjárlög 2004.)



Myndin sýnir hversu lágt framlag til tengi-, safn- og landsvega er sem hlutfall af heildarfé til vegamála og það fer lækkandi. Rétt er að geta þess að árið 2003 fóru 3 milljarðar kr. til sérstaks átaks í atvinnumálum. Sú fjárhæð fór til uppbyggingar á stofnvegakerfi landsins en ekki að neinu leyti til þeirra vegaflokka sem hér eru til umræðu. Akstur á vegum landsins hefur aukist mikið á undanförnum árum. Fjárveitingar til þessara þriggja tegunda vega hafa ekki nægt til að hægt væri að halda þeim við með viðunandi hætti og hefur ástand þeirra því versnað. Ástand þessara vega er mjög mismunandi og misjafnt hversu mikið er eðlilegt að byggja þá upp og styrkja. Þó er ljóst að miðað við framlög til þeirra um þessar mundir er lausn ekki í sjónmáli og má með eðlilegum rökum ætla að áratugir líði áður en þeir verða fullnægjandi.

Breytingar á fjárfestingum í nokkrum tegundum vega á verðlagi hvers árs.



Eins og sjá má af línuritinu hefur lítið miðað í þá átt að bæta úr ástandi safn- og tengivega á undanförnum árum. Ekkert er fyrirséð um það hvenær þessir vegir og vegaflokkar verða komnir í viðunandi horf. Framtíðarástand í samgöngum á stórum svæðum er því að segja má í lausu lofti. En þörfin er brýn og hún vex ár frá ári.

Skipting vega.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var skipting vega 1. janúar 2004 þannig í kílómetrum talið:

Breytingar milli ára (km)

Ár	1 Stofnvegir	2 Tengivegir	1+2 Samtals	3 Safnvegir	1+2+3 Samtals	4 Landsvegir	1+2+3+4 Samtals
1996	4269,49	3.935,40	8.204,89	2.324,94	10.529,83	1.809,33	12.339,16
1997	4.306,37	3.873,83	8.180,20	2.340,48	10.520,68	2.170,76	12.691,44
1998	4.306,14	3.906,84	8.212,98	2.306,42	10.519,40	2.170,18	12.689,58
1999	4.303,79	3.898,08	8.201,87	2.308,85	10.510,72	2.170,23	12.680,95
2000	4302,32	3.894,96	8.197,28	2.292,07	10.489,35	2.472,75	12.962,10
2001	4.309,84	3.897,39	8.207,23	2.301,08	10.508,31	2.490,02	12.998,33
2002	4.305,97	3.928,92	8.234,89	2.288,30	10.523,19	2.457,52	12.980,71
2003	4.276,74	3.961,76	8.238,50	2.267,25	10.505,75	2.467,29	12.973,04
2004	4.272,09	3.943,74	8.215,83	2.215,80	10.431,63	2.540,37	12.972,00

Kjördæmi (km)

	1 Stofnvegir	2 Tengivegir	1+2 Samtals	3 Safnvegir	1+2+3 Samtals	4 Landsvegir	1+2+3+4 Samtals
Suður	939,70	1.092,12	2.031,82	559,21	2.591,03	983,71	3.574,74
Suðvestur	121,23	93,02	214,25	30,77	245,02	12,56	257,58
Reykjavík	72,08	11,19	83,27	25,37	108,64	9,40	118,04
Norðvestur	1.765,64	1.748,73	3.514,37	945,84	4.460,21	646,63	5.106,84
Norðaustur	1.373,44	998,68	2.372,12	654,61	3.026,73	888,07	3.914,80
Alls	4.272,09	3.943,74	8.215,83	2.215,80	10.431,63	2.540,37	12.972,00

Svæði (km)

	1 Stofnvegir	2 Tengivegir	1+2 Samtals	3 Safnvegir	1+2+3 Samtals	4 Landsvegir	1+2+3+4 Samtals
Suður	842,33	988,45	1.830,78	552,34	2.383,12	935,66	3.318,78
Suðvestur	290,68	184,85	475,53	63,01	538,54	53,34	591,88
Norðvestur	1.777,53	1.773,79	3.551,32	945,84	4.497,16	649,13	5.146,29
Norðaustur	1.361,55	996,65	2.358,20	654,61	3.012,81	902,24	3.915,05
Alls	4.272,09	3.943,74	8.215,83	2.215,80	10.431,63	2.540,37	12.972,00

Heildarlengd bundins slitlags í árslok 2003.

	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Alls km
Suðurland	563,61	319,09	47,74	42,45	972,89
Reykjanes	280,80	94,00	0,97	14,40	390,17
Vesturland	469,32	96,41	8,69	1,64	576,06
Vestfirðir	489,08	38,24	0,97		528,29
Norðurl. ve.	365,17	38,53	3,45	0,11	407,26
Norðurl. ey.	478,76	112,06	9,73	20,49	621,04
Austurland	687,36	91,34	11,61	44,61	834,92
	3334,10	789,67	83,16	123,70	4330,63

Í eftirfarandi töflu eru þjóðvegir af flokknum tengivegir sem fallið hafa af vegaskrá á árunum 1981–2003. Margir þeirra eru nú þjóðvegir í flokki safnvega eða landsvega.

Tengivegir Vegnr.	Vegheiti	Upphaflegur vegur Lengd km	Nú safn- eða landsvegur Lengd km	Tekinn af vegaskrá Lengd km	Núverandi vegnúmer
203	Geirlandsvegur:	2,7	2,7		óbreytt
257	Ártúnsvegur:	14,5	2,3	12,2	2549
318	Breyting á vegakerfi	0			
353	Kiðjabergsvegur	5,5	5,5		óbreytt
(41)	Njarðvík – Keflavík	4,3		4,3	
422	Njarðvíkurvegur	1,5		1,5	
433	Reykjalundarvegur	0,6		0,6	
53	Breyting á vegakerfi	0			
537	Sauravegur	11,5		11,5	
568	Skógarnesvegur	9,1	6,7	2,4	óbreytt
575	Flugvöllur Rifi	0,8		0,8	
579	Flugv. Stykkishólmi	0,3		0,3	
591	Neðribyggðarvegur	5,6		5,6	
592	Skorravíkurvegur	1,2		1,2	
609	Fjarðarhlíðarvegur	7,9	7,9		óbreytt
611	Siglunesvegur	3,1	3,1		óbreytt
621	Mosdalsvegur	8,1	8,1		óbreytt
626	Flugvöllur Önundarf.	0,3		0,3	
638	Laugalandsvegur	3,1	3,1		óbreytt
647	Munaðarnesvegur	4,4	4,0	0,4	óbreytt
706	Núpsdalsvegur	2,5	2,5		óbreytt
712	Þorgrímsstaðadalsv.	3,2	3,2		óbreytt
(722)	Vatnsdalsá hjá Undirf.	1,6		1,6	
725	Miðásavegur	2,5	2,5		óbreytt
728	Flugvallarv. Blönduósi	0,6		0,6	
758	Austurdalsvegur	14,1	14,1		óbreytt
761	Fjallsvegur	2,5	2,5		7687
766	Brimnesvegur	5,6	5,6		766 og 7760
788	Haganesvíkurvegur	5,3	5,3		óbreytt
827	Sölvadalsvegur	9,1	9,1		óbreytt
832	Vaðlaheiðarvegur	19,1	19,1		óbreytt
857	Laxárdalsv. að Halldst.	2,8		2,8	
861	Vestursandsvegur	2,3	0,3	2,0	8755
873	Flugvöllur Raufarhöfn	0,2		0,2	
922	Grófarselsvegur	5,8	5,8		óbreytt
926	Húseyjarvegur	13,0	13,0		óbreytt
942	Steinsvaðsvegur	3,8	2,0	1,8	óbreytt
955	Flugvöllur Norðfirði	0,7		0,7	
966	Flugvöllur Djúpavogi	1,4		1,4	
971	Lónsheiðarvegur	17,8		17,8	
988	Flugvöllur Öræfum	1,7	0,2	1,5	9868
	Samtals	200,1	128,6	71,5	

„Sveitavegirnir“ kalla.

Við erum lítil þjóð í stóru og ógreiðfæru landi og samgöngur hljóta því að vera höfuðatriði fyrir samfélagið á hverju svæði. Nú hefur orðið áherslubreyting í vegamálum á síðasta áratug þar sem ofuráhersla hefur verið lögð á stórframkvæmdir og nokkra aðalvegi. Á sama tíma hafa vegir sem liggja af hringveginum setið hlutfallslega á hakanum.

Héraðsvegirnir inn til dala og út til stranda eru samgönguæðar heils atvinnuvegar. En einnig býr fjölmargt fólk í dreifbýli sem sækir vinnu um langan veg til næsta þéttbýlis og börnum er ekið í skóla. Því eru takmörk sett hvað bjóða má ungum börnum í löngum skólaakstri á slæmum vegum. Góðir akvegir eru því hreinlega grundvallarforsenda fyrir byggð víðs vegar um landið. En það hangir fleira á spýtunni. Ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein og miklar vonir bundnar við hana til að treysta atvinnu til sveita. Íslendingar vilja gjarnan laða til sín ferðamenn og auglýsa náttúrufegurð landsins á erlendri grundu og þeir vilja einnig njóta hennar sjálfir. En til þess að komast að helstu náttúruperlum landsins verður oftar en ekki að keyra langar vegalengdir eftir héraðsvegum og umferð um þá er oft stríð á sumrin. Oft eru þessar leiðir líka eftirsóttar af ferðamönnum, þar á meðal hjólreiðafólki, vegna þess hvernig vegirnir liggja í landinu og allt önnur upplifun er að aka þá en mikið uppbyggðar stofnbrautir. Með fjölgun ferðamanna mun umferð um þessa vegi aukast og þar með vex þörfin fyrir uppbyggingu og endurbætur á héraðsvegunum. Góðir héraðsvegir eru því ekki sérhagsmunamál bænda heldur hluti af því að byggja Ísland upp sem ferðamannaland. Góðir vegir eru forsenda nýsköpunar í atvinnulífi til sveita.

Áætlun um uppbyggingu og slitlag á héraðsvegi.

Ástand héraðsveganna er mjög misjafnt en Vegagerðin verður að takmarka verk sín við fjárveitingar og virðist forgangsröðun að mestu miðast við flokkun vega samkvæmt vegalögum frekar en þarfir íbúa eða atvinnulífs á hverju svæði. Þannig njóta ýmsir mikilvægir tengivegir og safnvegir mjög takmarkaðrar þjónustu þótt þeir séu eina vegtenging íbúa á stórum svæðum við stofnvegi. Þá er viðhald tengivega í sveitum víða afar lítið og víst er að ferðamenn færu án efa meira um þá ef ástand þeirra væri betra. Má hér nefna vegi eins og þann sem liggur út á Látrabjarg, veginn um Strandir og vegina um Hólasand og út á Melrakkasléttu.

Mjög hallar á tengivegi og safnvegi í samanburði við stofnvegi hvað varðar uppbyggingu með lagningu bundins slitlags á síðustu árum. Flutningsmenn telja þá þróun varhugaverða og geta leitt til þess að ákveðin svæði einangrist og missi af viðskiptum og öðrum tækifærum sem tengjast umferð ferðamanna. Bundið slitlag eykur og möguleika íbúanna til að komast örugglega til og frá heimili sínu. Ferðamenn hérlendis ferðast í síauknum mæli á eigin vegum og þá oft á litlum bílum, sem þola illa lélega vegi, en einnig í vaxandi mæli á reiðhjólum. Gæði veganna og umferðaröryggi ráða því miklu um samkeppnishæfni einstakra svæða til búsetu og ferðaþjónustu. Því er lögð áhersla á að átak verði gert varðandi þessa vegi, ekki hvað síst með lagningu varanlegs og bundins slitlags.

Snjómokstur, rykbinding og viðhald héraðsvega.

Sveitarfélög hafa vegna breyttra búsetuhátta orðið að efla vegaþjónustu á síðustu árum án þess að ríkið hafi aukið fjárframlög til þessara verka. Nú er algengara en áður að fólk búi í sveit en starfi jafnframt í þéttbýli og þurfi því að ferðast óhindrað nær alla daga ársins. Þá er börnum víða ekið um langan veg í skóla, m.a. vegna sameiningar sveitarfélaga, og vart bjóðandi að slíkum leiðum sé ekki haldið vel við. Þessi breyting þýðir t.d. að moka þarf þessa vegi reglulega að vetrinum, en moksturinn lýtur ýmist gamalli helmingaskiptareglu ríkis og

sveitarfélags eða er alfarið á kostnað sveitarfélags og viðkomandi bónda. Þá er rykbinding á malarvegum afar brýn að sumri til. Því er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar almenna þjónustu á þessum vegum og þá jafnframt verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessum þáttum. Ljóst er að dreifbýl sveitarfélög hafa litla burði til að standa straum af auknum kostnaði við snjómokstur eða aðra vegþjónustu.

Ákvæði um skiptingu vega í flokka í vegalögum, nr. 45/1994.

Skiptingu vega í flokka er að finna í III. og IV. kafla vegalaga. Í III. kafla um þjóðvegi segir:

„7. gr.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

8. gr.

Þjóðvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegakerfi þetta skal tengja öll býli á landinu, alla þéttbýlisstaði, flugvelli þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, hafnir og bryggjur ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar og aðra staði eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnvegir:

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Tengivegir:

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

Safnvegir:

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

Landsvegir:

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.“

Í vegalögum segir jafnframt:

„16. gr.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við eftirfarandi samgönguleiðir: götur í þéttbýli, vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki eru þjóðvegir, vegi að bryggjum, vegi að eyðibýlum, vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir, vegi að skipbrotsmannaskýlum, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum, vegi að fjallskilaréttum, vegi að leitarmannaskálum, vegi að fjallaskálum, vegi að fullgerðum orkuverum, vegi að félagsheimilum, vegi að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr.

Þeir aðilar, sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda við vegi samkvæmt þessari grein, skulu annast veghald viðkomandi vegar.

Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgöngunefndar Alþingis.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.“

Sammála um mikilvægi héraðsveganna en framkvæmdina vantar.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður fram fyrirspurn til samgönguráðherra um hvort til stæði að auka fjárveitingar til safn- og tengivega og jafnframt að endurskilgreina stöðu þessara vega (290. mál).

Á það var bent að rök væru hæpin fyrir þessari flokkun vega. Vegir féllu niður um flokka og jafnvel alveg af þjóðvegaskrá, t.d. ef bær færi úr byggð, þó svo vegurinn væri áfram mikilvæg samgönguæð vegna landnytja og ferðaþjónustu. Sem dæmi má nefna að þegar áætlunarflug til flugvallar leggst niður fellur vegurinn að honum úr flokki þjóðvega og verður í raun einskismanns vegur þótt flugvöllurinn sé áfram sjúkraflugvöllur og þjónusti einkaflug. Í umræðu um fyrrnefnt þingmál kom fram hjá samgönguráðherra að þessi mál yrðu skoðuð fyrir gerð næstu samgönguáætlunar og að hann væri hlynntur uppbyggingu safn- og tengivega eftir því sem fjármagn gæfist til. Ekkert hefur þó bólað á þessari endurskoðun. Aðrir þingmenn sem tóku þátt í umræðu um málið, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Hallvarðsson, voru öll mjög jákvæð gagnvart athugasemdum flutningsmanns og nauðsyn þess að að auka fjármagn til safn- og tengivega. Jafnframt var tekið undir nauðsyn þess að taka til endurskoðunar skiptingu og flokkun vega í vegalögum.

Ástand héraðsveganna brennur mjög á íbúunum og meðfylgjandi eru sýnishorn af þeim erindum sem þingmönnum berast vegna þeirra. Þessi hópur fólks er mjög dreifður um landið og getur því illa beitt hópþrýstingi á stjórnvöld til að fylgja málum sínum eftir. Engu að síður er hér um mikið hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir það fólk sem þetta mál snertir beint daglega heldur alla þjóðina. Ekkert er fyrirséð um það hvenær þessir safn- og tengivegir víðs vegar um landið verða komnir í viðunandi horf. Því er lagt til að gert verði raunverulegt átak í uppbyggingu safn- og tengivega, svokallaðra héraðsvega, á næstu fjórum árum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf frá Ferðamálafélagi Barðastrandarsýslu til umdæmisskrifstofu vegamála á Vestfjörðum. (27. janúar 2004.)
II. Bréf frá sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps til þingmanna Norðausturkjördæmis. (26. febrúar 2004.)
III. Bréf frá sveitarstjórn Þingeyjarsveitar til samgöngunefndar Alþingis. (19. apríl 2004.)
IV. Bréf frá Ingunni Guðmundsdóttur, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til þingmanna Suðurkjördæmis. (26. ágúst 2004.)
V. Bréf frá sveitarfélaginu Ölfusi til fjárlaganefndar Alþingis. (27. september 2004.)
VI. Bréf frá sveitarstjórn Kaldrananeshrepps. Vegamál í Kaldrananeshreppi.
VII. Bréf frá ábúendum að Dæli í Víðidal.
VIII. Bréf frá ábúendum og eigendum jarðanna í Flókadal í Borgarfirði. (September 2003.)
IX. Úr bréfi frá sveitarstjórn Húnaþings vestra til fjárlaganefndar.
X. Úr bréfi frá hreppsnefnd Rangárþings ytra til fjárlaganefndar. (27. september 2004.)
XI. Úr bréfi frá Norður-Héraði til fjárlaganefndar. (2004.)
XII. Úr bréfi frá sveitarstjórn Dalabyggðar.

1014. Tillaga til þingsályktunar [666. mál]

um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Jón Bjarnason,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að:

a. verðbólga náist sem fyrst niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans,
b. stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur,
c. sjálfbær þróun verði leiðarljós í orku- og atvinnumálum og þróun þjóðlífsins almennt,
d. tryggja útflutnings- og samkeppnisgreinum viðunandi starfsskilyrði,
e. bæta skilyrði til nýsköpunar í atvinnulífinu og til uppbyggingar sprotafyrirtækja,
f. draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun,
g. viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu og halda aftur af skuldasöfnun heimilanna,
h. jafnvægi náist á nýjan leik í þjóðarbúskapnum almennt,

ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Gefa út formlega yfirlýsingu um að hvorki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2010. Áhersla verði þess í stað lögð á fjölbreytta smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð fyrir hagkerfið og aðstæður viðkomandi byggðarlaga.
2. Beina þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu, svo sem hvað varðar áhrif af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs. Markmiðið verði að hraður vöxtur útlána að undanförnu skapi ekki hættu

fyrir efnahagslífið og farið verði yfir eiginfjárlágmörk og áhættugrunn fjármálastofnana í því ljósi.
3. Beina þeim tilmælum til Seðlabanka Íslands að íhuga vandlega að beita aukinni bindiskyldu hjá innlánsstofnunum, a.m.k. tímabundið, til að draga úr þenslu á peningamarkaði og huga að öðrum aðgerðum sem stutt geta viðleitni stjórnvalda til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.
4. Undirbúa breytingar á mælingum verðlags þannig að í stað fasteignaverðs verði vísitala metinnar húsaleigu á almennum leigumarkaði hluti af vísitölu neysluverðs.
5. Tryggja aðhald í ríkisfjármálum og slá á þenslu með því að leggja fyrir Alþingi næsta haust tillögur um að falla frá eða fresta eftir atvikum a.m.k. hluta þeirra almennu skattalækkana sem lögfestar voru fram í tímann í desember 2004. Í staðinn komi aðgerðir til að bæta stöðu tekjulægstu hópa samfélagsins og barnafjölskyldna.
6. Efna til víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja, og aldraðra, og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir þessar og þátttöku í að tryggja á nýjan leik efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Greinargerð.

Á Íslandi ríkir nú skeið ójafnvægis í efnahagsmálum. Við búum við einhverja mestu þenslu sem riðið hefur yfir fyrr og síðar, viðskiptahalli með tilheyrandi erlendri skuldasöfnun er geigvænlegur og verðbólga á uppleið. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru við það að bresta. Geysihátt raungengi krónunnar skapar útflutnings- og samkeppnisgreinum mikla erfiðleika. Skilyrði til nýsköpunar í almennu atvinnulífi eru afar erfið við þessar aðstæður og áhugi innlendra fjárfesta beinist að útlöndum. Þrátt fyrir þetta heldur ríkisstjórnin óbreyttri siglingu hvað varðar áherslu á áframhaldandi og frekari uppbyggingu erlendrar stóriðju og hefur lögfest stórfelldar þensluhvetjandi skattalækkanir langt fram í tímann. Við þensluhvetjandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar bætist svo ástandið í fjármálaheiminum. Það einkennist af útlánaþenslu og miklu innstreymi erlends lánsfjár vegna mikils vaxtamunar, en hvort tveggja er að vextir hér eru háir og vextir í löndunum umhverfis okkur í lágmarki. Greiðari aðgangur að lánsfé á svo aftur sinn þátt í miklum hækkunum á fasteignamarkaði með tilheyrandi áhrifum á þróun verðlags eins og nánar verður vikið að síðar.

Nokkurn veginn sama er á hvaða mælikvarða er litið, þenslumerki sjást um allt þjóðfélagið. Hinu svokallaða góðæri er þó vissulega misskipt, bæði milli einstaklinga og landshluta. Þegar mikill og vaxandi viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun er höfð í huga má spyrja hvort frekar sé um að ræða veislu sem slegið er lán fyrir en raunverulega aukna verðmætasköpun á traustum grunni.

Verðbólga yfir þolmörkum.

Verðbólga mælist nú yfir viðmiðunarmörkum Seðlabankans, þ.e. meiri en 4%, hvern mánuðinn á fætur öðrum og verðbólguspár og verðbólguvæntingar eru á uppleið. Þetta gerist þrátt fyrir verulegar hækkanir bankans á stýrivöxtum og þrátt fyrir að hækkandi raungengi krónunnar að undanförnu ætti að skila sér í verulega lækkandi verðlagi innfluttrar vöru. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru miðaðar við að verðbólga fari ekki yfir viðmiðunarmörk Seðlabankans og því er ljóst að vaxandi verðbólga nú kann að reynast afdrifarík hvað varðar stöðugleika á vinnumarkaði.

Geigvænlegur viðskiptahalli.

Viðskiptahalli fer ört vaxandi og horfur eru vægast sagt ískyggilegar í þeim efnum. Viðskiptahallinn nam 8% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári eða rétt tæpum 70 milljörðum kr. Á föstu gengi er það jafn mikið og methallinn árið 2000, en viðskiptahallinn þá átti einmitt stærstan þátt í að krónan féll harkalega á árinu 2001. Viðskiptahallinn stefnir í a.m.k. 10–11% á yfirstandandi ári eða vel yfir 100 milljarða kr. og slær svo væntanlega öll met árið 2006, þegar stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi verða í hámarki, og gæti þá orðið um 14% af vergri landsframleiðslu, eða á milli 140 og 150 milljarðar kr. Ekki er þar með allt talið, því að samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sjálfs er gert ráð fyrir samfelldum hallarekstri þjóðarbúsins til ársins 2010 eða lengur. Ísland er í þessum efnum nokkuð sér á báti, t.d. í hópi Norðurlandanna, en spár OECD gera ráð fyrir afgangi af viðskiptum allra hinna ríkjanna á Norðurlöndum við útlönd á þessu ári. Í Danmörku er áætlað að afgangurinn verði 3,1%, í Finnlandi 4,9%, í Svíþjóð 6,4% og hvorki meira né minna en 16,3% í Noregi.

Helmingur viðskiptahallans er vegna vöruskipta. Útflutningur vöru og þjónustu var 19% meiri á árinu 2004 en árið áður en innflutningur jókst um 27% á föstu gengi. Rekja má um helming viðskiptahallans 2004 til halla á vöruskiptum, en ljóst er að þensla á fasteignamarkaði, stóriðjuframkvæmdir og einkaneysla ýttu undir verulega aukinn vöruinnflutning. Þjónustujöfnuður var neikvæður um rúma 14 milljarða kr. árið 2004 en hann var 8 milljarðar kr. 2003. Ljóst er að hátt gengi krónunnar á síðastliðnu ári skapaði hagstætt árferði til utanlandsferða á árinu sem var ein helsta ástæða aukins halla á þjónustujöfnuði.

Metár í bílainnflutningi í vændum.

Innflutningur bíla var gríðarmikill á seinasta ári og nam heildarverðmæti innfluttra bifreiða 17 milljörðum kr. Alls voru 16.500 ný ökutæki skráð á því ári. Aðeins einu sinni hefur innflutningsverðmæti bíla verið meiri eða skattlausa árið 1987 er rúmlega 18.600 nýjar bifreiðar voru fluttar inn. Allt stefnir í að innflutningur bifreiða verði enn meiri í ár en 2004, því að fluttir voru inn u.þ.b. 50% fleiri bílar í janúar og febrúar en á sama tíma í fyrra. Það gæti því farið svo að innflutningsmetið frá skattlausa árinu 1987 verði slegið í ár. Það er þó ekki einungis bílainnflutningur sem er mikill. Nú í mars hefur innflutningsverðmæti varanlegra neysluvara, svo sem sjónvarpa, ísskápa og annarra heimilistækja, aukist um 25% á síðastliðnum 12 mánuðum miðað við sama tíma 2003.

Erlendar skuldir vaxa hratt.

Þessar horfur eru ekki síst alvarlegar í ljósi mikilla og vaxandi erlendra skulda en Ísland er nú þegar í hópi þriggja skuldugustu aðildarríkja OECD ásamt Finnlandi og Nýja-Sjálandi. Á árinu 2001 urðu þau alvarlegu tímamót að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins fóru í fyrsta sinn upp fyrir verga landsframleiðslu. Hreinar erlendar skuldir hafa aukist síðan og það meir en sem nemur aukningu þjóðartekna. Þær eru nú nálægt 110% af vergri landsframleiðslu og það þrátt fyrir hátt raungengi krónunnar. Augljóst er hvernig þessi hlutföll koma til með að líta út ef gengi krónunnar fellur á skömmum tíma, t.d. um 20–30%. Þá er greiðslubyrðin af þessum erlendu skuldum að sjálfsögðu ákaflega næm fyrir vaxtabreytingum erlendis og þyngist um tugi milljarða króna fyrir hvert prósentustig í hærri vöxtum.

Hátt gengi að sliga útflutningsgreinarnar.

Gengi krónunnar hefur styrkst mikið að undanförnu. Raungengisstig er verulega hátt og hlýtur að teljast langt yfir jafnvægismörkum. Gengisvísitalan fór nú í annarri viku marsmánaðar 2005 niður fyrir 108 stig og Bandaríkjadalur kostaði þá innan við 59 krónur. Tekjutap

útflutningsgreina er tilfinnanlegt, einkum ef þær selja framleiðslu sína að öllu eða verulegu leyti í Bandaríkjadölum. Ljóst er að þeim mun lengur sem þetta ástand varir og útflutnings- og samkeppnisgreinar þurfa að búa við svo óhagstæð skilyrði, þeim mun meiri verða áhrifin. Búast má við vaxandi rekstrarerfiðleikum, uppsögnum starfsfólks og jafnvel að fyrirtæki í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og útflutnings- og samkeppnisiðnaði komist í þrot ef svo heldur lengi fram sem horfir. Þannig er tap sjávarútvegsins á einu ári vegna styrkingar krónunnar að undanförnu áætlað í kringum 25 milljarðar kr. Þá er talið að tekjur ferðaþjónustunnar á síðasta ári hafi rýrnað um 2 milljarða kr. af sömu ástæðum og horfur eru á því miðað við núverandi gengi að mörg fyrirtæki í þeim geira tapi miklu fé vegna þessa ástands á árinu 2005. Forsvarsmenn þessara atvinnugreina hafa sívaxandi áhyggjur af ástandinu og líður vart sá dagur að einhverjir þeirra komi ekki fram opinberlega til að lýsa áhyggjum sínum og gagnrýna andvaraleysi stjórnvalda.

Af sjálfu leiðir að skilyrði til nýsköpunar í almennu atvinnulífi eru óhagstæð við þessar aðstæður sem einkennast af óstöðugleika, verðbólgu, háum vöxtum í samanburði við nágrannalöndin og miklu samkeppnisforskoti innflutnings sökum hás raungengis krónunnar.

Methækkanir á eignaverði.

Ef vegið er saman fasteignaverð, verð hlutabréfa og skuldabréfa lætur nærri að það hafi hækkað um 4,1% að raunvirði í janúar síðastliðnum og er sú hækkun næstmesta einstaka mánaðarhækkunin sem mælst hefur. Síðastliðna 12 mánuði hefur eignaverð, mælt með sama hætti, hækkað um rúmlega 25% að raunvirði. Hraði eignaverðshækkana hefur verið frá 18% upp í 26% síðastliðið eitt og hálft ár. Eignaverðbólgan hefur skilað sér af auknum þunga inn í einkaneysluna gegnum aukin auðsáhrif og aukna skuldsetningu vegna aukins veðrýmis. Síðastliðinn níu ár hefur eignaverð á Íslandi hækkað um 14% að meðaltali á ári og um 10% að raunvirði.

Mikill vöxtur í byggingariðnaði.

Auk mikillar lántöku vegna vaxandi neyslu má rekja mikið af aukningunni til erlendra endurlána til íslenskra fyrirtækja, sérstaklega þó til eignarhaldsfélaga. Í öðru lagi hafa fasteignalán hjá bönkunum aukist mjög í kjölfar nýju íbúðalánanna og mikil umsvif byggingarverktaka kalla á aukið lánsfé til nýbygginga. Ekki hefur verið byggt annað eins af íbúðarhúsnæði síðan á áttunda og níunda áratugnum. Ofan á allt þetta bætast svo stórframkvæmdirnar fyrir austan og stækkun álversins á Grundartanga með tilheyrandi virkjunum.

Lítil aukning kaupmáttar.

Meðaltalskaupmáttaraukning var fremur lítil síðastliðið ár eða aðeins 2,1%. Aukin verðbólga rýrir kaupmátt, en hafa verður í huga að sú mikla verðbólga sem verið hefur að undanförnu stafar að miklu leyti af fasteignaverðshækkunum. Þannig hefur vísitala neysluverðs án húsnæðis einungis hækkað um 2,3% og því hefur kaupmáttur aukist um rúm 4% ef ekki er tekið tillit til húsnæðishækkana. Þrátt fyrir það er ljóst að vöxtur einkaneyslu er langt umfram kaupmáttaraukningu og því hlýtur t.d. stóraukinn innflutningur á neysluvörum að vera fjármagnaður með lántökum. Útlán bankakerfisins hafa vaxið um 248 milljarða kr. að raunvirði frá janúar 2004–2005, eða um 31%. Útlán á föstu verðlagi hafa verið í sleitulausum vexti allt frá ársbyrjun 2003 og aukist um 71% að raunvirði frá þessum tíma, eða um 400 milljarða kr. Líklega er því skemmst að bíða þess að raunvöxtur útlána nái svipuðum hæðum og metárið 2001, en þá jukust útlán um 35% að raunvirði á 12 mánaða tímabili.

Verðbólguskot handan við hornið.

Þeim mun lengur sem núverandi ástand varir, þeim mun líklegra er að það fái harkalegan endi með skyndilegu verðfalli krónunnar og verðbólguskoti, líkt og gerðist í lok síðustu efnahagsuppsveiflu. Ýmislegt bendir til að svo fari ef ekki fer að draga úr látlausum hækkunum á eignamörkuðum, stanslausri styrkingu krónunnar og tilheyrandi vexti í einkaneyslu og fjárfestingu. Fjárfestar virðast búast við verðbólguskoti á næstunni en verðbólguvæntingar þeirra hafa aukist mjög hratt að undanförnu. Verðbólguvæntingar hafa ekki verið meiri síðan um mitt ár 2000 en verðbólgan náði einmitt hámarki árið 2001. Miðað við núverandi verðbólguvæntingar má því segja að aðhald peningamálastefnunar sé lítið og þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi nýverið hækkað vexti um hálft prósent eru raunstýrivextir hans aðeins 3,5%.

Brýnt að grípa til aðgerða án tafar.

Flutningsmenn tillögu þessarar eru þess fullvissir að miklu skipti að stjórnvöld sýni við þessar aðstæður einbeittan vilja í verki til þess að skapa á nýjan leik stöðugleika í efnahagsmálum. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, sem fer með yfirstjórn efnahagsmála af hálfu ríkisstjórnarinnar, virðist hins vegar lifa samkvæmt reglunni „flýtur meðan ekki sekkur". Það sem ríkisstjórnin hefur aðhafst gengur yfirleitt þvert á alla skynsamlega viðleitni til að ná tökum á ástandinu. Þess verður ekki einu sinni vart að menn hafi svo mikið sem rænu á því að hafa áhyggjur á þeim bænum.

Koma þarf böndum á verðbólguna, ná niður viðskiptahalla og koma rekstri þjóðarbúsins út á við í jafnvægi. Útflutnings- og samkeppnisgreinar verða að búa við lífvænleg rekstrarskilyrði og nýsköpun í atvinnulífinu þarf að geta átt sér stað. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir, lið fyrir lið.

Um einstaka liði tillögunnar:

1. Yfirlýsing um stöðvun stóriðjuframkvæmda.

Enginn vafi er á því að stóriðjustefnan og þær stórframkvæmdir sem á grundvelli hennar eru í gangi eiga stóran þátt í þeirri þenslu sem nú ríkir. Þetta stafar annars vegar af hinum beinu efnislegu áhrifum þessara stórframkvæmda, umsvifum og innstreymi fjármagns þeim tengdum. Hins vegar af þeim væntingum sem þessar framkvæmdir hafa kynt undir og því mati markaðarins, einkum gjaldeyrismarkaðarins, að þær og áframhald þeirra sé ávísun á mikinn vaxtamun milli Íslands og annarra landa og hátt gengi krónunnar. Um þetta segir Seðlabankinn í greinargerð til ríkisstjórnarinnar um verðbólgu umfram þolmörk, frá 18. febrúar sl.: „Á næstu árum mun reyna mjög á hina nýju skipan peningamála. Framkvæmdir við virkjanir og álbræðslur, sem til samans slaga að umfangi upp í þriðjung landsframleiðslu eins árs, fela í sér meira umrót í þjóðarbúskapnum en nokkurt annað land sem hagar peningastefnunni með svipuðum hætti hefur þurft að glíma við."

Opinber yfirlýsing um að nú verði staldrað við, hagkerfinu leyft að jafna sig og jafnvægi skapað á nýjan leik í þjóðarbúskapnum mundi því strax hafa áhrif á þann þátt sem snýr að væntingum. Einnig skiptir máli fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar að þar á bæ fái menn vissu fyrir því að núverandi ástand verði tímabundið en ekki framlengt með nýjum og nýjum stórframkvæmdum. Slík stöðvun orkufrekra stóriðjuframkvæmda gæfi einnig færi á að marka stefnu sem byggðist á fjölbreyttari uppbyggingu iðnfyrirtækja af viðráðanlegri stærð og væri laus við stórfelld ruðningsáhrif í hagkerfinu. Þá ber loks að nefna að enn er ólokið gerð rammaáætlunar og veigamiklar forsendur skortir til að leggja grunn að sjálfbærum orkubúskap. Stöðvun stóriðjuframkvæmda mundi einnig skapa möguleika á breyttum áherslum í því

samhengi og ekki er vanþörf á. Við allt þetta bætist að þjóðhagslegur ávinningur þessara fjárfestinga í heild er í vaxandi mæli dreginn í efa.

2. Tilmæli til Fjármálaeftirlitsins.

Mikilvægt er að hugað sé vandlega að því að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu þegar hagkerfið gengur í gegnum tímabil óstöðugleika og spennu eins og nú. Hættumerkin sem fólgin eru í snöggum vexti útlána og mikilli hækkun eignaverðs langt umfram aukningu þjóðartekna eru sýnileg og vel þekkt. Ástandið hér nú minnir um margt á árin fyrir bankakreppuna annars staðar á Norðurlöndum í kringum 1990. Fjármálaeftirlitið hefur lykilhlutverki að gegna við að reyna að tryggja að óhjákvæmileg og jafnvel harkaleg aðlögun hagkerfisins í lok þenslutímabils af því tagi sem nú er skapi ekki hættu á umtalsverðri kreppu í fjármálakerfinu. Því er lagt til að stjórnvöld beini sérstökum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að yfirfara stöðuna og huga m.a. í því sambandi að eiginfjárlágmörkum fjármálastofnana og áhættugrunni útlána. Kanna þarf hvort ástæða geti verið til að gera a.m.k. tímabundið strangari kröfur í þeim efnum en nú eru gerðar. Í sjálfum tilmælunum og þeirri athugun sem á eftir fylgdi væru fólgin sjálfstæð skilaboð út á markaðinn burtséð frá því hvort síðan yrði gripið til aðgerða.

3. Tilmæli til Seðlabanka.

Fyrir um tveimur árum ákvað Seðlabankinn að lækka verulega bindiskyldu innlánsstofnana. Þar með jukust útlánamöguleikar bankanna, en ekki verður fram hjá því litið að stórfelld aukning útlána á sinn þátt í þeirri spennu sem hér hefur skapast. Þótt fyrir liggi að Seðlabankinn sé ekki hrifinn af þeirri hugmynd að beita bindiskyldunni sem stýritæki getur varla sakað að bankinn sé beðinn að fara yfir það hvort tímabundin aukning bindiskyldu, t.d. nokkrir punktar í áföngum, gæti við núverandi aðstæður hjálpað til við að ná tökum á ástandinu. Einnig er eðlilegt að stjórnvöld beini þeim tilmælum til Seðlabankans að bankinn hugi að öðrum mögulegum aðgerðum sem stutt geti viðleitni til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, enda ber bankanum að stuðla að framgangi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um bankann, svo lengi sem það gengur ekki gegn meginmarkmiðum um verðstöðugleika.

4. Leiguvísitala í stað fasteignaverðs.

Verulegur hluti verðlagshækkana að undanförnu á rót sína að rekja til mikilla hækkana á fasteignamarkaði. Þróun fasteignaverðs er lögð til grundvallar við útreikninga á vísitölu neysluverðs en á það hefur verið bent að slík viðmiðun sé gölluð. Snögg hækkun á fasteignaverði er auðvitað ekki innleyst yfir allan fasteignamarkaðinn tafarlaust, en eignaaukningin hefur hins vegar áhrif á mat fólks á eignastöðu sinni og eyðslugetu. Enn fremur er ekki víst að þættir sem koma ættu til lækkunar, t.d. veruleg lækkun vaxta, geri það eins og útreikningum er háttað nú. Í því tilviki mun vera stuðst við fimm ára meðaltöl. Ástæða er því til að ætla að hækkun húsnæðiskostnaðar nú sé ýkt upp og valdi því að verðbólga mælist meiri en ella. Víða annars staðar er stuðst við þróun húsaleigu í verðmælingum af þessu tagi en ekki fasteignaverð og er lagt til að breytingar í þá átt verði undirbúnar hér. Vísitala húsaleigu endurspeglar raunverulegan greiddan kostnað og þróun hans og er betri og stöðugri viðmiðun á þessu sviði til að ganga inn í vísitölu neysluverðs að mati flutningsmanna.

5. Skattalækkunum slegið á frest.

Loforð um stórfelldar skattalækkanir voru fyrirferðarmikil fyrir síðustu alþingiskosningar og segja má að allir flokkar sem fengu menn kjörna á þing hafi blandað sér í loforðakórinn nema Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Þá þegar var ljóst, í ljósi áforma um stórfelldar stóriðjuframkvæmdir, að efnahagslegar aðstæður yrðu væntanlega mjög óhagstæðar slíkum aðgerðum næstu þrjú til fjögur árin. Þessi veruleiki lá svo fyrir með enn afdráttarlausari hætti sl. haust og vetur þegar ríkisstjórnin knúði eigi að síður í gegn og lögfesti skattalækkunarpakka sinn, allt að þrjú ár fram í tímann. Í inngangi að síðasta ársfjórðungsriti Seðlabankans um peningamál á árinu 2004 segir: „Áform um skattalækkanir hafa nú verið staðfest í frumvarpi til fjárlaga. Lækkun skatta mun auka enn á ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Aðhald í útgjöldum hins opinbera er því brýnt. Áform þar um í fjárlögum eru nokkuð metnaðarfull. Í ljósi þeirra umsvifa sem framundan eru verður aðhaldið þó ekki fullnægjandi, jafnvel þótt áformin næðu fram að ganga."

Í meginumfjöllun Seðlabankans um versnandi verðbólguhorfur til næstu tveggja ára er aftur slegið á svipaða strengi og þar segir m.a.: „Frá því júníspáin var gerð hefur ýmislegt orðið til þess að kynda undir vexti eftirspurnar. Stóriðjuáformin hafa enn færst í aukana, á sama tíma og aðgangur almennings að lánsfé hefur orðið mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra húsnæðisveðlána til langs tíma lækkað. Einnig hefur verið boðað að áformum um lækkun skatta á næstu árum verði framfylgt, sem enn frekar munu auka ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu."

Í ljósi þeirra alvarlegu aðstæðna sem nú blasa við með vaxandi verðbólguhraða, versnandi afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina og jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum er hreint ábyrgðarleysi annað en að endurmeta þessi áform. Því er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að leggja næsta haust fyrir Alþingi tillögur um að falla frá, eða fresta eftir atvikum, a.m.k. hluta hinna fyrirhuguðu almennu skattalækkana sem ekki eru enn komnar til framkvæmda. Fyrir utan hin hagstjórnarlegu rök sem auðvitað mæla eindregið með því að bæta ekki þensluáhrifum af stórfelldum skattalækkkunum ofan á aðra þensluvalda, þá er útfærsla skattalækkunarpakkans mjög umdeild. Ekki verður farið nánar út í þá sálma hér en í fimmta tölulið tillögunnar er gert ráð fyrir því að svigrúm hjá ríkissjóði verði frekar notað til aðgerða sem fyrst og fremst miða að því að bæta hag tekjulægstu hópanna og barnafjölskyldna.

6. Endurnýjuð þjóðarsátt.

Loks er lagt til með sjötta tölulið tillögunnar að ríkisstjórninni verði gert að leita víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja og aldraðra, og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Slíkt víðtækt samráð er til þess fallið að undirstrika hve mikið er í húfi. Umbjóðendur samtaka launamanna, neytenda o.s.frv., þ.e. fólkið í landinu á, þegar öll kurl koma til grafar mest undir þessu, því að verðbólga og óstöðugleiki í efnahagsmálum bitnar að lokum á almenningi í formi lakari lífskjara, ótryggari atvinnu, þyngri skuldabyrði og þar fram eftir götunum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram þolmörk frá Seðlabanka Íslands. (18. febrúar 2005.)

II. Ofurgengi á krónunni – áhyggjur hjá útflutningsgreinum og seðlabankastjóri segir að búast megi við háu gengi næstu tvö árin. Hörður Kristjánsson. (Viðskiptablaðið, 8. desember 2004.)
III. Sterk króna hefur vegið gífurlega að mörgum fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum og eru mörg fyrirtæki rekin með tapi. Kallar á fleiri gjaldþrot hjá útflutningsfyrirtækjum. Gústaf Steingrímsson. (Viðskiptablaðið, 9. febrúar 2005.)
IV. Óbreytt gengi kostar sjávarútveginn á þriðja tug milljarða. Viðtal við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra LÍÚ. Ólafur Teitur Guðnason. (Viðskiptablaðið, 4. mars 2005.)
V. Efnahagsfregnir – febrúar 2005. KB-banki.
VI. Gengi krónunnar – markaðsyfirlit. Helstu niðurstöður. Greining Íslandsbanka. (Febrúar 2005.)
VII. Spáum 0,2% hækkun vísitölu neysluverðs í apríl. Landsbankinn. (Vegvísir – greining og markaðir, 14. mars 2005.)

1015. Frumvarp til laga [667. mál]

um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir þar sem bæði tryggingarveitandi og tryggingarhafi eru einhverjir eftirtalinna aðila:

1. Opinber stjórnvöld, þ.m.t. stjórnvöld sem eru ábyrg fyrir eða taka þátt í umsjón með opinberri skuldbindingu eða færa reikninga fyrir viðskiptamenn, að undanskildum fyrirtækjum með ríkisábyrgð sem ekki falla undir 2.–6. tölul.
2. Seðlabankar, Seðlabanki Evrópu, Alþjóðagreiðslubankinn, Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Þróunarbanki Ameríkuríkja, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Afríku, Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Fjárfestingarbanki Evrópu.
3. Eftirfarandi starfsleyfisskyldar stofnanir sem háðar eru opinberu eftirliti:
   a. fjármálafyrirtæki, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki,
   b. vátryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi,
   c. verðbréfasjóðir, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
   d. lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnanir, vátryggingafélög, líftryggingafélög, fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og rekstrarfélög verðbréfasjóða sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Milligönguaðili, uppgjörsaðili og greiðslujöfnunarstöð, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1999, um

öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, sambærilegar stofnanir sem starfa samkvæmt landslögum í tengslum við markaði með staðlaða framvirka samninga, valrétti og afleiður, og sambærilegar erlendar stofnanir sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
5. Lögaðili sem starfar við eignaumsýslu eða í umboði annars eða annarra, þ.m.t. kröfuhafa eða stofnana skv. 1.–5. tölul.
6. Lögaðili, sem ekki fellur undir 1.–5. tölul., ef gagnaðili samningsins er stofnun eða lögaðili sem fellur undir 1.–5. tölul.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Fjármálagerningur:* Verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl og framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, að undanskildum eigin hlutabréfum tryggingarveitanda, hlutabréfum hans í móðurfélagi eða dótturfélagi og óskráðum hlutabréfum hans í félögum sem eingöngu er ætlað að eiga fasteignir.
2. *Fjárskuldbindingar:* Skuldbindingar sem tilgreint er í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun að beri að efna að viðlögðum vanefndaúrræðum sem felast í rétti til að ganga að fjárhagslegri tryggingu.
3. *Reiðufé:* Innstæða á reikningi hjá lánastofnun eða seðlabanka og sambærilegar kröfur um endurgreiðslu peninga í hvaða gjaldmiðli sem er, þ.m.t. peningamarkaðsinnstæða, sem heimilt er að setja sem fjárhagslega tryggingu.
4. *Sambærileg trygging:* Ef fjárhagslega tryggingin er reiðufé er með sambærilegri tryggingu átt við greiðslu sömu fjárhæðar í sama gjaldmiðli. Ef fjárhagslega tryggingin er fjármálagerningur er með sambærilegri tryggingu átt við fjármálagerninga af sömu útgáfu eða flokki að sama nafnverði, í sama gjaldmiðli og að öðru leyti sama eðlis og tryggingin, eða aðrar eignir ef samningurinn veitir rétt til að leggja þær fram vegna atburðar sem hefur áhrif á fjármálagerningana sem veðsettir voru.
5. *Samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun:* Samningur tryggingarveitanda og tryggingarhafa sem tilgreindir eru í 1. gr. um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða samningur þessara aðila um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu.
6. *Samningur um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu:* Samningur, þ.m.t. endurkaupasamningur, um að eigandi fjárhagslegrar tryggingar framselji öll eignarréttindi sín yfir tryggingunni til framsalshafa til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum.
7. *Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu:* Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu þar sem veðþoli veitir veðhafa veðréttindi til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum án þess að framselja hinn beina eignarrétt yfir tryggingunni.
8. *Skuldajöfnuður til uppgjörs:* Lokauppgjör fjárskuldbindinga sem kveðið er á um í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og felst í því að við nánar tilgreindan atburð, t.d. vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamning eða gjaldþrotaskipti, eru skuldbindingar aðilanna gjaldfelldar, metnar til peningalegs verðs með umsömdum hætti og breytt í peningakröfur, sem síðan eru jafnaðar þannig að eftir standi ein peningakrafa, sem skuldari kröfunnar gerir upp gagnvart kröfuhafanum.
9. *Staðgöngutrygging:* Fjárhagsleg trygging sem skipt er út í stað upphaflegrar tryggingar

samkvæmt ákvæðum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og felur í sér aðra jafngilda tryggingu.
10. *Tryggingarhafi:* Sá sem öðlast full eignarréttindi yfir eða veðréttindi í fjárhagslegri tryggingu.
11. *Tryggingarveitandi:* Sá sem framselur eða veðsetur fjárhagslega tryggingu.
12. *Viðbótartrygging:* Fjárhagsleg trygging sem látin er í té samkvæmt ákvæðum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun til samræmis við breytingar á verðgildi upphaflegrar tryggingar eða á fjárhæð tryggðra skuldbindinga.

3. gr.

Eðli fjárhagslegra tryggingarráðstafana.

Heimilt er að gera samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun samkvæmt lögum þessum í formi framsals eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða í formi veðsetningar á fjárhagslegri tryggingu til tryggingar efndum á fjárhagslegum skuldbindingum sem tilgreindar eru í samningnum.

Andlag fjárhagslegrar tryggingar skv. 1. mgr. getur verið reiðufé eða fjármálagerningur.

4. gr.

Sönnun um tilvist skuldbindinga og réttinda.

Samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal gerður skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti.

Í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal tilgreina til hvaða skuldbindinga og fjárhagslegra trygginga samningurinn nær.

Tryggingarráðstöfun telst hafa stofnast þegar tryggingarréttindin hafa öðlast réttarvernd.

5. gr.

Notkunarréttur á veðsettri fjárhagslegri tryggingu.

Í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu er heimilt að kveða á um að tryggingarhafinn skuli hafa rétt til að nota trygginguna. Slíkur samningur getur veitt rétt til láns, veðsetningar, sölu eða annarrar umsaminnar notkunar á tryggingunni.

Nú nýtir tryggingarhafinn notkunarréttinn og er honum þá skylt að framselja tryggingarveitandanum sambærilega fjárhagslega tryggingu í stað upphaflegu tryggingarinnar eigi síðar en á gjalddaga þeirra skuldbindinga tryggingarhafa sem tryggðar eru. Telst sú trygging þá falla undir upphaflegan samning um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu og skulu réttindi tryggingarhafa samkvæmt samningnum færast af upphaflegu tryggingunni yfir á nýju trygginguna og réttaráhrif framsalsins miðast við að nýja tryggingin hafi verið látin í té á sama tíma og upphaflega tryggingin var sett.

Í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu er heimilt að kveða á um að skyldunni til að framselja sambærilega tryggingu skv. 2. mgr. verði fullnægt með því að jafna og gera upp verðmæti tryggingarinnar á móti fjárhæð þeirra fjárskuldbindinga sem tryggðar eru með samningnum.

6. gr.

Sérákvæði um áhrif gjaldþrotaskipta o.fl.

Samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og fjárhagslegri tryggingu sem látin er í té fyrir upphaf greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta verður ekki rift eingöngu vegna þess að samningurinn var gerður eða tryggingin látin í té á þessum tíma.

Samningur sem gerður er um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eða fjárhagsleg trygging sem látin er í té sama dag en eftir að kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti heldur gildi sínu án tillits til úrskurðarins hafi tryggingarhafi hvorki vitað né mátt vita um uppkvaðningu hans.

Fjárhagslegum tryggingum, viðbótartryggingum og staðgöngutryggingum verður ekki hnekkt eingöngu vegna þess að:

1. þær hafi verið látnar í té sama dag en áður en kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti,
2. viðkomandi fjárskuldbindingar hafi stofnast áður en tryggingin, viðbótartryggingin eða staðgöngutryggingin var látin í té.

7. gr.

Skuldajöfnuður til uppgjörs.

Ákvæði um heimild til skuldajafnaðar til uppgjörs í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun heldur gildi sínu þrátt fyrir uppkvaðningu úrskurðar um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti, enda hafi samningurinn verið gerður fyrir uppkvaðningu úrskurðarins. Hið sama gildir um framsal eða stofnun takmarkaðra eignarréttinda í þeim skuldbindingum sem skuldajafnaðarréttur nær til samkvæmt samningi aðila.

8. gr.

Fullnustuaðferðir.

Í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun geta aðilar samið um hvernig ganga skuli að tryggingunni til fullnustu vanefndra fjárskuldbindinga. Fullnustan getur m.a. farið fram með þeim hætti að:

1. verðgildi reiðufjár sé jafnað á móti fjárskuldbindingunum og gert upp,
2. fjármálagerningar séu seldir,
3. tryggingarhafi taki fjármálagerninga til eignar, enda sé samið um aðferð við verðmat á fjármálagerningunum í samningnum.

Aðilar geta samið um að tryggingarhafa sé heimilt að ganga að tryggingunni til fullnustu vanefndra fjárskuldbindinga án sérstaks fyrirvara, án atbeina yfirvalda og án þess að fylgt sé formlegri málsmeðferð.

9. gr.

Góðir viðskiptahættir.

Ákvæði í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun er varðar verðmat fjárhagslegrar tryggingar, verðmat fjárskuldbindinga og fullnustu fjárskuldbindinga má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera ákvæðið fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

10. gr.

Sérregla um lagaskil.

Nú felur samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun í sér veðsetningu á fjármálagerningi sem skráð er rafrænni eignarskráningu og fer þá um slíka veðsetningu eftir lögum þess ríkis þar sem viðkomandi veðsetning er skráð á reikningi, að því er varðar lagalegt eðli

og réttaráhrif veðsetningarinnar, stofnun veðréttindanna og skráningu þeirra, réttarvernd gagnvart þriðja aðila, rétthæð skráðra réttinda og framkvæmd fullnustu.

11. gr.
Reglugerð.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari útfærslu laga þessara.

12. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004 um að breyta XII. viðauka við EES-samninginn, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

13. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 9. júlí 2004 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun nr. 106/2004 um að breyta XII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (hér eftir nefnd tilskipunin). Ákvörðunin var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Skv. 103. gr. EES-samningsins hefur Ísland sex mánuði, frá framangreindri ákvörðun, til að tilkynna um afléttingu hins stjórnskipulega fyrirvara. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir Íslands hönd. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga að innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

Hinn 18. febrúar 2003 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að gera tillögu um nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Í nefndina voru skipuð Ragna Árnadóttir frá dómsmálaráðuneyti, formaður, Hallgrímur Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands, Hrafnkell Óskarsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Tómas Sigurðsson f.h. samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Meginmarkmið frumvarpsins er að taka upp í innlendan rétt ákvæði framangreindrar tilskipunar. Við samningu frumvarpsins var leitast við að fylgja með nákvæmum hætti ákvæðum tilskipunarinnar og innleiða þau í samræmi við gildandi rétt hér á landi. Jafnframt var höfð hliðsjón af ákvæðum danskra og norskra laga á þessu sviði.

II. Tilgangur og meginefni tilskipunarinnar.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (Stjtíð. EB L 168, 27.06.2002, bls. 43) er liður í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna frá 11. maí 1999 um þróun fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða innan Evrópusambandsins. Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins og efla þannig frelsi í þjónustu og fjármagnsflutningum á sameiginlega markaðnum fyrir fjármálaþjónustu. Tilskipuninni er jafnframt ætlað að greiða fyrir framkvæmd sameiginlegrar pen-

ingamálastefnu innan ramma efnahags- og myntbandalagsins með því að stuðla að skilvirkni í starfsemi evrópska seðlabankakerfisins yfir landamæri og auknum sveigjanleika í lausafjárstýringu á peningamarkaði.

Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur í bandalagsrétti um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (e. financial collateral arrangements). Slíkar ráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu eða framsal verðbréfa eða reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Gert er ráð fyrir að aðilar að slíkum samningum séu einkum stofnanir á fjármálamarkaði.

Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum fyrir skilvirkri nýtingu fjárhagslegra tryggingarráðstafana á opnum og sameiginlegum fjármálamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkar hindranir felast einkum í óþarflega íþyngjandi kröfum í landsrétti aðildarríkjanna um form, efni og fullnustu slíkra samninga og í ósamræmi í landsrétti einstakra ríkja á þessu sviði.

Aðild að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sem falla undir tilskipunina er bundin við tilteknar stofnanir á fjármálamarkaði, þ.m.t. opinbera lánasjóði, alþjóðlega fjárfestingar- og þróunarbanka, seðlabanka, fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög, verðbréfasjóði, milligönguaðila, uppgjörsaðila og greiðslujöfnunarstöðvar. Dæmi um viðskipti þessara stofnana sem fela í sér fjárhagslegar tryggingarráðstafanir eru lánveitingar seðlabanka til fjármálafyrirtækja sem tryggðar eru með veðréttindum, endurhverf verðbréfakaup gagnvart seðlabanka og uppgjörstryggingar fjármálafyrirtækja í greiðslu- og uppgjörskerfum. Auk framangreindra stofnana geta aðrir lögaðilar, t.d. hlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög, orðið aðilar að slíkum samningum ef gagnaðilinn er stofnun sem talin er upp hér að framan. Aðildarríkin geta þó í löggjöf sinni takmarkað aðildarhæfið við framangreindar stofnanir.

Mismunandi kröfur einstakra ríkja um form samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir eru taldar hafa staðið í vegi fyrir skilvirkri nýtingu slíkra ráðstafana milli landa og þannig hindrað samþættingu fjármagnsmarkaða innan ESB. Í stað þess að kveða á um samræmingu formkrafna var farin sú leið í tilskipuninni að draga úr slíkum kröfum og treysta þannig gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gildi slíkra samninga. Í 3. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum þannig meinað að gera sérstakar formkröfur um m.a. stofnun, gildi og fullnustu slíkra samninga. Þó er heimilt að krefjast þess að samningar skuli gerðir skriflega eða með öðrum löglegum hætti, t.d. með rafrænum hætti.

Þótt þessi takmörkun á heimildum aðildarríkjanna greiði fyrir því að aðilar nýti fjárhagslegar tryggingarráðstafanir milli landa kann hún að auka nokkuð á vanda við túlkun og efndir slíkra samninga. Mikilvægt er því að vandað sé til samningsgerðar af hálfu samningsaðila. Í því sambandi er vert að hafa í huga að aðilum er að sjálfsögðu almennt heimilt að kveða á um sérstakar form- og efniskröfur í samningi umfram það sem leiðir af reglum í landsrétti sem innleiða ákvæði tilskipunarinnar.

Tilskipunin veitir aðilum að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir heimild til víðtæks samningsfrelsis um aðferðir við fullnustu samningsskuldbindinga, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar. Þessar aðferðir geta falist í sölu fjármálagerninga, t.d. verðbréfa, afleiða, hlutdeildarskírteina, peningamarkaðsskjala og framseljanlegra veðréttinda í fasteignum og lausafé, töku þeirra til eignar (e. appropriation) á grundvelli umsamins verðmats, og jöfnun verðmætis þeirra á móti fjárhagslegri skuldbindingu. Aðildarríkjunum er gert að veita slíkum fullnustuaðferðum réttarvernd ef um þær hefur verið samið milli aðila. Ríkin geta ekki sett það skilyrði fyrir fullnustu að gefin hafi verið út áskorun eða tilkynning um væntanlega fullnustu, að hún skuli fara fram með tilteknum hætti eða að fullnustuaðferðin hafi verið staðfest með úrskurði. Þá er aðildarríkjunum gert að viðurkenna efndir samninga um fjárhagslegar

tryggingarráðstafanir í samræmi við ákvæði þeirra þótt kveðinn hafi verið upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila.

Þessi ákvæði tilskipunarinnar koma þó ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti almennum skilyrðum í landsrétti um sanngirni í viðskiptum og góða viðskiptahætti að því er varðar fullnustuna, þ.m.t. verðmat tryggingarinnar og útreikning fjárskuldbindingarinnar.

Aðildarríkjunum er gert að viðurkenna rétt tryggingarhafa til að nýta veðsetta fjárhagslega tryggingu ef aðilar samningsins hafa á annað borð samið um slíkan rétt, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar. Sem dæmi um slíka nýtingu má nefna að lánveitandi selji veðsett verðbréf eða veðsetji þau til tryggingar annarri kröfu. Við slíka nýtingu ber honum að útvega önnur sambærileg verðbréf sem standi með sama hætti til tryggingar upphaflegu kröfunni í síðasta lagi á gjalddaga hennar. Hægt er að semja um að tryggingarhafinn jafni verðmæti þeirra verðbréfa sem hann hefur nýtt á móti fjárskuldbindingunni í stað þess að útvega ný bréf.

Samningar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir kveða á um tryggingu á efndum fjárhagslegra skuldbindinga. Tryggingin getur í fyrsta lagi falist í veðsetningu verðbréfa (eða annarra hæfra eigna), þ.e. framsali óbeinna eignarréttinda í formi veðréttinda (e. security financial collateral arrangement, d. aftale om finansiel sikkerhedsstillelse i form af pantsætning). Í öðru lagi getur tryggingin falist í framsali beins eignarréttar að verðbréfi (e. title transfer financial collateral arrangement, d. aftale om finansiel sikkerhedsstillelse i form af overdragelse af ejendomsret). Þekktasta form síðarnefndu tryggingarinnar eru endurhverf verðbréfakaup (e. repurchase agreement). Slíkir samningar fela í sér að samið er um framsal beins eignarréttar að tilteknum verðbréfum gegn greiðslu reiðufjár að tilgreindri fjárhæð og jafnframt að framsalshafi framselji móttakanda greiðslunnar beina eignarréttinn að bréfunum til baka eftir ákveðinn tíma gegn greiðslu tiltekinnar fjárhæðar í reiðufé. Orðið endurhverfur vísar þannig til þess að í kaupsamningi er kveðið á um að tiltekin kaup á verðbréfum skuli snúast við (hverfast), þ.e. að upphaflegur seljandi kaupi bréfin aftur af upphaflegum kaupanda þegar tiltekin skilyrði hafa verið uppfyllt. Endurhverf verðbréfakaup fela þannig í sér bæði núviðskipti (e. spot transaction) og framvirk viðskipti (e. forward transaction).

Tilskipunin kveður á um að réttarreglur um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir skuli gilda um bæði tryggingarformin, þ.e. bæði veðsetningu og framsal beins eignarréttar, sbr. 6. gr. Með því að veita samningum um endurhverf verðbréfakaup sömu réttarvernd að þessu leyti er dregið úr óvissu um efndir og fullnustu slíkra samninga við vanefnd og þar með greitt fyrir notkun þeirra. Hér er því um mikilvægt ákvæði að ræða fyrir þær stofnanir sem eiga í slíkum viðskiptum.

Hægt er að auðvelda uppgjör skuldbindinga aðila samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun með því að semja um skuldajöfnuð til uppgjörs (e. close-out netting). Þá er samið um að við tiltekinn atburð verði innbyrðis skuldbindingar aðila gjaldfelldar og breytt í peningakröfu með tilgreindum hætti og þær síðan gerðar upp með skuldajöfnuði. Ákvæði um heimild til skuldajafnaðar til uppgjörs getur verið í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, í sérstökum samningi eða í opinberum reglum. Í 7. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum gert að veita ákvæðum um heimild til skuldajafnaðar til uppgjörs réttarvernd. Réttarverndin nær til efnda ákvæðanna þótt kveðinn hafi verið upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila.

Ólíkar reglur í gjaldþrotarétti aðildarríkjanna hafa löngum falið í sér nokkra réttaróvissu að því er varðar samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, einkum milli samningsaðila frá mismunandi ríkjum, og torveldað þróun nýrra leiða við nýtingu og fullnustu slíkra ráðstafana. Í því skyni að greiða fyrir notkun fjárhagslegra tryggingarráðstafana, auka fram-

boð lauss fjár í fjármálakerfinu og takmarka kerfisáhættu kveður tilskipunin á um að aðildarríkin setji tilteknar sérreglur í gjaldþrotarétti er varða samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir og heimili samningsaðilum að beita tilgreindum aðferðum við fullnustu þeirra.

Í 8. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum gert að veita samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sérstaka réttarvernd í gjaldþrotarétti. Sérreglan kveður á um þær aðstæður þegar gerður er samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, eða trygging samkvæmt slíkum samningi er látin í té, sama dag og kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila. Hafi ráðstöfunin verið gerð áður en úrskurðurinn var kveðinn upp skal hún halda gildi sínu og vera bindandi gagnvart þriðja manni. Hafi hún hins vegar verið gerð eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp skal hún halda gildi sínu og vera bindandi gagnvart þriðja manni hafi tryggingarhafi hvorki vitað né mátt vita um uppkvaðningu úrskurðarins.

Hafi aðilar samið um útskipti trygginga með staðgöngutryggingu (e. substitution/replacement collateral) eða framlag viðbótartrygginga (e. additional/top-up collateral) til samræmis við breytingar á verðgildi upphaflegrar tryggingar eða fjárhæð tryggðra krafna skulu slík ákvæði halda gildi sínu þótt um þau hafi verið samið sama dag – en áður en – kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila. Þá halda slík ákvæði gildi sínu þótt ráðstöfunin hafi verið gerð til tryggingar kröfu sem áður hafði verið stofnað til.

Þegar aðilar í mismunandi ríkjum hafa samið um veðsetningu verðbréfa til tryggingar kröfu og veðsali afhent veðhafa hin veðsettu verðbréf hafa gilt um slíkan samning lög þess ríkis þar sem hin veðsettu verðbréf eru staðsett. Hér er um að ræða svonefnda lex rei sitae reglu í veðrétti, þ.e. miðað er við staðsetningu verðbréfanna. Þegar um er að ræða rafbréf, þ.e. rafrænt eignarskráð verðbréf, hefur slíkri veðsetningu hins vegar fylgt nokkur óvissa um hvaða lög skuli gilda um samninginn. Í tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf kemur fram að um rafbréf sem veðsett eru vegna uppgjörstryggingar skuli gilda lög þess ríkis þar sem viðkomandi skrá, reikningur eða miðlægt vörslukerfi er staðsett. Í 9. gr. tilskipunar 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir er þessi meginregla látin ná til þess þegar aðilar í mismunandi ríkjum semja um veðsetningu rafbréfa í tryggingarskyni samkvæmt tilskipuninni, þ.e. til samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gildissvið laganna afmarkað. Lagt er til að lögin gildi um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nánar tiltekið samninga tryggingarveitanda og tryggingarhafa um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða samninga þessara aðila um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu.

Lagt er til að einungis þær stofnanir og lögaðilar sem tilgreindir eru í 1. gr. geti orðið aðilar að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Báðir aðilar samningssambandsins þurfa að falla undir einhvern þeirra flokka sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Upptalningin á aðilum sem uppfylla hæfisskilyrði fyrir aðild að slíkum samningum byggist á 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. tölul. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki (þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða), vátryggingafélög, líftryggingafélög og verðbréfasjóðir geti orðið aðilar að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Vísað er til skilgreininga í íslenskum lögum á þessum

stofnunum. Í samræmi við tilskipunina er jafnframt gert ráð fyrir því að sambærilegar erlendar starfsleyfisskyldar stofnanir geti orðið aðilar að slíkum samningum. Samkvæmt tilskipuninni hvílir sú skylda á EES-ríkjum að kveða í landsrétti á um hæfi starfsleyfis- og eftirlitsskyldra lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja, fjármálastofnana, vátryggingafélaga, líftryggingafélaga, fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, eins og þessi hugtök eru skilgreind í þar tilgreindum tilskipunum, til að verða aðilar að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í d-lið 3. tölul. er því lagt til að slíkar stofnanir, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, falli undir upptalningu í lögunum á þeim starfsleyfisskyldu stofnunum sem geta orðið aðilar að slíkum samningum. Í samræmi við tilskipunina er hér átti við eftirtaldar stofnanir:

a. lánastofnun (e. credit institution), eins og það hugtak er skilgreint í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB ásamt stofnunum sem tilgreindar eru í 3. mgr. 2. gr. sömu tilskipunar,
b. fjárfestingarfyrirtæki (e. investment firm), eins og það hugtak er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
c. fjármálastofnun (e. financial institution), eins og það hugtak er skilgreint í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB,
d. vátryggingafélag (e. insurance undertaking), eins og það hugtak er skilgreint í a-lið 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE, og líftryggingafélag (e. life insurance undertaking), eins og það hugtak er skilgreint í a-lið 1. gr. tilskipunar 92/96/EBE,
e. fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (e. undertaking for collective investment in transferable securities – UCITS), eins og það hugtak er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE,
f. rekstrarfélag verðbréfasjóða (e. management company), eins og það hugtak er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. a tilskipunar 85/611/EBE, sbr. 1. gr. tilskipunar 2001/107/EB.

Í 4. tölul. er kveðið á um að milligönguaðili, uppgjörsaðili og greiðslujöfnunarstöð, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, geti orðið aðilar að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Litið er svo á að verðbréfamiðstöð, sbr. lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sem annast uppgjör verðbréfa að hluta eða öllu leyti falli undir hugtakið uppgjörsaðili og geti því orðið aðili að samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun. Í samræmi við tilskipunina er jafnframt lagt til að lögin nái til sambærilegra stofnana í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt tilskipuninni hvílir sú skylda á EES-ríkjum að kveða í landsrétti á um hæfi milligönguaðila (e. central counterparties), uppgjörsaðila (e. settlement agents) og greiðslujöfnunarstöðva (e. clearing houses), eins og þessi hugtök eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, til að verða aðilar að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í 4. tölul. er því lagt að slíkar stofnanir, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, falli undir upptalningu laganna á þeim starfsleyfisskyldu stofnunum sem geta orðið aðilar að slíkum samningum.

Í 6. tölul. er kveðið á um að lögaðili, sem ekki fellur undir 1.–5. tölul., geti orðið aðili að samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun ef gagnaðili samningsins er stofnun eða lögaðili sem fellur undir 1.–5. tölul. Þetta ákvæði útvíkkar gildissvið laganna verulega þar sem gert er ráð fyrir að t.d. fjármálafyrirtæki verði heimilt að gera samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun við lögaðila sem hluta af almennri fjármálaþjónustu. Því er ekki gert ráð fyrir að nýtt verði heimild 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar til að takmarka aðild að samningum við stofnanir skv. 1.–5. tölul., þ.e. við samninga sem fremur varða fjármögnun eða ábyrgðir milli stofnana á fjármálamarkaði.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram skilgreiningar á helstu hugtökum. Skilgreiningarnar eru í samræmi við skilgreiningar í tilskipuninni. Flest hugtakanna eru skilgreind í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Hugtakið fjármálagerningur (e. financial instrument) er skilgreint í samræmi við e-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Þó er nýtt heimild b-liðar 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar til að undanskilja eigin hlutabréf tryggingarveitanda, hlutabréf hans í móðurfélagi eða dótturfélagi og óskráð hlutabréf hans í félögum sem eingöngu er ætlað að eiga fasteignir. Ef samið er fjárhagslega tryggingu í formi slíkra hlutabréfa er hætt við að hugsanlegir fjárhags- eða greiðsluerfiðleikar tryggingarveitanda valdi því að virði tryggingarinnar lækki með þeim afleiðingum að hluti skuldbindinganna standi eftir ótryggðar. Að vísu kann að hafa verið samið um að tryggingarveitandi skuli þá leggja fram viðbótartryggingu. Það kann hins vegar að reynast honum erfitt í ljósi fjárhags- eða greiðslustöðu hans. Trygging í formi slíkra hlutabréfa kann þannig að auka hættuna á að kröfuhafi fái ekki kröfu sína greidda að fullu. Mikilvægt er að virði tryggingarinnar sé óháð vanefndalíkum, þ.e. fjárhags- eða greiðslustöðu tryggingarveitanda. Við þetta má svo bæta að viðbótartryggingum er fyrst og fremst ætlað að bregðast við almennri markaðsþróun á virði verðbréfa, ekki við fjárhags- eða greiðslustöðu tryggingarveitanda. Að því er varðar félög sem eingöngu er ætlað að eiga fasteignir er miðað við óskráð hlutabréf, þ.e. hlutabréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Fjármálagerningur getur verið hvort sem er bréflegur eða rafrænn.

Hugtakið fjárskuldbindingar (e. financial obligations) eru þær skuldbindingar sem tilgreint er í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun að beri að efna að viðlögðum vanefndaúrræðum sem felast í rétti til að ganga að fjárhagslegri tryggingu, þ.e. rétti til greiðslu reiðufjár, afhendingar fjármálagerninga eða annarrar fullnustu.

Reiðufé (e. cash) er innstæða á reikningi hjá lánastofnun eða seðlabanka og sambærilegar kröfur um endurgreiðslu peninga í hvaða gjaldmiðli sem er, þ.m.t. peningamarkaðsinnstæða, sem heimilt er að setja sem fjárhagslega tryggingu.

Hugtakið sambærileg trygging (e. equivalent collateral) er skilgreint annars vegar miðað við að tryggingin sé reiðufé og hins vegar miðað við að tryggingin sé fjármálagerningur. Ef fjárhagslega tryggingin er reiðufé er með sambærilegri tryggingu átt við greiðslu sömu fjárhæðar í sama gjaldmiðli. Ef fjárhagslega tryggingin er fjármálagerningur er með sambærilegri tryggingu átt við fjármálagerninga af sömu útgáfu eða flokki að sama nafnverði, í sama gjaldmiðli og að öðru leyti sama eðlis og tryggingin, eða aðrar eignir ef samningurinn veitir rétt til að leggja þær fram vegna atburðar sem hefur áhrif á fjármálagerningana sem veðsettir voru. Í 5. gr. lagatexta frumvarpsins er kveðið á um efnisreglur er varða sambærilega tryggingu.

Samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun (e. financial collateral arrangement) nær yfir samninga milli aðila sem uppfylla hæfisskilyrði skv. 1. gr. annaðhvort um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu. Samningurinn getur byggst á rammasamningi (e. master agreement) eða verið hluti af víðtækara samkomulagi eða lögskiptum aðilanna. Þá getur hugtakið verið bundið við tiltekin ákvæði í víðtækari samningi um viðskipti aðila, þ.e. eingöngu við þau ákvæði er varða tryggingarráðstöfun.

Samningur um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu (e. title transfer financial collateral arrangement) merkir samning um að eigandi fjárhagslegrar tryggingar framselji öll eignarréttindi sín (þ.e. hinn beina eignarrétt) yfir tryggingunni til framsalshafa

til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum. Ein algeng tegund slíkra samninga er endurkaupasamningur (e. repurchase agreement).

Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu (e. security financial collateral arrangement) er samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu þar sem veðþoli veitir veðhafa veðréttindi til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum án þess að framselja hinn beina eignarrétt yfir tryggingunni.

Skuldajöfnuður til uppgjörs (e. close-out netting) felur í sér lokauppgjör fjárskuldbindinga. Skilyrði er að kveðið sé á um heimild til skuldajafnaðar í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun. Uppgjörið fer þannig fram að þegar atburður gerist sem tilgreindur er í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, t.d. vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamningur eða gjaldþrotaskipti, eru skuldbindingar aðilanna gjaldfelldar. Þær eru síðan metnar til peningalegs verðs með þeim hætti sem kveðið er á um í samningnum og breytt í peningakröfur. Kröfurnar sem aðilarnir hafa hvor gagnvart öðrum eru síðan jafnaðar (nettaðar) þannig að eftir stendur ein peningakrafa. Skuldari þeirrar kröfu gerir hana síðan upp gagnvart kröfuhafanum. Þar með hefur lokauppgjör farið fram.

Staðgöngutrygging (e. replacement/substitution collateral) er fjárhagsleg trygging sem látin er í stað upphaflegrar tryggingar í samræmi við ákvæði samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og felur í sér aðra jafngilda tryggingu.

Tryggingarhafi (e. collateral taker) er sá sem öðlast full eignarréttindi yfir fjárhagslegri tryggingu eða veðréttindi í slíkri tryggingu.

Tryggingarveitandi (e. collateral provider) er sá sem framselur eða veðsetur fjárhagslega tryggingu.

Viðbótartrygging (e. additional/top-up collateral) er fjárhagsleg trygging sem látin er í té samkvæmt ákvæðum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun til samræmis við breytingar á verðgildi upphaflegrar tryggingar eða á fjárhæð tryggðra skuldbindinga.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um eðli fjárhagslegra tryggingarráðstafana. Efni ákvæðisins er í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun í 2. gr. Vegna þess hversu mikilvægt þetta atriði er við afmörkun á eðli samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um þetta atriði í 3. gr. Eðli ráðstafananna getur verið tvenns konar, þ.e. annars vegar framsal allra eignarréttinda (þ.e. hins beina eignarréttar) yfir fjárhagslegri tryggingu og hins vegar veðsetning á fjárhagslegri tryggingu. Framsal eignarréttinda og veðsetning eru nánar skilgreind í 2. gr.

Í íslenskri löggjöf er ekki að finna sérstakt ákvæði um framsal eignarréttinda í tryggingaskyni. Þar sem íslensk réttarskipan byggist á því sem meginreglu að mönnum sé heimilt að ráðstafa réttindum sínum með samningum verður að telja að samningar um framsal eigna í tryggingaskyni séu að meginstefnu til heimilir. Nokkur óvissa ríkir hins vegar um réttaráhrif slíkra samninga. Af ákvæðum 6. gr. tilskipunarinnar leiðir að EES-ríkjum er skylt að tryggja að samningar um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu verði efndir í samræmi við efni þeirra. Af því leiðir m.a. að ekki er heimilt að líta á slíka samninga sem handveðsréttargerninga og láta þá lúta réttarreglum um veð. Því þarf að taka af öll tvímæli um að innan gildissviðs laganna sé framsal í tryggingaskyni heimilt og hafi réttaráhrif samkvæmt efni sínu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að andlag fjárhagslegrar tryggingar skv. 1. mgr. geti verið reiðufé eða fjármálagerningur. Miðað er við eðli þeirrar eignar sem getur orðið andlag fjárhagslegrar tryggingar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um formkröfur til samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir og sönnun á tilvist og efni skuldbindinga og réttinda samkvæmt slíkum samningum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er með tilskipuninni dregið úr formkröfum í landsrétti til slíkra samninga og þannig stuðlað að gagnkvæmri viðurkenningu aðildarríkjanna á gildi þeirra. Í 3. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum þannig meinað að gera sérstakar formkröfur um m.a. stofnun, gildi og fullnustu slíkra samninga. Þó er heimilt að krefjast þess að samningar skuli gerðir skriflega eða með öðrum löglegum hætti, t.d. með rafrænum hætti, sbr. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Eins og fram kemur í athugasemd við 2. gr. getur hugtakið samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun verið bundið við tiltekin ákvæði í víðtækari samningi um viðskipti aðila, þ.e. eingöngu við þau ákvæði er varða tryggingarráðstöfun. Nauðsynlegt kann að þykja að kveða í landsrétti á um form- og efniskröfur til samninga sem eingöngu að hluta til varða fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Sem dæmi má nefna opinberar reglur settar af seðlabanka um form- og efniskröfur til samninga um viðskipti við lánastofnanir, endurhverfra samninga og samninga um uppgjörstryggingar. Takmörkunin á því að kveða í landsrétti á um strangari kröfur en leiðir af tilskipuninni á eingöngu við um þann hluta samningsins er varðar með beinum hætti fjárhagslega tryggingarráðstöfun. Því er heimilt að kveða í landsrétti á um sérstakar form- og efniskröfur er varða önnur atriði samningsins.

Til viðbótar þeim lágmarkskröfum í landsrétti sem tilskipunin kveður á um er samningsaðilum almennt heimilt að semja um strangari form- og efnisákvæði varðandi tryggingarráðstafanir, t.d. með því að vísa til ákvæða laga á sviði samninga-, kröfu-, veð- og fullnusturéttar.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að gerð verði sú krafa að samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skuli gerður skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti. Í slíkum samningum yrði jafnan vísað til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um tryggingarráðstafanirnar að öðru leyti. Þó gilda almennar reglur veðréttar og ákvæði laga nr. 75/1997, um samningsveð, eftir því sem við á um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu. Þetta skal þó ekki leiða til þess að samningur verði talinn ógildur eingöngu vegna þess hann er ekki í samræmi við ákvæði þeirra laga ef þau gera strangari formkröfur varðandi tryggingarráðstöfunina en gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Hins vegar er aðilum að sjálfsögðu heimilt að kveða á um það í samning að tilteknar reglur eða tiltekin ákvæði laga á sviði samninga-, kröfu-, veð- og fullnusturéttar skuli gilda um tryggingarráðstöfunina og verða slík samningsákvæði þá ekki talin valda ógildi samnings þótt þau geri strangari formkröfur en gert er ráð fyrir í tilskipuninni.

Lagt er til í 2. mgr. að í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skuli tilgreina til hvaða skuldbindinga og fjárhagslegra trygginga samningurinn nær. Samningurinn þarf þannig að innihalda fullnægjandi tilgreiningu á veðkröfunni og lýsingu á þeim verðmætum, sem standa til fullnustu efndum hans, hvort sem um er að ræða framsal eða veðsetningu.

Í 3. mgr. er tekið fram að tryggingarráðstöfun telst hafa stofnast þegar tryggingarréttindin hafa öðlist réttarvernd. Ákvæðið er nauðsynlegt m.a. með tilliti til 6. gr. svo unnt sé að tímasetja hvenær trygging telst hafa verið látin í té.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um heimild tryggingarhafa til að nýta veðsetta fjárhagslega tryggingu ef aðilar samningsins hafa á annað borð samið um slíkan rétt. Um heimildina er fjallað í 5. gr. tilskipunarinnar. Lagt er til að heimildin verði nefnd notkunarréttur.

Í íslenskum lögum er ekki að finna skýr ákvæði um heimildir veðhafa til ráðstöfunar veðs með framangreindum hætti. Að vísu má leiða af orðalagi 2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, að semja megi um að veðhafi megi nýta sér veð í eigin þágu. Ákvæði þetta gildir hins vegar samkvæmt orðanna hljóðan aðeins um handveðsett lausafé. Að því er varðar annars konar veðandlög er ekki til að dreifa beinum ákvæðum um ráðstöfunarheimildir veðhafa. Því er lagt til að kveðið verði á um það í 1. mgr. 5. gr. að heimilt sé að semja um ráðstöfunarheimildir veðhafa yfir fjárhagslegri tryggingu.

Í 2. mgr. er lagt til að ef veðhafi nýtir notkunarrétt sinn verði hann skuldbundinn til að framselja tryggingarveitandanum sambærilega fjárhagslega tryggingu í stað upphaflegu tryggingarinnar eigi síðar en á gjalddaga þeirra skuldbindinga tryggingarhafa sem tryggðar eru. Telst sú trygging þá falla undir upphaflegan samning um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu og skulu réttindi tryggingarhafa samkvæmt samningnum færast af upphaflegu tryggingunni yfir á nýju tryggingunna og réttaráhrif framsalsins miðast við að nýja tryggingin hafi verið látin í té á sama tíma og upphaflega tryggingin var sett.

Hugtakið sambærileg trygging er skilgreint í 2. gr. Þar kemur fram að ef fjárhagslega tryggingin er reiðufé er með sambærilegri tryggingu átt við greiðslu sömu fjárhæðar í sama gjaldmiðli. Ef fjárhagslega tryggingin er fjármálagerningur er með sambærilegri tryggingu átt við fjármálagerninga af sömu útgáfu eða flokki að sama nafnverði, í sama gjaldmiðli og að öðru leyti sama eðlis og tryggingin, eða aðrar eignir ef samningurinn veitir rétt til að leggja þær fram vegna atburðar sem hefur áhrif á fjármálagerningana sem veðsettir voru.

Lagt er til að í 3. mgr. verði kveðið á um að í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu sé heimilt að semja um að skyldunni til að framselja sambærilega tryggingu skv. 2. mgr. verði fullnægt með því að jafna og gera upp verðmæti tryggingarinnar á móti fjárhæð þeirra fjárskuldbindinga sem tryggðar eru með samningnum. Er þetta í samræmi við síðari málslið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Um 6. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er talið að ólíkar reglur í gjaldþrotarétti aðildarríkjanna hafi falið í sér réttaróvissu að því er varðar samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, einkum milli samningsaðila frá mismunandi ríkjum, og torveldað þróun nýrra leiða við nýtingu og fullnustu slíkra ráðstafana. Í 8. gr. tilskipunarinnar er gerð sú krafa að aðildarríkin setji tilteknar sérreglur í gjaldþrotarétti er varða samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Þessar reglur veita samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sérstaka réttarvernd í gjaldþrotarétti. Ákvæði 6. gr. frumvarpsins er ætlað að innleiða ákvæði 8. gr. tilskipunarinnar.

Aðildarhæfi að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir er ekki bundið við lögaðila með starfsleyfi eða aðsetur hér á landi. Vel má vera að t.d. íslenskt fjármálafyrirtæki geri slíkan samning við fjármálafyrirtæki með starfsleyfi og höfuðstöðvar í öðru EES-ríki. Tilskipunin gerir kröfu um að gjaldþrotaréttur í öllum EES-ríkjunum veiti samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sömu eða sambærilega réttarvernd. Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er því að finna almenna skilgreiningu á endurskipulagningu fjárhags (e. reorganisation measures) og slitameðferð (e. winding-up proceedings) sem ætlað er að ná til mismunandi skilgreininga í landsrétti EES-ríkja á þessu sviði. Endurskipulagning fjárhags

er skilgreind sem ráðstafanir sem fela í sér hvers kyns íhlutun af hálfu stjórnvalda eða dómsvalds í þeim tilgangi að viðhalda fjárhagsstöðu eða koma henni í eðlilegt horf og hafa áhrif á þau réttindi þriðju aðila, sem þegar eru til, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, ráðstafanir sem fela í sér greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Slitameðferð er skilgreind sem sameiginleg málsmeðferð sem felur í sér sölu eigna og skiptingu andvirðis milli lánardrottna, hluthafa eða félaga, eftir því sem við á, og felur í sér hvers konar íhlutun stjórnvalda eða dómsvalds, þ.m.t. þau tilvik þegar sameiginlegri málsmeðferð lýkur með nauðasamningum eða öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, án tillits til þess hvort þær hafa komið til vegna gjaldþrots eða hvort þær hafa verið þvingaðar. Í lagatexta frumvarpsins er ekki að finna þessar almennu skilgreiningar á endurskipulagningu fjárhags og slitameðferð. Þess í stað er látið nægja að vísa til hugtaka í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. *Endurskipulagning fjárhags nær þannig til þess þegar kveðinn er upp úrskurður um heimild* til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana samkvæmt þeim lögum. Slitameðferð nær til þess þegar kveðinn er upp úrskurður um að bú samningsaðila sé tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt sömu lögum. Komi upp þær aðstæður að reyni á túlkun laganna vegna slitameðferðar eða endurskipulagningar fjárhags samkvæmt réttarreglum annars EES-ríkis er gert ráð fyrir að ákvæðum laganna verði beitt með vísan til framangreindra skilgreininga tilskipunarinnar á þessum hugtökum. Þess ber jafnframt að geta að í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er að finna ákvæði um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana og vátryggingafélaga.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um þær aðstæður þegar gerður er samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, eða trygging samkvæmt slíkum samningi er látin í té, áður en kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila. Hafi ráðstöfunin verið gerð áður en úrskurðurinn var kveðinn upp skal hún halda gildi sínu og vera bindandi gagnvart þriðja manni. Skiptir þar ekki máli þótt samningurinn hafi verið gerður sama dag og úrskurðurinn var kveðinn upp. Ákvæði þetta er í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Þess ber að geta að í 3. mgr. 4. gr. segir að tryggingarráðstafanir teljast hafa stofnast þegar tryggingarréttindin hafa öðlist réttarvernd.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær aðstæður þegar gerður er samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, eða trygging samkvæmt slíkum samningi er látin í té, sama dag og kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila, en eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp. Skal ráðstöfunin þá halda gildi sínu og vera bindandi gagnvart þriðja manni hafi tryggingarhafi hvorki vitað né mátt vita um uppkvaðningu úrskurðarins. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Með 3. mgr. er innleidd krafa 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar um gildi fjárhagslegra trygginga, viðbótartrygginga og staðgöngutrygginga sem hafa verið látnar í té sama dag en áður en kveðinn er upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti. Jafnframt er kveðið á um gildi tryggingarinnar þegar viðkomandi fjárskuldbindingar hafa stofnast áður en tryggingin, viðbótartryggingin eða staðgöngutryggingin var látin í té. Hugtökin viðbótartrygging og staðgöngutrygging eru skilgreind í 2. gr.

Líta ber á framangreind ákvæði sem sérlög bæði gagnvart lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og öðrum lögum sem kunna að koma til álita, t.d. ákvæðum laga um slit fjármálafyrirtækja eða vátryggingafélaga. Það þýðir að sérreglurnar hafa forgang gagnvart slíkum almennum reglum.

Eins og fram kemur í athugasemd við 4. gr. er gert ráð fyrir því að í samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir verði jafnan vísað til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Uppfylli samningurinn skilyrði laganna hafa aðilar þar með samið sig undir sérreglur þeirra, m.a. hvað varðar forgang þeirra gagnvart almennum reglum um réttaráhrif úrskurðar um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila. Eftir sem áður gilda ákvæði laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. sem og aðrar almennar reglur er kunna að koma til álita eftir því sem við á. Þetta skal þó ekki leiða til þess að samningurinn verði talinn ógildur eða tryggingarráðstöfun rift eða hnekkt eingöngu vegna þess að hann er ekki í samræmi við ákvæði þeirra laga ef þau gera strangari kröfur varðandi tryggingarráðstöfunina en gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Hins vegar er aðilum að sjálfsögðu heimilt að kveða á um það í samningnum að tilteknar reglur eða tiltekin ákvæði laga á sviði fullnusturéttar skuli gilda um tryggingarráðstöfunina og verða slík samningsákvæði þá ekki talin valda ógildi samningsins þótt þau geri strangari kröfur en gert er ráð fyrir í tilskipuninni.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um sérreglur um skuldajöfnuð til uppgjörs. Finna má skilgreiningu á þessu hugtaki í 2. gr.

Í 1. mgr. segir að ákvæði um heimild til skuldajafnaðar til uppgjörs í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun haldi gildi sínu þrátt fyrir uppkvaðningu úrskurðar um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti, enda hafi samningurinn verið gerður fyrir uppkvaðningu úrskurðarins. Úrskurðurinn kemur þannig ekki í veg fyrir að fram fari skuldajöfnuður til uppgjörs í samræmi við ákvæði samningsins. Þetta þýðir m.a. að ákvæði í skriflegum samningi um heimild til skuldajafnaðar til uppgjörs heldur gildi sínu án tillits til ákvæða 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Hið sama gildir um framsal eða stofnun takmarkaðra eignarréttinda í þeim skuldbindingum sem skuldajafnaðarréttur nær til samkvæmt samningi aðila. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um þá meginreglu að beiting ákvæðis um skuldajöfnuð til uppgjörs skuli ekki háð tilgreindum formkröfum nema samið sé um annað. Talið er óþarft að innleiða þessa reglu sérstaklega þar sem engin ákvæði eru í íslenskri löggjöf sem skylda þann sem hyggst beita skuldajöfnuði til að veita frest eða til að beina viðvörun til gagnaðila síns umfram það sem leiðir af samningi þeirra.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til sérreglur um fullnustu samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Eins og rakið er í almennum athugasemdum veitir 4. gr. tilskipunarinnar aðilum að samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir heimild til víðtæks samningsfrelsis um aðferðir við fullnustu samningsskuldbindinga. Þessar aðferðir geta falist í sölu fjármálagerninga, töku þeirra til eignar (e. appropriation) á grundvelli umsamins verðmats, og jöfnun verðmætis þeirra á móti fjárhagslegri skuldbindingu (skuldajöfnuður eða nettun). Aðildarríkjunum er gert að veita slíkum fullnustuaðferðum réttarvernd ef um þær hefur verið samið milli aðila. Ríkin geta ekki sett það skilyrði fyrir fullnustu að gefin hafi verið út áskorun eða

tilkynning um væntanlega fullnustu, að hún skuli fara fram með tilteknum hætti eða að fullnustuaðferðin hafi verið staðfest með úrskurði. Þá er aðildarríkjunum gert að viðurkenna efndir samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í samræmi við ákvæði þeirra þótt kveðinn hafi verið upp úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta á búi samningsaðila.

Því er lagt til að í 1. mgr.verði kveðið á um að aðilar samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun hafi frelsi til að semja um hvernig ganga skuli að tryggingunni til fullnustu vanefndra fjárskuldbindinga. Tilskipunin gerir þá kröfu að viðurkennd sé heimild aðila til að semja um fullnustu með tilteknum hætti og eru þær fullnustuaðferðir tilgreindar í 1. mgr. Ávallt er skilyrði að kveðið sé á um þessar fullnustuaðferðir í samningnum vilji aðilar á annað borð semja um þær. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að aðilar semji um að beitt skuli öðrum og hefðbundnum fullnustuaðferðum í samræmi við íslenska löggjöf og réttarvenju á sviði kröfuréttar og fullnusturéttarfars.

Í 2. mgr. er kveðið á um að aðilar geti samið um að tryggingarhafa sé heimilt að ganga að tryggingunni til fullnustu vanefndra fjárskuldbindinga án sérstaks fyrirvara, án atbeina yfirvalda og án þess að fylgt sé formlegri málsmeðferð. Vanefnd getur m.a. tengst uppkvaðningu úrskurðar um heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana eða um gjaldþrotaskipti og verður samningsákvæðum um fullnustu þá beitt án tillits til ákvæða laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 9. gr.

Lagt er til að hér verði kveðið á um heimild sem byggist á 6. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar til að beita ákvæðum í landsrétti um almenn skilyrði um sanngirni í viðskiptum og góða viðskiptahætti að því er varðar verðmat tryggingar, útreikning og verðmat fjárskuldbindinga og fullnustu fjárskuldbindinga.

Um 10. gr.

Þegar aðilar í mismunandi ríkjum hafa samið um veðsetningu verðbréfa til tryggingar kröfu og veðsali afhent veðhafa hin veðsettu verðbréf hafa gilt um slíkan samning lög þess ríkis þar sem hin veðsettu verðbréf eru staðsett. Hér er um að ræða svonefnda lex rei sitae reglu, þ.e. miðað er við staðsetningu verðbréfanna. Þegar um er að ræða rafbréf, þ.e. rafrænt eignarskráð verðbréf, hefur slíkri veðsetningu hins vegar fylgt nokkur óvissa um hvaða lög skuli gilda um samninginn. Af þessum sökum kveður 9. gr. tilskipunarinnar á um þá reglu að um tiltekin atriði varðandi veðréttindi yfir rafbréfum skuli fara eftir lögum þess ríkis þar sem reikningur vegna þeirra er færður.

Lagt er til að í þessari grein verði kveðið á um reglu sem mælir fyrir um hvaða lögum skuli beitt að því er varðar veðsetningu á fjármálagerningi samkvæmt samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun sem skráð er rafrænni eignarskráningu. Lagt er til að um slíka veðsetningu skuli að öllu leyti fara eftir lögum þess ríkis þar sem viðkomandi veðsetning er skráð á reikningi. Þetta gildir þó aðeins um þá þætti sem tilgreindir eru í ákvæðinu, þ.e. lagalegt eðli og réttaráhrif veðsetningarinnar, stofnun veðréttindanna og skráningu þeirra, réttarvernd gagnvart þriðja aðila, rétthæð skráðra réttinda og framkvæmd fullnustu. Af reglunni leiðir að ef um er að ræða veðréttindi sem skráð eru hér á landi fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Ef tiltekinn fjármálagerningur er eignarskráður á reikningi í fleiri ríkjum en einu fer um veðsetninguna eftir lögum þess ríkis þar sem veðsetningin er skráð. Vert er að taka fram að ekki er litið svo á að gagnálykta eigi frá þessu ákvæði og álykta sem svo að það breyti öðrum reglum laga-

skilaréttar um viðskipti með verðbréf. Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Um 11.–13. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði lagabreytingar til að innleiða tilskipun 2002/47/EB um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð.

1016. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum:

a. Í stað dagsetningarinnar „23. apríl 2005“ kemur: 8. október 2005.
b. Við málsgreinina bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur samstarfsnefnd, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum, ákveðið með að lágmarki ⅔ hlutum greiddra atkvæða og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið að atkvæðagreiðsla fari fram fyrir þann tíma, enda sé það mat nefndarinnar að tillaga um sameiningu viðkomandi sveitarfélaga fái næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördag. Samstarfsnefndin skal koma saman eins fljótt og unnt er til að taka ákvörðun um kjördag og tilkynna ráðuneytinu niðurstöðu sína eigi síðar en 20. maí 2005.

2. gr.

Við 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum bætist: ef liðnir eru meira en sex mánuðir frá atkvæðagreiðslu um tillögu sameiningarnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps 23. apríl 2005 í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar um sameiningu þessara sveitarfélaga.

1017. Lög [639. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. mars.)

Samhljóða þskj. 1016.

1018. Lög [629. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

(Afgreidd frá Alþingi 21. mars.)

Samhljóða þskj. 950.

1019. Nefndarálit [481. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um helgidagafrið, nr. 32 14. maí 1997.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Elías Magnússon frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Guðmund B. Ólafsson frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu. Umsagnir bárust um málið frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Biskupsstofu og Samtökum verslunar og þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi matvöruverslana sem uppfylla ákveðin skilyrði, þ.e. að verslunarrými sé undir 600 fermetrum og a.m.k. ⅔ hlutar veltunnar séu sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki, verði heimiluð föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Þetta helgast einkum af jafnræðissjónarmiðum, en á landsbyggðinni tíðkast það nokkuð að margar tegundir verslunarstarfsemi sameinist undir einu þaki, svo sem bensínstöð, matvöruverslun, söluturn og myndbandaleiga. Í þéttbýli er þessu síður fyrir að fara. Því ríkir ekki jafnræði í aðstöðu ferðamanna jafnt sem heimamanna til að nálgast matvæli á þeim helgidögum sem frumvarpið tekur til.

Nefndin ræddi hvort frumvarpið skerti með einhverjum hætti rétt verslunarfólks til frítíma, en telur að kjarasamningar verndi þann rétt með afgerandi hætti. Hvað rýmkun á afgreiðslutíma ákveðinna verslana á tilteknum helgidögum varðar hafa öll sjónarmið verið vegin og metin og ákveðið að fara leið sem komi til móts við þá þróun í verslun sem átt hefur sér stað undanfarin ár, sem og þarfir ferðaþjónustunnar. Um leið var horft til fordæma frá öðrum ríkjum. Með hliðsjón af þeim takmörkunum sem frumvarpið gengur út frá og ákvæðum kjarasamninga um frítíma verslunarfólks telur nefndin að sú leið sem farin er í frumvarpinu sé heppileg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**
Atli Gíslason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er ekki samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. mars 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Birgir Ármannsson.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Guðrún Ögmundsdóttir.		Össur Skarphéðinsson.

1020. Tillaga til þingsályktunar [668. mál]

um sameiningu rannsóknarnefnda á sviði samgangna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Steinunn K. Pétursdóttir, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa fimm manna nefnd er kanni möguleika þess að sameina í heild eða að hluta starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa, rannsóknarnefndar flugslysa og rannsóknarnefndar sjóslysa og meti kosti slíkrar sameiningar. Nefndin skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. febrúar 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í samræmi við álit samgöngunefndar á frumvarpi til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. máli þessa löggjafarþings. Við meðferð samgöngunefndar á því máli veltu nefndarmenn fyrir sér þeim möguleika að sameina rannsóknarnefndir sem starfræktar eru á sviði samgangna, þ.e. rannsóknarnefnd umferðarslysa, rannsóknarnefnd flugslysa og rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rannsóknarsvið hverrar nefndar er sérhæft og því óvíst að hægt sé að sameina þær að fullu í eina nefnd en flutningsmenn telja rétt að athugun verði gerð á þessum möguleika auk þess sem kannað verði hvort auka megi hagkvæmni í rekstri þessara nefnda með sameiningu eða samþættingu ýmissa starfsþátta. Flutningsmenn telja óráðlegt að ráðast í slíka sameiningu nema að vel athuguðu máli enda ákveðnir kostir sem fylgja því að reka nefndirnar eins og þær starfa í dag, þ.e. sjálfstætt og með sérhæfða starfsmenn en í ákveðinni nálægð við aðrar stjórnsýslustofnanir á því sviði sem þær rannsaka. Því leggja flutningsmenn til að ráðherra verði falið að skipa nefnd fimm manna sem meti möguleika á sameiningu rannsóknarnefndanna.

1021. Tillaga til þingsályktunar [669. mál]

um stjórnsýsludómstól og úrskurðarnefndir.

Flm.: Atli Gíslason, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um stofnun stjórnsýsludómstóls innan núverandi dómstólakerfis og til að móta reglur um störf og starfshætti úrskurðarnefnda á æðra stjórnsýslustigi. Í þessu samhengi skoði nefndin vandlega hvort rétt sé að færa verkefni úrskurðarnefnda að einhverju eða öllu leyti til dómstóla eða sameina þær.

Nefndin skili tillögum til ráðherra fyrir 1. febrúar 2006.

Greinargerð.

Talsverð umræða hefur farið fram í þjóðfélaginu, einkum meðal lögfræðinga, um nauðsyn þess að setja á stofn sérstakan stjórnsýsludómstól. Var málefnið til umfjöllunar á málþingi Lögfræðingafélags Íslands 24. september 2004. Á málþinginu fjallaði dr. Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, um það hvort hægt væri að setja stjórnsýsludómstól inn í núverandi dómstólakerfi. Taldi Páll Hreinsson m.a. að unnt væri að setja sérstök ákvæði í lög um meðferð einkamála þar sem teknar væru upp sérsniðnar réttarfarsreglur um meðferð stjórnsýslumála, enn fremur að tryggja mætti nauðsynlega sérþekkingu með því að koma á fót deild við Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem dómarar með reynslu og sérþekkingu á stjórnsýslurétti störfuðu við að leysa úr málum sem í öðrum ríkjum falla undir stjórnsýsludómstóla. Í athugasemdum Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra, við erindi frummælenda taldi hann rök hníga til þess að dómstóll sem sérhæfir sig á sviði stjórnsýslu muni tileinka sér meiri skilning og virðingu fyrir hinum sérstöku lögmálum hennar en fram kæmi í þremur dómum Hæstaréttar sem hann vitnaði til. Í blaðagrein í Fréttablaðinu 27. september 2004 taldi dómsmálaráðherra sig að gefnu tilefni síður en svo ósammála hugmyndum Páls Hreinssonar.

Á 130. löggjafarþingi 2003–2004 báru flutningsmenn fram svohljóðandi fyrirspurn til forsætisráðherra (þskj. 1116 — 746. mál):

1. *Hversu margar sjálfstæðar og óháðar úrskurðarnefndir eru starfandi á vegum ríkisins, hvað heita þær og hver eru verkefni þeirra?*
2. *Hver var heildarkostnaður ríkisins af starfsemi þessara úrskurðarnefnda árin 2002 og 2003?*

Svar forsætisráðherra er að finna á þingskjali 1492 og er það birt sem fylgiskjal með tillögunni. Þar er upplýst að 42 slíkar nefndir séu starfræktar, heiti þeirra og verkefni talin upp og sundurliðuð eftir ráðuneytum og gerð grein fyrir lagagrundvelli hverrar úrskurðarnefndar. Þá kemur fram í svarinu að heildarkostnaður ríkisins af starfsemi þessara úrskurðarnefnda hafi numið 316.148.225 kr. árið 2002 og 336.625.320 kr. árið 2003.

Á árinu 1999 gaf forsætisráðuneytið út skýrslu nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda o.fl. Í kafla um mótun framtíðarstefnu um þróun stjórnsýslukerfisins á bls. 52 í skýrslunni segir orðrétt:

„Á síðustu árum hefur sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgað mikið án þess að séð verði að að baki stofnun þeirra liggi heildarstefnumörkun. Fjölgun stjórnsýslunefnda getur leitt til þess að erfitt verði að manna þær hæfum einstaklingum auk þess sem kostnaður við stjórnsýslu eykst og stjórnsýslukerfið verður flóknara. Miðað við smæð hins íslenska stjórnsýslukerfis gæti verið skynsamlegt að sameina nefndir á ákveðnum sviðum og bæta starfsskilyrði

þeirra og gera þær öflugri þyki á annað borð ástæða til að færa vald frá ráðherra til nefndar.

Æskilegt er að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins. Bæri þar að taka m.a. afstöðu til þess í hvaða tilvikum réttlætanlegt verður talið að gera undantekningu frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar og setja á fót sjálfstæða stofnun eða stjórnsýslunefnd.“

Flutningsmenn taka undir þessi sjónarmið. Það er einnig mat flutningsmanna að stefna beri að því að leggja niður flestar úrskurðarnefndir sem nú eru starfræktar og færa úrskurðarvald þeirra til dómstóla. Þegar þessum úrskurðarnefndum hefur verið komið á fót hefur það gjarnan verið rökstutt með meintum seinagangi í dómskerfinu. Þessi rök eru ekki haldbær og hafa ekki verið frá því að verulegar breytingar voru gerðar á dómskerfinu árið 1991. Skilvirkni dómstóla í dag er mikil og almennt mun betri en hjá úrskurðarnefndum. Dómstólar starfa auk þess eftir skýrum og gegnsæjum réttarfarsreglum, lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Það er hins vegar erfitt að henda reiður á þeim leikreglum sem úrskurðarnefndir starfa eftir ef frá eru talin ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Um úrskurðarnefndir skortir reglur um sakarefni, sönnun og sönnunargögn, málsforræði, millilíðalausa málsmeðferð, skýrslugjöf, vitni, sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðir og fleira. Má fullyrða að gæði málsmeðferðar fyrir dómstólum séu mun meiri en fyrir úrskurðarnefndum. Þær eru auk þess skipaðar af ráðherra viðkomandi málasviðs sem tengist óhjákvæmilega oft þeim ágreiningi sem til úrlausnar er. Mikill kostnaður við starfsemi úrskurðarnefnda kemur á óvart. Má leiða líkur að því að það fé sem til þeirra rennur megi nýta mun betur. Þó svo að margar þessar nefndir sinni afmörkuðum sérsviðum þar sem þörf er á sérkunnáttu eiga þær það sameiginlegt að vera æðsti úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi og þurfa að taka á formlegum ágreiningsatriðum sem eru sameiginleg í allri stjórnsýslu. Á það skal jafnframt minnt að dómstólar hafa heimildir til að kalla til sérfróða meðdómendur í fjölskipaðan dóm í málum sem kalla á sérþekkingu. Þá er iðulega látið reyna á úrskurði úrskurðarnefnda fyrir dómstólum. Má segja að í því felist tvíverknaður. Er full ástæða til að huga að því að setja á stofn stjórnsýsludómstól innan núverandi dómskerfis og móta reglur um störf og starfshætti úrskurðarnefnda með það fyrir augum að tryggja réttaröryggi einstaklinga.

Með tillögunni var fylgiskjal, svar forsætisráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar og Sigurjóns Þórðarsonar um úrskurðarnefndir. Sjá þskj. 1492 (746. mál 130. löggjafarþings.) Alþt. 2003–2004, bls. 5855–5860.

1022. Frumvarp til laga [670. mál]

um gæðamat á æðardúni.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Lög þessi gilda um íslenskan æðardún og gæðamat á honum.

2. gr.

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.

Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún, og frá og með 1. júlí 2005 er lögð niður skipun þeirra aðila sem starfa við dúnmat samkvæmt þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 2004 var skipuð nefnd af hálfu landbúnaðarráðherra til að endurskoða lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún. Í nefndinni sátu: Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Jónas Helgason, bóndi í Æðey, tilnefndur af Æðarræktarfélagi Íslands, og Sigtryggur R. Eyþórsson, forstjóri XCO ehf., tilnefndur af Félagi íslenskra stórkaupmanna. Nefndin hélt sex fundi og fór yfir öll gögn máls sem hefur verið til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna meintrar mismununar á kröfum til gæða æðardúns annars vegar til sölu innan lands og hins vegar til útflutnings. Í frumvarpinu er tekinn af allur vafi um að það sama gildir um dreifingu innan lands og erlendis.

Niðurstaða nefndarinnar af endurskoðun laganna er það frumvarp sem hér er lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin tekur á gildissviði laganna. Hún er nýmæli en nauðsynlegt þykir að kveða sérstaklega á um gildissvið laganna, þ.e. að þau gilda einungis um íslenskan æðardún og mat á honum en ekki um æðardún sem fluttur er til landsins.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um dreifingu á æðardúni og að hann skuli veginn og metinn eftir fullhreinsun af dúnmatsmönnum sem hafa leyfi til starfa. Nánar er fjallað um þá í 3. gr. Skýrt er kveðið á um það að sömu skilyrði gilda um dreifingu æðardúns hvort sem hann er ætlaður innanlandsmarkaði eða erlendum mörkuðum. Dreifing merkir í lögum þessum sölu eða afhendingu á fullhreinsuðum æðardúni. Áður en til dreifingar á æðardúni kemur er skilyrði að hann hafi staðist gæðamat dúnmatsmanna.

Um framkvæmd dúnmatsins og störf matsmanna verður nánar kveðið á um í reglugerð, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Í lögum nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún, segir m.a. í 1. gr. að allur æðardúnn sem fluttur er úr landi skuli veginn og metinn af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Í erindisbréfi nr. 64/1972 sem sett er á grundvelli laganna segir í 2. mgr. 3. gr. að aðeins 1. flokks æðardún megi selja úr landi. Nauðsynlegt er að samræma þau ákvæði sem gilda eiga við dreifingu æðardúns innan lands og erlendis og tekur greinin af allan vafa um að sömu skilyrði gilda um dreifingu innan lands og erlendis.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um dúnmatsmenn og er gerð sú breyting frá gildandi lögum að skipunarvaldið er fært frá lögreglustjórum og lagt til að starfsleyfi til handa dúnmatsmönnum verði gefið út af landbúnaðráðuneytinu. Eðlilegt er að mat á þörf fyrir fjölda dúnmatsmanna sé hjá landbúnaðarráðherra sem fer með málaflokkinn. Í gildandi lögum eru tilnefningar um skipun dúnmatsmanna í höndum Bændasamtaka Íslands, en nefndin leggur til að Félag íslenskra stórkaupmanna tilnefni einnig dúnmatsmenn til starfa. 2. málsl. greinarinnar er efnislega samhljóða 1. málsl. 6. gr. laga nr. 39/1970. Í 3. málsl. er lögð til sú breyting að matsbeiðandi beri kostnað af gæðamatinu en í gildandi lögum er kveðið á um að útflytjandi greiði það. Eðlilegra er að sá aðili sem óskar eftir gæðamati greiði þann kostnað sem af því hlýst og lagt er til að landbúnaðarráðherra setji gjaldskrá um gjaldtöku. Matsbeiðandi getur verið æðardúnsbóndi/æðardúnsræktandi, hreinsunarstöð eða hver sá sem sér um dreifingu á æðardúni.

Í 2. mgr. segir að nánar verði kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð. Hæfniskröfur matsmanna felast m.a. í því að þekkja til æðardúns og eiginleika hans auk þess sem nauðsynlegt er að nýir matsmenn undirgangist þjálfun eða fari á námskeið.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gæðamat á æðardúni.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja jöfn gæði æðardúns sem seldur er á Íslandi eða til útflutnings. Samkvæmt því verður sala á æðardúni aðeins heimil eftir að hann hefur verið veginn og metinn eftir fullhreinsun af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Framleiðendur skulu greiða fyrir þennan kostnað samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið gefur út og miðast við raunkostnað af eftirlitinu. Lögreglustjóraembætti hafa hingað til séð um að skipa dúnmatsmenn og hefur gjaldið til þeirra miðast við 200–300 kr. fyrir hvert kíló dúns. Með hliðsjón af núverandi umfangi dúnframleiðslu er gert ráð fyrir að eftirlitið skili um 800 þús. kr. ríkistekjum sem standi undir kostnaði af eftirlitinu.

1023. Svar [609. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um haf-, fiski- og rækjurannsóknir í Arnarfirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið árlegur heildarkostnaður við haf-, fiski- og rækjurannsóknir í Arnarfirði síðan árið 1999, reiknað til núvirðis?*
2. *Hve miklum fjárhæðum hyggjast stjórnvöld verja til slíkra rannsókna í Arnarfirði á þessu ári?*
3. *Liggja fyrir áætlanir um að auka rannsóknir í firðinum og ef svo er, hvaða rannsóknir eru það, sundurliðað eftir verkefnum, og hvernig verða þær fjármagnaðar?*

Meðfylgjandi tafla sýnir heildarkostnað Hafrannsóknastofnunarinnar við þau verkefni sem unnið hefur verið að í Arnarfirði síðan 1999. Þar vega eðlilega þyngst árlegar rannsóknir á rækju, einkum stofnmælingar sem eru mikilvægar við ráðgjöf um leyfilegan hámarksafla á hverri vertíð. Á árunum 2001–2002 var Arnarfjörður einnig kortlagður með fjölgeislamæli. Upplýsingar sem fengust í þeirri rannsókn um botngerð og lögun botnsins í firðinum gefa skýrari mynd af fiskgengd og útbreiðslu rækju en áður var fyrir hendi.

Á árinu 2005 verða rækjurannsóknir með svipuðu sniði og áður. Þar að auki kemur til sérstakt átak vegna aukinna rannsókna á samspili þorsks og ýsu annars vegar og rækju í firðinum hins vegar. Annað nátengt og nýtt verkefni á þessu ári snýr að því að reyna að fanga fisk til áframeldis með fóðrun í kvíum. Heildarkostnaður vegna rannsókna í Arnarfirði á árinu 2005 verður því mun meiri en á undanförnum árum.

Engar áætlanir liggja fyrir á þessu stigi málsins um aðrar rannsóknir í firðinum.

Kostnaður Hafrannsóknastofnunarinnar við rannsóknir í Arnarfirði í þús. kr.

	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Rækjurannsóknir	4.467	5.123	4.457	2.560	2.956	2.956	5.156
Hörpudisksrannsóknir	1.490		1.490				
Straummælingar vegna kalkþörunga			305	325			
Botnmælingar með fjölgeislamæli			4.133	2.677			
Mengunarsýnataka			105	440			
Botndýrarannsóknir						420	
Rallstöðvar	290	290	290	290	290	290	290
Söfnun á þorski og ýsu í kvíar							11.065
Samtals	**6.247**	**5.413**	**10.780**	**6.292**	**3.246**	**3.666**	**16.511**

1024. Fyrirspurn [671. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjanotkun barna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig skýrir ráðherra stóraukna notkun geðlyfja við athyglisbresti og ofvirkni hjá börnum?
2. Telur ráðherra eðlilegt að á annað þúsund barna á aldrinum 1–14 ára, þ.e. um 2% barna á þeim aldri, taki þessi lyf að staðaldri?
3. Hyggst ráðherra bregðast við þessu á einhvern hátt?

Skriflegt svar óskast.

1025. Fyrirspurn [672. mál]

til samgönguráðherra um vegbætur á Hellisheiði og Suðurstrandarveg.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við að
   a. bæta þriðju akrein við 3 km kafla þar sem Hellisheiði er hæst,
   b. bæta þriðju akrein við 5,5 km kafla frá Litlu kaffistofunni að Lögbergsbrekku?
2. Hver er áætlaður kostnaður við að leggja Suðurstrandarveg frá Þorlákshöfn í Selvog eftir að lokið hefur verið tengingu við Þorlákshöfn?

1026. Tillaga til þingsályktunar [673. mál]

um lækkun skatta á eftirlaun og ellilífeyri.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót starfshóp skipaðan m.a. fulltrúum hagsmunaaðila, sérfræðingum í skattamálum og fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem taki saman upplýsingar um skattlagningu eftirlauna og ellilífeyris hér á landi og í nágrannalöndum og marki stefnu í þessum málum með það að markmiði að skattur á eftirlaun og ellilífeyri verði sanngjarn og sem næst sköttum á fjármagnstekjur.

Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. maí 2006.

Greinargerð.

Færa má rök fyrir því að afar óeðlilegt sé og ranglátt að skattur á eftirlaun og ellilífeyri sé 37,58% eins og nú er þegar tekjuskattur er 24,75% og útsvar gjarnan 12,83%. Í raun má halda því fram að um sé að ræða tvísköttun eða jafnvel þrísköttun. Fyrst er greiddur fullur skattur þegar launin eru greidd, síðan fá menn eftirlaun sem eru skattlögð að fullu og þegar einstaklingurinn verður 67 ára eru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skertar miðað við eftirlaunin. Eðlilegra væri að skattur á eftirlaun og ellilífeyri væri svipaður því sem gerist um skattlagningu fjármagnstekna, eða um 10%.

Landssamband eldri borgara og félög eldri borgara um allt land hafa barist fyrir þessari leiðréttingu í langan tíma. Samfylkingarfélögin 60+, sem er félagsskapur jafnaðarmanna 60 ára og eldri, hafa að sjálfsögðu tekið undir þessar kröfur eldri borgara. Nú er svo komið að Landssamband eldri borgara á í málaferlum vegna skilningsleysis ríkisvaldsins á þessu máli.

Alþingi ber skylda til að beita sér í þessu réttlætismáli eldri borgara og sýna þeim þann sóma að afnema þessa tvísköttun á tekjur eldra fólks og lækka skatt á eftirlaun og ellilífeyri þeim til hagsbóta. Með því væri þessu fólki gert betur kleift að lifa lífinu með reisn og því sýnt þakklæti fyrir það þjóðfélag sem það hefur skilað til næstu kynslóðar.

Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt.

1027. Fyrirspurn [674. mál]

til samgönguráðherra um bílastæðamál fatlaðra.

Frá Birki J. Jónssyni.

Telur ráðherra koma til greina að ráðuneyti hans ákveði upphæð sektar fyrir brot á umferðarlögum þegar ófatlaður einstaklingur leggur bifreið í stæði sem merkt er fötluðum?

1028. Frumvarp til laga [675. mál]

um happdrætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um hvers konar happdrætti með þátttöku almennings, með eða án framlags, þar sem vinningur er valinn að nokkru eða öllu leyti með tilviljunarkenndum hætti eða vinningur ræðst af úrslitum keppni eða atburðar. Lögin gilda enn fremur um happdrætti sem rekin eru í atvinnuskyni þótt þau séu ekki opin almenningi.

Ráðherra mælir nánar fyrir um skilgreiningu, gerðir og flokka happdrætta í reglugerð.

2. gr.

Starfræksla happdrætta.

Óheimilt er að reka happdrætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum. Leyfið skal bundið nánari skilyrðum í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þá eru hlutaveltur óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra.

Happdrætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi er óheimilt að reka nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Skal í lögunum kveðið á um fyrirkomulag happdrættis, gjöld, rekstrarskilyrði og rekstrarform. Um happdrætti samkvæmt þessari málsgrein skulu að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 9.–11. gr.

3. gr.

Leyfisveiting.

Leyfi til að reka happdrætti eða hlutaveltu, sbr. 1. mgr. 2. gr., má einungis veita félagi, samtökum eða stofnun sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla hér á landi, svo sem til þjóðfélags-, líknar-, menningar-, íþrótta- eða góðgerðarmála, svo og til alþjóðlegs mannúðarstarfs. Óheimilt er að veita leyfi til aðila er hyggjast reka happdrætti í öðru skyni.

Leyfi fyrir happdrætti má eigi veita sama aðila oftar en tvisvar sinnum á hverju almanaksári.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að sýslumenn annist leyfisveitingar fyrir minni háttar happdrættum þar sem heildarfjárhæð vinninga fer eigi fram úr nánar tilteknum fjárhæðarmörkum. Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að sýslumenn veiti leyfi fyrir staðbundnum veðmálahappdrættum.

4. gr.

Undanþága frá leyfisskyldu.

Ráðherra getur undanþegið leyfisskyldu minni háttar happdrætti sem félag eða hópur efnir til í skemmtana- eða fjáröflunarskyni. Skal þá miðað við að vinningar séu vara eða þjónusta. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þeirra í reglugerð.

5. gr.

Skilyrði leyfisveitingar.

Happdrættisleyfi er heimilt að binda því skilyrði að útgjöld til auglýsinga verði ekki umfram ákveðið mark og einnig að leyfishafi leggi fé af mörkum til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn og afleiðingum hennar.

Happdrættisleyfi skal að jafnaði bundið því skilyrði að ekki megi draga oftar en einu sinni í happdrættinu. Skal sölutímabil happdrættisins að hámarki vera tveir mánuðir frá þeim degi sem tiltekinn er í happdrættisleyfi. Heimilt er þó, ef sérstakar ástæður mæla með því, að framlengja sölutímann um einn mánuð. Ráðherra kveður nánar á um fyrirkomulag útdráttar í reglugerð.

6. gr.

Lágmarksaldur.

Ráðherra getur við leyfisveitingu kveðið á um lágmarksaldur þeirra sem taka mega þátt í happdrætti en skal hann þó eigi vera lægri en 18 ár.

7. gr.

Verðmæti vinninga.

Í reglugerð skal kveðið á um hlutfall verðmætis vinninga af heildarsöluverði útgefinna miða í hverjum einstökum happdrættisflokki. Skal hlutfallið þó vera að lágmarki 35%.

8. gr.

Leyfisgjald.

Fyrir happdrættisleyfi skal greiða leyfisgjald í samræmi við ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs.

9. gr.

Skyldur leyfishafa.

Leyfishafi happdrættis skal sjá til þess að skilyrðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim sé framfylgt. Skal hann skila skýrslum eða reikningum um rekstur sinn samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

10. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Nú er stofnað til sérstaks kostnaðar vegna eftirlitsins með þátttöku sérfróðra manna til að fara yfir skýrslur eða reikninga leyfishafa, sbr. 9. gr., til að fara yfir hugbúnað eða tækjakost leyfishafa eða athuga sérstaklega hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, og er þá heimilt að krefja viðkomandi leyfishafa um greiðslu á kostnaði sem stofnað er til í þessu skyni.

11. gr.

Refsingar.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, ef maður

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rekur happdrættis- eða veðmálastarfsemi hér á landi án þess að hafa til þess happdrættisleyfi samkvæmt lögum þessum,
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna.

Nú er brotastarfsemi sem fellur undir 1. mgr. umfangsmikil eða ítrekuð, og getur hún þá varðað fangelsi allt að einu ári.

Það varðar sektum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi

a. í atvinnuskyni og án heimildar happdrættisleyfishafa auglýsir, kynnir, miðlar eða stuðlar að þátttöku í happdrætti sem rekið er samkvæmt lögum þessum,
b. falbýður án heimildar happdrættisleyfishafa hvers konar happdrættisgögn.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

12. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Gildistökuákvæði og brottfall eldri laga.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 6 15. júní 1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), með síðari breytingum, lög nr. 23 30. janúar 1945, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, lög nr. 15 31. janúar 1952, um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis, og lög nr. 89 28. desember 1957, um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og felur það í sér heildarendurskoðun á reglum um leyfisveitingu til starfrækslu almennra happdrætta, sbr. lög nr. 6 15. júní 1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

Umræður um endurskoðun happdrættislaganna frá 1926 er ekki ný af nálinni. Fróðlega umfjöllun um lagaumgjörð happdrætta á Íslandi er að finna í skýrslu nefndar um framtíðarskipan happdrættismála á Íslandi sem gefin var út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu árið 1999, sjá http://www.domsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/skyrslur_til_radherra/nr/685.

Nefndin um framtíðarskipan happdrættismála komst að þeirri niðurstöðu að margt mætti betur fara í skipan happdrættisstarfsemi hér á landi. Löggjöfin væri ófullkomin og ósamstæð og nauðsynlegt væri að bæta úr því þannig að fyrir hendi væri skýr lagagrundvöllur um þessa umfangsmiklu starfsemi. Í niðurstöðukafla nefndarinnar segir að nefndin telji brýnt að fram fari endurskoðun og setning nýrra laga um happdrættismálefni.

Þá hefur þróunin í Evrópu og kröfur vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu knúið dyra og þykja ákvæði laganna frá 1926 ekki vera í fullu samræmi við skyldur vegna aðildarinnar. Stefna Evrópusambandsins í happdrættismálefnum er í mótun. Innan þess hafa öflugir hagsmunaaðilar í einstökum löndum lagt þunga áherslu á að ekki verði hróflað við þeirri skipan sem tryggir að unnt sé að nýta tekjur af happdrættum til þjóðþrifamála heima fyrir auk þess sem gerðar séu ráðstafanir til að sporna gegn afbrotum og fíkn vegna happdrætta og fjárhættuspila hvers konar. Á þessari stundu verður ekkert fullyrt um inntak þeirra efnisreglna sem um þetta munu gilda á Evrópska efnahagssvæðinu þegar fram líða stundir. Í mörgum ríkjum eru meginreglur hinar sömu og hér á landi og byggjast á siðfræðilegum og menningarlegum grunni; happdrættisstarfsemi er bönnuð nema með leyfi eða í umsjá yfirvalda. Er ágóðanum fundinn vís staður þannig að tryggt sé að hann renni til fyrir fram ákveðinna málefna.

Núverandi skipan happdrættismála hér á landi hefur sætt gagnrýni Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Stofnunin telur það brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að hér skuli happdrættisstarfsemi bundin við íslensk fyrirtæki. Í frumvarpinu er komið til móts við þessa gagnrýni ESA, án þess að horfið sé frá þeirri meginreglu að starfsemin sé háð leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Við endurskoðun happdrættislaganna frá 1926 hefur ekki verið hróflað við sérlögum um peningahappdrætti og vöruhappdrætti, þ.e. Happdrætti Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 13 13. apríl 1973, Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, sbr. lög nr. 16 13. apríl 1973, Happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, sbr. lög nr. 18 22. apríl 1959, um getraunir (Íslenskar getraunir), sbr. lög nr. 59 29. maí 1972, um talnagetraunir (Íslenska getspá), sbr. lög nr. 26 2. maí 1986, og um söfnunarkassa, sbr. lög nr. 73 19. maí 1994.

Gert er ráð fyrir að áfram verði mælt fyrir um þessi happdrætti í sérstökum lögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu er jafnframt gert ráð fyrir að ýmis ákvæði laganna, ef samþykkt verða, gildi jafnframt um peningahappdrætti sem fá leyfi til starfrækslu samkvæmt sérstakri lagaheimild. Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er verið að undirbúa breytingar á sérlögum um peningahappdrætti þar sem meðal annars verður tekin afstaða til þess, hvort afnema beri einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands og fella niður einkaleyfisgjald þess en bæta ríkissjóði tekjutap vegna þess með sérstakri gjaldtöku á þá sem fá leyfi til að starfrækja peningahappdrætti og annað sem fellur undir leyfilegt fjárhættuspil.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði um ýmis grundvallaratriði sem dóms- og kirkjumálaráðherra ber að hafa í huga við veitingu happdrættisleyfis. Má þar sérstaklega nefna ákvæði frumvarpsins, sem er að finna í 1. mgr. 3. gr., um að einungis megi veita leyfi félagi, samtökum eða stofnun sem staðfestu hafa á Evrópska efnahagssvæðinu ef þau starfa í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla hér á landi, svo sem til þjóðfélags-, líknar-, menningar-, íþrótta- eða góðgerðarmála, svo og til alþjóðlegs mannúðarstarfs.

Þá er lagt til í 1. mgr, 5. gr. að ráðherra hafi heimild til að binda leyfi til að reka happdrætti því skilyrði að útgjöld vegna auglýsinga séu innan ákveðinna marka auk þess sem leyfishafi leggi af mörkum fé til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn og afleiðingum hennar.

Eins og áður sagði er markmið frumvarpsins að setja almenna lagaumgjörð um happdrætti. Fjallað verði um leyfisveitingarnar, hverjir geti sótt um leyfi, skilyrði fyrir þeim, undanþágur, leyfisgjöld og þær skyldur er hvíla á leyfishöfum. Núgildandi lög eru hljóð um þessi atriði og er það mjög til baga.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinu sérstöku eftirlitskerfi með happdrættum heldur verði það í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem getur leitað til sérfróðra aðila til að sinna einstökum þáttum eftirlitsins, ef svo ber undir, og er í slíkum tilvikum heimilt að krefja viðkomandi leyfishafa um greiðslu á reikningsfærðum kostnaði við eftirlitið, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um efni frumvarpsins vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi um hvers konar happdrætti eins og nánar er skilgreint í ákvæðinu. Gerðir happdrætta eru fjölmargar og í ljósi hinnar öru þróunar á markaðinum er nær ógerlegt að festa þau niður í lagatexta svo að vel sé. Þess í stað er lagt til að ráðherra geti kveðið nánar á um skilgreiningu, gerðir og flokka happdrætta í reglugerð. Sem dæmi um gerðir og flokka happdrætta má nefna miðahappdrætti, sem geta skipst í flokkahappdrætti, skyndihappdrætti, skafmiðahappdrætti og tombóluhappdrætti. Aðrar gerðir happdrætta eru getraunahappdrætti, veðmálahappdrætti, bingóhappdrætti og nethappdrætti, svo að einhver dæmi séu tekin, en gerðir happdrætta eru eins og áður segir fjölmargar og taka sífelldum breytingum. Hafa ber í huga að um peningahappdrætti gilda sérreglur og er ekki heimilt að starfrækja þau nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Auk lögbundnu happdrættanna á þetta við um starfrækslu happdrætta á netinu, séu þau peningahappdrætti á annað borð, og fjárhættuspil.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um heimild til að starfrækja happdrætti. Áfram er gert ráð fyrir að sérstaka lagaheimild þurfi til að starfrækja happdrætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi, sbr. það sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan.

Önnur happdrætti verði einungis heimilt að starfrækja með leyfi ráðherra nema lög eða reglugerðir mæli fyrir um undantekningu þar á.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. koma fram almenn skilyrði þess að fá happdrættisleyfi. Meginkrafan er að til happdrætta á Íslandi sé stofnað til að efla nánar skilgreinda starfsemi innan lands eða alþjóðlegt mannúðarstarf. Með ákvæðinu er vísað til þeirrar hefðar sem mótast hefur við úthlutun á happdrættisleyfum í áranna rás. Er mikils virði að fá þá hefð staðfesta af löggjafanum. Ákvæðið byggist á því almenna sjónarmiði að þessi starfsemi sé háð leyfi með vísan til markmiða með henni sem þjóna almannaheill. Þegar rætt er um þjóðfélagsmál í greininni er vísað til happdrætta sem til er stofnað í þágu ákveðins viðurkennds málstaðar eða til að ná einhverju skilgreindu lýðræðislegu markmiði, til dæmis í kosningum. Krafan um að ágóði renni til líknar-, menningar-, íþrótta- eða góðgerðarmála er byggð á skýrum efnislegum forsendum. Aðilar sem stunda alþjóðlegt mannúðarstarf eru til dæmis Rauði krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar og sambærileg samtök eða félög til stuðnings við þá sem minna mega sín erlendis vegna fátæktar eða skorts á mannréttindum.

Í ljósi athugasemda, sem borist hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA um 2. gr. gildandi happdrættislaga, er lagt til að leyfisveitingin verði ekki bundin við innlenda lögaðila heldur nái til lögaðila sem hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeir aðilar eru þó bundnir hinum almennu skilyrðum um leyfi sem lýst er í þessari grein frumvarpsins.

Um 4. gr.

Sum minni háttar happdrætti eru þess eðlis að eðlilegt þykir að undanþiggja þau ákvæðum laganna. Um áratuga skeið hefur tíðkast á árshátíðum starfsmannafélaga eða öðrum slíkum samkomum, sem ekki eru opnar almenningi, að efnt sé til happdrættis með vinningum sem jafnan eru lágir að verðgildi. Viðkomandi fær afhentan eða kaupir aðgöngumiða að samkomunni sem gildir þá jafnframt sem happdrættismiði.

Hér er við það miðað að vinningar skuli vera annaðhvort vörur eða þjónusta en ekki peningar. Þá er það jafnframt skilyrði að vinningar skuli dregnir út á samkomunni sjálfri. Nauðsynlegt þykir að þessi tegund happdrætta, sem verði undanþegin leyfisskyldu, verði afmörkuð nánar, þar á meðal um hámarksfjárhæð vinninga. Því þykir rétt að sett verði nánari ákvæði í reglugerð um þau.

Um 5. gr.

Hér er að finna mikilvægt ákvæði sem lýtur að þeirri viðleitni að sporna gegn spilafíkn. Annars vegar er um að ræða heimild fyrir dóms- og kirkjumálaráðherra að binda happdrættisleyfi því skilyrði að sett verði ákveðið þak á útgjöld til auglýsinga og hins vegar að leyfishafi leggi fé af mörkum til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn og afleiðingum hennar. Ráðherra þarf ekki að velja á milli þessara skilyrða heldur getur sett sama aðila að fullnægja þeim báðum. Í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um hve hátt þak á auglýsingar eða gjald til rannsókna og aðgerða gegn spilafíkn skuli vera. Þykir ekki ástæða til þess að hafa sérgreind ákvæði um það í þessu frumvarpi til happdrættislaga heldur verði afstaða tekin til útfærslu á ákvæðinu í sérlögum um peningahappdrætti, enda komi það einkum í hlut þeirra að lúta reglum af þessum toga þótt þessi almenna heimild sé lögfest hér og unnt sé að beita henni við útgáfu happdrættisleyfa almennt, ef þörf þykir.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um skilyrði sem sett eru um fyrirkomulag happdrættisins. Miða þau að því að hafa skýr tengsl á milli þess happdrættis sem á að halda og þess leyfis sem veitt er í því sambandi. Auðveldar það m.a. eftirlit með happdrættum.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sú regla að lágmarksaldur til þátttöku í happdrættum verði 18 ár, þ.e. lögræðisaldur. Jafnframt er ráðgert að við veitingu leyfis fyrir einstökum happdrættum geti ráðherra kveðið á um hærri lágmarksaldur. Meginreglan grundvallast á því sjónarmiði að sumar tegundir happdrætta séu þess eðlis að ekki er ráðlegt að einstaklingar yngri en 18 ára taki þátt í þeim. Má þar t.d. nefna spilavélar sem eru með peningavinninga. Reyndar hefur þegar verið sett 18 ára aldurstakmark í reglugerðir um slíka starfsemi. Með þessu móti verði leitast við að koma í veg fyrir að börn byrji of ung að taka þátt í spilum og happdrættum af mismunandi gerðum og vinna þannig gegn þeirri áhættu að þátttaka í spilum geti leitt til vandamála eða jafnvel spilafíknar. Erlendar rannsóknir hafa m.a. bent til þess að hætta á spilafíkn geti verið líklegri hjá þeim sem hefja þátttöku í spilum ungir að árum.

Um 7. gr.

Í greinni er gert ráð fyrir að settar verði reglur um hlutfall verðmætis vinninga af heildarsöluverði útgefinna miða í hverjum einstökum happdrættisflokki.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að fyrir happdrættisleyfi skuli greiða gjald sem ákvarðað verði í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Hingað til hafa skyndihappdrætti verið gjaldskyld skv. 48. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Er gjaldið í dag 5.500 kr. Ekki er gert ráð fyrir að verulegar breytingar verði á gjaldtöku fyrir skyndihappdrætti, en aftur á móti er hér miðað við að lagt verði gjald á allar tegundir happdrætta. Er það m.a. í samræmi við það sem tíðkast í öllum nágrannaríkjum okkar.

Gert er ráð fyrir að um peningahappdrætti gildi sérreglur og að kveðið verði á um gjald vegna þeirra í sérlögum um þau.

Um 9. gr.

Leyfishafa ber að ganga úr skugga um að búið sé að afla tilskilins leyfis áður en happdrætti er hrundið í framkvæmd. Í leyfisbréfi er jafnan tekið fram hver heimilaður fjöldi útgefinna miða er, hversu margir vinningarnir eru og fjárhæð þeirra. Þá þarf að koma fram hvenær dregið er og hvar hægt sé að nálgast upplýsingar um útdráttinn. Yfirleitt er áskilnaður um að vinningsnúmer skuli auglýst í Lögbirtingablaðinu að loknum drætti. Þá ber leyfishafa að senda ráðuneytinu reikningsyfirlit happdrættisins, þ.e. uppgjör, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að happdrættinu lauk. Leyfishafa ber að sjá til þess að gætt sé allra laga og reglna um happdrætti, svo sem að þátttakendur uppfylli aldursskilyrði.

Fyrrgreind skilyrði gilda um venjuleg happdrætti þar sem miðar eru prentaðir út og seldir. Að því er snertir önnur form happdrætta, t.d. skafmiða, bingó o.fl., er um líkar skyldur að ræða, en einnig aðrar skyldur sem leiðir af formi happdrættisins og er nauðsynlegt að kveðið verði nánar á um þær í reglum sem settar verða. Þær lúta fyrst og fremst að skyldu um upplýsingar til þátttakenda um vinninga, um útdrátt þeirra, um birtingu og greiðslu vinninga, svo og skýrslur og reikningsskil um viðkomandi happdrætti til stjórnvalda.

Í reglugerð yrði unnt að setja ákvæði um tímabundið leyfi til ákveðinnar starfsemi, t.d. til að reka bingó, og skilyrði um að leyfi yrði ekki endurnýjað nema að fullnægðum kröfum um reikningsskil og yfirlit yfir starfsemina.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er það ekki markmið þess að komið verði á fót sérstökum opinberum eftirlitsaðila með happdrættum heldur verði það í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem leyfisveitanda að sjá til þess að starfsemi á grundvelli ákvæða þessa frumvarps sé í samræmi við þau og reglugerðir og reglur sem settar verða með vísan til þeirra. Í einstaka tilvikum kann hins vegar að vera þörf á því að kalla til sérfróða aðila í því skyni að leggja mat á starfsemi sem verður sífellt sérhæfðari með nýrri tækni. Sé það gert og stofnað til sérstakra útgjalda vegna slíks eftirlits er eðlilegt að heimild sé í lögum til að krefja viðkomandi leyfishafa um greiðslu á reikningsfærðum kostnaði við eftirlitið.

Um 11. gr.

Í samræmi við meginregluna um skýrleika refsiheimilda er m.a. lagt til að sett verði ítarlegt ákvæði um þá háttsemi að reka happdrættis- eða veðmálastarfsemi án leyfis og auglýsa eða kynna slíka starfsemi. Jafnframt verði refsivert að auglýsa og kynna happdrætti án heimildar happdrættisleyfishafa o.fl. Með þessu móti er lögð áhersla á að happdrætti án sérstakrar heimildar eru bönnuð og brot gegn því banni eru litin alvarlegum augum.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild, en auk hennar eru sérstakar reglugerðarheimildir annars staðar í frumvarpstextanum.

Um 13. gr

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 2005. Þá falli jafnframt úr gildi fern lög, þ.e. happdrættislögin frá 1926 og síðan gömul lög frá 1945, 1952 og 1957 en þau verða óþörf í ljósi ákvæða 3. mgr. 3. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um happdrætti.

Markmið frumvarps þessa er að setja almenna lagaumgjörð um leyfisskyld happdrætti og heildstæðar reglur um leyfisveitingar til starfrækslu happdrætta. Í frumvarpinu eru ákvæði um hvernig fjallað skuli um leyfisumsóknir, hverjir geti sótt um leyfi, skilyrði fyrir þeim, undanþágur, leyfisgjald og þær skyldur sem hvíla á leyfishöfum. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð.

Samkvæmt núverandi ákvæði aukatekjulaga er innheimt leyfisgjald af skyndihappdrættum, sem nú nemur 5.500 kr. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði lagt á allar tegundir happdrætta en þar sem gjaldið er lágt skilar það óverulegum tekjum. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að krefja megi leyfishafa um greiðslu fyrir sérstakan kostnað við eftirlitsathuganir sérfróðra aðila, t.d. endurskoðenda eða tæknimanna. Um er að ræða heimildarákvæði sem ekki virðist ástæða til að ætla að reyni oft á og er því ekki reiknað með að þær tekjur verði umtalsverðar.

1029. Frumvarp til laga [676. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

2. gr.

2. málsl. 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er lagt til að handhöfum leyfa til innflutnings eða heildsölu áfengis í atvinnuskyni verði heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota. Jafnframt er lagt til að settur verði skýrari grundvöllur undir heimild dómsmálaráðherra til setningar reglugerðar um fyrirkomulag á veitingu leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Samkvæmt áfengislögum er handhöfum leyfa til innflutnings og heildsölu áfengis heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Jafnframt er þeim heimilt að selja eða afhenda áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Handhöfum framangreindra leyfa er hins vegar ekki heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota, nema þau falli undir þá sem tilgreindir eru að framan. Hefur þetta sætt talsverðri gagnrýni, en eðlilegt þykir að þeim sem hafa fengið leyfi ríkislögreglustjóra til innflutnings eða heildsölu áfengis verði heimilt að selja eða afhenda það áfengi fyrirtækjum sem hyggjast nota það við iðnaðarframleiðslu. Verður ekki séð að nein rök mæli gegn slíkri heimild, einkum í ljósi þess að handhöfum framangreindra leyfa er nú þegar heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða áfengi. Ekki þykja efni til að gera greinarmun á þeim aðilum sem framleiða áfengi og þeim aðilum sem nota áfengi til iðnaðarframleiðslu í þessum efnum. Í ljósi þessa er í frumvarpinu lagt til að 8. og 9. gr. áfengislaga verði breytt þannig að handhöfum leyfa til innflutnings og heildsölu áfengis verði heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að reglugerðarheimild laganna verði meðal almennra ákvæða í I. kafla laganna. Nýtt ákvæði bætist þannig við 5. gr. laganna um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni. Ákvæðið komi í stað reglugerðarheimildar í 7. gr. laganna, sbr. breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til að 8. gr. laganna, þar sem fjallað er um leyfi til innflutnings á áfengi, og 9. gr. laganna, þar sem fjallað er um leyfi til heildsölu á áfengi, verði breytt þannig að handhöfum slíkra leyfa verði heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota. Um röksemdir fyrir þessum greinum vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að handhöfum leyfa til innflutnings eða heildsölu áfengis í atvinnuskyni verði heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota. Jafnframt er lagt til að settur verði skýrari grundvöllur fyrir heimild dómsmálaráðherra til setningar reglugerðar um fyrirkomulag á leyfisveitingum vegna innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

1030. Frumvarp til laga [677. mál]

um uppboðsmarkaði sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

Svipta má aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða, sbr. 5. gr.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Leyfishafi:* Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
2. *Uppboðsmarkaður:* Markaður þar sem sjávarafli er seldur á frjálsu uppboði og aðilar hafa tækifæri til að kynna sér ástand aflans á uppboðsstað.
3. *Uppboðsstaður:* Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.
4. *Uppboðsstjóri:* Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til þeirra starfa.

3. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. gr.

Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og reglur settar á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð frekari reglur um starfsemi uppboðsmarkaða, m.a. um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra er jafnframt heimilt í reglugerð að setja reglur um sölu afla sem ekki er kominn á uppboðsstað.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutryggingar af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans.

Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

9. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um uppboðsmarkaði eru frá árinu 1989. Starfsemi fiskmarkaða hefur breyst töluvert síðan þá og hefur verið bent á þörf á endurskoðun laganna. Helstu atriði sem þörf hefur verið talin á að breyta eru gildistími rekstrarleyfa sem er nú aðeins eitt ár. Jafnframt hafa komið fram sjónarmið um að samræma þurfi starfsreglur markaða í því skyni að viðskiptaumhverfið verði skýrara fyrir kaupendur og seljendur. Af þeim sökum er hér lagt til að ráðherra setji í reglugerð nánari skilyrði um starfsemi markaða í stað þess að staðfesta starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Loks er lagt til að sett verði viðurlagaákvæði í lögin en slíkt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Aðrar breytingar sem felast í frumvarpi þessu eru óverulegar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að gildistími rekstrarleyfa sé einungis eitt ár. Upphaflega var þetta ákvæði sett inn í lög nr. 19/1987 þar sem ástæða þótti til að geta endurskoðað árlega starfsemi hvers markaðar. Fiskmarkaðir hafa nú starfað í nærfellt átján ár og töluverð reynsla fengist af þessari starfsemi. Því verður að teljast óþarft að kveða á um svo skamman gildistíma rekstrarleyfa. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að rekstrarleyfi verði ekki tímabundin.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Í lögum nr. 55/1998, um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er kveðið á um skyldur sem hvíla á fiskmörkuðum varðandi meðferð og vinnslu sjávarafurða. Þeir þurfa að hafa starfsleyfi frá Fiskistofu og þurfa að uppfylla kröfur um hreinlæti og búnað sem kveðið er á um í þeim lögum og reglugerðum sem byggjast á þeim. Vegna skýrleikasjónarmiða þykir rétt að í þessum lögum sé tilvísun í lög nr. 55/1998.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að ráðherra setji sérstaka reglugerð um starfsemi fiskmarkaða heldur er kveðið á um að ráðherra staðfesti starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Þetta hefur leitt til þess að mjög mismunandi reglur hafa gilt á mörkuðum. Hafa komið fram óskir frá hagsmunaaðilum um að settar yrðu samræmdar starfsreglur fyrir fiskmarkaði. Þetta eykur öryggi í viðskiptum. Kaupendur og seljendur eru þannig upplýstir um það hvaða grundvallarreglur gildi um viðskiptin.

Í þessari grein er því kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar eru samhljóða 6. og 7. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er lítið breytt frá 8. gr. núgildandi laga. Hér er þó kveðið á um að uppboðsstjórar megi hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd. Eðlilegt þykir að gera þessa kröfu til uppboðsstjóra og því er kveðið sérstaklega á um það hér.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á um að um brot gegn lögunum fari að hætti opinberra mála auk þess sem kveðið er á um viðurlög.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að taka yfir lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, en markmiðið er að færa lögin í nútímalegra horf. Með frumvarpi þessu er lagt til að rekstrarleyfi uppboðsmarkaða sem eru gefin út af sjávarútvegsráðuneyti verði ótímabundin í stað þess að gilda í eitt ár í senn.

Uppboðsmarkaðir greiða nú 5.000 kr. fyrir endurnýjun leyfa og verður því sjávarútvegsráðuneytið af 100.000 kr. tekjum árlega miðað við að 20 uppboðsmarkaðir séu starfræktir vegna þess að sú gjaldtaka fellur niður.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1031. Svar [456. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um öryggismál og aðbúnað á Kárahnjúkasvæðinu.

1. *Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í aðbúnaði starfsmanna og öryggismálum á Kárahnjúkasvæðinu á sl. ári og hafa verið veittar einhverjar undanþágur frá lögum og reglum sem gilda um aðbúnað og heilbrigðis- og öryggismál?*

Vinnueftirlit ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Verklegar framkvæmdir heyra undir eftirlit stofnunarinnar, þar með talin bygging Kárahnjúkavirkjunar. Framkvæmdin er mjög umfangsmikil og hefur kallað á verulegt vinnuframlag af hálfu Vinnueftirlitsins.

Eftirlit með framkvæmdinni er að stærstum hluta til á hendi starfsmanna umdæmisskrifstofu stofnunarinnar á Egilsstöðum, en jafnframt hefur komið til aðstoð frá starfsmönnum stofnunarinnar á Akureyri, Suðurnesjum og aðalskrifstofunni í Reykjavík. Fyrri hluta árs 2004 var ákveðið að auka reglubundið eftirlit og eru nú að jafnaði 1–2 eftirlitsmenn á staðnum einn dag í viku. Auk þess er fjölmörgum verkefnum sem tengjast Kárahnjúkasvæðinu sinnt jafnóðum með öðrum hætti.

Eftirlit Vinnueftirlits ríkisins lýtur að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnusvæðunum, þar á meðal áhættumati atvinnurekanda og framkvæmd þess, forvörnum, öryggi vinnuvéla sem notaðar eru og réttindum stjórnenda þeirra, geymslu og meðferð sprengiefna, o.fl. Starfsmenn Vinnueftirlitsins funda með öryggistrúnaðarmönnum, félagslegum trúnaðarmönnum, stjórnendum viðkomandi verktaka, eftirlitsaðilum verkkaupa og öryggisráði Kárahnjúkasvæðisins til að fara yfir stöðu mála og fylgja þeim eftir. Á þennan hátt leitast Vinnueftirlitið við að fá sem gleggst yfirlit yfir stöðu mála á svæðinu í heild og stuðla að því að innra eftirlit aðila sé sem virkast.

Við eftirlit stofnunarinnar hafa verið gerðar alls 113 eftirlitsskýrslur með um 273 fyrirmælum og ábendingum um úrbætur varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnusvæðum við Kárahnúkavirkjun. Því til viðbótar eru athugasemdir sem lúta að vinnuvélum og tækjum. Vinnueftirlitið hefur ekki veitt undanþágur frá gildandi lögum, reglum og reglugerðum sem stofnunin starfar eftir.

Við framkvæmdir af þessu tagi skiptir höfuðmáli að af hálfu verkkaupa og verktaka sé öflugt innra eftirlit með öryggismálum frá degi til dags og að starfsmenn kjósi öryggistrúnaðarmenn sem einnig fylgist grannt með framvindu mála. Eftirlit verkkaupa á svæðinu er umfangsmikið og starfa við það 25–30 starfsmenn. Þar af eru þrír í fullu starfi við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi. Verktakar á svæðinu eru einnig með starfsmenn á sínum snærum við slíkt eftirlit og á það t.d. við um fyrirtækin Impregilo SpA., Fosskraft hf., Arnarfell hf. og Suðurverk. Er um að ræða 1–3 starfsmenn í hverju tilviki. Alls munu því vera á vegum verkkaupa og verktaka á annan tug starfsmanna við innra eftirlit á þessu sviði.

Öryggistrúnaðarmenn ber að kjósa úr röðum starfsmanna í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Nokkuð vantar upp á að fjöldi þeirra geti talist fullnægjandi miðað við umfang starfseminnar. Vinnueftirlitið hefur hvatt til þess að þeim verði fjölgað og m.a. boðið upp á námskeið fyrir þessa aðila.

Fleiri opinberir aðilar hafa eftirlit með framkvæmdinni. Brunavarnir á Héraði hafa eftirlit með brunavörnum á svæðinu og Heilbrigðiseftirlit Austurlands með starfsmannabúðum

(svefnskálum og mötuneytum) og umhverfismálum. Samstarf hefur verið milli Vinnueftirlitsins og þessara aðila.

2. *Eru aðbúnaður starfsmanna, öryggismál og eftirlit á Kárahnjúkasvæðinu í fullkomnu samræmi við lög og reglur sem um þau mál gilda? Ef ekki, hvað er ábótavant í þeim málum?*

Vinnueftirlit ríkisins telur sér ekki fært að fullyrða að aðbúnaður, öryggismál og eftirlit á Kárahnjúkasvæðinu sé í fullkomnu samræmi við lög og reglur sem um það gilda, ekki frekar en unnt er að fullyrða slíkt um aðrar verklegar framkvæmdir á hverjum tíma. Verkefnið er viðamikið, framkvæmdin flókin, aðstæður síbreytilegar, veðurfar erfitt og verkefnið í eðli sínu hættulegt. Stofnunin leitast hins vegar við að tryggja að lögum og reglum sem hún hefur eftirlit með sé framfylgt á Kárahnjúkasvæðinu, sem og öðrum vinnusvæðum á landinu. Óhætt mun að fullyrða að sérstök áhersla hafi verið lögð á eftirlit á Kárahnjúkasvæðinu. Jafnframt er eftirlit af hálfu verkkaupa og verktaka til þess fallið að tryggja að framkvæmdin sé á hverjum tíma samkvæmt gildandi lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Á framkvæmdatímanum er sífellt verið að vinna að lausn mála, m.a. í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlitsins. Upp getur komið ágreiningur milli aðila um hvernig beri að túlka lög og reglur og hvað teljist fullnægjandi. Á árinu 2004 má til dæmis nefna atriði eins og kröfur til réttinda erlendra stjórnenda vinnuvéla og öryggiskröfur við jarðgangagerð.

Áhöld hafa verið um það hvort vinnufyrirkomulag fyrirtækja á svæðinu brjóti í bága við vinnutímaákvæði laga nr. 46/1980, eins og þeim var breytt með lögum nr. 68/2003. Vinnueftirlitið hefur verið með þau mál til skoðunar en upplýsingaöflun stendur enn yfir.

3. *Hvaða athugasemdir sem lúta að öryggi og aðbúnaði á Kárahnjúkasvæðinu hafa komið fram frá lögbundnum eftirlitsaðilum eða trúnaðarmönnum á svæðinu og hefur þeim í einu og öllu verið framfylgt?*

Varðandi það sem heyrir undir verksvið Vinnueftirlits ríkisins kemur fram í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar að frá upphafi framkvæmda á Kárahnjúkasvæðinu hafa verið sett fram alls um 273 fyrirmæli og ábendingar. Í einu tilfelli var vinna bönnuð þar til úrbætur höfðu farið fram á tilteknu vinnusvæði í kjölfar banaslyss sem varð þar í mars 2004. Úrbætur hafa verið gerðar varðandi flest fyrirmæli en útistandandi munu vera samtals um 27 fyrirmæli í heild, þ.e. á öllum vinnusvæðum Kárahnjúka hjá þeim verktökum sem þar starfa. Fyrirmælin hafa beinst að 20 vinnusvæðum. Í nokkrum tilvikum er frestur ekki útrunninn en í öðrum tilvikum er unnið að úrbótum og mun Vinnueftirlitið fylgja þeim málum eftir.

Öryggistrúnaðarmenn og félagslegir trúnaðarmenn hafa komið fram með ýmsar ábendingar um úrbætur og komið þeim á framfæri við verkkaupa, verktaka og eftirlitsmenn Vinnueftirlits ríkisins. Hafa þær verið teknar til skoðunar jafnóðum og þeim fylgt eftir þegar þörf hefur verið talin á.

4. *Hefur verið fylgt öryggisráðstöfunum í samræmi við nýtt áhættumat sem vinna átti á sl. ári?*

Samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. lög nr. 68/2003, er fyrirtækjum skylt að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði sem byggð er á áhættumati. Hliðstæð sérákvæði um verklegar framkvæmdur eru einnig í reglum nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafnir á byggingavinnustöðum og við aðra tímabundna mannavirkjagerð, með síðari breytingum. Við alla verkþætti virkjunarfram-

kvæmdanna er unnið eftir öryggis- og heilbrigðisáætlunum sem verktakarnir hafa sett á grundvelli áhættumats. Þessi gögn eru lögð fyrir eftirlitsaðila verkkaupa til samþykktar. Samþykki Vinnueftirlits ríkisins er ekki tilskilið samkvæmt lögum, en stofnunin hefur innan ramma eftirlits síns farið yfir þessi gögn. Að mati Vinnueftirlitsins hafa þau ekki þótt fullnægjandi um öll atriði og hefur stofnunin farið fram á að þau atriði verði skoðuð sérstaklega.

Vinnueftirlitið hefur lagt á það áherslu að áhættumat verktaka sé í stöðugri endurskoðun eftir því sem verkinu miðar áfram og aðstæður breytast.

1032. Tillaga til þingsályktunar [678. mál]

um ferðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2006–2015 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka:

1. Náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
2. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
3. Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

Enn fremur verði unnið að eftirfarandi markmiðum:

1. Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.
2. Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.
3. Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.
4. Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.

Til að ná markmiðum í ferðamálum verði m.a. beitt eftirfarandi aðgerðum:

Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar.

1. Opinber gjöld af aðföngum og búnaði til ferðaþjónustu verði sambærileg við gjöld í samkeppnislöndum.
2. Leitast verði við að fé til sameiginlegrar markaðssetningar verði tryggt til lengri tíma.
3. Unnið verði markvisst gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum.
4. Opinberir aðilar stundi ekki atvinnustarfsemi í samkeppni við einkarekin ferðaþjónustufyrirtæki.
5. Opinbert eftirlit með ferðaþjónustufyrirtækjum verði lágmarkað og einfaldað og eftirlit á vegum einstakra aðila sameinað þar sem hægt er.

Kynningarmál.

1. Áfram verði unnið að uppbyggingu ímyndar Íslands og hún varin með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar:

a. einstaka og fjölbreytta náttúru,
b. umhverfisvernd,
c. menninguna og þjóðina,
d. fagmennsku,
e. gæði og öryggi,
f. heilsu og hreinleika,
g. gestrisni,
h. myndræn auðkenni (lógó),
i. slagorð.

2. Meginákersla í öllum kynningarmálum verði áfram á Ísland, Norður-Ameríku, Bretland, norræn lönd og meginland Evrópu.
3. Aðgengi einkaaðila að opinberum framlögum til kynningar- og markaðsmála verði háð eigin framlögum þeirra til vel skilgreindra og vænlegra verkefna.
4. Samræmis verði gætt í allri kynningu á landinu í heild, sem og í aðlögun kynningarefnis og skilaboða fyrir einstaka markhópa eða markaðssvæði.
5. Aðferðafræðin sem notuð hefur verið við „Iceland Naturally" í Norður-Ameríku (þ.e. sameiginleg kynning vöru og þjónustu) verði notuð við aðkomu opinberra aðila að kynningu Íslands á öðrum markaðssvæðum.

Nýsköpun og þróun.

Stjórnvöld taki virkan þátt í nýsköpunar- og vöruþróunarstarfi ferðaþjónustunnar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Menntun.

1. Aukið tillit verði tekið til kostnaðar fyrirtækja í tengslum við starfsnám.
2. Námsbrautir framhaldsskóla og sérskóla tengist svo sem kostur er þannig að ekki myndist blindgötur eða óþörf skörun námsbrauta og skólastiga.
3. Háskólanám í ferðamálum byggist í vaxandi mæli á þeim grunni sem lagður er á framhaldsskólastigi, þannig að við inntöku nemenda verði tekið tillit til menntunar og/eða reynslu á sviði ferðamála.
4. Tryggt verði aðgengi að háhraðaneti við fjarnám.

Rannsóknir.

1. Starfrækt verði gagnamiðstöð er vinni að söfnun, úrvinnslu og túlkun gagna til hagnýtingar bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila innan greinarinnar.
2. Hlúð verði að hvers kyns grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum í ferðamálafræði.

Grunngerð.

1. Umferðarmiðstöðvar verði nýttar til að tengja og samræma allar tegundir almenningssamgangna og bættrar þjónustu við ferðamenn.
2. Upplýsingar um löggæslu, heilsugæslu, almenningssamgöngur og almannavarnir verði aðgengilegar, á erlendum tungumálum auk íslensku.
3. Við gerð almannavarnaáætlana sé tryggt að upplýsingar um hættuástand og viðbrögð nái til fólks á ferð um landið.
4. Merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og verði á erlendum tungumálum auk íslensku.

5. Aðgengi að skilgreindum „seglum“ verði tryggt allt árið, sbr. skýrsluna *Auðlindin Ísland.*
6. Skilgreindar verði lágmarkskröfur til upplýsingamiðstöðva sem lúta opinberu eftirliti.
7. Upplýsingamiðstöðvar sem lúta opinberu eftirliti verði auðkenndar sérstaklega.

Fjölþjóðasamstarf.

1. Alþjóðlegt samstarf beinist sérstaklega að vest-norræna svæðinu, öðrum norrænum löndum, meginlandi Evrópu og OECD-löndum.
2. Áfram verði haldið sérstöku samstarfi við önnur norræn lönd.
3. Kynning og aðstoð verði veitt við aðgang að fjármagni erlendis til verkefna í ferðaþjónustu.
4. Samstarf við erlenda ferðaþjónustuaðila verði aukið og því viðhaldið.
5. Þátttaka í fjölþjóðlegu tengslaneti verði aukin og því haldið við.

Gæða- og öryggismál.

1. Rekstrarleyfi verði höfð sýnileg, bæði á íslensku og fleiri tungumálum og útlit þeirra verði samræmt.
2. Áfram verði unnið að eflingu flokkunarkerfis gististaða og það kynnt frekar fyrir rekstraraðilum og neytendum.
3. Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi ráðstefnuaðstöðu.
4. Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi fólksflutningabifreiða.
5. Ferðamönnum sem ferðast um Ísland verði gert ljóst að þeir beri fulla ábyrgð á eigin gjörðum og þeim beri að fylgja leiðbeiningum sem þeir fá eða eru settar fram á viðkomustöðum þeirra.

Umhverfismál.

1. Ferðamönnum verði gerð betur grein fyrir ábyrgð sinni varðandi verndun umhverfisins.
2. Skilgreindum „seglum“ til að dreifa álagi á landið verði fjölgað og þeir gerðir aðgengilegir árið um kring.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar um ferðamál sem hér er flutt er samin af stýrihópi sem samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, skipaði haustið 2003 til að vinna að gerð ferðamálaáætlunar fyrir Ísland fyrir tímabilið 2006–2015. Magnús Oddsson ferðamálastjóri var skipaður formaður stýrihópsins. Aðrir í hópnum voru Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, og Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneyti. Með stýrihópnum starfaði Jón Gunnar Borgþórsson, verkefnisstjóri, frá áramótum 2003–2004.

Stýrihópnum bar einnig að hafa samráð við sérstakan vettvang hagsmunaaðila og leita þar m.a. sjónarmiða og tillagna um það sem betur mátti fara. Tilnefningar til þessa vettvangs voru eftirfarandi:

Frá Ferðamálasamtökum Íslands:

- Ásbjörn Björgvinsson, FSNA,
- Hildur Jónsdóttir, FSH,
- Hjörtur Árnason, FSVL,
- Jóhanna G. Jónasdóttir, FSVF,
- Kristján Pálsson, FSS.

Frá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF):
- Anna G. Sverrisdóttir, Bláa lóninu ehf.,
- Áslaug Alfreðsdóttir, Hótel Ísafirði,
- Matthías Kjartansson, Ráðstefnum og fundum ehf.,
- Steinn Logi Björnsson, Icelandair,
- Sævar Skaptason, Ferðaþjónustu bænda hf.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
- Garðar Vilhjálmsson, Reykjanesbæ,
- Gunnar Sigurðsson, Akranesi,
- Sigrún B. Jakobsdóttir, Akureyri,
- Steinunn Kolbeinsdóttir, Hvolhreppi,
- Svanhildur Konráðsdóttir, Reykjavík.

Frá stjórnmálaflokkum á þingi:
- Ásta R. Jóhannesdóttir, Samfylkingu,
- Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki,
- Jóhanna B. Magnúsdóttir, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði,
- Kjartan Már Kjartansson, Framsóknarflokki,
- Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum.

Í skipunarbréfi stýrihópsins er miðað við að: „... áætlunin geri tillögur um úrbætur á sem flestum sviðum íslenskrar ferðaþjónustu og geri tillögur um ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt áætluninni og eftir ákvörðun fjárlaga hverju sinni ... [og] skili tillögu sinni að nýrri ferðamálaáætlun eigi síðar en 1. september 2004 en stefnt er að því að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi næsta haust [2004] í formi þingsályktunar."

Í greinargerð með skipunarbréfinu kom jafnframt fram að hópnum væri ætlað að móta skýra áætlun um þau skref sem hann teldi nauðsynlegt að taka svo vöxtur ferðaþjónustunnar verði í samræmi við væntingar, m.a. varðandi atvinnusköpun, gjaldeyristekjur og arðsemi.

Við vinnslu áætlunarinnar var byggt að miklu leyti á skýrslum, úttektum og greinargerðum sem gerðar hafa verið á vegum ráðuneytisins og annarra aðila. Þá var og rætt við marga aðila sem vinna að ferðamálum og tengdri starfsemi.

Sett var upp vefsvæði fyrir verkefnið í því augnamiði að auðvelda samskipti, gera grunngögn aðgengileg á einum stað og gera vinnuna við áætlunina gagnsærri. Haldin voru málþing með aðilum hagsmunavettvangsins um starf stýrihópsins. Skil tillögunnar til ráðherra voru í lok ágúst 2004 eins og ráð hafði verið fyrir gert.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á, en fyrirmyndin er m.a. ný samgönguáætlun þar sem allir þræðir samgöngunetsins koma saman í einni heildaráætlun.

Áætluninni er ætlað að setja fram forgangsröðun og stefnumótun fyrir málaflokkinn í heild, hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla og meiri áherslu á samstarf og samspil milli aðila ferðaþjónustu á landinu, stofnana samgönguráðuneytisins, ráðuneytisins sjálfs og annarra ráðuneyta. Í framhaldi af samþykkt áætlunarinnar mun samgönguráðherra láta vinna aðgerða- og framkvæmdaáætlun.

Árið 1996 kom út stefnumótun samgönguráðuneytisins í ferðamálum til ársins 2005 en á þessu tímabili hefur átt sér stað mikil þróun í greininni og í raun talsvert meiri en ráð var fyrir gert í stefnumótuninni. Fyrirtæki hafa sameinast, önnur hætt rekstri og ný verið stofnuð og hagsmunasamtök ferðaþjónustufyrirtækja stofnuð (SAF). Breytingar hafa átt sér stað á sviði farþegaflugs, bæði innan lands og til og frá landinu. Reiknað er með frekari breytingum þar og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Stóraukin notkun internetsins, breytingar í fjar-

skiptatækni og þróun kauphegðunar ferðamanna kalla á breytingar á þeim innviðum sem ferðaþjónustufyrirtæki treysta á.

Umhverfismál hafa öðlast hærri sess í allri umræðu um ferðamál, enda hefur mikil þróun átt sér stað og mikil vinna verið lögð í þann málaflokk innan ferðaþjónustunnar og utan. Hið sama má segja um gæðamál. Einnig á þetta við um menntamálin, en þar er talin nauðsynleg frekari samræming á námsframboði. Þá þurfi að skilgreina betur menntunarþörfina, samstarf opinberra- og einkaaðila og hlutverk stjórnvalda í fjármögnun, uppbyggingu og vöruþróunarverkefnum.

Þá hefur aukning orðið á framlögum hins opinbera til íslenskrar ferðaþjónustu og nýrra leiða verið leitað til að hámarka árangur greinarinnar.

Einstökum aðgerðum í markaðsmálum hefur verið ýtt úr vör á ýmsum markaðssvæðum sem virðast hafa skilað umtalsverðum árangri, sbr. að ferðamönnum sem sóttu Ísland heim fjölgaði um 69% tímabilið 1995–2004 en sambærileg aukning í heiminum öllum var um 24% samkvæmt WTO (World Tourism Organization).

Samgönguráðherra hefur látið vinna eftirfarandi skýrslur um stöðu og möguleika ferðaþjónustunnar á ýmsum sviðum og eru þær, auk samgönguáætlunar 2003–2014, grunngögn þessarar ferðamálaáætlunar:

- *Íslensk ferðaþjónusta: Framtíðarsýn,*
- *Auðlindin Ísland,*
- *Menningartengd ferðaþjónusta,*
- *Heilsutengd ferðaþjónusta.*

Með hnitmiðuðu markaðs- og kynningarstarfi hefur undanfarin ár tekist að skapa meiri aukningu í ferðamannastraumi til landsins en í nágrannalöndunum.

Nú er litið svo á að nægilegur undirbúningur hafi átt sér stað til þess að hægt sé að gera áætlun um það sem nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd og þau skref sem nauðsynlega þarf að taka á næstu árum og áratug svo vöxtur ferðaþjónustunnar verði í samræmi við væntingar um m.a. atvinnusköpun, gjaldeyristekjur og arðsemi.

Það er viðfangsefni þessarar áætlunar að takast á við það verkefni.

Uppbygging áætlunarinnar.

Áætlunin og sú vinna sem að henni snýr skiptast í þrjá þætti. Umfangsmikil skýrslugerð hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem tekið hefur verið á allflestum þáttum ferðaþjónustunnar. Þessi skýrslugerð er grunnurinn að áætluninni og er gerð grein fyrir honum í fylgiskjali, þ.e. stöðumati greinarinnar, líklegri framtíðarþróun og þýðingu hennar fyrir íslenskt þjóðfélag.

Hér á eftir er gerð grein fyrir markmiðum innan einstakra málaflokka og stefnumið mótuð fyrir framkvæmd þeirra.

Með því að skilgreina með þessum hætti markmið komandi áratugar, þær leiðir sem ætlað er að fara og fyrirhugaðar aðgerðir, ætti að nást betri samhæfing hjá þeim sem að ferðaþjónustu koma. Í stuttu máli sagt, að auka skilvirkni á grundvelli agaðra vinnubragða sem sátt er um.

Vinnu sem þessari lýkur aldrei. Aðstæður breytast, og sveigjanleiki og viðbragðsflýtir eru nauðsynlegir til að bregðast við óvæntum atburðum. Gæði í ferðaþjónustu snúast um að uppfylla væntingar ferðamannsins og skapa upplifun sem hann er ánægður með. Upplifun sem ferðaþjónustan og reyndar þjóðin öll getur verið stolt af.



Mynd 1. Yfirlit áætlunar.

Í samræmi við framantalið verði lögð áhersla á eftirfarandi:

Rekstrarumhverfi.

Markmið.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru sett fram eftirfarandi markmið:

- Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við skilyrði í samkeppnislöndunum.
- Ferðamálaráð vinni náið með aðilum í greininni að markaðsstarfi og framþróun með það að markmiði að þjónusta við ferðamenn verði heilsársatvinnugrein og skapi þannig fleiri örugg og vel launuð störf.

Auk þessa er í áætluninni gert ráð fyrir að:

- kerfi opinberra leyfisveitinga og eftirlits verði einfalt og skilvirkt,
- fyrirtæki í ferðaþjónustu njóti sams konar rekstrarskilyrða og önnur gjaldeyrisskapandi fyrirtæki á Íslandi.

Leiðir.

- Skattlagning verði endurskoðuð.
- Í nýrri lagasetningu vegna ferðaþjónustu verði leyfisveitingar til ferðaskrifstofa gerðar einfaldari og skilvirkari.
- Opinber gjöld vegna aðfanga og búnaðar til ferðaþjónustu verði sambærileg og í samkeppnislöndum okkar.
- Leitast verði við að fé til sameiginlegrar markaðssetningar verði tryggt til lengri tíma.
- Unnið verði markvisst gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum.
- Opinberir aðilar stundi ekki atvinnustarfsemi í samkeppni við einkarekin ferðaþjónustufyrirtæki.
- Opinbert eftirlit verði lágmarkað og einfaldað og eftirlit á vegum hinna ýmsu aðila sameinað þar sem hægt er.

Kynningarmál.

Markmið.

- Íslandi sé komið á framfæri sem heild með almennri kynningu bæði innan lands og erlendis.
- Í allri kynningu sé lögð áhersla á að dreifa umferð/álagi yfir tíma og á svæði.
- Samstarf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu styrki innviði greinarinnar og efli markaðssetningu landsins sem heildar.
- Opinberir fjármunir verði nýttir að stærstum hluta til samstarfsverkefna í kynningarmálum.
- Fyrir liggi rannsóknir og áætlanir um aðkomu opinberra aðila að kynningarmálum á tilgreindum mörkuðum.
- Ferðamálaráð vinni náið með aðilum í greininni að markaðsstarfi og framþróun með það að markmiði að þjónusta við ferðamenn verði heilsársatvinnugrein og skapi þannig fleiri örugg og vel launuð störf.
- Ferðamenn skynji að ferðalög til landsins séu áhættu- og fyrirhafnarlítil.

Leiðir.

- Áfram verði unnið að uppbyggingu ímyndar Íslands og hún varin með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar:
  - einstaka og fjölbreytta náttúru,
  - umhverfisvernd,
  - menningu/þjóðina,
  - fagmennsku,
  - gæði/öryggi,
  - heilsu og hreinleika,
  - gestrisni,
  - myndræn einkenni (lógó),
  - slagorð.
- Megináhersla í öllum kynningarmálum verði áfram á Ísland, Norður-Ameríku, Bretland, önnur norræn lönd og meginland Evrópu.
- Aðgengi einkaaðila að opinberum framlögum til kynningar- og markaðsmála verði háð eigin framlögum þeirra til vel skilgreindra og vænlegra verkefna.
- Samræmis verði gætt í allri kynningu á landinu í heild, sem og í aðlögun kynningarefnis og skilaboða fyrir einstaka markhópa eða markaðssvæði.
- Aðferðafræðin sem notuð hefur verið við „Iceland Naturally“ í Norður-Ameríku (þ.e. sameiginleg kynning vöru og þjónustu) verði notuð við aðkomu opinberra aðila að kynningu Íslands á öðrum markaðssvæðum.

Nýsköpun og þróun.

Markmið.

- Nýsköpun og þróun í greininni auki arðsemi allt árið með bættri nýtingu fjárfestinga.
- Áhrif nýsköpunar á vöxt íslenskrar ferðaþjónustu verði rannsökuð.
- Sífelld endurnýjun og endurmat ferðaþjónustunnar eigi sér stað.
- Vöru- og þjónustuþróunarferlar verði mótaðir til hagnýtingar fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki.

Leiðir.
- Stjórnvöld taki virkan þátt í nýsköpunar- og vöruþróunarstarfi ferðaþjónustunnar, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Menntun.
Markmið.
- Menntun taki mið af og þróist í samræmi við síbreytilegar þarfir ferðaþjónustunnar.
- Allt nám á lægri skólastigum opni möguleika til frekara framhaldsnáms.
- Fjarnám verði í boði þar sem við á.
- Dregið verði úr misræmi námskostnaðar í „réttindanámi".
- Menntunarframboð stjórnvalda taki mið af þarfagreiningu á hverjum tíma.
- Gæði menntunar skal tryggja með sérhæfingu menntastofnana þar sem við á.

Leiðir.
- Aukið tillit verði tekið til kostnaðar fyrirtækja í tengslum við starfsnám.
- Námsbrautir framhaldsskóla og sérskóla tengist svo sem kostur er þannig að ekki myndist blindgötur eða óþörf skörun námsbrauta og skólastiga.
- Háskólanám í ferðamálum byggist í vaxandi mæli á þeim grunni sem lagður er á framhaldsskólastigi, þannig að við inntöku nemenda verði tekið tillit til menntunar og/eða reynslu á sviði ferðamála.
- Tryggt verði aðgengi að hröðu fjarskiptaneti við fjarnám.

Rannsóknir.
Markmið.
- Rannsóknir í ferðaþjónustu verði í samræmi við þarfir greinarinnar og styðji við framkvæmd ferðamálaáætlunar.
- Unnið verði úr rannsóknum og niðurstöðum þeirra og þær túlkaðar á hagnýtan hátt þannig að þær nýtist greininni sem best.
- Þjóðhagsleg áhrif ferðaþjónustunnar verði skilgreind.

Leiðir.
- Hluta þeirra fjármuna er nýsköpunar- og þróunarsjóður ferðamála fær til ráðstöfunar skal varið til rannsókna í ferðamálum.
- Starfrækt verði gagnamiðstöð er vinni að söfnun, úrvinnslu og túlkun gagna til hagnýtingar fyrir bæði opinbera aðila og einkaaðila innan greinarinnar.
- Hlúð verði að hvers kyns grunnransóknum og hagnýtum rannsóknum í ferðamálafræði.

Grunngerð.
Markmið.
- Traust grunngerð samfélagsins styðji við ferðaþjónustu.
- Ferðamenn greini yfirburðarþjónustu, öryggi og alþjóðlegan brag í grunngerð samfélagsins.
- Fyrirkomulag upplýsingagjafar til ferðamanna sé skilvirkt og aðgengi að upplýsingum gott.
- Uppbygging samskipta- og fjarskiptakerfis landsins taki m.a. mið af þörfum ferðaþjónustunnar.
- Áhersla verði lögð á að almenningssamgöngur um landið myndi heildstætt net.

Leiðir.
- Umferðarmiðstöðvar verði nýttar til tengingar og samræmingar allra tegunda almenningssamgangna og bættrar þjónustu við ferðamenn.
- Upplýsingar um löggæslu, heilsugæslu, almenningssamgöngur og almannavarnir verði aðgengilegar á erlendum tungumálum auk íslensku.
- Við gerð almannavarnaáætlana sé tryggt að upplýsingar um hættuástand og viðbrögð nái til fólks á ferð um landið.
- Merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og verði á erlendum tungumálum auk íslensku.
- Aðgengi að skilgreindum „seglum“ verði tryggt allt árið, sbr. skýrsluna *Auðlindin Ísland.*
- Skilgreindar verði lágmarkskröfur til upplýsingamiðstöðva sem lúta opinberu eftirliti.
- Upplýsingamiðstöðvar sem lúta opinberu eftirliti verði auðkenndar sérstaklega.

Fjölþjóðasamstarf.
Markmið.
- Ísland taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði ferðamála í eftirfarandi augnamiði:
  - að hagsmunum íslenskrar ferðaþjónustu í öðrum löndum sé gætt,
  - að viðhalda og auka aðgang að upplýsingum um ferðamál, þróun þeirra og stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi á því sviði,
  - að skapa aðgengi íslenskra ferðaþjónustuaðila að fjölþjóðlegum verkefnum,
  - að koma sjónarmiðum íslenskrar ferðaþjónustu á framfæri erlendis.

Leiðir.
- Alþjóðlegt samstarf beinist sérstaklega að vest-norræna svæðinu, öðrum norrænum ríkjum, meginlandi Evrópu og OECD-löndum.
- Áfram verði haldið sérstöku samstarfi við önnur norræn lönd.
- Kynning og aðstoð verði veitt vegna aðgangs að fjármagni erlendis til verkefna í ferðaþjónustu.
- Samstarf við erlenda ferðaþjónustuaðila verði aukið og því viðhaldið.
- Þátttaka í fjölþjóðlegu tengslaneti verði aukin og því haldið við.

Gæða- og öryggismál.
Markmið.
- Þjónusta á Íslandi uppfylli eða sé umfram væntingar ferðamanna um gæði og öryggi.
- Gestir til landsins verði fljótir að átta sig á þeim þáttum grunnskipulags þjóðfélagsins sem að þeim snúa.
- Nauðsynlegt eftirlit með flokkun og vottun sé til staðar og skilvirkni sé gætt.
- Virkt ferli sé til staðar til að sækja umsagnir/kvartanir og vinna úr þeim.
- Afþreyingarfyrirtæki hafi tilskilin leyfi.
- Neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um forsendur flokkunarkerfa ferðaþjónustufyrirtækja.
- Nauðsynlegar upplýsingar fyrir ferðamenn, m.a. um veður og ástand vega, séu aðgengilegar, auðskildar og í samræmi við árstíð.
- Tryggður verði gagnagrunnur upplýsinga um ferðaþjónustu fyrir neytendur.
- Ferðamönnum sem ferðast um Ísland sé ljóst að þeir beri fulla ábyrgð á eigin gjörðum á ferð um landið.

- Til sé áætlun um hvernig nýta skuli fjölmiðla við að koma upplýsingum til ferðamanna í neyðartilfellum, svo sem við náttúruhamfarir.

Leiðir.
- Rekstrarleyfi verði sýnileg, bæði á íslensku og fleiri tungumálum og útlit þeirra verði samræmt.
- Áfram verði unnið að eflingu flokkunarkerfis gististaða og það kynnt frekar fyrir rekstraraðilum og neytendum.
- Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi ráðstefnuaðstöðu.
- Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi fólksflutningabifreiða.
- Ferðamönnum sem ferðast um Ísland verði gert ljóst að þeir beri fulla ábyrgð á eigin gjörðum og þeim beri að fylgja leiðbeiningum sem þeir fá eða eru fram settar á viðkomustöðum þeirra.

Umhverfismál.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:
- Að unnið skuli að því að Ísland haldi stöðu sinni sem forystuþjóð í umhverfismálum.
- Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.
- Unnið verði að því að auka ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja í ferðaþjónustu í umhverfismálum.

Markmið.
- Náttúra Íslands verði varðveitt, enda einn mikilvægasti þátturinn í ímynd landsins.
- Ferðamenn dreifist um landið til að minnka álag á einstaka staði (sbr. Kynningarmál).
- Vitund fólks, fyrirtækja og stofnana um þýðingu umhverfisverndar aukist.

Leiðir.
- Ferðamönnum verði gerð betur grein fyrir ábyrgð sinni varðandi verndun umhverfisins.
- Skilgreindum „seglum“ til að dreifa álagi á landið verði fjölgað (sjá Nýsköpun og þróun) og þeir gerðir aðgengilegir árið um kring.

1033. Fyrirspurn [679. mál]

til félagsmálaráðherra um lánatryggingasjóð kvenna.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve margar umsóknir um lán hafa borist lánatryggingasjóði kvenna árlega undanfarin þrjú ár og hvernig skiptast þær eftir kjördæmum?
2. Við hve mörgum lánsumsóknum hefur verið orðið á þessum tíma og hvernig skiptast þær eftir kjördæmum?

3. Hve miklu hefur verið úthlutað úr sjóðnum á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

1034. Fyrirspurn [680. mál]

til iðnaðarráðherra um vaxtarsamning fyrir Norðurland vestra.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Er fyrirhugað að gera vaxtarsamning fyrir Norðurland vestra, svipaðan þeim sem gerður hefur verið fyrir Vestfirði og verið er að gera fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar? Ef svo er, hvenær?
2. Hefur komið fram ósk frá Norðurlandi vestra um gerð vaxtarsamnings?

1035. Svar [610. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um sauðfjársláturhús.

1. *Hvernig hefur fjöldi sláturfjár skipst á einstök sláturhús í landinu sl. fimm ár, sundurliðað eftir dilkum og fullorðnu fé?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Slátrun eftir sláturleyfishöfum árið 2000.

	Sauðfé, dilkar		Sauðfé, fullorðið		Samtals
Sláturleyfishafi	**Fjöldi**	**kg**	**Fjöldi**	**kg**	**kg**
Goði hf.	188.217	2.986.269	18.313	454.717	3.440.986
Sláturfélag Suðurlands	101.905	1.540.882	13.930	331.118	1.872.000
Kaupfélag Króksfjarðar	10.303	171.046	1.328	37.515	208.561
Kaupfélag Bitrufjarðar	6.301	106.760	453	12.928	119.688
Sölufélag A-Húnvetninga	48.567	761.921	4.635	115.260	877.181
Kaupfélag Skagfirðinga	34.559	544.366	2.520	64.979	609.345
Kaupfélag Eyfirðinga	54	737	0	0	737
Norðlenska ehf.	55.800	846.044	5.083	129.325	975.369
Kaupfélag Héraðsbúa	19	291	0	0	291
Sláturfélag Vopnfirðinga	11.882	183.766	1.263	32.068	215.834
Norðvesturbandalagið, Hvammstanga	1.189	19.575	14	374	19.949
Sláturfélag Vesturlands hf.	35.312	545.421	3.921	96.671	642.092
Ferskar afurðir eh.	18.267	298.518	1.234	31.931	330.449
Fjallalamb	23.284	364.528	1.884	49.961	414.489
Þríhyrningur	503	7.982	15	386	8.368
Alls	**536.162**	**8.378.106**	**54.593**	**1.357.233**	**9.735.339**

Slátrun eftir sláturleyfishöfum árið 2001.

	Sauðfé, dilkar		Sauðfé, fullorðið		Samtals
Sláturleyfishafi	**Fjöldi**	**kg**	**Fjöldi**	**kg**	**kg**
Goði hf.	779	12.431	72	2.086	14.517
Sláturfélag Suðurlands	131.643	1.941.440	11.279	266.685	2.208.125
Kaupfélag Borgfirðinga	24.492	364.956	1.102	26.477	391.433
Kaupfélag Króksfjarðar	9.812	154.183	506	13.572	167.755
Kaupfélag Bitrufjarðar	5.831	93.611	331	9.099	102.710
Kaupfélag V-Húnvetninga	20.558	323.665	1.489	37.746	361.411
Sölufélag A-Húnvetninga	60.234	914.166	3.352	81.477	995.643
Kaupfélag Skagfirðinga	47.849	733.986	1.959	48.491	782.477
Norðlenska ehf.	54.348	841.725	3.091	79.911	921.636
Kaupfélag Héraðsbúa	48.955	770.603	2.425	61.899	832.502
Ferskar afurðir ehf.	48.866	757.391	3.063	77.141	834.532
Sláturfélagið Búi svf.	21.848	316.577	801	18.041	334.618
Sláturfélag Vopnfirðinga	12.824	203.003	524	13.285	216.288
Sláturfélag Vesturlands hf.	630	9.573	16	388	9.961
Fjallalamb	25.566	398.553	1.698	43.836	442.389
Alls	**514.235**	**7.835.863**	**31.708**	**780.134**	**8.615.997**

Slátrun eftir sláturleyfishöfum árið 2002.

	Sauðfé, dilkar		Sauðfé, fullorðið		Samtals
Sláturleyfishafi	**Fjöldi**	**kg**	**Fjöldi**	**kg**	**kg**
Sláturfélag Suðurlands	125.634	1.852.963	10.627	233.325	2.086.288
Kaupfélag Borgfirðinga	72	1.243	14	307	1.550
Brákarsund ehf.	30.902	454.995	2.022	42.654	497.649
Kaupfélag Króksfjarðar	9.366	142.365	780	20.376	162.741
Kaupfélag Bitrufjarðar	4.797	77.223	315	8.164	85.387
Kaupfélag V-Húnvetninga	37.468	590.159	2.895	69.695	659.854
Sölufélag A-Húnvetninga	55.731	838.567	3.318	77.112	915.679
Kaupfélag Skagfirðinga	49.837	753.679	2.382	52.348	806.027
Norðlenska ehf.	56.738	853.479	3.395	80.141	933.620
Sláturfélag Austurlands	47.358	739.026	3.285	67.993	807.019
Ferskar afurðir ehf.	37.880	595.323	2.941	72.511	667.834
Sláturfélagið Búi svf.	22.779	333.219	1.660	36.227	369.446
Sláturfélag Vopnfirðinga	14.370	223.398	636	15.302	238.700
Fjallalamb	25.715	393.725	2.049	50.658	444.383
Alls	**518.647**	**7.849.364**	**36.319**	**826.813**	**8.676.177**

Slátrun eftir sláturleyfishöfum árið 2003.

	Sauðfé, dilkar		Sauðfé, fullorðið		Samtals
Sláturleyfishafi	**Fjöldi**	**kg**	**Fjöldi**	**kg**	**kg**
Sláturfélag Suðurlands	128.295	1.957.047	10.407	244.231	2.201.278
Kaupfélag Króksfjarðar	8.585	134.826	684	18.260	153.086
Kaupfélag V-Húnvetninga	61.197	973.602	3.856	95.469	1.069.071
Sölufélag A-Húnvetninga	62.122	948.388	3.610	90.386	1.038.774
Kaupfélag Skagfirðinga	93.315	1.440.574	4.085	99.924	1.540.498
Norðlenska ehf.	82.700	1.257.499	3.786	95.949	1.353.448
Sláturfélag Austurlands	482	7.960	0	0	7.960
Ferskar afurðir ehf.	331	5.292	17	477	5.769
Dalalamb ehf.	13.169	209.787	793	20.263	230.050
Sláturfélagið Búi svf.	24.563	371.875	1.596	36.736	408.611
Sláturfélag Vopnfirðinga	16.908	267.334	575	15.575	282.909
Fjallalamb	29.690	450.105	2.013	50.859	500.964
Alls	**521.357**	**8.024.289**	**31.422**	**768.129**	**8.792.418**

Slátrun eftir sláturleyfishöfum árið 2004.

	Sauðfé, dilkar		Sauðfé, fullorðið		Samtals
Sláturleyfishafi	**Fjöldi**	**kg**	**Fjöldi**	**kg**	**kg**
Sláturfélag Suðurlands	122.062	1.849.630	11.062	260.669	2.110.299
Kaupfélag Króksfjarðar	8.465	130.725	630	16.929	147.654
Kaupfélag V-Húnvetninga	62.304	976.750	4.704	113.848	1.090.598
Sölufélag A-Húnvetninga	73.506	1.100.376	4.454	107.279	1.207.655
Kaupfélag Skagfirðinga	96.621	1.467.358	4.803	116.075	1.583.433
Norðlenska ehf.*	86.289	1.257.279	4.852	117.545	1.374.824
Norðlenska /Höfn	22.685	339.102	1.401	31.682	370.784
Sláturfélagið Búi svf.	329	4.820	0	0	4.820
Sláturfélag Vopnfirðinga	19.141	300.079	551	14.894	314.973
Fjallalamb	26.740	384.745	2.288	54.244	438.989
Alls	**518.142**	**7.810.864**	**34.745**	**833.165**	**8.644.029**

* Slátrun S-Austurlands er inni í tölum Norðlenska.

2. *Hverjar hafa heildarlaunagreiðslur vegna sauðfjárslátrunar verið á sama tíma, sundurliðað eftir einstökum sláturhúsum?*

Launagreiðslur einstakra sláturhúsa eru ráðuneytinu að öllu óviðkomandi og þar af leiðandi liggja ekki fyrir upplýsingar um þær í ráðuneytinu.

3. *Hvert hefur hlutfall heimamanna verið af starfsfólki sláturhúsanna á sama tíma, sundurliðað eftir einstökum sláturhúsum?*

Starfsmannahald einstakra sláturhúsa eru ráðuneytinu að öllu óviðkomandi og þar af leiðandi liggja ekki fyrir upplýsingar um það í ráðuneytinu.

1036. Svar [564. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um útflutning og kynningu á íslensku lambakjöti á erlendum mörkuðum.

1. *Hversu miklu fé hefur ríkissjóður varið sl. fimm ár í kynningu á lambakjöti fyrir erlenda markaði? Hversu hátt hlutfall er kynning á lambakjöti fyrir Bandaríkjamarkað í þessu sambandi?*

Nefnd um markaðssetningu dilkakjöts á erlendum mörkuðum skilaði ráðherra skýrslu í janúar sl. Í henni koma fram m.a. eftirfarandi upplýsingar:

Framlög til markaðsfærslu á lambakjöti erlendis árin 1998–2004, á verðlagi hvers árs, þús. kr.

Ár	Bandaríkin	Danmörk	Bretland	Ítalía	Færeyjar	Þýskaland
1998	1.770	1.427	260			
1999		1.047			400	
2000	4.173					
2001	4.040					
2002	9.289	5.000		1.500		
2003	9.850	5.100		3.500		900
2004*	9.990	3.500		900		
	39.112	**16.074**	**260**	**5.900**	**400**	**900**

* Áætluð upphæð fyrir árið 2004

Heimild : Áform, átaksverkefni, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

2. *Hversu margir starfsmenn starfa fyrir ríkissjóð í þessu verkefni á ári?*

Um er að ræða hluta úr starfi eins starfsmanns sem vinnur að markaðsmálum dilkakjöts á erlendum mörkuðum.

3. *Hvernig skiptist kostnaðurinn sem hlotist hefur af verkefninu (laun, ferðakostnaður, matvælasýningar, sími, auglýsingar o.s.frv.)?*

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins er skipting kostnaðar af „Áformsverkefninu“ sem hér segir árið 2004, en lokauppgjör ársins liggur ekki endanlega fyrir:

Rekstur verkefnisins kostaði 10,5 millj. kr. Verkefnaútgjöld námu 22,4 millj. kr., þar af voru 10,5 millj. kr. innan lands og 11,9 millj. kr. erlendis. Verkefnaútgjöld og rekstur alls námu því 32,9 millj. kr. en tekjur voru 31,3 millj. kr. Halli af verkefninu varð því 1,6 millj. kr., en afgangurinn frá árinu 2003 var 2,3 millj. kr.

Rekstur:	Í þús kr.	
Verkefnastjóri	7.976	v/ verkefnisstjórnar, dagpeninga og bifreiðakostnaðar.
Sími- og tölvukostn.	720	sem skiptist nokkurn veginn til helminga.
Húsnæðiskostn.	616	húsaleiga og sameiginlegur kostnaður.
Bókhald/ fjárreiður	750	Framl.sj.
Annað	436	
Samtals rekstur	**10.498**	

Verkefnakostnaður:	Innlendur:	Erlendur:	Samtals:
USA-verkefni	3.481	10.782	14.263
Danmerkurverkefni	385	1.016	1.401
Önnur lönd	130	64	194
Sameiginlegur innl. kostn.	6.529		6.529
Samtals verkefnagjöld	**10.525**	**11.862**	**22.387**

Af 10,8 millj. kr. verkefnakostnaði í Bandaríkjunum eru 3,4 millj. kr. vegna kynningar í verslunum vestanhafs og 3,5 millj. kr. vegna eins þáttar í matreiðsluþáttaröð PBS-TV sem nefnist „Chefs afield". Einhver innlendur kostnaður féll á verkefnið.

Stærsti einstaki innlendi kostnaðarliðurinn er 2,0 millj. kr. þátttaka í „Food and Fun" matvælahátíðinni. Að öðru leyti er verkefnakostnaðurinn að mestu leyti flugfarseðlar, annar ferðakostnaður og hótelkostnaðar erlendis og kostnaður samfara móttöku lykilfólks sem hingað kemur til þess að kynnast aðstæðum, landi og þjóð, uppruna afurðanna o.s.frv.

4. *Hefur eitthvað áunnist fyrir bændur í þessu verkefni? Er skilaverð hærra til bænda sem leiða fé sitt til slátrunar hjá afurðastöðvum sem framleiða lambakjötsafurðir til útflutnings?*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um útflutning á lambakjöti árin 2003 og 2004, magn og fob-verðmæti, ásamt meðalverði hvers kg kjöts eftir einstökum löndum.

Útflutningur lambakjöts árin 2003 og 2004.

	Árið 2003			Árið 2004		
Lönd	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.
Bandaríkin	72	46.793	648	105	67.484	645
Belgía	0	0	0	3	2.231	755
Bretland	571	118.862	208	334	77.626	233
Danmörk	314	102.661	327	183	107.526	588
Frakkland	0	9	393	49	20.844	424
Færeyjar	444	138.528	312	353	114.118	323
Gabon	0	0	0	65	7.685	119
Grænland	26	6.283	240	0	24	639
Holland	0	6	158	49	22.550	458
Ítalía	442	149.893	340	70	26.526	382
Japan	33	6.114	186	154	40.459	263
Lúxemborg	0	51	741	0	0	0
Noregur	321	95.336	297	290	86.362	298
Spánn	0	0	0	60	19.478	326
Svíþjóð	31	13.032	423	7	4.223	626
Þýskaland	0	0	0	12	8.365	707
Samtals	**2.253**	**677.567**	**301**	**1.732**	**605.499**	**350**

	Árið 2003			Árið 2004		
Lönd	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.
ESB	1.357	384.514	283	765	289.368	378
Bandaríkin	72	46.793	648	105	67.484	645
Færeyjar	444	138.528	312	353	114.118	323
Gabon	0	0	0	65	7.685	119
Grænland	26	6.283	240	0	24	639
Japan	33	6.114	186	154	40.459	263
Noregur	321	95.336	297	290	86.362	298
Samtals	**2.253**	**677.567**	**301**	**1.732**	**605.499**	**350**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Það er ætíð háð mati hversu mikill ávinningur er af slíkum verkefnum, en ljóst er að vegið meðalverð á útfluttu lambakjöti hefur hækkað um 49 kr./kg á milli árana 2003 og 2004, þrátt fyrir sterka stöðu krónunnar. Ekki liggja fyrir upplýsingar í ráðuneytinu um skilaverð til bænda fyrir þessar afurðir.

5. *Hversu mikið af lambakjötsafurðum hefur farið til útflutnings á sl. fimm árum og hversu hátt er hlutfall útflutnings til Bandaríkjanna í því sambandi?*

Heildarútflutningur af kindakjöti hefur verið sem hér segir sl. fimm ár, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands:

Heildarútflutningur kindakjöts, 2000–2004, tonn.

Ár	Flutt út	Þar af til Bandaríkjanna
2000	1.333	36
2001	1.500	48
2002	1.518	55
2003	2.253	72
2004	1.732	105

6. *Hvaða flutningafyrirtæki helst hafa flutt út afurðirnar og hvernig er hlutfallið á milli flutningsleiða, þ.e. annars vegar sjóflutninga og hins vegar landflutninga?*

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir í ráðuneytinu, en gera má ráð fyrir að meginhlutinn sé fluttur úr með skipi.

7. *Hvaða afhendingarskilmála er notast við í samningum við kaupendur (cif, fob, ddp o.s.frv.) á lambakjötsafurðum til kaupenda á Bandaríkjamarkaði?*

Samkvæmt upplýsingum Norðlenska ehf., en það fyrirtæki sér um mestallan útflutninginn á Bandaríkjamarkað, er greitt undir vöruna inn í vöruhús kaupanda í Bandaríkjunum, þ.e. CIF-vöruhús.

8. *Hverjir eru greiðsluskilmálar í samningum um lambakjötsafurðir til kaupenda á Bandaríkjamarkaði?*

Samkvæmt upplýsingum Norðlenska ehf. eru greiðsluskilmálarnir úttektarmánuður + mánuður, þ.e. að greitt er u.þ.b. tveim mánuðum eftir að varan er send frá Íslandi.

9. *Eru lambakjötsafurðir tollskyldar inn til Bandaríkjamarkaðar?*

Nei, þær eru ekki tollskyldar lengur.

1037. Frumvarp til laga [681. mál]

um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samningseða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkams-

tjóns, svo sem lífeyrissjóði, almannatryggingum eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. án frádráttar. Bætur skulu þó ekki nema lægri fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skaðabótalögum, nr. 50/1993, var breytt með lögum nr. 37/1999 og hafði sú breyting mikla réttarbót í för með sér. Hins vegar voru þá jafnframt lögleiddar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila sem hafa komið nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki og ekkjum og ekklum.

Alvarlega slasað fólk sem metið er með meira en 50% varanlega örorku á rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem verst eru settir eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum, svo sem tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.fl. Fyrir breytinguna árið 1999 voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum. Eftir breytinguna 1999 hafa slíkar bætur hins vegar verið dregnar frá þessum hópi skv. 4. mgr. 5. gr. laganna sem hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þar sem það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð. Það getur m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum í framtíðinni. Þá geta tekjur tjónþola haft áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur.

Með breytingunni 1999 voru bætur til eftirlifandi maka lækkaðar verulega þannig að nú eru dregnar frá „ímyndaðar“ greiðslur sem hinn látni maki fær ekki, þ.e. ef hinn látni hefði lifað af slysið hefði hann átt rétt á bótum frá almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunnar. Þær greiðslur fær hann ekki en samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna á engu síður að taka tillit til þessara greiðslna eins og þær hefðu verið greiddar og draga þær frá áður en tjón makans er reiknað út.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir og sanngirnissjónarmiðum leggur allsherjarnefnd til tvenns konar breytingar á skaðabótalögum, annars vegar að í 4. mgr. 5. gr. laganna verði kveðið á um að eingöngu eingreiðslur frá almannatryggingum dragist frá bótum til tjónþola í stað greiðslna frá almannatryggingum eins og nú er og hins vegar að orðunum „án frádráttar“ verði bætt við ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna til að koma í veg fyrir að bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka. Með þessu verður komið í veg fyrir frádrátt frá bótum í þeim tilvikum þegar um er að ræða alvarlega slasaða einstaklinga og ekkjur og ekkla.

1038. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. fellur brott og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því.
b. Orðin „sbr. þó ákvæði 9. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.

5. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald“ í 1. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr. a og 5. og 7. mgr. 12. gr. laganna kemur: sbr. 19. gr.

6. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

b. Orðin „og sameina hana aflahlutdeild annars skips“ í 6. mgr. falla brott.

8. gr.

Í stað orðanna „skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: skv. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.

9. gr.

Í stað orðanna „1. september“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 1. október.

10. gr.

Í stað orðanna „2005/2006“ í ákvæði til bráðabirgða XXXI í lögunum, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, kemur: 2009/2010.

11. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, 1. gr. laga nr. 75 26. mars 2003 og 1. gr. laga nr. 149 20. desember 2003.

1039. Frumvarp til laga [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Í stað 3.–5. málsl. 7. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1040. Fyrirspurn [682. mál]

til forsætisráðherra um útgjöld til jafnréttismála.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hver var heildarupphæð fjárveitinga til jafnréttismála hér á landi, eins og þau eru tilgreind í jafnréttisáætlunum ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig skiptast þessar fjárveitingar milli ráðuneyta sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

1041. Fyrirspurn [683. mál]

til utanríkisráðherra um Alþjóðaumhverfissjóðinn.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvað líður aðild Íslands að Alþjóðaumhverfissjóðnum?

1042. Fyrirspurn [684. mál]

til utanríkisráðherra um íslensku friðargæsluna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að íslenskum friðargæsluliðum verði settar siðareglur?

1043. Fyrirspurn [685. mál]

til utanríkisráðherra um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hefur ráðherra gert tillögur um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi, eins og kveðið er á um í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar?

1044. Frumvarp til laga [686. mál]

um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: þ.m.t. vaxtatekjur.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. september 2005“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur: 1. janúar 2006.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en ákvæði 1. gr. kemur þó til framkvæmda frá og með 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum að vaxtatekjur af úrvinnslugjaldi skuli renna til Úrvinnslusjóðs. Í því felst einnig að reiknaðir verði vextir á skuld sem myndast kann gagnvart ríkissjóði. Sjóðurinn hefur til þessa ekki fengið vaxtatekjur heldur hafa þær runnið í ríkissjóð. Í 4. gr. laganna segir að vöruflokkum skuli skipta í uppgjörsflokka og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til þess að mæta gjöldum þess flokks. Ákvörðun gjaldsins byggist á áætlun um magn og útgjöld. Sé gjaldtaka umfram útgjöld eiga vaxtatekjur að lækka þá upphæð sem innheimta þarf af viðkomandi vöruflokki. Ekki er því æskilegt að láta hluta teknanna, vaxtatekjur, renna í ríkissjóð, enda er skýrt kveðið á um að úrvinnslugjald eigi að innheimta til að standa undir sérgreindu endurgjaldi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Vaxtatekjur voru á sínum tíma greiddar til spilliefnanefndar af spilliefnagjaldi sem lagt var á samkvæmt lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996. Í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, er tekið fram að Úrvinnslusjóður taki við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar. Í frumvarpi þessu er einnig höfð hliðsjón af 12. og 13. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, þar sem kveðið er á um að meðal tekna ofanflóðasjóðs séu vaxtatekjur. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að Úrvinnslusjóður fái vexti af úrvinnslugjaldi frá og með 1. janúar 2005.

Hins vegar er lagt til að gildistaka ákvæðis í 7. gr. a sé frestað, sbr. ákvæði til bráðabirgða II og III í lögunum. Í erindi Úrvinnslusjóðs til umhverfisráðuneytisins var óskað eftir að gildistöku ákvæðis sem heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa og plastumbúðir verði frestað til 1. janúar 2006, eða um fjóra mánuði. Ekki er lagt til að frestað verði greiðslum vegna móttöku á bylgjupappaumbúðum sem hefjast þann 1. apríl 2005 né vegna annarra umbúða sem hefjast 1. mars 2006. Við frestun á ákvæði til bráðabirgða II þarf einnig að fresta ákvæði til bráðabirgða III en það kveður á um að greiða skuli áfram úrvinnslugjald á samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvöruumbúðir samkvæmt tollskrárnúmerum þar til nýtt kerfi tekur gildi. Mat Úrvinnslusjóðs á þörfinni á því að fresta þurfi framangreindu ákvæði byggist á samráði við sérstaka verkefnisstjórn sem stofnuð hefur verið af hagsmunaaðilum til að hafa umsjón með framkvæmd laga nr. 128/2004, um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Verkefnisstjórninni er ætlað að tryggja gott upplýsingaflæði milli aðila með fram-

kvæmd á álagningu úrvinnslugjalds á pappa- og plastumbúðir og vera Úrvinnslusjóði og öðrum er koma að framkvæmdinni til ráðgjafar. Verkefnisstjórnina skipa fulltrúar frá Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra stórkaupmanna, tollstjóra, fyrir hönd tollmiðlara, fulltrúi frá TVG-Ziemsen, LÍÚ og Félagi fiskframleiðenda og fulltrúar frá Úrvinnslusjóði.

Ein meginástæða þess að framangreind verkefnisstjórn telur að fresta þurfi gildistöku ákvæðis 7. gr. a er að atvinnulífið þurfi lengri aðlögunarfrest til að geta skilað inn upplýsingum um þyngd umbúða. Í 7. gr. a er byggt á þeirri meginreglu að innflytjendum beri að gefa upp þyngd umbúða þegar vara er flutt inn til landsins. Útreikningur á umbúðamagni getur verið flókinn og gefa þarf innflytjendum aðlögunarfrest til þess að fá fullnægjandi upplýsingar frá framleiðendum. Í dag er kerfið byggt þannig upp að ef ekki er hægt að nálgast nákvæmar upplýsingar um umbúðir utan um vöru má beita ákveðnum reiknireglum sem kveða á um að 15% af þyngd vöru teljist umbúðir sem greitt skuli af ef engar upplýsingar eru til um raunþyngd umbúða. Verkefnisstjórnin telur að setja þurfi fleiri reiknireglur þar sem gera má ráð fyrir að stór hluti innflytjenda geti ekki veitt upplýsingar um raunþyngd umbúða í vörusendingu en 15% reglan er ónákvæm. Verkefnisstjórnin telur því að lengri aðlögunartíma þurfi til að gera tillögu að nýjum reiknireglum sem verða þannig úr garði gerðar að innflytjendur og framleiðendur geti nýtt sér þær í upphafi álagningartímans með meiri sanngirni í álagningu en nú er í lögum.

Einnig má benda á að vinna við breytingar hjá tollstjóra á tollskýrslu er aðeins fyrsta skrefið til að uppfylla lögin þannig að unnt sé að innheimta úrvinnslugjald af pappa- og plastumbúðum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Þegar vinnu við breytingar á tollskýrslu hjá tollstjóra er að fullu lokið þarf að kynna niðurstöður þeirrar vinnu fyrir hugbúnaðarhúsum sem aftur þurfa að aðlaga og breyta tollakerfum fyrirtækja sem kaupa af þeim þjónustu. Verkefnisstjórn telur að tími til slíkra breytinga sé orðinn mjög takmarkaður og mundi frestun álagningar úrvinnslugjalds á umbúðir til 1. janúar 2006 bæta mjög úr.

Tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi vegna álagningar á pappa- og plastumbúðir er í rekstraráætlun fyrir árið 2005 76,5 millj. kr. Það eru 63 millj. kr. vegna pappaumbúða og 13,5 milljónir kr. vegna plastumbúða. Þær munu tapast og valda því að jafnvægi verður komið á sjóð pappa- og plastumbúða fjórum mánuðum síðar en rekstraráætlanir gera ráð fyrir.

Úrvinnslusjóður hefur þegar hafið vinnu við að bæta framangreindar reiknireglur og laga þær að óskum atvinnulífsins og stefnt er að því að leggja frumvarp þess efnis fram í upphafi haustþings 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar er lagt til að Úrvinnslusjóður njóti vaxtatekna af inneign sinni hjá ríkissjóði og greiði vexti í ríkissjóð ef sjóðurinn er í skuld við ríkissjóð. Hins vegar er lagt til að ákvæði 7. gr. a laganna taki gildi 1. janúar 2006 í stað 1. september 2005.

Talið er eðlilegt að Úrvinnslusjóður njóti vaxtatekna af innstæðum sínum vegna sérstöðu sinnar sem m.a. kemur fram í að einstakir vöruflokkar mynda sjálfstæðan stofn til uppgjörs og óheimilt er að færa fé á milli flokka. Gert er ráð fyrir að um fjárvörslu sjóðsins fari eftir 39. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og reglugerð nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana. Verða þá óhafnar tekjur af úrvinnslugjaldi vistaðar hjá ríkissjóði á grundvelli samninga við sjóðinn um vaxtakjör á inneignum hans.

Ákvæði 7. gr. a laga um úrvinnslugjald heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðir og er lagt til að þau ákvæði taki gildi fjórum mánuðum seinna en áformað er í gildandi lögum, eða 1. janúar 2006. Munu tekjur og gjöld sjóðsins lækka um tæplega 80 m.kr. árið 2005 af þeim sökum.

Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

1045. Fyrirspurn [687. mál]

til menntamálaráðherra um þekkingarsetur á Egilsstöðum.

Frá Katrínu Ásgrímsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið tekið afstöðu til þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fram um þekkingarsetur á Austurlandi?
2. Verður skipaður starfshópur til að vinna málið áfram og hefur ráðuneytið í því sambandi sett sér einhvern tímaramma?

1046. Fyrirspurn [688. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit og þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar.

Frá Katrínu Ásgrímsdóttur.

Hyggst ráðherra fylgja því eftir að Umhverfisstofnun feli heilbrigðisnefndum eftirlit og þvingunarúrræði þar sem það á við, svo sem á Austurlandi?

Skriflegt svar óskast.

1047. Fyrirspurn [689. mál]

til félagsmálaráðherra um innheimtu meðlaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir að lögum nr. 54/1971 verði breytt í þá veru að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt, án áskilnaðar um greiðslu, að innheimta aukin meðlög, sérframlög og menntunarframlög samkvæmt úrskurði sýslumanns sé eftir því leitað?

1048. Fyrirspurn [690. mál]

til menntamálaráðherra um greiðslur fyrir fjarnám.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um greiðslur nemenda fyrir fjarnám hjá símenntunarmiðstöðvum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar stundi nemandi nám sitt í fleiri en einum skóla samtímis?
2. Hvernig er fjarnám metið inn í greiðslur fyrir ætlaðan nemendafjölda hvers framhaldsskóla?
3. Ef ekki eru til skýrar reglur um greiðslurnar vegna fjarnámsins hjá símenntunarmiðstöðvum eða framhaldsskólum hyggst ráðherra þá beita sér fyrir setningu slíkra reglna?

Skriflegt svar óskast.

1049. Fyrirspurn [691. mál]

til forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hyggst ráðherra vinna þeim tillögum framgang sem nefnd á vegum ráðuneytisins lagði til í lokaskýrslu sinni frá 4. október 2002, um að auka sveigjanleika launamanna við starfslok?

1050. Tillaga til þingsályktunar [692. mál]

um skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirkomulag á skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins í því skyni að skilja pólitísk störf frá faglega skipuðum embættum Stjórnarráðsins.

Greinargerð.

Í fyrsta bindi sögu Stjórnarráðs Íslands 1964–2004 kemur fram að í stjórnskipulagi Vesturlanda sé að jafnaði gerður skýr greinarmunur á pólitískri yfirstjórn annars vegar og æðstu stjórn embættismannakerfis hins vegar.[1] Með sama hætti er skipunar- eða ráðningafyrirkomulag tvenns konar. Þeir sem tilheyra hinni pólitísku forustu eru valdir af ráðherra án auglýsingar eða sérstakra hæfnisskilyrða. Hér getur verið um að ræða aðstoðarráðherra, aðstoðarmenn og ráðgjafa ráðherra. Aðrir starfsmenn ráðuneyta og annarra stjórnarskrifstofa sem tilheyra svokölluðu embættismannakerfi skulu eingöngu skipaðir eða ráðnir á grundvelli verðleika, svo sem starfsreynslu, menntunar eða annarrar skilgreindrar hæfni. Þessi greinarmunur er talinn vera forsenda fyrir vönduðum vinnubrögðum stjórnsýslunnar sem skulu m.a. endurspeglast í kunnáttu, jafnræði, hlutleysi, ráðvendni og ábyrgð.

Í áðurnefndri bók kemur fram að á Íslandi hafi skilin milli embættismanna og stjórnmálamanna verið óljós allt frá stofnun Stjórnarráðsins. Bent er á að staða embættismannavaldsins hafi veikst þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Takmarkaður áhugi hafi verið fyrir því hjá Alþingi og ráðherra að efla veg innlendrar embættismannastéttar.[2] Ekki hafi reynst áhugi fyrir því að innleiða danskar hefðir við ráðningar og framgang embættismanna. Í stað þess hafi ráðningar pólitískra samherja orðið áberandi. Ýmsar heimildir styðja þá fullyrðingu að á þeim hundrað árum sem Stjórnarráðið hefur starfað hafi ekki tekist að skilja pólitískar skipanir frá faglegum.[3] Ísland virðist hafa nokkra sérstöðu í alþjóðlegum samanburði hvað varðar mikil ítök ráðherra við skipanir embættismanna.

Með setningu núgildandi laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, var heimilað að ráðherra geti kvatt mann utan ráðuneytis sér til aðstoðar enda hverfi hann úr starfi um leið og ráðherra. Með þessari heimild skapaðist forsenda til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna. Ekki eru þó vísbendingar um að þetta fyrirkomulag hafi dregið úr afskiptum ráðherra af skipunum ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Líkur eru á að umtalsverðar framfarir hafi orðið í vinnubrögðum stjórnsýslunnar á undanförnum tveimur áratugum. Hér skiptir mestu setning stjórnsýslu- og upplýsingalaga, aukin hagnýting upplýsingakerfa innan Stjórnarráðsins og vaxandi aðhald umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Það skýtur því skökku við að á sama tíma hafi ekki verið teknir upp

---

1 Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson. Stjórnarráð Íslands 1964–2004. Fyrsta bindi. Skipulag og starfshættir. Reykjavík: Sögufélag, 2004, bls. 417–418.

2 Sama heimild, bls. 422. Tilvitnun í Gunnar Helga Kristinsson. Embættismenn og stjórnmálamenn. Reykjavík: Heimskringla, 1994, bls. 82.

3 Sama heimild. Sjá tilvísanir bls. 439.

vandaðri starfshættir við skipanir embættismanna. Á allra síðustu árum virðist umdeildum skipunum í embætti jafnvel hafa farið fjölgandi.

Gera verður þá kröfu til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að þeir tryggi að ávallt sé skipaður hæfasti umsækjandinn í störf æðstu embættismanna þjóðarinnar. Óvenjufáar umsóknir um stöður ráðuneytisstjóra og önnur sambærileg embætti benda til þess að það almenna viðhorf ríki að embætti séu eingöngu auglýst til málamynda og almennt ráði ekki fagleg sjónarmið við stöðuveitingar sem þessar.

Nauðsynlegt er að skoða leiðir til að skýra skilin milli pólitískrar forustu og faglegrar. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 11. september 2004 er bent á þrjár leiðir sem komi til álita.[4]

„1. Óbreytt fyrirkomulag en ráðuneytisstjóri hætti störfum um leið og ráðherra. Þessari leið svipar til fyrirkomulags á flestum stjórnsýslustigum í Bandaríkjunum, þar sem æðstu stjórnendur eru pólitískt ráðnir en fara úr embætti um leið og ráðherra. Gallinn við þetta fyrirkomulag felst í að mikilvæg þekking og reynsla geta farið forgörðum við ráðherraskipti en meginkostur hennar er að pólitísk skilvirkni er betur tryggð en í öðrum kerfum.

2. Pólitísk forusta verði styrkt með því að bæta við pólitískt skipuðum yfirmanni ráðuneytis sem hafi fullt boðvald yfir embættismönnum þess en jafnframt sé starfandi faglegur yfirmaður sem sé æðsti maður stjórnsýslunnar. Þetta fyrirkomulag tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Þannig var 1947 sett á laggirnar í Noregi sérstakt embætti „statssekretær" til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna sem þá var talið nauðsynlegt til að vega upp á móti öflugu embættismannakerfi. Starfstími „statssekretær" er sá sami og ráðherra. Æðsti embættismaður/menn ráðuneytisins (í Noregi „departementsråd" og í Svíþjóð „expeditions- og rättschefen" – oftar en ekki tveir eða jafnvel fleiri) sinnir daglegum stjórnsýsluverkefnum og er skipaður með faglegum hætti. Kostur þessarar leiðar er að með því er pólitísk forusta efld án þess að það komi niður á styrk embættismannakerfisins. Galli aðferðar felst í hættu á að skörun verði milli ábyrgðarsviðs þessara æðstu stjórnenda.

3. Ráðuneytisstjórar verði eingöngu skipaðir á grundvelli hæfni („merita") þar sem tekið yrði tillit til faglegrar þekkingar, stjórnunarreynslu og annarra þátta sem skilgreindir væru til hlítar og væru opinberir. Það virðist vera almenn skoðun fræðimanna að í Danmörku sé slíkt fyrirkomulag í gildi, þ.e.a.s. ráðherra skipi ráðuneytisstjóra fyrst og fremst á grundvelli faglegra þátta en ekki pólitískra. Ástæðan er m.a. sú samstöðuáhersla sem einkennir dönsk stjórnmál. Ef íslenskir ráðamenn færu þessa leið gæti verið skynsamlegt að sérstök ráðninganefnd sérfræðinga svo sem þekkist í Bretlandi hefði með mat á umsóknum að gera og gæfi ráðherra álit. Með þessari leið verður pólitísk forusta ráðuneyta hins vegar ekki jafn öflug og með leiðum 1 og 2."

Flutningsmenn leggja til að ríkisstjórnin kanni hvernig reynslan er af þeim leiðum sem lýst er hér að framan og láti meta hvaða leið henti best Stjórnarráði Íslands. Sömuleiðis verði skoðað hvort ástæða sé til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna og þá með hvaða hætti. Að lokum verði metið með hliðsjón af fyrirkomulagi í nágrannaríkjunum hvernig best sé að standa að faglegum skipunum embættismanna ráðuneytanna.

---

[4] Ómar H. Kristmundsson. Um skipanir ráðuneytisstjóra. Morgunblaðið 11. september 2004.

1051. Tillaga til þingsályktunar [693. mál]

um niðurrif á stíflumannvirki Steingrímsstöðvar við Efra-Sog.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því í krafti eignarhluta ríkisins í Landsvirkjun að stíflumannvirki Steingrímsstöðvar við Efra-Sog verði rifið og að umhverfi stíflunnar verði fært í sitt náttúrulega horf.

Greinargerð.

Steingrímsstöð við Efra-Sog var byggð á árunum 1958–60. Með þessari virkjun var Efra-Sog, hið náttúrulega frárennsli Þingvallavatns og langvatnsmesta lindá Íslands, stíflað. Síðan hefur ein mikilfenglegasta náttúruperla þessa lands vart verið nema svipur hjá sjón. Stíflan sér til þess að vatn sem áður streymdi úr Þingvallavatni um þröngan farveg Efra-Sogs er nú að mestu leitt gegnum jarðgöng til rafmagnsframleiðslu í Steingrímsstöð á bökkum Úlfljótsvatns. Ljósmyndir af Efra-Sogi teknar fyrir og eftir stíflugerðina sýna að ásýnd árfarvegsins þar sem áður streymdi tilkomumikið og tært bergvatn er ekki svipur hjá sjón. Stíflun Efra-Sogs hafði einnig afdrifaríkar afleiðingar fyrir vistkerfi og lífríki Efra-Sogs, Þingvallavatns og jafnvel Úlfljótsvatns. Mjög dró úr bitmýi sem gegnir lykilhlutverki í fæðukeðjunni í lífríki við Þingvallavatn. Einstæður stofn Þingvallaurriðans varð fyrir þungu áfalli sem enn sér hvergi fyrir endann á. Hrygningarstöðvar urriðans við efra mynni Efra-Sogs voru eyðilagðar og aðgengi hans hindrað að mikilvægum uppeldisstöðvum fyrir seiði í Efra-Sogi. Þetta var mjög alvarlegt tilræði við möguleika stofnsins til endurnýjunar. Urriðinn gegnir mikilvægu vistfræðilegu hlutverki í Þingvallavatni og því er hningnun hans mun alvarlegra mál en virðast kann við fyrstu sýn. Hætt er við að Þingvallaurriðinn muni smám saman hverfa úr vistkerfi vatnsins eftir því sem árin líða og stofninn býr við skerta möguleika til tímgunar vegna stíflunnar við Streingrímsstöð. Markmið þessarar tillögu er að stuðla að því að endurheimta eina af helstu náttúruperlum Suðurlands, sem er Efra-Sog og lífríki þess áður en Steingrímsstöð var reist. Slík aðgerð yrði þjóðinni til sóma og fyrirmyndar á alþjóðavettvangi þar sem sýnt væri fram á í verki að virkjanir fallvatna sem valdið hafa skaða á náttúrunni geta verið afturkræfar. Endurheimt umhverfis og lífríkis náttúrunnar á þessum slóðum mundi einnig án efa veita mikilvæg sóknarfæri á sviði frístundaveiði og ferðamennsku, og þannig verða heimamönnum og gestum til ánægju og yndisauka um ókomna tíð.



Kort: Mynd sem sýnir staðsetningu Steingrímsstöðvar og stíflu hennar við Þingvallavatn, Efra-Sog og Úlfljótsvatn. (Heimild: Bókin Urriðadans eftir Össur Skarphéðinsson. Mál og menning, 1996.)

1052. Frumvarp til laga [694. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örn Örlygsson, Guðjón Hjörleifsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Með sterku áfengi er í lögum þessum átt við neysluhæfan vökva sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Við auglýsingar á áfengi og aðrar markaðssetningaraðferðir sem beinast að almenningi er skylt að vara við skaðlegum áhrifum áfengis á heilsu manna. Auglýsingar og aðrar aðferðir við markaðssetningu áfengis mega ekki á neinn hátt höfða til barna og ungmenna eða hvetja til óhóflegrar neyslu áfengis.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannað er með öllu að auglýsa sterkt áfengi samkvæmt lögum þessum, sbr. 2. mgr. 2. gr. Bannið tekur einnig til auglýsinga á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt áfengi. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins eru undanþegnar þessu banni, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.

Auglýsing og aðrar markaðssetningaraðferðir áfengis samkvæmt 2. mgr. sæta enn fremur eftirfarandi takmörkunum:

1. Óheimilt er að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi.
2. Óheimilt er að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem íþróttasvæðum, í félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, á útivistarstöðum og í opinberum byggingum.
3. Óheimilt er að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi. Framleiðendum og innflytjendum áfengis er þó heimilt að halda skrá yfir vörur sínar á eigin heimasíðum og kynna þar eiginleika varanna. Skylt er að birta notendum fyrirvara áður en þeir fara á síðuna um að þar sé að finna efni sem ekki er ætlað börnum eða ungmennum undir 20 ára aldri.

Fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis skulu setja sér siðareglur um auglýsingar á áfengi, sem byggjast skulu á ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis skulu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara setja sér siðareglur samkvæmt 5. efnismgr. 2. gr.

Greinargerð.

Samkvæmt 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem er samhljóða 16. gr. a í eldri gerð áfengislaga, nr. 82/1969, sbr. 8. gr. laga nr. 94/1995, eru hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar. Í 2. mgr. greinarinnar er auglýsing meðal annars skilgreind svo að átt sé við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar séu í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni. Í 2. gr. áfengislaga er áfengi skilgreint sem hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Bann við áfengisauglýsingum í innlendum fjölmiðlum hefur verið í lögum hér á landi allt frá 1928, en þá gilti hér áfengisbann. Eftir að innflutningur áfengis var leyfður á ný árið 1935 hélt

auglýsingabannið áfram gildi sínu. Lengst af var einungis skilgreint í reglugerð hvað teljast skyldi áfengisauglýsing. Þegar núgildandi ákvæði var fyrst lögfest með lögum nr. 94/1995 var ekki gert ráð fyrir slíkri skilgreiningu í upphaflegu frumvarpi heldur var hugtakið skilgreint að tillögu meiri hluta allsherjarnefndar í meðförum Alþings. Til að eyða réttaróvissu þótti nauðsynlegt að taka slíka skilgreiningu í lög en hún var nær samhljóða þeirri sem áður hafði verið að finna í reglugerð. Var ákvæðið tekið óbreytt upp við setningu núgildandi laga og hafa engar breytingar verið gerðar á því eftir gildistöku þeirra laga.

Á ákvæði 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem og tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, reyndi fyrir Hæstarétti í máli nr. 415/1998. Í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 25. febrúar 1999, var ekki fallist á að bann gegn auglýsingum sem þessum fæli í sér brot gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi né sambærilegu ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sagði rétturinn að ljóst væri að tilgangur bannsins væri að vinna gegn misnotkun áfengis og þeim vandamálum sem af henni hlytust. Þau rök sem byggju að baki banninu ættu sér því efnislega stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, en þar er fjallað um skilyrði þess að tjáningarfrelsið sé skert.

Í marsmánuði árið 2000 setti ríkislögreglustjóri á fót vinnuhóp til að gera úttekt á brotum gegn 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Niðurstöður úttektarinnar er að finna í skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum, sem kom út í nóvember 2001. Skýrslan er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Segir í skýrslunni að auglýsendur séu mjög ósáttir við þau ákvæði áfengislaganna sem banna auglýsingar á áfengi. Einnig kemur fram í skýrslunni að handhöfum rannsóknar- og ákæruvalds þyki ákvæði 20. gr. áfengislaga ekki nægilega ítarlegt og ótvírætt og reynslan hafi sýnt að mál vegna áfengisauglýsinga hafi reynst lögreglu og ákæruvaldi nokkuð erfið. Helsta niðurstaða vinnuhópsins var sú að taka þyrfti 20. gr. áfengislaga til skoðunar og gera ákvæðið ítarlegra, nákvæmara og ótvíræðara. Virðist sú niðurstaða í fullu samræmi við sjónarmið bæði lögregluyfirvalda og auglýsenda, enda óþolandi fyrir þessa aðila að búa við þá réttaróvissu sem skortur á skýrleika núgildandi refsiákvæðis 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 virðist valda.

Með frumvarpi þessu er lögð til grundvallarbreyting á ákvæðum áfengislaga um auglýsingar á áfengi. Í stað þess auglýsingabanns núgildandi laga og ónákvæmra og tvíræðra undantekninga á því banni er lagt til að auglýsingar á áfengi verði frjálsar með ítarlegum, nákvæmum og ótvíræðum undantekningum. Þrátt fyrir þessa grundvallarbreytingu er áfram byggt á þeirri meginreglu að auglýsing og önnur markaðssetning áfengis sæti verulegum takmörkunum í þeim tilgangi að vinna gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir til að hindra að auglýsingum og annars konar markaðssetningu sé beint að börnum og ungmennum. Rétt er að taka fram að auglýsingar á léttöli, þ.e. sem er að rúmmáli minna en 2,25% af hreinum vínanda, eru nú leyfðar á öllum tímum dags og í öllum fjölmiðlum. Börn og ungmenni gera lítinn greinarmun á slíku léttöli og því sem óheimilt er að auglýsa. Samkvæmt frumvarpi þessu verður þessi greinarmunur afnuminn og verulegar hömlur lagðar við auglýsingum á áfengi sem einkum er ætlað að koma í veg fyrir að þær komi fyrir sjónir barna og ungmenna án þess að þau séu undir eftirliti foreldra eða annarra forráðamanna. Til þess að koma til móts við þau sjónarmið leggja flutningsmenn frumvarpsins til að óheimilt verði að auglýsa léttöl með þeim hætti sem nú er gert á ákveðnum tímum dags og í ákveðnum fjölmiðlum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þær áfengisauglýsingar sem heimilaðar eru samkvæmt lögunum verði ekki birtar milli klukkan 5 að morgni og 20 að kvöldi. Markmið núgildandi auglýsingabanns er að sporna við óæskilegum áhrifum sem neysla áfengis kann að hafa í för með sér. Þetta markmið var lagt til

grundvallar þegar Hæstiréttur sagði í áðurnefndum dómi í máli nr. 415/1998 að auglýsingabannið bryti ekki í bága við stjórnarskrá. Í frumvarpi þessu er áfram byggt á þessu markmiði og í raun gengið lengra í því að koma í veg að hvers kyns auglýsingar á áfengi komi fyrir sjónir barna og ungmenna.

Önnur meginbreytingin með frumvarpi þessu er sú, að gerður verður skýr greinarmunur í lögum á því sem kallað er „sterkt“ áfengi og því sem nefnt er „létt“ áfengi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi breyting endurspeglar fyrst og fremst þá þróun sem átt hefur sér stað í neysluvenjum Íslendinga síðustu árin. Frá því að sala á áfengis öli hér á landi var leyfð með lögum nr. 38/1988, sem tóku gildi 1. mars 1989, hefur neyslumynstur Íslendinga gjörbreyst. Léttvín og bjór skipa mun ríkari sess í matarmenningunni en áður tíðkaðist og verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu sterkara áfengis. Samkvæmt frumvarpi þessu verður áfram óheimilt með öllu að auglýsa sterkt áfengi. Farin hefur verið sú leið í frumvarpi þessu að miða við að sterkt áfengi teljist sá neysluhæfi vökvi sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í lögum um gjald á áfengi, nr. 96/1995, er gerður greinarmunur á öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli og öðru áfengi. Í finnskum lögum er hins vegar gerður sá greinarmunur á sterku og léttu áfengi þegar kemur að auglýsingum að markið er sett við 22% af af hreinum vínanda. Eins og fyrr segir hafa neysluvenjur Íslendinga tekið miklum breytingum frá því að sala á áfengu öli var leyfð hér á landi árið 1989. Verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu á sterku áfengi en neysla á léttvíni og bjór hefur farið vaxandi. Hafa stjórnvöld stutt við þessa þróun, m.a. með því að gera greinarmun á sterku áfengi og léttu áfengi þegar kemur að álagningu gjalda. Með breytingu á lögum nr. 96/1995 sem tók gildi 30. nóvember sl. var gjald á sterkt áfengi samkvæmt 3. gr. laganna hækkað um 7% en engin hækkun varð á gjöldum á létt áfengi, þ.e. öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli. Kom fram í athugasemdum með frumvarpinu að gjald á léttvín hefði ekki hækkað síðan 1998. Er það ótvíræð vísbending um þann vilja löggjafans að ofangreind þróun haldi áfram og nýtt neyslumynstur festi sig í sessi. Sambærileg rök eru fyrir því að leyfa auglýsingar á léttu áfengi en banna alfarið og undantekningalaust auglýsingar á sterku áfengi, eins og gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu. Í frumvarpi 23 þingmanna úr fjórum af fimm þingflokkum sem lagt var fram á haustþingi er gerður sá greinarmunur á léttu og sterku áfengi að létt áfengi telst vera sá neysluhæfi vökvi sem inniheldur allt að 22% af hreinum vínanda að rúmmáli. Þykir eðlilegt að að sambærilegt viðmið gildi um auglýsingar á áfengi.

Ísland er eitt örfárra Evrópulanda þar sem almennt bann gildir við auglýsingum á áfengi en í flestum Evrópuríkjum eru þó í gildi einhvers konar takmarkanir á áfengisauglýsingum. Þar sem áfengisauglýsingar eru ekki bannaðar er meginefni áfengislaga og reglna þar að lútandi að mæla fyrir um hvað má koma fram í áfengisauglýsingum og að hverjum þær mega beinast, að því er fram kemur í áðurnefndri skýrslu vinnhóps ríkislögreglustjóra. Norðurlöndin, að Finnlandi frátöldu, skera sig nokkuð úr í hópi Evrópuríkja og eru takmarkanir þar mun strangari en annars staðar í Evrópu. Nýlega hefur reynt á bannákvæði norsku og sænsku áfengislaganna gagnvart skuldbindingum þessara ríkja samkvæmt EES-samningnum í tilviki Noregs og gagnvart ESB-sáttmálanum í tilviki Svíþjóðar. Þann 8. mars 2001 kvað Evrópudómstóllinn upp forúrskurð sinn í máli sem undirréttur í Svíþjóð (Stockholms Tingsrätt) skaut til hans og varðaði gildi auglýsingabanns gagnvart reglum Evrópusambandsins um frjálst flæði vöru og þjónustu innan sambandsins. Bannákvæði sænsku laganna er svipaðs efnis og 20. gr. áfengislaganna íslensku. Niðurstaða Evrópudómstólsins var sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðferðum sem hafi minni áhrif

á markaðsfrelsið. Dómstóllinn eftirlét síðan sænskum dómstólum að meta hvort meðalhófs væri gætt með þágildandi bannákvæði. Í nóvember árið 2003 féll síðan dómur í þessu sama máli í Svíþjóð. Komst yfirréttur að þeirri niðurstöðu að áfengisbannið bryti gegn reglum um frjálst flæði vöru og þjónustu. Taldi rétturinn að hægt væri að halda áfengisneyslu niðri með aðferðum sem hefðu minni áhrif á markaðsfrelsi. Auglýsingabannið væri með öðrum orðum brot á reglunni um meðalhóf.

Þann 25. febrúar sl. komst EFTA-dómstóllinn að sömu niðurstöðu og Evrópudómstóllinn í máli nr. E-4/04 (Pedicel AS vs. Sosial- og helsedirektoratet) er dómstóllinn veitti norskum undirrétti ráðgefandi álit um sömu álitaefni og uppi voru í sænska málinu. Niðurstaðan var sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðferðum sem hafi minni áhrif á markaðsfrelsið og það kæmi síðan í hlut dómstóla í einstökum aðildarríkjunum að úrskurða um hvort meðalhófi væri fylgt í landslögum. Gekk EFTA-dómstóllinn lengra en Evrópudómstóllinn að því leyti að hann setti fram nokkur viðmið sem dómstólar aðildarríkjanna ættu að hafa leiðarljósi við slíkt mat. Í fyrsta lagi benti dómstóllinn á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins væri það ekki brot á meðalhófi að banna auglýsingar á áfengi sem væri sterkara en 23%. Í öðru lagi benti dómstóllinn á að talið yrði heimilt að banna auglýsingar sem beindust að ungmennum eða ökumönnum. Í þriðja lagi var bent á að Evrópudómstóllinn hefði nýlega fallist á að bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi væri ekki brot á meðalhófsreglunni. Í frumvarpi þess er tekið mið af þessum viðmiðum EFTA-dómstólsins.

Í áðurnefndri skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra er vísað til þess álits Evrópudómstólsins um hvort hægt sé að ná markmiðum auglýsingabannsins um að vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu með öðrum aðferðum sem minni áhrif hafi á innri markað aðildarríkjanna. Segir um þetta í skýrslunni: „Þessi spurning er allrar athygli verð og fyllsta ástæða fyrir löggjafann að skoða málið frá þessari hlið ef til endurskoðunar ákvæðis laga um bann við áfengisauglýsingum kemur.“ Telja flutningsmenn frumvarpsins mikilvægt í ljósi tilvitnaðra orða úr áðurnefndri skýrslu ríkislögreglustjóra, þeirra dóma sem gengið hafa í nágrannalöndunum um málið og þeirra álita Evrópudómstólsins sem fyrir liggja að núgildandi reglur um auglýsingar á áfengi í íslenskum fjölmiðlum verði teknar til endurskoðunar á Alþingi Íslendinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ný grein komi í stað 20. gr. núgildandi laga þar sem nú er kveðið á um bann við auglýsingum á áfengi.

Með 1. mgr. er lagt til að bann við auglýsingum á áfengi verði afnumið að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem fram koma í 4. mgr. Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á herðar þeirra sem auglýsa áfengi að í þeim auglýsingum sé ávallt og undantekningarlaust varað við skaðlegum áhrifum sem neysla áfengis getur haft. Þar er í öðru lagi skýrt kveðið á um að auglýsingar og aðrar markaðssetningaraðferðir skuli ekki beinast að börnum og ungmennum. Er það í samræmi við löggjöf annarra Evrópuþjóða sem leyfa takmarkaðar auglýsingar á áfengi.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga. Ekki er talin þörf á því að endurskoða þessa skilgreiningu þar sem sú grundvallarbreyting sem lögð er til í 1. mgr. kemur í veg fyrir að vafi leiki á því hvort verið sé að auglýsa óáfengt eða áfengt öl, en mest hefur reynt á þessi mörk í tíð núgildandi laga og um þetta hefur ríkt hvað mest óvissa.

Í 3. mgr. kemur fram sú fortakslausa regla að bannað er að auglýsa sterkt áfengi sem skilgreint verður í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þá eru enn fremur teknar upp í þetta ákvæði tillögur vinnuhóps ríkislögreglustjóra sem vitnað er til hér að ofan og lagt til bann við auglýsingum á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt áfengi til þess að ekki sé hætta á ruglingi á milli áfengis sem óheimilt er samkvæmt lögum þessum að auglýsa og þeirrar vöru sem auglýst er vegna nafns á vörunni, umbúða og annarra einkenna.

Í 4. mgr. koma fram veigamiklar takmarkanir við auglýsingum á áfengi umfram meginreglur 1. mgr.. Hefur við samningu þessara takmarkana verið tekið mið af reglum sem gilda í þeim Evrópulöndum þar sem áfengisauglýsingar eru leyfðar að einhverju marki. Miðaðst takmarkanirnar almennt við að halda áfengisauglýsingum frá börnum og ungmennum. Í 1. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum, þ.e. útvarpi og sjónvarpi, frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi. Í 2. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem íþróttasvæðum, félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, útivistarstöðum og opinberum byggingum. Er þessi upptalning ekki tæmandi. Markmið þessa ákvæðis koma enn frekar í veg fyrir að auglýsingar á áfengi nái til barna og ungmenna. Í 3. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum innan þeirra tímamarka sem gilda um áfengisauglýsingar í sjónvarpi. Ástæðan fyrir þessu er sú að aðgengi barna og ungmenna að netinu er mjög mikið og afar erfitt að stjórna því hvaða síður þau geta skoðað. Með íslenskum vefsíðum er átt við vefsíður sem hýstar eru hér á landi eða síður sem með öðrum hætti heyra undir íslensk lög. Með fjöldatölvupósti er átt við póst sem sendur er á fjölda netfanga í þeim tilgangi að koma á framfæri kynningu eða annars konar auglýsingu á tiltekinni vöru eða þjónustu.

Í 5. mgr. er lagt til að fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis setji sér siðareglur um auglýsingar á áfengi, sem byggist á ákvæðum laga þessara. Víðast hvar í Evrópu þar sem áfengisauglýsingar eru að einhverju marki leyfðar er kveðið á um slíkar siðareglur viðkomandi aðila í lögum. Markmiðið með slíkum reglum er að þeir aðilar sem í hlut eiga komi sér saman um viðmið sem gilda um áfengisauglýsingar, þannig að leikreglurnar á markaði séu skýrar og er það til hagsbóta fyrir alla sem að málum koma. Í slíkum siðareglum mætti vitaskuld ekki víkja frá lágmarksákvæðum laga þessara en ofangreindir aðilar mundu með siðareglunum setja sér ítarlegri viðmið.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. Nóvember 2001. (Birt á vef Lýðheilsustöðvar.)

1053. Frumvarp til laga [695. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

1. mgr. 5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo:

Félögum skv. 1.–4. tölul. sem ekki eru skráð hér á landi en eiga hér heimili, öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tölul. 4. gr., svo og dánarbúum og þrotabúum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er lögð til breyting á 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og miðar sú breyting að því að kveða skýrt á um almenna aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskyldu lögaðila.

Lagt er til að tekin verði af tvímæli um að aðsetursregla sem er að finna í 2. mgr. 5. tölul. 2. gr. taki einnig til annarra töluliða greinarinnar og þar með allra lögaðila sem á hvílir skylda til að greiða tekjuskatt og eignarskatt á Íslandi. Í fimm töluliðum í 1. mgr. greinarinnar eru taldir þeir lögaðilar sem á hvílir skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru. Er breyting þessi lögð til í kjölfar úrskurðar yfirskattanefndar frá því í október 2004. Er með þessu verið að tryggja Íslandi skattlagningarrétt í þeim tilvikum þegar lögaðilar sem upp eru taldir í 1.–4. tölul. greinarinnar eru skráðir erlendis, en telja heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þeirra er hér á landi. Með þessu er lögð áhersla á að skattskylda lögaðila markast ekki af formreglum einum saman, eins og skráningu, heldur einnig af efnisviðmiðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er skýrt kveðið á um almenna aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskyldu lögaðila hér á landi. Verði frumvarpið að lögum hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1054. Frumvarp til laga [696. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

2. gr.

1. og 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal að lágmarki vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal að lágmarki vera 6% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Iðgjöld skulu að lágmarki vera 10% af tryggðum tekjum eða greiddum launum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 6% mótframlag vinnuveitanda.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. skulu að lágmarki vera 10% af heildarlaunum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 6% mótframlag vinnuveitanda.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Iðgjöld skv. 3. og 4. gr. skulu hvert almanaksár umreiknuð til lífeyrisréttinda með jafnri og/eða aldurstengdri réttindaávinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.
b. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

   Ekki skal reikna réttindi lengur en til loka þess mánaðar er 70 ára aldri er náð. Séu iðgjaldaár fleiri en 30 skal við framreikning vegna örorku- og makalífeyris reikna að fullu réttindi þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu réttindi þeirra ára sem afgangs verða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr. orðast svo: hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum fyrir orkutap og áunnið sér a.m.k. 0,4 stig í jafnri réttindaávinnslu hvert þessara þriggja ára eða sambærileg réttindi í aldurstengdri ávinnslu.
b. Í stað orðanna „sbr. þó 3. málsl. 4. mgr. 6. gr.“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: sbr. þó 3. mgr. 6. gr.
c. Í stað orðsins „stig“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: réttindi.

6. gr.

Í stað orðsins „stig“ í 2. málsl. 4. mgr. 11. gr. laganna kemur: réttindi.

7. gr.

4. og 5. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg réttindi, áætluð í samræmi við 5. mgr. 10. gr., jafngilda a.m.k. einu stigi í jafnri réttindaávinnslu og samsvarandi réttindum í aldurstengdri réttindaávinnslu. Séu áætluð árleg réttindi lægri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árleg réttindi jafngilda minna en 0,5 stigum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. 3. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Upphæð elli- og örorkulífeyris skv. 9. og 10. gr. er hundraðshluti af grundvallarlaunum, sbr. 1. mgr., samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum. Upphæð makalífeyris skv. 11. gr. skal vera 50% lægri.

9. gr.

Orðin „sbr. 3. mgr. 6. gr.“ í 6. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lífeyrissjóður bænda stendur frammi fyrir vaxandi vanda gagnvart tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Aldursskipting sjóðfélaga er og hefur ætíð verið sérlega óhagstæð miðað við flesta aðra lífeyrissjóði. Til að sjóðurinn geti brugðist við þessari stöðu eru í frumvarpi þessu lagðar til tvær efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að breyta ákvæðum er lúta að iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlagi launagreiðenda þannig að hægt verði í samþykktum lífeyrissjóðsins að hækka iðgjöld og mótframlag svo að styrkja megi stöðu sjóðsins. Í öðru lagi er lagt til að opna fyrir möguleika á aldurstengingu lífeyrisréttinda.

Lífeyrisbyrði sjóðsins er mjög há. Meðalaldur sjóðfélaga verður hærri með hverju árinu sem líður og greiðandi sjóðfélögum fækkar. Framtíðarskuldbindingar sjóðsins eru því mjög þungar. Lífeyrisþegum sjóðsins fjölgar og eru þeir nú fleiri en greiðandi sjóðfélagar. Lífeyrisbyrði sjóðsins nam í árslok 2004 um 158% en það þýðir að greiddur lífeyrir er nær 60% hærri en þau iðgjöld sem greidd eru til sjóðsins. Sjóðurinn þarf því stöðugt að ganga á eignir sínar og ávöxtun þarf að vera mjög góð, betri en hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum, til þess að halda í horfinu. Halli lífeyrissjóðsins nam í árslok 2002 11,9%. Á árinu 2003 var greiðslutími makalífeyris styttur úr þremur árum í tvö ár og margföldunarstuðull, sem notaður er til að reikna út lífeyrishlutfall elli- og örorkulífeyris, lækkaður úr 1,442 í 1,4 og makalífeyrir lækkaður úr 0,721 í 0,7. Komu breytingarnar til framkvæmda 1. júlí 2003 og leiddu til 2,91% skerðingar á lífeyrisgreiðslum. Bótaréttindi miðast því nú við lágmörk samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingarnar höfðu það í för með sér að halli sjóðsins fór úr 11,9% í 8,6%. Fjármálaeftirlitið gerði þá ráð fyrir, í samráði við tryggingafræðing sjóðsins, að með 5,5% raunávöxtun sjóðsins á næstu árum kæmist hallinn undir 5% á fyrri hluta þessa árs.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2003 nam halli sjóðsins 7,2% og ekki virtist útlit fyrir annað en framangreind áætlun um að ná hallanum undir 5% gæti gengið eftir. Ávöxtun var nokkuð góð hjá sjóðnum á árinu 2004, þó ekki eins góð og árið 2003. Endanlegu uppgjöri er ekki lokið en útlit er fyrir raunávöxtun um 7,13%.

Á árinu 2004 gerðist það hins vegar að unnar voru nýjar töflur um lífslíkur og örorkulíkur Íslendinga. Ljóst er að miðað við þessar nýju töflur munu skuldbindingar sjóðsins (eins og annarra lífeyrissjóða) aukast töluvert. Verði miðað við hinar nýju töflur er nokkuð ljóst að staða Lífeyrissjóðs bænda mun ekki batna og að jafnvel muni vanta meira en 10% til að hann eigi fyrir heildarskuldbindingum.

Að undanförnu hafa ýmis stéttarfélög gert kjarasamninga sem fela í sér hækkun á mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóði. Samkvæmt því hækkaði mótframlag þann 1. janúar 2005 úr 6% í 7% og mun hækka í 8% í ársbyrjun 2007.

Frekari möguleikar til að bæta stöðu Lífeyrissjóðs bænda án lagasetningar eru ekki fyrir hendi. Nauðsynlegt er að opna fyrir möguleika á hækkun iðgjalds sjóðfélaga, mótframlags launagreiðenda svo og aldurstengingu réttinda sem er að mati tryggingafræðings sjóðsins orðin óhjákvæmileg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að í 3. mgr. 1. gr. laganna verði heimild til að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað. Með þessu er opnað fyrir heimild til handa lífeyrissjóðnum að aldurstengja réttindi.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðunum „að lágmarki" fyrir framan 4% af iðgjaldsstofni og 6% af iðgjaldsstofni. Tilgangur þessarar breytingar er að lífeyrissjóðurinn geti með breytingum á samþykktum fyrir sjóðinn hækkað iðgjöld og mótframlög í sjóðinn.

Um 3. gr.

Eins og í 2. gr. er í 3. gr. lagt til að í 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna verði bætt við orðunum „að lágmarki" þrisvar sinnum í hvorri málsgrein í sama tilgangi og að framan greinir.

Um 4. gr.

Í a-lið er gert ráð fyrir að í 2. mgr. 6. gr. verði ákvæði um að iðgjöld verði reiknuð til lífeyrisréttinda í stað stiga eins og verið hefur. Þá verði réttindi annaðhvort reiknuð með jafnri ávinnslu eins og verið hefur og/eða með aldurstengdri ávinnslu og fari réttindaávinnslan eftir nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

Í b-lið er lagt til að 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna falli brott og ákvæði um reikning réttinda verði í samþykktum fyrir sjóðinn. Í nýrri 3. mgr. er ekki um neina efnislega breytingu að ræða á því sem eftir stendur af 4. mgr. 6. gr. nema að í stað stiga er talað um réttindi sem getur þá átt við jafna sem aldurstengda réttindaávinnslu.

Um 5. gr.

Í a-lið er lagt til að í a-lið 2. mgr. 10. gr. verði orðin „jafnri réttindaávinnslu" sett í staðinn fyrir stigadeild og aftast í málsliðnum komi „eða sambærileg réttindi í aldurstengdri ávinnslu" til þess að ákvæðið geti bæði átt við jafna réttindaávinnslu og aldurstengda.

Þá er í c-lið lagt til að í 3. málsl. 5. mgr. 10. gr. verði í staðinn fyrir orðið stig notað orðið réttindi. Með því verður vísað til réttinda hvort heldur þau eru áunnin með jafnri eða aldurstengdri ávinnslu.

Um 6. gr.

Í sama tilgangi og greint er frá í 5. gr. er hér einnig lagt til að orðið „réttindi“ verði sett í stað orðsins stig.

Um 7. gr.

Með 7. gr. er enn fremur lagt til að í 4. og 5. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna verði orðinu stig skipt út fyrir orðið réttindi til þess að það eigi bæði við jafna réttindaávinnslu og aldurstengda. Nauðsynlegt er að umorða texta málsliðanna í heild til þess að ná fram réttri túlkun breytingarinnar.

Um 8. gr.

Með 8. gr. er einnig lagt til að umorða 2. mgr. 13. gr. til að ná fram breytingu á stigum í réttindi. Fellt er út ákvæði um útreikning á hundraðshluta lífeyris miðað við heildarstigafjölda og margföldunarstuðul. Þetta ákvæði um útreikning lífeyris er í samþykktum fyrir sjóðinn og verði tekin upp aldurstenging réttinda hjá sjóðnum verður samþykktum breytt til samræmis.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru annars vegar rýmkaðar heimildir sjóðsins til að hækka iðgjöld í samræmi við kjarasamninga ýmissa stéttarfélaga um hækkun mótframlaga atvinnurekenda og aukinn lífeyrissparnað launþega. Hins vegar er veitt heimild til að aldurstengja réttindi sjóðsfélaga. Frumvarpinu er ætlað að auka möguleika stjórnar sjóðsins á að bæta stöðu hans. Mótframlag atvinnurekenda í sjóðinn er nú 6% og er greitt af sjóðfélaga eða ríkissjóði sé samið um það í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Ríkissjóður greiðir árlega 234 m.kr. í lífeyrissjóðinn samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, eða um 40 m.kr. fyrir hvert prósent atvinnurekenda.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það ekki sjálfkrafa til aukinna útgjalda ríkissjóðs þar sem framlög í sjóðinn eru bundin samningum.

1055. Frumvarp til laga [697. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2005“ í ákvæði X til bráðabirgða með lögunum kemur: 31. desember 2006.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að ⅔ hlutum af vetnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimild þessi nær eingöngu til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun og gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Undanþága þessi gildir til 31. desember 2008.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

IV. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða toll af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

V. KAFLI
7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987. Er hér um tímabundna lækkun gjalda að ræða sem miðar að því að gera skatta- og tollaumhverfi fyrir innflutning vetnisbifreiða og sérhæfðra varahluta í þær hagstæðari. Auk þess er lagt til að gildandi heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða X í lögum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005, verði framlengd til 31. desember 2006.

Meginrökin að baki þeim breytingum sem varða tímabundna lækkun gjalda á vetnisbifreiðar og sérhæfða varahluta í þær eru þríþætt:

Í fyrsta lagi hafa íslensk stjórnvöld markað sér þá stefnu að miða að sjálfbæru vetnissamfélagi hér á landi í framtíðinni. Íslenskur orkubúskapur býður upp á framleiðslu vetnis í umhverfisvænni orkuhringrás með ódýrari hætti en víðast annars staðar. Þá hefur verið lögð áhersla á að skapa hér skilyrði til þess að Ísland geti orðið vettvangur alþjóðlegra rannsókna á sviði vetnis, en alþjóðleg samkeppni sem og samstarf á þessu sviði fer nú ört vaxandi. Ísland er þegar aðili að vetnisrannsóknaráætlun Evrópusambandsins og International Partnership for Hydrogen Economy (IPHE) sem er samstarfsvettvangur 15 þjóða í vetnismálum. Með bættri samkeppnishæfni er mögulegt að fá hingað til lands aukinn hluta af þeim alþjóðlegu rannsóknarverkefnum sem unnið er að og flýta um leið fyrir þeirri þróun að vetni komi í stað olíu sem eldsneyti í samgöngum. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 23. maí 2003, þar sem fram kemur að stefnt skuli að frekari áföngum í vetnisvæðingu þjóðarinnar.

Í öðru lagi liggur fyrir að framleiðsla vetnisbifreiða er enn þá á rannsóknar- og tilraunastigi og er því verð slíkra bifreiða, hvort sem þær eru knúnar með efnarafölum eða sprengihreyfli, mun hærra en annarra bifreiða. Að óbreyttu eru því vetnisbifreiðar ekki samkeppnishæfar í verði við aðrar innfluttar bifreiðar, hvort sem um er að ræða bifreiðar sem knúnar eru olíu eða aðrar umhverfisvænni bifreiðar knúnar rafmagni eða metangasi.

Í þriðja lagi má leiða líkur að því að verulegur þjóðhagslegur ávinningur skapist af þessum tillögum. Nú þegar liggur fyrir að styrkir Evrópusambandsins til vetnisverkefna undir forustu Íslenskrar nýorku nema í heild sinni 350 millj. kr. Veruleg önnur erlend fjármögnun hefur einnig átt sér stað í vetnisverkefnum á Íslandi. Líkur eru á frekari erlendri fjármögnun vetnisrannsókna hér á landi en ella verði starfsskilyrði samkeppnishæf. Þá hefur heimsóknum til íslenskra fyrirtækja vegna vetnistengdra rannsókna fjölgað verulega, en þar er um að ræða ferðamenn sem flestir koma utan hefðbundins ferðatíma og skilja að jafnaði eftir umtalsverð verðmæti. Þessu til viðbótar ber að nefna mikla umfjöllun erlendra fjölmiðla um vetnistengd málefni á Íslandi sem skapað hafa jákvæða kynningu fyrir Ísland. Verkefni á sviði vetnisrannsókna og mikil umfjöllun þeim tengd hafa skapað beinar og óbeinar tekjur fyrir þjóðarbúið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til tvær breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 1. gr. er lagt til að heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu

hópferðabifreiða verði framlengd til 31. desember 2006, en samkvæmt gildandi ákvæði til bráðabirgða hefði fresturinn runnið út í árslok 2005. Í 2. gr. er lagt til að tímabundið, eða fram til 31. desember 2008, verði heimilt að fella niður eða endurgreiða þeim sem flytja inn vetnisbifreiðar í rannsóknarskyni virðisaukaskatt að ⅔ hlutum vegna kaupa á slíkum bifreiðum. Heimildin tekur einungis til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun. Þessi endurgreiðsluheimild nær líka til sérhæfðra varahluta í slíkar bifreiðar. Þeir varahlutir sem greinin tekur til skulu vera sérstaklega hannaðir til nota í vetnisbifreiðum og ónothæfir í önnur ökutæki. Jafnframt er lögð til framlenging á heimild til að endurgreiða ⅔ hluta virðisaukaskatts af kaupum eða leigu á hópferðabifreiðum fyrir 18 manns eða fleiri um eitt ár, eða til ársloka 2006.

Um 3. og 4. gr.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., þar sem fram kemur að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, séu undanþegin greiðslu vörugjalds, verði gert að tímabundnu ákvæði sem gildi til 31. desember 2008. Með því er verið að samræma þessa undanþágu við þá tillögu sem lögð er fram í I. kafla frumvarpsins.

Um 5. og 6. gr.

Í III. og IV. kafla frumvarpsins er lagt til að tímabundið, eða fram til 31. desember 2008, verði heimilt að fella niður eða endurgreiða vörugjald og eftir atvikum tolla á sérhæfða varahluti í vetnisbifreiðar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 55/1987, tollalögum, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á skattalögum á þá leið að heimilað verði tímabundið til loka ársins 2008 að þeir sem flytja inn vetnisbifreiðar fái fellda niður ⅔ hluta virðisaukaskatts og einnig þau vörugjöld og tolla sem geta átt við. Tilgangurinn með þessum undanþágum er að draga úr kostnaði við tilraunaverkefni um notkun vetnis sem eldsneytis í samgöngum í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að fjöldi slíkra bíla verði meiri en u.þ.b. 10–20 á ári þannig að áhrif frumvarpsins á tekjuhlið ríkissjóðs verða að öllum líkindum hverfandi og er ekki heldur ástæða til að ætla að kostnaður við það verði teljandi. Loks er lagt til að bráðabirgðaákvæði um að heimilt sé að endurgreiða ⅔ hluta virðisaukaskatts af kaup- eða leiguverði hópbifreiða af tiltekinni gerð verði framlengt til ársloka 2006.

1056. Frumvarp til laga [698. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað orðanna „vöruflutninga og efnisflutninga“ í 1. málsl. 1. gr. og 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: farmflutninga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vöruflutninga og/eða efnisflutninga“ í a-lið kemur: og farmflutninga.
b. I-liður orðast svo: *Farmflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi.
c. J-liður orðast svo: *Farmflutningar í eigin þágu:* Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem stundar fólksflutninga og/eða farmflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum skal hafa til þess almennt rekstrarleyfi.

Leyfi má veita einstaklingum eða lögaðilum, hvort sem eru fyrirtæki, félög eða stofnanir. Leyfishafi skal uppfylla skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafinn er einstaklingur skal hann jafnframt uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafi er lögaðili skal starfa hjá honum forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Forsvarsmaður skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Leyfisbréf skal gefið út af Vegagerðinni og skal leyfishafi hafa það sýnilegt í bifreið sinni. Leyfi skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

Óheimilt er að stunda leyfisskyldan fólks- eða farmflutning án tilskilins leyfis og er slíkt brot gegn ákvæðum laganna og refsivert, sbr. 16. gr.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Til að öðlast leyfi skv. 4. gr. þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda, svo sem stundað leyfisskyldan akstur án tilskilins leyfis. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi, skilyrði fyrir leyfum og framkvæmd leyfisveitinga.

5. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vöru- og efnisflutninga“ í 1. málsl. kemur: og farmflutninga.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fólks- og farmflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vöru- og efnisflutninga“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: og farmflutninga.
b. Í stað orðanna „eftirliti og leyfisveitingum“ í 4. mgr. kemur: framkvæmd leyfisveitinga.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Leyfisgjöld.*

8. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Brottfall leyfis.

Leyfi skv. 4. gr. fellur niður ef leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.

Hafi Vegagerðinni borist tilkynning um að leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa uppfylli ekki lengur skilyrði 5. gr. getur hún fellt leyfi skv. 4. gr. úr gildi. Um tilkynningar gilda ákvæði 1. mgr. 15. gr. eftir því sem við á. Áður en leyfi er fellt úr gildi skal Vegagerðin senda viðvörun um fyrirhugaða niðurfellingu leyfis þar sem koma skal fram tilefni niðurfellingar og leyfishafa gefinn kostur á að bæta úr annmörkum. Vegagerðin leggur mat á hvort skilyrði 5. gr. eru uppfyllt.

Komi til brottfalls leyfis skv. 2. mgr. skal Vegagerðin senda leyfishafa skriflega tilkynningu þess efnis og frá hvaða tíma leyfi telst niður fallið.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 15. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tilkynningar um brot og eftirfarandi eftirlit.

Tilkynna má til Vegagerðarinnar ef leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er stunduð án tilskilins leyfis. Tilkynningar geta verið hvort sem er munnlegar eða skriflegar og skulu innihalda, eftir því sem við á, greinargóðar lýsingar og skýringar á meintu broti, upplýsingar um þá starfsemi sem stunduð er, ökutæki sem notuð eru við starfsemina og aðila sem hana stunda. Berist Vegagerðinni slík tilkynning skal hún þegar senda skriflega fyrirspurn um starfsemi og gefa viðkomandi færi til skýringa. Vegagerðin leggur mat á hvort starfsemi er leyfisskyld og skal veita viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta.

Hafi Vegagerðinni borist tilkynning um leyfisskylda starfsemi sem stunduð er án tilskilins leyfis og ljóst þykir af skýringum frá viðkomandi að starfsemin er leyfisskyld, en ekki er orðið við áskorunum um að sækja um leyfi skv. 4. gr., er sérstökum eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki hans og kyrrsetja það uns sótt hefur verið um leyfi. Ef ekki er orðið við ítrekuðum áskorunum Vegagerðarinnar um skýringar á starfsemi er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki viðkomandi til að kanna um hvernig flutning er að ræða og hvort starfsemi er leyfisskyld. Vegagerðin getur leitað aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutæki í þessum tilvikum.

Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki þegar lögreglan eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki og verða við fyrirmælum um að hætta akstri. Ökumaður ber ábyrgð á farmi sem hann flytur þegar ökutæki er stöðvað samkvæmt þessari grein og ber ábyrgð á að útvega áframhaldandi flutning farmsins til viðtakanda.

10. gr.

15. gr. laganna, er verður 16. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

Refsingar.

Brot gegn ákvæðum 4., 6., 7., 10. og 12. gr. laga þessara varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Sektir allt að 100.000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara.

11. gr.

Á undan 16. gr. laganna kemur ný grein er verður 17. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Málskot.

Stjórnsýsluákvörðunum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

12. gr.

Í stað orðanna „vöruflutningum og efnisflutningum“ í 2. mgr. 16. gr. laganna, er verður 18. gr., kemur: og farmflutningum.

13. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi.**

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfishafar sem hafa gild leyfi til vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni við gildistöku laga þessara skulu skila inn leyfum og sækja að nýju um leyfi til Vegagerðarinnar innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Öll leyfi til vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara falla úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Ástæða endurskoðunar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Tilefni endurskoðunar á lögunum og þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru ýmsar athugasemdir og ágreiningur sem komið hefur upp við framkvæmd laganna frá setningu þeirra sem og athugasemdir ráðgjafanefndar um opinbert eftirlit við efni laganna. Hefur það einungis beinst að ákvæðum laganna um vöru- og efnisflutninga og varða breytingartillögur þann hluta laganna.

Í núgildandi lögum er greint á milli vöruflutninga og efnisflutninga. Einnig milli flutninga í atvinnuskyni og flutninga í eigin þágu. Efnisflutningar eru skilgreindir í lögunum sem flutningar á jarðefni, svo sem möl eða sandi. Í reglugerð er hugtakið víkkað út og látið taka til ýmiss konar flutnings, svo sem á hráefni til iðnaðar og vökvum í tönkum. Með þessu eru nánast allir efnisflutningar gerðir leyfisskyldir.

Í núgildandi lögum er flutningur í eigin þágu undanskilinn leyfisskyldunni, hvort sem er flutningur á vörum eða efni. Sú takmörkun er þó gerð ef um fyrirtæki er að ræða að flutningur í eigin þágu er aðeins leyfislaus að flutningurinn sé lítill hluti af starfsemi viðkomandi fyrirtækis og ökumaður starfsmaður þess. Lögin hafa hins vegar engin nánari ákvæði um það hvernig þetta mat á að fara fram eða hvaða gögnum skuli framvísa þessu til staðfestingar og hefur ágreiningur er þetta varðar komið til kasta dómstóla.

Ýmis vandamál hafa komið upp við túlkun á þessu ákvæði og þá aðallega hvort efnisflutningur er í eigin þágu eða ekki þegar um flutning ýmiss konar iðnfyrirtækja er að ræða með hráefni eða vörur fyrirtækisins sem og jarðefnaflutningar.

Ágreiningur hefur einnig orðið um túlkun á því hvað fellur undir efnisflutninga og hefur verið bent á að skilgreining reglugerðarinnar hafi ekki lagastoð. Þetta hefur verið staðfest með dómi héraðsdóms þar sem ekki var talið koma fram með nægilega skýrum hætti að refsiákvæði laga nr. 73/2001 taki til þeirrar tegundar flutninga sem ákært var fyrir.

II. Endurskoðun.

Í ljósi alls framangreinds var ákveðið að ráðast í endurskoðun á lögunum með það fyrir augum að leysa úr þeim vandamálum sem upp hafa komið varðandi túlkun þeirra og framkvæmd. Við undirbúning að þeirri endurskoðun og með hliðsjón af athugasemdum ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur og framangreindum héraðsdómum var sérstaklega skoðað og metin þörfin á að viðhalda atvinnuleyfum fyrir starfsgreinina og því eftirliti með henni sem komið var á með lögum nr. 73/2001.

Í því skyni var leitað til ýmissa hagsmunaaðila um álit á leyfisskyldunni og eftirlitinu. Í ljós kom að skoðanir eru mjög skiptar innan akstursgreinanna á því hvernig til hefur tekist og hver þörfin er.

Almennt má segja að hagsmunaaðilar séu ánægðir með leyfisskylduna og þau námskeið sem umsækjendum er skylt að sækja. Telja þeir fagmennsku akstursgreinanna í heild hafa aukist með þessu og að leyfin feli í sér ákveðinn gæðastimpil á starfseminni. Það hafi bætt starfsumhverfi stéttarinnar í heild, ekki síst út á við gagnvart neytendum.

Hins vegar hefur einnig komið fram gagnrýni tiltekinna hagsmunaaðila á að með lögum nr. 73/2001 hafi starfsgreinar verið settar undir leyfisskyldu sem áður hafi ekki lotið slíku og með því hafi verið sett íþyngjandi skilyrði sem takmarki aðgang að stéttinni. Gagnrýni hefur einnig komið fram á að lögin séu ekki nægilega skýr um hvaða starfsemi er leyfisskyld og hvað er akstur í eigin þágu.

Einnig má segja að stór hluti hagsmunaaðila sé sáttur við eftirlitið og samstarf við Vegagerðina um það. Strax hafi mátt sjá árangur af eftirlitinu og voru mál stéttarinnar að komast í mjög góðan farveg þegar framangreindir dómar féllu um skilgreiningu á eigin akstri og efnisflutningum. Eftir það hafi eftirlit minnkað og er þess þegar farið að gæta innan stéttarinnar með því að fagmennska hefur minnkað sem og virðingin fyrir lagaumhverfi því sem lög nr. 73/2001 komu á.

Sumir hafa jafnvel gagnrýnt að eftirlitið væri ekki nóg og ekki sé brugðist nægilega við tilkynningum um að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án leyfis. Aðilar komist því upp með það árum saman að aka án leyfis. Veita þurfi Vegagerðinni meiri heimildir til viðbragða, t.d. til að stöðva ökutæki og kyrrsetja, þar til sótt er um leyfi.

Aðrir hagsmunaaðilar hafa hins vegar bent á að eins og með leyfisskylduna hafi lög nr. 73/2001 sett starfsgreinar undir eftirlit sem áður þurftu ekki að hlíta slíku. Eftirlitið sé auk þess allt of strangt og íþyngjandi.

Sjónarmið aðila innan stéttarinnar eru þannig mjög ólík hvað varðar leyfisskylduna og ekki síst það eftirlit sem Vegagerðinni er falið að hafa með starfseminni enda er um ólíka flutningastarfsemi að ræða.

III. Helstu breytingar og nýmæli.

1. Leyfisskyldan.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir ekki ástæða til að afnema leyfisskylduna sem komið var á með lögum nr. 73/2001 eða þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi. Ekki er talið óeðlilegt að atvinnustarfsemi sem þessi sé háð leyfum og er það í takt við aðra atvinnustarfsemi í landinu. Leyfi leiði auk þess til þess að ákveðin formfesta skapist um stéttina og hafi það almennt í för með sér ákveðin gæði fyrir stéttina sjálfa og ekki síður þá aðila sem nýta sér þjónustu hennar.

Nýjar skilgreiningar á því hvað er flutningur í atvinnuskyni og hvað í eigin þágu eiga að gera það einfaldara og skýrari hverjir þurfa leyfi og koma til móts við sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila innan stéttarinnar á því hverjir stundi leyfisskylda starfsemi.

2. Farmflutningar.

Hætt verður að greina á milli vöruflutninga og efnisflutninga en í staðinn tekið upp heitið farmflutningar. Byggist það á því að allur flutningur er í raun farmflutningur, hugtakið farmur taki yfir hvers kyns vörur og efni. Leyfisskylda farmflutninga mun ráðast af því hvort flytjandi stundar flutninginn í atvinnuskyni, óháð því hvað er flutt.

Með lögunum er ekki verið að undanþiggja vörubílstjóra almennt leyfisskyldu. Gildir það sama um þá og aðrar flytjendur að þeir verða áfram að hafa almennt rekstrarleyfi til að stunda sína flutninga, nema vinna þeirra falli undir flutning í eigin þágu miðað við þá skilgreiningu sem það hugtak hefur í lögunum og lýst er hér á eftir.

Almennt má gera ráð fyrir að allflestir vörubílstjórar þurfi áfram að hafa leyfi eins og þeir þurfa nú, þar sem vinna þeirra felst að mestu leyti í að stunda flutninga fyrir aðra, þótt þeir e.t.v. eigi stundum þann farm sem þeir flytja. Þeir eru verktakar í flutningabransanum og gera út sínar bifreiðar. Vinna þeirra felst í að stunda flutninga, hvort sem er fyrir einstaka aðila eða stærri verk.

Vinna flytjenda getur eflaust skipst á milli þess að vera leyfisskyld starfsemi og í eigin þágu. Í því tilviki þurfa þeir að mega stunda þá flutninga sem eru leyfisskyldir. Ekki er um það að ræða að flytjendur þurfi ýmist að hafa leyfi eða skila því inn, eftir mismunandi störfum, heldur er gert ráð fyrir að þeir sem að einhverju leyti stunda leyfisskyldan flutning

þurfi að hafa og viðhalda leyfi. Það á að vera eftirsóknarvert fyrir flytjendur og styrkja stöðu þeirra á samkeppnismarkaði að hafa leyfi og geta framvísað því við viðsemjendur.

3. Flutningur í eigin þágu.

Allir flutningar í eigin þágu verða áfram leyfislausir hvort sem er hjá fyrirtækjum eða einstaklingum. Nýmæli er í lögunum að engu skiptir hversu stór hluti af starfsemi fyrirtækja flutningurinn er, ef flutningurinn er sannanlega í eigin þágu er hann leyfislaus.

Þannig verður flutningur fyrirtækja á eigin hráefni, vörum og öðru er tilheyrir starfseminni leyfislaus ef flutt er með bílum fyrirtækisins en þá er gengið út frá því að ekki komi sérstakt gjald fyrir flutninginn. Hér er miðað við að bifreiðar séu í eigu fyrirtækjanna sem eiga farminn. Eðlilegt þykir að þetta gildi líka um bifreiðar sem notaður eru í flutningum en eru í eigu bílstjóranna sjálfra en þá er gert að skilyrði að bílstjórinn sé launþegi hjá fyrirtækinu og hafi þetta að aðalstarfi en taki ekki sérstakt gjald fyrir flutninginn. Ef hins vegar bílstjóri notar bifreið sína einnig til að aka fyrir aðra, gegn gjaldi, þá er sá akstur leyfisskyldur. Á sama hátt er sá leyfisskyldur sem tekur að sér flutning fyrir tiltekinn aðila sem verktaki, þ.e. ekki er launþegasamband, eins og það er skilgreint eftir almennum reglum, milli aðila.

Samkvæmt þessu verða flutningar með bifreiðum sem eru sérútbúnar til meðhöndlunar á því sem flutt er eða hafa sérbúnað þar sem vinna með búnaðinn er meginverkefni ökutækisins ekki leyfisskyldir. Sem dæmi um aðila sem undir slíkt falla má nefna:

- Bifreiðar til dreifingar á asfalti og til vegmerkinga.
- Bifreiðar til söfnunar á mjólk frá lögbýlum með til þess gerðum tankbifreiðum.
- Dælubifreiðar til hreinsunar fráræsa og rotþróa.
- Flutningur á steypu með þar til gerðum steypubifreiðum.
- Notkun björgunarbifreiða.
- Sorpsöfnun frá húsum þar sem notaðar eru til þess gerðar sorpbifreiðar (öskubílar).

Á þetta við svo framarlega sem viðkomandi flytjandi hefur það ekki að atvinnu að eiga og gera út slíkt ökutæki og starfar sjálfstætt við slíka flutninga í atvinnuskyni, í því tilviki væri flutningurinn leyfisskyldur.

4. Flutningur í atvinnuskyni.

Allir farmflutningar í atvinnuskyni, gegn endurgjaldi, verða leyfisskyldir. Áherslan er á því hvort tekið er gjald fyrir flutninginn, þ.e. hvort um sölu á flutningsþjónustunni sem slíkri er að ræða og sú sala óháð annarri starfsemi viðkomandi.

Af þessu leiðir að ef starfsemi viðkomandi er ekki flutningsþjónusta þá þarf ekki leyfi jafnvel þótt einhver akstur sé hluti þess verks sem innt er af hendi svo framarlega sem sérstakt gjald kemur ekki fyrir flutninginn. Sá sem starfar hins vegar við flutninga þarf alltaf leyfi. Starfsemi hans felst þá í verktöku við flutninga og fær hann greitt fyrir það.

Til nánari skýringar má taka sem dæmi verktaka sem tekur að sér byggingu húss. Í verkinu felst eflaust einhver akstur með efni og annað vegna byggingarinnar en sá akstur mundi ekki teljast leyfisskyldur fyrir verktakann, þar sem flutningurinn er ekki sú starfsemi sem hann hefur með höndum, heldur byggingarvinnan og verktakinn fær ekki greitt sérstaklega fyrir flutninginn heldur verkið í heild. Flutningurinn tengist þeirri starfsemi viðkomandi sem hann sinnir og má segja að um flutning í eigin þágu sé að ræða sem er ekki leyfisskyldur.

5. Eignarhald á farmi.

Eignarhald þess sem flutt er skiptir áfram máli en er þó ekki ákvarðandi þáttur varðandi það hvort flutningar eru leyfisskyldir. Flutningur á eigin farmi er alls ekki alltaf flutningur

í eigin þágu samkvæmt lögunum heldur þarf að skoða forsendurnar fyrir flutningnum hverju sinni.

Ef flytjandi er að flytja farm sem er í hans eigu og er hluti af öðru verki sem hann sjálfur er að vinna að þarf hann ekki leyfi. Má hér nefna sem dæmi verktakafyrirtæki í byggingarframkvæmdum, sbr. dæmið hér að framan.

Ef hins vegar flytjandi er að flytja farm sem er í hans eigu en flutningurinn er fyrir einhvern annan aðila, þar sem gjald kemur fyrir flutninginn, þótt það gjald sé hluti af verðinu fyrir farminn, þá þarf leyfi. Má sem dæmi nefna flutning á möl til vegagerðar. Flytjandinn á mölina en er að flytja til ákveðins aðila sem hefur tekið að sér vegagerð. Þótt flytjandinn eigi farminn er hann ekki að flytja farminn í eigin þágu heldur í þágu þess sem ætlar að nota farminn, flutningurinn er því í atvinnuskyni. Hér má einnig benda á að hafi viðskiptavinurinn keypt farminn af flytjandanum og um er að ræða flutning farmsins til hans er ekki lengur um að ræða að flytjandinn eigi farminn og því um hreina og klára flutningsþjónustu flytjandans að ræða sem er leyfisskyld.

IV. Eftirlit.

Eitt helsta nýmæli frumvarpsins er að formlegu eftirliti Vegagerðarinnar með því að flutningsaðilar hafi leyfi og að hún grípi til aðgerða í kjölfarið er hætt. Gert er ráð fyrir að stéttin sjálf hafi eftirlit með sér og tilkynni um aðila sem stunda leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis en slíkt verður áfram lögbrot sem er refsivert. Vegagerðin mun í staðinn taka við tilkynningum um meint brot og gera viðeigandi ráðstafanir, en í frumvarpinu eru ákvæði um viðbrögð við slíkum tilkynningum og þau úrræði sem stofnunin getur gripið til í kjölfarið. Jafnframt mun Vegagerðin taka við og bregðast við tilkynningum um að leyfishafi uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir leyfi.

V. Tilkynningar.

Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um tilkynningar og aðgerðir, einungis að Vegagerðin geti falið lögreglu að stöðva starfsemi og viðkomandi ökutæki. Því hefur verið nokkuð á reiki hvernig Vegagerðin eigi að fara með tilkynningar um meint brot og hvaða aðgerðir eigi að fylgja í kjölfarið. Ákvæði þessi eiga að taka af allan vafa um það hvert er hlutverk Vegagerðarinnar og skyldur í þessu sambandi.

Með frumvarpinu er Vegagerðinni falin heimild til að stöðva bifreiðar ef í ljós kemur að um brot er að ræða, en sú heimild er einungis í kjölfar tilkynningar og ítarlegrar rannsóknar Vegagerðarinnar á starfsemi viðkomandi og vanrækslu hans á því að bregðast við áskorunum um skýringar og/eða umsókn um leyfi.

Samhliða þessu er kveðið á um skyldu ökumanns til að stöðva ökutæki en án þess væri ákvæðið um stöðvunarheimild ekki virkt. Jafnframt er kveðið á um að farmur sé ávallt á ábyrgð flytjanda og hann verður að gera ráðstafanir til að koma honum á áfangastað þrátt fyrir að hafa verið stöðvaður og meinað að halda áfram vegna leyfisleysis.

VI. Brottfall leyfis.

Sérstök ákvæði er varða brottfall leyfis eru nýmæli en ekki er um slíkt að ræða í gildandi lögum. Annars vegar er um að ræða sjálfkrafa niðurfellingu leyfis og hins vegar heimild til að fella leyfi niður. Við niðurfellingu eru höfð til hliðsjónar þau skilyrði sem þarfa að uppfylla og viðhalda til að hafa leyfi. Þykir skýrara og gagnsærra að settar séu ákveðnar reglur hverjar séu afleiðingar þess ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrðin.

VII. Refsingar.

Refsiákvæði laganna er gert skýrara og tekið fram hvaða ákvæði þeirra geta falið í sér refsiverð brot.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting sú sem lögð er til er í samræmi við breytt heiti laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Ekki þykir ástæða til að greina á milli efnisflutninga og vöruflutninga þar sem allur flutningur sé í raun flutningur á hvers kyns farmi. Skýrara og einfaldara sé að nota hugtakið farmflutningur í þessu sambandi.

Um 2. gr.

Breyting á i- og j-lið felur í sér nýja og skýrari skilgreiningu á því hvað er farmflutningur í atvinnuskyni og hvað er farmflutningur í eigin þágu.

Í i-lið er skilgreint hvað er farmflutningur í atvinnuskyni og þar með leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögunum. Aðaláherslan er á því hvort um sölu á hinni eiginlegu flutningsþjónustu er að ræða, óháð því hvað flutt er. Ef starfsemi viðkomandi er flutningur, þ.e. tekið er gjald fyrir flutninginn, þá er flutningurinn í atvinnuskyni. Skiptir ekki máli hvort viðkomandi stundar þetta sem aðalstarf eða ekki, áherslan er á að flutningsþjónustan sjálf sé seld, gegn gjaldi. Sem dæmi má nefna ökumann sem sinnir flutningi sem sjálfstæður flytjandi, samhliða annarri launavinnu. Þá þarf hann leyfi fyrir þeim flutningi jafnvel þótt einungis sé um lítinn hluta af atvinnu hans að ræða.

Í j-lið er skilgreint hvað er flutningur í eigin þágu. Allur flutningur í eigin þágu er leyfislaus, hvort sem er hjá fyrirtækjum eða einstaklingum. Áherslan er á að ekki sé tekið gjald fyrir flutninginn, þ.e. ekki aðkeypt flutningsþjónusta. Hér munu helst falla undir fyrirtæki sem flytja eigin hráefni, aðföng og afurðir, oft með sérmerktum bifreiðum, hvort sem eru í eigu fyrirtækjanna sjálfra eða bílstjóranna sem þá eru launþegar hjá viðkomandi fyrirtæki. Eignarhald á því sem flutt er skiptir áfram máli en þó er það ekki afgerandi um það hvort flutningur er í eigin þágu.

Samkvæmt þessum nýju skilgreiningum á flutningi í atvinnuskyni og flutningi í eigin þágu ræðst leyfisskylda farmflutninga af því hvort flytjandinn stundar flutningana í atvinnuskyni gegn gjaldi, óháð því hvers konar efni er flutt og er litið er til þess í hverju verkið felst hverju sinni. Sami aðili getur þannig bæði stundað leyfisskyldan flutning og flutning í eigin þágu en það leiðir að sjálfsögðu til þess að hann þarf að hafa leyfi.

Þegar efni er í eigu annars en þess sem flytur þarf að líta til forsendu flutningsins og hvort flytjandinn hefur að atvinnu að stunda flutninga eða hvort atvinna hans er á öðru sviði þótt einhver flutningur felist í því. Flutningur sem er hluti af stærri verki, á allt öðru sviði, svo sem byggingaframkvæmdir og framkvæmdur er af þeim sem hefur tekið að sér bygginguna, mundi ekki teljast flutningur í atvinnuskyni enda þá gengið út frá því að byggingaraðilinn þurfi ekki að greiða sérstakt gjald fyrir flutninginn heldur sé flutningurinn hluti af verkinu sem hann fengi sjálfur greitt fyrir. Fái viðkomandi hins vegar aðra til að taka að sér flutninginn þurfa þeir aðila að sjálfsögðu rekstrarleyfi enda þá að taka að sér flutning í atvinnuskyni.

Um 3. gr.

Í greininni eru sameinuð að ákvæði núgildandi 4. og 9. gr. og kveðið á um skyldu til að hafa almennt rekstrarleyfi til að stunda fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni. Ekki er um breytingar að ræða frá núgildandi lögum nema í samræmi við 1. gr. að í stað efnis- og vöru-

flutninga er notað heitið farmflutningar. Áfram er gert ráð fyrir að leyfishafi geti verið hvort sem er einstaklingur eða lögaðili og að þegar hann er lögaðili verði að vera til staðar forsvarsmaður sem uppfyllir skilyrði laganna er varða einstaklinga.

Leyfin eru áfram gefin út af Vegagerðinni og hafa tímabundinn gildistíma í 5 ár. Þau eru áfram óframseljanleg en nýmæli er að leyfishafi skuli hafa leyfi sýnilegt í bifreið sinni. Er það gert til að þeir sem flutt er fyrir geti auðveldlega sannreynt að tilskilið leyfi sé fyrir hendi.

Þar sem með frumvarpi þessu er horfið frá því að greina á milli mismunandi leyfa fyrir mismunandi flutning þykir ekki ástæða til að hafa ákvæði um heimild til útgáfu mismunandi leyfi eins og nú er í 4. gr. og er það fellt út. Samkvæmt frumvarpinu er einungis gefin út ein tegund leyfis til farmflutninga, almennt rekstrarleyfi, sama hvaða farmur fluttur er og með hvernig flutningabifreið.

Í 4. mgr. er kveðið á um að til flutnings í eigin þágu þurfi ekki leyfi og er það eins og í núgildandi lögum.

Í 5. mgr. er það nýmæli að hafa til skýringar verknaðarlýsing brots gegn ákvæðinu.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um þau skilyrði sem umsækjandi um rekstrarleyfi þarf að uppfylla til að fá leyfi og jafnframt að þau skuli hann uppfylla á leyfistíma. Ekki er um breytingar að ræða á skilyrðum frá núgildandi lögum.

Tekið er fram að ef lögaðili er umsækjandi verði forsvarsmaður umsækjanda að uppfylla tiltekin skilyrði til að leyfi fáist og er það í samræmi við 9. gr. núgildandi laga en skýrar þykir að það komi fram í þessari grein.

Áfram er gert ráð fyrir að nánari reglur verði settar um skilyrðin og umsóknir um leyfi í reglugerð.

Um 5. gr.

Vísað er til athugasemda við 3. gr. en að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Engin ákvæði um brottfall rekstrarleyfa eru í núgildandi lögum. Settar eru reglur um hvenær leyfi fellur niður, hvenær heimilt er að fella leyfi niður og þá framkvæmd sem slíkt kallar á. Nauðsynlegt þykir að hafa reglur um þetta skýrar og einfaldar þar sem um íþyngjandi aðgerðir er að ræða gagnvart leyfishafanum.

Greint er á milli þess þegar leyfið fellur niður án aðgerða og þegar heimilt er að fella leyfið úr gildi. Í 1. mgr. er fjallað um sjálfkrafa niðurfellingu leyfis sem ekki kallar á neinar aðgerðir, hvorki af hálfu leyfishafa né Vegagerðarinnar og er allur akstur viðkomandi frá þeim tíma brot gegn ákvæðum laganna. Tímamark brottfalls miðast við úrskurð um töku bús til gjaldþrotaskipta eða úrskurð um sviptingu fjárræðis. Þykir þessi regla eðlileg m.a. í ljósi skilyrðis um fullnægjandi fjárhagsstöðu.

Í 2. mgr. er fjallað um hvenær Vegagerðinni er heimilt að fella leyfi niður. Ekki þykir ástæða til að leyfi falli sjálfkrafa úr gildi þótt leyfishafi eða forsvarsmaður uppfylli ekki lengur öll skilyrði 5. gr. laganna enda getur verið um atriði að ræða sem auðvelt er að bæta úr. Er því lagt til að áður en til leyfissviptingar kemur skuli Vegagerðin gefa viðkomandi færi

á að bæta úr því sem gæti verið ástæða brottfallsins. Í því felst að Vegagerðin verður að tilgreina hvaða skilyrði það er sem ekki er lengur uppfyllt og gæta andmælaréttar viðkomandi. Mat á því hvort skilyrði 5. gr. laganna fyrir leyfi eru uppfyllt er hjá Vegagerðinni og er sú ákvörðun stjórnsýsluákvörðun sem er kæranleg til samgönguráðuneytisins.

Haldi starfsemi áfram eftir niðurfellingu leyfis gilda ákvæði 15. gr. um úrræði vegna aksturs án leyfis. Í því tilviki yrði að koma til ný tilkynning um hina meintu ólögmætu starfsemi, ef Vegagerðin á að geta beitt úrræðum greinarinnar um stöðvun ökutækja.

Í 3. mgr. er síðan kveðið á um að Vegagerðin skuli tilkynna skriflega um brottfall leyfis og tímamörk sem brottfall miðast við. Verður að telja það eðlilega málsmeðferð því það markar upphafstíma þess hvenær ólögmæt starfsemi hefst, ef starfsemi heldur áfram. Mat á því við hvaða tímamark skuli miða er hjá Vegagerðinni því það fer eftir aðstæðum hverju sinni og hvaða skilyrði það er sem ekki er lengur uppfyllt.

Um 9. gr.

Þessi grein er nýmæli og fjallar um tilkynningar til Vegagerðarinnar um starfsemi sem fellur undir lögin en er stunduð án leyfis og hvernig bregðast skuli við slíkum tilkynningum. Einnig er kveðið á um þau úrræði sem Vegagerðin getur gripið til í kjölfar tilkynninga.

Ákvæði þessa efnis eru ekki í núgildandi lögum og hefur það valdið erfiðleikum við hvernig bregðast skuli við tilkynningum. Rétt er að taka fram að einungis er um að ræða aðgerðir af hálfu Vegagerðarinnar í kjölfar tilkynninga um ólögmæta starfsemi sem undir lögin fellur, ekkert eftirlit fer fram að frumkvæði Vegagerðarinnar.

Nauðsynlegt er að reglur um þetta séu skýrar og einfaldar svo að ekki leiki vafi á um hlutverk Vegagerðarinnar og þær heimildir sem stofnuninni hefur til aðgerða.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Vegagerðin taki við tilkynningum og að stofnuninni sé skylt að kynna þeim sem tilkynntur er þegar um það og gæta andmælaréttar hans í hvívetna sem og að gefa honum færi á að sækja um tilskilið leyfi. Mat á því hvort starfsemin er leyfisskyld er hjá Vegagerðinni og er sú ákvörðun stjórnsýsluákvörðun sem er kæranleg til samgönguráðuneytisins. Ástæða þykir að taka fram að tilkynningar skuli innihalda ákveðnar upplýsingar, annars yrði það erfiðleikum bundið að bregðast við þeim. Nauðsynlegt er að tilkynningar tilgreini númer þeirra ökutækja sem notuð eru við hina meintu ólögmætu starfsemi til að unnt sé að leita að þeim og stöðva. Einnig er nauðsynlegt að sýna fram á tengsl milli ökutækjanna og þess sem notar þau við farmflutningana.

2. mgr. er um heimild Vegagerðarinnar til að bregðast við þegar sýnt þykir að starfsemin er leyfisskyld en ekki er orðið við áskorunum um að afla leyfis. Í þeim tilvikum þykir nauðsynlegt að Vegagerðin hafi einhver úrræði til að bregðast við slíku annars væri lítið gagn í tilkynningum eða skyldu til að hafa rekstrarleyfi til að stunda starfsemi sem fellur undir lögin. Því er kveðið á um að eftirlitsmenn Vegagerðarinnar geti stöðvað bifreið þess aðila sem var tilkynntur og kannað hvort hann er að stunda flutninga í atvinnuskyni sem undir lögin heyra.

Heimild þessi til stöðvunar gildir einungis um ákveðna bifreið, eina eða fleiri sem tilkynning beinist að og leiðir af því að tilkynningar verða að varða tilgreinda bifreið, eina eða fleiri, tiltekins aðila sem hefur atvinnu af því að flytja með þeim farm gegn gjaldi. Rétt þykir að stöðvunarheimildin nái einnig til þeirra sem ekki sinna áskorunum Vegagerðarinnar um skýringar á starfsemi enda um fá önnur úrræði að ræða til að kanna starfsemina. Það sama á við hér, að stöðvunarheimildin beinist einungis að tilteknu ökutæki, eins eða fleiri, þess sem tilkynning beinist að.

Í ákvæðinu er Vegagerðinni veitt heimild að leita aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutæki. Ástæða þess er sú að það getur verið hagkvæmt og leitt til fljótari afgreiðslu þar sem lögregla er almennt við umferðareftirlit um allt land og því auðveldara að fylgjast með ferðum tiltekinna ökutækja.

Rétt þykir að ítreka til að taka af allan vafa að ákvæði þetta um stöðvunarheimild Vegagerðarinnar er ekki almenn heimild stofnunarinnar til að stöðva ökutæki sem eru í farmflutningum, einungis er um að ræða heimild til að stöðva nánar tilgreind ökutæki þess sem tilkynning varðar. Tilkynningar verði því að innihalda upplýsingar um skráningarnúmer ökutækja og tengsl við þann sem tilkynntur er.

3. mgr. kveður á um skyldu ökumanns til að stöðva ökutæki og heimila könnun á þeim flutningi sem fram fer en án þess er stöðvunarheimildin óvirk. Til að taka af allan vafa er tekið fram að farmurinn sé alfarið á ábyrgð þess sem flytur og er það hans að útvega annan flutningsaðila til að uppfylla samningsskyldur sínar gagnvart eiganda farmsins.

Um 10. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 1. mgr. 15. gr. núgildandi laga nema að hér er vísað til þeirra ákvæða laganna sem geta falið í sér refsivert brot. Meginbrotið felst að sjálfsögðu í broti gegn 4. gr., því að stunda leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis en einnig að stunda reglubundna fólksflutninga á sérleyfisleið, án sérleyfis (6. gr.), flytja tiltekna farþega um einkaleyfissvæði (7. gr.), nota sérútbúnar bifreiðar í öðru skyni en þjónustu við ferðamenn (10. gr.) og uppfylla ekki gæða- og tæknikröfur (12. gr.).

Áfram er gert ráð fyrir að sektir séu ákveðnar í reglugerð, settri af dómsmálaráðherra samkvæmt tillögum ríkissaksóknara en felld er út heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Einnig er felld út heimild Vegagerðarinnar til leyfissviptingar við alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum enda eru alvarlegustu og algengustu brotin það að stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis og því ekki um að ræða nein leyfi sem unnt er að svipta viðkomandi. Ákvæði þetta þykir því óþarft.

Um 11. gr.

Nýmæli er að kveðið er á um málskotsrétt og málsmeðferð.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um nýtt heiti á lögunum þannig að orðið „farmflutningar“ kemur í stað orðanna „vöruflutninga og efnisflutninga“.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með þessu ákvæði er öllum sem hafa útgefið leyfi samkvæmt núgildandi lögum, á sviði vöruflutninga og efnisflutninga, gert að skila inn leyfum og sækja um að nýju fyrir ákveðinn tíma. Er það gert til að hægt sé að ganga úr skugga um að allir leyfishafar uppfylli öll þau skilyrði sem þarf fyrir leyfi. Þykir það nauðsynlegt til að tryggja jafnræði allra leyfishafa,

ekki síst vegna samkeppnissjónarmiða og neytendaverndar sem og til að styrkja stéttina í heild.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með breytingu laganna er að einfalda túlkun þeirra og framkvæmd. Hætt verður að greina á milli vöruflutninga og efnisflutninga en í staðinn tekið upp heitið farmflutningar. Einnig er fjallað um leyfisskyldu og eftirlit.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1057. Frumvarp til laga [699. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. C-liður 1. mgr. orðast svo: Það hafi leyfi frá samgönguráðherra eða þeim sem hann felur leyfisveitinguna til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Leyfi skv. c-lið má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru slík leyfi afturkallanleg án fyrirvara. Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd leyfisveitinga.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Loftfar skal eigi skrásetja nema það hafi tegundarskírteini sem Flugmálastjórn Íslands eða Flugöryggisstofnun Evrópu hefur gefið út eða metið gilt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Orðin „smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og“ og „eða framleiðendum“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „framleiðendur og“ í 2. mgr., „framleiðenda og“ í 4. mgr., „framleiðendum og“ í 5. mgr. og „framleiðandi eða“ í 6. mgr. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um lofthæfi, þ.m.t. um vottun loftfara, íhluta og búnaðar, um viðurkenningu á viðhaldsstöðvum og skilyrði hennar og um hæfniskröfur til starfsfólks á þessu sviði.

4. gr.

Í stað orðsins „flugliða“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: flugmanna.

5. gr.

47. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tilkynningarskylda.

Verði flugslys, flug- eða flugumferðaratvik eða önnur þau atvik sem, ef ekki leiðrétt, hefðu valdið hættu fyrir loftfar, farþega þess eða aðra utan þess ber að tilkynna það í samræmi við ákvæði laganna eða reglur settar samkvæmt þeim. Sama gildir ef hætta hefur vofað yfir flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.

Öll tilvik skv. 1. mgr. skulu tilkynnt til Flugmálastjórnar Íslands en öll flugslys og flug- eða flugumferðaratvik ber að tilkynna til rannsóknarnefndar flugslysa í samræmi við lög sem um hana gilda.

Tilkynningarskylda skv. 1. og 2. mgr. hvílir á flugstjóra eða öðrum starfsmönnum flugrekanda eða skráðum umráðanda loftfars í loftfaraskrá ef fyrrnefndum aðilum er eigi unnt að sinna þeirri skyldu. Jafnframt hvílir hún á starfsmönnum á flugvelli, flugumferðarstjórum, viðhaldsaðilum eða öðrum starfsmönnum í öryggistengdum störfum og ber þeim tafarlaust að sjá um að tilkynnt sé og að gefa síðan skýrslu svo fljótt sem verða má.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um tilkynningarskylduna, m.a. um til hvaða atvika tilkynningar skuli ná, að skyldan taki til fleiri aðila, um form úrvinnslu, tímamörk og birtingu skýrslna á grundvelli tilkynninga og annað er máli kann að skipta til að rekja megi orsakir atvika.

Samgönguráðherra er einnig heimilt að setja reglur um að þeir aðilar sem tilkynningarskyldir eru skv. 3. mgr. geti tilkynnt hvers kyns truflanir á starfsemi, rekstri, stjórn eða viðhaldi flugfars eða flugleiðsöguþjónustu sem áhrif gætu haft á flugöryggi án þess að það hafi leitt til tilkynningarskylds atviks.

6. gr.

Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 47. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Gagnagrunnur um tilkynnt atvik.

Upplýsingar um atvik sem tilkynningarskyld eru skv. 47. gr. skulu varðveittar í sérstökum gagnagrunni til að auðvelda úrvinnslu upplýsinga til eflingar flugöryggi. Óheimilt er að setja í gagnagrunninn upplýsingar um nafn tilkynnanda.

Óheimilt að veita þriðja aðila aðgang að upplýsingum eða tilkynningum sem berast skv. 47. gr. Þetta á ekki við um upplýsingar sem veittar eru til erlendra ríkja, stofnana eða samtaka á grundvelli alþjóðasamninga eða skuldbindinga ef tilgangurinn er að vinna að auknu flugöryggi. Heimilt er að veita rekstraraðila aðgang að upplýsingum er varða starfsemi hans.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gagnagrunninn, m.a. um aðgang og úrvinnslu á grundvelli gagna í honum.

7. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, ásamt fyrirsögnum:

a. (57. gr. a.)

Flugleiðsöguþjónusta o.fl.

Með flugleiðsöguþjónustu er átt við flugumferðar-, fjarskipta- og ratsjárþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og flugupplýsingaþjónustu. Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu er hver sá opinber aðili, stofnun eða fyrirtæki sem veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir flugumferð. Flugleiðsöguþjónusta og búnaður hennar skal fullnægja kröfum og stöðlum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir upphaf þjónustunnar.

Að fullnægðum þeim kröfum og stöðlum sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi skal gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal m.a. koma fram nafn leyfishafa og gildistími ásamt takmörkunum og skilyrðum sem í leyfinu felast. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar.

Flugmálastjórn Íslands, eða aðili sem hún samþykkir, skal hafa eftirlit með því að rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu uppfylli gerðar kröfur og sinni þeim skyldum sem hann tekur að sér. Stofnunin getur m.a. í því skyni beitt úrræðum 84. gr.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

Ákvæði greinarinnar gilda einnig um flugumferðarþjónustuskóla og flugherma eftir því sem við á.

b. (57. gr. b.)

Flugafgreiðsla.

Á flugvöllum sem eru opnir fyrir flugumferð í atvinnuskyni og þar sem fjöldi farþega og magn farms er yfir nánar tilgreindum mörkum skal heimilt að gera hlutaðeigandi leyfishafa að tryggja jafnt aðgengi að flugafgreiðslu í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur. Þar skal m.a. tiltaka lágmarksviðmið varðandi fjölda farþega og magn farmflutnings, takmörkun á fjölda þjónustuaðila og val á þeim, fyrirmæli um eigin afgreiðslu, um útboð þjónustu, bann við tiltekinni þjónustu eða takmarkanir á henni og aðskilnað í bókhaldi.

c. (57. gr. c.)

Afgreiðslugeta flugvalla.

Flugmálayfirvöld skulu taka til athugunar skipulag afgreiðslugetu flugvallar og bæta úr ef þess er kostur í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur:

a. ef hún er ófullnægjandi fyrir núverandi eða áætlaða flugumferð á tilteknum tímabilum,
b. þegar nýir flugrekstraraðilar eiga í erfiðleikum með að fá þar afgreiðslutíma,
c. ef tilmæli þess efnis hafa borist frá flugrekstraraðilum sem sjá um meira en helming af flugumferð um flugvöllinn eða
d. vegna tilmæla frá flugvallarstjórn.

Í reglunum skal m.a. koma fram hvernig standa skuli að mati á afkastagetu, úthlutun afgreiðslutíma og breytingum þar á.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Óheimilt er að flytja hvers kyns hluti, tæki eða tól inn á haftasvæði flugverndar eða

um borð í loftfar ef af getur stafað ógn eða hætta fyrir öryggi flugs og/eða farþega nema þeir teljist nauðsynlegir fyrir starfrækslu loftfarsins eða vegna skyldustarfa um borð. Samgönguráðherra skal setja reglugerð um bannaða hluti, um í hvaða tilvikum heimilt er að víkja frá banninu, um meðferð, geymslu og eyðingu þeirra og um miðlun upplýsinga til flugfarþega.

b. Á eftir orðunum „í farmi og farangri“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: pósti og rekstrarvörum; og orðið „hans“ í sömu málsliðum fellur brott.

c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálayfirvöldum er heimilt að setja reglur um takmarkaðan aðgang starfsmanna að flugvöllum og flugvallarsvæðum, vegna flugverndar, sem leiðir m.a. af athugun á viðkomandi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um sakarferil. Athugunin skal framkvæmd af lögregluyfirvöldum samkvæmt beiðni frá viðkomandi flugvallaryfirvaldi.

Samgönguráðherra setur reglur um flugvernd, hvaða aðilar séu eftirlitsskyldir, um flugverndaráætlun og um framkvæmd slíkrar áætlunar.

9. gr.

78. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hergögn og vopnaðir verðir.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra eða þess sem hann felur leyfisveitinguna samkvæmt reglum þar um. Bann þetta á ekki við um loftför Landhelgisgæslu Íslands eða íslenskra lögregluyfirvalda. Samgönguráðherra setur fyrirmæli um hvað telst hergögn og veitir almenna undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við dómsmálaráðherra.

Skotvopn og skotfæri eru hergögn samkvæmt þessari grein. Ríkislögreglustjóri setur í samráði við samgöngu- og dómsmálaráðherra reglur um meðferð þeirra um borð í íslenskum loftförum og loftförum innan íslenskrar lofthelgi, m.a. um hverjir megi bera þau og í hvaða tilvikum og hvernig að því skuli staðið.

Samgönguráðherra getur ákveðið að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi enda séu til þess brýnar ástæður, beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis og dómsmála- og utanríkisráðherra mæli með því.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.

10. gr.

Við 80. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samgönguráðherra er heimilt að ákvarða með reglugerð að nánar tiltekin flugstarfsemi skuli vegna almannaöryggis leyfisskyld þótt hún sé ekki rekin í atvinnuskyni.

11. gr.

Á eftir 85. gr. laganna kemur ný grein, 85. gr. a., svohljóðandi:

Samgönguráðherra er heimilt að setja frekari reglur til fyllingar ákvæðum þessa kafla þar sem fram komi skilyrði flugrekstrar, þ.m.t. þær fjárhagskröfur sem gerðar eru til flugrekenda. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að hvaða marki kröfum til flugrekenda í flutningaflugi skuli beitt um aðra þætti flugstarfsemi í atvinnuskyni.

12. gr.

Við 141. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðila sem tilkynnir um atvik í samræmi við 47. gr., sem ekki hafa leitt til flugslyss eða alvarlegs flug- eða flugumferðaratviks, innan 72. klst. verður ekki refsað eða hann beittur viðurlögum í tilvikum þar sem um er að ræða brot á 28. gr., 41. gr., 57. gr., 57. gr. a, 75. gr. og 76. gr. laga þessara eða vegna brota á reglum settum á grundvelli þessara greina eða vegna brota á EES-reglum settum með heimild í þessum lögum, nema orsök atviksins verði rakin til ásetnings, vítaverðs gáleysis eða neyslu áfengis eða örvandi eða deyfandi lyfja.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skal ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

13. gr.

Á eftir 146. gr. laganna kemur ný grein, 146. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Styrkveitingar til áætlunarflugs.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um styrkveitingar til áætlunarflugs til jaðarsvæða eða á flugleiðum til flugvalla með litla flugumferð. Kveða skal nánar á um mat þarfar, fargjöld, útboð þjónustunnar og önnur kjör. Um fjárframlög fer samkvæmt samgönguáætlun og fjárlögum.

14. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsleyfis á grundvelli a-liðar 7. gr. laga þessara (57. gr. a laganna) skal aflað eigi síðar en 1. júlí árið 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarna mánuði hefur starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins með fulltrúum ráðuneytisins og Flugmálastjórnar Íslands unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Frumvarp þetta byggist að mestu á tillögum starfshópsins.

Helstu breytingar á lögunum sem lagðar eru til með frumvarpi þessu leiðir m.a. af:

1. Aðild Íslands að Flugöryggisstofnun Evrópu og innleiðingu á reglugerð ESB um stofnunina (1., 2., 3.). Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu taka mið af breytingum sem orðið hafa í flugmálum innan Evrópu með stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (European Aviation Safety Agency, EASA). Meginhlutverk stofnunarinnar er að vinna að auknu flugöryggi í Evrópu og tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi á svæðinu. Að auki ber stofnuninni að stuðla að frjálsri og opinni samkeppni, skilvirku vottunarferli og alþjóðlegri samræmingu. Stofnunin tekur yfir ýmis verkefni, bæði lagalegs og tæknilegs eðlis, sem hafa verið í höndum Flugöryggissamtaka flugmálastjórna Evrópu (JAA). Stofnuninni hefur einnig verið falið að sjá um hluta af þeim verkefnum flugmálastjórna á EES sem lúta að útgáfu og viðurkenningum á tegundarskírteinum flugvéla og íhluta þeirra. Alþingi samþykkt 28. maí 2004 að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá júlí 2002, um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, yrði innleidd í íslenskan rétt. (Með 6. gr. laga nr. 88/2004, um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1988, heimilaði Alþingi samgönguráðherra innleiðingu á reglugerðinni í íslenskan rétt, sjá einnig þskj. 1439, 945. mál 130. löggjafarþings 2003–2004.) Íslendingar gerðust formlega aðilar að stofnuninni með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar 9. desember 2004. Með frumvarpinu er lagt til að breytt verði nokkrum ákvæðum loftferðalaganna til samræmis við aðildina að EASA og innleiðingu á tilskipunum ESB á þessu sviði.

2. Breyttum reglum um tilkynningarskyldu og innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og

ráðsins nr. 2003/42/EC, frá 13. júní 2003, um tilkynningarskyldu í almenningsflugi auk breytinga á refsiákvæðum laganna í því sambandi (5. gr., 6. gr. og 12. gr.). Unnið er að samræmingu á reglum á þessu sviði í Evrópu og verið að taka upp samræmt kerfi skráningar auk upplýsingaskipta um atvik og orsakavalda óhappa. Nauðsynlegt er talið að miðla upplýsingum milli ríkja um þessi mál þar sem orsök slyss í einu ríki getur verið óþekkt í öðru. Þegar eru í gildi nokkuð víðtæk ákvæði um tilkynningarskyldu hér á landi bæði í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, í lögum um rannsóknir flugslysa, nr. 35/2004, og í reglugerðum settum samkvæmt þessum lögum. Tilskipunin gerir ráð fyrir nokkuð ítarlegri tilkynningum og nær til fleiri tilvika en hingað til.

Helstu nýmæli í tilskipuninni:

- Samræmdar reglur um tilkynningar.
- Stöðlun upplýsinga í gagnagrunn sem auðveldar úrvinnslu.
- Framkvæmdastjórn ESB leggur til sérstakan hugbúnað til vinnslunnar (ECCAIRS).
- Reglur um vernd upplýsinga um tilkynnt atvik og takmörkun aðgangs að þeim.
- Óheimilt að færa nöfn tilkynnanda í gagnagrunninn.
- Ríki forðist málshöfðanir á grundvelli tilkynninga.
- Vinnuveitendum óheimilt að beita starfsmenn viðurlögum vegna tilkynninga.
- Rannsóknarnefndir og flugmálayfirvöld annarra ríkja fá aðgang að gögnum til úrvinnslu vegna flugöryggis.
- Flugmálayfirvöldum og framkvæmdastjórninni heimilt að birta upplýsingar úr gagnagrunninum (tölfræði, niðurstöður).
- Ríkjum heimilt að taka upp valkvæðar tilkynningar vegna atvika sem eru utan tilkynningarskyldu.

Flugið hefur haft algera sérstöðu gagnvart öðrum samgönguþáttum hvað varðar rannsóknir slysa og fyrirbyggjandi aðgerðir og þar hefur náðst verulegur árangur í lækkun slysatíðni. Meginmarkmið nýju tilskipunarinnar sem og allra rannsókna á flugslysum og flugatvikum er að auka flugöryggi. Í þessu skyni leggur framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi tilkynninga og að lagaumgerðin tryggi eins og hægt er að það sé gert. Með sama hætti hefur Alþjóðaflugmálastjórnin lagt á þetta áherslu í 16. Viðauka sínum við Chicago sáttmálann frá 1944. Það er einnig viðurkennd staðreynd innan atvinnugreinarinnar að verulega hefur skort á að öll flugatvik hafi verið tilkynnt. Ekki er ástæða til að ætla að þessu sé öðruvísi farið hér á landi en erlendis. Þess vegna eru tilmæli í tilskipuninni um að refsa ekki þeim sem tilkynna um atvik og með því er verið að greiða fyrir því að atvik séu tilkynnt í þágu flugöryggis. (Sjá 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.) Í frumvarpinu er því lagt til með nýmæli í 14. gr. að þau atvik sem tilkynnt séu í samræmi við lögin leysi tilkynnanda undan refsiábyrgð að uppfylltum öðrum skilyrðum. Tilgangurinn er að hvetja til þess að atvik séu tilkynnt en það er forsenda rannsókna og greiningar sem miða að auknu flugöryggi. Auk þess sem gert er ráð fyrir að allar tilkynningar séu vistaðar í gagnagrunni og að ríki innan EES geti skipst á upplýsingum um atvik og orsakavalda og þannig er lagður grunnur að miðlun upplýsinga sem hugsanlega geta komið í veg fyrir frekari slys eða óhöpp.

3. Aðild Íslands að Samevrópska loftrýminu og innleiðing reglugerða ESB á því sviði (aliður 7. gr., þ.e. 57. gr. a).

Þessi breyting tekur m.a. mið af nokkrum reglugerðum Evrópusambandsins um hið „samevrópska loftrými“ (SEL eða Single European Sky) auk draga að reglugerðum um sameiginlegar reglur um flugleiðsöguþjónustu og skírteini flugumferðarstjóra. Þær eru eftirfarandi:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 549/2004/EB, frá 10. mars 2004, um sameiginlegan regluramma til að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin).

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 550/2004/EB, frá 10. mars 2004, um sameiginlegar reglur um framkvæmd flugleiðsöguþjónustu í hinu samevrópska loftrými (þjónustureglugerðin).
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 551/2004/EB, frá 10. mars 2004, um skipulagningu og nýtingu loftrýmisins í hinu samevrópska loftrými (skipulagsreglugerðin). Reglugerðinni er þó aðeins ætlað að ná til efra flugupplýsingasvæðisins á Evrópu svæðinu (European upper Flight Information Region) þ.e. nær ekki til Norður-Atlantshafsins og þess svæðis sem lýtur stjórn Íslendinga.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 552/2004/EB, frá 10. mars 2004, um samhæfingu evrópskra flugstjórnunarkerfa.(samhæfingarreglugerðin).

Framangreindum reglugerðum verður framfylgt með framkvæmdarreglum (Implementation Rules), sem verða m.a. samdar af Eurocontrol (Evrópustofnun um flugumferðaröryggi) samkvæmt sérstöku umboði sem stofnuninni hefur verið veitt af framkvæmdastjórninni í tilgreindum málaflokkum. Þær munu skilgreina með nákvæmari hætti hvernig staðið skuli að verki til að ná þeim markmiðum sem lýst er í reglugerðunum en reglunum er ætlað að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað.

Með reglugerðunum er verið að takast á við vanda sem leitt hefur af mikilli aukningu í flugumferð í Evrópu á síðasta áratug (yfir 50%) og áætlaða tvöföldun til ársins 2020. Tekist er á við ýmsar lagahindranir sem hafa haft áhrif á þróun flugumferðar og möguleika flugleiðsöguþjónustunnar til að takast á við framtíðarkröfur. Þannig er leitast við að gera mögulega endurskipulagningu loftrýmisins út frá flæði flugumferðar frekar en landamærum ríkja jafnframt því sem þeim er ætlað að auka öryggi og bæta afköst og hagkvæmni flugstjórnarkerfisins. Þá er einnig leitast viðað koma upp einsleitu kerfi í Evrópu hvort sem um er að ræða tæknibúnað eða verklag sem mun auka öryggi og hagkvæmni við stjórnum flugumferðar í álfunni.

4. Kröfum um styrkari lagastoðir vegna nokkurra gerða ESB sem innleiddar hafa verið hér á undanförnum árum og vegna annarra reglugerða sem nauðsynlegt er að setja um flugstarfsemi hér á landi.

Lagt er til að tekið verði upp ákvæði um flugafgreiðslu (ground handling) (b-liður 7. gr., þ.e. 57. gr. b) en með því er leitast við að skjóta styrkari stoðum undir reglur um aðgang að flugafgreiðslu á flugvöllum. Þegar er í gildi hér á landi tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði, (EB) nr. 96/67 frá 16. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins.

Þá er lagt til að tekið verið upp nýmæli um afkastagetu á flugvöllum (c-liður7. gr., þ.e. 57. gr. c) en um langt árabil hafa ríki, sérstaklega í Evrópu, glímt við mikla flugumferð og takmarkaða afkastagetu flugvalla. Evrópusambandið setti þegar á árinu 1993 reglugerð um úthlutun afgreiðslutíma (slot allocation) á flugvöllum þar sem hann var takmarkaður með reglugerð EBE nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum. Reglugerðinni var síðan breytt með reglugerð ráðsins EBE nr. 793/2004 frá 21. apríl 2004. Með reglugerðinni er verið að setja ramma um afgreiðslutíma (slot) á flugvöllum. Með því er átt við úthlutun á áætluðum komu- og brottfarartíma á flugvelli vegna ferða loftfars á tilteknum degi. Þessi úthlutun fer aðeins fram á flugvöllum sem flokkaðir hafa verið sem samræmdir flugvellir, þ.e. þar sem afgreiðslugeta er ófullnægjandi eða nýir aðilar eiga í verulegum erfiðleikum með að fá afgreiðslutíma eða þörf er talin á því af öðrum ástæðum og takmarka þarf aðgang að flugvelli vegna þessa.

Þá er nýmæli í frumvarpinu (13. gr.) vegna styrkveitinga í flugi sem byggist á reglugerð Evrópusambandsins nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir skýrari heimildum til að setja reglur um flugstarfsemi og framkvæmd flugreksturs (10. gr., 11. gr.), sem fram að þessu hafa verið byggðar á almennri reglugerðarheimild 145. gr. loftferðalaganna.

5. Innleiðingu á Evrópureglum vegna flugverndar (8. gr.). Með breytingu á 70. gr. loftferðalaganna, sem gerð var með 10. gr. laga nr. 21/2002, var leitast við að styrkja starf Flugmálastjórnar Íslands að flugverndarmálum en markmið flugverndar er að vernda flugsamgöngur gegn ólögmætum aðgerðum og tryggja öryggi farþega, áhafna og almennings. Þessar breytingar voru m.a. gerðar til að hrinda í framkvæmd flugverndaráætlun fyrir Ísland og setja flugverndarráð á laggirnar í samræmi við Viðauka 17 við Chicago-samninginn, ályktanir og leiðbeiningar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sama efnis og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur, svo sem á vettvangi ECAC. Evrópusambandið hefur einnig tekið flugverndarmál upp á arma sína og hefur lagt mikla áherslu á þessi mál eftir atburðina 11. september. ESB hefur nú gefið út sjö reglugerðir vegna málaflokksins sem allar hafa verið teknar inn í EES-samninginn. Unnið er að innleiðingu á þessum reglugerðum af fullum krafti hér á landi. Vegna þessa er m.a. nauðsynlegt að taka upp ítarlegri ákvæði og heimildir inn í þessa grein loftferðalaganna. Með breytingunum er aðallega verið að skjóta frekari lagastoð undir Evrópureglugerðir um flugvernd sem Ísland hefur skuldbundið sig til að taka upp. Þá er nauðsynlegt að hafa skýrar lagaheimildir til ýmiss konar aðgerða er tengjast flugvernd sem bæði þrengja að almennum réttindum borgaranna og leggja kvaðir á fyrirtæki. Reglugerðirnar eru eftirfarandi:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi (stofnreglugerð) en reglugerðin er með sérstakri aðlögun vegna sérstöðu Íslands sem undanskilur innanlandsflug frá ákvæðum hennar, þar verður byggt á innlendum kröfum.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á reglugerð nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar á sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 622/2003 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi. Reglugerð þessi kemur í stað viðbætis við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2320/2002 og er að mestu listi um bannaða hluti sem ekki má flytja inn á haftasvæði flugverndar eða í farþegaklefa loftfars.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um almennar kröfur varðandi gæðaeftirlitsáætlanir landa varðandi flugvernd.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1486/2003 frá 22. ágúst 2003 um aðferðir við framkvæmd eftirlits framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar. Framkvæmd þessarar reglugerðar fellur undir eftirlitsstofnun EFTA.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1138/2004 frá 21. júní 2004 um ákvörðun á sameiginlegri skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða.
6. Kröfum um vopnaða verði um borð í flugvélum í almenningsflugi (9. gr.).

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hefur allt eftirlit með í flugi verið stóreflt. Stjórnvöld um allan heim hafa brugðist við með öflugri flugvernd. Þá hafa stjórnvöld í Bandaríkjunum ítrekað gefið út viðvaranir um aukið hættuástand vegna ógnana sem þau hafa talið beinast að sér. Jafnframt hafa komið fram kröfur frá stjórnvöldum þar um

að vopnaðir verðir séu um borð í flugvélum sem fljúga til Bandaríkjanna. Ljóst er að sú krafa er mjög umdeild og að Evrópuríkin eru mörg hver andsnúin henni og það sama gildir um velflesta flugrekendur og hagsmunafélög flugmanna. Það breytir ekki þeirri staðreynd að sinni flugfélög ekki kröfu um vopnaða verði fá þau ekki heimild til flugs til Bandaríkjanna. Ítrekað hefur t.d. verið fellt niður flug frá Bretlandi vegna kröfu þessa efnis. Ísland hefur öflugri flugsamgöngur til Bandaríkjanna en mörg önnur ríki Evrópu vegna sterkrar stöðu Flugleiða á þessum markaði. Ef krafa um vopnaða verði kæmi fram og stæði einhverja daga er ljóst að það mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir félagið og samgöngur héðan til vesturs. Ef sú krafa kæmi fram gagnvart íslensku flugfélagi að vopnaðir verðir séu um borð er nauðsynlegt að við því sé hægt að bregðast ef ekki eru önnur úrræði tæk til að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Ef til þessa kæmi þá þarf að liggja fyrir skýr lagaheimild. Breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu miðar að því að leggja grunn að slíkri heimild.

7. Flutningi á afgreiðsluverkefnum frá ráðuneyti (3., 78.). Frumvarpið miðar að því að flytja afgreiðsluverkefni frá ráðuneytinu til Flugmálastjórnar í samræmi við almenna stefnu ráðuneytisins á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingunni er lagt til að flytja megi leyfisveitingar vegna flugs loftfara frá ríkjum sem eru utan EES-svæðisins og sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum frá samgönguráðuneytinu. Mál sem þessi eru í raun afgreiðslumál og í framkvæmd hefur verið leitað umsagnar Flugmálastjórnar varðandi slík flug enda er nauðsynlega fagþekkingu þar að finna. Því er talið heppilegra að festa það fyrirkomulag í sessi að framkvæmdin verði á hendi Flugmálastjórnar eða hjá þeim aðila sem ráðherra felur að sjá um framkvæmdina samkvæmt reglum sem settar verða þar um.

Um 2. gr.

Tillagan tekur mið af breytingum er leiðir af aðild að EASA þar sem stofnunin mun sjá um útgáfu og viðurkenningu á tegundarskírteinum flugvéla og íhluta þeirra en ákvarðanir stofnunarinnar á þessu sviði munu gilda hér á landi. Með þessu er stofnunin að leggja grunn að sameiginlegri túlkun og samræmdri framkvæmd ákvæða Chicago-samningsins, samþykktar um alþjóðaflugmál, ásamt viðaukum, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944, og tryggja um leið að tekið verði tilhlýðilegt tillit til ákvæða hans. Þannig aðstoðar stofnunin ESB/EFTA-ríkin við að rækja skyldur sínar samkvæmt samningnum. Heimild til þátttöku í starfi stofnunarinnar er að finna í 146. gr. loftferðalaganna. Flugmálastjórn mun áfram viðurkenna eða meta gild tegundarskírteini fyrir þær flugvélar sem falla undir II. viðauka með tilskipun ESB nr. 1592/2002.

Um 3. gr.

Með breytingunni á greininni er lagt til að felld verði út ákvæði um smíði loftfara, búnaðar, tækja, varahluta og framleiðendur en engin starfsemi af þessu tagi á sér stað hér á landi. Breytingin tekur mið af því sem áður sagði um aðildina að EASA.

Smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra verður nú aðeins falin viðurkenndum framleiðendum sem viðurkenndir hafa verið í samræmi við 4., 5., 8. og 15. gr. reglugerðar ESB nr. 1592/2002 enda fullnægi þeir skilyrðum sem þar eru sett og íslensk stjórnvöld hafa fullgilt. Stofnunin getur sjálf látið framkvæma úttektir á starfsstöðvum framleiðenda og gefið

út lofthæfi og rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti þeirra eða falið það Flugmálastjórn Íslands.

Ný lokamálsgrein veitir samgönguráðherra heimild til að setja reglugerðir á þessu sviði en þær hafa hingað til verið settar á grundvelli almennrar reglugerðarheimildar í 145. gr. laganna. Heppilegra þykir að hafa sérstaka reglugerðarheimild hér. Þegar liggja fyrir reglur sem stafa frá Flugöryggisstofnun Evrópu á þessu sviði sem nauðsynlegt verður að innleiða hér. (Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja.)

Um 4. gr.

Þegar núgildandi ávæði um aldursmörk í flutningaflugi voru lögfest árið 2002 voru þau látin taka til flugvélstjóra með því að vísað var til flugliða í stað flugmanna. Hinar alþjóðlegu fyrirmyndir þessa ákvæðis frá Flugöryggisstofnun Evrópu og Alþjóðaflugmálastofnuninni taka ekki til flugvélstjóra heldur aðeins flugmanna. Gagnvart flugvélstjórum gilda hins vegar vel skilgreindar kröfur um heilbrigði sem fylgst er með reglulega. Þótt ný loftför séu almennt hönnuð þannig að ekki er gert ráð fyrir flugvélstjóra í áhöfn hefur samsetning íslenska flugflotans breyst þannig á undanförnum árum að talsverður fjöldi flugvélstjóra hefur hafið störf um borð í íslenskum loftförum. Hér er lagt til að aldursmark ákvæðisins verði þrengt þannig að það taki ekki til flugvélstjóra. Um flugvélstjóra munu að öðru leyti gilda almenn ákvæði um starfsaldur.

Um 5. gr.

Með breytingunni á greininni sem hér er lögð til í samræmi við tilskipun ESB um tilkynningarskyldu eru útvíkkuð nokkuð tilkynningarskyld atvik. Sérstaklega er nú kveðið á um skyldu til að tilkynna flugumferðaratvik og önnur atvik en ekki eru gerðar eins miklar kröfur til hættuástands til þess að tilkynningarskylda skapist. Skyldan til að tilkynna hvílir á fleiri aðilum en áður og nær nú m.a. til þeirra sem sjá um viðhald og flugprófanir flugleiðsögutækja en þeir aðilar falla undir „öryggistengd störf“ í upptalningu 3. mgr. Þá eru nýmæli í 4. og 5. mgr. sem kveða annars vegar á um almenna reglugerðarheimild ráðherra og hins vegar um heimild hans til að setja reglur um aðrar tilkynningar sem eru utan skyldubundinna tilkynninga.

Í 1. mgr. er tilgreint hvað beri að tilkynna, þ.e. flugslys, flug- eða flugumferðaratvik eða önnur þau atvik sem, ef ekki leiðrétt, hefðu valdið hættu fyrir loftfar. Um er að ræða víðtæka skyldu til að tilkynna frávik frá eðlilegri starfsemi þannig að rekja megi orsakir og bæta úr. Í viðaukum með áðurnefndri tilskipun um tilkynningarskyldu er ítarleg útlistun og dæmi um tilkynningarskyld atvik.

Í 2. mgr. er kveðið á um hverjum skuli tilkynnt, þ.e. Flugmálastjórn Íslands, en nú þegar er að finna víðtæk ákvæði í reglugerðum um tilkynningar til hennar, t.d. reglugerð nr. 488/1997, um almannaflug, nr. 780/2001, um flutningaflug, og nr. 322/1990, um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis. Jafnframt þarf að tilkynna flugslys eða flug- eða flugumferðaratvik til rannsóknarnefndar flugslysa í samræmi við lög sem um hana gilda. Um rannsóknarnefndina gilda nú lög nr. 35/2004 sem tóku gildi 1. september sl. og um tilkynn-

ingar til hennar fer samkvæmt reglugerð nr. 126/1998, um tilkynningarskyldu flugslysa og flugatvika.

Í 3. mgr. er tilgreint á hverjum tilkynningarskyldan hvílir sem er í samræmi við núgildandi ákvæði en orðalagi ákvæðisins hefur þó verið breytt frá því sem áður var sem leiðir m.a. af því að varaskylda skráðs umráðanda loftfars hefur verið felld inn í ákvæðið.

Í 4. mgr. er kveðið á um almenna heimild ráðherra til að setja reglugerð með nánari útfærslu á ákvæðinu.

Í 5. mgr. er ráðgert að til viðbótar þeim tilkynningum sem aðilum er skylt að sinna geti sömu aðilar tilkynnt önnur atvik eða truflanir á starfsemi, rekstri, stjórn eða viðhaldi loftfars eða flugumferðarþjónustu sem áhrif gætu haft á flugöryggi án þess að það hafi leitt til tilkynningarskylds atviks í skilningi annarra ákvæða 47. gr. eða reglna settum samkvæmt þeim. Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. tilskipunar ESB um tilkynningarskyldu, en aðildarríkjunum er heimilt að taka þetta ákvæði upp ef þau kjósa svo (valkvætt) og er gert ráð fyrir því að það verði gert hér. Danir tóku upp svipaða skyldu árið 2001 og það hefur gefið góða raun. Helsti kosturinn við að taka upp þessar tilkynningar er sá að líklegra er að markatilvik verði tilkynnt. Gert er ráð fyrir að tilkynnandi geti valið um það hvort hann tilkynni þessi tilvik til rannsóknarnefndarinnar eða Flugmálastjórnar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um meðferð og aðgang að upplýsingum sem falla undir skyldutilkynningar og þær valkvæðu nema hinar síðarnefndu fara ekki inn í sameiginlega gagnagrunninn.

Samhliða breytingu á þessari grein er lagt til að tekið verði upp nýmæli um refsileysi vegna tilkynninga í refsiákvæði 141. gr. laganna.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli sem kveður á um vistun upplýsinga um atvik sem skylt er að tilkynna skv. 47. gr. í sérstökum gagnagrunni. Evrópusambandið leggur öllum ríkjum innan EES til hugbúnað til að vista tilkynningar, sbr. ákvæði í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar ESB nr. 2003/42. Gagnagrunnurinn heitir ECCAIRS (European Co-ordination Centre for Aviation Incident Reporting Systems). Með honum er stefnt að því að samræma úrvinnslu tilkynninga og auðvelda upplýsingaskipti á grundvelli þeirra. Þetta er m.a. gert með það að markmiði að rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir til að auka flugöryggi geti byggt á víðtækari grunni sem ekki verði bundin við einstök ríki.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu til að varðveita upplýsingar um tilkynnt atvik í gagnagrunni en jafnframt að óheimilt sé að færa þar inn upplýsingar um nafn tilkynnanda. Þetta er bæði gert til að örva tilkynningar og á grundvelli persónuverndarsjónarmiða. Ekki er þó um það að ræða að tilkynnt sé um atvik nafnlaust heldur verða þeir aðilar sem taka við tilkynningunum að halda utan um slíkar upplýsingar með aðgreindum öruggum hætti.

Í 2. mgr. er vikið að upplýsingagjöf til þriðja aðila og kveðið skýrt á um að óheimilt sé að afhenda eða veita aðgang að upplýsingum í gagnagrunninum eða tilkynningunum sjálfum. Síðan er vikið að undantekningum frá banninu sem nær til þeirra aðila innlendra sem erlendra sem vinna að rannsóknum og úrvinnslu á öryggisþáttum.

Í 3. mgr. er reglugerðarheimild og skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um 7. gr.

Um a-lið (57. gr. a).

Með greininni sem er nýmæli er lagt til í samræmi við reglugerð ESB nr. 550/2004 að flugleiðsöguþjónusta verði starfsleyfisskyld. Af reglugerðinni leiðir breyttar kröfur til þeirra aðila sem veita flugleiðsöguþjónustu sem eru ekki ósvipaðar því sem gerist í flugrekstri, þ.e.

vottun, skírteinaútgáfa til einstaklinga og þjónustuveitenda og formlegt eftirlit með rekstrinum með áherslu á flugöryggi. Gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili fari ofan í innri gerð flugstjórnarkerfisins, líkt og gert er varðandi vottun á flugvélum og flugrekstrarkerfum, en í undirbúningi eru nánari reglur á vegum ESB um hvernig að því skuli staðið. Jafnframt er gert ráð fyrir að fylgst sé með fjárhag þjónustuveitenda til þess að ganga úr skugga um að þeir séu færir um að sinna hlutverki sínu, líkt og gert er varðandi flugrekstur. Það leiðir af reglugerð ESB nr. 549/2004 að eftirlitsaðilinn þarf að vera óháður þjónustuaðilanum.

Í 1. mgr. er skýrt hvað átt er við með flugleiðsöguþjónustu og kveðið á um heimild ráðherra til reglugerðasetningar ákvæðinu til fyllingar.

Í 2. mgr. er krafa um að þeir sem reka flugumferðarþjónustu verði að hafa starfsleyfi frá Flugmálastjórn Íslands sem verður eftirlitsaðili með flugleiðsöguþjónustu hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við 4. gr. rammareglugerðarinnar (nr. 549/2004) og 7. gr. þjónustureglugerðarinnar (nr. 550/2004), en gerðirnar gera enn fremur ráð fyrir því að sá aðili sem veitir starfsleyfið sé sjálfstæður eða óháður þjónustuaðilanum. Við útgáfu starfsleyfisins er stofnuninni fyrst og fremst ætlað að líta til alþjóðlegra staðla sem og þeirra reglna sem mun leiða af gerðum ESB á þessu sviði.

Í 4. og 5. mgr. er fjallað um eftirlit með leyfisskyldri starfsemi og að hún samræmist áðurnefndum kröfum, auk þess sem stofnunin getur beitt úrræðum 84. gr. og er heimil gjaldtaka vegna kostnaðar af eftirlitinu.

Í 6. mgr. eru flugumferðarskólinn og flughermar felldir undir sömu starfsleyfisskyldu og kröfur og flugleiðsöguþjónustan að því marki sem við á.

Um b-lið (57. gr. b).

Með ákvæðinu sem er nýmæli verður flugvallarstjórn eða leyfishafa á flugvöllum þar sem farþegafjöldi eða fraktmagn fer yfir ákveðið lágmark gert að tryggja jafnan aðgang til að veita flugafgreiðsluþjónustu (ground handling). Viðmiðunarmörk verða sett í reglugerð samkvæmt heimild í ákvæðinu. Eins og er gera Evrópureglurnar ráð fyrir að þetta lágmark sé ein milljón farþega og 25.000 tonn fraktar. Keflavíkurflugvöllur er eini flugvöllurinn hér á landi sem er við þessi mörk.

Um c-lið (57. gr. c).

Í ákvæðinu sem er nýmæli er fjallað um í hvaða tilvikum eigi að taka afgreiðslugetu flugvallar til skoðunar og hverjir geti farið fram á það. Afgreiðslugetan kemur aðeins til skoðunar ef umferðarmagn um flugvöll er það mikið að það kalli á útgáfu sérstakra afgreiðslutíma (slot allocation) til lendingar eða brottflugs. Í síðari málsgreininni er reglugerðarheimild til ráðherra ákvæðinu til fyllingar.

Um 8. gr.

Breytingin sem lögð er til hér tekur mið af sjö reglugerðum ESB um flugvernd sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn auk annarra viðmiða frá Alþjóðaflugmálastjórninni (ICAO) og Evrópusambandi flugmálastjórna (ECAC). Unnið er að innleiðingu á þessum reglugerðum hér á landi. Vegna þessa er nauðsynlegt að taka upp ítarlegri ákvæði og heimildir inn í loftferðalögin sem leiðir af verulega hertum kröfum á þessu sviði. Þá þykir nauðsynlegt að taka af allan vafa um skýrar lagaheimildir til ýmiss konar aðgerða er tengjast flugvernd og sem þrengja að réttindum einstaklinga eða leggja kvaðir á rekstraraðila og Ísland hefur skuldbundið sig til að taka upp. Markmið með breytingunum er m.a. að láta eftirlit vegna flugverndar ná til allra þeirra sem hafa með höndum starfsemi innan flugverndarsvæða. Það eftirlit verður að hluta til hjá Flugmálastjórn Íslands en í öðrum tilvikum hjá við-

komandi flugvallaryfirvaldi, t.d. á Keflavíkurflugvelli. Einnig er kveðið á um heimild Flugmálastjórnar Íslands til gjaldtöku vegna kostnaðar sem leiðir af eftirlitinu.

Með a-lið sem er nýmæli er lögð til bannregla þar sem skerpt er á því að óheimilt er að flytja hluti, tæki eða tól ef af getur stafað ógn eða hætta fyrir öryggi flugs og/eða farþega. Auk þess er lagt til að samgönguráðherra verði heimilað að setja frekari reglur til fyllingar ákvæðinu.

Í b-lið er öryggiseftirlitið aukið enn frekar og nær nú einnig til pósts auk rekstrarvarnings þeirra sem hafa með höndum starfsemi innan flugverndarsvæða í samræmi við áðurnefndar tilskipanir ESB.

Í c-lið er kveðið á um heimild til að heimta gjald sem ætlað er að standa undir þeim kostnaði sem leiðir af eftirlitinu.

Í fyrri efnismálsgrein c-liðar sem er nýmæli er kveðið á um heimild flugmálayfirvalda til að setja reglur sem takmarka aðgang starfsmanna að flugvöllum og flugvallarsvæðum vegna flugverndar. Heimilt verður að takmarka aðgang m.a. á grundvelli athugana í skrám lögreglu og með öflun upplýsinga um sakaferil ef skoðunin leiðir í ljós að af viðkomandi aðila geti stafað hætta fyrir örugga starfsemi flugs. Gert er ráð fyrir að bakgrunnsskoðunin verði framkvæmd af lögreglu samkvæmt beiðni frá flugmálayfirvöldum.

Í síðari efnismálsgrein c-liðar sem jafnframt er nýmæli er kveðið á um heimild samgönguráðherra til að setja reglur um flugvernd, um flugverndaráætlun og um framkvæmd slíkrar áætlunar. Flugmálastjórn Ísland mun sjá um framkvæmd og eftirlit með þeim reglum og að framfylgt verði þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins á sviði flugverndar. Skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi eiga ríkin, sem aðild eiga að EES-samningnum, að tilnefna eitt viðeigandi yfirvald sem ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd innlendrar flugverndaráætlunar í almenningsflugi. Sama yfirvald á að sjá til þess að innlend áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi sé samin og framkvæmd til að tryggja skilvirkni.

Þess skal sérstaklega getið að skv. 10. mgr. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 fer utanríkisráðuneyti með framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal flugmál innan marka varnarsvæðanna, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106/1954. Þegar stjórnvaldshafar fara með vald eða framkvæma verkefni á Keflavíkurflugvelli er það í umboði og eftir ákvörðun utanríkisráðherra.

Um 9. gr.

Greinin er að hluta breyting á eldri ákvæðum í 78. gr. gildandi laga en einnig nýmæli varðandi heimild til að setja vopnaða verði um borð í íslensk loftför í almenningsflugi.

Meginreglan sem kemur fram í 1. mgr., þ.e. almennt bann við flutningi hergagna í loftförum í almenningsflugi, er óbreytt frá núverandi ákvæði en samgönguráðherra getur þó veitt leyfi til þess. Sú breyting sem hér er lögð til frá eldra ákvæði er að ráðherra sé heimilt að framselja þetta vald til þriðja aðila sem í þessu tilviki yrði Flugmálastjórn Íslands. Í raun er um nokkuð tíðar leyfisveitingar að ræða þar sem túlkun á því hvað eru hergögn er mjög rúm. Í flestum tilvikum er um að ræða erlend flugfélög sem fljúga í gegnum lofthelgi Íslands. Veiting leyfis til slíks flugs hefur verið með þeim hætti að leitað er umsagnar Flugmálastjórnar Íslands sem undirbýr ákvörðunina þótt formlega sé veitingin hjá samgönguráðherra. Í reynd eru þessi leyfi afgreiðslumál og þegar um erlend flugfélög er að ræða liggur fyrir leyfi heimaríkisins. Því þykir eðlilegra og skilvirkari stjórnsýsla að ráðherra geti framselt

leyfisveitinguna til Flugmálastjórnar Íslands sem hefur þá fagþekkingu til mats sem nauðsynleg er í hverju tilviki til að ljúka afgreiðslu málsins. Eðlilegt þykir hins vegar að leitað sé samráðs við dómsmálaráðherra ef um almenna undanþágu er að ræða, þ.e. víðtækari eða varanlegri undanþágu, og ákvæðinu hefur því verið breytt í þá veru. Þá er skerpt á því að bannið nái ekki til loftfara Landhelgisgæslunnar eða lögregluyfirvalda.

Í 2. mgr. sem er nýmæli er kveðið skýrt á um það að skotvopn og skotfæri séu hergögn í skilningi laganna og að það sé ríkislögreglustjóri sem setji reglur um meðferð þeirra um borð í flugvélum. Með ákvæðinu er verið að styrkja heimildir hans að þessu leyti.

Í 3. mgr. sem er nýmæli er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra geti ákveðið að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari enda séu til þess brýnar ástæður, beiðni hafi borist frá flugrekenda vegna kröfu erlends ríkis þess efnis og dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra mæli með því. Hér er aðeins opnað fyrir þessa heimild en hún er aðeins hugsuð sem neyðarúrræði og að víðtækt samráð eigi sér stað áður en sú ákvörðum verði tekin. Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur verið efld töluvert, m.a. til að geta tekist á við verkefni af þessum toga ef á þarf að halda. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í almennum athugsemdum með frumvarpinu.

4. mgr. er óbreytt 2. mgr. núverandi ákvæðis.

Um 10. gr.

Með þessu ákvæði sem er nýmæli er horft til þess að ýmis flugstarfsemi er þess eðlis að af öryggisástæðum er eðlilegt að gera hana háða leyfisveitingum. Sem dæmi má nefna flugsýningar, flugkeppni og fallhlífastökk.

Um 11. gr.

Hér er leitast við að styrkja frekar lagagrunn þeirra umfangsmiklu stjórnvaldsreglna sem út hafa verið gefnar um framkvæmd flugreksturs. Uppruna sinn rekja þær til evrópsks samstarfs og eru undirstaða þess að flugrekendur njóti gagnkvæmra viðurkenninga í þeim ríkjum sem þátt hafa tekið í mótun þeirra.

Um 12. gr.

Ákvæðið sem er nýmæli tekur mið af ráðgerðum breytingum á 47. gr., sem m.a. byggjast á tilmælum tilskipunar ESB nr. 2003/42/EB og Viðauka 16 með Chicago-samningnum. Hér er lagt til að þeim sem tilkynna um atvik í samræmi við 47. gr. verði ekki refsað ef undantekningar frá henni eiga við. Þetta á bæði við um viðurlög af hálfu ríkisvaldsins og vinnuveitenda. Ákvæðið miðar að því að greiða fyrir því að atvik séu tilkynnt í þágu flugöryggis. (3. mgr. 8. gr.: Without prejudice to the applicable rules of penal law, Member States shall refrain from instituting proceedings in respect of unpremeditated or inadvertent infringements of the law which come to their attention only because they have been reported under the national mandatory occurrence-reporting scheme, except in cases of gross negligence.) Hafa verður í huga að tilkynningarnar eru oft einu upplýsingarnar um hvað fór úrskeiðis og um brot á reglum. Með tilkynningunni geta viðkomandi einstaklingar því verið að sakfella sig sjálfir. Fagaðilar á þessu sviði, flugfélög, viðhaldsaðilar, flugmenn, flugvirkjar, flugumferðarstjórar, rannsóknaraðilar og aðrir sem að þessum málum koma hafa lagt ríka áherslu á þetta atriði.

Nokkur ríki hafa þegar breytt löggjöf sinni í þessa veru, t.d. Danmörk og Bandaríkin, en í báðum ríkjunum er kveðið á um refsileysi þeirra sem tilkynna enda sé það gert innan skilgreindra tímamarka (í Danmörku eru þetta 72 klst. en í USA 10 dagar). Danskar reglur kveða

síðan á um að ekki hafi verið um ásetning, vítavert gáleysi eða vímuefnaneyslu að ræða. Rökin eru að mikilvægi þess að fá upplýsingar um brotalamir á þessu sviði vegi upp á móti refsiþættinum. Eftir að refsileysisákvæðin voru tekin upp í Danmörku fjölgaði tilkynningum þar töluvert. Þess vegna eru ákvæði í tilskipuninni um að það sé þeim sem tilkynnir refsilaust, hvort sem er af hálfu ríkisvaldsins eða vinnuveitanda.

Í 1. mgr. eru talin upp þau ákvæði og reglur sem reynir á í þessu sambandi. Þetta er gert að danskri fyrirmynd og þykir eðlilegra að tilgreina þau sérstaklega þar sem hugsanlegt er að viðkomandi starfsmenn gætu brotið gegn öðrum ákvæðum í laganna utan starfa sinna og yrði þá ekki refsað ef þeir tilkynntu um brotið.

Settur er 72 klst. frestur til að tilkynna um brotið. Ef fresturinn er ekki virtur getur viðkomandi ekki hagnýtt sér refsileysisákvæðið. Þetta er gert til þess að tryggja hraða í tilkynningunum og að ekki sé hægt að nýta sér refsileysisákvæðið með síðbúinni tilkynningu ef upp um brot kemst síðar.

Ákvæðið í 2. mgr. kveður á um að tilkynningu samkvæmt greininni skuli ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli. Tilkynningin byggist á sérstakri skyldu sem miðar að því að upplýsa um hvað fór úrskeiðis í þágu flugöryggis. Það er andstætt meginreglum réttarríkisins að aðila sem hefur hugsanlega gerst sekur um refsiverða hegðun sé gert skylt að tjá sig um hana. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði í lögum um rannsókn flugslysa.

Um 13. gr.

Ákvæðið sem er nýmæli er í samræmi við efnisákvæði í 4. gr. reglugerðar ESB nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Í ákvæðinu er m.a. kveðið á um heimildir aðildarríkjanna til að styrkja flug á leiðum innan bandalagsins en reglugerðin var innleidd hér á landi með auglýsingu 30. júní 1994. Rétt þykir að hafa skýrt efnisákvæði um styrkheimildir sem hér eftir sem hingað til byggjast á heimild í fjárlögum.

Nokkrar styrkveitingar hafa verið við flug á ákveðnum leiðum innan lands á undanförnum árum. Vegagerðinni var falin umsjón með veitingu styrkja í innanlandsflugi í maí árið 2001 og sér hún um framkvæmdina. Í fjárlögum fyrir árið 2005 er gerð ráð fyrir um 140 millj. kr. til þessara styrkja.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir aðlögunartíma fyrir rekstraraðila skv. a-lið 7. gr. (57. gr. a).

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er innleiðing og aðlögun að reglum ESB á sviði flugverndar og flugöryggismála auk annarra alþjóðlegra krafna á því sviði. Meðal annars skulu upp-

lýsingar um atvik sem tilkynningarskyld eru skv. 47. gr. varðveittar í sérstökum gagnagrunni til að auðvelda úrvinnslu upplýsinga til eflingar flugöryggi. Kostnaðurinn við gagnagrunninn er áætlaður 4 m.kr. á ári sem eru laun hjá nýjum starfsmanni. Einnig er fjallað um breyttar kröfur til þeirra aðila sem veita flugleiðsöguþjónustu, þ.e. vottun og skírteinaútgáfa til einstaklinga og þjónustuveitenda ásamt formlegu eftirliti. Kostnaðurinn við þessar auknu kröfur og eftirlit er áætlaður 15 m.kr. á ári sem er vegna 1,5 nýs stöðugildis. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður kostnaðurinn við það samtals 19 m.kr. á ári.

Að mati fjármálaráðuneytisins á kostnaðurinn að rúmast innan fjárheimilda samgönguráðuneytisins.

1058. Frumvarp til laga [700. mál]

um Landbúnaðarstofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landbúnaðarstofnun. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að annast starfsemi sem yfirdýralækni er falin samkvæmt lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 15/1994, um dýravernd, sóttvarnalögum, nr. 19/1997, lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lyfjalögum, nr. 93/1994, lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa,
b. að annast starfsemi sem aðfangaeftirlitinu er falin samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr,
c. að annast starfsemi sem landbúnaðarráðherra hefur falið plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum,
d. að annast starfsemi sem kjötmatsformanni er falin samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum,
e. að annast starfsemi sem veiðimálastjóra er falin samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði,
f. að annast starfsemi sem Bændasamtök Íslands hafa annast skv. 1. og 2. mgr. 38. gr., 4.

mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. og 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og 4. gr., 11. gr. og 13. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

3. gr.

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Skal forstjóri vera menntaður dýralæknir með æðri prófgráðu á því sviði. Hann skal jafnframt hafa öðlast stjórnunarreynslu. Forstjóri fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

4. gr.

Landbúnaðarstofnun skiptist í skrifstofur eftir viðfangsefnum og skal skrifstofustjóri vera yfir hverri skrifstofu. Skrifstofustjórar skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu á viðkomandi sviði. Einn skrifstofustjóranna er staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 78/1935, um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs. Auk þess eru stofnanir aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis og veiðimálastjóra lagðar niður en Landbúnaðarstofnun tekur við réttindum og skyldum þessara stofnana gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Við gildistöku laga þessara renna eignir aðfangaeftirlitsins, yfirdýralæknis og veiðimálastjóra til Landbúnaðarstofnunar. Að auki fellur skipun forstöðumanna þessara stofnana niður frá og með gildistíma laga þessara og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skipun kjötmatsformanns fellur niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur hans samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við gildistöku laga þessara renna eignir embættis kjötmatsformanns til Landbúnaðarstofnunar og tekur hún við réttindum og skyldum embættisins gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Eins fellur niður við gildistöku laga þessara skipun landbúnaðarráðherra í störf héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á sama tíma færist plöntueftirlit Landbúnaðarháskóla Íslands yfir til Landbúnaðarstofnunar.

Stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt lögum sem nefnd eru í 2. gr. halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ný lög þar til ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.

Leyfi sem gefin hafa verið út á grundvelli laga sem nefnd eru í 2. gr. halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út, þau uppfylla ekki lengur skilyrði laga, eða þar til ný leyfi eru útgefin.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Störf hjá aðfangaeftirlitinu, yfirdýralækni, veiðimálastjóra, kjötmatsformanni og plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Starfsfólki

framangreindra skulu boðin störf hjá Landbúnaðarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.

II.

Þrátt fyrir 5. gr. skal forstjóri Landbúnaðarstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2005 og skal hann frá þeim tíma undirbúa gildistöku laga þessara í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að sameina stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina öfluga eftirlits- og stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun. Með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til og grundvöllur er lagður að bættri og skilvirkari stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti.

Landbúnaðarstofnun er falin framkvæmd ýmissa eftirlits- og stjórnsýsluverkefna samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins. Með frumvarpinu er lagt til að eftirtaldar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins verði lagðar niður: yfirdýralæknir, veiðimálastjóri og aðfangaeftirlitið. Landbúnaðarstofnun er ætlað að taka að sér hlutverk ofangreindra stofnana. Einnig er lagt til að embætti kjötmatsformanns verði lagt niður og starfsemi þess flutt til Landbúnaðarstofnunar og að starfsemi plöntueftirlits flytjist þangað frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Að auki er Landbúnaðarstofnun ætlað að fara með stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa farið með og varða framleiðslustýringu í landbúnaði, forðagæslu og eftirlit með aðbúnaði búfjár.

Umræddar ríkisstofnanir og embætti hafa flestar aðeins fáum starfsmönnum á að skipa. Hafa sumar unnið nokkuð einangrað eða verið vistaðar að hluta innan annarra stofnana landbúnaðarráðuneytisins. Samanlögð velta þeirra samkvæmt fjárlögum 2005 er 505,5 millj. kr. og stöðugildi um 50 talsins. Því til viðbótar kemur kostnaður vegna verkefna sem með samningi hafa verið falin Bændasamtökum Íslands.

Með þessum breytingum skapast möguleiki á að samnýta mannafla betur en hingað til með markvissari stjórnsýslu og eftirliti og jafnframt koma í veg fyrir skörun. Landbúnaðarstofnun kemur fram sem ein heild sem auðveldar samskipti við aðrar stofnanir innan lands og utan, svo og við eftirlitsþola. Þá eykur sameining umræddra eftirlitsþátta í eina stofnun gagnsæi og trúverðugleika starfsins og kemur til móts við vaxandi kröfur um markvissari vinnubrögð og aukna neytendavernd. Ein stofnun er enn fremur betur í stakk búin til að standa öflugan vörð um heilbrigði manna, dýra og plantna og tryggja aðbúnað búfjár, heilnæmi fóðurs og öryggi í framleiðslu landbúnaðarafurða.

Það er mat landbúnaðarráðuneytisins að tilkoma Landbúnaðarstofnunar skapi grundvöll fyrir markvissri stjórnsýslu í einföldu og skilvirku eftirlitskerfi sem líklegt er til að ávinna sér traust neytenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin upp þau lög sem varða starfsemi Landbúnaðarstofnunar.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um hæfniskröfur, skipun og hlutverk forstjóra Landbúnaðarstofnunar. Gert er ráð fyrir því að hann verði skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn og starfi skv. II. hluta laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um skipulag stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að stofnuninni verði skipt í skrifstofur og að ráðinn verði háskólamenntaður skrifstofustjóri fyrir hverja þeirra. Að auki er gert ráð fyrir því að einn skrifstofustjórinn verði staðgengill forstjóra.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og starfsemi stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna og niðurlagningu aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis og veiðimálastjóra en verkefni þeirra eru færð undir Landbúnaðarstofnun. Að auki er fjallað um niðurfellingu á skipun forstöðumanna þeirra og kjötmatsformanns. Landbúnaðarstofnun tekur við réttindum og skyldum þessara embætta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Eins er fjallað um flutning verkefna plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands til Landbúnaðarstofnunar. Með greininni er einnig lagt til að skipun héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma falli niður frá og með gildistöku laganna. Um réttindi og skyldur þessara aðila fer samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í greininni er jafnframt fjallað um gildi stjórnvaldsfyrirmæla sem sett hafa verið samkvæmt lögum sem varða starfsemi Landbúnaðarstofnunar, svo og leyfa sem gefin hafa verið út á grundvelli þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Kveðið er á um að starfsmönnum núverandi stofnana skuli boðin störf hjá Landbúnaðarstofnun. Gert er ráð fyrir því að forstjóri Landbúnaðarstofnunar verði skipaður frá og með 1. ágúst 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði ný ríkisstofnun, Landbúnaðarstofnun, sem taki við verkefnum Aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, kjötmatsformanns, plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands og ýmsum eftirlits- og stjórnsýsluverkefnum hjá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtökum Íslands. Jafnframt verði Aðfangeftirlit, embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóri og staða kjötmatsformanns lögð niður.

Útgjöld stofnana og embætta sem verða lögð niður eru um 505 m.kr. samkvæmt fjárlögum 2005 og hjá þeim starfa um það bil 50 starfsmenn í fullu starfi. Upplýsingar um starfsmenn og kostnað við verkefni sem færast frá aðalskrifstofu ráðuneytisins og Bændasamtökunum liggja ekki fyrir. Við þessa breytingu verða lögð niður um það bil 50 störf og á einhver hluti

starfsmanna biðlaunarétt en upplýsingar um það liggja ekki fyrir. Reikna verður með að flestir starfsmenn taki boði um störf hjá hinni nýju stofnun í samræmi við bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu og biðlaunakostnaður verði því ekki mikill, ef til vill 10–15 m.kr.

Stofnanir sem um ræðir eru með starfsaðstöðu á mörgum stöðum og þótt samþykkt frumvarpsins varði ekki húsnæðismál Landbúnaðarstofnunar má reikna með að fljótlega komi fram tillögur um að endurskoða húsnæðismálin. Greining á húsnæðisþörf liggur ekki fyrir en lauslegt mat fjármálaráðuneytisins bendir til þess að viðbótarkostnaður við leigu gæti orðið 7–15 m.kr. á ári. Allar stofnanirnar sem um ræðir eru í sambýli með öðrum og því verður að reikna með töluverðum kostnaði við upplýsingakerfi o.fl. og við að byggja upp miðlæga stoðþjónustu. Engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig að þessu yrði staðið og hvaða kostnaði megi búast við, en hér verður slegið á 20–30 m.kr. upphafskostnað.

Á móti kemur að sameiningin gefur kost á hagræðingu þegar til lengri tíma er litið ef vel er að málum staðið. Stjórnunarkostnaður gæti lækkað og hugsanlega má losa ríkissjóð við eitthvað af núverandi húsnæði.

Uppsafnaður rekstrarhalli embættis yfirdýralæknis árið 2004 er um 140 m.kr., þar af eru um 90 m.kr. vegna skulda gjaldþrota sláturleyfishafa. Fjárhagsstaða veiðimálastjóra, Aðfangaeftirlits og kjötmatsformanns er í jafnvægi. Fjármálaráðuneytið miðar við að fjárheimildir verkefna fylgi frá þeim stofnunum sem verða lagðar niður og frá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins og Bandasamtökunum til hinnar nýju stofnunar.

Samtals er því gert ráð fyrir að tímabundinn kostnaður frumvarpsins verði 20–40 m.kr. vegna breytinga á húsnæði og hugsanlegra biðlauna.

1059. Frumvarp til laga [701. mál]

um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

1. gr.

Í stað orðanna „Aðfangaeftirlit ríkisins“ í c-lið 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

2. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Landbúnaðarstofnun skal m.a. annast:

a. yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar,

b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra, hollustu dýrafóðurs og eftirlit þar að lútandi,
c. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur auk yfirumsjónar með heilbrigði búfjár og afurða þeirra,
d. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða þar að lútandi,
e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur. Stofnunin skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur og sjá um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.

4. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Ráða skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert þeirra skal ráða tvo héraðsdýralækna.

5. gr.

6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri Landbúnaðarstofnunar ræður héraðsdýralækna og setur þeim erindisbréf. Í erindisbréfinu skal kveðið á um starfsskyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralæknastarfa. Héraðsdýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 8. mgr. 11. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

7. gr.

1. og 2. málsl. 16. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Umdæmi héraðsdýralækna.**

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

9. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 3. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, og orðanna „embætti yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

10. gr.

Í stað orðanna „nema vegna fjárskipta“ í 1. málsl. 25. gr. laganna kemur: nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

11. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

12. gr.

2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarstofnun skal vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

13. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnunar.

14. gr.

Í stað orðsins „kjötmatsformanni“ í 2. mgr. 15. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

15. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. Hún getur einnig, eftir því sem þörf er á, gert athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

16. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnunar.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirliti með fóðri, áburði og sáðvöru.

17. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Landbúnaðarstofnun fer með umsjón með framkvæmd laga og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Í stað orðsins „aðfangaeftirlitinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

19. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarháskóli Íslands.

20. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

21. gr.

Í stað orðanna „landbúnaðarráðherra“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

22. gr.

Í stað orðsins „embættisdýralæknir“ í 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: héraðsdýralæknir.

23. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. gr. laganna og sama orðs í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

24. gr.

Í stað orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna og orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

25. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

26. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 4. gr. laganna, sömu orða í 11. gr. og tvívegis í 13. gr. laganna, og orðsins „Bændasamtakanna“ í 13. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

27. gr.

2. og 3. málsl. 12. gr. laganna orðast svo: Búfjáreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár, fóðrun og merkingum og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað, fóðrun og/eða merkingar búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

28. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 1. mgr. 16. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

29. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands“ í 1. mgr. 38. gr. laganna og sömu orða í 2. mgr. 38. gr., 4. mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. og 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

30. gr.

2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir samkvæmt tilnefningu Landbúnaðarháskóla Íslands.

31. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 3. mgr. 67. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

32. gr.

Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 3. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, og orðanna „embættis veiðimálastjóra“ í 11. mgr. 23. gr. laganna, og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

33. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar Landbúnaðarstofnunar, skal annar þeirra vera forstjóri hennar og hann er jafnframt formaður nefndarinnar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

34. gr.

1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun fer með umsjón veiðimála og er ráðherra til aðstoðar um þau mál sem kveðið er á um í lögum þessum. Landbúnaðarstofnun gerir tillögur um setningu reglugerða og önnur ákvæði sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði og gefur leyfi til merkinga vatnafiska með skilyrðum sem stofnunin setur. Landbúnaðarstofnun ber ábyrgð á söfnun og útgáfu skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi. Landbúnaðarstofnun veitir eftirlitsmönnum starfsleyfi og setur þeim erindisbréf.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

35. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ þrívegis í 2. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XIII. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

36. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 1. gr. laganna og sama orðs í 4. mgr. 11. gr., 6. mgr. 33. gr. og 5. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

37. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: forstjóri Landbúnaðarstofnunar.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

38. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 15/1994, um dýravernd.

39. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 2. mgr. 11. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XVI. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

40. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 3. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir.

41. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

42. gr.

12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

XIX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.
43. gr.

Í stað orðanna „embætti yfirdýralæknis“ og „yfirdýralæknis“ í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XX. KAFLI
Gildistaka.
44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á ýmsum lögum til samræmis við frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun. Tilgangurinn með stofnun Landbúnaðarstofnunar er að sameina stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina öfluga eftirlits- og stjórnsýslustofnun. Með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur og grundvöllur er lagður að einfaldara og samhæfðara eftirliti.

Landbúnaðarstofnun er falin framkvæmd ýmissa eftirlits- og stjórnsýsluverkefna samkvæmt lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr; lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim; lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum; lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru; lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.; lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu; lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa; lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra; lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.; lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum; og lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Þá er gert ráð fyrir að ýmis verkefni sem yfirdýralækni eru falin samkvæmt lögum á verkefnasviði annarra ráðuneyta en landbúnaðarráðuneytisins verði færð til Landbúnaðarstofnunar.

Með frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun eru eftirtaldar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins lagðar niður: yfirdýralæknir, veiðimálastjóri og aðfangaeftirlitið. Landbúnaðarstofnun er ætlað að taka að sér hlutverk framangreindra stofnana. Einnig er embætti kjötmatsformanns lagt niður og starfsemi plöntueftirlits flutt frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Landbúnaðarstofnunar. Að auki er Landbúnaðarstofnun ætlað að fara með stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa farið með og lúta að framleiðslustýringu í landbúnaði og forðagæslu og eftirliti með aðbúnaði búfjár.

Frumvarpi þessu er ætlað að breyta lögum til samræmis við ofangreint svo að verkefni þau sem um ræðir flytjist til Landbúnaðarstofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Með greinunum er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við verkefnum sem yfirdýralæknir eða aðfangaeftirlitið hafa annast og lúta að framkvæmd laga nr. 66/1998.

Um 3. gr.

Með greininni er hlutverk Landbúnaðarstofnunar skilgreint hvað varðar lög nr. 66/1998.

Um 4. og 5. gr.

Með greinunum er kveðið á um ráðningu héraðsdýralækna, en gert er ráð fyrir að allt starfsfólk Landbúnaðarstofnunar verði ráðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Einungis forstjóri verði skipaður í embætti. Sú breyting að ráða héraðsdýralækna frekar en að skipa þá felur ekki í sér breytingu á umdæmum þeirra.

Um 6. gr.

Með greininni er skylda til að sjá héraðsdýralæknum fyrir skrifstofuaðstöðu flutt frá landbúnaðarráðuneytinu til Landbúnaðarstofnunar.

Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að felld verði niður núgildandi ákvæði um að ráðherra skipi yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni og héraðsdýralækna og að starfskjör þeirra séu ákveðin af kjaranefnd. Eftir stendur 3. málsl. 16. gr. laganna óbreyttur en þar er kveðið á um að sérgreinadýralæknar skuli ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 8. gr.

Lögð er til breyting á fyrirsögn IV. kafla laganna.

Um 9. gr.

Með greininni er lagt til að öll stjórnsýslu- og framkvæmdaverkefni sem með lögum nr. 25/1993 hafa verið falin yfirdýralækni færist í samræmi við meginefni frumvarpsins yfir til Landbúnaðarstofnunar.

Um 10. gr.

Með greininni er lögð til breyting frá gildandi lögum en í þeim er einungis heimilt að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur vegna fjárskipta. Ákvæði þetta á rætur að rekja til niðurskurðar sauðfjár og fjárskipta um miðbik síðustu aldar vegna útrýmingar mæðiveikinnar. Vegna hinna umfangsmiklu fjárskipta og takmarkaðs fjölda líflamba sem til ráðstöfunar var á ósýktum svæðum, var óhjákvæmilegt að takmarka þann fjölda lamba sem hver bóndi gat keypt og sala þeirra var einungis heimil til þeirra bænda sem fellt höfðu fé sitt vegna útrýmingar búfjársjúkdóma. Eins og staðan er nú er ákvæði þetta óþarft og í raun hemill á framþróun í sauðfjárrækt. Margir bændur þurfa að kaupa líflömb vegna búháttabreytinga eða til að bæta fjárstofn sinn en einungis takmarkaðan fjölda líflamba þarf nú vegna fjárskipta.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun annist framvegis þau verkefni sem yfirdýralæknir hefur farið með samkvæmt lögum nr. 96/1997.

Um 12. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við því hlutverki yfirdýralæknis og kjötmatsformanns að vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

Um 13. gr.

Með greininni er lagt til að sjóður sem sláturleyfishafar greiða gjald í af öllu innvegnu kjöti í sláturhúsi færist úr vörslu landbúnaðarráðuneytisins yfir til Landbúnaðarstofnunar.

Um 14. og 15. gr.

Með greinunum er lagt til að ákvæði laganna er varða skipun kjötmatsformanns verði felld niður og verkefni hans færist yfir til Landbúnaðarstofnunar.

Um 16. gr.

Með greininni er lagt til að í stað þess að yfirdýralæknir tilnefni einn mann af þremur í markanefnd, sem landbúnaðarráðherra skipar, færist það hlutverk til Landbúnaðarstofnunar.

Um 17. og 18. gr.

Með greinunum er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við verkefnum aðfangaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 22/1994.

Um 19. gr.

Með greininni er Landbúnaðarháskóla Íslands falið hlutverk sem áður var í höndum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins en hún hefur verið lögð niður.

Um 20. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun tilnefni mann í fóðurnefnd í stað yfirdýralæknis.

Um 21. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við hlutverki sem til þessa hefur verið í höndum landbúnaðarráðherra.

Um 22. gr.

Með greininni er lagt til að í stað orðsins „embættisdýralæknir“ komi orðið „héraðsdýralæknir“.

Um 23. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við hlutverki sem til þessa hefur verið í höndum yfirdýralæknis.

Um 24. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við hlutverki sem til þessa hefur verið í höndum yfirdýralæknis.

Um 25. gr.

Óþarft þykir að tiltaka sérstaklega að lögin taki til sóttvarnastöðvar ríkisins í Hrísey og því er lagt til að ákvæði þar að lútandi falli brott.

Um 26. gr.

Með greininni er lagt til að stjórnsýsluverkefni sem lúta að öflun upplýsinga um ásetning búfjár, fóðrun og beit samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/2002 verði færð frá Bændasamtökum Íslands til Landbúnaðarstofnunar.

Um 27. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting að auk þess að búfjáreftirlitsmenn líti eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreyni fjölda búfjár skuli þeir einnig líta eftir því að búfénaður sé merktur samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi, sbr. ákvæði 17. gr. laga nr. 103/2002.

Um. 28. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við hlutverki sem til þessa hefur verið í höndum yfirdýralæknis.

Um 29. gr.

Með greininni er lagt til að stjórnsýsluverkefni sem varða framleiðslustýringu í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu og verkefni sem varða framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða samkvæmt lögum nr. 99/1993 verði færð til Landbúnaðarstofnunar. Verkefni þessi hafa á undanförnum árum verið í umsjá Bændasamtaka Íslands. Eðlilegt er að þessu fyrirkomulagi sé nú breytt. Búnaðarfélag Íslands, sem var forveri Bændasamtaka Íslands, var fagleg stofnun og henni voru lengi falin ýmis stjórnsýsluverkefni sem heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið. Eftir að Búnaðarfélag Íslands var sameinað Stéttarsambandi bænda árið 1995 og Bændasamtök Íslands stofnuð hafa Bændasamtökin tvíþættu hlutverki að gegna. Annars vegar eru þau fagleg samtök sem annast ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir bændur og hins vegar eru þau hagsmunasamtök bænda. Eftir þessa breytingu orkar það tvímælis að fela Bændasamtökum Íslands sem hagsmunasamtökum bænda umsjón stjórnsýsluverkefna sem hér um ræðir auk þess sem umsýsla þeirra skapar í ýmsum tilvikum hagsmunaárekstra fyrir Bændasamtökin.

Um 30. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarháskóli Íslands taki við hlutverki sem til þessa hefur verið í höndum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarskólans á Hvanneyri.

Um 31. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við hlutverki sem landbúnaðarráðuneytið hefur annast til þessa.

Um 32.–34. gr.

Með greinunum er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við verkefnum sem veiðimálastjóri hefur annast samkvæmt lögum nr. 76/1970.

Um 35.–41. gr.

Með greinunum er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við ýmsum verkefnum sem yfirdýralækni hafa verið falin samkvæmt lögum á verkefnasviði annarra ráðuneyta en landbúnaðarráðuneytisins.

Um 42. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði um yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma í upptalningu á embættismönnum falli brott. Er það til samræmis við þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu að starfsheitið yfirdýralæknir falli niður og héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma verði ráðnir en ekki skipaðir. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að forstjóri Landbúnaðarstofnunar verði skipaður og falli undir 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi o g skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 43. gr.

Með greininni er lagt til að Landbúnaðarstofnun taki við verkefnum sem yfirdýralæknir hefur annast samkvæmt lögum nr. 33/2002.

Um 44. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunnar.

Frumvarp þetta er lagt samhliða frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun og er vísað til kostnaðarmat þess frumvarps.

1060. Frumvarp til laga [702. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á undan 11. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a., svohljóðandi:

Einkaréttur höfundar skv. 3. gr., sbr. 2. gr., gildir ekki um gerð eintaka sem

1. eru til skamms tíma eða tilfallandi,
2. eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli,
3. hafa þann tilgang einan að gera mögulega sendingu af hálfu milliliðar milli þriðju aðila um net eða löglega notkun á verki eða öðru efni og
4. hafa enga sjálfstæða fjárhagslega þýðingu.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tölvuforrit og gagnagrunna.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er einstaklingum að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má nota slík eintök í neinu öðru skyni.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Setja má í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.

4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist: enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

5. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna bætist: enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

6. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur eintak af verki með samþykki höfundar verið selt eða með öðrum hætti framselt til annarra innan Evrópska efnahagssvæðisins, og er þá frekari dreifing þess heimil. Ef um er að ræða dreifingu í formi láns eða leigu verður ákvæði 1. málsl. einnig beitt um sölu eða annars konar framsal til annarra utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að dreifa eintökum af verkum til almennings með því að leigja þau án þess að samþykki höfundar liggi fyrir. Þetta gildir þó ekki um byggingar og nytjalist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt án samþykkis höfundar að dreifa til almennings eintökum af kvikmyndaverkum og tölvuforritum í stafrænu formi með því að lána þau út. Þetta gildir þó ekki þegar eintak af tölvuforriti í stafrænu formi er hluti af bókmenntaverki og er lánað með því.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki í för með sér skerðingu á rétti til úthlutunar samkvæmt lögum um Bókasafnssjóð höfunda.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. Síðasti málsliður 3. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

8. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 46. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 47. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimild til notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutnings gildir ekki um þá miðlun hljóðrita sem í því felst að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:
   Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er óheimilt að birta slíkar ljósmyndir án samþykkis rétthafa.
b. Í stað orðanna „25 ár“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: 50 ár.

12. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli A, **Tæknilegar ráðstafanir o.fl.**, með fjórum nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (50. gr. a.)

Óheimilt er að eiga viðskipti með eða hafa undir höndum í fjárhagslegum tilgangi tæki eða gögn sem hafa þann tilgang einan að auðvelda með ólöglegum hætti að fjarlægja eða komast fram hjá tæknilegum búnaði ætluðum til þess að koma í veg fyrir ólögmæta eftirgerð tölvuforrits.

b. (50. gr. b.)

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að sniðganga tæknilegar ráðstafanir, sbr. 4. mgr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, dreifa, selja, leigja, auglýsa til sölu eða leigu eða eiga í viðskiptalegum tilgangi búnað, vörur eða íhluti sem

1. eru kynnt eða auglýst sem leið til að komast fram hjá skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum,
2. hafa aðeins takmarkað fjárhagslegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að komast fram hjá skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum eða
3. eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðvelda að komast fram hjá skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um þjónustu.

Með tæknilegum ráðstöfunum í 1. og 2. mgr. er átt við hvers konar skilvirkar tæknilegar ráðstafanir sem samkvæmt eðlilegri notkun eru ætlaðar til þess að vernda verk og annað efni verndað með lögum þessum.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um vernd tölvuforrita.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru því ekki til fyrirstöðu að gerðar séu rannsóknir á dulritun.

c. (50. gr. c.)

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. getur samkvæmt kröfu notanda gert rétthafa, sem gripið hefur til skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 50. gr. b, að veita notanda aðgang að þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að hann geti nýtt sér ákvæðin í 12. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr., að því er kennslu varðar, 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Hafi rétthafi ekki farið að fyrirmælunum innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar er notanda rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 50. gr. b, að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt um þá notendur sem eiga löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að rétthafi hafi ekki sjálfviljugur gert ráðstafanir, til að mynda samninga við aðra hlutaðeigandi aðila, sem tryggja að notandinn geti nýtt sér hin tilvitnuðu ákvæði í 1. mgr. hvað sem líður beitingu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt um verk og annað efni sem á grundvelli samnings er gert almenningi aðgengilegt á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

d. (50. gr. d.)

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að

1. fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu eða
2. dreifa eintökum, flytja inn í því skyni að dreifa eintökum eða miðla til almennings verkum og öðru efni þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að sá sem að gerningi stóð hafi vitað eða mátt vita að með gerningnum komi hann til leiðar, geri kleift, auðveldi eða leyni broti gegn rétti til verks eða annars efnis sem verndar nýtur samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Á eftir orðunum „1. mgr. 50. gr.“ í 5. tölul. 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. d.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verka manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
c. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verka sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt ef verk er gefið hér út innan 30 daga frá því að það kom fyrst út erlendis.
d. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 25. gr. b taka til verka manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Listflutnings manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Listflutnings annarra erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir.

c. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar hafa verið í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í öðrum ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

d. 3. mgr. orðast svo:
Ákvæði 47. gr. taka til:
1. Hjóðritaðs listflutnings manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er ríkisborgari eða aðili búsettur í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

e. Í stað orðanna „hér á landi“ í 1. og 2. tölul. 4. mgr. kemur: í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frumvarp til endurskoðunar á ákvæðum b- og c-liðar 12. gr. laga þessara (50. gr. b og 50. gr. c laganna) skal lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á löggjafarþinginu 2006–2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Höfundaréttarnefnd, sem er menntamálaráðherra til ráðuneytis í höfundaréttarmálefnum skv. 58. gr. höfundalaga, hefur farið yfir drög að frumvarpinu og gert á því ýmsar breytingar. Er frumvarpið lagt fram á Alþingi eins og höfundaréttarnefnd leggur til að það verði samþykkt.

Megintilefni frumvarps til breytinga á höfundalögum, nr. 73/1972, nú er setning tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (hér eftir kölluð tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu eða tilskipunin (e. „InfoSoc“ Directive). Af hálfu menntamálaráðuneytisins og höfundaréttarnefndar er litið á frumvarp þetta sem fyrsta áfanga í heildarendurskoðun höfundalaga sem er orðin brýn vegna lagaþróunar á sviði höfundaréttar. Talið er að heildarendurskoðun höfundalaga muni taka allnokkurn tíma og því var ákveðið að draga þá þætti út úr endurskoðuninni er snúa að innleiðingu tilskipunarinnar og mæla fyrir þeim sérstaklega í frumvarpi þessu, enda bar EES/EFTA-ríkjunum að leiða tilskipunina í landslög fyrir 10. janúar 2005 eins og nánar greinir hér á eftir.

Hugtakið upplýsingasamfélag er víðtækt og erfitt að skilgreina það nákvæmlega, en orðið hefur þó verið sú skilgreining að upplýsingasamfélag sé samfélag þar sem þjónusta, samskipti og upplýsingar eru ráðandi þættir (Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, útg. af ríkisstjórn Íslands 1996). Tölvutækni, fjarskiptatækni og rafeindatækni eru áberandi þættir í upplýsingasamfélaginu.

Með frumvarpinu er meðal annars ætlunin að breyta íslenskum lögum til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar.

Helstu atriði tilskipunarinnar, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, eru þessi:

- Höfundum og rétthöfum svonefndra skyldra réttinda (listflytjendum, framleiðendum hljóðrita, kvikmyndaframleiðendum og útvarpsfyrirtækjum) skal tryggður einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna og nánar tiltekins efnis. Skal einkarétturinn þannig ekki aðeins ná til áþreifanlegra eintaka, heldur einnig til dæmis til eintaka á stafrænu formi.
- Höfundum skal tryggður einkaréttur til hvers konar svokallaðrar „miðlunar verka sinna til almennings“ (e. communication to the public). Þessi réttur er skilgreindur svo að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Undir þetta fellur meðal annars gagnvirk pöntunarþjónusta á netinu (e. on-demand service).
- Rétthöfum skyldra réttinda skal tryggður einkaréttur til þess að nánar tiltekið efni þeirra verði gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs. Samkvæmt þessu geta til dæmis rétthafar hljóðrita og kvikmynda heimilað eða bannað miðlun efnis síns um netið og sett skilyrði fyrir notkun þess.
- Höfundum skal tryggður einkaréttur til dreifingar til almennings á verkum sínum með sölu eða á annan hátt.
- Í tilskipuninni er að finna tæmandi upptalningu á heimilum undantekningum og takmörkunum á einkaréttinum til eftirgerðar og/eða miðlunar til almennings, sem og á dreifingarréttinum. Aðeins eina þeirra er skylt að taka upp í landslög, en tuttugu þeirra eru valfrjálsar.
- Skylt er að kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá tæknilegum ráðstöfunum (e. technical protection measures – TPM) sem gerðar eru til þess að vernda verk og annað efni sem fellur undir höfundarétt og skyld réttindi, sem og lögvernd gegn því að rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu (e. digital rights management – DRM) séu fjarlægðar eða þeim breytt.

Nánari grein er gerð fyrir einstökum ákvæðum tilskipunarinnar síðar.

Eins og yfirlitið að framan um efni tilskipunarinnar ber með sér tekur hún sérstaklega á þeim vandamálum sem hin stafræna tækni hefur í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda, fyrst og fremst að því er varðar tónlist og kvikmyndir og þá ekki síst vegna möguleika til dreifingar slíkra verka á netinu. Af þessum sökum er tilskipunin kennd við upplýsingasamfélagið, en allt eins mætti kenna hana við hina stafrænu tækni eins og gert var t.d. í Bandaríkjunum við innleiðingu svonefndra Internet-sáttmála Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) með svonefndum „Digital Millennium Copyright Act“ lagabálki árið 1998. Þessi tækni gefur möguleika til svo fullkominnar afritunar verka og annars efnis á stafræna miðla, t.d. á geisladiska (CD-ROM/DVD-ROM), að afrit ná fullum gæðum frumrita. Með tilkomu netsins skapast ný tækifæri til víðtækrar dreifingar efnis sem nýtur höfundaréttarverndar. Í því felast hættur fyrir höfunda og útgefendur því unnt er að miðla útgefnum verkum á stafrænu formi á augabragði heimshorna á milli með slíkum gæðum að ekki verður greint á milli frumrita og afrita verkanna. Er sú hætta einkum fyrir hendi með svonefndum skráardeiliforritum og skráarsvæðum sem gefa notendum netsins og annarra netkerfa kost á því að deila sín á milli afritum verndaðra verka um jafningjanet, samhliða vistun þeirra á skráarmiðlurum. Talið er að verk sem þannig er miðlað á milli aðila án heimildar rétthafa séu einkum tónlistar- og kvikmyndaverk, auk hugbúnaðar. Það gefur augaleið að sporna verður við því að hin nýja tækni, sem gagnast höfundum, öðrum rétthöfum og öllum almenningi með margvíslegum hætti, sé notuð til óheimillar hagnýtingar á efni sem nýtur höfundaréttarverndar. Hagsmunir rétthafanna eru að sjálfsögðu kveikjan að því að hamlað sé gegn óheim-

illi nýtingu verka þeirra og annars efnis því að vernd réttinda þeirra er forsenda fyrir skapandi vinnu þeirra og fjárfestingum í fyrirtækjum sem byggjast á höfundarétti. En þjóðhagslegir hagsmunir skipta einnig miklu máli. Í nútímaþjóðfélögum er framlag vöru og þjónustu, sem byggist á höfundarétti, til þjóðarframleiðslunnar mikið og fer sífellt vaxandi. Þannig sýndi finnsk rannsókn, sem gerð var fyrir nokkrum árum, að þetta framlag næmi að minnsta kosti 4% af vergri þjóðarframleiðslu Finna. Í Evrópusambandsríkjunum í heild er hlutfallið áætlað um 6%. Sem dæmi um þýðingu höfundaréttarefnis í bandarísku efnahagslífi má nefna að á árinu 2000 urðu útflutningstekjur Bandaríkjanna af hljóð- og myndefni hærri en tekjurnar af útflutningi flugvéla. Í nýlegri bók (Hagræn áhrif tónlistar eftir Ágúst Einarsson prófessor, útg. viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 2004) kemur fram að framlag menningar til landsframleiðslu sé 4%, sem sé meira en öll veitustarfsemi og nær þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísilframleiðsla hins vegar. Jafnframt kemur þar fram að 5.000 manns starfi við menningu hérlendis, sem sé álíka fjöldi og starfi í útgerð annars vegar og hótel- og veitingarrekstri hins vegar.

Það er ekki eingöngu svo að hin nýja tækni feli í sér hættur fyrir hagsmuni rétthafanna. Þvert á móti skapar hún einnig möguleika fyrir þá til þess að vernda verk sín og annað efni gegn óheimilli notkun með tæknilegum ráðstöfunum, svo sem aðgangsstýringum að vefsvæðum og afritunarvörnum vegna efnis á geisladiskum. Notkun þess háttar tæknilegra ráðstafana er þegar orðin allútbreidd, og reiknað er með enn frekari notkun þeirra í framtíðinni. Um leið og tæknilegar ráðstafanir hafa þau jákvæðu áhrif að auðvelda vernd höfundaréttar geta þær haft þá skuggahlið að notendum sé gert erfitt um vik að hagnýta sér lögheimilaðar takmarkanir á réttindum höfunda og annarra rétthafa samkvæmt höfundarétti. Í þessu efni, eins og víðar í höfundaréttinum, þarf því að leita jafnvægis milli hagsmuna rétthafa og notenda.

Með tilkomu netsins hefur höfundarétturinn orðið enn alþjóðlegri en áður, og hafa þó lengi verið í gildi alþjóðlegir samningar á sviði höfundaréttarins. Í desembermánuði 1996 í Genf samþykktu 120 þjóðir á ráðstefnu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (World Intellectual Property Organization, WIPO) tvo samninga til þess að takast á við þau vandamál sem fylgja hinni nýju tækni, og eru þeir af þeim sökum í daglegu tali kallaðir Internet-samningar WIPO. Annars vegar er samningur um réttindi höfunda (WIPO Copyright Treaty, WCT) og hins vegar samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita (WIPO Performances and Phonograms Treaty, WPPT). Báðir samningarnir gengu í gildi á árinu 2002 (WCT 6. mars 2002 og WPPT 20. maí 2002) þar sem tilskilinn fjöldi ríkja (30) hafði þá fullgilt samningana. Með tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu gefa ESB-ríkin og EFTA-ríkin innan EES forskrift að samræmingu höfundaréttar síns til þess að mæta kröfum Internet-samninga WIPO. Þegar ríkin hafa leitt ákvæði tilskipunarinnar í lög sín geta þau fullgilt WIPO-samningana. Evrópusambandsríkin áttu að hafa lögleitt ákvæði tilskipunarinnar 22. desember 2002, en aðeins tvö ESB-ríkjanna náðu að standa við þá tímasetningu (Danmörk og Grikkland).

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti tilskipunina sem breytingu á XVII. viðauka EES-samningsins um hugverkaréttindi á fundi sínum 9. júlí 2004 og varð tilskipunin hluti af EES-samningnum 10. júlí 2004. Ástæðu fyrir drætti á upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn má rekja til afstöðu framkvæmdastjórnar ESB til bókunar, sem EES/EFTA-ríkin höfðu lagt til að tekin yrði upp sem viðauki við tilskipunina, þess efnis að EFTA-ríkin væru óbundin af reglu 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um svæðisbundna tæmingu höfundaréttar. Lausn hefur nú fengist í framangreindri deilu sem stóð yfir um þriggja ára skeið og hefur sameiginlega EES-nefndin tiltekið sex mánaða frest til innleiðingar tilskipunarinnar sem reiknast frá 10.

júlí 2004. Þegar hefur verið lögð fram á yfirstandandi þingi tillaga til þingsályktunar um staðfestingu framangreindrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn. Tilgangurinn með tillögunni er að afla heimildar Alþingis fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta breytingu á EES samningnum fyrir Íslands hönd og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29 frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Auk þess að laga EES-réttinn að ákvæðum WIPO-samninganna er tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu almennt ætlað að samræma frekar höfundarétt á EES-svæðinu til þess að misræmi í löggjöf ríkjanna hafi ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins. Frá árinu 1991 og fram til marsmánaðar 2005 hafa verið samþykktar átta tilskipanir til þess að samræma ákvæði höfundalaga innan ESB og EES, og er tilskipunin um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu sú sjötta í röðinni og hin umfangsmesta. Hinar fyrri varða lögvernd fyrir tölvuforrit (91/250/EBE), leigu- og útlánsrétt (92/100/EBE), útsendingar um gervihnött og endurvarp um kapal (93/83/EBE), verndartíma höfundaréttar og skyldra réttinda (93/98/ EBE) og lögvernd gagnagrunna (96/9/EB). Allar þessar tilskipanir hafa verið lögleiddar hér á landi með breytingu á höfundalögum. Búið er að samþykkja tilskipanir númer sjö og átta í framangreindri röð, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks 2001/84/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um framfylgni hugverkaréttinda 2004/48/EB. Tilskipun 2001/84/EB var tekin upp í EES-samninginn 1. ágúst 2003. Frestur til lögleiðingar ákvæða þeirrar tilskipunar er til 1. janúar 2006 svo að ákveðið var að sleppa því við samningu þessa frumvarps að taka tillit til hennar. Frestur aðildarlanda EB til lögleiðingar tilskipunar 2004/48/EB er til 29. apríl 2006 en hún hefur þó ekki ennþá verið tekin upp í EES-samninginn. Tilskipun 2001/84/EB mun leiða til breytinga á ákvæðum 25. gr. b í höfundalögunum þar sem mælt er fyrir um svonefnt fylgiréttargjald til höfunda listaverka (f. Droit de Suite) við endursölu á verkum þeirra í atvinnuskyni. Tilskipunin um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu á ekki að hafa nein áhrif á þau efni sem eldri tilskipanirnar gilda um nema það sé sérstaklega ákveðið (2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sbr. 11. gr.).

Þá er bætt við nokkrum ákvæðum um takmörkun á höfundaréttinum og önnur ákvæði þar að lútandi skerpt og skýrð.

Aðrar breytingartillögur frumvarpsins eru fyrst og fremst til skýringar á einstökum ákvæðum laganna.

Við undirbúning breytinganna á höfundalögum vegna ákvæða tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu og nokkur önnur atriði hafa þau ráðuneyti hjá Norðurlandaþjóðunum, sem með höfundaréttarmálefni fara, haft með sér samráð. Er löng hefð fyrir því að Norðurlandaþjóðirnar leitist við að hafa sem mest samræmi í höfundalöggjöf sinni. Við samningu frumvarpsins hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af ýmsum ákvæðum í frumvarpi Dana til breytinga á höfundalögum þeirra sem lagt var fram í danska þjóðþinginu 2. október 2002 og varð að lögum 11. desember sama ár.

Tekið er fram að víða í frumvarpinu, þar sem einungis er talað um höfundarétt, er einnig átt við hin skyldu réttindi, sem að framan eru nefnd, þ.e. réttindi listflytjenda, hljóðritaframleiðenda o.s.frv. Með sama hætti er víðast þar sem talað er um höfunda einnig átt við listflytjendur o.s.frv.

II. Efni tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu.

1. Einkaréttur til eftirgerðar. Rétturinn til eftirgerðar er þýðingarmestur af einkaréttindunum samkvæmt höfundarétti. Í einkaréttinum felst að öðrum en höfundum er óheimilt að gera eftirgerðir af verkum nema til komi samningar þar um eða sérstök lagafyrirmæli. Um hugtakið eftirgerð eru oft notuð önnur orð, svo sem eintak, afrit og eftirrit. Hugtakið eintak er sennilega oftast notað í íslensku höfundalögunum, en þar er það skilgreint sem eintakagerð þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri (2. gr. laganna). Eintak er með öðrum orðum áþreifanlegt. Eftirgerð samkvæmt tilskipuninni er miklu víðtækara hugtak því að í 2. gr. hennar er rétthöfunum áskilinn einkaréttur „til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætt, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta". Nær einkarétturinn til eftirgerðar þannig ekki aðeins til þess að gera áþreifanleg eintök, heldur einnig til þess að gera óáþreifanlegar eftirgerðir, til dæmis til hvers konar stafrænna afrita sem verða til við vinnslu í tölvum og netkerfum, þar á meðal tímabundinna afrita sem ekki koma fyrir augu nokkurs manns.

Einkarétturinn til eftirgerðar er veittur höfundum vegna verka þeirra, listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra, framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra, framleiðendum frumupptakna kvikmynda vegna frumrita og afrita af kvikmyndum þeirra og útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útvarpi þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött.

Nánar er fjallað um einkaréttinn til eftirgerðar samkvæmt tilskipuninni í niðurlagskafla frumvarpsins.

2. Réttur til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningi. Í 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um einkarétt til miðlunar verka til almennings (e. „communication to the public") og einkarétt til að gera annað efni aðgengilegt almenningi (e. „making available to the public"). Síðargreindi rétturinn er talinn vera hluti af hinum fyrrgreinda. Höfundum er veittur víðtækari rétturinn, en rétthöfum hinna skyldu réttinda hinn þrengri. Ástæðan er sú að í 8. gr. tilskipunarinnar um leigu- og útlánsrétt er mælt fyrir um einkarétt til miðlunar til almennings til handa listflytjendum og útvarpsfyrirtækjum, þó ekki eins víðtækan rétt og höfundum er veittur í 3. gr. þessarar tilskipunar.

Í einkarétti höfunda til miðlunar verka sinna til almennings felst skv. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar réttur höfunda „til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs". Í tilskipuninni (23. skýringargrein) er rétturinn til miðlunar til almennings skilgreindur nánar, en þar segir að þennan rétt beri að skilja á almennan hátt þannig að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Þá segir að þessi réttur skuli ná yfir hvers kyns útsendingar eða endurvarp á verkum til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal útvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Loks segir að þessi réttur skuli ekki ná yfir neinar aðrar aðgerðir. Ekki er fyllilega ljóst hversu víðtækur einkarétturinn til miðlunar til almennings er. Þó er skýrt að í ákvæðinu er gert ráð fyrir einhverri fjarlægð milli þess staðar þar sem miðlunin fer fram og þeirra sem á móti miðluninni taka („almennings, sem er ekki staddur á þeim stað, þar sem miðlunin fer fram"). Þannig nær ákvæðið til dæmis ekki til milliliðalauss flutnings á verkum höfunda frammi fyrir áhorfendum eða áheyrendum. Að því leyti nær einkaréttur höfunda til miðlunar verka til almennings skemmra en einkaréttur höfunda til birtingar verka sinna samkvæmt íslensku höfundalögunum, en verk telst meðal annars birt þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega

(3. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., höfundalaga). Að öðru leyti kann miðlunarrétturinn samkvæmt tilskipuninni að ná lengra en birtingarrétturinn samkvæmt gildandi höfundalögum. Það er til dæmis ekki ljóst af orðalagi ákvæða höfundalaganna að þótt verk sé kallað fram á tölvuskjá teljist þess háttar notkun fela í sér opinbera birtingu, en hún fellur undir miðlunarhugtak tilskipunarinnar.

Einkaréttur til þess að gera annað efni en höfundaverk aðgengilegt almenningi er veittur rétthöfum hinna skyldu réttinda (listflytjendum o.s.frv.) með 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Þar er þessum rétthöfum áskilinn einkaréttur til þess að heimila eða banna að efni þeirra verði gert aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Í þessum rétti felst ákveðinn fjarlægðarþáttur eins og í miðlunarréttinum (sbr. 24. skýringargrein tilskipunarinnar). Það er skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að hið verndaða efni sé boðið almenningi til afnota á þann hátt að það sé í valdi hvers og eins að ákveða hvar og hvenær hann nálgast efnið. Með ákvæðinu er til dæmis verndaður einkaréttur hljóðritaframleiðenda og kvikmyndaframleiðenda til pöntunarþjónustu (e. „on-demand service“) á netinu með efni þeirra.

Í miðlun verka til almennings og því að gera annað efni aðgengilegt almenningi felst ekki dreifing áþreifanlegra eintaka, heldur fellur hvort tveggja undir veitingu þjónustu.

Um einkaréttinn til miðlunar verka til almennings og réttinn til að gera annað efni aðgengilegt samkvæmt tilskipuninni er nánar fjallað síðar.

3. Dreifingarréttur. Tilskipunin áskilur höfundum einkarétt til þess að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings á frumritum eða afritum verka þeirra með sölu eða á annan hátt (1. mgr. 4. gr.). Þetta ákvæði gildir eingöngu um höfunda, eins og berum orðum er fram tekið, en ekki um rétthafa skyldra réttinda, svo sem listflytjendur, hljóðritaframleiðendur, kvikmyndaframleiðendur og útvarpsfyrirtæki. Hinum síðargreindu er áskilinn einkaréttur til dreifingar á efni sínu í 9. gr. tilskipunarinnar um leigu- og útlánsrétt. Einnig hefur höfundum tölvuforrita og gagnagrunna verið tryggður einkaréttur til dreifingar á verkum sínum með fyrri tilskipunum (c-liður 4. gr. tölvuforritatilskipunar og c-liður 5. gr. gagnagrunnatilskipunar). Ákvæðið um einkarétt höfunda til dreifingar á verkum sínum í tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu hefur þá þýðingu fyrst og fremst að dreifingarréttur höfunda annarra tegunda verka, bókmenntaverka, tónverka o.s.frv., er samræmdur.

Samkvæmt gildandi íslenskum höfundalögum má líta svo á að dreifingarréttur höfundar sé talinn vera hluti af einkarétti hans til birtingar á verki (3. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. höfundalaga).

Í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að dreifingarréttur tæmist ekki innan bandalagsins (og EES) að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins (EES) eða það sé gert með leyfi hans. Með þessu ákvæði er tekin upp svokölluð evrópsk tæmingarregla. Í tæmingu (e. „exhaustion“, d. „konsumption“) dreifingarréttar felst í reynd að réttur höfundar til þess að hamla dreifingu verka sinna á markaði fellur niður þegar búið er að selja fyrsta eintakið af verkinu, enda standi höfundur sjálfur að sölunni (eða annars konar framsali eignarréttarins) eða framsalið fari að minnsta kosti fram með samþykki hans. Þannig getur til dæmis bókarhöfundur ekki stöðvað frekari sölu bókar sinnar á markaði eftir að hún er á annað borð komin í sölu (þ.e. fyrsta eintakið selt) þó að hann hafi ráðið því hvort verk hans var yfirleitt sett á markað.

Yfirleitt er litið svo á að tæming dreifingarréttarins sé alþjóðleg, nema annað sé sérstaklega ákveðið, þ.e. að ef verk er komið löglega í dreifingu einhvers staðar í heiminum geti höfundur ekki stöðvað frekari dreifingu. Svæðisbundin tæmingarregla, eins og hin evrópska tæmingarregla samkvæmt tilskipuninni, hefur það hins vegar í för með sér að höfundi er áskilinn réttur til þess að hamla dreifingu innan svæðisins (í þessu tilviki innan EES) nema fyrsta eintak þess hafi verið selt eða með öðrum hætti framselt innan svæðisins. Sem dæmi um beitingu hinnar evrópsku tæmingarreglu má nefna að höfundur, sem sett hefur eintök verks síns á markað í Bandaríkjunum, getur ákveðið að þeim eintökum megi ekki dreifa á EES-svæðinu.

Í norrænum höfundarétti hefur til þessa verið byggt á reglunni um alþjóðlega tæmingu, en nú ber að taka upp evrópska tæmingarreglu. Það er ráðandi viðhorf innan Evrópusambandsins að alþjóðleg tæmingarregla í höfundaréttinum skuli vera háð gagnkvæmni í alþjóðlegum samningum eða alþjóðlegum sáttmálum. Í WIPO-samningunum var ákveðið að einstökum samningsaðilum skuli vera heimilt að ákveða hvaða skilyrði, ef einhver, gildi um tæmingu dreifingarréttarins (2. mgr. 6. gr. WCT og 2. mgr. 8. gr. WPPT).

Sérstök ákvæði um tæmingu dreifingarréttar eru í tilskipunum um tölvuforrit (c-lið 4. gr.), gagnagrunna (c-lið 5. gr.) og leigu- og útlánsrétt (2. mgr. 9. gr.). Allnokkur ríki innan EES, þar á meðal Norðurlöndin, töldu lengi vel vafa leika á því að ákvæðin í tilskipununum um tölvuforrit og gagnagrunna kvæðu afdráttarlaust á um evrópska tæmingarreglu. Ríkisstjórnir Íslands, Liechtenstein og Noregs höfðu lýst yfir fyrirætlun sinni um að innleiða ekki evrópska tæmingarreglu við lögleiðingu tilskipunarinnar í höfundalög sín. Var sú fyrirætlun rökstudd með því að EES-samningurinn fæli ekki í sér tollabandalag EES/EFTA-ríkjanna og aðildarríkja ESB. Því bæri þeim ekki að fylgja eftir fyrirmælum 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/29/ EB. Enn fremur var talið að upptaka svæðisbundinnar tæmingar gæti takmarkað svigrúm EFTA til að gera fríverslunarsamninga við þriðju ríki þar sem innleiða þyrfti hömlur í slíka samninga um tollmeðferð vöru sem háð væri höfundarétti. Um framangreind atriði stóð um árabil deila á milli framkvæmdastjórnar ESB og EFTA þar sem framkvæmdastjórnin sætti sig ekki við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn með fyrirvara um gildi 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Endi var hins vegar bundinn á þennan ágreining með samkomulagi aðila, dags. 14. júní 2004. Það samkomulag var svo staðfest með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 9. júlí 2004 um upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, ásamt bókun um aðild EES/EFTA-ríkjanna að svonefndri tengslanefnd skv. 3. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu gildir tæming dreifingarréttarins aðeins um áþreifanleg eintök höfundaverks, en kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu (29. skýringargrein). Í samræmi við þetta er svo kveðið á í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar að einkaréttindin til miðlunar til almennings (1. mgr. 3. gr.) og til þess að gera efni aðgengilegt almenningi (2. mgr. 3. gr.) tæmist ekki. Til dæmis felur afhending verks á stafrænu formi til notanda með rafrænum hætti ekki það í sér að einkaréttur höfundar til frekari dreifingar hins stafræna eintaks tæmist við hina rafrænu miðlun.

4. Undantekningar og takmarkanir. Í tilskipuninni (5. gr.) eru ákvæði um þær takmarkanir sem höfundar og rétthafar skyldra réttinda þurfa að sæta eða geta þurft að sæta á þeim einkaréttindum sem þeim eru tryggð með tilskipuninni. Takmarkanirnar þjóna þeim megintilgangi að auðvelda notendum, í sérstökum tilvikum, aðgang að efni sem fellur undir vernd höfundaréttar.

Í forsendum tilskipunarinnar er lögð á það áhersla að endurmeta þurfi gildandi undantekningar frá réttindum og takmarkanir á þeim með hliðsjón af hinu nýja rafræna umhverfi. Bent er á að sá munur sem er á undantekningum og takmörkunum í ríkjunum hafi bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarétt og skyld réttindi. Til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins beri að skilgreina slíkar undantekningar og takmarkanir á samræmdari hátt. En hversu langt skuli gengið í að samræma þær skuli miðast við áhrif þeirra á snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

Ekki tókst við gerð tilskipunarinnar nema að hluta til að samræma undantekningarnar frá einkaréttindunum. Einstök ríki reyndust fastheldin á þær undantekningar sem hjá þeim hafa tíðkast og fyrst og fremst eiga sér menningarleg rök og styðjast við lagahefðir. Samræmingin að því er lýtur að undantekningunum er því aðallega fólgin í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi var tekin upp ein undantekning frá einkaréttindunum sem skylt er að gera (1. mgr. 5. gr.). Þessi undantekning heimilar, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, tímabundnar og tilfallandi eftirgerðir, sem verða til í tækniferli, til dæmis við umferð gagna á netinu, og var nauðsynleg vegna þess að einkarétturinn til eftirgerðar í 1. gr. var skilgreindur svo víðtækt að hann nær meðal annars til þess háttar eftirgerða. Í öðru lagi var sett í tilskipunina skrá um tuttugu valfrjálsar undantekningar á einkaréttinum til eftirgerðar og einkaréttinum til miðlunar til almennings (2. og 3. mgr. 5. gr., sbr. 4. mgr.). Þessi skrá er tæmandi. Undantekningar í landslögum, sem ekki falla undir þessa skrá, ber því að fella úr gildi eða breyta þeim. Ekki verða heldur teknar upp í landslög nýjar undantekningar nema þær rúmist innan heimilda skrárinnar. Þess mun ekki gerast þörf að fella alveg niður neinar undantekningarheimildir sem nú eru í höfundalögunum, en í ýmsum tilvikum þarf að laga undantekningar að skilyrðum sem áskilin eru í tilskipuninni.

Valfrjálsu undantekningarnar eru margbreytilegar, til dæmis vegna fræðslu- eða vísindastarfsemi, í þágu opinberra stofnana, svo sem bóka- og skjalasafna, vegna fréttamennsku, vegna tilvitnana, til notkunar fyrir fatlað fólk, vegna almannaöryggis og vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs fyrir dómi (34. skýringargrein). Margar undantekninganna eru háðar því skilyrði að þeim sé ekki beitt í fjárhagslegum tilgangi, beint eða óbeint. Þetta á til dæmis við um afritun einstaklinga til einkanota (b-liður 2. mgr. 5. gr.), eftirgerðir almenningsbókasafna, menntastofnana o.fl. (c-liður 2. mgr. 5. gr.), upptökur félagslegra stofnana (svo sem sjúkrahúsa og fangelsa) á útvarpsefni (e-liður 2. mgr. 5. gr.) og notkun í þágu fatlaðra (b-liður 3. mgr. 5. gr.).

Tilteknum undantekningum verður því aðeins beitt að rétthafar fái það sem kallað er sanngjarnar bætur eða sanngjarnt gjald (e. fair compensation). Þetta skilyrði gildir til dæmis um heimild einstaklinga til afritunar til einkanota (b-liður 2. mgr. 5. gr.) og upptökur félagslegra stofnana á útvarpsefni (e-liður 2. mgr. 5. gr.). Ekki eru í tilskipuninni sett bindandi fyrirmæli um það hvernig sanngjarnt gjald verði ákveðið. Er einstökum ríkjum því nokkuð í sjálfsvald sett með hvaða hætti þau haga gjaldinu til rétthafanna, en gjald þarf að koma fyrir og það þarf að vera sanngjarnt. Þó rúmast það innan hugtaksins að ekki sé um neina greiðsluskyldu að ræða ef tjón rétthafa af eftirgerð er metið óverulegt (35. skýringargrein), svo sem vegna ljósritunar einstaklinga til einkanota. Í tilskipuninni er kveðið á um það hvaða sjónarmið hafa beri í huga við ákvörðun sanngjarns gjalds fyrir tilteknar tegundir eftirgerðar á hljóðefni, myndefni og hljóð- og myndefni til einkanota (38. og 39. skýringargrein). Líta verður svo á að ákvæði íslensku höfundalaganna (3.–6. mgr. 11. gr. gildandi laga) um gjöld af auðum segulböndum o.fl. til upptöku á efni sem útvarpað hefur verið eða gefið hefur verið út á hljóðriti eða myndriti, fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar í þessu efni.

Fleiri en ein undantekningarheimild samkvæmt tilskipuninni getur átt við um tiltekna undantekningu í landslögum. Unnt er að víkja frá öllum valfrjálsu undantekningunum með samningum milli rétthafa og notenda.

Þó að skránni í heimildarákvæðunum um undantekningar sé ætlað að vera tæmandi er þó fyrirvari á því gerður ef um er að ræða notkun í ákveðnum öðrum tilvikum sem hafa óverulega þýðingu og þar sem landslög kveða þegar á um undantekningar og takmarkanir, að því tilskildu að aðeins sé um að ræða hliðræna notkun og þetta hafi ekki áhrif á frjálsa dreifingu vara og þjónustu innan EES (o-liður 3. mgr. 5. gr.). Þetta ákvæði hefur ekki mikla þýðingu við endurskoðun á undantekningarákvæðum höfundalaganna. Þó verður að telja að það veiti svigrúm til þess að halda í lögum ákvæði laganna um heimild til prentunar söngtexta til afnota fyrir áheyrendur á opinberum hljómleikum (1. mgr. 20. gr.).

Allar undantekningarnar frá þeim einkaréttindum sem tilskipunin áskilur rétthöfum eru háðar svokölluðu „þriggja þrepa skilyrði“ (d. „tre-trinstest“, e. „three-step test“). Hér er um að ræða almenna takmörkun á undantekningunum samkvæmt tilskipuninni (öllum undantekningum 1.–4. mgr. 5. gr.), ákvæði af því tagi sem í þýsku lagamáli er nefnt „schranken-schranke“ eða takmörkun á takmarkanir. Í reglunni felst að undantekningum og takmörkunum verður því aðeins beitt að þær fullnægi þremur skilyrðum: 1) að þær varði tiltekin sértilvik, 2) að þær stríði ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og 3) að þær skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa (5. mgr. 5. gr.). Ber við mat á lögmæti tiltekinna undantekninga að mæla þær á mælikvarða þriggja þrepa skilyrðisins. Upphaf reglunnar er rakið til Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, en hana er að finna í 2. mgr. 9. gr. Parísargerðar hans frá 1971 sem Ísland er aðili að (sbr. lög nr. 80/1972). Regluna er einnig að finna í ýmsum öðrum alþjóðasamningum á sviði höfundaréttar, svo sem í WIPO-samningunum, WCT (1. mgr. 10. gr.) og WPPT (2. mgr. 16. gr) og í svokölluðum TRIPS-samningi (e. Trade Related Aspects of Intellectual Property Rights) (13. gr.) sem er einn af viðaukasamningum við svonefndan GATT-stofnsamning um Heimsviðskiptastofnunina (e. World Trade Organization – WTO) frá 1994.

Samkvæmt skilgreiningu tilskipunarinnar teljast ákvæði í landslögum um svokölluð heildarleyfi (samningskvaðir) ekki undantekning frá einkaréttindum höfunda, heldur fyrirkomulag sem varðar umsýslu réttindanna (18. skýringargrein). Eru því ákvæði um heildarleyfi heimil, og koma þau til viðbótar undantekningunum til þess að auðvelda aðgang að verkum höfunda og öðru efni og tryggja rétthöfum endurgjald fyrir not af réttindum þeirra.

Undantekningarheimildir tilskipunarinnar þykja ekki í sjálfu sér gefa tilefni til þess að teknar verði upp nýjar undantekningar í íslensku höfundalögin.

5. Vernd tæknilegra ráðstafana. Hin stafræna tækni skapar rétthöfum möguleika á því að vernda verk sín og annað efni með tæknilegum ráðstöfunum, og er talið að notkun þess háttar ráðstafana eigi eftir að færast í vöxt á komandi árum. Með beitingu slíkra ráðstafana er ætlun rétthafa að koma í veg fyrir óheimil not af efni. Dæmi um tæknilega ráðstöfun er afritunarvörn á hljómdiskum og mynddiskum. Annars konar tæknileg ráðstöfun er til dæmis aðgangsstýring að efni á netinu, en allmikið er tíðkað að aðgangur að efni sé háður samningsskilmálum, meðal annars um greiðslu áskriftar, og ekki veittur öðrum en þeim sem hafa fengið úthlutað lykilorði.

Óheimilt rof á tæknilegum verndarráðstöfunum og óheimil eftirgerð tæknilega verndaðs efnis hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt er talið að veita tæknilegum ráðstöfunum rétthafa sérstaka vernd. Er þetta gert með 6. gr. tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu. Þar er sú skylda lögð á ríkin að þau kveði á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum, enda viti viðkomandi aðili

eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki (1. mgr. 6. gr.). Eins og sést á ákvæðinu er brot gegn því háð því huglæga skilyrði að sá sem sniðgengur skilvirka tæknilega ráðstöfun sé í vondri trú. Þannig er til dæmis ekki um brot að ræða ef fyrir liggur samþykki rétthafa fyrir rofi á afritunarvörn.

Það er ekki aðeins sá verknaður að fara fram hjá skilvirkri tæknilegri ráðstöfun sem lýstur er ólögmætur. Tilteknar ráðstafanir til undirbúnings því að fara fram hjá þess háttar ráðstöfunum skulu einnig vera óheimilar. Þannig á að kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í fjárhagslegum tilgangi, á tækjum, vörum eða íhlutum eða veitingu þjónustu: a) sem eru auglýst sem leið til þess að fara fram hjá ráðstöfununum, eða b) hafa aðeins takmarkað fjárhagslegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið í þessu skyni, eða c) eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd eða aðlöguð í því skyni að gera kleift eða auðveldara að fara fram hjá ráðstöfununum (sjá nánar 2. mgr. 6. gr.).

Hugtakið „tæknilegar ráðstafanir“ er skilgreint mjög víðtækt, en það er hvers konar tækni, tæki eða íhlutur sem er hannaður með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa (3. mgr. 6. gr.).

Þrátt fyrir víðtæka skilgreiningu á því hvað teljast vera „tæknilegar ráðstafanir“ eru það þó ekki allar þess háttar ráðstafanir, sem verndar eiga að njóta. Það skilyrði er sett að ráðstafanirnar teljist vera „skilvirkar“ þannig að tæknilegar ráðstafanir, sem naumast eru nema til málamynda og auðvelt er að sniðganga, njóta ekki verndar. Í tilskipuninni er kveðið svo á að tæknilegar ráðstafanir teljist vera „skilvirkar“ ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulritun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn (3. mgr. 6. gr.). Getur það sjálfsagt orðið matsatriði í einstökum tilvikum hvort tæknileg ráðstöfun telst vera skilvirk eða ekki. Þá er tekið fram í tilskipuninni (48. skýringargrein) að við réttarvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana beri að virða meðalhófsregluna og ekki megi banna tæki eða starfsemi sem hafa annan fjárhagslega mikilvægan tilgang eða eru notuð til annars en að fara fram hjá hinni tæknilegu vernd, og einkum má þessi vernd ekki hindra rannsóknir á dulritun.

Í skilgreiningunni á tæknilegum ráðstöfunum kemur fram að það eru ekki aðeins tæknilegar ráðstafanir höfunda og rétthafa hinna skyldu réttinda sem verndar eiga að njóta samkvæmt ákvæðinu, heldur einnig rétthafar svokallaðra sinnar tegundar (sui generis) gagnagrunna skv. III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Þar er um að ræða gagnagrunna, sem ekki uppfylla skilyrði þess að geta talist höfundarverk (árangur andlegrar sköpunar, er beri vott um einstaklingsbundin höfundareinkenni), en svo mikil vinna eða fjármunir eru lagðir í að rétt þykir að láta þá njóta verndar samkvæmt höfundarétti.

Ákvæðið gildir ekki um tæknilegar ráðstafanir til verndar tölvuforritum. Um þær ráðstafanir gildir tilskipun 91/250/EBE (c-liður 1. mgr. 7. gr).

Við beitingu rétthafa á tæknilegum ráðstöfunum til verndar réttindum sínum kann að koma upp sú staða að notendur fái ekki hagnýtt þær undantekningar frá höfundaréttinum sem tilskipunin kveður á um. Hvort verður þá rétthærra, vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana eða notendaheimildirnar samkvæmt undantekningunum? Geta rétthafarnir með tæknilegum ráðstöfunum í reynd fellt undantekningarnar úr gildi? Eða eiga notendurnir að hafa úrræði til þess að nota undantekningarnar þrátt fyrir vernd hinna tæknilegu ráðstafana? Almennt er svo fyrir mælt í tilskipuninni að ríkin skuli hvetja til þess að rétthafar geri af sjálfsdáðum ráðstafanir til þess að unnt sé að ná markmiðunum með tilteknum undantekningum eða takmörk-

unum, þar á meðal gerð og framkvæmd samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila (51. og 52. skýringargrein). Í tilskipuninni (4. mgr. 6. gr.) er greint á milli undantekningarinnar vegna eftirgerðar einstaklinga til einkanota og annarra undantekninga þegar rétthafar hafa ekki af sjálfsdáðum gert ráðstafanir til þess að gera notkun undantekningar mögulega.

Ljóst er að sú lögvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem ákvæðum frumvarpsins er ætlað að tryggja tekur eingöngu til þeirra atriða er falla undir einkaréttindi höfunda og annarra rétthafa. Ákvæðum frumvarpsins um vernd tæknilegra ráðstafana er með öðrum orðum ekki ætlað að vernda ýmsar ráðstafanir útgefenda hljóð- og myndrita til að skipta heiminum upp í tiltekin markaðssvæði eða stjórna því að endurmiðlun slíkra verka geti aðeins fram farið í tölvum með stýrikerfi af tiltekinni gerð. Þvert á móti nær lögvernd tæknilegra ráðstafana er tengjast áþreifanlegum eintökum hljóð- og myndrita eingöngu til þess að varna óheimilli eftirgerð þeirra. Hafi eigandi hljóð- eða myndrits eignast það með lögmætum hætti og tæknilegar ráðstafanir varna honum að nýta það vegna framangreindra atriða telst vera um óheimila aðgangsstýringu að ræða sem ekki nýtur verndar að höfundarétti. Við slíkar aðstæður kann eigandanum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að vera heimilt að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ef útgefendur hljóð- og myndrita beita tæknilegri ráðstöfun bæði til þess að varna afritun verka sinna og stjórna notkun þeirra í afspilunartækjum sem læst eru inn á ákveðin markaðssvæði eða í tölvum með tiltekið stýrikerfi eiga þeir á hættu að missa lögvernd hinna tæknilegu ráðstafana að því er varðar afritunarvörn verkanna. Af þessu er ljóst að útgefendur hljóð- og myndrita verða að beita skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum af skynsemi og jafnframt leitast við að tryggja að réttir eigendur lögmætra hljóð- og myndrita geti notið þeirra án tillits til gerðar afspilunarbúnaðar.

Þrátt fyrir vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar – og hafi rétthafar ekki gert ráðstafanir af sjálfsdáðum – skulu ríkin gera nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir (e. „appropriate measures“) til þess að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undantekningu eða takmörkun kost á að nýta hana, enda sé um að ræða eftirgreindar undantekningar og þær séu teknar upp í landslög: ljósritun; eftirgerðir almenningsbókasafna, menntastofnana o.fl.; bráðabirgðaupptökur útvarpsstöðva; eftirgerðir félagslegra stofnana á útvarpssendingum; notkun til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir; notkun í þágu fatlaðra; notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða fyrir dómstólum (sjá nánar 1. málsl. 4. mgr. 6. gr., sbr. a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr.). Skilyrði er að sá sem nýtir undantekninguna hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ekki er það skýrt til hlítar í tilskipuninni hvað átt er við með „nauðsynlegum ráðstöfunum“, en fram kemur að ríki getur meðal annars gengist fyrir því að tæknilegri ráðstöfun sé breytt (51. skýringargrein). Hins vegar er þeim sem heimild hafa til þess að nýta hinar tilteknu undantekningar ekki rétt að rjúfa sjálfir tæknilegar varnir.

Að því er varðar undantekninguna um eftirgerð einstaklinga vegna einkanota (b-liður 2. mgr. 5. gr.) er hún ekki eins sterk samkvæmt tilskipuninni og framangreindar undantekningar sem bera meiri keim af sjónarmiðum um almannaþörf, svo sem þarfir bókasafna, menntastofnana o.s.frv. Ríkjunum er heimilt að gera ráðstafanir til þess að undantekningin vegna einkanota verði nýtt ef rétthafar gera ekki slíkar ráðstafanir af sjálfsdáðum, en ríkjunum er það ekki skylt. Þó að ríki ákveði að gera ráðstafanir til þess að undantekningin verði nýtt útilokar það ekki að rétthafar geti til dæmis notað afritunarvörn er takmarkar fjölda afrita til einkanota (sjá nánar 2. málsl. 4. mgr. 6. gr. og 52. skýringargrein).

Sérstaklega er tekið fram í tilskipuninni að heimildirnar til rofs á tæknilegum ráðstöfunum gildi ekki um svokallaða gagnvirka pöntunarþjónustu (4. málsl. 4. mgr. 6. gr. og 53. skýringargrein). Hér er til dæmis átt við margs konar gagnvirka þjónustu á netinu sem í té er látin samkvæmt samningsskilmálum þess sem þjónustuna veitir og notandi verður að samþykkja til þess að fá aðgang að þjónustunni. Meginreglan er sú að samningsákvæði hefur forgang fyrir lögheimilaðri undantekningu frá höfundaréttinum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Stundum koma upp álitamál um það hvort samningar, sem gerðir eru á grundvelli slíkra einhliða samningsskilmála, teljast vera bindandi samningar, en um það fer eftir reglum samningaréttar hverju sinni.

Ákvæðum 6. gr. tilskipunarinnar um vernd tæknilegra ráðstafana er ætlað að útfæra í EES-réttinum ákvæði WIPO-samninganna um sama efni (11. gr. WCT og 18. gr. WPPT).

6. Vernd upplýsinga um réttindaumsýslu. Í 7. gr. tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu eru verndaðar rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu sem höfundar og aðrir rétthafar, sem ákvæðið verndar, setja á verk sín og annað efni. Með upplýsingum um réttindaumsýslu er átt við upplýsingar sem rétthafar veita og sem auðkenna verk eða annað efni og auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verka eða annars efnis og um allar tölur og kóta sem tákna slíkar upplýsingar og geta verið hluti af lýsigögnum (e. metadata) verksins. Verndin tekur til þeirra verka og annars efnis sem tilskipunin á við eða falla undir sinnar tegundar rétt skv. III. kafla gagnagrunnatilskipunarinnar 96/9/EB (sjá nánar 2. mgr. 7. gr).

Æskilegt þykir að rétthafar setji rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu (e. „rights-management information") á efni sitt. Slíkar upplýsingar eru hluti af ráðstöfunum rétthafa til að varna ólömætum aðgangi að verkum og efni sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum og varna ólögmætri eftirgerð þess, jafnframt sem þær eru til þess fallnar að greiða fyrir samningum um afnot og eins til þess að fylgjast með notkun efnis (sjá til dæmis 55. skýringargrein).

Af þessum sökum er sú skylda lögð á ríkin að þau kveði á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar, fjarlægir eða breytir rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu – eða dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni, sem verndar nýtur, þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar (sbr. nánari skilyrði í 1. mgr. 7. gr.).

Ákvæðum 7. gr. tilskipunarinnar um vernd upplýsinga um réttindaumsýslu er ætlað að útfæra í EES-réttinum ákvæði WIPO-samninganna um sama efni (12. gr. WCT og 19. gr. WPPT).

III. Aðrar helstu breytingar.

Hér undir falla nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um skilyrði réttarverndar varðandi útgáfu verka og listflutnings hér á landi og atriði sem ráða því hvort verk njóta vernda eða eigi (tengslaskilyrði).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar – skammvinnar, tilfallandi eftirgerðir sem eru liður í tæknilegum ferli.

Í 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar kemur fram að tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar, sem um getur í 2. gr. tilskipunarinnar, sem séu til skamms tíma eða tilfallandi og séu órjúfanlegur

og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tilgangi einum að gera mögulega: a) sendingu af hálfu milliliðar í neti milli þriðju aðila, eða, b) löglega notkun á verki eða öðru efni en hafi ekkert sjálfstætt efnahagslegt vægi, skuli undanþegnar réttinum til eftirgerðar sem kveðið sé á um í 2. gr. tilskipunarinnar.

Í 33. skýringargrein tilskipunarinnar segir að einkaréttur til eintakagerðar sé háður undanþágu sem heimili tilteknar tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegar og mikilvægur liður í tækniferli og eiga sér stað einungis í þeim tilgangi að gera mögulega annaðhvort skilvirka útsendingu af hálfu milliliðs í neti á milli þriðju aðila eða löglega notkun verks eða annars efnis. Tekið er fram að sjálfar aðgerðirnar skuli ekki hafa sjálfstætt efnahagslegt gildi. Svo fremi að aðgerðir til eftirgerðar uppfylli þessi skilyrði skuli undanþágan taka til aðgerða sem gera það kleift að vafra á vefnum og skyndivista, þar á meðal aðgerðir til að tryggja að útsendingarkerfi starfi á skilvirkan hátt, að því tilskildu að milliliðurinn breyti ekki upplýsingum og grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem sé viðurkennd og notuð í atvinnugreininni, í þeim tilgangi að afla sér gagna um notkun upplýsinganna. Notkun telst lögleg ef hún er heimiluð af rétthafa eða ekki takmörkuð með lögum.

Um 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sem er eina skyldubundna takmörkun tilskipunarinnar gagnvart einkarétti höfundar. Ákvæðið undanþiggur frá einkarétti höfunda til eftirgerðar skv. 3. gr. laganna þá eintakagerð sem er tæknilega óhjákvæmileg vegna miðlunar verka í tölvum, netkerfum og gagnasamskiptum um netið. Þegar verki er miðlað á netinu deilist það upp í eins konar pakka, sem hver um sig getur getur farið frá sendanda til viðtakanda eftir mismunandi fjarskiptaleiðum, í gegnum vefþjóna sem geta verið staðsettir á ólíkum stöðum í heiminum. Á áfangastað hjá þjónustuveitanda viðtakanda er framangreindum pökkum raðað saman að nýju í upprunalega mynd verksins eins og það fór frá sendanda. Á hverjum vefþjóni á framangreindri leið verður til afrit vegna skyndivistunar (e. caching) af þeim pökkum sem þar fóru í gegn. Eftirgerðir verka sem þannig verða til eru í eðli sínu skammlífar eða tilfallandi og hafa þann eina tilgang að greiða fyrir miðlun verkanna í netkerfi á milli þriðju aðila fyrir atbeina milliliðs, þ.e. fjarskiptafyrirtækis og þjónustuveitanda, eða fela í sér lögmæt afnot verks sem hafa ekki sjálfstætt fjárhagslegt gildi.

Í ljósi 3. gr. höfundalaga og með tilliti til 2. gr. tilskipunarinnar verður talið að eintök sem eru til skamms tíma og tilfallandi og aðrar gerðir tímabundinnar afritunar falli undir einkarétt höfundar til eftirgerðar. Víðtæk skilgreining á einkarétti höfunda til eintakagerðar kallar á innleiðingu undantekningar varðandi ýmsa tilfallandi og tímabundna eintakagerð, þ.m.t. sjálfvirka afritun sem verður í tölvum vegna notkunar vafra á netinu (e. temporary internet folders; cache) sem hefur í sjálfu sér litla þýðingu fyrir rétthafana. Undantekning 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins leiðir því til þess að framangreind eintakagerð verður heimil þrátt fyrir víðtækan einkarétt höfunda til eintakagerðar.

Ákvæðið veitir eingöngu heimild til gerðar eftirrita sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og felur ekki í sér heimild til annarrar eintakagerðar til bráðabirgða. Ekki er gerður áskilnaður um að frumeintakið hafi sætt opinberri birtingu en að jafnaði má ganga út frá þeirri forsendu að svo sé þar sem um er að ræða notkun verka á netinu.

Í svonefndri tilskipun um „rafræn viðskipti“, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðinum, felast ýmis úrræði sem ætlað er að varna höfundaréttarbrotum í tengslum við rafræna þjónustu. Í 50. skýringargrein með

tilskipuninni um „rafræn viðskipti“ er lögð á það áhersla að tilskipanir um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu annars vegar og framangreind tilskipun um „rafræna þjónustu“ öðlist gildi á svipuðum tíma svo unnt verði að setja skýran ramma reglna um ábyrgð milliliða með tilliti til brota á sviði höfundarréttar og réttinda sem tengjast honum.

Gera verður þann fyrirvara við undantekningarreglu 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að hún tekur ekki til eintakagerðar vegna miðlunar ólögmætra eintaka á netinu. Slík miðlun er hins vegar andstæð einkarétti höfunda og rétthafa til opinbers flutnings. Slík höfundaréttarbrot varða refsingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 54. gr. höfundalaga og kunna að gefa rétthafa kost á beitingu réttarúrræða eins og lögbanns eða stöðvunartilkynningu til þjónustuveitanda skv. 15. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, sbr. 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar um „rafræn viðskipti“ og 59. skýringargrein þeirrar tilskipunar.

Ákvæðið veitir heimild til gerðar skammvinnra eða tilfallandi eintaka sem eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tveimur tilvikum sem tiltekin eru í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í fyrra tilvikinu er um að ræða rekstraraðila gagnaflutningsneta og þjónustuveitendur á netinu. Eðlilegt þykir að þessir aðilar beri ekki ábyrgð á því efni sem miðlað er um netkerfi þeirra þegar þeir gegna eingöngu hlutverki milliðar. Þau eintök sem verða til þegar efni háð höfundarétti er flutt í gegnum netkerfi, sem rekstraraðili leggur til, eru undanþegin einkarétti höfunda til eintakagerðar eins og að ofan greinir. Þetta á jafnframt við um þau eintök sem verða til vegna varðveislu þjónustuveitanda á afritum heimasíðna með skyndivistun á netþjóni (e. proxy caching) sem hefur þann eina tilgang að auka hraða og virkni við miðlun á vinsælum heimasíðum sem eru þannig sóttar beint á vefþjón þjónustuveitanda innan lands en ekki alla leið til upphaflegs erlends efnisveitanda.

Með hliðsjón af skýringargrein nr. 33 við tilskipunina er framangreind undantekning háð því skilyrði að milliliðurinn breyti ekki upplýsingunum og grípi ekki inn í lögmætt tækniferli í þeim tilgangi að afla sér vitneskju um notkun upplýsinganna. Um nánari skýringu þessa fyrirvara vísast til 12. gr. tilskipunar EB um rafræn viðskipti sem hefur verið innleidd með 13. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Í síðara tilvikinu sem um ræðir í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er um að ræða löglega notkun hins endanlega notanda. Undir það fellur notkun stafrænna verka í tölvum. Þegar slíkt verk er framkallað eða því endurmiðlað í tölvu verða sjálfkrafa til nokkur bráðabirgðaeintök í vinnsluminni eða skyndiminni tölvunnar. Ákvæðið felur í sér að endurmiðlun verka á stafrænum miðlum eins og hljómdiskum og mynddiskum, auk notkunar vafra og þess háttar, getur farið fram án þess að leita þurfi samþykkis rétthafanna til að framkalla þau skammvinnu og tilfallandi eintök sem verða til við notkunina. Engu að síður er áskilið að um lögmæta notkun sé að ræða í þeim skilningi að rétthafar hafi heimilað notkun verks eða að engar takmarkanir fylgi notkun þess, sbr. skýringargrein nr. 33.

Samþykki rétthafa getur bæði falist í beinu samþykki og ætluðu samþykki. Um beint samþykki er að ræða þegar rétthafi tilgreinir samþykki fyrir notkun í einhliða skilmálum sem fram koma með verkinu, samningi milli rétthafa og notanda, sem notandi verður að staðfesta áður en veittur er aðgangur að efninu eða þegar skilmálum er komið á framfæri við notanda með öðrum sambærilegum hætti. Um óbeint eða ætlað samþykki telst vera að ræða þegar ekkert er tekið fram um heimildir notenda en veittur kostur á því að endurmiðla efni á tölvu notanda eða gera eintak í þágu notanda, t.d. með útprentun, niðurfærslu efnis á tölvu notanda eða með því að óska eftir að rétthafi miðli efninu með tölvupósti til einhvers netfangs sem notandi tilgreinir.

Notanda er rétt að líta svo á að notkun verks sé ekki háð lagalegum takmörkunum ef notkun þess fellur algerlega utan einkaréttarákvæða höfundalaga (höfundaréttarvernd er t.d. útrunnin) eða ef notkunin fellur undir einhverja af undantekningarreglunum.

Sú athöfn að vafra um netið er varðar í sjálfu sér ekki höfundaréttindi, að svo miklu leyti sem notandi brýtur ekki á einkarétti höfundar. Slík athöfn er því ekki háð lagalegum takmörkunum.

Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ávallt háð því að eftirgerðin hafi ekki neina sjálfstæða fjárhagslega þýðingu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. Skýra ber ákvæðið til samræmis við hið svonefnda þriggja þrepa skilyrði, sem skýrt er í almennum athugasemdum hér að framan, sbr. 5. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, en í því felst að undantekningar frá einkarétti höfundar mega m.a. ekki skerða með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa. Skilyrðin í 1.–4. tölul. 1. mgr. 1. gr. eru samverkandi. Árétta ber að hluti af þeirri afritun sem heimiluð er í 1. mgr. 1. gr. fellur þegar innan heimillar eintakagerðar til einkanota skv. 11. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur til allra gerða af verkum höfunda, að undanskildum tölvuforritum og gagngrunnum, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Vegna vísunar í V. kafla höfundalaganna til ákvæða II. kafla höfundalaganna munu ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins einnig taka til réttinda flytjenda, framleiðenda hljóð- og myndrita og annarra.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins fela í sér að undantekningarákvæði 1. mgr. 1. gr. um skammvinna eintakagerð taka ekki til tölvuforrita og gagnagrunna. Ástæða þessa er sú að um réttarstöðu þessara verka hefur áður verið mælt fyrir í tveimur tilskipunum EB; tilskipun um höfundarétt að tölvuforritum frá 1991 og tilskipun um lögvernd gagnagrunna frá 1996, og að ekki var talin ástæða til að breyta ákvæðum fyrrgreindra tilskipana með tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar. Þegar eru í gildi ákvæði í 1. og 2. mgr. 11. gr. a í gildandi lögum sem heimila gerð afrita sem eru tæknilega nauðsynleg vegna löglegrar notkunar tölvuforrita og gagnagrunna. Fyrrgreind ákvæði ná yfir stóran hluta þeirra athafna sem heimilaðar eru fyrir önnur verk skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt ber að líta til þess að ákvæði 13. og 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, sem byggist á tilskipun EB um rafræn viðskipti, fela í sér að þjónustuveitendur á netinu bera, með vissum skilyrðum, ekki ábyrgð á sjálfvirkri, millistigs- og skammtímageymslu upplýsinga. Undanþága þessara aðila frá ábyrgð hefur hagnýta þýðingu að svo miklu leyti sem viðkomandi athöfn getur talist vera brot á höfundarétti, þ.m.t. eintakagerð án heimildar höfundar. Þrátt fyrir að skyndivistun (e. proxy caching) þjónustuveitanda kynni að vera óheimil skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að svo miklu leyti sem hún fæli í sér afritun gagnagrunna bæri þjónustuveitandinn ekki ábyrgð á grundvelli fyrrgreindra ákvæða laga um rafræn viðskipti o.fl. Að teknu tilliti til þessa má draga þá ályktun að gerð skammvinnra eintaka tölvuforrita og gagnagrunna lúti svipuðum lögmálum og gilda fyrir verk skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að svo miklu leyti sem hún er nauðsynlegur hluti af tæknilegu ferli.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 1. mgr. 11. gr. laganna sem miða að því að settar verði skýrar reglur um heimild einstaklinga til eintakagerðar eftir birtum verkum til einkanota eingöngu.

Ákvæði tilskipunarinnar – heimild einstaklinga til eftirgerðar.

Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar geta aðildarríkin kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttinum til eftirgerðar sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða eftirgerðir einstaklinga með hvers konar miðli til einkanota og í tilgangi sem er

ekki viðskiptalegs eðlis, hvorki beint né óbeint, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur þar sem tekið sé mið af því hvort þeim tæknilegu ráðstöfunum, sem um getur í 6. gr. tilskipunarinnar, hafi verið beitt vegna viðkomandi verks eða efnis eða ekki.

Í 35. skýringargrein við tilskipunina er áréttaður fyrirvari um að tryggja beri rétthöfum sanngjarnar og fullnægjandi bætur, vegna afnota af vernduðum verkum þeirra eða öðru efni, þegar undanþágur eða takmarkanir eru lögfestar. Við ákvörðun á formi, fyrirkomulagi og fjárhæð bóta skal tekið mið af aðstæðum í hverju tilviki. Við mat á ætluðu tjóni rétthafa ber að leggja mat á þann skaða sem viðkomandi aðgerð gæti hugsanlega valdið honum. Ekki er sjálfgefið að slíkt mat leiði til þess að rétthöfum verði ákveðnar bætur. Nægilegt kann að vera talið að rétthafar fái greiðslu með öðrum hætti, t.d. sem hluta af höfundarþóknun. Jafnframt kann beiting tæknilegra verndarráðstafana skv. 6. gr. tilskipunarinnar af hálfu rétthafa að leiða til þess að eintakagerð til einkanota sé ekki möguleg og því beri rétthafa ekki að fá bætur. Í öðrum tilvikum, eins og t.d. ljósritun til einkanota, er skaði rétthafa svo óverulegur, að ekki stofnast til greiðsluskyldu.

Þrátt fyrir framangreind sjónarmið um bótarétt rétthafa er tekið fram í 36. skýringargrein að aðildarríkin geti mælt fyrir um sanngjarnar bætur til rétthafa þegar þau beita valfrjálsum ákvæðum um undanþágur eða takmarkanir sem innihalda ekki kröfur um slíkar bætur.

Í 37. skýringargrein við tilskipunina er tekið fram að innlendar reglur um ljósritun, sem kunni að vera fyrir hendi, valdi ekki miklum hindrunum fyrir innri markaðinn. Aðildarríkjunum skuli þannig vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun að því er varðar ljósritun.

Í 52. skýringargrein við tilskipunina segir að þegar undanþága eða takmörkun vegna afritunar til einkanota, í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr., komi til framkvæmda skuli aðildarríkin með sama hætti hvetja til notkunar valfrjálsra ráðstafana til að unnt sé að ná markmiðunum með undanþágunni eða takmörkuninni. Hafi slíkar valfrjálsar ráðstafanir í tengslum við eftirgerð til einkanota ekki verið gerðar innan sanngjarns tíma geti aðildarríkin gert ráðstafanir til að gera þeim sem eiga rétt á undanþágunni eða takmörkuninni kleift að nýta sér hana. Enn fremur segir að valfrjálsar ráðstafanir rétthafa, þ.m.t. samningar milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, og ráðstafanir aðildarríkjanna komi ekki í veg fyrir að rétthafar geti gripið til tæknilegra ráðstafana sem samrýmist þeim undanþágum eða takmörkunum sem ákveðnar hafi verið í landslögum í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr., að teknu tilliti til skilyrðis um sanngjarnar bætur samkvæmt því ákvæði og hugsanlegs greinarmunar sem gerður er á mismunandi skilyrðum um notkun í samræmi við 5. mgr. 5. gr., svo sem eftirliti með fjölda eftirgerða. Til að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir verði misnotaðar skuli allar tæknilegar ráðstafanir til framkvæmdar þeim njóta lögverndar.

Um ákvæði 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins sem svarar til b-liðar 2. mgr. 5. í tilskipuninni er fjallað um heimild til eintakagerðar vegna einkaafnota, t.d. með ljósritun, hljóðritun, upptöku og afritun á hljóðbönd og myndbönd og eintakagerð á stafræna miðla, svo sem geisladiska, minniskort og þess háttar búnað. Samkvæmt gildandi lögum er í 1. mgr. 11. gr. heimilað að gera eintök af birtu verki til einkanota, eingöngu. Ekki er þó heimilt að gera eða láta gera fleiri en þrjú eintök til notkunar í atvinnu sinni. Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum heimilt að lögfesta takmarkanir á einkarétti höfunda til eintakagerðar þegar um er að ræða eintak á hliðrænu eða stafrænu formi sem einstaklingur hefur gert til einkanota og í tilgangi sem er hvorki beint né óbeint tengdur atvinnurekstri, að því gefnu að rétthafarnir fái sanngjarnar bætur eða sanngjarnt gjald (e. fair compensation). Breytingar frá 1. mgr. 11. gr. gildandi laga fela í sér að heimildin til eftirgerðar af birtu verki til einkanota er nú bundin við einstaklinga

eingöngu. Jafnframt er lagt til að óheimilt verði að nýta eintök sem þannig eru gerð í þágu atvinnurekstrar en gildandi ákvæði heimilar að nýta megi allt að þrjú eintök sem þannig eru fengin í atvinnuskyni. Ákvæðið tekur bæði til hliðrænnar eintakagerðar (þ.e. ljósritunar og upptöku verka úr hljóðvarpi og sjónvarpi á hliðræn tón- og myndbönd) og stafrænnar eintakagerðar (þ.e. annarra verka en tölvuforrita og gagnagrunna, sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna).

Í 38. skýringargrein tilskipunarinnar er gerður greinarmunur á hliðrænni og stafrænni eintakagerð til einkanota. Lýsir þessi munur sér m.a. í því að ekki er talin ástæða til að bæta höfundum það tjón er hljótast kann af ljósritun einstaklinga til einkanota en aftur á móti er talin ástæða til þess að höfundar verka sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóð- eða myndriti eigi rétt á gjaldi vegna þeirrar eintakagerðar af verkum þeirra sem fram fer á auð bönd, diska og aðra geymslumiðla, óháð því hvort sú eintakgerð styðst við hliðræna eða stafræna tækni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Heimildin til eintakagerðar til einkanota hefur verið skýrð svo að hún feli í sér heimild til eintakagerðar í eigin þágu og fyrir aðra einstaklinga sem eftirgerðarmaðurinn er í persónulegu sambandi við, þ.e. fyrir fjölskyldu, vini, kunningja og jafnvel nána starfsfélaga. Af þessum ástæðum er talið nauðsynlegt að takmarka heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. 11. gr. laganna á þann veg að hún sé því aðeins heimil að hún fari ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Líta verður þó til þess að því veikari sem hin persónulegu tengsl eru á milli aðila, því meiri líkur eru á því að eintakagerðin teljist vera í fjárhagslegum tilgangi. Skýra ber hugtakið „í fjárhagslegum tilgangi“ rúmt þannig að undir það falli allar athafnir sem eru liður í einkaréttarlegri atvinnustarfsemi eða starfsemi sem jafna má við slíkt. Áfram verður þó heimilt fyrir starfsmenn fyrirtækja að afrita til eigin nota og annarra sem þeir standa í persónulegu sambandi við, þ.m.t. náinna starfsfélaga. Burtséð frá þessu getur afritun talist vera í fjárhagslegum tilgangi ef hún leiðir t.d. til lækkunar rekstrarkostnaðar hjá fyrirtæki. Aftur á móti er ekki um eintakagerð í fjárhagslegum tilgangi að ræða þegar hún fer fram gegn táknrænni greiðslu eða þátttöku í kostnaði við eintakagerðina. Ákvæði frumvarpsins leiðir ekki til breytinga á réttarstöðu hvað varðar eintakagerð hjá ríki eða sveitarfélögum, þ.m.t. hjá skólum og menntastofnunum, að svo miklu leyti sem sú starfsemi er ekki skilgreind þannig að hún fari fram „í fjárhagslegum tilgangi“ skv. 2. gr. frumvarpsins. Jafnframt er ljóst að stór hluti af eintakagerð hjá stjórnvöldum og stofnunum er þegar heimilaður á grundvelli 22. gr. og 22. gr. a í gildandi lögum. Sú eintakagerð á þeirra vegum sem fellur utan reglunnar um eintakagerð til einkanota fellur í flestum tilvikum undir heildarleyfi (samningskvaðir) sé fyrir hendi samningur við rétthafasamtök um slíka eintakagerð. Að öðrum kosti er um ólögmæta eintakagerð að ræða.

Heimild 2. gr. frumvarpsins til eintakagerðar er sem fyrr segir bundin við einstaklinga og rís þá spurning hvort túlka beri ákvæðið svo að utanaðkomandi aðstoð sé óheimil við eintakagerðina, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Fyrrgreint ákvæði tilskipunarinnar er hins vegar skýrt svo að það feli jafnframt í sér heimild til að þiggja aðstoð við eintakagerðina þegar uppfyllt hefur verið bótaskilyrði (endurgjaldsskilyrði) sama ákvæðis með innheimtu sérstaks gjalds á auð hljóð- og myndbönd og auða diska, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. laganna. Er því ljóst að heimilt er að þiggja aðstoð annarra utanaðkomandi við eintakagerðina að svo miklu leyti sem það er ekki bannað skv. 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna. Að því er varðar ljósritun einstaklinga til einkanota er talið að tjónið sem af henni hlýst sé svo hverfandi að ekki beri að tryggja gjald til rétthafa, sbr. lokamálslið 35. skýringargreinar tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar – heimild bókasafna til eftirgerðar.

Í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttinum til eftirgerðar þegar um er að ræða tilteknar eftirgerðir af hálfu almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings.

Í a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttindunum skv. 2. og 3. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis.

Í n-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttindunum skv. 2. og 3. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða að verkum eða öðru efni í söfnum almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna er miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með til þess gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna enda falli verkin og efnið ekki undir kaup- eða nytjaleyfisskilmála. Samkvæmt tilskipunarákvæðinu er aðildarríkjunum þannig heimilt að innleiða takmarkanir á einkarétti höfunda til eintakagerðar, með hliðsjón af sérstökum eintökum sem gerð eru í framangreindum söfnum, enda sé ekki um að ræða eintakagerð í fjárhagslegum tilgangi.

Skv. 40. skýringargrein tilskipunarinnar er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun í þágu tiltekinna stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana sem og skjalasafna. Slík undanþága eða takmörkun skal þó einskorðuð við tiltekin sértilvik sem falla undir réttinn til eftirgerðar og má ekki taka til afnota í tengslum við rafræna miðlun verndaðra verka eða annars efnis. Tekið er þó fram að tilskipunin skuli ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings í samræmi við 5. gr. tilskipunar 92/100/EBE um leigu- og útlánsrétt. Því er í tilskipuninni hvatt til þess að gerðir verði sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi.

Skv. 42. skýringargrein tilskipunarinnar skal þess gætt þegar undanþágu eða takmörkun er beitt vegna fræðslu eða vísindarannsókna sem fara ekki fram í fjárhagslegum tilgangi, þar með talið fjarnám, að það ákvarðist af starfseminni sem slíkri hvort hún fari fram í fjárhagslegum tilgangi. Stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir viðkomandi stofnunar séu ekki úrslitaþættir í þeim efnum.

Ákvæðið felur í sér áréttingu á inntaki 12. gr. gildandi laga, þó með breyttu orðalagi. Markmiðið með henni er að laga reglur um eintakagerð hjá skjalasöfnum, bókasöfnum, minjasöfnum og menntastofnunum að ákvæði c-liðar 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í gildandi 12. gr. er heimild fyrir menntamálaráðherra að mæla fyrir um eintakagerð í tilgreindum bóka- og skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum með reglugerð en hún mun ekki hafa verið sett. Með 3. gr. frumvarpsins er áréttað að framangreind eintakagerð sé því aðeins heimil að hún fari ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Samkvæmt hinu nýja orðalagi ákvæðisins tekur það bæði til hliðrænnar og stafrænnar eintakagerðar. Sem fyrr er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð um heimildir safna samkvæmt ákvæðinu. Brýnt er að sú reglugerð verði sett verði frumvarpið að lögum.

Um 4. gr.

Í a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttindunum sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er fjárhagslegs eðlis.

Skv. 18. skýringargrein tilskipunarinnar hefur hún ekki áhrif á fyrirkomulag í aðildarríkjunum er varðar umsýslu réttinda, svo sem með heildarleyfum (samningskvöðum).

Ákvæðið felur í sér breytingar á 14. gr. gildandi laga sem ætlað er að færa ákvæðið til samræmis við fyrrgreindan a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Í breytingunni felst að endurmiðlun listaverka vegna listgagnrýni og birting verka skv. 3. mgr. 1. gr. laganna, þ.e. uppdrátta, teikninga, líkana og þess háttar hugverka í þágu vísindarannsókna, er háð fyrirvara um að ekki sé um fjárhagslegan tilgang að ræða og heimildar sé getið.

Samkvæmt gildandi lögum, 2. mgr. 14. gr., er heimilt að birta listaverk vegna listgagnrýni og verk er falla undir 3. mgr. 1. gr. laganna vegna vísindarannsókna, enda sé kynning og meðferð í samræmi við hinn yfirlýsta tilgang. Gildir þessi heimild óháð því hvort um fjárhagslegan tilgang er að ræða eða ekki.

Með vísan til framangreinds ákvæðis tilskipunarinnar þykir nauðsynlegt að takmarka gildissvið 2. mgr. 14. gr. gildandi laga, þannig að heimildin eigi ekki við þegar um birtingu og umfjöllun þar tilgreindra verka í fjárhagslegum tilgangi er að ræða, án þess að fyrir liggi samþykki rétthafa. Í 42. skýringargrein við tilskipunina segir að við beitingu undanþágu eða takmörkunar í þágu fræðslu eða vísindarannsókna sem ekki fara fram í fjárhagslegum tilgangi, þar með talið fjarnám, skuli líta til þess hvort starfsemin sem slík fari fram í fjárhagslegum tilgangi. Jafnframt kemur fram að það hafi ekki úrslitaáhrif í þessu sambandi hvernig viðkomandi stofnun er stjórnað eða rekstur hennar fjármagnaður.

Hugtakið „fjárhagslegur tilgangur“ í 4. gr. frumvarpsins er notað í víðum skilningi og tekur bæði til beinnar og óbeinnar atvinnustarfsemi. Hugtakið tekur þannig til athafna sem teljast vera liður í atvinnustarfsemi einstaklinga eða lögaðila eða hliðstæðri starfsemi. Birting kann að teljast fara fram í fjárhagslegum tilgangi ef hún fer fram í því augnamiði að skila rekstrarafgangi. Hins vegar yrði ekki talið um birtingu í fjárhagslegum tilgangi að tefla þegar birting fer fram gegn táknrænni greiðslu eða endurgjaldi sem hefur það eitt að markmiði að mæta útgjöldum sem hljótast af birtingunni. Ekki er gert er ráð fyrir að sú breyting sem hér er lögð til hafi áhrif á rannsóknarstarfsemi hjá háskólum og öðrum stofnunum og því geti þær áfram birt myndir af listaverkum og verkum er falla undir 3. mgr. 1. gr. laganna, í tengslum við listgagnrýni og vísindastarfsemi.

Um 5. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar – takmörkun á einkarétti vegna safnaverka til kennslu o.fl.

Varðandi umfjöllun um a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar vísast til athugasemda með 4. gr. frumvarps þessa.

Hér er mælt fyrir um breytingar á 1. mgr. 17. gr. gildandi laga vegna samræmingar við a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Skv. a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar geta aðildarríkin innleitt undanþágur eða takmarkanir á rétti höfunda til eftirgerðar, miðlunar verka sinna til almennings, auk réttar til að gera annað efni aðgengilegt almenningi, þegar um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu

að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er fjárhagslegs eðlis.

Skv. 1. mgr. 17. gr. gildandi laga er heimilt að birta í safnverkum, sem ætluð eru til trúarathafna, kennslu í skólum eða í útvarpi, hluta úr bókmenntaverkum og tónverkum margra höfunda þegar liðin eru fimm ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra. Jafnframt er heimilt að birta með sömu skilmálum myndir og gögn skv. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga sem eru hluti af meginmáli. Fyrir þessi afnot á hver höfundur rétt til þóknunar. Umrædd heimild á þó ekki við í þeim tilvikum þegar frumverkið er sérstaklega samið fyrir kennslu í skólum. Að öðru leyti eru ekki takmarkanir í gildandi lögum á beitingu reglu 1. mgr. 17. gr. Til að gæta samræmis við a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er nauðsynlegt að takmarka gildissvið 1. mgr. 17. gr. laganna þannig að heimildin takmarkist við notkun sem telst ekki vera birting í fjárhagslegum tilgangi. Af breytingunni leiðir að óheimilt er að nýta hluta úr verkum margra höfunda í safnverk sem ætluð eru til kennslu ef útgáfan telst vera í fjárhagslegum tilgangi. Jafnframt á við skilyrði a-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um að geta skal heimildar, nema það sé ógerlegt.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um nýtt ákvæði um tæmingu réttinda að fyrirmynd 19. gr. dönsku höfundalaganna eins og henni hefur nú verið breytt með innleiðingu tilskipunarinnar í dönsk höfundalög.

Ákvæði tilskipunarinnar um einkarétt til dreifingar og tæmingu hans.

Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings með sölu eða á annan hátt að því er varðar frumrit eða afrit verka þeirra.

Í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar segir svo að dreifingarrétturinn tæmist ekki innan bandalagsins, þ.e. innri markaðarins, að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins eða það sé gert með leyfi hans.

Tæmingarreglan kemur jafnframt fyrir í c-lið 4. gr. tilskipunar 91/250/EBE um lögvernd tölvuforrita og c-lið 5. gr. tilskipunar 96/6/EB um lögvernd gagnagrunna. Í tilskipun 91/100/EBE um útlán felast engar almennar reglur um tæmingu réttinda, nema hvað varðar grannréttindi höfundaréttar, sbr. 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar. Í 1. mgr. 1. gr. og 1., 3. og 4. mgr. 2. gr. hennar er fjallað um útleigurétt og í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. og 4. mgr. 5. gr. er fjallað um útlánarétt.

Um tæmingu dreifingarréttar.

Svonefnd tæmingarregla er reglan sem segir til um hvort einkaréttur höfundar til að ráða yfir eintökum verks tæmist (d. konsumptionsprincippet, e. consumption of rights) þegar höfundurinn hefur sjálfviljugur látið eintakið af hendi með sölu þess til kaupanda. Meginreglan er að kaupandinn öðlast frjálsan ráðstöfunarrétt yfir eintakinu með frekari sölu, skiptum, láni, leigu o.s.frv. Í tæmingarreglunni felst því í samræmi við framangreint, að handhöfn eignarréttarins að eintakinu gengur framar rétti höfundar til verksins. Tæmingarreglan felur í sér takmörkun á einkarétti höfundar með tilliti til 24. og 25. gr. laganna, þ.e. dreifingarrétti og sýningarrétti, en hefur ekki áhrif á einkarétt höfunda til eintakagerðar og opinbers flutnings.

Sú regla sem hér er lögð til er eftir fyrirmynd 1. mgr. 19. gr. dönsku höfundalaganna eins og ákvæðinu hefur nú verið breytt vegna innleiðingar tilskipunarinnar í dönsku lögin.

Í 6. gr. frumvarpsins, sem verður 24. gr. laganna, er að finna meginreglu höfundalaganna um réttindatæmingu sem mælir svo fyrir að sala eða annað varanlegt form eignaryfirfærslu eintaks viðkomandi verks, sem fram fer með samþykki höfundarins, felur í sér að eigandi eintaksins má dreifa því áfram með sölu, leigu, útláni o.s.frv. Fram til þessa hefur í norrænum höfundarétti verið á byggt á svonefndri „alþjóðlegri tæmingarreglu". Í henni felst að eftir fyrstu sölu eintaks af verki frá höfundi til fyrsta kaupanda er för þess frjáls um heiminn, óháð því hvar verkið var upphaflega selt. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er hins vegar mælt fyrir um svæðisbundna tæmingu á innri markaði Evrópusambandsins. Samkvæmt því ákvæði tæmist dreifingarrétturinn aðeins þegar rétthafinn (höfundurinn) sjálfur selur eintak verks eða eignarréttur að því yfirfærist með öðrum hætti, innan Evrópusambandsins, með hans samþykki. Sama regla gildir um önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem auk aðildarríkja ESB teljast vera Noregur, Ísland og Liechtenstein. Ekki er að finna í gildandi höfundalögum almennt ákvæði um tæmingu réttinda en samkvæmt norrænni lagahefð má telja að alþjóðleg réttindatæming hafi fram til þessa verið meginreglan samkvæmt gildandi rétti hér á landi að því er varðar höfundarétt.

Hvað varðar listflytjendur, hljóð- og myndframleiðendur, ásamt útvarpsfyrirtækjum eru fyrir hendi reglur um svæðisbundna tæmingu á grundvelli tilskipunar 92/100/EBE um leigu- og lánsréttindi og önnur atriði varðandi höfundarétt þrátt fyrir að slík regla hafi ekki verið innleidd í íslensku höfundalögin þegar framangreind tilskipun var tekin upp í íslensk lög.

Ekki var full eining meðal ríkja ESB um ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar og vildu m.a. Danir, Finnar og Svíar halda í hina norrænu reglu um alþjóðlega tæmingu. Mál þróuðust hins vegar svo að hin svæðisbundna tæmingarregla varð ofan á og verður hún því innleidd í landslög á innri markaðinum.

Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar kveður ákvæði 1. mgr. þannig á um að sala og annars konar framsal á eintaki verks í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins leiði til tæmingar réttinda og þar með réttinum til dreifingar eintaka til almennings með sölu, gjafagerningi og öðru þess háttar. Af þessu leiðir að það er ekki aðeins forsenda að rétthafarnir hafi veitt samþykki fyrir sölu eintaka, eða annars konar eignaryfirfærslu, heldur einnig að eintakið sé sett á markað í EES-ríki.

Ákvæðið gildir fyrir allar tegundir verka. Að því er varðar dreifingu verka með útláni og útleigu er lagt til í 2. málsl. 1. mgr. að viðhalda áðurgreindri undantekningu frá reglunni um tæmingu réttinda innan EES.

Áhrifin af innleiðingu reglu um svæðisbundna tæmingu dreifingarréttar innan EES verða þau m.a. að dreifing eintaka sem flutt hafa verið á innri markaðinn frá landi utan EES án samþykkis rétthafa verður óheimil frá og með gildistöku ákvæðisins. Þetta á t.d. við um eintök bóka sem settar hafa verið á markað í Bandaríkjum Norður-Ameríku en er síðar dreift innan EES án samþykkis rétthafa. Dreifing slíkra eintaka er því aðeins heimil að rétthafinn hafi veitt samþykki sitt. Þrátt fyrir þetta má vænta þess að rétthafinn, t.d. bókaforlag eða hljómplötuútgáfa, hafi hagsmuni að því að heimila innflutning þegar um er að ræða sérpöntun á einstökum eintökum. Þannig má t.d. gera ráð fyrir að þegar um er að ræða beinan innflutning innlends bóksala frá erlendum útgefanda geti hinn erlendi útgefandi veitt nauðsynlegt samþykki sitt um leið og bækurnar eru pantaðar. Framangreindar reglur eiga eingöngu við um verk sem njóta verndar að höfundarétti. Dreifing verka sem ekki njóta verndar að höfundarétti getur farið fram óhindrað. Af 29. skýringargrein tilskipunarinnar leiðir að tæming hefur eingöngu þýðingu við dreifingu á áþreifanlegum miðlum, en ekki þegar um er að ræða þjónustu, þ.m.t. rafræna miðlun verka. Tæming verður heldur ekki þegar um er að ræða eintök sem verða til hjá notendum með samþykki rétthafa vegna rafrænnar miðlunar,

t.d. afrit af gagnagrunni á netinu þar sem heimild til dreifingar til almennings byggist á samningi rétthafa og notenda.

Um 7. gr.

Um a-lið.

Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins, varðandi tæmingu réttinda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nægilegt er að fjallað sé um tæmingu réttinda á einum stað í lögunum, þ.e. í 24. gr. eins og hún mun hljóða skv. 6. gr. frumvarpsins. Af 1. mgr. 24. gr. mun leiða að tæming réttinda vegna upptöku listflutnings kemur aðeins til álita þegar upptaka listflutnings er seld eða eignarréttur að eintaki yfirfærist með öðrum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þessu felst ekki nein breyting á gildandi rétti að því er varðar listflytjendur, sbr. síðasta málslið 3. mgr. 45. gr. gildandi laga.

Um b-lið.

Hér er mælt fyrir um einkarétt listflytjenda til eintakagerðar og dreifingar að því er varðar þjóðmenningarlegt efni. Með þjóðmenningarlegu efni í þessu sambandi er átt við hefðbundna menningarlega tjáningu (e. traditional cultural expressions) sem kennd er við menningu frumbyggja eða ættflokka eða tilheyrir ákveðnu landsvæði. Dæmi um slíkan listfluting er t.d. hefðbundin sönglist Samaþjóðarinnar (e. yoke).

Um 8. gr.

Hér sambærileg breyting þeirri sem lögð er til í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins varðandi réttindi listflytjenda. Breytingin felur í sér að sérregla 2. málsl. 2. mgr. 46. gr. laganna um tæmingu á réttindum framleiðenda er varða útlán og leigu á upptökum listflutnings fellur brott. Í þess stað stendur eftir tilvísun í fyrri málslið 2. mgr. 46. gr. laganna til 24. gr. eins og lagt er til að henni verði breytt í 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Ákvæðið, sem er nýmæli, felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar í íslensk lög í þágu listflytjenda og framleiðenda hljóð- og myndrita. Skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, sem grundvallast á 10. og 14. gr. WPPT-sáttmálans, skulu aðildarríkin kveða á um einkarétt til handa m.a. listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra og framleiðendum vegna hljóðrita þeirra til að heimila eða banna að slík verk verði gerð almenningi aðgengileg, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og þeirri stundu er hann sjálfur kýs. Tilskipunin heimilar ekki að gera almenna takmörkun á framangreindum einkarétti, þ.m.t. með afnotakvöð. Í 1. mgr. 47. gr. gildandi laga felst afnotakvöð vegna opinbers flutnings á útgefnum hljóðritum. Í ákvæðinu felst að útvarpsstöðvar og aðrir aðilar geta, án þess að gera um það samning fyrir fram við listflytjendur og framleiðendur hljóðrita, sent út hljóðrit listflutnings gegn greiðslu þóknunar. Um fjárhæð þóknunar fer eftir heildarsamningi á milli innheimtusamtaka listflytjenda og framleiðenda og viðkomandi notanda, þ.e. útvarpsstöðvar. Sérstök úrskurðarnefnd sem starfar eftir 57. gr. laganna fjallar um ágreining um þóknun skv. 47. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um rétt listflytjenda til að gera hljóðrit listflutnings aðgengilegt almenningi, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að hljóðritinu á þeim stað og á þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs sem er sérstakur réttur sem óháður er heimild til notkunar hljóðrits til flutnings í útvarpi og annarrar þess háttar opinberrar dreifingar. Afnota-

kvöð samkvæmt gildandi lögum tekur einnig til pöntunarþjónustu á netinu þar sem slík þjónusta fellur undir hugtakið opinber flutningur.

Með ákvæðinu er listflytjendum og framleiðendum hljóðrita færður einkaréttur á að heimila aðgang að sköpun sinni í gegnum pöntunarþjónustu á netinu og öðrum tölvunetum.

Þegar um er að ræða annað form opinbers flutnings, þ.m.t. útsendingar útvarps og sjónvarps og beinn flutningur útgefinna hljóðrita, gildir áfram afnotakvöð skv. 1. mgr. 47. gr. höfundalaganna. Ekki er talin ástæða til að taka upp að þessu sinni fyrirkomulag heildarleyfa (samningskvaða) vegna slíkrar notkunar en rétt þykir að horfa til þess við síðari endurskoðun laganna.

Um 10. gr.

Um a-lið.

Ákvæðið felur í sér nánari afmörkun á 4. tölul. 1. mgr. 48. gr. gildandi laga. Markmið með breytingunni er að innleiða d-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar sem mælir svo fyrir að aðildarríkin skuli kveða á um einkarétt útvarpsfyrirtækja til að heimila eða banna að upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem um útsendingar um þráð eða þráðlaust er að ræða, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött, séu gerðar aðgengilegar almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að upptökunum á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. gildandi laga hafa útvarpsfyrirtæki vernd gegn samtímisútvörpun (e. simulcasting) þráðlaust og annars konar dreifingu um þráð, ásamt upptöku á endurflutningi á útvörpun þeirra. Skv. 4. tölul. 1. mgr. 48. gr. er eftirgerð áður framkvæmdrar upptöku útvarps óheimil. Framangreint bann hefur þá þýðingu að ekki má flytja slíka upptöku yfir á annan miðil þaðan sem unnt er að endurmiðla henni, dreifa eintökum til almennings o.s.frv. Í þessu felst að óheimilt er án samþykkis útvarpsfyrirtækja að nýta upptökur af útsendingum þeirra sem felur þar með í sér óbeina og almenna vernd gegn því að upptökurnar séu gerðar aðgengilegar almenningi, þ.m.t. með opinberum flutningi í gegnum netið. Þrátt fyrir þennan skilning á 48. gr. laganna þykir með tilliti til tilskipunarinnar ástæða til að kveða skýrt á um einkarétt útvarpsfyrirtækja til miðlunar á útsendu efni sínu um netið.

Hugtökin upptaka og eftirgerð falla bæði undir hugtakið eintakagerð. Útvarpsfyrirtæki hafa einkarétt til eintakagerðar áður útvarpaðs efnis og þess að gera slíkt efni aðgengilegt almenningi, þ.m.t. að gera upptökur útsendinga aðgengilegar í gegnum netið með sama hætti og framleiðendur hljóð- og myndrita.

Um b-lið.

Samkvæmt 48. gr. gildandi laga er verndartími útvarpsstöðva vegna eftirgerðar á upptökum útsendinga þeirra takmarkaður við 25 ár. Virðist hafa láðst við lögleiðingu tilskipunar 93/98/EBE um samræmingu verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda með lögum nr. 50/1996 um breytingu á höfundalögum, að taka tillit til ákvæða tilskipunarinnar um verndartíma útsendinga útvarpsstöðva. Skv. 4. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar skulu réttindi útvarpsstöðva renna út 50 árum eftir fyrstu útsendingu án tillits til þess hvort sent er út í gegnum þráð eða um ljósvakann, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött. Þykir rétt að breyta nú þessu ákvæði höfundalaga til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Rétt er talið að veita ljósmyndum, sem ekki njóta verndar höfundalaga sem listaverk, aukna vernd með því að láta vernd slíkra mynda fylgja hinni almennu stefnu laganna að láta einkarétt rétthafa ná til þess að birta þær. Enn fremur er talið rétt að lengja verndartíma slíkra ljósmynda úr 25 árum í 50 ár til samræmis við ákvæði annarra norrænna höfundalaga.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að við bætist nýr kafli, V. kafli A, með fjórum greinum, 50. gr. a – 50. gr. d, er fær kaflaheitið Tæknilegar ráðstafanir o.fl. Ákvæðum hins nýja kafla er m.a. ætlað innleiða III. kafla tilskipunarinnar varðandi „verndun tæknilegra ráðstafana og upplýsinga fyrir réttindaumsýslu“ er hefur að geyma ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar um „skyldur að því er varðar tæknilegar ráðstafanir“ og ákvæði 7. gr. tilskipunarinnar um „skyldur að því er varðar upplýsingar vegna réttindaumsýslu“.

Um a-lið (50. gr. a).

Hér er lagt til að leitt verði í íslensk lög ákvæði er svarar til c) liðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 91/250/EBE, um lögvernd fyrir tölvuforrit, en í 7. gr. þeirrar tilskipunar er m.a. svo fyrir mælt að kveða beri í landslögum á um úrræði gagnvart þeim sem sekur er um að setja í umferð eða hafa í fórum sínum í hagnaðarskyni hvers konar búnað sem einungis miðar að því að auðvelda að sneiða hjá eða fjarlægja með ólöglegum hætti tæknibúnað sem notaður hefur verið til að vernda tölvuforrit. Með frumvarpsgreininni er sú háttsemi, sem nefnt tilskipunarákvæði tekur til, lýst óheimil, og brot gegn greininni er lýst refsivert með tillögu til breytingar á 5. tölul. 1. mgr. 54. gr. (sjá 13. gr. frumvarps þessa).

Í lögum nr. 57/1992, sem lögfestu gildi tilskipunar 91/250/EBE um lögvernd tölvuforrita, var ekki innleitt sérstakt ákvæði til verndar ráðstöfunum er miða að því að koma í veg fyrir ólögmæta eintakagerð hugbúnaðar líkt og gert var í 1. mgr. 78. gr. í dönsku höfundalögunum frá 1995. Ákvæði þetta samsvarar nú 75. gr. b í dönsku höfundalögunum eins og þeim var breytt við innleiðingu tilskipunarinnar í Danmörku í desember 2002. Vegna skyldleika 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar við 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu þykir hins vegar rétt að lögfesta nú bann við fyrrgreindum ráðstöfunum sem eru til þess fallnar að stuðla að ólögmætri dreifingu hugbúnaðar en 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar tekur ekki til tæknilegra ráðstafana gegn ólögmætri eintakagerð hugbúnaðar. Um lögvernd tæknilegra ráðstafana annarra verka á stafrænu formi er fjallað í b–d-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b – 50. gr. d). Jafnframt er lagt til að ákvæðið verði talið upp meðal þeirra ákvæða í 54. gr. höfundalaganna þar sem sektarrefsing liggur við broti. Í hinu danska ákvæði kemur sakarmatið fram í sjálfum lagatextanum og er þar miðað við ásetning eða stórkostlegt gáleysi. Þrátt fyrir að slíkt sakarmat komi ekki fram í texta íslenska ákvæðisins er gert ráð fyrir því að ekki verði refsað fyrir brot gegn fyrirmælum þess nema um sé að ræða brot framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Þær ráðstafanir sem ákvæðinu er ætlað að vernda eru hvers konar varnir gegn ólögmætri afritun hugbúnaðar, þ.m.t. afritunarvarðir CD-ROM/DVD-ROM diskar sem hafa að geyma hugbúnað, sérstakir hugbúnaðarlyklar sem gera löglegum notendum notkun slíkra diska mögulega og aðrar þess háttar ráðstafanir.

Um b-lið (50 gr. b).

Ákvæði tilskipunarinnar – verndun skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Í b-lið 12. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýtt ákvæði vegna innleiðingar 1.–3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Þar er í 1. mgr. mælt fyrir um að aðildarríkin skuli kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að hvers konar skilvirkar tæknilegar ráðstafanir séu markvisst og af ásetningi sniðgengnar. Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu aðildarríkjanna til að kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í viðskiptaskyni, tækja, vara eða íhluta eða veitingu þjónustu í þremur tilvikum:

– í fyrsta lagi þegar slík tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta eru kynnt eða auglýst sem leið til að sniðganga hvers konar skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir,

- í öðru lagi þegar slík tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta hafa aðeins takmarkað viðskiptalegt gildi eða notkunarmöguleika aðra en sem leið til að sniðganga hvers konar skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir, og
- í þriðja lagi þegar slík tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að sniðganga hvers konar skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir.

Hugtakið „skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir“ er skilgreint svo í 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að það taki til hvers konar tækni, tækja eða íhluta sem hannaðir eru með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem skyld eru höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa „sinnar tegundar réttar“ (e. sui generis) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Með hugtakinu „skilvirkar“ er átt við þær ráðstafanir sem til þess eru fallnar að rétthafa takist að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórnun, verndaraðgerð, svo sem dulritun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með stjórnun eintakagerðar. Um nánari skýringu hugtaksins skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir vísast til 4. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (4. mgr. 50. gr. b).

Lagt er til að 1.–3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með b-lið 12. gr. frumvarpsins (1.–4. mgr. 50. gr. b).

Um 1. mgr. b-liðar (1. mgr. 50. gr. b).

Ákvæðið felur í sér innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Við orðalag þess hefur verið höfð hliðsjón af 75. gr. c í dönsku höfundalögunum sem á rætur að rekja til 2. mgr. 78. gr. dönsku laganna frá 1995 en þar var mælt fyrir um lögvernd tæknilegra ráðstafana fyrir hvers konar verk á stafrænu formi. Með tilliti til 6. gr. tilskipunarinnar er lögvernd tæknilegra ráðstafana ætlað að ná til allra tækja og aðferða sem unnt er að beita til sniðgöngu slíkra ráðstafana og tekur það jafnframt til þess verknaðar að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir.

Í ákvæðinu felst að óheimilt er að sniðganga skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir án samþykkis rétthafa. Bannið gildir einnig um sniðgönguverknaðinn sjálfan, jafnvel þótt sniðgangan fari fram í þeim tilgangi að gera t.d. sjónskertum notanda kleift að nýta sér takmarkanir á einkarétti höfundar í II. kafla höfundalaganna. Um sambandið á milli reglna um sniðgöngu tæknilegra ráðstafana og undantekningarákvæðanna í II. kafla höfundalaganna vísast til athugasemda við c-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c).

Reglur b-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b) eiga að stuðla að því að koma í veg fyrir skipulögð og stórfelld höfundaréttarbrot, m.a. vegna ólöglegrar dreifingar tónlistar og kvikmynda, sem eru til þess fallin að valda fjárhagstjóni fyrir listflytjendur og framleiðendur. Litið er á vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem eina mikilvægustu stoðina fyrir höfundarréttarvernd verka á stafrænu formi.

Lagt er til að brot gegn 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b) varði sektum skv. 54. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því að refsinæmi verði bundið við brot framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Um 2. mgr. b-liðar (2. mgr. 50. gr. b).

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar og hefur að geyma bann við ýmsum undirbúningsathöfnum sem geta leitt til þess að tæknilegar ráðstafanir verði sniðgengnar. Hér er um að ræða framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingu til sölu eða leigu, eignarhald í fjárhagslegum tilgangi á búnaði, vörum eða íhlutum er nota má til sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana. Slíkur búnaður getur m.a. verið hugbúnaður. Framangreindar athafnir eru óheimilar í eftirfarandi tilvikum:

- ef búnaðurinn, vörurnar eða íhlutirnir eru markaðssettir til sniðgöngu á skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum,
- ef búnaðurinn, vörurnar eða íhlutirnir hafa takmarkað fjárhagslegt gildi umfram það að nýtast til sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana, og
- ef búnaðurinn, vörurnar eða íhlutirnir eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd eða aðlöguð í því augnamiði að gera kleift eða undirbúa sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana.

Nægilegt er að um sé að tefla brot gegn einu af framangreindum tilvikum til þess að refsiábyrgð í formi sektargreiðslu verði beitt, að því tilskildu að hin huglægu saknæmisskilyrði séu uppfyllt. Af 48. skýringargrein tilskipunarinnar leiðir að bannákvæðin í 2. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. mgr. 50. gr. b) fela ekki í sér skyldu til að hanna búnað, vörur eða íhluti eða veita þjónustu með þeim hætti að þau séu samhæfð hinum tæknilegu ráðstöfunum, svo framarlega sem slíkur búnaður, íhlutir eða þjónusta fellur að öðru leyti ekki undir bannákvæði 2. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. mgr. 50. gr. b). Enn fremur er tiltekið að verndin megi ekki standa í vegi fyrir rannsóknum á sviði dulritunar.

Framangreindar reglur fela ekki í sér að bannað verði að þróa og dreifa frjálsum hugbúnaði (e. „open source“) sem gerir mögulegt að spila og afrita mynddiska og aðra miðla, m.a. vegna þess að slíkur hugbúnaður hefur annan löglegan tilgang en að komast hjá afritunarvörn. Hins vegar er lagt bann við þróun og dreifingu hugbúnaðar sem hefur það eina markmið að komast hjá afritunarvörn sem felst í tæknilegum ráðstöfunum.

Um 3. mgr. b-liðar (3. mgr. 50. gr. b).

Samkvæmt ákvæðinu eiga ákvæði 2. mgr. er fjalla um búnað, vörur og íhluti einnig við um þjónustu. Í því felst að óheimilt er að veita þjónustu sem:

- markaðssett er í því augnamiði að sniðganga skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir,
- hefur aðeins í takmörkuðum mæli annan fjárhagslegan tilgang en sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana, og
- fyrst og fremst er hönnuð, framleidd eða aðlöguð til þess að gera kleift eða undirbúa sniðgöngu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Nægilegt er að brotið felist í einu af þremur framangreindum atriðum til þess að refsiábyrgð skapist. Einstaklingar og fyrirtæki sem bjóða fram aðstoð sína til að sniðganga afritunarvarnir o.fl. geta þannig sætt refsiábyrgð með sama hætti og þeir sem framleiða, markaðssetja o.fl. búnað og vörur sem hafa það að meginmarkmiði að sniðganga skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir. Leiða má líkum að því að sama eigi við þegar einstaklingur gerir aðgengilegar á sinni heimasíðu á netinu leiðbeiningar sem nýta má til þess að sniðganga skilvirkar tæknilegar ráðstafanir.

Um 4. mgr. b-liðar (4. mgr. 50. gr. b).

Í ákvæðinu er kveðið á um að skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir njóti verndar skv. 1. og 2. mgr., svo fremi þeim sé beitt í þeim tilgangi að vernda verk og annað efni sem er háð höfundarétti. Í 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er umfang lögverndarinnar afmarkað með skilgreiningu hugtaksins skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir. Skv. 1. málsl. 3. mgr. 6. tilskipunarinnar merkir „tæknilegar ráðstafanir“ „hvers konar tækni, tæki eða íhluti sem hannaðir eru með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (e. sui generis) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB“.

Samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar teljast tæknilegar ráðstafanir skilvirkar „ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða

annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulritun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn".

Af hálfu menntamálaráðuneytisins er lögð áhersla á að þrátt fyrir vernd tæknilegra ráðstafana verði einstaklingum í sem flestum tilvikum gert kleift að gera eintök til einkaafnota á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laganna. Lagt er til að framleiðendur verka á stafrænu formi hagi afritunarvörnum sínum þannig að þær hindri eða takmarki ólögmæta eintakagerð og þess háttar, jafnframt því sem þær heimili lögmæta notkun samkvæmt undantekningarákvæðum höfundalaganna.

Áhersla er lögð á að heimilt er, að svo miklu leyti sem höfundur hefur ekki lagt við því bann, að gera eintök af hljóm- og mynddiskum til einkanota innan heimilisins. Ef afritunarvörn ef fyrir hendi í upprunaeintaki er óheimilt að fara fram hjá henni í því skyni að gera afrit en vænta má þess að í framtíðinni verði afritunarvörnum þannig hagað að mögulegt verði að gera eitt eða fleiri afrit til einkanota; að því er a.m.k. stefnt með lögum þessum.

Túlka ber 4. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (4. mgr. 50. gr. b) í samræmi við framangreindar skilgreiningar í 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Af því leiðir að til þess að tæknilegar ráðstafanir megi njóta verndar þurfa þær að hafa það að markmiði að hindra eða takmarka aðgerðir sem höfundur eða annar rétthafi hefur ekki heimilað. Það merkir að nota skal hinar tæknilegu ráðstafanir í tengslum við ráðstafanir sem falla undir einkaréttindi höfunda skv. 2. gr. höfundalaga. Í þeim tilvikum sem hinum tæknilegu ráðstöfunum er beitt í þágu verka sem njóta ekki verndar eða annarra hugverka njóta tæknilegar ráðstafanir ekki verndar gegn sniðgöngu og þess háttar aðgerðum á grundvelli b-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b).

Sama regla á við þegar tæknilegum ráðstöfunum er beitt til að hindra eða takmarka athafnir eða notkun sem er óviðkomandi höfundarétti, t.d. þegar vafrað er á netinu.

Sem dæmi um tæknilegar ráðstafanir sem njóta verndar má nefna afritunarvarnir sem felldar eru inn í stafrænt verk og þess háttar (hljómdiska, mynddiska o.fl.) í því augnamiði að koma í veg fyrir eintakagerð án samþykkis rétthafa. Þær tæknilegu ráðstafanir sem tengjast afritunarvörðum hljómdiskum og mynddiskum og falla undir ákvæðið taka eingöngu til tæknilegra ráðstafana upprunaeintaks sem geymir verk eða efni. Auðir tölvudiskar af gerðinni DVD+R sem hafa að geyma tæknilegar ráðstafnir sem koma í veg fyrir að þeir séu nýttir til að afrita efni sem verndað er að höfundarétti falla þannig ekki undir ákvæðið.

Sumar afritunarvarnir kunna að hafa þá eiginleika að heimill fjöldi afrita er takmarkaður, t.d. þannig að einungis er unnt að gera eitt eða tvö afrit. Framangreindar reglur vernda þannig eingöngu þær tæknilegu ráðstafanir sem beinast gegn eða takmarka athafnir er fela í sér brot á höfundarétti, þ.e. gegn óheimilli eintakagerð.

Að því marki sem nauðsynlegt kann að vera að sniðganga tæknilega ráðstöfun, t.d. til að geta nýtt hljóm- eða mynddisk eða netútvarp til einkaafnota, falla slíkar athafnir ekki undir lögvernd tæknilegra ráðstafana. Ákvæði 4. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (4. mgr. 50. gr. b) felur ekki í sér lögvernd fyrir þær tæknilegu ráðstafanir sem útgefandi kann að hafa komið fyrir í t.d. hljómdiski eða mynddiski og varnað geta lögmætum eiganda að njóta hans. Ákvæðinu er ætlað að tryggja lögvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir ólögmæta eintakagerð og dreifingu slíkra eintaka. Þegar svo stendur á að lögmætur eigandi hljómdisks eða mynddisks getur ekki spilað hann kann eigandinn að öðlast rétt til að sniðganga kóta í hljóm- eða mynddiski sem þjónar hlutverki tæknilegrar ráðstöfunar.

Undir slíka heimild félli t.d. sniðganga svæðisskiptingar sem tengist DVD-mynddiskum, sem þjónar því hlutverki einu að skipta veröldinni upp í sex notkunarsvæði (e. region 1-6), með tilheyrandi svæðisstýringu mynddiska og mynddiskaspilara. Tæknilegar ráðstafanir

varðandi svæðisskiptingu njóta ekki verndar að höfundarétti. Slíkar ráðstafanir miða einvörðungu að því að framleiðendur kvikmynda geti markaðssett þær á mismunandi tíma í hverjum heimshluta fyrir sig og selt mynddiska til neytenda á mismunandi verði eftir mörkuðum.

Tæknilegar ráðstafanir, sem hindra eða gera erfiðara um vik t.d. afspilun og afritun hljómdiska eða mynddiska í einkaafnotum, falla enn fremur ekki undir vernd tæknilegra ráðstafana. Það á t.d. við um tæknilegar ráðstafanir sem valda því endurmiðlun hljóm- eða mynddisks verður aðeins möguleg í tölvu með tilteknu stýrikerfi en ekki t.d. í tölvu með svonefndu „opnu" stýrikerfi (e. „open source"). Það er því undir rétthöfunum komið að tryggja það að unnt verði að endurmiðla efni af afritunarvörðum hljóm- og mynddiskum í tölvum með „opnu" stýrikerfi og að koma þannig í veg fyrir að notendur þurfi að „brjóta upp" kótann til að endurmiðla tónlist eða kvikmynd á slíkum tölvum notenda.

Hins vegar verður talið að sniðganga tæknilegra ráðstafana á afritunarvörðum hljómdiski í þeim tilgangi einum að afrita efni hans yfir á MP3 spilara eða tölvu, þ.e. að gera eintak á *.mp3, *.wav, *.wma eða *.ogg sniði, sé óheimil sniðganga og feli þar með í sér brot gegn 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b).

Ráðstafanir sem fela í sér aðgangsstjórnun að verkum og annað þess háttar falla undir b-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b) ef markmið þeirra er að hindra eða takmarka afritun eða aðrar athafnir sem háðar eru höfundarétti. Gera verður þó þann fyrirvara að nánari afmörkun verndar hinna tæknilegu ráðstafana heyrir endanlega undir EFTA-dómstólinn en jafnframt munu úrlausnir Evrópudómstólsins hafa ákveðið fordæmisgildi fyrir EES/EFTA-ríkin að þessu leyti. Rétt þykir að benda á að skv. 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er ekki öllum tæknilegum ráðstöfunum veitt lögvernd eftir ákvæðinu, heldur aðeins þeim sem teljast „skilvirkar". Afritunarvarnir og þess háttar, sem felldar eru inn í verk á stafrænu formi, skulu þannig fullnægja verndartilgangi ákvæðisins. Þær tæknilegu ráðstafanir sem hindra í raun ekki athafnir sem háðar eru einkarétti höfunda teldust ekki fullnægjandi og nytu þar með ekki verndar á grundvelli ákvæðisins.

Um 5. mgr. b-liðar (5. mgr. 50. gr. b).

Um skýringu á 5. mgr. b-liðar 12. gr. (5. mgr. 50. gr. b) er vísað til athugasemda við a-lið 12. gr. (50. gr. a) hér að framan.

Um 6. mgr. b-liðar (6. mgr. 50. gr. b).

Í 6. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (6. mgr. 50. gr. b) er tekið fram að vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1.–4. mgr. ákvæðisins standi því ekki í vegi að gerðar séu rannsóknir á dulritun. Með hugtakinu „dulritun" er átt við hvers konar gögn og upplýsingar á stafrænu formi sem varin eru með reikniriti (algórithma) þannig að úr verður dulmál.

Um c-lið (50. gr. c).

Ákvæði tilskipunarinnar – lögmæt sniðganga tæknilegra ráðstafana.

Skv. 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undanþágu eða takmörkun, sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr., kost á að nýta þessa undanþágu eða takmörkun í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að nýta undanþáguna eða takmörkunina, að því tilskildu að sá sem nýtir hana hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni. Þetta á við, þrátt fyrir lögvernd skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, þegar rétthafar hafa ekki gripið til valfrjálsra ráðstafana, svo sem samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, til að veita aðilum sem rétt eiga á að nýta sér undanþágu eða takmörkun.

Í 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar segir enn fremur að aðildarríkjunum sé heimilt að gera nefndar ráðstafanir með tilliti til undanþágu eða takmörkunar sem kveðið er á um í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar nema rétthafi hafi þegar gert eftirgerð til einkanota mögulega að því marki sem nauðsynlegt er til að nýta viðkomandi undanþágu eða takmörkun og í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. en án þess að koma í veg fyrir að rétthafar beiti fullnægjandi ráðstöfunum að því er varðar fjölda eftirgerða í samræmi við þessi ákvæði.

Tæknilegar ráðstafanir sem rétthafar beita af frjálsum vilja, þar á meðal ráðstafanir vegna framkvæmdar valfrjálsra samninga, og tæknilegar ráðstafanir vegna framkvæmdar ráðstafana sem aðildarríkin hafa gripið til skulu njóta lögverndar skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar ber rétthöfum að tryggja eftir því sem unnt er að verka þeirra og annars efnis verði notið af ólíkum notendum, á grundvelli hinna lögbundnu undantekninga. Hvað varðar íslensku höfundalögin hefur 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar þannig þýðingu fyrir eftirtaldar undantekningar í II. kafla laganna:

- 12. gr.,
- 1. mgr. 14. gr.,
- 1. mgr. 17. gr. að því er kennslu varðar,
- 18. gr. 1. og 2. mgr. um framleiðslu kennslueintaka,
- 1. tölul. 1. mgr. 21. gr.,
- 5. mgr. 23. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum jafnframt samhliða skylt að gera viðeigandi ráðstafanir þar sem ekki næst samningar milli hlutaðeigandi aðila. Til þess að tryggja ásættanlega lausn á ágreiningi sem upp kann að koma á þessu sviði þykir rétt að gefa hvorum/hverjum aðila um sig færi á því að vísa mögulegum ágreiningi til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. höfundalaga. Nefndin er óháð þriggja manna úrskurðarnefnd sem menntamálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd tilnefnir og felur niðurstaða hennar í sér endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um störf nefndarinnar gildir reglugerð nr. 97/1996.

Í niðurlagi 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar kemur fram að ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar gilda ekki um verk eða annað efni sem gert er aðgengilegt almenningi samkvæmt samningsskilmálum á þann hátt að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

Loks er tekið fram að við beitingu 6. gr. með skírskotun til tilskipana 92/100/EBE og 96/9/EB gildi 4. mgr. hennar að breyttu breytanda.

Ákvæði c-liðar 12. gr.

Ákvæðið er nýmæli og felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar sem varðar sambandið á milli bannákvæða og 4. mgr. 6. gr. gegn því að skilvirkar tæknilegar ráðstafanir séu sniðgengnar og ýmissa undantekninga frá einkaréttinum. Í samræmi við 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b), sem felur í sér lögfestingu á 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, er sérhver sniðganga eða brottnám afritunarvarna og þess háttar óheimil, óháð tilgangi, án samþykkis rétthafa. Þannig getur hin nýja tækni komið rétthöfum til hjálpar við að vernda verk sín og annað efni gegn óheimilli nýtingu. Á móti getur slík tækni staðið því í vegi að notendur geti nýtt sér takmarkanir á einkarétti höfunda skv. II. kafla höfundalaganna, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar, en þar er ráð fyrir því gert að tilteknar athafnir séu heimilar án þess að fyrir liggi samþykki rétthafa. Á þetta m.a. við um undantekningar í þágu sjón- og heyrnarskertra, menntastofnana, almenningsbókasafna o.fl. Sameiginlegt með þessum undantekningum er að þær taka tillit til annars vegar hagsmuna rétthafa og hins vegar hagsmuna

hins opinbera til óhindraðrar nýtingar á höfundarréttarvernduðu efni. Af samhenginu á milli þessara tvenns konar hagsmuna leiðir að rétthafar geta ekki einhliða vikið til hliðar undantekningarákvæðunum í II. kafla höfundalaganna, heldur þarf slíkt að eiga sér stað með gagnkvæmum samningi rétthafa og hagsmunaaðila.

Um 1. mgr. c-liðar (1. mgr. 50. gr. c).

Samkvæmt 1. mgr. c-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. c) getur úrskurðarnefndin eftir kröfu notanda gert rétthafa að veita notanda úrræði til fá aðgang, þrátt fyrir skilvirkar tæknilegar ráðstafanir, svo að notandinn eða tilteknir notendahópar megi nýta sér heimildir sínar á grundvelli ákvæðanna í 12. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr. að því er kennslu varðar, 1.–4. mgr. 19. gr., 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Nefndin getur í því sambandi kveðið á um skilmála fyrir nýtingunni, þ.m.t. að rétthafar leggi til eintak á stafrænu eða hliðrænu formi sem ekki hefur að geyma afritunarvörn eða þess háttar búnað. Á hinn bóginn getur nefndin lagt fyrir rétthafana að afhenda kóta, lykla, afbrenglunarbúnað og þess háttar til viðkomandi notenda. Við úrlausn sína getur nefndin m.a. lagt mat á hvort raunverulegar samningaumleitanir hafi farið fram á milli rétthafa og viðkomandi notenda. Nefndinni ber jafnframt að taka tillit til hins svonefnda þriggja þrepa skilyrðis í 5. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sem kveður svo á að takmarkanir á einkarétti megi aðeins leggja á í sérstökum tilvikum, þær megi ekki stríða gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og þær megi ekki með ósanngjörnum hætti leiða til skerðinar á lögmætum hagsmunum rétthafa. Á móti hafa rétthafarnir rétt til þess, að svo miklu leyti sem ákvörðun nefndarinnar veitir þeim svigrúm, að beita öðrum tæknilegum ráðstöfunum sem til að mynda takmarka fjölda afritaðra eintaka sem notanda er heimilt að framkalla á grundvelli undantekningarreglu. Forræði nefndarinnar nær til allra verka og annars efnis, án tillits til þess hvort heimilisfesti rétthafans er hérlendis, í öðru EES-ríki eða ríki utan EES. Er það í samræmi við almenna reglu höfundalaganna að þau taki til allra tilvika á íslensku yfirráðasvæði. Á þeim grundvelli er þannig unnt að beita c-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c) um tilvik þar sem notandi nýtur undantekningarregla á íslensku yfirráðasvæði. Ákvarðanir nefndarinnar eru því bindandi fyrir alla rétthafa án tillits til tengsla þeirra við Ísland. Skv. 2. málsl. 1. mgr. c-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. málsl. 1. mgr. 50. gr. c) getur sá notandi sem fengið hefur úrlausn hjá nefndinni sniðgengið sjálfur tæknilega ráðstöfun ef rétthafinn hefur ekki veitt honum aðgang innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar. Um slíka heimild vísast til 51. skýringargreinar tilskipunarinnar þar sem fram kemur að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að rétthafar, með því að breyta tæknilegri ráðstöfun sem hefur verið gerð eða með öðrum hætti, veiti þeim sem eiga rétt á slíkum undanþágum eða takmörkunum viðeigandi tækifæri til að nýta þær. Almenn forsenda fyrir úrlausnarhæfi nefndarinnar er að þeir notendur sem bera fyrir sig undantekningu hafi lögmætan aðgang að þeim verkum og öðru efni sem fyrirhugað er að nýta á grundvelli undantekningarinnar. Í því felst t.d. að notandinn hafi á lögmætan hátt keypt eintak verks eða samið um aðgang að verki t.d. í formi heildarleyfis (samningskvaðar). Hins vegar má gera ráð fyrir því að í heildarleyfum (samningskvöðum), áskriftarsamningum og þess háttar sé mælt fyrir um rétt einstakra notenda gagnvart tæknilegum ráðstöfunum sem beitt verður til að takmarka gerð eintaka. Ákvæði 1. mgr. c-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. c) verður ekki beitt þegar kveðið er á um beitingu undantekninga í samningi. Taka ber fram að unnt er að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dómstóla. Í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar frestar málshöfðun ekki framkvæmd á ákvörðun nefndarinnar.

Ákvæði c-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c) tekur ekki til undantekninga í 11. gr. höfundalaga um eintakagerð til einkanota. Skv. 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, sbr. skýringar-

grein nr. 52, eru aðildarríkin ekki skyld til að innleiða ráðstafanir gagnvart rétthöfunum þegar um er að tefla heimildina til eintakagerðar til einkanota. Við samningu frumvarps þessa hefur komið til álita hvort veita eigi úrskurðarnefnd skv. 57. gr. heimild, hvað varðar 11. gr. laganna um eintakagerð til einkanota, til að mæla fyrir um að rétthafar veiti einstaklingum aðgang að verkum sínum og öðru efni. Er það einkanlega í því ljósi að rétthafar hafa í töluverðum mæli tekið upp tæknilegar ráðstafanir til að vernda verk sín og annað efni gegn óheimilli afritun o.fl. þess háttar. Markmið 6. gr. tilskipunarinnar er að hvetja rétthafana til að beita tæknilegum ráðstöfunum sem komið geta í veg fyrir afritun stafrænna verka. Það er álit menntamálaráðuneytisins að þessum tilgangi verði ekki náð ef almennt verður lagt fyrir rétthafana að fjarlægja afritunarvarnir á verkum þeirra. Sú staða að rétthöfunum verði gert að veita einstaklingum sem þess óska aðgang að verkum sínum á stafrænu formi í því skyni að gera stafrænt eintak til eigin nota getur hæglega unnið gegn markaðssetningu slíkra verka, jafnframt því að hindra stjórnun hinnar ólöglegu stafrænu eintakagerðar. Á sama tíma gæti lögþvingaður afritunarréttur unnið gegn útbreiðslu tæknilegra ráðstafana og þróun þeirra. Með tilliti til þessara sjónarmiða telur menntamálaráðuneytið útilokað að fallast á tillögur í framangreinda veru. Með hliðsjón af eðli hinna nýju reglna um tæknilegar ráðstafanir o.fl. er talið nægilegt að fylgjast með þróuninni á því sviði þannig að ákvæðin verði endurskoðuð síðar í ljósi fenginnar reynslu.

Um 2. mgr. c-liðar (2. mgr. 50. gr. c).

ar tilskipunarinnar en í frumvarpinu er rætt um „sniðgöngu“ tæknilegra ráðstafana í b-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b). Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar er notað hugtakið „að rápa“ um þá athöfn að framkalla heimasíður og annað efni á netinu í vafra í tölvu. Í frumvarpinu er hugtakið „að vafra“ um þessa athöfn. Í tilskipuninni eru ýmis hugtök notuð um notkun sem fer fram í fjárhagslegum tilgangi við afmörkun undantekninga og takmarkana á einkarétti höfunda skv. 2. og 3. mgr. 5. gr., t.d. „efnahagslegt vægi“, „efnahagslegur eða viðskiptalegur ávinningur“, „í hagnaðarskyni“ og „viðskiptalegt eðli“. Í frumvarpinu er hins vegar notað hugtakið „fjárhagslegur tilgangur“ um framangreint og telst það fela í sér allt framangreint.

1. gr. tilskipunarinnar, sem fjallar um gildissvæði og samhengi við aðrar tilskipanir á sviði höfundaréttar gefur ekki tilefni til breytinga á höfundalögum.

2. gr. tilskipunarinnar um einkarétt höfunda til eftirgerðar felur í sér að bein eða óbein, tímabundin eða varanleg gerð eintaks af verki, í heild eða af hluta þess, með hvaða aðferðum sem er og í hvaða formi sem er fellur undir einkaréttindi höfundar. Sambærilegt ákvæði í 1. mgr. 2. gr. gildandi laga hefur ekki að geyma svo víðtæka skilgreiningu á einkarétti höfundar til eintakagerðar en hefur þó verið túlkað svo að það feli í sér öll þau réttindi sem talin eru upp í 2. gr. tilskipunarinnar. Af hálfu menntamálaráðuneytisins er lagt til að ekki verði gerðar breytingar á 1. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. gildandi laga af þessu tilefni, heldur verði lagt mat á þetta atriði við heildarendurskoðun höfundalaga. Að því er varðar listflytjendur og framleiðendur hljóð- og myndrita, ásamt útvarpsfyrirtækjum, hafa þeir sambærileg réttindi skv. 2. gr. tilskipunarinnar. Um einkarétt þessara aðila til eftirgerðar hljóðrita, myndrita o.fl. fer eftir 3. mgr. 45. gr. laganna.

1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar fjallar um opinberan flutning, þ.e. einkaréttinn til miðlunar verks til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal þegar það er sent út í útvarpi og þegar það er gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs. Þessu ákvæði tilskipunarinnar er ætlað að taka af allan vafa um einkarétt höfunda til miðlunar verka sinna á netinu. Að mati menntamálaráðuneytisins er skilgreining hugtaksins birting í 3. mgr. 2. gr. gildandi laga svo víðtæk að hún er til þess fallin að fela í sér réttinn til að miðla verki til almennings, þ.m.t. að gera verk aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs (e. on-demand). Af þessum sökum er lagt til að ekki verði gerðar breytingar á 3. mgr. 2. gr. laganna vegna tilskipunarinnar, heldur verði fjallað um þörf á breytingum við heildarendurskoðun höfundalaga.

2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, sem fjallar um einkarétt flytjenda, framleiðenda hljóð- og myndrita og útvarpsfyrirtækja til að gera efni aðgengilegt almenningi, er í höfuðatriðum í samræmi við gildandi rétt. Þó er talið nauðsynlegt að gera breytingar á 1. mgr. 47. gr. gildandi laga þannig að tekið sé fram að listflytjendur og framleiðendur hljóðrita eigi óskilyrtan einkarétt á því að gera hljóðrit aðgengileg með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að hljóðriti á þeim stað og þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs (e. on-demand). Enn fremur mun 3. mgr. 45. gr. gildandi laga tryggja að rétthafar svonefndra skyldra réttinda muni njóta sambærilegs réttar og höfundar á einkarétti til opinbers flutnings skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga. Í a-lið 2. gr. WPPT-sáttmálans kemur fram að listflytjendur skuli njóta verndar vegna opinbers flutnings bókmenntaverka eða listaverka eða tjáningar þjóðmenningarlegs efnis (e. expressions of folklore/traditional cultural expressions). Að mati menntamálaráðuneytisins samsvarar þetta gildandi lögum. Almennt verður talið að þjóðmenning falli undir hugtökin bókmenntaverk og listaverk. Hins vegar er talið rétt að taka upp tilvísun til þjóðmenningarlegs efnis í 5. mgr. 45. gr. höfundalaga til að taka af allan vafa um vernd þess að höfundarétti.

1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um einkarétt til dreifingar á eintökum verks til almennings með sölu eða öðrum hætti samsvarar hinum almenna dreifingarrétti skv. 2. mgr. 2. gr. í gildandi höfundalögum. Lagt er til í frumvarpinu að gerð verði breyting á 1. mgr. 24. gr. laganna til innleiðingar á ákvæði 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um tæmingu dreifingarréttarins innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), sbr. 6. gr. frumvarpsins. Eftirleiðis getur frjáls dreifing verka, svo sem hljómdiska og bóka, aðeins farið fram ef fyrsta sala innan EES er gerð með samþykki rétthafa. 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér skyldubundna undantekningu vegna tímabundinna eintaka sem eru skammvinn eða tilfallandi, sem eru órjúfanlegur hluti af tæknilegu ferli og hafa eingöngu þann tilgang að gera annaðhvort mögulega sendingu af hálfu milliliðar í neti á milli þriðju aðila eða löglega notkun á verki eða öðru efni sem hefur ekki sjálfstæða efnahagslega þýðingu. Lagt er til að undantekningin verði lögfest með í nýju ákvæði í 1. mgr. 10. gr. a, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

A-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi eintakagerð á pappír eða með ljósmyndatækni eða annarri sambærilegri aðferð. Samkvæmt gildandi lögum er engin sambærileg undantekning fyrir eintakagerð í stofnunum og fyrirtækjum þar sem slík eintakagerð fellur undir ákvæði laganna um heildarleyfi (samningskvaðir). Af 18. skýringargrein tilskipunarinnar leiðir að ekki er litið á heildarleyfi (samningskvaðir) sem undantekningu frá einkarétti höfunda, heldur er það fyrirkomulag um stjórnun réttinda.

B-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu vegna eintakagerðar sem gerð er af einstaklingi til einkanota og til notkunar sem hvorki telst beint né óbeint vera í atvinnuskyni, að því gefnu að rétthafarnir fái sanngjarnar bætur í þess stað. Af þeirri takmörkun ákvæðisins að notkun sé ekki í atvinnuskyni er lagt til að gildandi ákvæði 1. mgr. 11. gr. höfundalaga verði framvegis takmörkuð við eintakagerð vegna notkunar sem ekki er í fjárhagslegum tilgangi, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Krafa tilskipunarinnar um að rétthafar fái sanngjarnar bætur telst vera uppfyllt með 3. og 4. mgr. 11. gr. gildandi laga.

B-liður 2. mgr. 5. gr. heimilar jafnframt að aðstoð verði fengin við eintakagerðina. B-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar tekur ekki til lögaðila. Ákvæðið varðar 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna og gefur ekki tilefni til breytinga á því.

C-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi eintakagerð sem fram fer á opinberum bókasöfnum eða söfnum eða skjalasöfnum og sem ekki fer fram beint eða óbeint í viðskiptalegum tilgangi. Ákvæðið veitir heimild til að útfæra nánar ákvæði 12. gr. gildandi höfundalaga. Lagt er til að 12. gr. verði löguð að tilskipuninni þannig heimildin verði bundin við eintakagerð sem ekki fer fram í fjárhagslegum tilgangi, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Áhersla er lögð á að reglugerð um framangreinda heimild safna hefur ekki verið sett og brýnt er að bæta úr því verði frumvarpið að lögum.

Í c-lið 2. mgr. 5. mgr. tilskipunarinnar er jafnframt talin felast heimild til varðveislu útvarps- og sjónvarpsútsendinga eins og mælt er fyrir um í 10. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 20/2002.

D-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi bráðabirgðaupptöku á hljóð- og myndrit til eigin nota og er sú heimild í samræmi við 5. mgr. 23. gr. höfundalaga.

E-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi heimild félagslegra stofnana, svo sem fangelsa og sjúkrahúsa, til að taka upp útvarps- og sjónvarpsútsendingar gegn því að rétthafar fái sanngjarnar bætur og að slík upptaka fari ekki fram í hagnaðarskyni. Ekki er lagt til í frumvarpinu að sambærileg heimild verði tekin upp í höfundalög.

A-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu vegna kennslu og vísindarannsókna. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar sem er þegar í 1. og 2. mgr. 14. gr. Lagt er til að heimild 2. mgr. 14. verði framvegis bundin við að notkun sé ekki í viðskiptalegum tilgangi, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

B-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu verka og annars efnis í þágu fatlaðra. Ákvæðið veitir heimild fyrir framhaldi sambærilegs ákvæðis og nú er í 19. gr. laganna, er veitir heimild til útgáfu bókmenntaverka og tónverka á blindraletri, ásamt heimild til notkunar slíkra verka í heyrnleysingaskólum. Samkvæmt tilskipuninni eru undantekningar í þágu fatlaðra háðar því skilyrði að ekki sé um að ræða notkun í atvinnuskyni.

C-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun verka og annars efnis í tengslum við umfjöllun og frásögn í fréttum af atburðum líðandi stundar. Tilskipunin veitir heimild fyrir framhaldi sambærilegs ákvæðis í 2. mgr. 15. gr. laganna.

D-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi heimild til tilvitnunar vegna gagnrýni eða ritdóma að því tilskildu að þeir tengist verki eða öðru efni sem gert hefur verið aðgengilegt almenningi á löglegan hátt og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar. Sambærilega heimild er að finna í 1. mgr. 14. gr. höfundalaga og ekki er talið tilefni til breytinga á því ákvæði.

E-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða dómstólum. Ákvæðið heimilar framhald sambærilegs ákvæðis í 22. gr. a í gildandi lögum.

F-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun á pólitískum ræðum og útdráttum úr opinberum fyrirlestrum eða svipuðum verkum eða efni, að því marki sem talið er eðlilegt í upplýsingaskyni. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 22. gr. gildandi laga varðandi endurmiðlun umræðna á opinberum vettvangi í 1. mgr. og umræðna m.a. í útvarpi í 2. mgr. Í 3. mgr. 22. gr. höfundalaga er þó tekið fram að höfundur eigi einkarétt á að gefa út safn af framlagi sjálfs sín til umræðna og þeim gögnum er hann hefur þar lagt fram.

G-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu vegna hagnýtingar verka og annars efnis í tengslum við trúarathafnir eða opinberar athafnir. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 2., 3. og 4. tölul. 21. gr. gildandi laga um opinberan flutning í tengslum við góðgerðarsamkomur, mannfundi og samkomur sem ekki fara fram í atvinnuskyni og guðsþjónustur.

H-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu höggmynda, bygginga o.fl. verka sem eru staðsett á opinberum stöðum. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 16. gr. gildandi laga varðandi myndbirtingu af byggingum og listaverkum.

I-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu vegna tilfallandi hlutdeildar birts verks í verki eða öðru efni. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 15. gr. gildandi laga um sambærileg atriði.

J-liður 3. mgr. 5. gr. felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu listaverka í því skyni að flytja fréttir af opinberri sýningu eða listmunauppboði. Sambærilega undantekningu er að finna í 2. og 3. mgr. 14. gr. gildandi laga. Ákvæði tilskipunarinnar tekur einnig til sýningarskráa listaverkasýninga þar sem slíkum skrám er ætlað að kynna sýningar eða einstök listaverk sem þar kunna að vera til sölu. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 24. gr. gildandi laga má

ætla að það ákvæði taki einnig til bæklinga um listaverkasöfn. Af athugasemdum í því lagafrumvarpi sem varð að lögum nr. 73/1972 er þó ljóst að hér er átt við skrár sem gefnar eru út og seldar í tilefni að uppsetningu sýningar. Eftir hljóðan j-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er ekki heimilt að nota framangreindar skrár í öðrum viðskiptalegum tilgangi en þeim er varðar kynningu atburðar. Af þeirri ástæðu er lögð til sú breyting á 2. mgr. 14. gr. að ekki sé um viðskiptalegan tilgang að ræða, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Á það er að líta að í athugasemdum með sambærilegu ákvæði dönsku höfundalaganna er á það bent að stilla beri upplagi kynningarefnis í hóf þannig að það nýtist eingöngu til kynningar viðkomandi atburðar.

K-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu verka og annars efnis vegna skopmynda, skopstælingar og annarrar stælingar. Sambærileg undantekning er ekki í gildandi lögum og ekki er lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í þau.

I-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun verka eða annars efnis í tengslum við sýningu eða viðgerð á búnaði. Sambærileg undantekning er ekki í gildandi lögum og ekki er lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í þau.

M-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun listaverks í formi byggingar eða teikningar eða uppdráttar af byggingu í því skyni að endurgera bygginguna. Ákvæðið heimilar framhald sambærilegrar heimildar í 16. gr. gildandi laga.

N-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi miðlun verka eða annars efnis í söfnum til almennings eða að þau verði gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með þar til gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna, enda falli verkin og efnið ekki undir kaup eða nytjaleyfisskilmála. Ekki er lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í höfundalög.

O-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálst uppsöfnunarákvæði sem veitir aðildarlöndunum heimilt til að við halda gildandi undantekningum að landsrétti, sem hafa minni háttar þýðingu, svo framarlega að um sé að ræða hliðræna nýtingu sem ekki hefur áhrif á vöru- og þjónustufrelsi á innri markaðinum. Ákvæðið veitir heimild til að hafa áfram í lögum ákvæði 1. mgr. 20. gr. gildandi laga um opinberan flutning söngtexta fyrir áheyrendur á hljómleikum.

Í *4. mgr. 5. gr.* tilskipunarinnar er tekið fram að þeim tilvikum sem aðildarríkjunum sé heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna réttar til eftirgerðar skv. 2. og 3. mgr. sé þeim á sama hátt heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna dreifingarréttar, eins og kveðið sé á um í 4. gr. að því marki sem réttlætanlegt sé miðað við tilganginn með hinni leyfilegu eftirgerð. Gildandi höfundalög hafa ekki að geyma skýrar undantekningar af þessum toga en almennt er viðurkennt að undantekningar frá einkaréttinum til eintakagerðar í II. kafla laganna feli jafnframt í sér undantekningu frá dreifingarréttinum að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn með undantekningunni.

Í *5. mgr. 5. gr.* tilskipunarinnar er ákvæði um svonefnt þriggja þrepa skilyrði sem beita ber við útfærslu undantekninga og takmarkana á einkarétti höfunda og annarra rétthafa. Þegar hefur verið gerð grein fyrir þriggja þrepa reglunni í almennum athugasemdum við frumvarp þetta. Ekki er talið nauðsynlegt að lögfesta regluna í höfundalög.

Í *6. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um réttarvernd tæknilegra ráðstafana sem lagt er til að verði lögfestar sem nýr kafli í höfundalögum, V. kafli A, 50. gr. a – 50. gr. d, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Í *7. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um réttarvernd rafrænna upplýsinga um réttindaumsýslu sem lagt er til að verði lögfest í c-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c).

Í *1. og 2. mgr. 8. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um viðurlög og úrræði gegn brotum sem teljast vera uppfyllt með 54. og 55. gr. höfundalaga, auk bótareglu í 56. gr. laganna. Lagt er til að brot gegn ákvæðum í nýjum kafla, V. kafla A, verði bætt við í upptalningu 5. tölul. 2. mgr. 54. gr., sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Í *3. mgr. 8. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um það úrræði rétthafa að fá lagt lögbann gegn þjónustu sem milliliður veitir þriðja manni og kann að fela í sér brot á höfundarétti. Ákvæðið telst þegar uppfyllt með úrræðum sem fram koma í V. kafla laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, sbr. IV. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 31/1990. Af 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem verður 10. gr. a í lögunum, mun leiða að tiltekin tilfallandi tæknileg eintök birtra verka, sem verða til fyrir sendingu gagna af hálfu milliliðar í neti á milli þriðju aðila, verða framvegis lögleg eintök.

Í *9. gr.* tilskipunarinnar kemur fram að henni sé ekki ætlað að hafa áhrif á ákvæði á öðrum réttarsviðum, þ.m.t. landsreglur um skylduskil safna, aðgang að opinberum upplýsingum o.fl.

Í *10. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um tímafrest aðildarlanda EB til innleiðingar ákvæða hennar í landslög. Ákvæðið hefur ekki áhrif á innleiðingu tilskipunarinnar hér landi, sbr. almennar athugasemdir með lagafrumvarpi þessu.

1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar um tæknilega aðlögun gefur ekki tilefni til lagabreytinga hér á landi.

Í *2. mgr. 11. gr.* tilskipunarinnar um er mælt fyrir um breytingu á útreikningi verndartíma hljóðrita skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/98/EBE.

Ákvæði *12.–15. gr.* tilskipunarinnar um innleiðingu og gildistöku gefa ekki tilefni til breytinga á gildandi lögum.

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/29/EB

frá 22. maí 2001

um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sáttmálinn kveður á um stofnun innri markaðar og innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Samræming

[1] Stjtíð. EB C 108, 7.4.1998, bls. 6 og áfram. Stjtíð. EB C 180, 25.6.1999, bls. 6.

[2] Stjtíð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 30.

[3] Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 171), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. september 2000 (Stjtíð. EB C 344, 1.12.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 9. apríl 2001.

laga aðildarríkjanna um höfundarétt og skyld réttindi stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

2) Á fundi sínum á Korfu, dagana 24. og 25. júní 1994, lagði leiðtogaráðið áherslu á nauðsyn þess að móta almennan og sveigjanlegan lagaramma á vettvangi bandalagsins með það fyrir augum að stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins í Evrópu. Ein af forsendum þessa er að fyrir hendi sé innri markaður fyrir nýjar vörur og þjónustu. Mikilvæg bandalagslöggjöf til að tryggja slíkan lagaramma hefur þegar verið sett eða er í þann mund að verða samþykkt. Höfundaréttur og skyld réttindi gegna veigamiklu hlutverki í þessu samhengi þar eð þau vernda og ýta undir þróun og markaðssetningu nýrra vara og þjónustu sem og sköpun og hagnýtingu frumlegs inntaks þeirra.

3) Fyrirhuguð samræming greiðir fyrir því að fjórfrelsi innri markaðarins verði komið á og tengist því að farið sé að meginreglum laga og þá sérstaklega að því er varðar eignarrétt, þar á meðal á hugverkum, tjáningarfrelsi og almannaheill.

4) Samræmdur lagarammi um höfundarétt og skyld réttindi mun, í krafti aukins réttaröryggis og víðtækrar hugverkaverndar, ýta undir verulegar fjárfestingar í hugviti og nýsköpun, þar á meðal í netgrunnvirkjum, og hafa í för með sér vöxt og aukna samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, bæði á sviði efnisframboðs og upplýsingatækni og almennt á ýmsum sviðum iðnaðar og menningar. Þetta mun tryggja atvinnu og hvetja til sköpunar nýrra starfa.

5) Tækniþróunin hefur margfaldað og aukið fjölbreytni þeirra þátta sem stuðla að sköpun, framleiðslu og hagnýtingu. Þótt ekki sé þörf á nýjum hugtökum er varða vernd hugverka er rétt að aðlaga og auka við gildandi lög um höfundarétt og skyld réttindi til að þau samsvari á fullnægjandi hátt hinum efnahagslega veruleika, svo sem nýjum formum hagnýtingar.

6) Án samhæfingar innan bandalagsins gæti lagasetning á innlendum vettvangi, en hún er þegar hafin í mörgum aðildarríkjanna til að koma til móts við þróun tækninnar, leitt til verulegs munar á réttarvernd og takmarkað þar með frjálsa þjónustustarfsemi og völuflutninga sem fela í sér hugverk eða byggjast á hugverki en það gæti aftur leitt til skiptingar innri markaðarins og ósamræmis í lagasetningu. Áhrif þessa lagaósamræmis og réttaróvissu verða veigameiri eftir því sem upplýsingasamfélagið þróast en sú þróun hefur þegar aukið að mun hagnýtingu hugverka yfir landamæri. Þessi þróun heldur áfram og er ástæða til að efla hana. Veigamikill munur á löggjöf og óvissa í réttarvernd getur komið í veg fyrir að unnt sé að nýta hagkvæmni stórreksturs að því er varðar nýjar vörur og þjónustu með inntaki sem heyrir undir höfundarétt og skyld réttindi.

7) Því verður að aðlaga og auka við lagaramma bandalagsins um vernd höfundaréttar og skyldra réttinda í þeim mæli sem nauðsynlegt er fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Í þessu skyni er því rétt að breyta þeim ákvæðum landslaga um höfundarétt og skyld réttindi sem eru mjög ólík milli aðildarríkja eða valda réttaróvissu sem hindrar snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Evrópu og forðast ber ósamræmi í því hvernig aðildarríkin bregðast við þróun tækninnar en hins vegar er ekki ástæða til að afnema eða koma í veg fyrir þann mun sem hefur ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins.

8) Mismunandi félagslegir, samfélagslegir og menningarlegir þættir upplýsingasamfélagsins útheimta að tekið sé mið af sérkennum í inntaki vara og þjónustu.

9) Öll samræming höfundaréttar og skyldra réttinda verður að byggjast á víðtækri vernd þar eð slík réttindi eru afar mikilvæg fyrir sköpun hugverka. Vernd þeirra stuðlar að því að tryggja framhald og þróun sköpunarstarfs en það kemur höfundum, listflytjendum, framleiðendum, neytendum, menningarstarfsemi, iðnaði og öllum almenningi til góða. Hugverkaréttur hefur því verið viðurkenndur sem órjúfanlegur hluti eignarréttar.

10) Eigi höfundar og listflytjendur að halda áfram skapandi og listrænu starfi sínu verða þeir að fá viðeigandi þóknun fyrir afnot af verkum sínum og sama máli gegnir um framleiðendur til að þeir geti fjármagnað þetta starf. Verulegrar fjárfestingar er þörf við framleiðslu á vörum, eins og hljóðritum, kvikmyndum eða margmiðlunarvörum, og við þjónustu eins og pöntunarþjónustu. Fullnægjandi lögvernd hugverkaréttinda er nauðsynleg til að tryggja slíka þóknun og gefa kost á viðunandi arði af fjárfestingunum.

11) Nákvæmt, skilvirkt kerfi til að vernda höfundarétt og skyld réttindi er ein helsta leiðin til að

tryggja að sköpun og framleiðsla menningarverka í Evrópu fái nægilegt fjármagn og til að standa vörð um sjálfstæði og reisn listrænna höfunda og listflytjenda.

12) Einnig er mjög mikilvægt frá menningarlegu sjónarmiði að vernda á fullnægjandi hátt verk, sem njóta höfundaréttar, og efni sem nýtur skyldrar verndar. Skv. 151. gr. sáttmálans skal bandalagið í aðgerðum sínum taka tillit til menningarlegra þátta.

13) Það hefur grundvallarþýðingu að leitað sé í sameiningu að tæknilegum ráðstöfunum sem beitt skal á samræmdan hátt á evrópskum vettvangi og miða að því að vernda verk og annað efni og tryggja nauðsynlegar upplýsingar um réttindi á þessu sviði, svo fremi að lokamarkmiðið með þessum ráðstöfunum sé að tryggja raunverulega framkvæmd þeirra meginreglna og ábyrgða sem mælt er fyrir um í lögunum.

14) Með þessari tilskipun er stefnt að því að efla menntun og menningu með því að vernda verk og annað efni en gefa um leið kost á undanþágum eða takmörkunum í þágu almennings með nám og kennslu fyrir augum.

15) Á ráðstefnu sendierindreka, sem haldin var á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í desember 1996, voru samþykktir tveir nýir samningar: samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarétt og samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðritun og fjallar sá fyrri um vernd höfunda og sá seinni um vernd listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Í sáttmálum þessum er vernd höfundaréttar og skyldra réttinda uppfærð umtalsvert, ekki síst að því er varðar hina svokölluðu stafrænu verkaskrá, auk þess sem gefinn er kostur á fleiri úrræðum til að berjast gegn stuldi á vernduðu efni um heim allan. Bandalagið og meirihluti aðildarríkjanna hafa þegar undirritað sáttmálana og hafið undirbúning að fullgildingu þeirra. Tilskipunin miðar einnig að því að koma í framkvæmd ýmsum nýjum, alþjóðlegum skuldbindingum.

16) Skaðabótaskylda fyrir starfsemi í netumhverfi varðar ekki einungis höfundarétt og skyld réttindi heldur einnig önnur málefni, svo sem ærumeiðingar, villandi auglýsingar eða brot á vörumerkjarétti, og því er fjallað um hana á breiðum grundvelli í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti") ([4]) en þar eru útskýrð og samræmd ýmis lögfræðileg úrlausnarefni sem varða þjónustu í upplýsingasamfélaginu, þar á meðal rafræn viðskipti. Ákvæði þessarar tilskipunar ber að framkvæma samkvæmt svipaðri tímaáætlun og tilskipunina um rafræn viðskipti enda er í þeirri tilskipun mótaður rammi meginreglna og ákvæða sem varða m.a. mikilvæga hluta þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði um skaðabótaskyldu í fyrrnefndu tilskipuninni.

17) Nauðsynlegt er, einkum með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í hinu stafrænu umhverfi, að ná fram meiri hagræðingu og gagnsæi hjá innheimtusamtökum að því er varðar samræmi við samkeppnisreglur.

18) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrirkomulag í aðildarríkjunum er varðar umsýslu réttinda, svo sem með samningskvöðum.

19) Siðferðileg réttindi rétthafa skulu sótt í samræmi við löggjöf aðildarríkjanna og ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum og samninga Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarétt og um flutning og hljóðritanir. Slík siðferðileg réttindi falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

20) Þessi tilskipun byggist á meginreglum og öðrum reglum sem hafa þegar verið settar í tilskipunum sem nú eru í gildi á þessu sviði, einkum í tilskipunum 91/250/EBE ([5]), 92/100/EBE ([6]), 93/83/EBE ([7]), 93/98/EBE ([8])

---

[4] Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

[5] Tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit (Stjtíð. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE.

[6] Tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar (Stjtíð. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE.

[7] Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtíð. EB L 248, 6.10.1993, bls. 15).

[8] Tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á [verndartíma] höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda (Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9).

og 96/9/EB ([9]), og í henni eru þessar reglur mótaðar frekar og tengdar upplýsingasamfélaginu. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á ákvæði framangreindra tilskipana nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

21) Í þessari tilskipun ber að skilgreina gildissvið aðgerða, sem falla undir réttinn til eftirgerðar, með tilliti til mismunandi rétthafa. Þetta skal gert í samræmi við réttarreglur bandalagsins. Aðgerðirnar þarf að skilgreina á víðtækan hátt til að tryggja réttaröryggi á innri markaðinum.

22) Því markmiði, að veita tilhlýðilegan stuðning við útbreiðslu menningar, má ekki ná með tilslökunum á strangri vernd réttinda eða með því að umbera ólögleg viðskipti með fölsuð listaverk eða ólöglegar eftirgerðir.

23) Með þessari tilskipun skal samræmdur frekar réttur höfundar til miðlunar til almennings. Þennan rétt ber að skilja á almennan hátt þannig að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Þessi réttur skal ná yfir hvers kyns útsendingar eða endurvarp á verkum til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal útvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Þessi réttur skal ekki ná yfir neinar aðrar aðgerðir.

24) Réttinn til að gera efnið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., aðgengilegt almenningi skal skilja með þeim hætti að hann nái yfir allar aðgerðir sem felast í að gera slíkt efni aðgengilegt almenningi sem er ekki staddur á þeim stað þar sem efnið er gert aðgengilegt, en að hann nái ekki yfir neinar aðrar aðgerðir.

25) Með því að kveða á um samræmda vernd innan bandalagins skal eytt réttaróvissu um eðli og stig verndar á aðgerðum á borð við útsendingar um net eftir pöntun á verkum sem njóta höfundaréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar. Það skal koma skýrt fram að allir, sem eru viðurkenndir sem rétthafar samkvæmt þessari tilskipun, skulu njóta einkaréttar til að gera verk, sem njóta höfundaréttar, eða annað efni aðgengilegt almenningi með gagnvirkum útsendingum eftir pöntun. Einkenni slíkra gagnvirkra útsendinga eftir pöntun eru þau að hver og einn getur fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

26) Þegar útvarpsrekendur bjóða pöntunarþjónustu fyrir hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem tónlist, hljóðrituð í hagnaðarskyni, er órjúfanlegur hluti af skal hvetja til heildarsamninga um nytjaleyfi til að auðvelda afgreiðslu réttindamála.

27) Það eitt, að útvega aðstöðu þar sem miðlun fer fram eða getur farið fram, telst ekki í sjálfu sér miðlun í skilningi þessarar tilskipunar.

28) Samkvæmt þessari tilskipun felur höfundaréttarvernd einnig í sér einkarétt til að stjórna dreifingu verks sem er hluti af efnislegri vöru. Eftir fyrstu sölu í bandalaginu á frumverki eða afritum þess af hálfu rétthafa eða með leyfi hans er rétturinn til að stjórna endursölu þessa verks í bandalaginu tæmdur. Ekki kemur til réttindaþurrðar að því er varðar frumrit verks og afrit þess sem rétthafi selur eða eru seld með samþykki hans utan bandalagsins. Leigu- og útlánsréttur höfunda hefur verið ákveðinn með tilskipun 92/100/EBE. Dreifingarrétturinn, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hefur ekki áhrif á ákvæði um leigu- og útlánsrétt í I. kafla þeirrar tilskipunar.

29) Réttindaþurrð kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu. Þetta á einnig við um afrit verks eða annars efnis sem notandi slíkrar þjónustu hefur tekið með samþykki rétthafa. Það sama gildir því um útlán og leigu á frumriti og afritum verka eða öðru efni en hvorttveggja er í eðli sínu þjónusta. Ólíkt því sem gildir um geisladiska eða gagnvirka geisladiska, þar sem hugverkaréttur er fólginn í efnislegum hlut, með öðrum orðum vöru, er beinlínutengd þjónustustarfsemi í raun aðgerð sem skal háð leyfi enda sé gert ráð fyrir því í höfundaréttinum eða skyldum réttindum.

30) Heimilt er að framselja réttindin, sem um getur í þessari tilskipun, ánafna þeim eða veita öðrum samkvæmt samningsleyfi án þess að það hafi áhrif á viðeigandi innlenda löggjöf um höfundarétt og skyld réttindi.

31) Nauðsynlegt er að viðhalda réttlátu jafnvægi, að því er varðar réttindi og hagsmuni, milli mismunandi flokka rétthafa og einnig milli mismunandi flokka rétthafa og notenda verndaðs efnis. Endurmeta þarf gildandi undanþágur frá réttindum og takmarkanir á þeim í aðildarríkjunum með hliðsjón af hinu nýja, rafræna umhverfi. Sá munur, sem er á undanþágum og takmörkunum að því er varðar tilteknar aðgerð-

[9] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

ir sem heyra undir einkaréttindi, hefur bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarétt og skyld réttindi. Slíkur munur gæti hæglega aukist við frekari þróun í hagnýtingu verka yfir landamæri og starfsemi yfir landamæri. Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins ber að skilgreina slíkar undanþágur og takmarkanir á samræmdari hátt. Hversu langt skal gengið í að samræma þær skal miðast við áhrif þeirra á snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

32) Í þessari tilskipun er tæmandi skrá yfir undanþágur og takmarkanir er varða réttinn til eftirgerðar og réttinn til miðlunar til almennings. Sumar af þessum undanþágum og takmörkunum gilda eingöngu um réttinn til eftirgerðar eftir því sem við á. Í skránni er tekið tilhlýðilegt tillit til mismunandi lagahefða í aðildarríkjunum og um leið stefnt að því að tryggja starfhæfan innri markað. Aðildarríkjunum ber að beita þessum undanþágum og takmörkunum á samræmdan hátt og það verður metið þegar kemur að endurskoðun framkvæmdarlöggjafarinnar.

33) Einkaréttur til eftirgerðar skal háður undanþágu sem heimilar tilteknar tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli og eiga sér einungis stað í þeim tilgangi að gera mögulega annaðhvort skilvirka útsendingu af hálfu milliliðs í neti milli þriðju aðila eða löglega notkun verks eða annars efnis. Sjálfar aðgerðirnar skulu ekki hafa sjálfstætt efnahagslegt gildi. Svo fremi að aðgerðir til eftirgerðar uppfylli þessi skilyrði skal undanþágan taka til aðgerða sem gera það kleift að rápa á vefnum og skyndivista, þar á meðal aðgerðir til að tryggja að útsendingarkerfi starfi á skilvirkan hátt, að því tilskildu að milliliðurinn breyti ekki upplýsingunum og grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem er viðurkennd og notuð í atvinnugreininni, í þeim tilgangi að afla sér gagna um notkun upplýsinganna. Notkun telst lögleg ef hún er heimiluð af rétthafa eða ekki takmörkuð með lögum.

34) Aðildarríkjunum skal gefinn kostur á að kveða á um tilteknar undanþágur eða takmarkanir, t.d. vegna fræðslu- eða vísindastarfsemi, í þágu opinberra stofnana, svo sem bóka- og skjalasafna, vegna fréttamennsku, vegna tilvitnana, til notkunar fyrir fatlað fólk, vegna almannaöryggis og vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs fyrir dómi.

35) Þegar um er að ræða ákveðnar undanþágur eða takmarkanir ber rétthöfum sanngjarnar bætur til að þeim verði bætt afnot af vernduðum verkum sínum eða öðru efni með fullnægjandi hætti. Við ákvörðun á formi þessara sanngjörnu bóta og nánara fyrirkomulagi varðandi þær og hugsanlegri fjárhæð þeirra skal tekið mið af sérstökum aðstæðum í hverju tilviki. Við mat á þessum aðstæðum er við hæfi að hafa sem viðmiðun þann skaða sem viðkomandi aðgerð gæti hugsanlega valdið rétthafa. Í tilvikum, þar sem rétthafar hafa þegar fengið greiðslu með öðrum hætti, t.d. sem hluta af höfundarþóknun, er ekki víst að þeim beri tiltekin eða sérstök greiðsla. Við ákvörðun á fjárhæð sanngjarnra bóta skal tekið fullt tillit til þess í hve miklum mæli beitt hefur verið þeim tæknilegu verndarráðstöfunum sem um getur í þessari tilskipun. Í ákveðnum tilvikum, þar sem skaði rétthafa er óverulegur, kann að vera að ekki liggi fyrir greiðsluskylda.

36) Aðildarríkin geta einnig kveðið á um sanngjarnar bætur til rétthafa þegar þau beita valfrjálsum ákvæðum um undanþágur eða takmarkanir sem innihalda ekki kröfur um slíkar bætur.

37) Innlendar reglur um ljósritun, sem kunna að vera fyrir hendi, valda ekki miklum hindrunum fyrir innri markaðinn. Aðildarríkjunum skal vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun að því er varðar ljósritun.

38) Aðildarríkjunum skal vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun á réttinum til eftirgerðar fyrir tilteknar tegundir eftirgerðar á hljóðefni, myndefni og hljóð- og myndefni til einkanota gegn sanngjörnum bótum. Þetta getur falið í sér að tekin verði upp þóknunarkerfi eða að núverandi kerfum verði haldið til að bæta skaða rétthafa. Þótt munurinn á þessum þóknunarkerfum hafi áhrif á starfsemi innri markaðarins ætti hann ekki að hafa marktæk áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins að því er viðvíkur hliðrænni eftirgerð til einkanota. Líklegt er að stafræn afritun til einkanota verði almennari og hafi meiri áhrif í efnahagslegu tilliti. Því ber að taka tilhlýðilegt tillit til þess munar sem er á stafrænni og hliðrænni afritun til einkanota og í tilteknum tilvikum skal gerður greinarmunur á þeim.

39) Þegar aðildarríkin beita undanþágu eða takmörkun viðvíkjandi afritun til einkanota ber þeim að taka tilhlýðilegt tillit til tæknilegrar og efnahagslegrar þróunar, einkum að því er

varðar stafræna afritun til einkanota og þóknunarkerfi, ef völ er á skilvirkum tæknilegum verndarráðstöfunum. Slíkar undanþágur eða takmarkanir skulu hvorki hindra að tæknilegum ráðstöfunum sé beitt né að komið sé í veg fyrir að farið sé fram hjá þeim.

40) Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun í þágu tiltekinna stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana sem og skjalasafna. Það skal þó takmarkað við tiltekin sértilvik sem falla undir réttinn til eftirgerðar. Slík undanþága eða takmörkun skal ekki ná til afnota í tengslum við beinlínuafhendingu á vernduðum verkum eða öðru efni. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings í samræmi við 5. gr. tilskipunar 92/100/EBE. Því er rétt að hvetja til að gerðir verðir sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi.

41) Þegar undanþágu eða takmörkun er beitt gagnvart upptökum til skamms tíma hjá útvarpsfyrirtæki telst eigin búnaður útvarpsfyrirtækisins einnig ná yfir búnað aðila sem kemur fram fyrir hönd útvarpsfyrirtækisins og á þess ábyrgð.

42) Þegar undanþágu eða takmörkun er beitt vegna fræðslu eða vísindarannsókna sem fara ekki fram í hagnaðarskyni, þar með talið fjarnám, skal það ákvarðast af starfseminni sem slíkri hvort hún er í hagnaðarskyni. Stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir viðkomandi stofnunar eru ekki úrslitaþættir í þessum efnum.

43) Í öllum tilvikum er mikilvægt fyrir aðildarríkin að samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda aðgang að verkunum fyrir einstaklinga, sem eru fatlaðir á þann hátt að það geri þeim erfitt um vik að njóta verkanna sjálfra, og gefa sérstakan gaum að aðgengilegum framsetningarhætti.

44) Þegar beitt er undanþágum og takmörkunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun skal það gert í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Þessum undanþágum og takmörkunum skal ekki beitt á neinn þann hátt sem skaðar lögmæta hagsmuni rétthafa eða brýtur í bága við eðlilega hagnýtingu verka hans eða annars efnis. Ákvæði aðildarríkjanna um slíkar undanþágur eða takmarkanir skulu einkum endurspegla á tilhlýðilegan hátt aukin efnahagsleg áhrif sem undanþágurnar eða takmarkanirnar geta haft í tengslum við hið nýja rafræna umhverfi. Því verður gildissvið tiltekinna undanþágna eða takmarkana að vera jafnvel enn takmarkaðra að því er viðvíkur tiltekinni, nýrri notkun verka, sem njóta höfundaréttar, og annars efnis.

45) Undanþágurnar og takmarkanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 5. gr., skulu þó ekki koma í veg fyrir skilgreiningu á samningsbundnum tengslum sem ætlað er að tryggja rétthöfum sanngjarnar bætur að því marki sem það er heimilt samkvæmt landslögum.

46) Sáttaumleitanir gætu komið að gagni við lausn ágreiningsmála milli notenda og rétthafa. Framkvæmdastjórninni ber, í samvinnu við aðildarríkin, að kanna ný lagaúrræði innan tengslanefndarinnar í því skyni að leysa ágreiningsmál um höfundarétt og skyld réttindi.

47) Tækniþróunin mun einnig gera rétthöfum kleift að nýta sér tæknilegar ráðstafanir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem eru ekki heimilaðar af rétthafa höfundaréttar, rétthafa réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (*sui generis*) að gagnagrunni. Þó er sú hætta fyrir hendi að fram fari ólögleg starfsemi til að gera það kleift eða auðveldara að fara fram hjá þeirri tæknilegu vernd sem þessar ráðstafanir veita. Til að koma í veg fyrir að settar verði samhengislausar réttarreglur sem hindrað gætu starfsemi innri markaðarins þarf því að kveða á um samræmda lögvernd gegn því að farið sé fram hjá skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum og gegn sölu tækja og vara eða þjónustu í sama tilgangi.

48) Kveða ber á um slíka lögvernd að því er varðar tæknilegar ráðstafanir sem takmarka, á skilvirkan hátt, aðgerðir sem eru ekki heimilaðar af rétthafa höfundaréttar, rétthafa réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eða rétthafa sinnar tegundar réttar að gagnagrunni, án þess þó að hindra eðlilega notkun rafeindabúnaðar og tæknilega þróun hans. Slík lögvernd felur ekki í sér skyldur til að hanna tæki, vörur, íhluti eða þjónustu sem samsvara hinum tæknilegu ráðstöfunum, svo framarlega sem þessi tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta falla ekki á annan hátt undir bannákvæði 6. gr. Í slíkri réttarvernd ber að virða meðalhófsregluna og ekki má banna tæki eða starfsemi sem hafa annan efnahagslega mikilvægan tilgang eða eru notuð til annars en að fara fram hjá hinni tæknilegu

vernd. Einkum má þessi vernd ekki hindra rannsóknir á dulkóðun.

49) Lögvernd tæknilegra ráðstafana hefur ekki áhrif á beitingu ákvæða landslaga sem kunna að banna einkaeign tækja, vara eða íhluta sem gera það kleift að fara fram hjá tæknilegum ráðstöfunum.

50) Þessi samræmda lögvernd hefur ekki áhrif á sérákvæði um vernd í tilskipun 91/250/EBE. Einkum skal hún ekki taka til verndar tæknilegra ráðstafana sem er beitt í tengslum við tölvuforrit sem fjallað er eingöngu um í þeirri tilskipun. Hún skal hvorki hamla né koma í veg fyrir þróun eða notkun neins konar úrræða til að fara fram hjá tæknilegri ráðstöfun ef slíkt er nauðsynlegt til að framkvæma aðgerðir í samræmi við skilmála 3. mgr. 5. gr. eða 6. gr. tilskipunar 91/250/EBE. Í ákvæðum 5. og 6. gr. þeirrar tilskipunar eru eingöngu tilgreindar undanþágur frá einkarétti að tölvuforritum.

51) Lögvernd tæknilegra ráðstafana gildir með fyrirvara um allsherjarreglu, í samræmi við ákvæði 5. gr., eða almannaöryggi. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að gripið verði til valfrjálsra ráðstafana af hálfu rétthafa, þar á meðal gerð og framkvæmd samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, til að unnt sé að ná markmiðunum með tilteknum undanþágum eða takmörkunum sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við þessa tilskipun. Hafi ekki verið gerðar slíkar valfrjálsar ráðstafanir eða samningar innan eðlilegs tíma skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að rétthafar, með því að breyta tæknilegri ráðstöfun sem hefur verið gerð eða með öðrum hætti, veiti þeim sem eiga rétt á slíkum undanþágum eða takmörkunum viðeigandi tækifæri til að nýta þær. Til að koma í veg fyrir misnotkun á slíkum ráðstöfunum sem rétthafar gera, m.a. innan ramma samninga, eða sem aðildarríki gerir skulu þó allar tæknilegar ráðstafanir njóta lögverndar ef þeim er beitt til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

52) Þegar undanþága eða takmörkun vegna afritunar til einkanota, í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr., kemur til framkvæmda skulu aðildarríkin með sama hætti hvetja til notkunar valfrjálsra ráðstafana til að unnt sé að ná markmiðunum með undanþágunni eða takmörkuninni. Ef ekki hafa verið gerðar slíkar valfrjálsar ráðstafanir innan sanngjarns tíma til að gera eftirgerð til einkanota mögulega geta aðildarríkin gert ráðstafanir til að gera þeim sem eiga rétt á undanþágunni eða takmörkuninni kleift að nýta sér hana. Valfrjálsar ráðstafanir rétthafa, þar á meðal samningar milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, og ráðstafanir aðildarríkjanna koma ekki í veg fyrir að rétthafar geti gripið til tæknilegra ráðstafana sem samrýmast þeim undanþágum eða takmörkunum í landslögum, viðvíkjandi afritun til einkanota, sem eru í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr., að teknu tilliti til skilyrðis um sanngjarnar bætur samkvæmt því ákvæði og hugsanlegs greinarmunar sem gerður er á mismunandi skilyrðum um notkun í samræmi við 5. mgr. 5. gr., svo sem eftirliti með fjölda eftirgerða. Til að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir verði misnotaðar skulu allar tæknilegar ráðstafanir til framkvæmdar þeim njóta lögverndar.

53) Vernd tæknilegra ráðstafana skal tryggja öruggt umhverfi fyrir veitingu gagnvirkrar pöntunarþjónustu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkum eða öðru efni á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Ef slík þjónusta fellur undir samningsbundin tengsl gildir fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 6. gr. ekki. Beinlínunotkun, sem er ekki gagnvirk, skal áfram heyra undir þessi ákvæði.

54) Miklar framfarir hafa orðið í alþjóðlegri stöðlun tæknikerfa til að auðkenna verk og verndað efni sem er með stafrænu sniði. Í umhverfi, sem verður sífellt netvæddara, getur munur á tæknilegum ráðstöfunum leitt til ósamrýmanleika milli kerfa í bandalaginu. Hvetja skal til samræmis og rekstrarsamhæfis milli mismunandi kerfa. Mjög æskilegt væri að stuðlað yrði að þróun hnattrænna kerfa.

55) Tækniþróunin mun auðvelda dreifingu verka, einkum um netkerfi, en það hefur í för með sér að rétthafar verða að auðkenna betur verkin eða annað efni og höfundinn eða annan rétthafa og veita upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis með það fyrir augum að auðvelda umsýslu réttindanna sem fylgja þeim. Rétthafar skulu hvattir til að nota merkingar, þegar verk eða annað efni er sett á netin, þar sem fram kemur heimild þeirra ásamt upplýsingunum sem um getur hér að framan.

56) Sú hætta er þó fyrir hendi að fram fari ólögleg starfsemi í þeim tilgangi að fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um umsýslu höfundaréttinda eða til að dreifa með öðrum hætti, flytja inn til dreifingar, útvarpa, miðla til almennings eða gera aðgengileg almenningi

verk eða annað verndað efni sem slíkar upplýsingar hafa verið fjarlægðar úr í heimildarleysi. Til að koma í veg fyrir að settar verði samhengislausar réttarreglur sem hindrað gætu starfsemi innri markaðarins þarf því að kveða á um samræmda lögvernd gegn hvers konar starfsemi af þessu tagi.

57) Öll slík kerfi upplýsinga um réttindaumsýslu, sem um getur hér að framan, geta um leið unnið persónuupplýsingar um neyslumynstur einstaklinga í tengslum við verndað efni, ef þau eru hönnuð þannig, og gert það kleift að kortleggja hegðun þessara einstaklinga á netum. Þessi tæknibúnaður skal m.a. innihalda tæknilega tálma til að vernda friðhelgi einkalífsins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([10]).

58) Aðildarríkin skulu kveða á um skilvirk viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þau skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og í þeim skal kveðið á um möguleika á því að fara fram á skaðabætur og/eða lögbann og, þar sem það á við, að ólöglega efnið verði gert upptækt.

59) Þriðju aðilar geta í auknum mæli nýtt sér þjónustu milliliða til brotlegrar háttsemi, einkum í hinu stafræna umhverfi. Í mörgum tilvikum eru slíkir milliliðir í bestri aðstöðu til að binda enda á brotlega háttsemi af þessu tagi. Með fyrirvara um önnur viðurlög og úrræði sem bjóðast skulu rétthafar eiga þess kost að fara fram á lögbann gegn millilið sem miðlar um net afrakstri af broti þriðja aðila á rétti að vernduðu verki eða öðru efni. Þessi kostur skal einnig vera fyrir hendi þótt aðgerðir milliliðarins séu undanþegnar skv. 5. gr. Aðildarríkin skulu setja skilyrði og nánari ákvæði um slíkt lögbann í landslög sín.

60) Verndin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á ákvæði í landslögum eða bandalagslögum á öðrum sviðum, svo sem ákvæði um hugverkarétt á sviði iðnaðar, gagnavernd, skilyrtan aðgang, aðgang að opinberum skjölum og regluna um tímaröðun á nýtingu miðla, sem geta haft áhrif á höfundarétt eða skyld réttindi.

61) Til að fara að ákvæðum samnings Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðritun ber að breyta tilskipunum 92/100/EBE og 93/98/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun varðar lögvernd höfundaréttar og skyldra réttinda innan ramma innri markaðarins með sérstakri áherslu á upplýsingasamfélagið.

2. Ef ekki er um að ræða tilvik sem um getur í 11. gr. skal þessi tilskipun ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á núverandi bandalagsákvæði er varða:

a) lögvernd tölvuforrita;

b) leigurétt, útlánsrétt og tiltekin réttindi, sem eru skyld höfundarétti, á sviði hugverkaréttar;

c) höfundarétt og skyld réttindi vegna útsendinga um gervihnött og endurvarps um kapal;

d) verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda;

e) lögvernd gagnagrunna.

II. KAFLI

RÉTTINDI OG UNDANÞÁGUR

2. gr.

Réttur til eftirgerðar

Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta:

a) til handa höfundum vegna verka þeirra;

b) til handa listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra;

c) til handa framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra;

d) til handa framleiðendum frumupptakna kvikmyndaverka þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra;

e) til handa útvarpsfyrirtækjum að því er varðar

[10] Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. gr.

Réttur til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningi

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa eftirtöldum aðilum til að heimila eða banna að eftirtalin verk verði gerð aðgengileg almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs:

a) til handa listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra;

b) til handa framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra;

c) til handa framleiðendum frumupptakna kvikmyndaverka þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra;

d) til handa útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. Réttindi, sem um getur í 1. og 2. mgr., tæmast ekki við neins konar miðlun til almennings eða við það að almenningi sé veitt aðgengi eins og kveðið er á um í þessari grein.

4. gr.

Dreifingarréttur

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings með sölu eða á annan hátt að því er varðar frumrit eða afrit verka þeirra.

2. Dreifingarréttur tæmist ekki innan bandalagsins að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins eða það sé gert með leyfi hans.

5. gr.

Undanþágur og takmarkanir

1. Tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar, sem um getur í 2. gr., sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tilgangi einum að gera mögulega:

a) sendingu af hálfu milliliðar í neti milli þriðju aðila, eða

b) löglega notkun

á verki eða öðru efni en hafa ekkert sjálfstætt efnahagslegt vægi, skulu undanþegnar réttinum til eftirgerðar sem kveðið er á um í 2. gr.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttinum til eftirgerðar, sem kveðið er á um í 2. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða eftirgerð á pappír, eða svipaðan miðil, með hvers konar ljósmyndatækni eða öðru vinnsluferli sem gefur svipaðan árangur, að hljóðfæranótum undanskildum, svo fremi að rétthafar fái sanngjarnar bætur;

b) þegar um er að ræða eftirgerð einstaklings með hvers konar miðli til einkanota og í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, hvorki beint né óbeint, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur þar sem tekið er mið af því hvort þeim tæknilegu ráðstöfunum, sem um getur í 6. gr., hafi verið beitt vegna viðkomandi verks eða efnis eða ekki;

c) þegar um er að ræða tilteknar eftirgerðir af hálfu almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings;

d) þegar um er að ræða upptökur til skamms tíma á verkum hjá útvarpsfyrirtæki með eigin búnaði og til eigin útsendinga; heimilt er að leyfa varðveislu á þessum upptökum í opinberum skjalasöfnum vegna sérstaks heimildargildis þeirra;

e) þegar um er að ræða eftirgerðir félagslegra stofnana á útvarpssendingum, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur, enda séu þessar stofnanir, svo sem sjúkrahús eða fangelsi, ekki reknar í hagnaðarskyni.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttindunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að

því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis;

b) ef um er að ræða notkun í þágu fólks sem er fatlað og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar;

c) ef um er að ræða að birtar dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál eða útvarpsefni eða annað efni af sama toga sé tekið upp í fréttamiðlum, miðlað til almennings eða gert aðgengilegt almenningi í tilvikum þar sem slík notkun er ekki bönnuð berum orðum og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, eða, ef um er að ræða notkun verka eða annars efnis í tengslum við fréttir af dægurmálum, að því marki sem eðlilegt er í upplýsingaskyni og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt;

d) ef um er að ræða tilvitnanir vegna gagnrýni eða ritdóma, að því tilskildu að þær tengist verki eða öðru efni sem hefur verið gert aðgengilegt almenningi á löglegan hátt og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og notkun þeirra sé í samræmi við góðar starfsvenjur og að því marki sem nauðsynlegt er í þessum sérstaka tilgangi;

e) ef um er að ræða notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða fyrir dómstólum;

f) ef um er að ræða notkun á pólitískum ræðum og útdráttum úr opinberum fyrirlestrum eða svipuðum verkum eða efni, að því marki sem eðlilegt er í upplýsingaskyni og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt;

g) ef um er að ræða notkun við trúarhátíðir eða opinber hátíðahöld sem opinbert yfirvald skipuleggur;

h) ef um er að ræða notkun verka, svo sem byggingarlistaverka eða höggmyndaverka, sem gerð eru með það fyrir augum að vera til frambúðar á almannafæri;

i) ef um er að ræða að verk eða annað efni sé tilfallandi tekið með í enn annað efni;

j) ef um er að ræða notkun í því skyni að auglýsa opinbera sýningu eða sölu á listaverkum, að því marki sem nauðsynlegt er til að kynna atburðinn og að undanskilinni hvers konar annarri notkun í viðskiptaskyni;

k) ef um er að ræða notkun vegna skopmyndar, skopstælingar eða annarrar stælingar;

l) ef um er að ræða notkun í tengslum við sýningu eða viðgerð á búnaði;

m) ef um er að ræða notkun listaverks í formi bygginga eða teikningar eða uppdráttar af byggingu í því skyni að endurgera bygginguna;

n) ef um er að ræða að verkum eða öðru efni í söfnum stofnananna, sem um getur í c-lið 2. mgr., sé miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með til þess gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna enda falli verkin og efnið ekki undir kaup- eða nytjaleyfisskilmála;

o) ef um er að ræða notkun í ákveðnum öðrum tilvikum sem hafa óverulega þýðingu og þar sem landslög kveða þegar á um undanþágur og takmarkanir, að því tilskildu að aðeins sé um að ræða hliðræna notkun og þetta hafi ekki áhrif á frjálsa dreifingu vara og þjónustu í bandalaginu, sbr. þó aðrar undanþágur og takmarkanir samkvæmt þessari grein.

4. Í tilvikum þar sem aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna réttar til eftirgerðar, skv. 2. og 3. mgr., er þeim á sama hátt heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna dreifingarréttar, eins og kveðið er á um í 4. gr., að því marki sem réttlætanlegt er miðað við tilganginn með hinni leyfilegu eftirgerð.

5. Undanþágum og takmörkunum, sem kveðið er á um í 1., 2., 3. og 4. mgr., skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.

III. KAFLI

VERNDUN TÆKNILEGRA RÁÐSTAFANA OG UPPLÝSINGA FYRIR RÉTTINDAUMSÝSLU

6. gr.

Skyldur að því er varðar tæknilegar ráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum enda viti viðkomandi aðili eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í viðskiptaskyni, tækja, vara eða íhluta eða veitingu þjónustu:

a) sem eru kynnt eða auglýst sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, eða

b) hafa aðeins takmarkað viðskiptalegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, eða

c) eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðveldara að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum.

3. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „tæknilegar ráðstafanir“ sem hér segir: hvers konar tækni, tæki eða íhlutur sem er hannaður með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (*sui generis*) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Tæknilegar ráðstafanir teljast „skilvirkar“ ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulkóðun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn.

4. Þrátt fyrir lögverndina, sem kveðið er á um í 1. mgr., og hafi rétthafar ekki gripið til valfrjálsra ráðstafana, svo sem samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undanþágu eða takmörkun, sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr., kost á að nýta þessa undanþágu eða takmörkun í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að nýta undanþáguna eða takmörkunina, að því tilskildu að sá sem nýtir hana hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að gera slíkar ráðstafanir með tilliti til undanþágu eða takmörkunar sem kveðið er á um í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. nema rétthafi hafi þegar gert eftirgerð til einkanota mögulega að því marki sem nauðsynlegt er til að nýta viðkomandi undanþágu eða takmörkun og í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. en án þess að koma í veg fyrir að rétthafar beiti fullnægjandi ráðstöfunum að því er varðar fjölda eftirgerða í samræmi við þessi ákvæði.

Tæknilegar ráðstafanir, sem rétthafar beita af frjálsum vilja, þar á meðal ráðstafanir vegna framkvæmdar valfrjálsra samninga, og tæknilegar ráðstafanir vegna framkvæmdar ráðstafana, sem aðildarríkin hafa gripið til, skulu njóta lögverndar sem kveðið er á um í 1. mgr.

Ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar gilda ekki um verk eða annað efni sem gert er aðgengilegt almenningi samkvæmt samningsskilmálum á þann hátt að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

Þegar þessari grein er beitt með skírskotun til tilskipana 92/100/EBE og 96/9/EB gildir þessi málsgrein að breyttu breytanda.

7. gr.

Skyldur að því er varðar upplýsingar vegna réttindaumsýslu

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar grípur til eftirfarandi aðgerða:

a) fjarlægir eða breytir rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu;

b) dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni sem nýtur verndar samkvæmt þessari tilskipun eða skv. III. kafla tilskipunar 96/9/EB þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar,

ef viðkomandi veit eða hefur fulla ástæðu til að vita að með þessum aðgerðum hvetur hann til brota á höfundarétti samkvæmt lögum eða hvers konar réttindum, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt lögum eða til brota á sinnar tegundar rétti, sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, eða gerir brotin möguleg, auðveldar þau eða leynir þeim.

2. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „upplýsingar um réttindaumsýslu“ sem hér segir: upplýsingar, sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni, sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa, eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um allar tölur og kóða sem tákna slíkar upplýsingar.

Fyrsta undirgrein gildir ef eitthvert þessara upplýsingaratriða tengist afriti af verkinu eða efninu eða

birtist í tengslum við miðlun til almennings á verkinu eða öðru efni sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

8. gr.

Viðurlög og úrræði

1. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar geti höfðað skaðabótamál og/eða krafist lögbanns, ef brotleg háttsemi á yfirráðasvæði þess skaðar hagsmuni þeirra, og krafist þess, þar sem það á við, að ólöglega efnið, sem og tæki, vörur eða íhlutir, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., verði gert upptækt.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rétthafar séu í aðstöðu til að krefjast lögbanns gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn höfundarétti eða skyldum rétti.

9. gr.

Áframhaldandi beiting annarra lagaákvæða

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði sem varða einkum einkaleyfisréttindi, vörumerki, hönnunarréttindi, nytjamynstur, svæðislýsingar hálfleiðara, leturgerð, skilyrtan aðgang, aðgang að kapli til útvarpsútsendinga, vernd þjóðarverðmæta, skilaskyldu, lög um samkeppnishömlur og óréttmæta samkeppni, viðskiptaleyndarmál, öryggi, trúnaðarskyldu, gagnavernd og friðhelgi einkalífsins, aðgang að opinberum skjölum og samningalög.

10. gr.

Tímamörk

1. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda að því er varðar öll verk og annað efni sem um getur í þessari tilskipun og njóta verndar 22. desember 2002 samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar og skyldra réttinda eða sem fullnægja viðmiðunum fyrir vernd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar eða ákvæðunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á aðgerðir sem hafa verið samþykktar fyrir 22. desember 2002 og réttindi sem hefur verið aflað fyrir framangreindan dag.

11. gr.

Tæknileg aðlögun

1. Tilskipun 92/100/EBE er breytt sem hér segir:

a) 7. gr. falli brott.

b) Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Takmörkununum skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu efnisins og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa."

2. Í stað 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/98/EBE komi eftirfarandi:

„2. Réttindi framleiðenda hljóðrita falla niður 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef hljóðritið er gefið út á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin þó niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar útgáfu. Ef ekki á sér stað lögleg útgáfa á tímabilinu sem nefnt er í fyrsta málslið og ef hljóðritinu hefur verið miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar miðlunar til almennings.

Ef réttindi framleiðenda hljóðrita eru ekki lengur vernduð 22. desember 2002, vegna þess að þá er runninn út verndartíminn sem veittur var samkvæmt þeirri útgáfu þessarar málsgreinar sem er í gildi fyrir samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (*), felur þessi málsgrein þó ekki í sér að hljóðritið njóti verndar á ný.

(*) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10."

12. gr.

Lokaákvæði

1. Eigi síðar en 22. desember 2004 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar þar sem hún fjallar sérstaklega, m.a. á grundvelli tiltekinna upplýsinga sem aðildarríkin veita, um beitingu 5., 6., og 8. gr. í ljósi þróunarinnar á stafræna markaðinum. Að því er varðar 6. gr. skoðar framkvæmdastjórnin sérstaklega hvort sú grein veiti

nægilega vernd og hvort aðgerðir, sem eru leyfðar samkvæmt lögum, verði fyrir skaðlegum áhrifum vegna notkunar skilvirkra tæknilegra ráðstafana. Ef nauðsyn krefur, einkum til að tryggja starfsemi innri markaðarins skv. 14. gr. sáttmálans, skal hún leggja fram tillögur að breytingum á þessari tilskipun.

2. Vernd réttinda, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt þessari tilskipun skal ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á vernd höfundaréttar.

3. Tengslanefnd er hér með komið á fót. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og skal nefndin funda að frumkvæði formanns hennar eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

4. Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

a) að rannsaka áhrif þessarar tilskipunar á starfsemi innri markaðarins og vekja athygli á öllum vandkvæðum;

b) að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;

c) að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um viðeigandi þróun á sviði löggjafar og dómaframkvæmdar og um viðeigandi þróun á sviði efnahags-, félags-, menningar- og tæknimála;

d) að vera vettvangur mats á stafræna markaðinum fyrir verk og annað efni, þar með talið afritun til einkanota og notkun tæknilegra ráðstafana.

13. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 22. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. maí 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	M. WINBERG
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 110/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([11]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu ([12]), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XVII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/100/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 93/98/EBE):

„ , eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0029:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70."

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB):

„9e. **32001 L 0029:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkjunum skal boðið að senda fulltrúa á fundi tengslanefndarinnar."

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/29/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([11]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2003, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2003, bls. 1.
([12]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Aðaltilefni frumvarpsins er tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins nr. 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinn þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í svonefndu upplýsingasamfélagi þar sem stafræn tækni opnar nýja möguleika til að framleiða, afrita, breyta og dreifa ýmiss konar efni. Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til auknar takmarkanir á eftirgerð, dreifingu og notkun hugverka án samþykkis höfunda og annarra rétthafa. Í öðru lagi er lagt til að bannað verði að hafa undir höndum, þróa og eiga viðskipti með búnað sem hefur þann tilgang einan að komast hjá tæknilegri afritunarvörn. Í þriðja lagi er lagt til að lögaðilum verði ekki heimilt að gera eintök af birtu verki til einkanota, heldur aðeins einstaklingum. Að lokum er lagt til að úrskurðarnefnd um fjárhæðir þóknana fái að auki það hlutverk að fjalla um tilvik þar sem aðilar sem nota kennsluefni geta ekki nýtt rétt sinn til efnisins án þess að afritunarvörn sé gerð óvirk.

Að mati fjármálaráðuneytisins mun frumvarpið að öðru óbreyttu hafa í för með sér aukin útgjöld vegna þóknana til höfunda og annarra rétthafa efnis. Takmarkanir á notkun efnis og aukin gjaldtaka geta þó einnig leitt til þess að dregið verði úr notkun efnis. Í samkomulagi ríkisins við Fjölís, samtök rétthafa, um ljósritun og hliðstæða eftirgerð, sem nýlega var endurnýjað, er miðað við að 15% heildarljósritunar verndaðra verka sé til einkanota og að hlutfallið verði endurskoðað verði lagaákvæði um einkanot breytt. Fjármálaráðuneytið hefur að öðru leyti ekki forsendur til að meta áhrif frumvarpsins á útgjöld ríkisins, svo sem vegna þóknana til höfunda og launa úrskurðanefndar.

1061. Fyrirspurn [703. mál]

til samgönguráðherra um tilfærslur á fjárveitingum til framkvæmda Vegagerðarinnar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hve mikið fé á fjárlagalið 10-212-6.10 Framkvæmdir, áður 10-211-6.10 Nýframkvæmdir, hefur árlega verið flutt á milli ára sl. sex ár?

Skriflegt svar óskast.

1062. Tillaga til þingsályktunar [704. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. janúar og 15. febrúar 2005.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. janúar og 15. febrúar 2005. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi, sem kveður á um allar heimildir hvors aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hins á árinu 2005, er samhljóða samningi aðila frá árinu 2004. Gerir samningurinn ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2005 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2006. Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist

forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2005/2006 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2005.

Þá er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

Loks er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2005.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 15. febrúar 2005 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2005. Er þar um óbreyttar veiðiheimildir frá árinu 2004 að ræða.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

a. Bréf starfandi utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 17. janúar 2005

Hr. lögmaður
Jóannes Eidesgaard
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2005 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2005 til apríl 2006. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2005/2006 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2005. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2005. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2005 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2005."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
starfandi utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Uttanríkisdeildin, 15. februar 2005

Uttanríkisráðharri
Davíð Oddsson
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík
Ísland

Harra uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett hin 17. januar 2005, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2005.

Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2005.

1. gr.

Partarnir fara fyri 20. juni 2005 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2005 til apríl 2006. Samráðingarstøðið er, at

veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av, at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.

Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2005/2006 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2005. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2005. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2005 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.

7. gr.

Hvør partur fyri sig skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2005."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi

er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt."

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Jóannes Eidesgaard
løgmaður

1063. Tillaga til þingsályktunar [705. mál]

um fullgildingu viðbótarsamnings nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans, sem gerður var í Strassborg 13. maí 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar viðbótarsamnings nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans, sem gerður var í Strassborg 13. maí 2004. Viðbótarsamningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Vinna við gerð viðbótarsamnings nr. 14 hófst í kjölfar ákvörðunar ráðherranefndar Evrópuráðsins í nóvember 2000 um að leita þyrfti leiða til að auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu svo markmiðum sáttmálans um vernd mannréttinda í Evrópu yrði náð. Breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans voru orðnar mjög knýjandi vegna gífurlegrar fjölgunar og uppsöfnunar kærumála sem berast Mannréttindadómstólnum ár hvert og dómstóllinn hefur ekki undan að ljúka. Hefur fjöldi kærumála fjórfaldast á undanförnum tíu árum. Meginástæða fjölgunar kærumála er mikil fjölgun aðildarríkja að mannréttindasáttmálanum frá árinu 1990. Þótt gerðar hafi verið mikilvægar skipulagsbreytingar á Mannréttindadómstólnum með viðbótarsamningi nr. 11 við sáttmálann árið 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1995 og 23/1998, hafa 13 aðildarríki bæst við síðan, þar á meðal fjölmenn ríki á borð við Rússland. Aðildarríki mannréttindasáttmálans eru nú 45 talsins og ná þau yfir landsvæði með rúmlega 800 milljónir íbúa sem hafa allir beina kæruheimild til dómstólsins. Það hefur enn fremur stuðlað að fjölgun kærumála að þekking manna bæði í eldri og nýrri aðildarríkjum á efni og kæruheimild sáttmálans hefur vaxið.

Helstu breytingar á mannréttindasáttmála Evrópu, sem viðbótarsamningur nr. 14 kveður á um, eru eftirfarandi:

1. Kveðið er á um það í 7. gr. viðbótarsamningsins (27. gr. sáttmálans) að einn dómari, í

stað þriggja dómara nefndar áður, geti ákveðið að kæra sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr. sáttmálans sé ekki tæk til efnislegrar meðferðar. Skv. 4. gr. viðbótarsamningsins (2. mgr. 24. gr. sáttmálans) er gert ráð fyrir því að við slíka ákvarðanatöku verði skýrslugerðarmenn, sem verða hluti af starfsliði skrifstofu dómstólsins, dómaranum til aðstoðar. Í athugasemdum við viðbótarsamninginn er tekið fram að skýrslugerðarmaður skuli að jafnaði hafa þekkingu á tungumáli og lagakerfi þess ríkis sem mál beinist gegn. Þess ber að geta að um 90% allra mála sem berast dómstólnum komast ekki í gegnum fyrstu skoðun og er vísað frá.

2. Skv. 8. gr. viðbótarsamningsins (b-lið 1. mgr. 28. gr. sáttmálans) verður málsmeðferð einfölduð í tilvikum þar sem dómstóllinn þarf að leysa úr svonefndum „endurteknum málum“, þ.e. málum þar sem dómstóllinn hefur þegar leyst úr sambærilegum álitaefnum. Í stað þess að efnisdómur í þessum tilvikum verði kveðinn upp af sjö dómara deild, eins og reglan hefur verið um alla efnisdóma fram að þessu, verður nægilegt að þriggja dómara nefnd leysi úr þessum málum.
3. Skv. 6. gr. viðbótarsamningsins (2. mgr. 26. gr. sáttmálans) getur ráðherranefndin, að beiðni fullskipaðs dómstóls, með samhljóða ákvörðun og til ákveðins tíma, fækkað dómurum í deildum úr sjö í fimm.
4. Bætt er við nýju skilyrði í 12. gr. viðbótarsamningsins (b-lið 3. mgr. 35. gr. sáttmálans) fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar. Samkvæmt því skal vísa frá kæru vegna meints brots ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði. Umræddu skilyrði verður þó ekki beitt ef virðing fyrir mannréttindum, eins og þau eru skilgreind í sáttmálunum og viðbótarsamningunum við hann, krefst þess að efni kæru sé skoðað eða ef um er að ræða mál sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt. Með hinu nýja skilyrði um meðferðarhæfi kærumáls verður dómstólnum falið að meta hvort mál er þannig vaxið að afleiðingar þess séu tiltölulega lítilvægar fyrir kæranda og engar grundvallarspurningar uppi um túlkun sáttmálans sem krefjist efnislegrar skoðunar. Þess ber að geta að skv. 2. mgr. 20. gr. viðbótarsamningsins geta aðeins deildir eða yfirdeild dómstólsins beitt hinu nýja kæruskilyrði fyrstu tvö árin eftir að samningurinn öðlast gildi. Er þannig miðað við að deildir og yfirdeild dómstólsins muni á fyrstu árunum eftir gildistöku viðbótarsamningsins móta þau sjónarmið sem byggt verður á við beitingu þessa skilyrðis þannig að samræmd framkvæmd skapist á því sviði sem verði fordæmisgefandi fyrir nefndir eða staka dómara þaðan í frá við ákvörðun um meðferðarhæfi.
5. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að dómstóllinn taki ákvörðun í einu lagi um meðferðarhæfi kæru frá einstaklingi og efnishlið hennar, sé hún á annað borð tekin til efnislegrar meðferðar, í stað þess að fjallað sé um þetta í tveimur skrefum eins og verið hefur, sbr. 8. gr. (b-lið 1. mgr. 28. gr. sáttmálans) og 9. gr. viðbótarsamningsins (1. mgr. 29. gr. sáttmálans).
6. Dómarar verða kosnir til níu ára, í stað sex ára samkvæmt núverandi reglum, án möguleika á endurkjöri, sbr. 2. gr. viðbótarsamningsins (1. mgr. 23. gr. sáttmálans). Markmið þessarar breytingar er að auka sjálfstæði dómara við dómstólinn gagnvart stjórnvöldum þeirra ríkja sem þeir koma frá.
7. Telji ráðherranefndin að aðildarríki neiti að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í tilteknu máli getur hún ákveðið með tveimur þriðju hlutum atkvæða að leggja málið á ný fyrir dómstólinn. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að aðildarríkið hlíti ekki dóminum tekur ráðherranefndin aftur upp fullnustu dómsins gagnvart viðkomandi ríki, sbr. 16. gr. viðbótarsamningsins (4. mgr. 46. gr. sáttmálans).

8. Skv. 17. gr. viðbótarsamningsins (2. mgr. 59. gr. sáttmálans) verður opnað fyrir þann möguleika að Evrópusambandið gerist aðili að sáttmálanum. Lengi hefur verið til umræðu að ESB gerðist aðili að sáttmálanum og var kveðið á um þennan möguleika í samráði við ESB. Aðild ESB er fyrirhuguð í náinni framtíð, sbr. t.d. sáttmálann um stjórnarskrá Evrópu, en formlegar samningaviðræður um aðildina hafa hins vegar ekki hafist milli Evrópuráðsins og ESB.

Þau atriði, sem talin eru upp í 1.–5. lið að framan, stefna öll að því að auka vinnusparnað eða stytta þann tíma sem dómstóllinn þarf að verja í bersýnilega ómeðferðarhæf mál eða sí-endurtekin álitaefni svo hann geti einbeitt sér í ríkara mæli að raunverulegum og mikilvægum álitaefnum um brot á ákvæðum sáttmálans. Hafa ber í huga að við gerð umræddra breytinga á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans var þess gætt að raska á engan hátt rétti sérhvers einstaklings til að kæra meint mannréttindabrot til Mannréttindadómstóls Evrópu þegar innlend réttarúrræði hafa verið tæmd.

Viðbótarsamningur nr. 14 var samþykktur og lagður fram til undirritunar á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Strassborg 13. maí 2004. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu viðbótarsamninginn sama dag en hinn 31. mars 2005 höfðu 39 ríki undirritað samninginn og eftirtalin sjö þeirra jafnframt fullgilt hann: Armenía, Bretland, Danmörk, Georgía, Írland, Malta og Noregur. Viðbótarsamningurinn öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er öll aðildarríki sáttmálans hafa fullgilt samninginn. Þess ber að geta að samkvæmt yfirlýsingu ráðherranefndar Evrópuráðsins við samþykkt viðbótarsamningsins er stefnt að því að hann verði fullgiltur af öllum aðildarríkjum mannréttindasáttmálans innan tveggja ára frá samþykkt hans, þ.e. fyrir maí 2006.

Þegar mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur hér á landi var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni ásamt viðbótarsamningum við hann, sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Gerðar hafa verið breytingar á lögunum með lögum nr. 25/1998 vegna viðbótarsamnings nr. 11 við sáttmálann, varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi sáttmálans, og með lögum nr. 128/2003 vegna viðbótarsamnings nr. 13 við sáttmálann, varðandi afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur á yfirstandandi þingi lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu vegna þeirra breytinga á sáttmálanum sem viðbótarsamningur nr. 14 felur í sér (þskj. 980, 648. mál).

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR NR. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans.

Inngangsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita viðbótarsamning þennan við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „sáttmálinn“),

PROTOCOL NO. 14 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, Amending the Control System of the Convention

Preamble

The member States of the Council of Europe, signatories to this Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention"),

sem hafa hliðsjón af samþykkt nr. 1 og yfirlýsingunni sem voru samþykkt á evrópsku ráðherrastefnunni um mannréttindi sem var haldin í Róm 3. og 4. nóvember 2000,

sem hafa hliðsjón af yfirlýsingunum sem ráðherranefndin samþykkti 8. nóvember 2001, 7. nóvember 2002 og 15. maí 2003 á 109., 111. og 112. fundi sínum,

sem hafa hliðsjón af álitsgerð 251 (2004) sem þing Evrópuráðsins samþykkti 28. apríl 2004,

sem hafa í huga brýna nauðsyn þess að breyta tilteknum ákvæðum sáttmálans í því skyni að viðhalda og bæta skilvirkni eftirlitskerfis hans til langs tíma litið, einkum í ljósi síaukins vinnuálags sem Mannréttindadómstóll Evrópu og ráðherranefnd Evrópuráðsins eru undir,

sem hafa einkum í huga nauðsyn þess að dómstóllinn geti áfram gegnt því mikilvæga hlutverki sínu að vernda mannréttindi í Evrópu,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

2. mgr. 22. gr. sáttmálans fellur brott.

2. gr.

23. gr. sáttmálans er breytt svofellt:

„23. gr. – Kjörtímabil og brottvikning.

1. Dómararnir skulu kosnir til níu ára. Þá má ekki endurkjósa.

2. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.

3. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir til við.

4. Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveimur þriðju hlutum atkvæða að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.“

3. gr.

24. gr. sáttmálans fellur brott.

4. gr.

25. gr. sáttmálans verður 24. gr. og er texta hennar breytt svofellt:

„24. gr. – Skrifstofa og skýrslugerðarmenn.

1. Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins.

Having regard to Resolution No. 1 and the Declaration adopted at the European Ministerial Conference on Human Rights, held in Rome on 3 and 4 November 2000;

Having regard to the Declarations adopted by the Committee of Ministers on 8 November 2001, 7 November 2002 and 15 May 2003, at their 109th, 111th and 112th Sessions, respectively;

Having regard to Opinion No. 251 (2004) adopted by the Parliamentary Assembly of the Council of Europe on 28 April 2004;

Considering the urgent need to amend certain provisions of the Convention in order to maintain and improve the efficiency of the control system for the long term, mainly in the light of the continuing increase in the workload of the European Court of Human Rights and the Committee of Ministers of the Council of Europe;

Considering, in particular, the need to ensure that the Court can continue to play its pre-eminent role in protecting human rights in Europe,

Have agreed as follows:

Article 1

Paragraph 2 of Article 22 of the Convention shall be deleted.

Article 2

Article 23 of the Convention shall be amended to read as follows:

"Article 23 – Terms of office and dismissal

1. The judges shall be elected for a period of nine years. They may not be re-elected.

2. The terms of office of judges shall expire when they reach the age of 70.

3. The judges shall hold office until replaced. They shall, however, continue to deal with such cases as they already have under consideration.

4. No judge may be dismissed from office unless the other judges decide by a majority of two-thirds that that judge has ceased to fulfil the required conditions."

Article 3

Article 24 of the Convention shall be deleted.

Article 4

Article 25 of the Convention shall become Article 24 and its text shall be amended to read as follows:

"Article 24 – Registry and rapporteurs

1. The Court shall have a registry, the functions and organisation of which shall be laid down in the rules of the Court.

2. Skýrslugerðarmenn, sem starfa undir stjórn forseta dómstólsins, skulu vera dómstólnum til aðstoðar þegar einn dómari situr í dóminum. Þeir skulu vera hluti af starfsliði skrifstofu dómstólsins."

5. gr.

26. gr. sáttmálans verður 25. gr. („Fullskipaður dómstóll") og er texta hennar breytt svofellt:

1. Í lok d-liðar kemur semíkomma í stað kommu og orðið „og" fellur brott.

2. Í lok e-liðar kemur semíkomma í stað punkts.
3. Ný málsgrein, f-liður, bætist við og verður svohljóðandi:
   „f. leggja fram beiðni skv. 2. mgr. 26. gr."

6. gr.

27. gr. sáttmálans verður 26. gr. og er texta hennar breytt svofellt:

„26. gr. – Einn dómari situr í dóminum, nefndir, deildir og yfirdeild.
1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa sem hér segir: einn dómari sitji í dóminum, hann starfi í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.
2. Ráðherranefndin getur, að beiðni fullskipaðs dómstóls, með samhljóða ákvörðun og til ákveðins tíma, fækkað dómurum í deildum í fimm.

3. Þegar dómari situr einn í dóminum skal hann ekki skoða kærur á hendur því aðildarríki sáttmálans sem hann er kosinn fyrir.

4. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem er kosinn af hálfu þess aðildarríkis sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti sá dómari ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir forseti dómstólsins dómara af lista sem fyrrnefnt aðildarríki hefur þegar lagt fram.
5. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara, sem áttu sæti í deildinni sem kvað upp dóm í málinu, eiga sæti í yfirdeildinni,

2. When sitting in a single-judge formation, the Court shall be assisted by rapporteurs who shall function under the authority of the President of the Court. They shall form part of the Court's registry."

Article 5

Article 26 of the Convention shall become Article 25 ("Plenary Court") and its text shall be amended as follows:
1. At the end of paragraph d, the comma shall be replaced by a semi-colon and the word "and" shall be deleted.
2. At the end of paragraph e, the full stop shall be replaced by a semi-colon.
3. A new paragraph f shall be added which shall read as follows:
   "f. make any request under Article 26, paragraph 2."

Article 6

Article 27 of the Convention shall become Article 26 and its text shall be amended to read as follows:
"Article 26 – Single-judge formation, committees, Chambers and Grand Chamber
1. To consider cases brought before it, the Court shall sit in a single-judge formation, in committees of three judges, in Chambers of seven judges and in a Grand Chamber of seventeen judges. The Court's Chambers shall set up committees for a fixed period of time.

2. At the request of the plenary Court, the Committee of Ministers may, by a unanimous decision and for a fixed period, reduce to five the number of judges of the Chambers.
3. When sitting as a single judge, a judge shall not examine any application against the High Contracting Party in respect of which that judge has been elected.
4. There shall sit as an *ex officio* member of the Chamber and the Grand Chamber the judge elected in respect of the High Contracting Party concerned. If there is none or if that judge is unable to sit, a person chosen by the President of the Court from a list submitted in advance by that Party shall sit in the capacity of judge.
5. The Grand Chamber shall also include the President of the Court, the Vice-Presidents, the Presidents of the Chambers and other judges chosen in accordance with the rules of the Court. When a case is referred to the Grand Chamber under Article 43, no judge from the Chamber which rendered the judgment shall sit in the

að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem átti sæti í deildinni af hálfu þess aðildarríkis sem er málsaðili.“

7. gr.

Ný 27. gr. er felld inn í sáttmálann á eftir hinni nýju 26. gr. og verður svohljóðandi:

„27. gr. – Valdsvið dómara sem sitja einir í dóminum.

1. Dómara, sem situr einn í dóminum, er heimilt að lýsa ótæka eða fella af málaskrá dómstólsins kæru, sem borin er fram skv. 34. gr., þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari skoðunar.

2. Ákvörðunin skal vera endanleg.

3. Lýsi dómari, sem situr einn í dóminum, ekki kæru ótæka eða felli hana ekki af málaskrá skal hann framsenda hana nefnd eða deild til frekari skoðunar.“

8. gr.

28. gr. sáttmálans er breytt svofellt:

„28. gr. – Valdsvið nefnda.

1. Nefnd er heimilt, að því er varðar kæru sem er borin fram skv. 34. gr. og með samhljóða atkvæðum,

a. að lýsa hana ótæka eða fella af málaskrá sinni þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari skoðunar; eða
b. að lýsa hana tæka og fella um leið dóm um efni hennar ef þegar hefur verið fjallað um úrlausnarefnið, sem málið snýst um og varðar túlkun eða beitingu ákvæða sáttmálans eða viðbótarsamninga við hann, í staðfestri dómaframkvæmd dómstólsins.

2. Ákvarðanir og dómar skv. 1. mgr. skulu vera endanleg.

3. Eigi dómarinn, sem er kosinn af hálfu aðildarríkisins sem er málsaðili, ekki sæti í nefndinni getur nefndin, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, boðið dómaranum að taka sæti eins nefndarmanna, að teknu tilliti til allra þátta sem máli skipta, m.a. þess hvort fyrrnefnt aðildarríki hafi andæft því að málsmeðferðinni skv. b-lið 1. mgr. sé beitt.“

9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 29. gr. sáttmálans:

1. 1. mgr. er breytt svofellt: „Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 27. eða 28. gr., eða

Grand Chamber, with the exception of the President of the Chamber and the judge who sat in respect of the High Contracting Party concerned.”

Article 7

After the new Article 26, a new Article 27 shall be inserted into the Convention, which shall read as follows:

“Article 27 – Competence of single judges

1. A single judge may declare inadmissible or strike out of the Court’s list of cases an application submitted under Article 34, where such a decision can be taken without further examination.

2. The decision shall be final.

3. If the single judge does not declare an application inadmissible or strike it out, that judge shall forward it to a committee or to a Chamber for further examination.”

Article 8

Article 28 of the Convention shall be amended to read as follows:

“Article 28 – Competence of committees

1. In respect of an application submitted under Article 34, a committee may, by a unanimous vote,

a. declare it inadmissible or strike it out of its list of cases, where such decision can be taken without further examination; or
b. declare it admissible and render at the same time a judgment on the merits, if the underlying question in the case, concerning the interpretation or the application of the Convention or the Protocols thereto, is already the subject of well-established case-law of the Court.

2. Decisions and judgments under paragraph 1 shall be final.

3. If the judge elected in respect of the High Contracting Party concerned is not a member of the committee, the committee may at any stage of the proceedings invite that judge to take the place of one of the members of the committee, having regard to all relevant factors, including whether that Party has contested the application of the procedure under paragraph 1.b.”

Article 9

Article 29 of the Convention shall be amended as follows:

1. Paragraph 1 shall be amended to read as follows: “If no decision is taken under

dómur ekki felldur skv. 28. gr., skal deild kveða á um hvort kæra, sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr., sé tæk og um efni hennar. Heimilt er að taka ákvörðun um hvort kæra sé tæk sérstaklega."

2. Í lok 2. mgr. bætist við nýr málsliður sem verður svohljóðandi: „Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn ákveði annað í undantekningartilvikum."
3. 3. mgr. fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 31. gr. sáttmálans:

1. Í lok a-liðar fellur orðið „og" brott.
2. b-liður verður c-liður og nýr b-liður er felldur inn í greinina og verður svohljóðandi:
   „b. úrskurða í málum sem ráðherranefndin vísar til dómstólsins í samræmi við 4. mgr. 46. gr.; og".

11. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 32. gr. sáttmálans:

Í lok 1. mgr. skal fella inn kommu og raðtöluna 46 á eftir raðtölunni 34.

12. gr.

3. mgr. 35. gr. sáttmálans er breytt svofellt:

„3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja kæru einstaklings, sem er borin fram skv. 34. gr., telji hann:

a. kæruna ósamrýmanlega ákvæðum sáttmálans eða viðbótarsamninga við hann, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kærurétti einstaklinga; eða
b. kæranda ekki hafa orðið fyrir umtalsverðu óhagræði, nema virðing fyrir mannréttindum, eins og þau eru skilgreind í sáttmálanum og viðbótarsamningum við hann, krefjist þess að efni kærunnar sé skoðað og með þeim fyrirvara að óheimilt er að vísa frá, á þessari forsendu, máli sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt."

13. gr.

Ný málsgrein, 3. mgr., bætist við í lok 36. gr. sáttmálans og verður svohljóðandi:

Article 27 or 28, or no judgment rendered under Article 28, a Chamber shall decide on the admissibility and merits of individual applications submitted under Article 34. The decision on admissibility may be taken separately."

2. At the end of paragraph 2 a new sentence shall be added which shall read as follows: "The decision on admissibility shall be taken separately unless the Court, in exceptional cases, decides otherwise."
3. Paragraph 3 shall be deleted.

Article 10

Article 31 of the Convention shall be amended as follows:

1. At the end of paragraph a, the word "and" shall be deleted.
2. Paragraph b shall become paragraph c and a new paragraph b shall be inserted and shall read as follows:
   "b. decide on issues referred to the Court by the Committee of Ministers in accordance with Article 46, paragraph 4; and".

Article 11

Article 32 of the Convention shall be amended as follows:

At the end of paragraph 1, a comma and the number 46 shall be inserted after the number 34.

Article 12

Paragraph 3 of Article 35 of the Convention shall be amended to read as follows:

"3. The Court shall declare inadmissible any individual application submitted under Article 34 if it considers that:

a. the application is incompatible with the provisions of the Convention or the Protocols thereto, manifestly ill-founded, or an abuse of the right of individual application; or
b. the applicant has not suffered a significant disadvantage, unless respect for human rights as defined in the Convention and the Protocols thereto requires an examination of the application on the merits and provided that no case may be rejected on this ground which has not been duly considered by a domestic tribunal."

Article 13

A new paragraph 3 shall be added at the end of Article 36 of the Convention, which shall read as follows:

„3. Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins er heimilt að leggja fram skriflegar athugasemdir í öllum málum fyrir deild eða yfirdeildinni og taka þátt í réttarhöldum."

14. gr.

38. gr. sáttmálans er breytt svofellt:

„38. gr. – Skoðun máls.
Dómstóllinn skal skoða málið með fulltrúum málsaðila og, ef þörf krefur, framkvæma rannsókn sem þeim aðildarríkjum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna."

15. gr.

39. gr. sáttmálans er breytt svofellt:

„39. gr. – Sáttargerð.
1. Dómstóllinn getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, verið reiðubúinn til þess að aðstoða málsaðila við að ná sáttum í málinu á þeirri forsendu að mannréttindi séu virt, eins og þau eru skilgreind í sáttmálanum og viðbótarsamningum við hann.
2. Málsmeðferð, sem fer fram skv. 1. mgr., skal háð trúnaðarkvöðum.
3. Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.
4. Ákvörðunin skal fengin ráðherranefndinni sem hefur umsjón með því að skilmálum sáttargerðarinnar sé fullnægt með þeim hætti sem fram kemur í ákvörðuninni."

16. gr.

46. gr. sáttmálans er breytt svofellt:

„46. gr. – Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.
1. Aðildarríkin heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þau eru aðilar að.
2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.
3. Telji ráðherranefndin að erfiðleikar við túlkun endanlegs dóms torveldi umsjón með fullnustu hans getur hún vísað málinu til dómstólsins til að fá úr því skorið hvernig beri að túlka dóminn. Tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í nefndinni þarf til að samþykkja ákvörðun um tilvísun.

"3. In all cases before a Chamber or the Grand Chamber, the Council of Europe Commissioner for Human Rights may submit written comments and take part in hearings."

Article 14

Article 38 of the Convention shall be amended to read as follows:

"Article 38 – Examination of the case
The Court shall examine the case together with the representatives of the parties and, if need be, undertake an investigation, for the effective conduct of which the High Contracting Parties concerned shall furnish all necessary facilities."

Article 15

Article 39 of the Convention shall be amended to read as follows:

"Article 39 – Friendly settlements
1. At any stage of the proceedings, the Court may place itself at the disposal of the parties concerned with a view to securing a friendly settlement of the matter on the basis of respect for human rights as defined in the Convention and the Protocols thereto.
2. Proceedings conducted under paragraph 1 shall be confidential.
3. If a friendly settlement is effected, the Court shall strike the case out of its list by means of a decision which shall be confined to a brief statement of the facts and of the solution reached.
4. This decision shall be transmitted to the Committee of Ministers, which shall supervise the execution of the terms of the friendly settlement as set out in the decision."

Article 16

Article 46 of the Convention shall be amended to read as follows:

"Article 46 – Binding force and execution of judgments
1. The High Contracting Parties undertake to abide by the final judgment of the Court in any case to which they are parties.
2. The final judgment of the Court shall be transmitted to the Committee of Ministers, which shall supervise its execution.
3. If the Committee of Ministers considers that the supervision of the execution of a final judgment is hindered by a problem of interpretation of the judgment, it may refer the matter to the Court for a ruling on the question of interpretation. A referral decision shall require a majority vote of two thirds of the representatives entitled to sit on the Committee.

4. Telji ráðherranefndin að aðildarríki neiti að hlíta endanlegum dómi í máli sem það á aðild að getur hún, eftir að hafa afhent viðkomandi aðildarríki formlega tilkynningu þar um og með ákvörðun sem er samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í nefndinni, beint þeirri spurningu til dómstólsins hvort aðildarríkið hafi brotið gegn skyldum sínum skv. 1. mgr.

5. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem tekur til umfjöllunar til hvaða ráðstafa skuli grípa. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem skal hætta skoðun málsins."

4. If the Committee of Ministers considers that a High Contracting Party refuses to abide by a final judgment in a case to which it is a party, it may, after serving formal notice on that Party and by decision adopted by a majority vote of two thirds of the representatives entitled to sit on the Committee, refer to the Court the question whether that Party has failed to fulfil its obligation under paragraph 1.

5. If the Court finds a violation of paragraph 1, it shall refer the case to the Committee of Ministers for consideration of the measures to be taken. If the Court finds no violation of paragraph 1, it shall refer the case to the Committee of Ministers, which shall close its examination of the case."

17. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 59. gr. sáttmálans:

1. Ný málsgrein, 2. mgr., bætist við og verður svohljóðandi:
   „2. Evrópusambandinu er heimilt að gerast aðili að þessum sáttmála."
2. 2., 3. og 4. mgr. verða 3., 4. og 5. mgr.

Article 17

Article 59 of the Convention shall be amended as follows:

1. A new paragraph 2 shall be inserted which shall read as follows:
   "2. The European Union may accede to this Convention."
2. Paragraphs 2, 3 and 4 shall become paragraphs 3, 4 and 5 respectively.

Loka- og bráðabirgðaákvæði.

Final and transitional provisions

18. gr.

1. Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra aðildarríkja Evrópuráðsins sem hafa undirritað sáttmálann og geta þau lýst samþykki sínu til að vera bundin af honum með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og með eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

Article 18

1. This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe signatories to the Convention, which may express their consent to be bound by:

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

19. gr.

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er öll aðildarríki sáttmálans hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af viðbótarsamningnum í samræmi við ákvæði 18. gr.

Article 19

This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol, in accordance with the provisions of Article 18.

20. gr.

1. Ákvæði viðbótarsamnings þessa skulu gilda, frá þeim degi er hann öðlast gildi, um allar kærur sem dómstóllinn hefur til meðferðar og alla dóma sem ráðherranefndin hefur umsjón með að sé fullnægt.

2. Nýja kæruskilyrðið, sem er fellt inn í sáttmálann með 12. gr. þessa viðbótarsamnings sem b-liður 3. mgr. 35. gr., gildir ekki um kærur sem eru lýstar tækar áður en viðbótarsamningur þessi öðlast gildi. Aðeins deildir eða yfirdeild dómstólsins mega beita nýja kæruskilyrðinu næstu tvö ár eftir að viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

21. gr.

Kjörtímabil dómara, sem eru á fyrsta kjörtímabili sínu þann dag er viðbótarsamningur þessi öðlast gildi, skal framlengt að lögum (*ipso jure*) þannig að það sé níu ár alls. Aðrir dómarar skulu ljúka kjörtímabili sínu sem skal framlengt að lögum (*ipso jure*) um tvö ár.

22. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu;
c. gildistökudag þessa viðbótarsamnings í samræmi við 19. gr.; og
d. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi þennan viðbótarsamning.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Strassborg 13. maí 2004 í einu eintaki á ensku og frönsku sem skal afhent skjalasafni Evrópuráðsins til vörslu og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Article 20

1. From the date of the entry into force of this Protocol, its provisions shall apply to all applications pending before the Court as well as to all judgments whose execution is under supervision by the Committee of Ministers.

2. The new admissibility criterion inserted by Article 12 of this Protocol in Article 35, paragraph 3.b of the Convention, shall not apply to applications declared admissible before the entry into force of the Protocol. In the two years following the entry into force of this Protocol, the new admissibility criterion may only be applied by Chambers and the Grand Chamber of the Court.

Article 21

The term of office of judges serving their first term of office on the date of entry into force of this Protocol shall be extended *ipso jure* so as to amount to a total period of nine years. The other judges shall complete their term of office, which shall be extended *ipso jure* by two years.

Article 22

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. the date of entry into force of this Protocol in accordance with Article 19; and
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 13th day of May 2004, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

1064. Tillaga til þingsályktunar [706. mál]

um að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins í Palestínu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á framfæri við ísraelsk stjórnvöld og á alþjóðavettvangi formlegum og hörðum mótmælum gegn byggingu aðskilnaðarmúrs á palestínsku landsvæði. Sett verði fram sú krafa af Íslands hálfu að framkvæmdir við múrinn verði tafarlaust stöðvaðar og hafist handa um að fjarlægja hann. Jafnframt verði þess krafist að engar nýjar byggðir ísraelskra landtökumanna verði reistar á palestínsku landi og undirbúningur hafinn að rýmingu þeirra sem fyrir eru.

Alþingi áréttar afstöðu sína til deilumála Ísraela og Palestínumanna, sbr. ályktanir Alþingis frá 18. maí 1989 og 30. apríl 2002.

Alþingi ályktar að íslensk stjórnvöld styðji og vinni að því fyrir sitt leyti að alþjóðlegt friðargæslulið verði sent á svæðið til verndar óbreyttum borgurum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga svipaðs efnis var flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Aðstæður fólks á herteknu svæðunum hafa síst batnað á þeim tíma sem síðan hefur liðið og þykir því ástæða til að taka málið upp á nýjan leik. Framkvæmdir við aðskilnaðarmúrinn hafa orðið til þess að einangra Palestínumenn hverja frá öðrum, gert palestínskum bændum ókleift að yrkja lönd sín, hindrað Palestínumenn í að sækja vinnu og afla sér lífsviðurværis og jafnvel lokað heilar byggðir Palestínumanna algerlega af.

Því hefur verið aukið við tillögugreinina frá fyrra þingi að ríkisstjórninni verði falið að setja fram þá kröfu að Ísraelsstjórn sjái til þess að ekki verði reistar neinar fleiri landtökumannabyggðir á palestínsku landi og hefji undirbúning að því að rýma þær sem þegar hafa verið settar á fót. Ljóst er að áform um nýjar byggðir ísraelskra landtökumanna í og við Austur-Jerúsalem eru til þess fallin að auka enn á ólgu og ófrið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Árið 1989 skipaði Alþingi sér í fremstu röð þjóðþinga hvað snertir einarða afstöðu til deilu Ísraela og Palestínumanna. Það gerði Alþingi með afgreiðslu sérstakrar ályktunar þar sem tekið var á stærstu ágreinings- og álitamálum sem uppi voru í deilunni. Tillögugreinin sem Alþingi samþykkti er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.“

Síðan Alþingi mótaði þessa framsæknu stefnu með samþykkt fyrrgreindrar ályktunar hefur því miður lítið breyst og öll sömu ágreiningsmál eru enn óleyst. Staðan hefur þar að auki versnað með áframhaldandi uppbyggingu ólöglegra landnemabyggða á herteknu palestínsku landi.

Árið 2002 samþykkti Alþingi aftur ályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna þar sem lýst er áhyggjum af ófriðarástandinu fyrir botni Miðjarðarhafs, beiting ofbeldis er fordæmd og hvatt til þess að eftirlitsnefnd frá Sameinuðu þjóðunum verði send á svæðið í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1405/2002. Einnig er vísað í fyrri ályktun Alþingis og helstu ályktanir Sameinuðu þjóðanna um málið.

Með framangreindum ályktunum hefur sú hefð verið að skapast að Alþingi móti stefnuna eða gefi tóninn í þessu máli. Í samræmi við það er nú tímabært að ályktа á nýjan leik vegna atburða síðastliðinna þriggja ára og er þá ekki síst verið að vísa til byggingar aðskilnaðarmúrsins.

Frá því að seinni uppreisn eða intifatah Palestínumanna hófst hefur nánast ríkt stríðsástand á hverjum einasta degi á svæðinu með miklu mannfalli á báða bóga. Deila þessara þjóða er enn sem fyrr ein helsta ógnun við frið og stöðugleika í heiminum. Vegna hinna sérstöku kringumstæðna við tilurð Ísraelsríkis á palestínsku landi, af menningarlegum, sögulegum og trúarlegum ástæðum og vegna hinna daglegu mannfórna og mannréttindabrota sem heimsbyggðin verður vitni að, er ástandið sem blæðandi sár á líkama alþjóðasamfélagsins. Ábyrgð þess á ástandinu er mikil og krafan um að lausn finnist að sama skapi hávær.

Ljóst er að alþjóðlegt friðargæslulið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna yrði stórt skref í þá átt að tryggja lágmarksöryggi óbreyttra borgara ef samkomulag næðist um að slíkt lið yrði sent til svæðisins. Mikilvægt er að Íslendingar skipi sér í fremstu röð þeirra þjóða sem vinna að friðsamlegri lausn og styðji við bakið á skynsamlegum tillögum þar að lútandi. Múrinn sem ríkisstjórn Ísraels er að reisa, fyrst og fremst á palestínsku landsvæði, mun magna upp ófrið milli fylkinganna en ekki draga úr honum.

Aðskilnaðarstefna ríkisstjórnar Ísraels er mikið áhyggjuefni og er það skylda þjóða heims að koma í veg fyrir að múrinn verði reistur. Bygging hans á landsvæði palestínsku þjóðarinnar er skýlaust brot á ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem og fjórða ákvæðis Genfarsáttmálans. Ekki verður fram hjá því litið að með slíkri víggirðingu er verið að útiloka eðlilegar samgöngur milli palestínskra landsvæða og svipta fjölda fólks öllum möguleikum á að framfleyta sér með eðlilegum hætti. Verði þessi áform Ísraelsstjórnar að veruleika má búast við að ófriðurinn fyrir botni Miðjarðarhafs dragist enn frekar á langinn með hörmulegum afleiðingum fyrir báða deiluaðila og þó einkum óbreytta borgara bæði í Ísrael og Palestínu.

1065. Frumvarp til laga [707. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 6.219 millj. kr. sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 130 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8). Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 1.007 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 40 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8).
b. Í stað orðanna „180 þús. lesta“ í 8. málsl. kemur: 220 þús. lesta.
c. Í stað orðanna „240 þús. lesta“ í 9. málsl. kemur: 260 þús. lesta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 62/1997 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um álver á Grundartanga. Í 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, svo sem honum var breytt með lögum nr. 12/2000 og 85/2003, er kveðið á um fasteignaskatt og verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja. Í greininni er byggt á því að áfangaskipting framkvæmda sé sú að í fyrsta áfanga verði árleg framleiðslugeta 60 þús. tonn, hún aukin um 30 þús. tonn í öðrum áfanga, 90 þús. tonn í þriðja áfanga og loks 60 þús. tonn í fjórða áfanga. Því var gert ráð fyrir að heildarframleiðslugeta álversins yrði 240 þús. tonn.

Í apríl 2004 undirrituðu Norðurál, Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur orkusölusamning vegna stækkunar álversins úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn. Í nóvember sl. undirrituðu sömu aðilar svo viðbótarsamning um raforkusölu vegna stækkunar Norðuráls á Grundartanga. Samningurinn nær til orkusölu vegna 32 þús. tonna viðbótarstækkunar. Þá standa vonir til að unnt verði að afla viðbótarorku vegna 8 þús. tonna. Þá er í áætlunum Norðuráls nú gert ráð fyrir að í síðasta áfanga verði framleiðslugeta álversins aukin um 40 þús. tonn. Þar með verður heildarframleiðslugeta álversins komin í 260 þús. tonn af áli á ári. Þessar breytingar á fyrirætlunum fyrirtækisins hafa í för með sér að gera þarf breytingar á ákvæðum heimildarlaganna varðandi álagningargrunn fasteignaskatts fyrir einstaka áfanga. Ekki er nauðsynlegt að breyta öðrum ákvæðum laganna. Breytingarnar eru í samræmi við samning Hvalfjarðarstrandarhrepps, Skilmannahrepps og íslenska ríkisins vegna stofnunar og reksturs álvers á Grundartanga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er kveðið á um fasteignaskatt sem Norðuráli ber að greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilamannahreppi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1066. Frumvarp til laga [708. mál]

um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Á eftir 34. gr. laganna kemur ný grein, 34. gr. a, er orðast svo:

Markaðstorg.

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. getur Fjármálaeftirlitið veitt fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til verðbréfaviðskipta eða skipulegum verðbréfamarkaði starfsleyfi til að starfrækja markaðstorg þar sem fram fari kerfisbundin viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í stjórn markaðstorgs skulu vera eigi færri en þrír stjórnarmenn og ber hún ábyrgð á því að starfsemi þess fari fram á öruggan og hagkvæman hátt.

Stjórn markaðstorgs ber ábyrgð á því að settar séu reglur:

1. sem tryggja nauðsynlegan aðgang að upplýsinga- og viðskiptakerfum fyrir verðbréf sem þar eru keypt og seld,
2. sem tryggja að viðskipti á markaðstorginu eigi sér stað með skýrum og gagnsæjum hætti í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglna settra samkvæmt þeim og að gætt sé jafnræðis allra aðila að viðskiptum á markaðstorginu,
3. sem tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með því að útgefendur verðbréfa og aðilar að markaðstorgi starfi eftir lögum og reglum, svo og samþykktum sem um það gilda,
4. sem tryggja að tilkynnt sé um brot á lögum og reglum, svo og samþykktum sem um markaðstorgið gilda, og að nauðsynlegar upplýsingar þar um berist lögbæru yfirvaldi,
5. um skilyrði þess að hefja megi viðskipti með verðbréf á markaðstorginu, svo og um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og hluthafa, svo að aðilar að því geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun,
6. um skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta orðið aðili að markaðstorginu,
7. um skýrslugjöf vegna viðskipta í upplýsingaskyni,
8. um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi og uppgjör viðskipta sem þar eiga sér stað; í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og

miðlun upplýsinga um viðskipti með verðbréf sem þar er verslað með, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

Ákvæði 40. og 41. gr., 43.–51. gr. og X. og XI. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, gilda um verðbréf sem verslað er með á markaðstorgi.

Áður en markaðsaðili má hefja viðskipti á markaðstorgi skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning. Brjóti markaðsaðili ítrekað eða með vítaverðum hætti skilyrði þau sem sett eru fyrir aðild að markaðinum er heimilt að afturkalla aðildina.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi markaðstorgs og hefur við það eftirlit allar heimildir XI. kafla þessara laga. Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi markaðstorgs að uppfylltum ákvæðum XII. kafla þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Ákvæði til bráðbirgða.

Fram til 1. júlí 2006 er útgefendum, sem eru með skráð verðbréf í kauphöll við gildistöku laga þessara, óheimilt að versla með verðbréf sín á markaðstorgi. Stjórn kauphallar er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni þjóni það hagsmunum fjárfesta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að koma á fót vettvangi fyrir viðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einnig nýjum fyrirtækjum sem eru í hröðum vexti. Nokkrar ástæður eru fyrir því að nú er tilefni til þess að setja reglur um þessa tegund markaða.

Í *fyrsta lagi* er vísað til þjóðhagslegra hagsmuna. Greiður aðgangur fyrirtækja að fjármagni er ein forsendna hagvaxtar. Til að Ísland geti verið leiðandi vaxtar-, þekkingar- og frumkvöðlasamfélag er mikilvægt að hafa öflugan markað fyrir áhættufjármagn. Má segja að áhættufjármagn sé forsenda þróunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Slíkir markaðir auka aðgengi sprotafyrirtækja að áhættufjármagni með því að skapa vettvang þar sem mögulegt verður að versla með hlutabréf þeirra. Markaðir fyrir bréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði stuðla þannig að nýsköpun og fjölgun atvinnutækifæra. Markaðstorg það sem lagt er til með frumvarpi þessu getur gegnt lykilhlutverki við að leiða saman áhættusækið fjármagn og vaxtarfyrirtæki.

Í *öðru lagi* er vísað til hagsmuna fyrirtækja. Fyrirtæki og þá sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í hröðum vexti hafa mikla hagsmuni af skilvirkum mörkuðum með bréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Slík fyrirtæki hafa mörg hver ekki burði til að fá bréf sín skráð í kauphöll og vantar því vettvang til fjármögnunar. Þau eru oft að stórum hluta í eigu frumkvöðla, stofnenda og áhættufjárfesta og eiga að óbreyttu ekki eins greiðan aðgang að fjármagni og æskilegt væri með hliðsjón af þjóðhagslegu mikilvægi slíkra fyrirtækja. Skráning á markaðstorgi gerir fyrirtækin sýnileg fjárfestum og veitir betra aðgengi að fjármagni. Möguleikinn á skráningu snemma í vaxtarferlinu mundi einnig gera fyrirtækjunum auðveldara um vik að afla fjármagns frá áhættufjárfestum áður en til skráningar í kauphöll kæmi, enda gætu þeir þá losað að hluta eða öllu leyti um stöðu sína fyrr en ella og þannig afhent fyrirtækin öðrum aðilum sem kunna e.t.v. betur til verka eftir að fyrirtæki ná fótfestu. Markaðstorg mundi enn fremur veita fyrirtækjunum meira svigrúm til yfirtöku annarra fyrirtækja enda hefðu þau til þess gjaldmiðil þann sem skráð bréf eru.

Í *þriðja lagi* er vísað til hagsmuna fjárfesta. Gera má ráð fyrir því að eftirspurn sé hjá fjár-

festum að fjárfesta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eru komin styttra í þróun, fyrirtækjum sem ekki sjá sér fært að skrá sig miðað við þann kostnað og þær hömlur sem fylgja skráningu í kauphöll eða á skipulegan tilboðsmarkað. Áhættufjárfestar hafa einnig mikla hagsmuni af því að geta losað um stöður sínar í sprotafyrirtækjum á skilvirkum markaði og hefur slíka markaði skort um nokkurt skeið.

Í *fjórða lagi* gerir ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga ráð fyrir því að settar verði reglur um markaðstorg („multilateral trading facility" eða MTF). Skylt verður að innleiða þær reglur í íslenska löggjöf þegar tilskipunin hefur verið tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Með þessu frumvarpi eru stigin fyrstu skrefin í að setja reglur um markaði af þessum toga.

Í *fimmta lagi* eru með frumvarpi þessu lagðar til reglur um markaði með bréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þannig gerir það ráð fyrir að komið verði skipulagi á viðskipti sem nú fara fram utan markaða. Með því að setja reglur um þennan hluta verðbréfamarkaðarins, sem nú lýtur ekki sérstökum reglum, er öryggi í starfsemi slíkra markaða betur tryggt. Jafnframt er fjárfestum veitt grundvallarvernd sem felst m.a. í jafnræði þeirra til að fá upplýsingar og að komið sé í veg fyrir markaðssvik, þ.e. innherjasvik og markaðsmisnotkun. Ætla má að markaðstorg stuðli þannig að aukinni skilvirkni á fjármálamarkaði.

Í *sjötta og síðasta lagi* má benda á að með því að setja regluverk um þessa tegund markaða verður samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja sem reka verðbréfamarkaði gagnvart erlendum mörkuðum betri, sem og samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja í leit að fjármagni. Í þessu samhengi má nefna að víða erlendis hafa verið settir á laggirnar markaðir sem ætlaðir eru minni vaxtarfyrirtækjum og gera minni kröfur en aðalmarkaðir viðkomandi landa. London Stock Exchange hefur frá árinu 1995 rekið svonefndan AIM-verðbréfamarkað. Sá markaður er byggður á reglum sem kauphöllin í London hefur sjálf sett um markaðinn. Danmörk og jafnvel fleiri nágrannalönd hafa í huga að feta í fótspor Englendinga á næstunni. AIM-markaðurinn hefur átt mjög góðu gengi að fagna og eru um 1.000 fyrirtæki þegar skráð á þeim markaði. Reiknað er með að 150–200 ný fyrirtæki skrái verðbréf á þeim markaði á hverju ári á næstu árum.

Samkvæmt núgildandi lögum hafa verðbréfmarkaðir á Íslandi verði flokkaðir með tvennum hætti, annars vegar skipulegir verðbréfamarkaðir og hins vegar aðrir verðbréfmarkaðir. Reglur laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, hafa fyrst og fremst fjallað um starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða en ekki gilt um aðra verðbréfamarkaði. Undantekning frá þessu er 34. gr. laganna sem ætlað er að koma í veg fyrir rugling milli þessara tveggja markaða. Í lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, er að finna reglur sem gilda um viðskipti á báðum tegundum þessara markaða. Sumar reglur þeirra laga gilda hins vegar eingöngu um skipulega markaði. Má þar nefna reglur um flöggunarskyldu í V. kafla, yfirtökutilboð í VI. kafla, tilboðsyfirlit í VII. kafla, verðmyndun og markaðsmisnotkun í VIII. kafla og innherjaviðskipti í IX. kafla. Reglur um upplýsingaskyldu skv. 24. gr. laga nr. 34/1998 gilda eingöngu um fyrirtæki sem skráð eru í kauphöll. Takmörkuð upplýsingaskylda hvílir á félögum sem ekki hafa skráð verðbréf í kauphöll samkvæmt reglum um almenn útboð í IV. kafla laga nr. 33/2003 og þeim lögum sem gilda um viðkomandi félagsform, sbr. t.d. lög um hlutafélög nr. 2/1995. Þá er í lögum eingöngu að finna reglur um skilyrði skráningar á verðbréfamarkaði þegar um er að ræða skráningu verðbréfa í kauphöll og á skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 17. og 32. gr. laga nr. 34/1998.

Við mótun reglnanna í frumvarpi þessu hefur verið höfð hliðsjón af reglum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga sem fjalla um

markaðstorg („multilateral trading facility“ eða MTF). Megininntak þeirra reglna er að tryggja að markaðstorg fari eftir ákveðnum lágmarkskröfum sem tryggja öryggi í viðskiptum og gott skipulag starfsemi þeirra. Einnig er gerð krafa um ákveðna lágmarksvernd fyrir fjárfesta með því að koma á upplýsingaskyldu um verðbréfin og útgefendur þeirra og reglur sem eiga að koma í veg fyrir markaðssvik. Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar gerir frumvarpið ráð fyrir því að þeir aðilar sem starfrækja markaði af þessum toga setji sér nánari reglur um önnur atriði í starfseminni og reglur sem þátttakendur á markaðinum verða að fara eftir. Skráning fjármálagerninga á slíkan markað felur ekki í sér þá gagnkvæmu viðurkenningu innan EES sem felst í skráningu í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Á grundvelli þessara viðmiða er gert ráð fyrir að um markaðstorgin muni gilda almennar reglur um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa á innherjaupplýsingum. Aðilum sem reka markaðstorg mun hins vegar sjálfum falið að setja reglur um aðra þætti í upplýsingaskyldu útgefenda, t.d. um birtingu ársreikninga og milliuppgjör, hluthafafundi o.s.frv. Þá munu reglur 43.–51. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, um innherjaupplýsingar og innherjasvik gilda um starfsemi markaðstorga. Reglur laga um verðbréfaviðskipti um viðskiptavaka og markaðsmisnotkun, sbr. 40.–41. gr. laganna, munu einnig gilda fyrir hina nýju tegund verðbréfmarkaða.

Eins og fram kemur hér á undan er ætlunin með markaðstorgi að skapa viðskiptavettvang sem hentar smáum og millistórum fyrirtækjum og ungum fyrirtækjum í örum vexti. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir í frumvarpinu að bundnar verði í lög takmarkanir á stærð fyrirtækja sem skráð eru á markaðstorgi. Flest rök hníga að því að láta markaðinum það eftir að ákvarða hvort fyrirtæki skrái sig í kauphöll, á skipulegan tilboðsmarkað eða markaðstorg. Ætla má að með skráningu í kauphöll eða á skipulegan tilboðsmarkað standi fyrirtækjum til boða fjármagn við lægri kostnaði en fyrirtækjum sem skráð eru á markaðstorgi (sem aftur má ætla að bjóðist hagstæðari fjármögnunarmöguleikar en óskráðum fyrirtækjum). Þennan mismun má rekja til ríkari krafna sem gerðar eru til fyrirtækja í kauphöll og á skipulegum tilboðsmarkaði og til þess að ólíkt skráningu á markaðstorgi fjármálagerninga opnar skráning á tvo fyrrnefndu markaðina leið til öflunar hlutafjár innan Evrópska efnahagssvæðisins. Allar líkur eru þar af leiðandi á því að fyrirtæki sem ætla sér að afla verulegs fjármagns, oftast stór fyrirtæki, leiti í kauphöll fremur en á markaðstorg enda yfirvinnur lægri fjármagnskostnaður hærri kostnað við skráningu. Með sömu rökum má búast við því að flest þau fyrirtæki sem skráð yrðu á markaðstorgi væru tiltölulega smá, þó að engin stærðarmörk yrðu sett. Hins vegar kunna að vera stór fyrirtæki sem ætla sér ekki að afla mikils fjár um sinn en sjá hag í skráningu af öðrum ástæðum, t.d. til að fá áreiðanlegra mat á verðmæti hlutabréfa og kauprétta sem veittir eru starfsmönnum. Sum stór fyrirtæki kunna einnig að vilja nota markaðstorg til að fóta sig á markaðinum áður en til opinberrar skráningar í kauphöll kemur. Ekki er hagkvæmt að lokað sé fyrir möguleika slíkra fyrirtækja til skráningar með skilyrðum í lögum um stærð fyrirtækja sem geta skráð sig á markaðstorgi eða með skilyrðum um gerð þeirra að öðru leyti.

Reglum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, sem gilda sérstaklega fyrir útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, eins og um flöggun og yfirtökutilboð, er ekki ætlað að gilda fyrir markaðstorg. Rökin eru þau að rétt sé að láta markaðina sjálfa um að ákveða hvort slíkar reglur séu heppilegar og jafnframt að gefa þeim svigrúm til að móta þessar reglur eftir eigin höfði og kröfum fjárfesta. Má nefna sem dæmi að skv. 5. mgr. 52. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, ber að tilgreina í ársreikningi fjölda hluthafa og þá hluthafa sem eiga meira en 10% í félagi. Hugsanlegt er að fjárfestum þyki upplýsingagjöf af þessum toga nægjanleg til að meta hvort viðkomandi félag er æskilegur fjárfestingar-

kostur. Einnig hafa hluthafar aðgang að hluthafaskrám og geta þannig aflað sér upplýsinga um það hverjir eru hluthafar í félaginu og hversu stóran hlut þeir eiga. Því er hins vegar við að bæta að fjárfestar kunna að vilja kynna sér hluthafalista áður en þeir taka ákvörðun um kaup á bréfum. Mætti því hugsa sér að markaðstorg geti skyldað útgefendur til þess að veita opinberan aðgang að hluthafaskránni þannig að þeir gætu fylgst með breytingum á hluthafahópnum þegar þeim hentar. Mætti hugsa sér reglulega birtingu á lista yfir stærstu hluthafa, t.d. á heimasíðu félags og/eða á síðu markaðstorgs. Slíkar reglur gætu hæglega þótt fullnægjandi fyrir fjárfesta og komið í staða reglna um flöggun. Þótt reglur um yfirtökutilboð tryggi stöðu minnihlutahluthafa að vissu marki fylgir þeim hins vegar mikil kvöð fyrir aðila sem eignast meira en 40% atkvæðisréttar. Benda má á í þessu sambandi að reglur um yfirtökutilboð eru ekki samræmdar á Evrópska efnahagsvæðinu nema að takmörkuðu leyti. Þannig ákveða aðildarríkin sjálf við hvað mörk yfirtökuskylda stofnast. Markaðstorgum er ætlað að þjóna minni og meðalstórum fyrirtækjum svo og nýsköpunarfyrirtækjum. Gera má ráð fyrir að í slíkum fyrirtækjum, sem eru að þróast og umsvif að aukast, sé aðstaðan oft sú að einstakur aðili eigi stóran eignarhlut í félaginu og að sá hlutur kunni að skipta um eigendur. Strangar kvaðir um yfirtökuskyldu í slíkum félögum, líkar þeim sem eiga við um fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllum og skipulegum tilboðsmörkuðum, gætu orðið til þess að draga úr áhuga eigenda slíkra félaga til þess að skrá verðbréf á markaðstorgi og komið í veg fyrir eðlilega endurnýjun hluthafa. Markaðstorg yrði t.d. kjörinn vettvangur fyrir frumkvöðla félaga til að losa um eignarhald sitt og gætu of ströng yfirtökuskilyrði virkað hamlandi þar sem líkur eru á að stórir fjárfestar kæmu inn í félögin í staðinn og þyrfti að tryggja að þá skapaðist ekki yfirtökuskylda. Fjölda afskráninga af markaði á síðustu missirum má rekja til gildandi lagaákvæða um yfirtöku. Auðvelt hefur reynst að yfirtaka félögin og afskrá þau í kjölfarið.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að dregið verði úr neytendavernd miðað við óskráð félög heldur ætti hún að aukast vegna krafna um upplýsingagjöf sem viðbúið er að viðkomandi markaður muni setja til að tryggja trúverðuga verðmyndun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að starfsleyfi til að reka markaðstorg verði aðeins veitt fjármálafyrirtækjum sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta og skipulegum verðbréfamörkuðum.

Lögð er áhersla á það að stjórn markaðstorgs beri ábyrgð á því að starfsemi þess fari fram á öruggan og hagkvæman hátt. Með þessu er lögð áhersla á að stjórn markaðstorgs verði sjálf að haga starfseminni þannig að tryggt sé öryggi og hagkvæmni í starfseminni. Í 1.– 8. tölul. 3. mgr. er mælt fyrir um að stjórn markaðstorgs skuli setja reglur um tiltekna þætti í starfseminni. Gert er ráð fyrir að reglur markaðarins skuli fylgja með umsókn um starfsleyfi. Þær kröfur sem settar eru fram í 3. mgr. eru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 14., 26., 29. og 30. gr. tilskipunar 2004/39/EB um starfsemi markaðstorga fjármálagerninga („*multilateral trading facility*“ eða *MTF*). Í því skyni að tryggja nauðsynlega fjárfestavernd er lagt til í 4. mgr. að reglur laga um verðbréfaviðskipti um verðmyndun á verðbréfamarkaði og meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sem fram koma í lögum skuli taka til fjármálagerninga sem skráðir eru á markaðstorgi. Reglur 4. og 5. mgr. eru í samræmi við þær reglur sem fram koma í 32. gr. laganna um skipulega tilboðsmarkaði og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi markaðstorga með sama hætti og það hefur nú eftirlit með skipulegum verðbréfamörkuðum. Hefur Fjármálaeftirlitið því sambærilegar heimildir til upplýsingaöflunar og aðgerða ef tilefni þykir til.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að girt verði fyrir að félög sem skráð eru í kauphöll við gildistöku laganna geti skráð sig á markaðstorgi fram til 1. júlí 2006. Með þessu er lögð áhersla á að markaðstorg er ætlað smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem og vaxtarfyrirtækjum. Til frambúðar verður þó ekki girt fyrir þennan möguleika og er það í samræmi við tilskipun 2004/39/EB. Stjórn kauphallar er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu banni þjóni það hagsmunum fjárfesta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að kveða nánar á um upplýsingagjöf og gegnsæi vegna viðskipta með eða tilboða í verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1067. Tillaga til þingsályktunar [709. mál]

um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Frumvarp þess efnis verði lagt fram á næsta löggjafarþingi með það að markmiði að lög þessa efnis geti tekið gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Réttlát skattheimta grundvallast á því að skattgreiðendur telji tekjur sínar rétt fram og að skattyfirvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna virku og eðlilegu skatteftirliti. Hér á landi hafa skattyfirvöld yfirleitt greiðan aðgang að upplýsingum um launatekjur, fasteignir og fasteignaviðskipti, ökutækjaeign og ýmis lánaviðskipti alls almennings. Þegar hins vegar kemur að fjármagnstekjum er allt annað uppi á teningnum. Bankar og fjármálastofnanir á Íslandi hafa tregðast við að veita skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreiðenda og þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisskattstjóraembættisins á síðasta ári hafa flest fyrirtækin látið það algerlega undir höfuð leggjast.

Fram hefur komið að Ísland sker sig úr á Norðurlöndum að þessu leyti og er í miklum minni hluta innan OECD þar sem yfirvöld í 20 ríkjum af 30 fá umræddar upplýsingar sjálfkrafa frá bönkum og fjármálastofnunum. Í viðtali við Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu 6. mars sl. kom fram að slík skil hefðu aukist um 20% í Svíþjóð í kjölfar lagasetningar um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu má ætla að skattskil vegna fjármagnstekna mundu einnig aukast um nálega fimmtung ef sama verklag væri viðhaft hér á landi.

Fram hefur komið í fréttum að ríkisskattstjóri telji alls vanta á annan tug milljarða í skattstofn vegna fjármagnstekna. Þar af virðist undandreginn hagnaður af sölu hlutabréfa vera á bilinu 5–10 milljarðar kr. Þótt skatthlutfall fjármagnstekna sé aðeins 10% hér á landi bendir allt til þess að meira en 1 milljarði kr. sé skotið undan fjármagnstekjuskatti á ári hverju. Auðveldlega má koma í veg fyrir þess háttar skattsvik með einfaldri lagasetningu eins og hér er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulega löggjafarþing.

Með tillögunni var fylgiskjal: Mun minni hætta á svikum ef yfirvöld fengju upplýsingar frá bönkum. (Frétt úr Morgunblaðinu 6. mars 2005.)

1068. Fyrirspurn [710. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslur gjalda íslensks skipaiðnaðar.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum nefndar sem í febrúar skilaði tillögum sem m.a. fólust í því að hækka endurgreiðslur aðflutningsgjalda til skipaiðnaðarins til að jafna aðstöðu innlendra skipasmíðastöðva í samanburði við erlendar stöðvar?

1069. Tillaga til þingsályktunar [711. mál]

um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Bjarnason, Magnús Þór Hafsteinsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að fé verði veitt til kaupa og reksturs á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Greinargerð.

Árið 2002 ályktaði Alþingi síðast um deilur Ísraels og Palestínumanna. Lýst var áhyggjum af því ófriðarástandi sem þá ríkti fyrir botni Miðjarðarhafs og lagði Alþingi m.a. áherslu á virðingu fyrir mannréttindum.

Þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og áskoranir, hvatningar og stuðning einstakra ríkja og ríkjasambanda við lausn deilunnar virðist sem ekki sjái fyrir endann á því dapurlega ástandi sem þarna ríkir.

Heilbrigðisþjónusta telst almennt til sjálfsagðra mannréttinda og á ófriðarsvæðum eykst þörfin fyrir hana til muna. Aðgerðir Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum, vegatálmanir og varðstöðvar og aðskilnaðarmúrinn, sem þeir eru að reisa um byggðir Palestínumanna í trássi við alþjóðalög, hindra eðlilegan aðgang fjölda Palestínumanna jafnt að almennri heilsugæslu og hvers konar bráðaþjónustu. Þessar aðstæður ógna ekki aðeins heilsu fjölda manna heldur hafa þær kostað fjölmörg mannslíf. Við þessum aðstæðum er reynt að bregðast með endurskipulagningu svæðisbundinnar heilbrigðisþjónustu fyrir þorp og dreifbýli utan múrsins og stærri þéttbýlissvæði. Annars staðar er erfiðara að koma slíkri miðlægri heilbrigðisþjónustu við og þar er færanleg sjúkrastöð talin best til þess fallin að bæta úr þeirri brýnu þörf sem aðskilnaðarmúrinn og aðrar ráðstafanir hafa skapað.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld beini sérstaklega sjónum að aðstæðum Palestínumanna og leiti leiða til að takmarka það tjón sem aðgerðir Ísraelsmanna valda palestínsku samfélagi og velferðarþjónustu í samræmi við auknar áherslur stjórnvalda og Alþingis á alþjóðlega þróunarsamvinnu og þátttöku í friðargæslu. Með því að Alþingi veiti fé til kaupa á færanlegri sjúkrastöð getur Ísland lagt sitt af mörkum til að bæta úr brýnni þörf fyrir heilsugæslu á hluta af sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna á meðan ófriðarástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins varir.

1070. Fyrirspurn [712. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall innflytjenda í framhaldsskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvert var brottfall innflytjenda og barna innflytjenda í framhaldsskólum á síðasta skólaári, sundurliðað eftir:

a. kynjum og skólum á vorönn og á haustönn,
b. bóknámi og verknámi?

Skriflegt svar óskast.

1071. Fyrirspurn [713. mál]

til menntamálaráðherra um menningarsamning fyrir Vesturland.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað líður gerð menningarsamnings fyrir Vesturland?
2. Hvenær er áætlað að hægt verði að undirrita menningarsamning milli menntamálaráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi?

1072. Fyrirspurn [714. mál]

til iðnaðarráðherra um Byggðastofnun.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra byggðamála bregðast við fyrirsjáanlegum fjárhagserfiðleikum Byggðastofnunar í kjölfar breytinga á fjármálamarkaði?

1073. Fyrirspurn [715. mál]

til iðnaðarráðherra um nýjar hitaveitur.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve mikið fé hefur verið veitt í styrki til nýrra hitaveitna sl. 10 ár, greint eftir árum og á núvirði?
2. Hvað er áætlað að sparast hafi í niðurgreiðslum vegna hitunar íbúðarhúsnæðis á sama tímabili, greint eftir árum og á núvirði?
3. Hvað hefur verið greitt í styrki vegna niðurgreiðslu húshitunar sl. 10 ár, á núvirði, greint eftir árum?
4. Hvað er áætlað í niðurgreiðslu vegna hitunar íbúðarhúsnæðis á árinu 2005?

Skriflegt svar óskast.

1074. Fyrirspurn [716. mál]

til heilbrigðisráðherra um uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Uppfyllir núverandi aðbúnaður á stofnunum fyrir aldraða þau ákvæði laga um málefni aldraðra að við hönnun skuli þess sérstaklega gætt að þær séu heimilislegar og að flestir hafi eigið herbergi?
2. Er í undirbúningi áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu þar sem tryggt verði að aldraðir á hjúkrunar- og dvalarheimilum þurfi ekki gegn vilja sínum að deila herbergi með öðrum?

Skriflegt svar óskast.

1075. Fyrirspurn [717. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti.

Frá Gunnari Birgissyni.

Hverjar hafa verið árlegar tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti á tímabilinu 2000–2004 og fyrstu þrjá mánuði ársins 2005, á verðlagi í apríl 2005?

Skriflegt svar óskast.

1076. Fyrirspurn [718. mál]

til félagsmálaráðherra um lóðaúthlutunarreglur Reykjavíkurborgar.

Frá Gunnari Birgissyni.

Uppfylla úthlutunarreglur Reykjavíkurborgar varðandi úthlutun byggingarréttar við Lambasel kröfur félagsmálaráðuneytisins til lóðaúthlutunar hjá sveitarfélögum?

1077. Fyrirspurn [719. mál]

til samgönguráðherra um framlög til nýframkvæmda í vegagerð.

Frá Gunnari Birgissyni.

Hver voru framlög til nýframkvæmda í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1990–2004:

a. á verðlagi í apríl 2005,
b. sem hlutfall af framlagi til allra nýframkvæmda á landinu að jarðgöngum meðtöldum?

Skriflegt svar óskast.

1078. Frumvarp til laga [720. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (IX.)

Í stað þess að öðru gjaldtímabili þungaskatts skv. B-lið 7. gr. ljúki 10. júní 2005 skal því ljúka 30. júní 2005. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki sitt til álestraraðila á tímabilinu frá 15. júní til 30. júní 2005 og láta lesa af ökumæli og skrá stöðu hans.

Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 1. júlí 2005 og eindagi er 15. ágúst 2005.

Sé lesið af ökumæli ökutækis sem er undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd á tímabilinu 15. til og með 29. júní skal akstur ökutækisins áætlaður frá álestrardegi til loka álestrartímabils. Aksturinn skal áætlaður þannig að reiknað er út meðaltal ekinna kílómetra á dag á milli álestra og það margfaldað með fjölda þeirra daga er eftir eru af álestrartímabilinu.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabilinu gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr.

b. (X.)

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu senda tollstjóra upplýsingar um birgðir af olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er á innlendum birgða- og sölustöðum. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast tollstjóra eigi síðar en 1. ágúst 2005.

Aðilar sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu senda tollstjóra upplýsingar um birgðir af olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005 ef þær eru yfir 1.500 lítrum. Þeim aðilum ber að greiða olíugjald af heildarbirgðum sínum í samræmi við ákvæði þeirra laga. Eiganda eða umráðamanni birgða skal skylt að aðstoða við birgðakönnun óski tollstjóri slíkrar aðstoðar. Tollstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 2005. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en 15. ágúst 2005.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., gildir ákvæði þetta þar til staðin hafa verið skil á olíugjaldi af þeim gjaldskyldu birgðum sem eru í landinu 1. júlí 2005, í samræmi við 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði tvö ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum. Tilefni þessa frumvarps eru þau lagaskil

er verða 1. júlí 2005 þegar olíugjald og kílómetragjald leysa núverandi þungaskattskerfi af hólmi, sbr. lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Vegna upptöku olíugjalds 1. júlí 2005 er nauðsynlegt að kveða á um hvernig uppgjöri þungaskatts ökutækja á ökumæli skuli háttað við þau tímamót.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að farin verði sú leið að lengja annað gjaldtímabil ársins 2005 þannig að í stað þess að því ljúki 10. júní 2005 skuli því ljúka 30. júní 2005. Þá er lagt til að álestrartímabilið verði stytt úr 20 dögum í 15 daga og að gjalddagi verði færður til 1. júlí og eindagi til 15. ágúst 2005.

Í 3. mgr. er lagt til að reiknað verði út meðaltal ekinna kílómetra á dag á milli álestra af ökumælum ökutækja sem eru undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd og látið er lesa af á tímabilinu 15. til og með 29. júní. Á grundvelli þess meðaltals yrði akstur áætlaður til 30. júní. Með þessu móti er álagning þungaskatts tryggð út gjaldtímabilið en ekki hefði verið unnt að stefna öllum eigendum ökutækja á ökumæli til álestrar sama dag. Til frekari skýringar á ákvæðinu má nefna eftirfarandi dæmi: Lesið er af ökumæli ökutækis 28. júní. Síðasti álestur er frá 10. febrúar. Á þessu 138 daga tímabili hefur ökutækinu verið ekið 6.900 km. Að meðaltali hefur þá ökutækinu verið ekið 50 km á dag (6.900 km/138 dagar). Samkvæmt ákvæðinu bætast þá við 100 km (2 dagar × 50 km) þannig að við álagningu þungaskatts er miðað við 7.000 km akstur.

Rétt er að geta þess að hafi eigandi ökutækis látið lesa af ökumæli ökutækis síns snemma á álestrartímabilinu á hann þess kost að láta lesa af ökumælinum að nýju seinna á álestrartímabilinu telji hann það sér í hag.

Ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd verða áfram á ökumæli, sbr. lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Mun því verða farið með þau eins og jafnan hefur verið við gjaldskrárbreytingar, að reiknað er meðaltal aksturs milli álestra og álagning hlutfallsleg í samræmi við það eftir gömlu og nýju gjaldskránni.

Í 4. mgr. er kveðið á um að 2. og 3. mgr. 13. gr. laganna gildi ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabilinu, en ákvæði þessi fjalla um áætlanir þungaskatts og álagsbeitingu. Með þessu ákvæði eru tekin af öll tvímæli um að þessar reglur gildi á öðru gjaldtímabili 2005.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða við lögin er fjallar um olíubirgðir á landinu við þau lagaskil er verða 1. júlí 2005 þegar lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., öðlast gildi og afnema lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum. Í 1. mgr. er lagt til að gjaldskyldir aðilar í skilningi 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., sendi upplýsingar um magn olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005 til tollstjóra. Nauðsynlegt er með tilliti til eftirlits að við þessi tímamót liggi fyrir þessar upplýsingar um magn gjaldskyldrar olíu á landinu.

Í 2. mgr. er fjallað um birgðir annarra en þeirra er gjaldskyldir eru skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Hér getur bæði verið um að ræða einstaklinga og fyrirtæki. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sú skylda á þessum aðilum að upplýsa tollstjóra um magn birgða og greiða af þeim olíugjald í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., ef birgðirnar eru meiri en 1.500 lítrar. Gjalddagi olíugjalds samkvæmt þessari málsgrein er 15. ágúst 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi ákvæði um hvernig uppgjöri þungaskatts af ökutækjum með ökumæli skuli hagað þegar lög um olíugjald taka gildi 1. júlí nk. Í öðru lagi eru í frumvarpinu ákvæði um að aðilar veiti upplýsingar um magn olíubirgða þegar lögin um olíugjaldið ganga í gildi. Lögfesting frumvarpsins ætti ekki að hafa í för með sér teljandi kostnað fyrir ríkissjóð.

1079. Tillaga til þingsályktunar [721. mál]

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2005–2008 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Á árunum 2005–2008 skal unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir fjögur meginmarkmið samgönguáætlunar. Eftirfarandi markmið eru í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 auk stefnumótunar stjórnvalda um öryggi í umferð til ársins 2016:

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Verkefni:

a. Farið verði yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna.
b. Endurbætt verði stýring umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin.
c. Tryggt verði að Ísland hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.

1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Verkefni:

a. Unnin verði úttekt og settar fram tillögur um hvernig nýta megi markaðsöflin við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna.
b. Skoðuð verði gjaldtaka af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna.
c. Unnið verði að rannsóknum og þróun á viðmiðum og líkönum til þess að meta samgöngukerfið.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Verkefni:

a. Efldar verði rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.
b. Skilgreind verði líffræðilega mikilvæg hafsvæði og settar reglur um siglingar.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.

Verkefni:

a. Unnið verði að sérstakri umferðaröryggisáætlun og framkvæmdaáætlun hennar þar sem markmiðið er að auka öryggi á vegum.
b. Áfram verði unnið að öflugum rannsóknum sem stuðla að auknu öryggi í samgöngum.
c. Eflt verði upplýsingastreymi um hvers konar atvik og atburði í almennum samgöngum til að stuðla að auknu öryggi.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Fjármál.

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	2005	2006	2007	2008	Samtals
TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Flugvallagjald	785	809	833	858	3.284
Afgreiðslugjald	17	17	17	17	68
Beint framlag úr ríkissjóði	888	946	946	946	3.726
Ríkistekjur	151	151	151	151	605
Sértekjur					0
Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu	1.930	1.930	1.930	1.930	7.720
Aðrar sértekjur	485	485	485	485	1.941
TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS	**4.256**	**4.338**	**4.362**	**4.387**	**17.343**
Viðskiptahreyfingar:					
Lántökur	0	0	0	0	0
Afborganir lána	-166	-115	-115	-115	-512
Viðskiptahreyfingar samtals	-166	-115	-115	-115	-512
TIL RÁÐSTÖFUNAR	**4.090**	**4.223**	**4.247**	**4.272**	**16.831**
GJÖLD					
Rekstur og þjónusta					
Rekstur 1.01	1.597	1.689	1.722	1.734	6.742
Alþjóðaflugþjónustan	1.930	1.930	1.930	1.930	7.720
Framlag til alþjóðaflugþjónustu 1.81	97	97	97	97	388
Rekstur samtals	**3.623**	**3.716**	**3.749**	**3.761**	**14.849**
Viðhald og styrkir					
Viðhaldssjóðir	131	187	140	137	595
Viðhald og styrkir samtals	131	187	140	137	595
Stofnkostnaður					
Flugvellir í grunnneti	330	330	358	347	1.365
Áður framkvæmt/afborganir	-166	-115	-115	-115	-512
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	17	10	10	10	47

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	2005	2006	2007	2008	Samtals
Aðrir flugvellir utan grunnnets	16	15	23	50	104
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	139	80	82	82	383
Stofnkostnaður samtals	336	320	358	374	1.387
GJÖLD ALLS	**4.090**	**4.223**	**4.247**	**4.272**	**16.831**

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	2005	2006	2007	2008
Viðhald og styrkir				
Viðhaldssjóðir	131	187	140	137
Viðhald og styrkir alls	131	187	140	137
Stofnkostnaður				
Flugvellir í grunnneti	330	308	358	347
Áður framkvæmt/afborganir	-166	-115	-115	-115
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	17	0	0	0
Aðrir flugvellir utan grunnnets	16	15	23	50
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	139	112	92	92
Stofnkostnaður alls	336	320	358	374
Gjöld alls	**467**	**507**	**498**	**511**

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
2.2.1 Viðhald.

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	2005	2006	2007	2008
Yfirborð brauta og hlaða	23	106	71	57
Byggingar, búnaður og önnur verkefni	40	8	11	12
Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar	8	8	8	8
Tækjasjóður	60	65	50	60
	131	**187**	**140**	**137**

2.2.2 Stofnkostnaður.
2.2.2.1 Grunnnet.

Flokkur	*Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.* Staður – verkefnaflokkur		2005	2006	2007	2008
I	Reykjavíkurflugvöllur					
	1. Flugbrautir og hlöð		0	0	70	80
	2. Byggingar		11	0	0	30
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		13	0	0	20
		Samtals	23.5	0	70	130
I	Akureyrarflugvöllur					
	1. Flugbrautir og hlöð		16	36	69	0
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		25	5	0	24
		Samtals	41	41	69	24
I	Egilsstaðaflugvöllur					
	1. Flugbrautir og hlöð		0	0	23	32
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	20	29	41
		Samtals	0	20	52	73

Flokkur	*Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.* Staður – verkefnaflokkur		2005	2006	2007	2008
II	Vestmannaeyjar / Bakki					
	1. Flugbrautir og hlöð		8	27	5	0
	2. Byggingar		10	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	12	0	0
		Samtals	18	39	5	0
II	Ísafjörður / Þingeyri					
	1. Flugbrautir og hlöð		81	77	12	0
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	0	30	0
		Samtals	81	77	42	0
II	Bíldudalur					
	1. Flugbrautir og hlöð		0	5	0	0
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	0	0	0
		Samtals	0	5	0	0
II	Sauðárkrókur					
	1. Flugbrautir og hlöð		0	0	0	0
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	0	0	5
		Samtals	0	0	0	5
II	Þórshöfn					
	1. Flugbrautir og hlöð		0	6	0	0
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	0	5	0
		Samtals	0	6	5	0
II	Hornafjörður					
	1. Flugbrautir og hlöð		0	0	0	0
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0	5	0	0
		Samtals	0	5	0	0
	Samtals vellir í grunnneti		**164**	**193**	**243**	**232**

2.2.2.2 Áætlunarvellir utan grunnnets.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur		2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
III	Gjögur					
	1. Flugbrautir og hlöð		12	0	0	10
	2. Byggingar		0	0	0	0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		5	0	0	0
		Samtals	17	0	0	10
	Samtals áætlunarvellir utan grunnnets		**17**	**0**	**0**	**10**

2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

	Staður – verkefnaflokkur	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
	Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
IV, V	1. Flugbrautir og hlöð	11	15	19	18
og VI	2. Byggingar	5	0	4	10
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	0	0	12
	Samtals	16	15	23	40
	Samtals aðrir flugvellir og lendingarstaðir	**16**	**15**	**23**	**40**

2.2.2.4 Önnur mannvirki, búnaður og verkefni.

	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Flugstjórnarmiðstöð	15	15	15	15
Leiðarflug	0	0	0	0
GNSS/AIS/Upplýsingaþjónusta	12	12	8	8
Flugprófunarbúnaður	40	0	0	0
Veðurupplýsingakerfi	3	3	4	4
Flugvernd og öryggismál	3	4	3	3
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	28	38	20	20
Þróun og frumáætlanir	10	12	14	14
Stjórnunarkostnaður	28	28	28	28
Samtals	139	112	92	92
Samtals önnur mannv., búnaður og verkefni	**139**	**112**	**92**	**92**

2.3 Flokkun flugvalla eftir hlutverki.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í grunnneti: Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavík, Norðfjörður, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Reykjahlíð, Rif, Siglufjörður, Blönduós, Sandskeið og Stykkishólmur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Hella, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Húsafell, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Selfoss, Skálavatn, Skógasandur, Stóri-Kroppur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN
3.1 Fjármál.

	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Tekjur og framlög:					
Markaðar tekjur					
Vitagjald	103,5	103,5	103,5	103,5	414,0
Framlög úr ríkissjóði	1.628,0	1.548,6	1.119,3	1.039,3	5.335,2
Aðrar ríkistekjur					
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	1,3	1,3	5,2
Vottorð	1,3	1,3	1,3	1,3	5,2
Sértekjur	132,1	132,1	120,0	100,0	484,2
Tekjur og framlög alls	**1.866,2**	**1.786,8**	**1.345,4**	**1.245,4**	**6.243,8**
Viðskiptahreyfingar					
Hafnabótasjóður	10,7	10,7	10,7	10,7	41,2
Til ráðstöfunar alls	**1.876,9**	**1.797,5**	**1.356,1**	**1.256,1**	**6.285,0**
Rekstrargjöld:					
Almennur rekstur					
Yfirstjórn	80,9	82,9	84,9	89,9	338,6
Skipaeftirlit	74,0	70,0	67,0	67,0	278,0
Hafnarríkiseftirlit	18,0	21,0	21,0	24,0	84,0
Siglingavernd	8,0	11,0	12,0	14,0	45,0
Minjavernd og saga	5,0	6,0	6,0	7,0	24,0
Hafnabótasjóður	10,7	10,7	10,7	10,7	42,8
Vitar og leiðsögukerfi	103,5	104,5	104,5	107,5	420,0
Rannsóknir, líkantilraunir og öryggismál					
Rannsóknir og þróun	46,0	46,0	48,0	54,0	194,0
Áætlun um öryggi sjófarenda	16,0	20,0	20,0	20,0	76,0
Líkantilraunir og grunnkort	20,0	20,0	20,0	20,0	80,0
Þjónustuverkefni	132,1	132,1	120,0	100,0	484,2
Vaktstöð siglinga	185,8	189,8	189,8	189,8	755,2
Rekstrargjöld alls	**700,0**	**714,0**	**703,9**	**703,9**	**2.821,8**
Stofnkostnaður:					
Tæki og búnaður	10,5	10,5	10,5	10,5	42,0
Vitar og leiðsögukerfi	20,4	21,1	21,1	21,1	83,7
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	946,8	865,1	377,7	202,3	2391,9
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	77,8	26,1	91,8	167,2	362,9
Hafnir, uppgjör eldri framkvæmda					
Lendingarbætur	6,3	5,3	5,3	5,3	22,2
Ferjubryggjur	8,5	8,5	8,5	8,5	34,0
Sjóvarnargarðar	106,6	115,2	105,6	105,6	433,0
Hafnabótasjóður, framlag	0,0	31,7	31,7	31,7	95,1
Stofnkostnaður alls	**1.176,9**	**1.083,5**	**652,2**	**552,2**	**3.464,8**
Gjöld alls	**1.876,9**	**1.797,5**	**1.356,1**	**1.256,1**	**6.286,6**

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
3.2.1 Rekstrargjöld.
Tafla 3-1. Útgjöld til áætlunar um öryggi sjófarenda.

Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
1. Menntun og þjálfun sjómanna	2,5	3,0	3,0	3,0
2. Öryggi farþegaskipa og farþegabáta	2,5	3,5	3,5	3,5
3. Átaksverkefni í fræðslu og áróðri	3,5	4,0	4,0	4,0
4. Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga	3,0	3,0	3,0	3,0
5. Söfnun og miðlun upplýsinga	0,5	0,5	0,5	0,5
6. Stöðugleiki skipa og báta	1,0	1,0	1,0	1,0
7. Öryggis- og gæðastjórnunarkerfi	0,5	0,5	1,5	1,5
8. Lög og reglur um eftirlit með skipum	0,5	0,5	0,5	0,5
9. Rannsóknir og öryggismál almennt	2,0	4,0	3,0	3,0
Samtals	**16,0**	**20,0**	**20,0**	**20,0**

3.2.2 Stofnkostnaður.
3.2.2.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar.
Tafla 3-2. Fjárveiting til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir /hafnasamlög	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Akranes		*			
Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík)	16,2	9,6	26,3		52,1
Grundarfjörður	20,2	49,6	9,1		78,9
Stykkishólmur	*		4,0		4,0
Vesturbyggð (Patreksfjörður)		66,5	43,4		109,9
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	47,4	65,4			112,8
Bolungarvík	25,6	23,3	18,4		67,3
Skagaströnd	67,5	14,8		9,4	91,7
Skagafjörður	18,6	3,2			21,8
	195,5	**232,4**	**101,2**	**9,4**	**538,5**
Norðausturkjördæmi					
Siglufjörður	22,0	21,1			43,1
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík, Ólafsfjörður)			7,8		7,8
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	64,6	34,8			99,4
Húsavík	29,5	55,5	14,5	27,0	126,5
Raufarhöfn	*				
Þórshöfn	4,1		33,4	9,1	46,6
Vopnafjörður	31,4	22,9		4,8	59,1
Seyðisfjörður	34,6	11,6			46,2
Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður)	86,9	184,3	60,0		331,2
Austurbyggð (Fáskrúðsfjörður)	5,0				5,0
Djúpivogur		1,1			1,1
	278,1	**331,3**	**115,7**	**40,9**	**766,0**
Suðurkjördæmi					
Hornafjörður	37,9	34,2	80,7		152,8
Vestmannaeyjar	45,0	40,0			85,0
Þorlákshöfn	175,8	118,5			294,3
Grindavík	166,0	53,0		45,8	264,8

Kjördæmi Hafnir /hafnasamlög	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Sandgerði	23,7				23,7
Reykjanesbær	1,9				1,9
	450,3	**245,7**	**80,7**	**45,8**	**822,5**
Óskipt					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	12,9	33,7	69,6	91,7	207,9
Til slysavarna o.fl.		12,0	10,5	14,5	37,0
Ferjulægi Bakkafjöru – rannsóknir	10,0	10,0			20,0
Fjárveitingar til hafna í grunnneti alls	**946,8**	**865,1**	**377,7**	**202,3**	**2.391,9**

*) Til er ónotuð fjárveiting frá fyrri árum sem unnið verður fyrir á Akranesi árið 2006, Stykkishólmi og Raufarhöfn árið 2005.

Tafla 3-3. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum í grunnneti.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs sem reiknast af heildarkostnaði að frádregnum virðisaukaskatti. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2005.

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akranes					
Endurröðun og styrking á grjótvörn aðalhafnargarði (150 m, u.þ.b. 8.000 m³)		28,6			75%
Viðhaldsdýpkun í höfn (áætlaðir efnisflutningar 3–4 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Snæfellsbær					
Rifshöfn:					
Lokið endurbyggingu trébryggju (5x18 m) og rif á eldri bryggju	28,6				60%
Tengibrautir að hafnarvog frá Staurakistu og stálþili (800+1.630 m²), slitlag og lýsing		8,0			60%
Lýsing við núverandi flotbryggju (ljósamastурshús 2x2, mastur og raflögn)		4,2			60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (áætlaðir efnisflutningar um 2 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Ólafsvík:					
Endurbygging trébryggju, verklok frá 2004	34,0				60%
Breikkun þekju við suðurþil úr 11 m í 20 m (810 m²)		7,6			60%
Endurbygging grjótgarða, Suður- og Norðurgarður (endurraða og bæta í um 7.000 m³)			43,6		75%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (áætlaðir efnisflutningar 3–4 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Grundarfjörður					
Ný bryggja sunnan Litlubryggju og rif Litlubryggju (breidd 20 m, norðurhlið 65 m, dýpi 6 m, suðurhlið 40 m, dýpi 4 m)	16,6	92,2			60%
Dýpkun hafnar við nýja bryggju, smábátaaðstöðu og víðar (um 20.000 m³, klöpp að hluta)	35,8				75%
Smábátaaðstaða, uppsátur (15x30 m), flotbryggja (10 m), lýsing, vatns- og raflögn		10,8			60%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Ný bryggja sunnan Litlubryggju, lagnir og þekja (1.300 m²)			28,3		40%
Stykkishólmur					
Stálþil Súgandisey, lagnir og þekja (700 m²)	9,6				60%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús	3,0				60%
Bryggja við Árnasteina, léttbyggð trébryggja (30 m, dýpi 3,0 m, 16 m, dýpi 2,5 m)			27,0		40%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (um 4.000 m³) og grjótvörn (500 m³) á enda Oddans	16,5				75%
Endurbygging stálþils, fyrri áfangi (140 m, dýpi 6–8 m, þekja 2.800 m²).		138,0			60%
Endurbygging stálþils, seinni áfangi (140 m þil, dýpi 6 m, þekja 2.800 m²).			135,0		40%
Ísafjarðarbær					
Ísafjörður:					
Hafnsögubátur, verklok samnings við Ósey hf. (smíðaverð án vsk.)	61,5				75%
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja við stálþil (steypt 350 m², 1.750 m² malbik, frestað 2004)	20,4				60%
Dýpkað í 8,5 m að Sundabakka (um 20.000 m³ dæling)	10,5				75%
Flotbryggja, Sundahöfn, endurbyggja 2 flot, endurnýja festingar og 4 staura (frestað 2004)	4,5				60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)	2,6				60%
Ný flotbryggja, Sundahöfn (40 m)	11,0				60%
Ásgeirsbakki, endurbygging þils frá 1955 (95 m, dýpi 8 m, þekja 1.900 m²)	68,8	41,7			60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu		34,0			60%
Dýpkun við Olíumúla (u.þ.b. 22.000 m³ – gröftur)		48,0			75%
Viðhaldsdýpkun, innsiglingarrenna (áætlaðir efnisflutningar 2–3 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Bolungarvík					
Endurbygging stálþils efst við Brjótinn (100 m, dýpi 7 m), lagnir og þekja (2.000 m²)	72,4	37,1			60%
Öldudempandi flái næst Brjót (100 m, um 3.000 m³)		9,0			75%
Grundargarður; endurbygging á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)			30,6		75%
Viðhaldsdýpkun, innsiglingarrenna (áætlaðir efnisflutningar 1–2 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Skagaströnd					
Uppgjör vegna upptökubrautar 2004	1,3				60%
Dýpka snúningssvæði í 6,5 m (12.000 m², 27.000 m³), innan Bræðslubryggju í 4 m (um 3.000 m³)	46,0				75%
Endurbygging á plani og löndunarbryggju, stálþil (75 m, dýpi 7 m) og rif á löndunarbryggju	81,4	30,7			60%
Lenging viðlegukants við hafnarvog, staurabryggja (40 m dýpi 4 m)				29,3	40%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlaðir efnisflutningar 2–3 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Skagafjörður					
Sauðárkrókur:					
Sandfangari, lenging um 30 m	17,0				75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)	3,0				60%
Grjótgarður innan Norðurgarðs til suðvesturs, þvergarður (35 m – um 7.000 m³)	13,0				75%
Smábátahöfn, endurbætur á aðstöðu smábáta		6,6			60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlaðir efnisflutningar 4–5 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjörður					
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót (um 120 m kafli, frestað 2004)	6,9				75%
Dýpkun við Óskarsbryggju (54.000 m², dæling)	31,0				75%
SR-bryggja, kaup og niðurrif (um 1.000 m² bryggja)	22,4				60%
Lenging skjólgarðs við Öldubrjót (80 m, um 35.000 m³ – þar af 15.000 úr dýpkun)		35,0			75%
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Togarabryggja, nýtt stálþil, lagnir og þekja (800 m³)	15,5				60%
Upptökubraut (5x20 m)	3,0				60%
Innsigling í Vesturhöfn, endurbygging og frágangur garðsenda			24,0		75%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlaðir efnisflutningar 4–5 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Dalvík:					
Styrking grjótvarnar á Suðurgarði og grjótflái við verbúð (8.000 m³), frestað 2004	21,0				75%
Timburbryggja á Suðurgarði, endurbygging (65 m), frestað 2004	43,0				60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling (áætlaðir efnisflutningar um 1 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Hafnasamlag Norðurlands					
Akureyri:					
Stálþil við Krossanes 2. áfangi, lagnir og þekja (2.400 m²), frestað 2004	35,3				60%
Ísbryggja ÚA, stálþil (70 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (1.600 m²)	55,0	27,8			60%
Upptökubraut, Sandgerðisbót (5x20 m)	3,0				60%
Tangabryggja, lenging til norðurs (100 m, dýpi 11 m) lagnir og þekja (3.000 m²)	91,3	44,5			60%
Húsavík					
Bökugarður, stálþil (130 m), lok verksamnings frá 2004 og lagnir og steypt þekja (3.900 m²)	121,0				60%
Endurbygging bryggju á Suðurgarði, 1. áfangi (150 m stálþil, dýpi 6 til 6,5 m)		115,2			60%
Endurbygging Suðurgarðs, lagnir og þekja (2.600 m²) 1. og 2. áfangi 60 m bryggja, dýpi 3,5 m			45,2	53,0	40%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Trébryggja í smábátahöfninni, endurbygging (60 m, dýpi 3 m)				31,0	40%
Viðhaldsdýpkun, innsigling (áætlaðir efnisflutningar um 1 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Raufarhöfn					
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við hótel Norðurljós (120 m)	6,1				60%
Slitlag á smábátagarð (u.þ.b. 1.500 m² klæðning)	3,6				60%
Breikkun þekju (10x55 m steypt) og tengibraut að löndunarbryggju (800 m² klæðning)	7,5				60%
Þórshöfn					
Endurbygging löndunarbryggju, stálþil (50 m), lagnir og þekja (1.500 m³), og breikkun harðviðar-bryggju	63,7				60%
Lenging Norðurgarðs (50 m, um 15.000 m³)	38,0				75%
Hafskipabryggja, endurbygging, stálþil (135 m, dýpi 6,5–8 m)			103,9	28,3	40%
Vopnafjörður					
Miðbryggja–Löndunabryggja, stálþil (108 m)	110,6	47,6			60%
Dýpkað í 9 m að Miðbryggju eftir endurbyggingu og stækkun (um 3.000 m³)	11,0				75%
Ásgarður, endurnýja staura í trébryggju og steypukant á stálþili				15,0	40%
Seyðisfjörður					
Austurendi Bjólfsbakka, stálþil (7 m, dýpi 6 m, frestað 2004)	10,0				60%
Smábátahöfn, lagnir og lýsing (frestað 2004)	4,7				60%
Bæjarbryggja, endurbygging (40 m staurabryggja, dýpi 7 m)	46,0				60%
Löndunarbryggja bræðslu, endurbyggð (40 m staurabryggja, dýpi 8,5 m) lýsisbryggja breikkuð (100 m²) og 2 einbúar við vesturenda	54,0	24,0			60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Skjólgarður norðan hafnar, byggður í áföngum (alls um 155.000 m³), lokaáfangi	38,0	37,0			75%
Stálþil við Togarabryggju lengt (78 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.700 m²)	68,8	37,8			60%
Dýpkað að stálþili Togarabryggju (um 40.000 m³)	28,0				75%
Stálþil við bræðslu lengt (52 m, dýpi 9 m)		47,4			60%
Eskifjörður:					
Stálþil við bræðslu, lagnir og þekja (2.400 m²), frestað 2004	43,0				60%
Reyðarfjörður:					
Stóriðjuhöfn Mjóeyri, verklok stálþils (380 m, dýpi 14,3 m), lagnir og þekja (11.400 m²)	157,4	167,0			60%
Stóriðjuhöfnin, verklok dýpkun (um 17% verks) og siglingarmerki Stórhólma	29,3				75%
Hafnsögubátur (15 t togkraftur, LOA um 20 m – tölur án vsk.)		54,0	80,0		75%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Fáskrúðsfjörður					
Dýpkun við Bæjar-, Hafskipa- og Fiskeyrarbryggju (3.830 m³ gröftur) og uppgjör	8,3				75%
Djúpivogur					
Smábátaaðstaða, flotbryggja (40 m öldubrjótur) og færsla á gömlu flotbryggjunni, frestað 2004	14,2				60%
Lengja viðlegukant, stálþil, inn í voginn (25 m), rekstur þils, lagnir og þekja (500 m²)	16,7	8,5			60%
Dýpkað við þil, Gleðivík í 7 m (um 2.000 m² svæði), frestað 2004		5,1			75%
SUÐUR KJÖRDÆMI					
Hornafjörður					
Stofndýpkun innan hafnar (50.000 m³, að hluta klöpp)	43,0				75%
Stofndýpkun á Grynnslum (67.000 m³)	40,0				75%
Endurbygging Krosseyjarbakka (150 m), lagnir og þekja (3.000 m²)	47,0				60%
Endurnýjuð raflögn á Austur- og Suðurfjöru og lýsing á Hlein	8,2				75%
Stálþilsbryggja (60 m, dýpi 8 m), lagnir og þekja (1.800 m²)	48,0	26,0			60%
Bryggja við vogarhús, endurbygging, harðviðarbryggja (50 m, dýpi 4 m)		45,0			60%
Sandfangari út í Einholtskletta og styrking grjótvarnar á Suðurfjöru (um 70.000 m³)			134,0		75%
Viðhaldsdýpkun í höfn (áætlaðir efnisflutningar 25 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Viðhaldsdýpkun á Grynnslum eftir stofndýpkun, (áætlaðir efnisflutningar 60 þúsund m³/ár en minna eftir byggingu sandfangara) – sjá óskipt					
Vestmannaeyjar					
Dýpkun hafnar, lokið verki frá 2004	30,0				75%
Friðarhöfn, vesturkantur, endurbygging þils (195 m), lagnir, þekja (5.600 m² steypt)	76,6				60%
Básaskersbryggja, endurbygging norður- og austurkants, stálþil (210 m, dýpi 4–8 m), lagnir og þekja (5.200 m²)	151,0	83,0			60%
Bæjarbryggjan endurbyggð (25 m smábátakantar)	20,0				60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (áætlaðir efnisflutningar 10–12 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Þorlákshöfn					
Uppgjör vegna Austurgarðs 2004	11,0				75%
Uppgjör vegna viðhaldsdýpkunar 2004	6,5				75%
Svartaskersgarður, þvergarður inn í höfn, um 90 m langur (18.500 m³)	23,8				75%
Skjólgarður fyrir smábáta í austurhöfn (um 10.000 m³)	8,0				75%
Þil norðan Svartaskers (250 m, dýpi 5–9 m), lagnir og þekja (7.000 m²)	241,0	51,0			60%
Dýpkun í vestur-, austur- og smábátahöfn í 2 til 8 m (dæling um 118.000 m³, grafið 47.000 m³)	50,0	84,0			75%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Bryggjurif, rif fremsta hluta Norðurvararbryggju (um 25.000 m³ steypuker)		85,0			60%
Aðstaða fyrir smábáta í austurhöfn, færa flotbryggju, lýsing o.fl.		4,7			60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (áætlaðir efnisflutningar 8–10 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Grindavík					
Svíragarður, endurbygging, (160 m þil + 30 m endi, dýpi 7–9 m, frestað 2004)	161,0	66,0			60%
Dýpkun vestan Miðgarðs (4.000 m², dýpi 8–9 m) og breikkun innri rennu (u.þ.b. 20.000 m³ grafið)	118,0				75%
Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs (100 m, dýpi 9 m)	114,0	44,0			60%
Nýr hafnsögubátur (togkraftur 12 t, LOA <15 m), smíðaverð án vsk.				61,0	75%
Sandgerði					
Uppgjör, styrking Suðurgarðs 2004	3,2				75%
Stálþil Norðurgarði, lagnir, lýsing og þekja (1.500 m²), frestað 2004	21,0				60%
Dýpkun í suðurhöfn við flotbryggjur, dýpkað í 3 m (um 15.000 m³ dæling)	10,6				75%
Flotbryggja (40 m, kostnaður án fingra)	11,0				60%
Reykjanesbær					
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)	4,0				60%
ÓSKIPT					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	64,9	56,0	115,5	152,2	75%
Til slysavarna o.fl. (styrkhæfni 40% til 75%, meðaltal áætlað 60%)	25,0	25,0	30,0	21,7	60%
Ferjulægi Bakkafjöru – rannsóknir	10,0	10,0			100%
Hafnir grunnnets sem njóta ríkisstyrks, heildarkostnaður hvers árs alls	**3.111,6**	**1.727,1**	**788,1**	**399,8**	
Þar af vsk.	600,3	329,3	139,8	66,7	

3.2.2.2 Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar.

Tafla 3-4. Fjárveitingar til hafna utan grunnnets, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/ hafnasamlög	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Borgarnes	0,5				0,5
Snæfellsbær (Arnarstapi)					
Dalabyggð	0,2		0,7		0,9
Reykhólar	7,0			32,6	39,6
Vesturbyggð (Brjánslækur, Bíldudalur)	23,4				23,4
Tálknafjörður	0,8		10,7	75,2	86,7
Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri)	15,0	4,9			19,9
Súðavík	6,2		2,3	30,9	39,4
Norðurfjörður	1,9	1,4			3,3
Drangsnes	0,6		11,6		12,2

Kjördæmi Hafnir/ hafnasamlög	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Hólmavík	0,1				0,1
Húnaþing vestra	3,0		18,4		21,4
Blönduós			5,9		5,9
Skagafjörður (Hofsós, Haganesvík)	3,5	8,2			11,7
	62,2	**14,5**	**49,6**	**138,7**	**265,0**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Árskógssandur, Hrísey)					
Hafnasamlag Norðurlands (Hjalteyri, Svalbarðsströnd, Grenivík)	1,4	5,6			7,0
Grímsey			16,5	11,7	28,2
Kópasker	1,3				1,3
Bakkafjörður	4,0		1,7		5,7
Borgarfjörður eystri	4,6				4,6
Mjóifjörður	3,1				3,1
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella				3,6	3,6
Austurbyggð (Stöðvarfjörður)	1,2				1,2
Breiðdalsvík			10,8		10,8
	15,2	**5,6**	**29,0**	**15,3**	**65,5**
Óskipt					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða		3,0	8,4	8,4	19,8
Til slysavarna o.fl.		3,0	4,8	4,8	12,6
Fjárveitingar til hafna utan grunnnets alls	**77,8**	**26,1**	**91,8**	**167,2**	**362,9**

Tafla 3-5. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs sem reiknast af heildarkostnaði að frádregnum virðisaukaskatti. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2005.

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTUR KJÖRDÆMI					
Borgarnes					
Uppgjör vegna fyllingar við gömlu bryggju	1,0				60%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Viðhaldsdýpkun (áætlaðir efnisflutningar 800–1.000 m³/ár) – sjá óskipt					
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (130 m², frestað 2004)	3,5				60%
Skarðsstöð, lagfæra löndunaraðstöðu, steypa plan (50 m²) við löndunarkrana o.fl.			1,0		90%
Reykhólar					
Dýpkun, innsigling 40 m breið í 4 m og innan garðs í 2 m (dælt 20.000 m³)	12,0				75%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Grjótvarnargarður norðaustan við höfnina, lengd u.þ.b. 200 m (18.000 m³)				39,0	90%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (20 m)				6,1	90%
Viðhaldsdýpkun í höfn og innsiglingu (áætlaðir efnisflutningar um 1 þúsund m³/ár) – sjá óskipt					
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Færa flotbryggju og endurbyggja legufæri (frestað 2004)	3,4				60%
Bíldudalur:					
Stálþil við kalkþörungaverksmiðju (80 m, dýpi 10 m), lagnir og þekja (2.400 m²)	89,0				60%
Dýpkun við þil (1.000 m³)	3,8				75%
Tálknafjörður					
Lagfæra stiga á stálþil og setja í þá lýsingu	2,1				60%
Endurnýjun á flotbryggjum (27 m og 37 m).			14,8		90%
Endurbyggja gömlu bryggju, stálþil utan með bryggjuhluta 2, 3 og 4 (140 m, dýpi 6 m)				104,0	90%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti (frestað 2004)	5,3				60%
Dýpkun í smábátahöfn (um 3.000 m³)	6,1				75%
Suðureyri:					
Stækkun smábátahafnar, dýpkun (4.000 m³, frestað 2004)	7,9				75%
Stækkun smábátahafnar, flotbryggja (30 m, frestað 2004)	8,1				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)		8,2			75%
Súðavík					
Uppgjör vegna bryggju Suðurgarði 2003	4,4				60%
Endurbyggð þekja á Norðurgarði (um 1.400 m²)	8,6				60%
Suðurgarður, endurbyggja grjótvörn innan á garði á 100 m kafla			3,2		90%
Harðviðarbryggja við Frosta, lenging til norðurs (35 m, dýpi 6 m)				42,7	90%
Viðhaldsdýpkun við hafnarmynni (áætlaðir efnisflutningar um 1.000 m³/ár) – sjá óskipt					
Norðurfjörður					
Dýpka í 2 m í smábátahöfn við flotbryggju (um 100 m² svæði)	3,1				75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)		3,0			60%
Drangsnes					
Uppsátur fyrir smábáta endurbyggt (skáplan 5x20 m)	2,6				60%
Drangsnesbryggja, grjótvörn í kverkina utan á bryggju (um 1.000 m³)			4,2		90%
Drangsnesbryggja, endurbyggja þekju við krana og fram á enda bryggju (um 280 m²)			3,1		90%
Flotbryggja Kokkálsvík endurnýjuð (40 m)			8,8		90%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja, frestað 2004	6,9				60%
Húnaþing vestra					
Hvammstangi:					
Endurbygging vestur- og miðhluta Suðurbryggju (260 m²)	6,3				60%
Dýpkað í smábátahöfn (um 5.000 m³ – grafið frá landi)			5,8		90%
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingar í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m²)			19,7		90%
Blönduós					
Endurbyggja steypta þekju efst á bryggju (950 m²)			9,2		90%
Skagafjörður					
Hofsós:					
Flotbryggja út frá Árgarði, 12 m.	4,3				60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)	3,0				60%
Norðurgarður, styrkja bryggjuvegg (um 80 m) og endurbyggja þekju (um 800 m²)		17,0			60%
Haganesvík:					
Viðhaldsdýpkun við bryggju (áætlaðir efnisflutningar um 200 m³/ár) – sjá óskipt					
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun við bryggju (áætlaðir efnisflutningar um 400 m³/ár) – sjá óskipt					
Svalbarðseyri:					
Rífa trébryggju og lengja grjótgarð u.þ.b. 25 m (2.500 m³)		6,5			60%
Trébryggja (10 m, dýpi 3 m)		5,1			60%
Grenivík:					
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)	3,0				60%
Grímsey					
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (300 steinar 6–10 t, frestað 2004)	13,3				75%
Lenging harðviðarbryggju (20 m, dýpi 3 m)			17,9		90%
Dýpkað við lengingu harðviðarbryggju í 2 m (15x20 m svæði)			6,1		90%
Steypt þekja við harðviðarbryggjur og flotbryggju (1.500 m²)				16,2	90%
Kópasker					
Flotbryggja (20 m, frestað 2004)	5,9				60%
Smábátaaðstaða, dýpkun vegna flotbryggju (500 m³)	1,3				75%
Bakkafjörður					
Löndunarbryggja, uppgjör framkvæmda 2003 og frágangur við bryggju (slitlag 350 m² og fyllt við stoðvegg)	2,7				60%
Lenging steyptrar skábrautar (u.þ.b. 5x5 m) og grjóthleðsla	2,5				60%

Höfn Verkefni	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Landrafmagn á flotbryggju og við uppsátur	3,1				60%
Námufrágangur, sléttað úr grjóthaugum og ýtt að bergstáli			2,3		90%
Borgarfjörður eystri					
Lenging Nýjubryggju í átt að Hólma (12 m, dýpi 3 m)	7,7				60%
Mjóifjörður					
Styrkja og endurbyggja trébryggju	6,5				60%
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella					
Hafnaraðstaða Lagarfljóti, undirbúningsframkvæmdir				5,0	90%
Austurbyggð					
Stöðvarfjörður:					
Stöðvarfjörður, klæðning Gömlu bryggju við löndunarstað smábáta (30 m kafli)	2,5				60%
Breiðdalsvík					
Endurbygging brimvarnargarðs			16,0		90%
ÓSKIPT					
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	8,0	5,0	14,0	14,0	75%
Til slysavarna o.fl. (styrkhæfni 60–90%, meðaltal áætlað 75%)	8,0	5,0	8,0	8,0	75%
Áætlaður heildarkostnaður samtals	**245,9**	**49,8**	**134,1**	**235,0**	
Þar af vsk.	46,9	9,8	26,4	46,2	

3.2.2.3 Sjóvarnargarðar.

Tafla 3-6. Fjárveitingar til sjóvarna.

Kjördæmi Sveitarfélag	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður		9,2			9,2
Innri-Akraneshreppur		4,4		2,6	7,0
Snæfellsbær	3,1	13,0		11,7	27,8
Eyrarsveit	*				
Reykhólahreppur	*				
Vesturbyggð	3,2				3,2
Ísafjarðarbær	4,7	15,0		6,1	25,8
Súðavíkurhreppur		7,4			7,4
Árneshreppur	0,8				0,8
Kaldrananeshreppur	0,4				0,4
Hólmavíkurhreppur	0,1				0,1
Bæjarhreppur		6,7			6,7
Húnaþing vestra		7,1			7,1
Blönduósbær	10,8		12,2		23,0
Höfðahreppur	1,0			8,9	9,9
Skagafjörður, svf.	15,1		4,2		19,3
	39,2	**62,8**	**16,4**	**29,3**	**147,7**

Kjördæmi Sveitarfélag	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjarðarkaupstaður	0,3		16,7		17,0
Ólafsfjarðarkaupstaður	5,0		9,2		14,2
Dalvíkurbyggð				6,9	6,9
Akureyrarkaupstaður (Hrísey)			8,6		8,6
Arnarneshreppur			2,8		2,8
Svalbarðsstrandarhreppur	4,0				4,0
Grímsey	0,5				0,5
Borgarfjarðarhreppur		4,4			4,4
	9,8	**4,4**	**37,3**	**6,9**	**58,4**
SUÐURKJÖRDÆMI					
Mýrdalshreppur		4,1			4,1
Vestmannaeyjabær					
Árborg, svf.	17,0		6,5		23,5
Ölfus, svf.	7,4				7,4
Grindavíkurkaupstaður			6,0		6,0
Sandgerðisbær	5,3	17,9			23,2
Gerðahreppur	0,5	8,1			8,6
Vatnsleysustrandarhreppur	0,3	12,5	12,3		25,1
	30,5	**42,6**	**24,8**		**97,9**
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Hafnarfjörður			6,5	32,7	39,2
Álftanes, svf.	16,5		11,1		27,6
Seltjarnarneskaupstaður	10,6			6,3	16,9
	27,1		**17,6**	**39,0**	**83,7**
REYKJAVÍK				**15,9**	**15,9**
ÓSKIPT		5,4	9,5	14,5	29,4
Sjóvarnir samtals	**106,6**	**115,2**	**105,6**	**105,6**	**433,0**

*) Til er ónotuð fjárveiting sem unnið verður fyrir í Eyrarsveit og Reykhólahreppi árið 2005.

Tafla 3-7. Sundurliðun framkvæmda við sjóvarnir.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Ríkið greiðir allt að ⅞ hluta heildarkostnaðar en sveitarfélög/landeigendur greiða að minnsta kosti ⅛. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2005.

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður					
Veggur yst á Breið suðausturhluti, Krókalón og Presthúsavör, lokið verki frá 2004	10,1				⅞
Lambhúsasund frá Haferninum að Bakkatúni (150 m – 3.000 m³)		8,4			⅞
Langisandur austan Merkjaklappar (50 m – 200 m³)		0,5			⅞
Veggurinn yst á Breið, norðvesturhluti + skarð við olíutanka (100 m – 1.000 m³)		2,5			⅞

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Innri-Akraneshreppur					
Þaravellir (130 m – 1.300 m³)		2,4			⅞
Akrakot (hús)/ Kross (nýtt hverfi) – (hluti af 80+370 m, 12–15 m³/m, 1.100 m³)		2,6			⅞
Akrakot (hús)/ Kross (nýtt hverfi) – (hluti af 80+370 m, 12–15 m³/m, 1.200 m²)				3,0	⅞
Snæfellsbær					
Ólafsvík, verbúðir við Snoppuveg (150 m – 4.000 m³), lokið verki frá 2004	7,9				⅞
Ólafsvík, við fiskverkun Snoppu (70 m – 2.450 m³)		6,5			⅞
Ólafsvík við fiskverkun Klumbu (160 m – 1600 m³)		4,8			⅞
Ólafsvík austan við Ytra-Klif (120 m – 1.300 m³)		3,5			⅞
Hellissandur við Keflavíkurgötu, lenging um 85 m (1.500 m³)				4,0	⅞
Hellnar við Gróuhól (100 m – 1.200 m³)				4,3	⅞
Ólafsvík, Ólafsbraut 55 (90 m – 675 m³ grjót)				2,6	⅞
Barðastaðir, Staðarsveit, við sumardvalarhús og útihús (140 m – 500 m³)				2,4	⅞
Eyrarsveit					
Við Nýjubúð (120 m – 1.100 m³)	3,5				⅞
Reykhólahreppur					
Flatey, vörn í krikann vestan við bryggju, frestað 2004	1,8				⅞
Vesturbyggð					
Brunnar, Hvallátrum (200 m – 1.500 m³)	6,7				⅞
Ísafjarðarbær					
Hnífsdalur, sunnan rækjuverksmiðju (100m – 2.000 m³)	5,4				⅞
Þingeyri, utan við höfnina (gamla vélsmiðjan) (230 m – 3.900 m³)		13,5			⅞
Ísafjörður, innan við skipasmíðastöð (100m – 1.000 m³)		3,7			⅞
Þingeyri, innan við smábátahöfnina (200 m – 2.000 m³)				7,0	⅞
Súðavíkurhreppur					
Vigur, hlaðinn garður frá um 1800		0,5			⅞
Norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg (50 m – 1000 m³)		3,2			⅞
Við Langeyri (120 m – 1.800 m³)		4,8			⅞
Árneshreppur					
Uppgjör vegna framkvæmda 2003	0,9				⅞
Kaldrananeshreppur					
Uppgjör vegna framkvæmda 2004	0,4				⅞
Hólmavíkurhreppur					
Uppgjör vegna framkvæmda 2004	0,1				⅞
Bæjarhreppur					
Borðeyri, norðurbakkinn, 150 m – 12 m³/m + 100 m – 8 m³/m (2.600 m³)		7,7			⅞

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Húnaþing vestra					
Hamarsrétt á Vatnsnesi (120 m – 1800 m³)		6,0			⅞
Hamarsbúð við Hamarsrétt á Vatnsnesi (50 m – 500 m³)		2,1			⅞
Blönduósbær					
Uppgjör vegna framkvæmda 2003	0,2				⅞
Sunnan Blöndu frá nýlegri sjóvörn næst Blöndu að Háubrekku (150 m – 2.000 m³)	6,6				⅞
Upp með Blöndu að sunnan (150 m – 1.500 m³)	5,5				⅞
Sunnan Blöndu suður frá horninu á Háubrekku (200 m – 4.000 m³)			13,9		⅞
Höfðahreppur					
Uppgjör vegna framkvæmda 2003	1,1				⅞
Frá iðnaðarhúsi við Vallarbraut suður að Óseyri (200 m – 3.200 m³)				10,2	⅞
Skagafjörður, svf.					
Haganesvík frá bryggju suður fyrir syðsta húsið á grandanum (300 m – 3.000 m³)	10,4				⅞
Hraun í Fljótum, Stakkgarðshólmi framan við bakkavörn bónda (200 m – 2.000 m³)	7,0				⅞
Hraun á Skaga, íbúðarhús (80 m – 900 m³)			2,8		⅞
Hraun á Skaga, fjárhús (50 m – 500 m³)			1,9		⅞
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjarðarkaupstaður					
Siglunes, mælingar og undirbúningur	0,3		0,3		⅞
SR-bryggja – Bæjarbryggja (360 m – 5.000 m³)			12,9		⅞
Hvanneyrarkrókur vestan sjóvarnargarðs norðan á eyrinni (100 m – 1.000 m³)			2,9		⅞
Siglunes. Við fiskverkun Stefáns Einarssonar (60 m – 400 m³)			3,0		⅞
Ólafsfjarðarbær					
Hækkun og lenging flóðvarnar við Námuveg (200 m – 1.000 m³ og 70 m – 1.400 m³)	6,1				⅞
Eystri fjaran „milli hafnarsvæða“ framan við sjóhús (150 m – 1.800 m³)			4,6		⅞
Vestari fjaran „milli hafnarsvæða“ , hækkun sjóvarnar (150 m – 500 m³)			1,2		⅞
Frá höfn upp með Ólafsfjarðará (175 m – 1.800 m³)			4,7		⅞
Dalvíkurbyggð					
Árskógssandur, við Brimnes (40 m – 650 m³) og námufrágangur, frestað 2004	3,4				⅞
Árskógssandur, syðst við bakkann undir Ægisgötu (80 m – 1.200 m³)				3,6	⅞
Árskógssandur, vestan hafnar (80 m – 1600 m³)				4,2	⅞
Arnarneshreppur					
Hjalteyri, norðan vitans og meðfram Hjalteyrartjörn (150 m – 1.000 m³)			3,2		⅞

Sveitarfélag Verkefni, sjóvarnir	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Akureyrarkaupstaður					
Hrísey, styrking og hækkun sjóvarna austast (160 m) og framlenging við Varir (50 m, alls 210 m – 1.400 m³)			4,5		7/8
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, að Bakka. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina að Tröllatungu). Einnig frá Tröllatungu á Djúpveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum, að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni, út Barmahlíð, um Reykhóla, að Hamarlandi.

608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni, yfir Þorskafjarðarheiði, á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
610 Brjánslækjarvegur: Af Barðastrandarvegi, að ferjubryggju.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall, að Hvallátrum. (Þaðan er hann landsvegur um Látravík að Bjargtöngum.)
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili, um Gjögur, að Hænuvík.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal, að flugvelli á Sandodda.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar, um Sveinseyri, að Hrauni.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi, að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri, að Haukadal.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli, um Núp, að Alviðru.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi, að Vífilsmýrum.
628 Hjarðardalsvegur: Af Vestfjarðavegi, að Hjarðardal í Dýrafirði.
629 Syðradalsvegur: Af Djúpvegi í Bolungarvík, að Geirastöðum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði, að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal, að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð, um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð, á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur, að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Melgraseyri, að Skjaldfannarvegi. (Þaðan er hann landsvegur um Kaldalón, að Unaðsdalskirkju.)
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu, Suðurgötu og Njarðarsund að Sindragötu.
639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg, á Hauganesi.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi, að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar, að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð, um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd, um Drangsnes og Kaldrananes, á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði, að flugvelli.
690 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina, að Steinadal). Frá Steinadal, á Djúpveg í Kollafirði.

702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð, á Hringveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi, um Sveðjustaði, á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan, á Hringveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Huppahlíð.
711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga, út Vatnsnes, um Hindisvík, yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.
714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal, um Ásland, yfir Miðfjarðarháls, á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringveg vestan Lækjamóta.
716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu, á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði, að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum, fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.
724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns, á Svínvetningabraut hjá Tindum.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu, á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund, að Snæringsstöðum.
731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri, á Hringveg norðan Svartárbrúar.
(732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri, að vegamótum við Blönduvirkjun.) (Vegurinn fellur nú undir 35 Kjalveg.)
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri, að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði, að Fossum. (Þaðan er hann landsvegur suður á Kjalveg innan Seyðisár.)
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi, um Húnabraut og Hafnarbraut, að höfn.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka, á Skagastrandarveg sunnan Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, að Sturluhóli.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi innan við brú á Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð, um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki, á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu og Laxárdal, á Þverárfjallsveg hjá Skíðastöðum.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut, um Norðurbraut og Hafnarbraut, að höfn.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði, að Hólakoti.

749 Flugvallarvegur Sauðárkróki:Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi, að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi sunnan við Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Litluhlíð.
753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa, að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið, að Gilhaga.
757 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II, að Tunguhálsi I.
759 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða, að Flatatungu.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð, að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi, á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga, á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi, á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð, á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarveg norðan Sléttuhlíðarvatns.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
788 Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík, á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar, um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará, að flugvelli.
5014 Hlíðarbæjarvegur: Af Hvalfjarðarvegi, að Hlíðarbæ.
5040 Fellsendavegur: Af Hringvegi nálægt Klafastöðum, um Stóru-Fellsöxl, á Akrafjallsveg hjá Litlu-Fellsöxl.
5064 Leirárgarðavegur: Af Leirársveitarvegi, að Eystri-Leirárgörðum 1.
5065 Heiðarskólavegur: Af Leirársveitarvegi, að kennarabústað við Heiðarskóla.
5113 Andakílsárvirkjunarvegur: Af Skorradalsvegi að Hvammi.
5120 Af Bæjarsveitarvegi, að Bæ 1.
5150 Auðsstaðavegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum, að Búrfelli.
5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti, að Þorpskjarna hjá kirkju.
5190 Hýrumelsvegur: Af Hálsasveitarvegi, að Hýrumel.
5219 Þorgautsstaðavegur: Af Hvítársíðuvegi, að Þorgautsstöðum.
5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi, að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.

5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kaðalstöðum.
5315 Heggstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kvígstöðum.
5317 Grímarsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi hjá Hvítárvöllum, um Grímarsstaði á Hvanneyrarveg.
5350 Stórafjallsvegur: Af Hringvegi, að Stórafjalli.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi, um Lindartungu, á Heydalsveg.
5660 Miðhraunsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Miðhrauni 2.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi, að Arnarstapahöfn.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi, að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Krossnesi.
6009 Króksfjarðarnesvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, að Vogalandi.
6020 Gautsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Geiradalsár, að Tindum.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi, að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi, að Mýrum 3.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Staðarbakka 1.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Laugarbakkaskóla.
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi, að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi, að Litluhlíðarvegi.
7185 Þorkelshólsvegur: Af Hringvegi, að Þorkelshóli.
7250 Holtavegur: Af Hringvegi sunnan Laxár á Ásum, að Neðraholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi, að Hólsvegi.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd, að Ásholti.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi, að Örlygsstaðavegi.
7450 Neðribyggðarvegur á Skaga: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli, að Kleif.
7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði, að Sjávarborg 3.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk, að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum, að Lambeyri.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi, að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ, að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil, að vegamótum vestan Geldingaholts 1.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund, að Kringlumýri.
7681 Víðimýrarvegur: Af Hringvegi, að Víðiholti í Skagafirði.
7750 Sleitustaðavegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku, að Sleitustöðum.
7794 Neðraásvegur: Af Ásavegi, að Neðraási 3.
7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum, að Barði.

Norðausturkjördæmi.

1 Hringvegur: Frá kjördæmamörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, um Biskupsháls, Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, að kjördæmamörkum við Krossanes í í Hvalnesskriðum.

82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að kjördæmamörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni og Höfðahverfi, að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð, Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá, að verslunarhúsi.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum, um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð, að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði og ferjubryggju á Seyðisfirði, á Hánefsstaðaveg.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík, að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes, á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli, um Breiðdalsvík, á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi, um Mörk og Víkurland, að hafnarsvæði í Gleðivík.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn, að bryggju í Álaugarey.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn, að Norðurvegi.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað, um brú á Ólafsfjarðarós, með fram flugvelli, að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir, að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum, á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan, að Dæli.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi, að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi, að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi, að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi, að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli, á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga, að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan, á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, um Syðsta-Samtún, að Áslaksstöðum.

819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu, að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar, að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri, um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes, á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil, á Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá, á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla, á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Halllandi, um Veigastaði, á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi, að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá, að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum, að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár, upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut), suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli. (Þangað telst landsvegur).
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttavöll, að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts, að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum, á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum, á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla, út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni, um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Hringvegi skammt austan Arnarvatns, að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Útkinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum, að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða, að Sandi.

853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun, á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi, að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni, að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi, að höfn.
862 Hólmatungnavegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli, að Tóvegg. (Þaðan er hann landsvegur suður á Hringveg hjá Austaribrekku).
864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand, á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi, að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú, að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn að Sauðanesi.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi, að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi utan Þórshafnar, að flugvelli.
897 Svalbarðstunguvegur: Af Norðausturvegi í Þistilfirði, að Hagalandi.
912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár, að Bakkafjarðarhöfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk, að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Norðausturvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá, á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún, að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár, að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni, að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði, að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga, yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár, á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá, á Hringveg hjá Urriðavatni.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni, um Brekku, á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni, að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Fell og Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum, að býlunum.
933 Fljótsdalsvegur: Af Upphéraðsvegi hjá Hjarðarbóli, um Skriðuklaustur, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Víðivöllum ytri, um Hrafnkelsstaði, á Upphéraðsveg utan við Vallholt.

934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi austan Jökulsár, um brú á Kelduá, um Langhús, að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur: Af Fljótsdalsvegi austan brúar á Kelduárkvísl, að Klúku.
936 Þórdalsheiðarvegur: Frá Áreyjum, á Suðurfjarðaveg í Reyðarfjarðarbotni. (Landsvegur er yfir Þórdalsheiði, frá Hringvegi í Skriðdal, að Áreyjum.)
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú, að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal, um Öxi, á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar, að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað, að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum, um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi, á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, um brú á Fjarðará, að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum, að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi, að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Vestdalseyri, að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri, að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú, um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar, að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað, að Stóru-Breiðuvík.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár, að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði, að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi, um Hafnarbraut, að höfn.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal, um Norðurdal, að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi hjá Heydölum, yfir Breiðdalsá hjá Sveinshyl, á Hringveg hjá Ósi.
966 Suðurbyggðarvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði, á Breiðdalsveg við Skammadalsá.
8005 Grímseyjarvegur: Frá ferjubryggju, að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi, að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi, að Möðruvöllum 1.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi, að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi, að Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Knarrarbergsvegi, að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Syðrahóli.
8240 Ytra-Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Laugarholti.

8243 Þelamerkurvegur: Af Hringvegi við Bægisá, á Hringveg við Fossá.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi, að Halllandi 2.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi, að Mógili 2.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi, að Meyjarhóli.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi, að skógarvarðarhúsi.
8370 Villingadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt utan við Torfufell, að Villingadal.
8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi, að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi, að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi, að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi, að Bjarnarstöðum.
8490 Knarrarbergsvegur: Af Veigastaðavegi, um Leifsstaði, á Eyjafjarðarbraut eystri.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi, að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi, að Hraunkoti.
8512 Sólheimavegur: Af Hringvegi á Svalbarðsströnd, að Sólheimum.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi, að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi, að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi, að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi, að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi, að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi, að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi, að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi, að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi, að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi, að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi, að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi, að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi, að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi, að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi, að Grímsstöðum 2b.
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi, að Keldunesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Gunnarsstöðum 1.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi, að Hallgilsstöðum.
8843 Laxamýrarvegur: Af Norðausturvegi, að Laxamýri 2a.
8877 Fjallavegur: Af Norðausturvegi í Kelduhverfi, að Lóni.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi, að Hvammi.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum, að Torfastöðum 1.
9160 Refsstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi, að Refsstað.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi, að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri, að Mælivöllum 2.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi, að Hallfreðarstöðum 2.
9340 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði, að Valþjófsstað 2.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi, að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Finnsstöðum 2.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Borg.
9617 Tóarselsvegur: Af Norðurdalsvegi í Breiðdal, að vegamótum að Skarði.

Flokkun stofn- og tengivega skv. 4.3.1 í undirflokka.

Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut–Vatnsskarð.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut–Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
50 Borgarfjarðarbraut.
51 Akrafjallsvegur.
54 Snæfellsnesvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Vatnaleið.
58 Stykkishólmsvegur.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur–Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut–Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Suðurstrandarvegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur–Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
453 Sundagarðar.
454 Holtavegur.
470 Fjarðarbraut.
503 Innnesvegur:
Höfði við Akranes–Akranesvegur.

509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur–Ólafsvík.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
744 Þverárfjallsvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur–Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur–Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

Tengivegir.
Aðrir vegir í upptalningu vega í 4.3.1 eru tengivegir.

4.3.2 Ferjuleiðir.
1. **Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn**
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
3. **Ísafjörður–Æðey–Vigur.**
Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
4. **Árskógsströnd–Hrísey.**
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
5. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

4.3.3 Grunnnet.
Stofnvegir í grunnneti.
Stofnvegir teljast allir til grunnnets nema Heydalsvegur.

Tengivegir í grunnneti:

25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur– Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
253 Bakkavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur
631 Flugvallarvegur Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes
731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri

846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

Landsvegir í grunnneti:
F26 Sprengisandsleið
35 Kjalvegur
F20–8 Fjallabaksleið nyrðri
550 Kaldadalsvegur

Ferjuleiðir í grunnneti:
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur

5. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

5.1 Fjármál.

5.1.1 Tekjur og framlög.

Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Frá vegáætlun	200	300	300	300
Umferðaröryggisgjald	35	35	35	35
Sérstök fjárveiting til umferðaröryggismála	150	50	50	50
Til ráðstöfunar alls	**385**	**385**	**385**	**385**

5.2 Gjöld.

5.2.1 Rekstur og stofnkostnaður.

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Ökumaður og farartæki	170	185	153	150
Áróður og fræðsla	79	89	100	100
Svartblettir, merkingar o.fl.	137	111	132	135
Samtals	**385**	**385**	**385**	**385**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. INNGANGUR

Uppbygging fjögurra ára áætlunar fyrir árin 2005–2008 er í samræmi við lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Unnið hefur verið eftir þeirri stefnumótun sem lögð var fram í tólf ára samgönguáætluninni fyrir árin 2003–2014, sem og fjögurra ára áætlun áranna 2003–2006. Fyrsti kaflinn útskýrir þá stefnumótun og þau almennu samgönguverkefni sem unnið

er að en því næst skiptist áætlunin upp í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun, vegáætlun og að lokum er í 5. kafla gerð grein fyrir umferðaröryggisáætlun stjórnvalda sem nú er í fyrsta skipti tekin með í samgönguáætlun.

1.1 Almenn samgönguverkefni.

Samkvæmt samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 skal á tímabilinu unnið að verkefnum sem falla undir þau fjögur stefnumarkmið sem lagt var upp með í samgönguáætlun 2003–2014. Ýmis verkefni eru enn í vinnslu frá fyrri áætlun og eru þau misjafnlega á veg komin þótt öðrum sé lokið. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem stefnt er að að unnin verði á tímabilinu, en að öðru leyti er vísað til endurskoðunar samgönguáætlunar 2007–2018 sem fram undan er. Verkefnalistinn er ekki tæmandi þar sem reikna má með að á tímabilinu verði ráðist í mörg ný rannsóknar- og úttektarverkefni innan stofnana samgönguráðuneytis.

1.1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Eftirfarandi markmið og verkefni sem tiltekin eru hér á eftir falla að meginmarkmiðum samgönguáætlunar 2003–2014:

a. Farið verði yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna.

Nefnd, skipuð af samgönguráðherra, hefur starfað við að móta stefnu um málefni almenningssamgangna milli þéttbýliskjarna fyrir næstu ár. Líta má á þetta sem fyrsta áfanga til að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með í samgönguáætlun 2003–2014. Nefndin leggur til í skýrslu sinni að sérleyfi verði boðin út í samræmi við lög nr. 73/2001 til 2–3 ára. Jafnframt leggur hún til að eftir samruna sveitarfélaga verði unnið að því að sveitarfélög takist á hendur meiri ábyrgð á uppbyggingu og stjórnun almenningssamgangna á landi, en talið er að þetta muni m.a. stuðla að bættu þjónustustigi. Ljóst þykir að ef þetta verður ákveðið þarf að leggja verulega vinnu í þróun nýs kerfis almenningssamgangna á áætlunartímabilinu.

b. Endurbætt verði stýring umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin.

Hjá Vegagerðinni er áfram unnið við að endurbæta stýringu umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við sveitarstjórnir. Að verkefninu loknu er áætlað að umferð um stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins verði jafnari en nú er með því að taka í notkun tölvustýrða samstillingu umferðarljósa á stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið hefur tekið lengri tíma en áður var áætlað, en stefnt er að því að þeim áfanga sem nú er unnið að ljúki eigi síðar en 2006.

c. Tryggt verði að Ísland hafi fullan aðgang að gerfihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.

Í kjölfar undirritunar samnings, 7. júní 2001, milli Flugmálastjórnar og Evrópsku geimferðastofnunarinnar (ESA), á sviði leiðsögu með gervihnöttum, hafa verið settar upp tvær eftirlitsstöðvar á Íslandi sem tengjast EGNOS-gervihnattakerfi ESA. EGNOS er fyrsta skrefið í uppbyggingu evrópsks gervihnattaleiðsögukerfis (Galileo) sem mun byggjast á 30 gervihnöttum sem munu þekja allan hnöttinn. Þegar EGNOS-kerfið kemst í rekstur árið 2008 verður til fyrsta gervihnattaleiðsögukerfið sem er hannað og byggt með þarfir fyrirtækja og almennings í huga og mun kerfið auka nákvæmni og áreiðanleika staðsetninga GPS. Fullyrða má að fyrir samgöngumál skiptir GPS-gervihnattakerfið okkur Íslendinga miklu máli, sérstaklega hvað varðar nákvæmni í staðsetningu, öryggismál og mögulega framtíðargjald-

heimtu á vegum. Fulltrúar frá samgönguráðuneyti, Vegagerðinni, Flugmálastjórn og Siglingastofnun auk fleiri aðila sitja nú í nefnd sem vinnur að framtíðarstefnumótun um uppbyggingu leiðsögukerfa.

1.1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Eftirtalin verkefni falla að stefnu stjórnvalda um markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna sem lögð var fram í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014:

a. Unnin verði úttekt og settar fram tillögur um hvernig nýta megi markaðsöflin við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna frekar en nú er gert.

Ákveðið hefur verið að framkvæmdir við samgöngumiðstöð fyrir Reykjavík hefjist í upphafi áætlunartímabilsins. Sérstök nefnd á vegum samgönguráðuneytisins, með aðild borgaryfirvalda og hagsmunaðila, hefur lokið störfum og komist að þeirri niðurstöðu að til greina komi að byggja slíka stöð á austursvæði Reykjavíkurflugvallar. Hún mun þjóna bæði flugi og farþegaflutningum á landi og tengja þannig saman helstu æðar almenningssamgangna í landinu. Tvær staðsetningar þykja koma til greina í þessu sambandi. Er önnur í Loftleiðahótelinu og hin norðanaustan við skrifstofur Flugleiða hf. Hugmynd er uppi um að fjármögnun og bygging samgöngumiðstöðvarinnar verði boðin út. Lagt er til að Hlíðarfótur verði lagður frá Hringbraut að samgöngumiðstöð samkvæmt þessari áætlun. Jafnframt verði unnin tillaga um framhald hans til Kringlumýrarbrautar í göngum á tímabili tólf ára samgönguáætlunar 2007–2018. Um er að ræða mjög stórt verkefni sem taka þarf afstöðu til á þessu tímabili

Gert er ráð fyrir að Flugskóli Íslands hf. fái 22 millj. kr. á fjárlögum næstu árin en samkvæmt fjárlögum 2005 er heimilt að selja hlut ríkissjóðs í Flugskóla Íslands, og því munu einkaaðilar koma enn frekar að uppbyggingu og rekstri skólans.

Starfshópur á vegum samgönguráðherra hefur lagt drög að stefnumótun um framtíðargjaldtöku í vegakerfinu. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í febrúar 2005 þar sem grunnur er lagður að stefnumótun um gjaldtöku og einkafjármögnun umferðarmannvirkja næstu árin. Næsta skref er að kanna möguleika á innleiðingu á nýju gjaldtökukerfi þar sem gjaldtaka mun taka sérstakt tillit til umhverfis-, umferðaröryggis- og notkunarþátta í vegakerfinu og gert er ráð fyrir að bein tillaga um slíkt kerfi komi fram í samgönguáætlun 2007–2018. Ástæða þess er m.a. að núverandi tekjustofn er þverrandi og er hugmynd uppi um að nýtt innheimtukerfi komi í stað núverandi skattlagningar á eldsneyti þar sem gætt verður persónuverndar og jafnræðis við gjaldtöku. Í þessu sambandi er Vegagerðin að láta þróa miðlægan stjórnbúnað til að ná sjálfvirkt í gögn um eknar vegalengdir úr farartækjum. Ef vilji er til verður þannig unnt að nota kerfið í framtíðinni í stað núverandi þungaskattsmæla í stórum bílum og síðan t.d. í öllum atvinnubílum. Enn fremur mælir ekkert á móti því að kerfið nái yfir allan bílaflotann ef ákveðið verður að taka upp gjaldtöku af umferð sem byggist á framangreindum atriðum.

b. Skoðuð verði gjaldtaka af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna.

Í apríl 2002 kom út athyglisverð skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um samkeppnisstöðu land- og sjóflutninga sem unnin var fyrir Hafnasamband sveitarfélaga. Til þess að fá gleggri mynd af stöðu mála, m.a. vegna þeirra breytinga sem orðnar eru í strandsiglingum, er hafið samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar. Verkefnið er unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og felst í að kanna gjaldtöku og sam-

félagslegan kostnað sem rekja má beint til hverrar samgöngugreinanna þriggja. Vonast er til að niðurstaða verkefnisins geti skipt verulegu máli fyrir flutningsstefnu framtíðarinnar.

c. Unnið verði að rannsóknum og þróun á viðmiðum og líkönum til þess að meta samgöngukerfið.

Á vegum Flugmálastjórnar Íslands, Siglingastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar var ákveðið að hefja samstarfsverkefni haustið 2004 í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Því er ætlað að kanna aðferðir við forgangsröðun framkvæmda hjá Vegagerðinni, Flugmálastjórn og Siglingastofnun, bera þær saman við aðferðir nágrannaþjóða okkar og leggja mat á það hvort þörf er á að endurskoða þær aðferðir sem nú eru notaðar við mat á framkvæmdum. Nýtt kerfi getur þannig leitt af sér nýja forgangsröðun á stærri verkefnum þar sem vægi t.d. umhverfisþátta og slysatíðni verður endurmetið. Vonast er til að endurskoðað kerfi fyrir forgangsröðun og arðsemismat muni veita stuðning við ákvarðanatöku um verkefni á samgönguáætlun í framtíðinni.

1.1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stjórnvöld hafa í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 m.a. sett inn markmið til að tryggja greiðar og umhverfisvænar samgöngur. Eftirfarandi verkefni falla að þessu markmiði:

a. Efldar verði rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.

Mikilvægt er að minnka neikvæð umhverfisáhrif frá samgöngum og því brýnt að samgöngustofnanir vinni í nánu samstarfi við aðrar stofnanir og einkafyrirtæki við að uppfylla skuldbindingar Kyoto-samningsins. Lagt er til að áhersla verði lögð á umhverfismál samgangna við endurskoðun samgönguáætlunar 2007–2018.

Enn fremur er lagt til að settur verði saman starfshópur Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar sem á tveggja ára fresti, við endurskoðun samgönguáætlunar, leggi fram stöðumatsskýrslu, undir nafninu *Umhverfisvænir orkugjafar í samgöngum*, þar sem fram komi staða þróunar á nýtingu vetnis og annarra orkugjafa í samgöngum bæði hérlendis og erlendis.

Vegagerðin mun frá og með árinu 2006 leggja áherslu á umhverfismál í rannsóknaáætlun sinni. Siglingastofnun og Flugmálastjórn munu einnig leggja ríkari áherslu á þetta málefni á næstu árum í rannsóknaáætlunum sínum.

b. Skilgreind verði líffræðilega mikilvæg hafsvæði og settar reglur um siglingar.

Alþjóðlegar kröfur um umhverfisvernd hafa aukist verulega á síðustu árum. Hjá Siglingastofnun er áfram unnið að rannsóknum og mælingum á öryggi siglinga skipa á grunnslóð fyrir Suðvesturlandi en það er nauðsynlegur undanfari þess að leggja megi mat á þörfina fyrir reglur um takmörkun siglinga um þetta líffræðilega mikilvæga hafsvæði.

1.1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 voru sett inn markmið um að auka öryggi í samgöngum. Í kjölfar þess að umferðarstofa fluttist til samgönguráðuneytis er lögð áhersla á að átak í umferðaröryggismálum verði eitt af forgangsmálum þessa áætlunartímabils. Eftirfarandi verkefni falla að markmiðum um aukið öryggi í samgöngum.

a. Unnið verði að sérstakri umferðaröryggisáætlun og framkvæmdaáætlun hennar þar sem markmiðið er að auka öryggi á vegum.

Í framkvæmdaáætlun er verkefni sem miðar að því að draga úr hraðakstri með auknu aðhaldi á ökumönnum, með fræðslu og áróðri. Tvö verkefni sem varða ökuhraða koma til framkvæmda á árunum 2005–2008. Það fyrra varðar eftirlit á vegum þar sem hraðakstur er viðvarandi og slys eru tíð og hið síðara snýr að leiðbeinandi hraðamerkingum. Unnið verður að bættum merkingum á vegum og unnið að lagfæringum þekktra slysastaða, svokallaðra svartbletta. Tvö verkefni sem sérstaklega varða þjóðvegi í dreifbýli koma til framkvæmda á árunum 2005–2008. Hið fyrra snýr að eyðingu svartbletta en hið síðara að bættum girðingum við vegi þar sem slys vegna lausagöngu dýra eru tíð.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun er lögð áhersla á að auka bílbeltanotkun meðal ökumanna og farþega, svo og að draga úr ölvunarakstri. Eftirlit með ölvunarakstri verður aukið og stefnt að því að innleiða fræðslu um umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja ásamt því að gera umferðaröryggisfræðslu að föstum lið í námskrá grunnskóla.

Unnið verður að aukinni notkun öryggisbúnaðar í hópferðabifreiðum ásamt því að fækka slysum á erlendum ökumönnum með sérstökum forvarnarverkefnum.

b. Áfram verði unnið að öflugum rannsóknum sem stuðlað geta að auknu öryggi í samgöngum.

Rannsóknir á slysum og atvikum í samgöngukerfinu eru mikilvægir þættir í því að ná settum markmiðum í samgöngumálum. Hjá Siglingastofnun er unnið að viðamikilli könnun á vatnsþéttleika fiskiskipa með tilliti til öryggis skipa og stöðugleika þeirra. Haldið verður áfram rannsóknum á áhrifum hávaða á hvíld og svefn skipverja, en þreyta er oft orsök slysa á sjó. Rannsóknir á ofhleðslu og stöðugleika minni fiskiskipa eru einnig verkefni sem unnið er að.

Í undirbúningi eru ýmis mál sem lúta að menntun sjómanna, öryggisfræðslu, starfi öryggisfulltrúa um borð í skipum og öryggisstjórnunarkerfi. Áætlun um öryggi sjófarenda er hluti af samgönguáætlun en um hana vísast jafnframt til skýrslu samgönguráðherra sem lögð hefur verið fram á Alþingi.

Í tilefni af aðild Íslands að Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) er Flugmálastjórn farin að taka þátt í þróun og innleiðingu nýrra reglna um flugöryggi í Evrópu sem byggjast á gildandi reglugerðum frá Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA).

Siglingastofnun hefur á sama hátt aðild að Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA).

Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerðin eru þátttakendur í sameiginlegu rannsóknarverkefni sem Veðurstofan vinnur að um veðurspár byggðar á reiknilíkani sem gefa nákvæmari spár. Markmið verkefnisins er að bæta þau gögn sem liggja til grundvallar veðurspám með reikningum á þróun lofthjúpsins í mjög þéttriðnu reiknineti. Vonast er til að verkefnið muni nýtast til að gera samgöngur öruggari í framtíðinni.

Vegagerðin hafði frumkvæði að og var einn af stofnaðilum Rannsóknarráðs umferðaröryggismála, RANNUM. Áfram verður unnið að þessu átaksverkefni í umferðaröryggisrannsóknum og á árinu 2005 verður lögð áhersla á að nýta niðurstöður rannsókna undanfarinna ára til að koma í veg fyrir umferðarslys og draga úr afleiðingum slysa.

c. Eflt verði upplýsingastreymi um hvers konar atvik og atburði í almennum samgöngum.

Áfram verður lögð áhersla á að vinna að rannsóknum á slysum og miðla niðurstöðum þeirra þannig að draga megi lærdóm af. Fyrirhugað er m.a. að efla forvarnir með fræðslu, auglýsingum og með setningu nýrra reglna um öryggismál.

Á vegum Flugmálastjórnar er unnið að því að auka og auðvelda stöðugt streymi upplýsinga um atvik í flugrekstri úr daglegum flugrekstri. Hluti af þessu verkefni felst í að undirbúa löggjöf, sem mun girða fyrir að slíkar upplýsingar, sem sendar eru flugmálayfirvöldum, séu síðar notaðar til sakfellingar.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

Inngangur.

Flugmálaáætlun er sá hluti samgönguáætlunar sem fjallar um þær framkvæmdir og rekstur sem eru á forræði Flugmálastjórnar Íslands. Þessi starfsemi skiptist í þrjá meginþætti, þ.e. stjórnsýslu, öryggiseftirlit og þjónustu við flugumferð. Áherslan í þeirri flugmálaáætlun sem hér birtist er einkum á rekstur og framkvæmdir vegna flugvalla- og flugumferðarþjónustu innan lands. Umsvif annarra þátta starfseminnar kemur þó skýrt fram í fjárhagsramma Flugmálastjórnar og umfjöllun um flugöryggismál sem birtist í almennum kafla samgönguáætlunar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að flugfloti landsmanna hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum vegna aukinna umsvifa íslenskra flugrekenda. Í lok ársins 2004 eru flugvélar yfir 10 tonnum orðnar á níunda tug og þar af eru 76 stórar þotur sem eru notaðar til farþega- og vöruflutninga.

Að undanförnu hafa orðið miklar breytingar á helstu viðfangsefnum á sviði flugsamgangna innan lands. Í upphafi ársins 2004 var sett reglugerð um íslenska flugvelli þar sem tilgreint er með hvaða hætti alþjóðlegum stöðlum og kröfum á sviði flugöryggis í byggingu og rekstri flugvalla skuli framfylgt hér á landi. Áður höfðu komið fram nýjar kröfur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni um vottun alþjóðlegra flugvalla sem ákveðið var að kæmu til framkvæmda hér á landi árið 2005. Af þessu tilefni hefur verið tekið upp aðskilið eftirlit með flugvöllum sem flugöryggissvið Flugmálastjórnar annast. Þessu til viðbótar hafa nýjar og mjög auknar kröfur um flugvernd, þ.m.t. ný reglugerð Evrópusambandsins, komið til sögunnar. Framangreindar reglugerðir kalla á margs konar breytingar í rekstri og búnaði flugvallanna auk þess sem nauðsynlegt verður að flýta ýmsum framkvæmdum, einkum við gerð öryggissvæða. Meðfylgjandi áætlun um framkvæmdir í flugmálum tekur mið af þessum breyttu aðstæðum.

Á árinu 2004 urðu miklar breytingar á mikilvægum tekjustofni flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjaldinu, sem ekki var talið samræmast löggjöf Evrópusambandsins. Í stað þessa gjalds koma tveir nýir tekjustofnar, þ.e. flugvallaskattur og varaflugvallargjald. Flugvallaskatturinn er hinn sami fyrir alla brottfararfarþega, 382 kr., hvort sem um er að ræða innanlands- eða millilandaflug. Einnig greiða millilandafarþegar sérstakt varaflugvallargjald, 598 kr., sem notað er til að standa straum af þeim aukakostnaði sem felst í að reka flugvellina í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum sem varaflugvelli fyrir millilandaflugið. Gert er ráð fyrir að þessir nýju tekjustofnar muni gefa álíka miklar heildartekjur og gamla flugvallargjaldið.

2.1 Fjármál.

Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi fjárlaga 2005.

2.1.1 Tekjur og framlög.

Ráðstöfunarfé Flugmálastjórnar samanstendur af mörkuðum tekjum, ríkistekjum, sértekjum og framlögum úr ríkissjóði.

Markaðar tekjur.

Markaðar tekjur Flugmálastjórnar eru flugvallagjald og afgreiðslugjöld flugöryggissviðs. Flugvallargjald skiptist í varaflugvallagjald sem brottfararfarþegar í millilandaflugi greiða annars vegar og flugvallaskatt hinsvegar. Varaflugvallagjaldinu er ætlað að standa undir þeim viðbótar rekstrar og fjárfestingarkostnaði sem hlýst af varaflugvallarhlutverki innanlandsflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum og er lagt á brottfararfarþega í millilandaflugi. Flugvallaskatturinn er hins vegar lagður á alla brottfararfarþega bæði í innanlands- og millilandaflugi. Gert er ráð fyrir að tekjur af varaflugvallagjaldi og af flugvallaskatti hækki um 3% á ári.

Ríkistekjur.

Ríkistekjur Flugmálastjórnar eru m.a. lendingargjald sem greitt er af flugrekendum, eftirlitsgjöld loftfara og flugrekenda og prófgjöld vegna bóklegra og verklegra prófa.

Sértekjur.

Sértekjur Flugmálastjórnar eru annars vegar tekjur af alþjóðaflugþjónustunni og hins vegar aðrar sértekjur stofnunarinnar. Áætlað er að kostnaður vegna þjónustu við alþjóðaflugið aukist í samræmi við áætlaða aukningu á umferð svo að notendagjöld verði óbreytt. Tekjur Alþjóðaflugþjónustunnar eru verulega háðar þróun gengis. Áætlunin er sett fram miðað við fast gengi en tekjur og gjöld haldast í hendur þar sem um er að ræða samning sem byggist á því að endurheimta kostnað. Tekjur af alþjóðaflugþjónustu miðast við að notendur greiði 95% af kostnaði við flugumferðarþjónustu milli landa. Ísland ber 5% kostnaðarins vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum.

Viðskiptahreyfingar.

Afborganir lána vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli hófust árið 2004 og koma fram í áætluninni sem viðskiptahreyfingar.

2.2 Rekstur og þjónusta.

Kostnaði vegna rekstrar og þjónustu í áætluninni er skipt niður í þrjá þætti: Í fyrsta lagi er um að ræða rekstur sem felur í sér yfirstjórn, eftirlit og öryggismál, flugvalla- og leiðsöguþjónustu og flugumferðarþjónustu innan lands. Í öðru lagi alþjóðaflugþjónustuna og í þriðja lagi framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu. Er þessi framsetning í samræmi við framsetningu fjárlaga. Kostnaðurinn, eins og tekjurnar, er settur fram á verðlagi ársins 2005 og er ekki gert ráð fyrir að hann breytist á tímabilinu, miðað við óbreyttar forsendur. Gert er ráð fyrir að við fjárlagagerð hvers árs sé tekið tillit til breytinga á launum og verðlagi og öðrum breytingum sem helgast af laga- eða reglugerðabreytingum eða vegna breytinga á alþjóðlegum kröfum, t.d. vegna aukins öryggiseftirlits sem boðað hefur verið. Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði breytist ekki árin 2006–2008 en viðbótarút-

gjöldum verði mætt með ráðstöfun á viðbótartekjum sem tilkomnar eru vegna aukins umfangs flugrekenda og eða fjölgunar farþega.

2.2.1 Rekstur.

Til rekstrar telst yfirstjórn flugvalla og leiðsöguþjónusta, flugumferðarþjónusta innan lands og eftirlits- og öryggismál.

Yfirstjórn.

Til yfirstjórnar telst allur sameiginlegur rekstur, skrifstofa flugmálastjóra og fjármála- og stjórnunarsvið. Skrifstofa flugmálastjóra annast hvers konar stjórnsýslu auk þess að vinna að stefnumótun og samhæfingu á starfsemi stofnunarinnar og hlutafélaga í eigu hennar og bera ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum. Þá heyrir rekstur flugvélar stofnunarinnar undir skrifstofuna. Fjármála- og stjórnunarsvið annast alla fjárumsýslu stofnunarinnar, þ.m.t. alþjóðaflugþjónustunnar, og starfsmannahald auk þess að sjá um hvers konar stoðrekstur við önnur svið hennar. Starfsemi yfirstjórnar hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum, í takt við aukin umsvif stofnunarinnar og ný verkefni, einkum á sviði starfsmannahalds.

Flugvalla- og leiðsöguþjónusta.

Rekstur allra innanlandsflugvalla sem ekki eru í einkaeigu fellur undir þennan lið og fer stærstur hluti beins framlags úr ríkissjóði í rekstur flugvalla- og flugumferðarþjónustu innan lands. Erfiðlega gengur að ná endum saman í rekstri þessarar þjónustu og jafnframt að uppfylla þá staðla sem settir hafa verið af alþjóðlegum flugmálayfirvöldum. Síauknar kröfur um flugöryggi, flugvernd og gæði þjónustunnar kalla á aukinn rekstrarkostnað flugvalla. Áætlunarflugvellir á landinu eru árið 2004 tólf talsins, þar af tveir utan grunnnetsins. Aðrir flugvellir utan grunnnets eru tíu talsins. Flestir þeirra teljast vera sjúkraflugvellir þótt þeir nýtist einnig almennu flugi, þ.e. kennslu- og einkaflugi. Þá eru þrjátíu og fimm lendingarstaðir skráðir á landinu. Óhjákvæmilegt kann að reynast að draga úr þjónustu á mörgum þessara flugvalla og jafnvel að leggja einhverja þeirra af í ljósi minnkandi fjárframlags hins opinbera til þessa rekstrar. Á hinn bóginn hefur rekstur leiðsögu- og fjarskiptakerfa vegna flugs í innanlandsloftrýminu verið í föstum farvegi á undanförnum árum. Því er ekki gert ráð fyrir neinum stórum breytingum á þessu sviði á áætlunartímabilinu en aukin áhersla verður lögð á að nýta gervihnattakerfi í stað hefðbundinna flugleiðsögukerfa.

Flugumferðarþjónusta innan lands.

Flugumferðarþjónusta í leiðarflugi innan lands, sem er veitt frá flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík, er rekin fyrir beint framlag ríkisins. Ein vinnustöð í flugstjórnarmiðstöðinni annast þessa þjónustu og er ekki fyrirsjáanleg nein breyting á umsvifum hennar á næstu árum. Þessi þjónusta nýtir sama búnað og kerfi eins og alþjóðaflugþjónustan sem felur í sér 80–90% af rekstri flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Flugumferðarþjónusta er einnig veitt á flugvöllunum í Reykjavík, á Akureyri, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum, en sú þjónusta telst kostnaðarlega til reksturs þessara flugvalla.

Eftirlits- og öryggismál.

Hlutverk flugöryggissviðs vegna eftirlits- og öryggismála hefur hingað til aðallega beinst að lofthæfi flugvéla, flugrekstri og handhöfum hvers konar flugréttinda. Nú hefur eftirlit með flugvöllum og flugumferðarþjónustu bæst við þessi hefðbundnu verkefni auk flugverndar,

þar sem kröfur vegna millilandaflugs hafa aukist stöðugt á undanförnum þremur árum. Í þessu sambandi hafa verið gefnar út tvær nýjar reglugerðir, þ.e. um íslenska flugvelli og um flugvernd. Þetta hefur í för með sér mikla aukningu á starfsemi bæði flugöryggissviðs og flugvalla- og leiðsögusviðs. Starfsliði flugöryggissviðs hefur þegar fjölgað vegna eftirlits og annarrar umsjónar með þessum nýju viðfangsefnum. Hjá flugvalla- og leiðsögusviði fjölgar starfsmönnum einnig vegna innra eftirlits, þróunar gæða- og öryggisstjórnunarkerfa, aukinna umsvifa í öryggis- og björgunarmálum og þjálfunar og umsýslu vegna gerðar og viðhalds rekstrarhandbóka og verklagsreglna. Til að uppfylla ákvæði reglugerðar um flugvernd er unnið að því að koma upp aðgangsstýringu að vernduðum svæðum flugvalla, skimun farþega, þjálfun starfsmanna og gerð handbóka og verklagsreglna. Þá er unnið að því að taka upp formlegt eftirlit með flugumferðarþjónustu í samræmi við alþjóðlegar kröfur og má búast við nýjum reglugerðum á því sviði í náinni framtíð. Auk framangreindra atriða mun áherslan í framkvæmd flugöryggismála beinast að því að efla enn frekar eftirlit með íslenskum flugrekstri sem hefur vaxið ört á undanförnum árum. Þannig voru á íslenskri skrá í árslok 2004 um 76 stórar flutningaþotur sem eru í rekstri í öllum heimsálfum. Aðild Íslands að Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA), sem skiptir miklu í þessu sambandi, er nú tryggð og mun verða lögð mikil áhersla á að tilflutningur úr reglugerðarumhverfi Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) yfir í EASA gangi hratt og vel fyrir sig.

Rannsóknir.

Þær rannsóknir sem falla undir þennan lið eru fjármagnaðar af flugmálaáætlun og hafa einkum beinst að ýmsum verkefnum tengdum innanlandsflugi, svo sem reiknilíkönum, áhættugreiningu, veðurmælingum og þróun í flugflutningum hér á landi. Einnig hafa hávaðamælingar við Reykjavíkurflugvöll verið fjármagnaðar af þessum lið. Þá verður unnið að því að efla hagrænar rannsóknir vegna flugsamgangna bæði innan lands og utan. Eins og fram kemur í samgönguáætlun til 12 ára er Flugmálastjórn virkur þátttakandi í fjölmörgum öðrum rannsóknarverkefnum sem flest tengjast flugumferðarþjónustu og eru kostuð af alþjóðaflugþjónustunni og færð þar til gjalda. Áformað er að auka þessar rannsóknir enn frekar til að styrkja undirstöður alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Einkum er búist við að reglugerðir hins samevrópska loftrýmis (SEL) muni kalla á auknar rannsóknir á þessu sviði. Þessar rannsóknir verða að stærstum hluta fjármagnaðar af rekstri alþjóðaflugþjónustunnar og munu tengjast rannsóknarverkefnum Evrópusambandsins. Fyrst og fremst er um að ræða tæknileg verkefni, sem varða þróun flugstjórnarkerfisins og stuðla að því að tryggja þessa þjónustu í sessi hér á landi í vaxandi samkeppni frá nágrannalöndunum.

Minjar og saga.

Hjá Flugmálastjórn hefur verið unnið að því að skrá sögu stofnunarinnar í þau sextíu ár sem liðin eru frá stofnun hennar og er sá kostnaður færður á þennan lið.

Alþjóðaflugþjónusta.

Í frumvarpi að fjárlögum 2005 var rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar, sem hingað til hefur verið rekin sem ríkisfyrirtæki samkvæmt B-hluta fjárlaga, færð í A-hluta fjárlaga með þeim breytingum sem því fylgja. Auk þeirrar starfsemi, sem fram fer í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík, veita Flugfjarskipti ehf. og Veðurstofa Íslands þjónustu við alþjóðaflugið samkvæmt svonefndum „Joint Financing“ samningi milli íslenska ríkisins og 24 aðildarríkja samningsins. Flugfjarskipti ehf. er nýstofnað dótturfyrirtæki Flugmálastjórnar sem hefur fest kaup á og annast rekstur flugfjarskiptastöðvarinnar í Gufunesi sem áður var í eigu Símans.

Auk Flugfjarskipta er Flugmálastjórn eigandi þróunarfyrirtækisins Flugkerfa hf. að tveimur þriðju hlutum á móti Háskóla Íslands. Þetta fyrirtæki annast einkum þróun kerfa fyrir flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu. Daglega fljúga á bilinu 200–500 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið og greiðast 95% af kostnaði við þjónustuna af notendum hennar (þ.e. flugrekendum) en íslenska ríkið ber 5% kostnaðarins vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum. Búast má við að tilkoma samevrópska loftrýmisins (Single European Sky) muni hafa mikil áhrif á starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar á komandi árum.

Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu.

Hér er um að ræða 5% hlutdeild Íslands í kostnaði við alþjóðaflugþjónustu sem Flugmálastjórn Íslands, Veðurstofa Íslands og Flugfjarskipti ehf. veita.

2.2.2 Viðhald.

Yfirborð brauta og hlaða, bundið slitlag.

Stærstu þættir viðhaldsverkefna eru tengdir malbiki, klæðingu og málningu á flugbrautum. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími malbiks sé 18 ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er góð. Á 18 ára fresti er lagt nýtt 4 sm yfirlag. Milli þess sem yfirlög eru lögð verður að fara fram eftirfarandi viðhald: Á þriggja ára fresti fer fram holufylling og sprunguviðgerð. Á þriggja ára fresti er sprautað yfir með bindiefni. Heildarmagn malbikaðs yfirborðs í lok árs 2003 var um 517.250 m^2.

Gert er ráð fyrir að meðalendingartími klæðingar sé átta ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er í lagi. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi milli þess sem yfirlagnir fara fram. Axlir á snúningssvæðum brautarenda skal yfirleggja á fjögurra ára fresti. Í báðum tilvikum skal yfirleggja með einföldu slitlagi. Heildarmagn klæðingar í lok árs 2003 var um 589.100 m^2. Gert er ráð fyrir að mála skuli flugbrautir á þriggja ára fresti. Vegna yfirlagsviðhalds er lagt til að malbikaðar flugbrautir verði málaðar á þriggja ára fresti, en brautir með klæðingu á fjögurra ára fresti. Heildarmagn málaðra flata í lok árs 2003 voru um 43.800 m^2. Allir flugvellir með bundnu slitlagi eru metnir árlega og slitlag og málning endurnýjuð þar sem þörfin er mest.

Þar sem mörg knýjandi verkefni liggja fyrir á flugvöllum landsins, einkum vegna flugöryggismála, er ekki kleift að byggja upp eigið fé viðhaldssjóðs til að standa að fullu straum af stærri viðhaldsverkefnum þegar þau eru áætluð. Því er nauðsynlegt að hægt sé að taka framkvæmdalán til þessara verkefna sem síðan verða greidd upp af tekjustofnum flugmálaáætlunar.

Byggingar, búnaður og önnur verkefni.

Undir þennan lið fellur viðhald bygginga (burðarvirki og utan húss), búnaðar (svo sem hurðir), sérhæfðs rafmagns- eða fjarskiptabúnaðar og rekstrarkerfa að undanskildu viðhaldi hreyfanlegra tækja sem falla undir tækjasjóð. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði árið 2005 vegna gæðahandbókar og nýrra reglugerða um flugvelli og flugvernd.

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar.

Undir þennan lið falla ýmis ófyrirséð verkefni og endurnýjun vegna bilana sem upp koma á áætlanatímabilinu. Algengt er að búnaður, sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu, bili með þeim hætti að endurnýjun reynist óhjákvæmileg. Til að halda endurnýjunarkostnaði í lágmarki hefur Flugmálastjórn notað ýmsan búnað lengur en æskilegt er og talsvert af rafeindabúnaði er orðinn um og yfir 30 ára gamall. Því er eðlilegt að slíkur búnaður bili

meira en áður og eins getur reynst erfitt að fá varahluti í hann. Þá er ekki um annað að ræða en að endurnýja búnaðinn, enda yfirleitt um flugöryggisbúnað að ræða. Til viðbótar þarf að fjármagna kaup á kvörðunarbúnaði, mælitækjum og öðrum sameiginlegum búnaði sem notaður er fyrir alla flugvelli af þessum lið.

Tækjasjóður.

Undir þennan lið falla tækjakaup til reksturs flugvalla, svo sem vegna snjóruðnings-, björgunar- og öryggismála. Við forgangsröðun er fyrst horft til öryggis- og björgunarmála.

2.2.3 Stofnkostnaður.

Undir þennan lið falla allar framkvæmdir á flugvöllum aðrar en viðhald samkvæmt lið 2.2.2.

2.2.3.1 Framkvæmdir á einstökum flugvöllum í grunnneti.

Reykjavíkurflugvöllur.

Flughlað á austursvæði flugvallarins.

Eldri áætlanir um endurbætur á flugvellinum miðuðust við að flughlað við skýli 1 yrði endurbyggt á árinu 2002. Nú er ráðgert að framkvæmdir við flughlað á austursvæði flugvallarins verði gert í tveimur áföngum, árið 2007 og árið 2008, miðað við að fljótlega verði byggð ný flugstöð með tilheyrandi flughlaði á austanverðu flugvallarsvæðinu.

Rif gamalla bygginga.

Nokkrar byggingar eru hindranir í öryggissvæði brautar 19-01 og þær þarf að rífa og eru þær eftirfarandi: Flugskýli 8, Flugskýli 10, Vélageymslubraggi og Gamli flugturninn. Einnig eru þær fyrir akbraut Alfa meðfram hlaði við skýli 1. Þessar byggingar þarf að rífa eigi síðar en 2008. Rífa þarf skýli 7 sem er á byggingarreit nýrrar vélageymslu.

Hús fyrir björgunarbát.

Núverandi hús var reist til bráðabirgða því skipulag á svæðinu við Nauthólsvík var í vinnslu og reiknað var með að byggja yfir bátinn þegar heildaraðstaða vegna siglingaaðstöðu ÍTR yrði byggð, enda yrði gert ráð fyrir björgunarbát FMS vegna Reykjavíkurflugvallar í nýju skipulagi. Nú stefnir í að af byggingu verði árið 2005.

Aðflugs- og leiðsögubúnaður.

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu verði fjarlægðarmæliviti endurnýjaður og endurbætur á aðflugsljósabúnaði fyrir N/S-flugbraut verði gerðar.

Fjarskiptabúnaður.

Á árinu 1998 var fjarskiptastjórnbúnaður flugturnsins endurnýjaður og tengdur inn á sama stjórnkerfi og þjónar úthafsflugstjórninni. Í ljós kom að óhentugt er að láta eitt fjarskiptastjórnkerfi þjóna báðum þessum stöðum. Á árinu 2001 var sett upp lítið fjarskiptastjórnkerfi fyrir flugturninn. Reynt hefur verið að aðskilja móttakara og senda og eru allir móttakarar núna í turninum. Sendarnir eru í radarhúsi á flugvellinum, en það hús er hindrun og þarf að fjarlægja. Það þarf því að byggja nýtt hús sem er utan við hindranasvæðið. Áætlað er að reisa það ásamt mastri árið 2006.

Akureyrarflugvöllur.

Flugbrautir.

Fyrirhuguð er yfirsprautun á malbiki árið 2005. Gera má ráð fyrir að þörf verði fyrir nýtt malbiksyfirlag um eða upp úr árinu 2007. Þessar framkvæmdir falla undir viðhaldslið sem er ekki færður sérstaklega á einstaka flugvelli.

Endaöryggissvæði (RESA).

Samkvæmt kröfum ICAO Annex 14 þá eiga að vera sérstök endaöryggissvæði (RESA) 90x90 metrar til viðbótar við flugbrautaröryggissvæði (Runway strip). Þessi svæði eru ekki til staðar og í stað þess að stytta braut verða þessi svæði byggð upp, á suðurenda árið 2006 og að norðanverðu árið 2007.

Akbrautir.

Binda þarf yfirborð akbrauta, sem nú eru með malaryfirborði, frá flugskýlum að akbraut inn á flughlað. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í þessa framkvæmd árið 2005 og framhald á árunum 2006–2008.

Bílastæði.

Bílastæði við flugvelli í flokki I skulu vera með bundnu slitlagi. Núverandi bílastæði eru aðeins að hluta með bundið yfirborð og er gert ráð fyrir að bæta úr því á árunum 2006 og 2007.

Aðflugs- og leiðsögubúnaður.

Gert er ráð fyrir að stefnusendir verði endurnýjaður árið 2005.

Á tímabilinu verður unnið að athugunum á endurbótum á aðflugi að Akureyrarflugvelli. Sérstaklega verða kannaðir möguleikar á nýtingu nýrrar tækni til blindaðflugs beint inn á flugbraut. Ljóst er að slíkt aðflug úr suðri verður að vera með óvenjulega bröttu aðflugshorni. Þá verða einnig gerðar athuganir á því að endurnýja aðflugsratsjá flugvallarins og kemur þá helst til greina búnaður sem byggist á nýrri tækni, en prófanir á þessum búnaði standa nú til dæmis yfir á flugvellinum í Innsbruck í Austurríki, og er 5 millj. kr. varið til þessa máls árið 2006.

Brautarlenging.

Gerð verður könnun á þörf fyrir lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli og fyrsta áætlun um kostnað við slíka framkvæmd.

Egilsstaðaflugvöllur.

Flugbrautir.

Ráðgerðar eru hefðbundnar yfirsprautanir og viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Aðflugs- og leiðsögubúnaður.

Á Egilsstaðaflugvelli eru engin aðflugsljós. Sérstaklega er brýnt að koma fyrir ljósum fyrir aðflug inn á flugbraut 04 sem er búin aðflugsstefnu- og aðflugshallasendum. Á árinu 2006 er ráðgert að reisa 900 m langa aðflugsljósalínu með 30 m milli ljósastæða. Að þeirri framkvæmd lokinni uppfyllir Egilsstaðaflugvöllur kröfur flokks I um ljósabúnað að því undanskildu að niðurfelld þröskulds- og endaljós vantar. Á tímabilinu mun fjarlægðarmæliviti verða endurnýjaður.

Bílastæði.

Bílastæði við flugvelli í flokki I skulu vera með bundnu slitlagi. Núverandi bílastæði eru aðeins að hluta með bundið yfirborð og er gert ráð fyrir að bæta úr því á árunum 2007 og 2008.

Endaöryggissvæði (RESA).

Samkvæmt kröfum ICAO Annex 14 eiga að vera sérstök endaöryggissvæði (RESA) 90x90 metrar til viðbótar við flugbrautaröryggissvæði (Runway strip). Þessi svæði eru ekki til staðar eins og er, stytta þarf braut að sunnanverðu þannig að endaljós verða flutt og í staðinn verða sett akbrautarljós. Að norðanverðu verður svæðið byggt upp norðan við braut. Heimilað verður að hefja flugtök frá endum svæðanna og þannig styttist ekki flugtaksvegalengd en lendingarvegalengd úr norðri styttist um 90 metra. Framkvæmdir verða á suðurenda árið 2007 og að norðanverðu árið 2008.

Veðurbúnaður.

Vindhraði og vindstefna eru mæld við snertipunkta beggja brautarenda. Árið 2003 var settur upp loftþrýstimælir með starfrænum útgangi og rakamæli á flugvöllinn. Árið 2008 er gert ráð fyrir að setja upp miðlægan búnað sem tengist öllum skynjurum, sér birtingu upplýsinga og söfnun og dreifingu gagna. Í lok árs 2009 mun veðurmælibúnaður á Egilsstaðaflugvelli uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til þessa búnaðar á flugvöllum í flokki I.

Vararafstöð.

Vararafstöð verður endurnýjuð árið 2008.

Brautarlenging.

Gerð verður könnun á þörf fyrir lengingu flugbrautarinnar á Egilsstaðaflugvelli og fyrsta áætlun um kostnað við slíka framkvæmd.

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.

Flugbrautir.

Ráðgert er hefðbundið viðhald sem fjármagnað er úr viðhaldssjóði.

Flughlað.

Flughlað þarf að stækka á Bakka eftir að ný flugstöð hefur verið tekin í notkun, einnig vegna þess að núverandi hlað er að hluta inni á öryggissvæði brautar.Gert er ráð fyrir að flughlaðið verði stækkað árið 2006 og kostnaður verði um 12 millj. kr.

Öryggissvæði.

Öryggissvæði brautanna í Vestmannaeyjum eiga að ná 75 m út frá miðri braut til hvorrar hliðar. Þessu atriði er mjög áfátt á vellinum og á mörgum stöðum er öryggissvæði utan brautar næstum ekkert. Staðhættir eru þannig að ógerlegt er að uppfylla þessa kröfu að fullu, en víða er hægt að laga til og að því er stefnt. Ekki hefur verið gerð heildaráætlun um umfang verksins, en gert er ráð fyrir að vinna fyrir 8 millj. kr. árið 2005 og halda síðan áfram á síðari tímabilum áætlunarinnar. Öryggissvæði á Bakka uppfylla kröfur.

Sandgeymsla.

Sárlega vantar sandgeymslu því núverandi geymsla er að falli komin og þar að auki allt of lítil. Gert er ráð fyrir að keypt verði gamalt flugskýli á vellinum og því breytt í sandgeymslu.

Flugturn.

Árið 1999 var efsti hluti flugturnsins í Vestmannaeyjum endurnýjaður ásamt gluggum og klæðningu að utan. Turninn sjálfur er einangraður að innan í trégrind og klætt innan á með plötum. Gert er ráð fyrir að einangrun og klæðning að innan, neðan við glerturninn, verði endurnýjuð árið 2005. Kostnaður er áætlaður um 5 millj. kr. Þá mun turninn uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugturna í flokki II.

Aðflugsljós.

Á árinu 2006 er ráðgert að setja upp aðflugsljós inn á flugbraut 13. Lagt er til að það verði svokölluð eltiljós í samræmi við staðla FAA eins og sett voru upp í Grímsey árið 2004.

Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.

Flugbrautir.

Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Flugbraut Þingeyri.

Á Þingeyri verður brautin endurbyggð ásamt öryggissvæðum og lengd þannig að hún nýtist sem þverbraut fyrir Ísafjörð og hamli ekki burðargetu Fokker 50. Áætlað er að hefja framkvæmdir árið 2005 og ljúka þeim árið 2006.

Öryggissvæði.

Öryggissvæði brautar eiga að ná 75 m út frá miðri braut til hvorrar hliðar. Þessu atriði er mjög áfátt á vellinum og á mörgum stöðum er öryggissvæði utan brautar næstum ekkert. Staðhættir eru þannig að ógerlegt er að uppfylla þessa kröfu að fullu, en víða er hægt að laga til og að því er stefnt. Verið er að undirbúa útboð á mögulegum lagfæringum öryggissvæðisins og verður verkið unnið á árunum 2004 og 2005.

Flugbrautarljós.

Kant- og þröskuldsljós á flugbrautinni eru 45 W og komin til ára sinna og viðhald orðið mikið. Engin aðflugshallaljós eru til staðar. Vegna hindrana í umhverfinu eru lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði og því hefur ekki verið talin ástæða til uppsetningar á aðflugshallaljósum. Flugtak af flugbraut 09 er leyft í myrkri. Vegna þessa eru hindranaljós í Kirkjubólshlíð og leifturljós í Arnarnesi og í Hnífsdal. Mjög aðkallandi er að endurnýja allar lagnir í brautinni á Ísafirði og brautarljósin þar. Áætlað er að gera það 2007.

Bílastæði.

Núverandi bílastæði er með malaryfirborði að mestum hluta og þegar flugvélar eru að snúa á flughlaði þá kemur stundum fyrir að möl á bílastæði fýkur upp og lendir á bílum. Því er nauðsynlegt að binda yfirborð bílastæða, auk þess sem það þykir lágmarkskrafa til bílastæða við flugstöðvar í dag. Áætlað er að gera þetta árið 2007.

Sauðárkróksflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Raforkudreifikerfi.
Vararafstöð er ekki til staðar. Áætlað er að kaupa og setja upp vararafstöð 2008.

Hornafjarðarflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Raforkudreifikerfi.
Á Hornafjarðarflugvelli er lokið við lagningu stofnrörakerfis fyrir raforkudreifikerfi. Búið er að undirbúa uppsetningu vararafstöðvar sem ráðgert er að setja upp á árinu 2006. Vararafstöðin verður í vélageymslu. Áætlaður kostnaður er 5 millj. kr. Að uppsetningu lokinni mun raforkudreifikerfið uppfylla öll skilyrði sem sett eru til slíks kerfis í flokki II.

Bíldudalsflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Öryggissvæði.
Verja þarf brún öryggissvæðis sem snýr að sjó fyrir úrrennsli.

Þórshafnarflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Raforkudreifikerfi.
Vararafstöð er ekki til staðar. Áætlað er að kaupa og setja upp vararafstöð 2007.

Grímseyjarflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

2.2.3.2 Framkvæmdir á áætlunarflugvöllum utan grunnnets.
Gjögurflugvöllur.
Flugbraut.
Vinna þarf nýtt efni í malarslitlag árið 2006 til að viðhalda slitlaginu. Gert er ráð fyrir að vinna við öryggissvæði hefjist árið 2008.

Raforkudreifikerfi.
Vararafstöð er ekki til staðar. Áætlað er að kaupa og setja upp vararafstöð 2005.

2.2.3.3 Framkvæmdir á öðrum flugvöllum og lendingarstöðum.

Flugbrautir og hlöð.

Nær allar flugbrautir utan áætlunarvalla eru með malarslitlagi sem þarfnast viðhalds, en því hefur ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum vegna fjárskorts og nú er komið að því að nokkuð margir vellir þarfnast verulega viðhalds eða endurgerðar. Öryggissvæði þarf víða að lagfæra. Margir vellir hafa verið teknir af skrá undanfarin ár þar sem ekki hefur verið hægt að sinna eðlilegu viðhaldi. Verið er að vinna að forgangsröðun þessara verkefna í samvinnu við Almannavarnir ríkisins, landlækni og aðra notendur.

Byggingar.

Á mörgum þessara flugvalla á að vera hús fyrir flugradíóþjónustu og á nokkrum stöðum þarf að gera gagngerar endurbætur á þessum húsum. Einnig eru lítil hús, „píramídar" sem einnig þjóna sem neyðarskýli, úr sér gengin og hafa þau verið tekin niður sums staðar. Þar af leiðir að nauðsynlegt er að hefja endurnýjun á þeim. Gert er ráð fyrir að þessar framkvæmdir hefjist árið 2005.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Vegna breytinga á flugsamgöngum á síðastliðnum árum og nú síðast nýrrar reglugerðar um flugvelli eru þó nokkrir flugvellir sem nú flokkast sem lendingarstaðir en voru áður í flugvallaflokkum III og IV með aðflugsbúnað, þ.e. ljósa- og blindaðflugsbúnað, sem ekki er nauðsynlegur miðað við þann flokk sem flugvöllurinn er í. Í flestum tilvikum er þessi búnaður kominn til ára sinna og illmögulegt að gera við hann nema með miklum tilkostnaði þegar hann bilar. Ljóst er að takmörkuðu fjármagni til flugmálaframkvæmda verður að forgangsraða og ganga þá fyrir framkvæmdir við ljósa- og blindaðflugsbúnað á áætlunarflugvöllum í grunnneti. Til að komast hjá kostnaði vegna endurnýjunar slíks búnaðar á lendingarstöðum verður hann lagður niður í áföngum en þess í stað verður stefnt að notkun GPS-aðflugstækni á þeim. Þó verður tekið tillit til öryggissjónarmiða, svo sem vegna sjúkra- og neyðarflugs, t.d. á Rifi.

2.2.3.4 Önnur mannvirki, búnaður og verkefni.

Flugleiðsögukerfi einstakra flugvalla eru nú flokkuð með viðeigandi flugvelli, en leiðarflugsaga, sem og þau kerfi sem eru sameiginleg öllum flugvöllum, eru flokkuð hér. Þessi verkefni eru tengd gervihnattaleiðsögu, flugprófanabúnaði og veðurupplýsingakerfum. Einnig eru hér rannsóknarverkefni, kostnaður vegna hlutdeildar Íslands í verkefnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og flugvernd og öryggismál auk liða til að koma til móts við aðkallandi verkefni sem upp geta komið.

Flugstjórnarmiðstöð.

Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í framkvæmdum Alþjóðaflugþjónustunnar.

Leiðarflug.

Til leiðarflugs telst allur búnaður sem er nauðsynlegur til leiðsögu milli einstakra flugvalla. Þessi búnaður skiptist í vita (NDB, VOR, DME) og fjarskiptabúnað.

GNSS/AIS-upplýsingaþjónusta.

Af þessum lið greiðist kostnaður Flugmálastjórnar við þátttöku í þróun gervihnattaleiðsögu en GNSS stendur fyrir Global Navigation Satellite Systems. Gervihnattaleiðsaga er nú

þegar orðin grunnkerfi til staðsetningar hér á landi og mun á komandi árum verða notuð í auknum mæli í stað hefðbundinnar leiðsögutækni. Mikilvægt er að ný kerfi eins og EGNOS og GALILEO, sem verið er að koma upp að frumkvæði Evrópusambandsins, verði notuð til hins ýtrasta til staðsetningar í lofti, á sjó og á landi. Auk vinnu við þróun tæknibúnaðar eru hönnun, mælingar, flugprófanir og útgáfa GPS-aðflugsferla einnig kostaðar af þessum lið. Einnig er hér gert ráð fyrir fjárfestingarkostnaði vegna útgáfu á AIP-flugmálahandbókinni. Alþjóðaflugmálastofnunin gerir nú kröfur um gæðakerfi í meðhöndlun flugupplýsinga og mælir með ISO-vottun á því ferli. Flugmálastjórn hefur lokið við gæðakerfi fyrir þetta upplýsingaflæði og er að vinna að því að fá kerfið vottað.

Flugprófunarbúnaður.

Flugprófanadeild Flugmálastjórnar sér um flugprófanir á öllum flugleiðsögubúnaði á Íslandi sem rekinn er af Flugmálastjórn. Auk þess sér flugprófanadeild um flugprófanir á ákveðnum búnaði á Keflavíkurflugvelli fyrir hönd bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA), í Grænlandi fyrir hönd grænlensku flugvallastjórnarinnar (GAA), á Vágar-flugvelli í Færeyjum fyrir hönd Vágar-flugvallar og á öllum ratsjám í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem nýttar eru af alþjóðaflugþjónustunni. Öll þjónusta fyrir þriðja aðila er veitt samkvæmt sérstökum samningum og greidd af viðkomandi aðilum. Til þessara verkefna er notuð flugvél Flugmálastjórnar, TF-FMS, sem er búin sérstökum flugprófanabúnaði. Núverandi flugprófanabúnaður, sem var tekinn í notkun árið 1976, er orðinn endurnýjunar þurfi.

Á árunum 2002 og 2003 var kannað hvaða flugprófanabúnaður væri í boði til endurnýjunar. Ljóst var að um tvær leiðir var að ræða í endurnýjun, annars vegar að kaupa tilbúinn búnað og hins vegar að láta þróa hann. Með því að þróa hugbúnaðinn innan lands en kaupa vélbúnaðinn má fá flugprófanabúnað sem er vel lagaður að þörfum flugprófanadeildar, en hins vegar er áhættan meiri en við kaup á tilbúnu kerfi. Vinnuhópur innan Flugmálastjórnar hefur lagt mat á þessar tvær leiðir og mælt með því að búnaðurinn verði hannaður á vegum aðila innan lands en með því skilyrði að Flugmálastjórn eigi rétt til aðlögunar og breytinga á kerfinu til eigin nota. Á þennan hátt er hægt að lengja endingartíma kerfisins þar sem Flugmálastjórn hefur yfirráð yfir öllum kerfisþáttum. Í lok ársins 2004 var undirritaður þróunarsamningur við Flugkerfi hf. um endurnýjun á flugprófanabúnaðinum. Áætlaður kostnaður verkefnisins er 106 millj. kr og verklok eru áætluð í árslok 2005. Þar sem flugprófanabúnaðurinn er nýttur fyrir fleiri aðila en íslenska flugvelli er eðlilegt að flugmálaáætlun greiði fyrir hann í hlutfalli við notkun. Flugmálaáætlun mun greiða á árinu 2005 40 millj. kr. til þessa verkefnis.

Veðurupplýsingakerfi.

Á tímabilinu 2005–2008 er ráðgert að vinna að því að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Þetta er ákaflega mikilvægt til að tryggja auðvelda dreifingu þessara upplýsinga og einnig til að tryggja að þær séu geymdar til síðari úrvinnslu. Einnig er nauðsynlegt að endurnýja veðurbúnað sem er orðinn mjög gamall og ófáanlegur. Því er gert ráð fyrir að þessi liður fjármagni einnig nauðsynlega, ófyrirséða endurnýjun á veðurmælibúnaði á flugvöllum og minni viðbótarbúnað sem þarf til að flugvellir uppfylli kröfur til veðurbúnaðar fyrir viðkomandi flokk. Nauðsynlegt er að hafa þennan lið um 5–10 millj. kr. framan af tímabilinu en lægri á seinni hlutanum því að veðurbúnaðurinn er orðinn mjög gamall og óáreiðanlegur og komið að endurnýjun á talsverðum búnaði.

Flugvernd og öryggismál.

Undir þennan lið falla ráðstafanir á jörðu niðri, vegna öryggis og verndunar á fólki, loftförum og mannvirkjum. Með hugtakinu „öryggi“ (e. safety) er átt við ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk geti farið sér að voða á og við flugvelli. Með hugtakinu „vernd“ (e. security) er átt við ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólögmætt athæfi. Kröfur um ráðstafanir sem gera þarf vegna flugverndar og öryggismála koma m.a. fram í reglugerð um flugvelli, væntanlegri reglugerð um flugvernd og regluverki Evrópusambandsins og ICAO. Kröfur á þessu sviði hafa aukist til mikilla muna undanfarin ár og þá ekki síst í kjölfar árásanna á Bandaríkin 11. september 2001. Undir þennan lið fellur ýmis kostnaður vegna ráðgjafaþjónustu, starfsliðs og búnaðar á þessu sviði.

Vegna innleiðingar á flugverndarráðstöfunum var sérfræðingur verkefnaráðinn. Unnið hefur verið að lokafrágangi og innleiðingu á aðgangsstjórnunarkerfi Reykjavíkurflugvallar. Einnig hefur verið unnið að þjálfun starfsfólks í flugvernd. Þar sem kröfur á sviði flugverndar eru enn í mótun, m.a. vegna innleiðingar á reglugerðum ESB, hefur umfang og hraði á innleiðingum flugverndarráðstafana á flugvöllum FMS tekið mið af því.

Leiðréttingar og brýn verkefni.

Margar kostnaðaráætlanir í flugmálaáætlun eru gerðar með talsverðum skekkjumörkum þar sem þær verður oft að byggjast á frumáætlunum. Þá koma stundum til brýn verkefni sem verður að sinna, t.d. vegna flugöryggismála. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að þessi liður má undir engum kringumstæðum vera lægri en 20 millj. kr. á ári, en þessi upphæð er aðeins 4,5 % af ráðstöfunarfé til framkvæmda.

Þróun og frumáætlanir.

Af þessum lið eru greiddar frumáætlanir og rannsóknir vegna væntanlegra framkvæmdaverkefna sem ekki hafa verið skilgreind sem slík auk þróunar og kaupa á ýmsum upplýsingakerfum vegna framkvæmda og viðhalds.

Stjórnunarkostnaður.

Undir stjórnunarkostnað fellur allur kostnaður við umsýslu verkefna, þ.m.t. áætlanagerð, bókhald og eftirlit. Reynsla undanfarinna ára sýnir að nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á áætlanagerð og umsýslu með framkvæmdaverkefnum.

2.2.4 Flokkun flugvalla eftir þjónustustigi.

Til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna hefur flugvöllum verið skipt í þrjá flokka. Fyrir hvern flokk eru skilgreindar kröfur um eftirfarandi þætti:

a. Flugbrautir.
b. Öryggissvæði.
c. Hlöð.
d. Bílastæði.
e. Flugturn.
f. Flugstöð.
g. Tækjageymslu.
h. Sandgeymslu.
i. Slökkvi- og björgunarbúnað.
j. Flugvernd.
k. Snjóhreinsibúnað.

l. Flugleiðsögubúnað.
m. Fjarskiptabúnað.
n. Veðurmælibúnað.
o. Flugbrautarljós.
p. Hlaðlýsingu.
q. Raforkudreifikerfi.

Síðan er einstökum flugvöllum skipað í viðeigandi flokka og færð rök fyrir flokkuninni sem m.a. byggist á umferð síðustu ár, umferðarspá fyrir næstu ár, stöðu flugvallarins í byggð og landslagi umhverfis flugvöllinn.

Flugvöllur I (alþjóðaflugvellir).

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð flugvéla á borð við Fokker 50 og ATR42. Einnig eiga flugvellir í þessum flokki að geta þjónað a.m.k. sem varaflugvellir fyrir þotuflugumferð í stærðarflokki Boeing 757 eða sambærilegra véla. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði og þess háttar eiga að geta þjónað a.m.k. einni fullhlaðinni þotu til viðbótar við hefðbundna umferð. Tækjabúnaður skal þannig samsettur að bilun í einu tæki valdi ekki truflun á rekstri flugvallarins. Þetta á við um raforkukerfi, rafeindakerfi og tækjabúnað. Allur búnaður á flugvellinum, bæði aðflugstæki og ljósabúnaður, skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugvalla með CAT I nákvæmnisaðflug. Gerð er krafa til þess að hægt sé að opna flugbraut á innan við 30 mínútum miðað við 10 sm jafnfallna snjóþekju. Þá er miðað við að snjór sé ruddur og honum sópað í garða við brautarkanta. Gerð er krafa um að hægt sé að ryðja og blása öllum snjó út fyrir flugbrautarljós á innan við fjórum klukkustundum.

Slökkvi- og viðbúnaðarþjónusta: Tæki og mannafli uppfylli slökkviflokk 5 að staðaldri og hægt sé að auka viðbúnað í slökkviflokk 7 með lágmarksfyrirvara.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í flokki I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

Flugvöllur II (áætlunarflugvellir fyrir 19 farþega flugvélar og stærri).

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð flugvéla, eftir því sem við á, á borð við Fokker 50, ATR42, Dornier, Twin Otter og Metro. (Nokkrir flugvellir eru með takmarkanir á flugvélagerð.) Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði og þess háttar eiga að geta annað a.m.k. tveimur flugvélum í þessum stærðarflokki samtímis. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa um að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slíkt aðflug getur byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Slökkvi- og viðbúnaðarþjónusta: Tæki og mannafli uppfylli slökkviflokk 5 til 2. Í vissum tilfellum er hægt að hækka þjónustustig. Nánari upplýsingar um flokkun eru gefnar upp í flugmálahandbók AIP.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í flokki II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar- og Þingeyrarflugvöllur, Bíldudals-, Grímseyjar-, Gjögur-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Vopnafjarðar-, Þórshafnar- og Bakkaflugvöllur.

Lendingarstaðir (aðrir flugvellir og lendingarstaðir).

Í þessum flokki eru, æfinga- og kennsluflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru flestir án flugradíóþjónustu og ómannaðir.

Eftirfarandi eru lendingarstaðir: Blönduóss-, Húsavíkur-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Rifs-, Reykjahlíðar-, Selfoss-, Siglufjarðar- og Stykkishólmsflugvöllur, Arngerðareyri, Breiðdalsvík, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Dagverðará, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Hella, Kópasker, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Húsafell, Hveravellir, Króksstaðarmelar, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingafjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Stóri-Kroppur, Vík og Þórsmörk.

2.3 Flokkun flugvalla eftir hlutverki.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í grunnneti: Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavík, Norðfjörður, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Reykjahlíð, Rif, Siglufjörður, Blönduós, Sandskeið og Stykkishólmur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Hella, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Húsafell, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Selfoss, Skálavatn, Skógasandur, Stóri-Kroppur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

Inngangur.

Hinn 13. mars 2003 voru samþykktar á Alþingi tvær þingsályktanir um samgönguáætlun. Annars vegar var um að ræða langtímaáætlun fyrir árin 2003–2014 og hins vegar fjögurra ára áætlun fyrir árin 2003–2006. Siglingamálaáætlun er hluti þessara áætlana og tekur hún til verkefna sem eru á forræði Siglingastofnunar Íslands og voru þarna í fyrsta skipti sameinaðar í eitt, hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og áætlun um öryggi sjófarenda en að auki er bætt við rekstri Siglingastofnunar Íslands. Langtímaáætlunin skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti en fjögurra ára áætlunin á tveggja ára fresti.

Siglingamálaáætlun 2003–2006 byggðist á hafnalögum, nr. 23/1994, en tveimur dögum eftir að þingsályktanir um samgönguáætlun voru samþykktar á Alþingi eða 15. mars 2003 voru samþykkt ný hafnalög, nr. 61/2003. Lögin öðluðust gildi 1. júlí 2003 en koma þó ekki að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2007. Í samræmi við ákvæði nýju laganna mun ríkið draga saman seglin í fjárstuðningi til nýframkvæmda í höfnum og þá sérstaklega í stærri höfnunum. Á móti kemur að gjaldskrá hafnanna hefur verið gefin frjáls, innheimtu sérstaks vörugjalds hefur verið hætt og svigrúm hafnanna til tekjuöflunar hefur að sama skapi rýmk-

ast. Þá er rekstur hafna orðinn virðisaukaskattsskyldur þannig að innskattsréttur hefur myndast.

Siglingamálaáætlun nú nær yfir árin 2005–2008 og byggist á hafnalögum frá 2003 en í II. ákvæði til bráðabirgða er þó einnig vísað til eldri laga en þar segir:

„Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun 2001–2004, sbr. eldri hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Jafnframt er heimilt að styrkja framkvæmdir í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003–2006 á grundvelli eldri hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Áður skal þó liggja fyrir áætlun Siglingastofnunar Íslands um hvernig nýta megi fjármuni best við að gera hafnir jafnsettar í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartímanum."

Siglingamálaáætlun 2005–2008 tekur því mið af fyrri siglingamálaáætlun, sbr. framangreindar heimildir.

Fleiri lagabreytingar, sem áhrif hafa á starfsemi Siglingastofnunar Íslands, hafa verið gerðar frá síðustu samgönguáætlun. Í því sambandi má nefna lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, og lög um siglingavernd, nr. 50/2004.

Í samræmi við fyrrnefnd lög fer Siglingastofnun Íslands með stjórnsýslulega ábyrgð og samskipti við stjórnvöld er varða vaktstöð siglinga. Fjárveitingar til vaktstöðvar siglinga eru því á fjárlagalið Siglingastofnunar en samkomulag varð um að Siglingastofnun semdi við Landhelgisgæsluna, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg um daglegan rekstur vaktstöðvarinnar.

Nýju lögin um eftirlit með skipum komu til framkvæmda 1. janúar 2004 og í framhaldi af því fluttist tæknilegi hluti skipaskoðunar út til viðurkenndra skoðunaraðila á almennum markaði 1. mars 2004. Í kjölfar þeirrar breytingar fækkaði um 10 stöðugildi á skipaeftirlitssviði Siglingastofnunar.

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, voru sett í framhaldi af breytingum á samþykktum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, og eru þar settar fram kröfur um sérstakar ráðstafanir til að auka og efla siglingavernd í skipum sem eru í millilandasiglingum og hafnavernd í höfnum sem þjóna slíkum skipum. Siglingastofnun Íslands var falin umsjón þessa nýja verkefnis.

3.1 Fjármál.

Heildarfjármagn.

Heildarfjármagn til siglingamála á áætlunartímabilinu 2005–2008 nemur 6.244 millj. kr. en þar af nema framlög úr ríkissjóði 5.335 millj. kr. Heildarfjármagn til siglingamála árið 2005 er 1.866 millj. kr. og þar af koma 1.628 millj. kr. úr ríkissjóði. Til samanburðar skal nefnt að framlag úr ríkissjóði árið 2004 nam 1.666 millj. kr. Árleg framlög til stofnkostnaðar í höfnum dragast saman um 400–500 millj. kr. frá og með árinu 2007 en þá munu áhrif nýju hafnalaganna að fullu komin fram. Gert er ráð fyrir að umfang rekstrar haldist lítið breytt út áætlunartímabilið. Áherslubreytingar í rekstri verða þó nokkrar og augljóst er að stjórnsýsluverkefni aukast að umfangi á meðan tæknileg verkefni tengd eftirliti með skipum og framkvæmdum dragast heldur saman. Stjórnsýsluverkefni eru fjármögnuð af ríkissjóði en tæknileg eftirlitsverkefni með sértekjum.

Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi fjárlaga 2005.

3.1.1 Tekjur og framlög.

Markaðar tekjur.

Vitagjald er sérstakur skattur, eða markaðar tekjur, sem samkvæmt vitalögum er lagt á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Árlegt gjald er 68,60 kr. af hverju brúttótonni skips en þó aldrei lægra en 3.000 kr. Af erlendum skipum skal greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki oftar en fjórum sinnum á ári. Skipagjald taldist áður til markaðra tekna en það rennur nú í ríkissjóð, sbr. ákvæði nýrra laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs flokkaðist einnig sem markaðar tekjur, en í samræmi við ákvæði nýrra hafnalaga, nr. 61/2003, var hætt að innheimta það frá og með 1. júlí 2004.

Framlag úr ríkissjóði.

Áætlað ríkisframlag til siglingamála á áætlunartímabilinu 2005–2008 nemur 5.335 millj. kr. eða að meðaltali 1.334 millj. kr. á ári. Sambærilegar tölur úr siglingamálaáætlun fyrir árin 2003–2006 voru 6.733 millj. kr. fyrir allt tímabilið eða að meðaltali 1.683 millj. kr. á ári. Skýringar á samdrætti eru aðallega tvær, annars vegar lægri framlög til hafnarframkvæmda, sbr. ný hafnalög, og hins vegar það að fjárveitingar vegna þjónustusamninga við Slysavarnafélagið Landsbjörg falla ekki lengur undir siglingamálaáætlun, enda hefur forræði í þeim málum verið flutt yfir til dómsmálaráðuneytis.

Sértekjur.

Sértekjur koma af verkefnum sem seld eru út fyrir stofnunina. Stærsti einstaki liðurinn er þóknun fyrir umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum og eru reikningar vegna þess sendir viðkomandi hafnarsjóðum. Af öðrum verkefnum má nefna yfirferð gagna vegna nýsmíða skipa, útleiga sérhæfðra mælitækja, ýmis skírteini fyrir skip, veðurathuganir fyrir Veðurstofu og þjónusta við Flugmálastjórn.

3.1.2 Viðskiptahreyfingar.

Hafnabótasjóður.

Kostnaður við umsjón og rekstur Hafnabótasjóðs er fjármagnaður af eigin fé sjóðsins og kemur því fram sem jákvæð viðskiptahreyfing til Siglingastofnunar.

3.1.3 Rekstur og þjónusta.

Almennur rekstur.

Yfirstjórn.

Nokkrar áherslubreytingar verða í rekstrinum en gert er ráð fyrir að umfangið verði svipað út áætlunartímabilið og milli 80 og 90 millj. kr. renni til yfirstjórnar árlega. Undir þennan lið fellur stjórnsýsla og yfirstjórn þeirra verkefna sem Siglingastofnun Íslands eru falin með lögum. Fyrst skal nefna undirbúning, gerð og eftirlit með framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar, umsjón með slysavörnum í höfnum og stýringu fjár- og tæknimála stofnunarinnar. Í öðru lagi má nefna undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu á sviði siglinga- og hafnamála og erlent samstarf. Einnig tilheyra þessum lið ýmis mál er tengjast atvinnuréttindamálum, áhafnamálum, lögskráningu, eftirliti með menntun sjómanna og fræðslu um öryggismál sjómanna og skipaskrá. Jafnframt heyra hér undir lögboðnar umsagnir á starfsvettvangi Siglingastofnunar, svo sem umsagnir um dómsmál er varða skip og skipaútgerð og umsagnir er tengjast skipulagi og mannvirkjum við ströndina. Þá fellur hér

undir almenn stefnumótun á verksviði stofnunarinnar í samvinnu við Alþingi, samgönguráðuneyti, hafnaráð, samgönguráð og siglingaráð.

Skipaeftirlit.

Áætlað er að um 70 millj. kr. renni árlega til skipaeftirlits Siglingastofnunar.

Öll íslensk skip, 6 m að lengd eða lengri, eru skráningar- og skoðunarskyld. Skipin eru flokkuð í tvo meginflokka, opna vélbáta og þilfarsskip. Hinn 1. janúar 2005 voru opnir vélbátar á skrá 1.209 og þilfarsskip 1.135.

Hinn 1. mars 2004 var mikill meiri hluti skoðana á íslenskum skipum, sem Siglingastofnun hafði séð um, færðar út til faggiltra skoðunarstofa skipa. Með breytingunum voru stjórnvaldslegar aðgerðir aðskildar frá tæknilegu eftirliti sem verður nú í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa en stjórnvaldsleg ábyrgð á framkvæmd eftirlitsins verður eftir sem áður í höndum Siglingastofnunar. Auk þess verða búnaðarskoðanir í flokkuðum skipum formlega færðar til flokkunarfélaga við endurskoðun á samningi við þau. Siglingastofnun mun áfram sjá um eftirlit með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða samkvæmt alþjóðareglum, framkvæma upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinna markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sjá um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt mun Siglingastofnun sjá um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga.

Frá og með 1. október 2004 áttu skoðunarstofur einstakra hluta búnaðar skipa að hafa hlotið B-faggildingu. Siglingastofnun sér um útgáfu starfsleyfa til þeirra.

Siglingastofnun mun hafa eftirlit með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa, framkvæma skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað og útbúa og viðhalda nauðsynlegum skoðunarhandbókum vegna þess.

Hafnarríkiseftirlit.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með ástandi og mönnun erlendra flutningaskipa og farþegaskipa í íslenskum höfnum samkvæmt svonefndu Parísarsamkomulagi um hafnarríkiseftirlit í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar reglur. Samhliða þessu sinnir Siglingastofnun Íslands eftirliti um borð í farþegaskipum og flutningaskipum sem fellur undir siglingavernd, eftirliti með flutning á hættulegum efnum og eftirliti með löndun og losun búlkaskipa. Útgerðir greiða ekki fyrir þetta eftirlit og fellur því allur kostnaðurinn á Siglingastofnun. Kostnaður er áætlaður 18 millj. kr. árið 2005 og síðan vaxandi eftir það í 24 millj. kr. árið 2008. Aukin stóriðja leiðir af sér meiri sjóflutninga til og frá landinu næstu árin og þá um leið aukinn kostnað vegna hafnarríkiseftirlits.

Siglingavernd.

Siglingavernd er alþjóðlegt verndarkerfi sem nær til farþega- og flutningaskipa yfir 500 brúttótonn að stærð sem eru í millilandasiglingum og hafna sem þjóna þeim. Sambærilegt verndarkerfi hefur verið við lýði í flugsamgöngum um árabil. Í meginatriðum felst siglingaverndin í eftirliti með farmi, farþegum og farangri og stýringu aðgangs að þeim svæðum innan hafna þar sem farmur er geymdur, meðhöndlaður og þar sem farþegar halda sig þegar þeir fara að og frá borði. Siglingastofnun hefur með lögum verið tilnefnd til að hafa umsjón með framkvæmd siglingaverndar hér á landi. Til þessa stjórnsýsluverkefnis eru ætlaðar 8 millj. kr. árið 2005 en síðan verður nokkur aukning þar sem sjóflutningar til og frá landinu munu

fara ört vaxandi. Hafnir og útgerðir kosta að öðru leyti framkvæmd verkefnisins og innheimta gjöld af notendum til að standa straum af kostnaði.

Minjavernd og saga.

Nokkuð er liðið á aðra öld síðan vitarekstur hófst á Íslandi. Um þessar mundir eru liðin 90 ár síðan Vitamálaskrifstofa var sett á stofn sem jafnframt því að byggja upp vitakerfið og starfrækja vita landsins tók fljótlega að sinna hafnamálum. Skipaskoðun og skráning skipa hófst einnig snemma á 20. öld.

Þær stofnanir sem mynduðu Siglingastofnun Íslands árið 1996 gegndu veigamiklu hlutverki í framþróun íslensks nútímasamfélags á 20. öld og er saga þeirra og viðfangsefni mikilvægur þáttur þjóðarsögunnar. Einnig eru varðveittar hjá stofnuninni minjar af ýmsu tagi frá fyrri tímum, einkum tækjabúnaður og verkfæri af ýmsu tagi er lokið hafa hlutverki sínu. Þá er skjalasafn hennar mikilvægur þáttur í atvinnusögu þjóðarinnar.

Siglingastofnun er ljós sú ábyrgð sem á henni hvílir gagnvart söguritun og minjavernd. Þegar hefur verið skráð saga íslenskra vita, er út kom árið 2002, og nú stendur yfir ritun sögu hafnargerðar á Íslandi sem ætlunin er að ljúki haustið 2006. Að því loknu þarf að takast á við skrásetningu annarra verkefna sem stofnunin fæst við, svo sem skipaskoðunar og öryggismála sjófarenda almennt.

Þörf er á því að skrá gamla muni, ljósmyndir og fleira í vörslu stofnunarinnar og taka ákvarðanir um varðveislu þeirra og afdrif. Enn fremur er þörf á að móta og framkvæma varðveislustefnu gagnvart munum og minjum.

Siglingastofnun hefur einnig hug á að kynna sjó- og strandminjar með því að setja upp upplýsingaskilti til dæmis við merka vita, verstöðvar, lendingarstaði og hafnarmannvirki í samvinnu við áhugasama. Þá hafa nokkrir vitar verið friðaðir og má búast við því að leggja þurfi eitthvert fé til viðhalds þeirra í samræmi við friðunarskilmála.

Hafnabótasjóður.

Undir þennan lið fellur rekstur Hafnabótasjóðs, þ.e. fjármálaumsjón, skattgreiðslur, endurskoðun, tjónamat og fleira. Hafnabótasjóður skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deildar að fjármagna viðgerðir tjóna á sömu mannvirkjum.

Vitar og leiðsögukerfi.

Áætlað er að rúmlega 100 millj. kr. verði varið til reksturs vita- og leiðsögukerfa árlega. Undir þennan lið fellur rekstur og viðhald landsvitakerfisins sem er í eigu ríkisins og eftirlit og tæknileg aðstoð við rekstur hafnarvita í eigu sveitarfélaga. Landsvitakerfið flokkast í ljósvita og ljósdufl, radarsvara og rafræn leiðsögukerfi eins og leiðréttingarstöðvar fyrir GPS-staðsetningarkerfið og landstöðvar fyrir alþjóðlegt sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS. Samkvæmt samþykktum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, áttu öll flutningaskip 300 brúttótonn og stærri að vera búin sjálfvirkum auðkennibúnaði fyrir árslok 2004. Rekstur upplýsingakerfis um veður og sjólag fellur einnig undir þennan lið.

Rannsóknir, líkantilraunir og öryggismál.

Rannsóknir og þróun.

Kostnaður við rannsóknir og þróun á árinu 2005 er áætlaður 46 millj. kr. og hækkar í 54 millj. kr. á árinu 2008.

Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Unnið verður að frumáætlunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkefnum á samgönguáætlun.Enn fremur verður sinnt dýptarmælingum, botnrannsóknum og rannsóknum á efnisflutningum, m.a. vegna brimrofs við strendur.

Verði samþykkt að ráðast í rannsóknir er tengjast nýjum mannvirkjum, öðrum en hefðbundnum fiskihöfnum, verður að ætla þeim rannsóknum sérstakar fjárveitingar. Þar er átt við rannsóknir sem tengjast m.a. iðjuverum. Helstu verkefnisflokkar eru:

Hafna- og strandrannsóknir.

Kostnaður við þessar rannsóknir er áætlaður 16–20 millj. kr. á ári.

Þessar rannsóknir tengjast höfnum en eru óháðar einstökum mannvirkjum, svo sem öldufarsreikningar, botnrannsóknir og rannsóknir á efnisflutningum og frumáætlanir.

Öldufarsrannsóknir. Unnið verður að öldufarsrannsóknum á fyrirhugaðri innsiglingarrennu utan Hornafjarðar, við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Vík í Mýrdal, Surtsey og Bakkafjöru auk rannsókna á Akranesi og Bolungarvík.

Ferjulægi við Bakkafjöru. Haldið verður áfram rannsóknum vegna ferjusiglinga milli Vestmannaeyja og lands og áhersla lögð á ferjulægi við Bakkafjöru. Gerðir hafa verið öldufarsreikningar á siglingaleiðinni og samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnbreytingum. Gert er ráð fyrir að unnið verði að mælingum fram til 2006.

Vík í Mýrdal. Byggður hefur verið flóðvarnargarður og er fylgst með landbroti reglulega. Vestmannaeyjahöfn mun framkvæma dýptarmælingar með nokkurra ára bili til að geta fylgst með rofi niður á 30 m dýpi.

Breiðamerkursandur. Unnið verður áfram að öldufarsrannsóknum og fylgst er með rofi niður á um 20 m dýpi með dýptarmælingum á nokkurra ára bili. Unnið verður að tillögum að sjóvarnargörðum við Jökulsárlón í samvinnu við Vegagerðina.

Botnbreytingar. Meiri djúprista skipa kallar á viðhaldsdýpkanir í innsiglingum og höfnum. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með botnbreytingum, læra af þróuninni og geta sagt fyrir um hvenær þurfi að dýpka. Jafnframt er æskilegt að þróa áfram öldureikningana og bæta við hugbúnaði til að meta botnbreytingar og efnisflutninga. Þannig þarf að rannsaka fyrirhugaða innsiglingarennu utan Hornafjarðaróss og fylgjast með botnbreytingum utan Þorlákshafnar, Sauðárkróks og við fleiri hafnir.

Bermugarðar. Sífellt er verið að takast á við hærri hönnunaröldu og þróa hönnun bermugarða. Haldið verður áfram þátttöku í alþjóðlegri vinnu um bermugarða. Þannig tekur Siglingastofnun þátt í gerð evrópskrar handbókar um notkun grjóts til brimvarna.

Alþjóðleg ráðstefna á Höfn. Dagana 6.–8. júní 2005 verður haldin alþjóðleg ráðstefna á Höfn í Hornafirði, önnur í röðinni, Second International Coastal Symposium in Iceland, með svipuðu skipulagi og fyrsta ráðstefnan sem haldin var 1994 en viðfangsefni verða önnur. Að þessu sinni verður megináherslan lögð á hönnun og viðhald innsiglinga, efnisflutninga við strendur, brimvarnargarða og sjóvarnir, öldufar og öryggismál sjófarenda. Fjallað verður um tengsl hættulegrar öldu og stöðugleika minni fiskiskipa. Ráðstefnan verður undir faglegri stjórn Siglingastofnunar.

Umhverfisrannsóknir.

Kostnaður á ári við umhverfisrannsóknir er áætlaður 15–19 millj. kr. á ári.

Lögð verður sérstök áhersla á verkefni er tengjast suðurströnd Íslands. Meðal annars verður unnið að rannsóknum á sjólagi á mismunandi siglingaleiðum, landbroti og hugsanlegri nýbreytni í ferjusiglingum milli lands og Eyja. Helstu verkefni eru:

Öldufarsrannsóknir og siglingaleiðir við suðurströndina. Unnið verður að rannsóknum á öldufari og straumum og áhrifum þeirra á siglingaöryggi mismunandi gerða skipa á siglingaleiðum við suðurströndina, á Grynnslunum utan Hornafjarðar og á hugsanlegri siglingaleið ferju milli Vestmannaeyja og ferjulægis við Bakkafjöru.

Unnið verður að siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leið. Þessi vinna verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa. Jafnframt verður unnið að setningu reglna um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.

Sjávarföll og sjávarflóð. Sjávarfallalíkan Siglingastofnunar nær yfir um 5,7 milljón ferkílómetra svæði með 10 km x 10 km upplausn umhverfis landið. Lokið verður við líkan með meiri upplausn, 2 km x 2 km, af landsfjórðungum og nær hver fjórðungur yfir um 90.000 ferkílómetra svæði. Haldið verður áfram að kvarða reiknuð sjávarföll og verða niðurstöður líkansins bornar saman við mæld sjávarföll í höfnum. Reklíkani, til að spá fyrir um rek og útbreiðslu olíumengunar, hefur verið bætt við sjávarfalla- og sjávarflóðalíkanið. Stefnt er að því að rek olíu og mengandi efna ásamt reki hluta, eins og gúmmíbjörgunarbáta, verði aðgengilegt. Stefnt er einnig að því að þróa reiknilíkanið þannig að hægt verði að spá fyrir um rek hafíss við Ísland í samvinnu við Háskóla Íslands og verkfræðistofuna VST.

Upplýsingakerfi um veður og sjólag. Siglingastofnun mun halda áfram að þróa upplýsingakerfið um veður og sjólag og vinna m.a. að ölduspám fyrir hafnir, grunnsævi og rastir og viðvörunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð.

Umhverfisvænir orkugjafar. Íslenska samgöngukerfið og skipaflotinn brenna árlega rúmlega 500.000 tonnum af bensíni og olíu en það samsvarar 90.000 tonnum af vetni ef það væri notað í stað þessara hefðbundnu orkugjafa. Lagt er til að settur verði upp starfshópur Vegagerðar og Siglingastofnunar Íslands sem mun á tveggja ára fresti, þ.e. við endurskoðun samgönguáætlunar, leggja fram stöðumatsskýrslu þar sem fram kemur staða vetnisþróunar bæði hérlendis og erlendis sem byggist á tæknilegum, viðskiptalegum og umhverfislegum þáttum og framförum til að beisla þennan orkugjafa sem aflgjafa í íslenska samgöngukerfinu og fiskiskipaflotanum.

Spilliefni um borð í skipum. Um borð í skipum er fjöldi efna sem flokkast undir spilliefni. Þessi efni eru notuð daglega og leita ber leiða til að draga úr notkun þeirra. Alþjóðlegar reglur og tilskipanir er varða spilliefni hafa verið gefnar út og má þar helst nefna halon- og freonefni. Hér verður lagt til verkefni, sem verði á forræði Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar, er fjalli um heildargreiningu á spilliefnum skipa.

Rannsóknir sem tengjast öryggi skipa og áhafna.

Kostnaður við þessar rannsóknir er áætlaður 15 millj. kr. á ári.

Áhersla verður lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru:

Vatnsþéttleiki skipa. Lokið verður við rannsóknir hvernig vatnsþéttri niðurhólfun og loftræstingu um borð í íslenskum fiskiskipum er háttað. Niðurstöður þessa verkefnis mun liggi fyrir á árinu 2005.

Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum. Ákvörðun um sjósókn er háð ýmsum þáttum. Veður skiptir auðvitað miklu og þá getur aðgangur að nýjum upplýsingum skipt höfuðmáli.

Til að varast að fiskiskip verði fyrir áföllum eða að því hvolfi er brýnt að þekkja tengslin milli stöðugleika skipsins og hæfni þess til að bregðast við áhrifum frá umhverfinu. Rannsóknir Siglingastofnunar á hreyfistöðugleika og áhættustjórnun skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum. Stefnt er að því að gera hleðslu- og stöðugleikagögn og gögn um vöktun á stöðugleika aðgengileg og notendavæn þannig að upplýsingar um stöðugleika skips liggi ljósar fyrir stjórnanda þess á hverjum tíma.

Mælingar á hreyfingum skipa. Stefnt er að því að mæla hreyfingar fiskiskipa bæði stöðugleika báta og skipa og aðstæður við vinnu um borð í skipum.

Hreyfiveiki um borð í skipum. Kannað verður með mælingum hve mikill þáttur hreyfiveiki er í orsökum slysa um borð í skipum. Innlendir og erlendir heilbrigðissérfræðingar taka þátt í þessu samstarfsverkefni með Siglingastofnun.

Nýting andveltigeyma. Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við hleðslu- og stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli (RT-stöðugleikavakt) sem þegar er í notkun í nokkrum skipum. Þessi búnaður mun geta hámarkað nýtingu andveltigeyma.

Hleðsla og ofhleðsla smábáta. Unnið verður að könnun á leyfilegri hleðslu smábáta og ofhleðslu smábáta almennt. Skoðað verður hvort stefna beri að því að leyfileg hámarkshleðsla smábáta verði skráð í haffærisskírteini þeirra eða jafnvel skráð á plötu á áberandi stað á stýrishúsi þeirra. Kannaðar verða einnig almennar stöðugleikakröfur til smábáta og hvort það rekstrarumhverfi sem smábátar búa við geti haft áhrif á öryggi þeirra.

Loftflæði til aðalvéla skipa. Kannaðar verða tæknilegar forsendur á rafeindastýrðum gangráði aðalvéla, einnig loftinntök og eldsneytissíur. Almennt ástand verður kannað með tilliti til kerfisgreiningar á eldsneyti, loftinntökum, að- og frárennslislögnum, afgasi, kælikerfi og gangráði skipavéla. Unnið verður að upplýsingaöflum er varðar laga- og reglugerðarumhverfi. Einnig verður hugað að kröfum um menntun og þekkingu vélstjóra sem stjórna tölvustýrðum skipavélum.

Hávaði í skipum. Rannsökuð verði hávaðamörk um borð í skipum. Almennt er miðað við að hættumörk hávaða séu 85 dB (desibel) og hafa mælingar sýnt að hávaði um borð í fiskiskipum er oft verulega yfir þessum hættumörkum. Vitað er að hávaði getur valdið streitu og truflað svefn. Afleiðingin er þreyta sem síðan dregur úr athygli og eykur hættu á slysum. Hér er hugmyndin að rannsaka sérstaklega hver er örsök hávaða með því að greina véla- og tæknibúnað um borð í skipum.

Loftgæði í skipum. Tilgangur verkefnisins er í fyrsta lagi að komast að raun um hver loftgæði eru um borð í íslenskum skipum sem vinnustöðum, og þá sérstaklega í vélarúmum skipa og vistarverum áhafna, og gera mælingar á CO, CO_2, H_2S og NO_x ásamt aðskotaögnum og fá þannig fram gögn með niðurstöðum til úrvinnslu. Á grundvelli niðurstaðna verða settar fram tillögur til úrbóta.

Gerðar verða samtímamælingar á hreyfingum skipa, loftgæðum og hávaða í samstarfi við áhafnir, útgerðir, hagsmunaaðila og verkfræðistofur.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Kostnaður við áætlun um öryggi sjófarenda er áætlaður 16 millj. kr. árið 2005 og 20 millj. kr. á ári 2006–2008.

Siglingastofnun fer með framkvæmd áætlunarinnar. Verkefnisstjórn, sem í eiga sæti fulltrúar samgönguráðuneytis, Landhelgisgæslu, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hagsmunaaðila, hefur eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðlar að samstarfi þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma. Helstu verkefnisflokkar áætlunarinnar eru:

Menntun og þjálfun sjómanna. Áhersla verður lögð á fræðslu og þjálfun í stöðugleika skipa. Einnig verður fjarnám í stöðugleikafræðum styrkt þannig að námskeið geti verið í boði víða um land. Gefinn verður út margmiðlunardiskur um stöðugleika fiskiskipa. Þar verður að finna fræðslu fyrir byrjendur og lengra komna í stöðugleikafræðum skipa og báta. Hugmyndin er að sjómenn geti með aðgengilegu forriti reiknað út stöðugleika hinna ýmsu gerða fiskiskipa. Í lok tímabilsins er stefnt að því að hvert og eitt fiskiskip verði með fræðsludisk með stöðugleikagögnum fyrir skipið.

Stuðlað verður að fjarnámi fyrir öryggisfulltrúa um borð í skipum. Námskeið um hífi- og lyftubúnað um borð í skipum verður í samvinnu við fræðslusjóð sjómanna, *Sjómennt.*

Stutt verður við endurútgáfu á bókinni „Siglingareglur, stjórn og sigling skipa". Bókin var gefin út árið 1989 og er uppseld og ófáanleg og nauðsynlegt þykir að uppfæra og endurskrifa bókina. Bókin er nauðsynlegt kennslugagn í sjómannaskólum og einnig handbók um borð í skipum.

Öryggi farþegaskipa og farþegabáta. Unnið verður að gerð áhættumats á siglingaleiðum minni farþegaskipa með það að markmiði að takmarka farsvið þeirra við öruggar siglingaleiðir. Gerðar verði áætlanir fyrir viðbragðsaðila vegna neyðarástands um borð í farþegaskipi.

Unnið verður að gæða- og öryggishandbók fyrir farþegaskip og undirbúið gæðakerfi sem farþegaskip geta unnið eftir.

Almennur áróður verður um öryggi farþegaskipa og að áhafnir skipanna haldi reglulega æfingar með farþegum. Gerðar verði árlegar skyndiskoðanir í farþegaskipum.

Átaksverkefni í fræðslu og áróðri. Unnið verður að gerð öryggisstjórnunarkerfis fyrir fiskiskip með gerð handbókar þar sem sérstök áhersla verður lögð á hinn mannlega þátt í starfsumhverfi sjómanna.

Greining verður á áhættu í vinnuumhverfi sjómanna og stuðlað verður að gerð áhættumats um borð í skipum.

Ráðstefna þar sem flutt verða erindi um öryggi sjómanna verður haldin annað hvert ár. Samhliða ráðstefnunni verða haldin námskeið fyrir sjómenn. Einnig verður reynt að fá myndir um öryggismál sjómanna sýndar í sjónvarpi. Málfundir um öryggismál sjómanna verða haldnir víða um land það ár sem öryggisráðstefna er ekki haldin.

Stefnt er að því að nýta sjómannadaginn til að kynna fræðsluefni víða um land.

Önnur áhersluatriði eru stöðugleikamál skipa og báta, nýliðafræðsla, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða, frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa og varnir gegn fallhættu um borð í skipum.

Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga. Gerðar verða handbækur, bæklingar og myndbönd um öryggismál. Má þar helst nefna handbók um eldvarnir og handbækur fyrir áhafnir kaup- og fiskiskipa, fræðslumyndir um öryggisstjórnunarkerfi í skipum ásamt endurgerð fræðslupésa og handbóka.

Gefnir verða út fræðslubæklingar um mengunarvarnir í skipum í samráði við Umhverfisstofnun.

Gefnir verða út kynningarbæklingar um heilsuforvarnir um borð í skipum, um hreyfiveiki og um eigin skoðanir skipa.

Fræðslumynd á DVD verður gerð um losunar- og sjósetningarbúnað fiskiskipa og um aukna öryggisvitund um borð í skipum en þar verður lögð áhersla á líklega orsakavalda slysa og svokölluð „næstum því slys".

Söfnun og miðlun upplýsinga. Gefinn verður út geisladiskur með öryggisplönum skipa og munu þessar upplýsingar einnig vera aðgengilegar á vefsíðu Siglingastofnunar.

Stöðugt er verið að bæta upplýsingar um veður og sjólag. Upplýsingum um veður verður dreift um netið og hægt verður að sækja upplýsingar með nettengingu í farsíma.

Unnið verður að því að skipaskrá Siglingastofnunar verði aðgengileg almenningi með upplýsingar um skip og ástand þeirra.

Stöðugleiki skipa og báta. Almennar reglur og áherslur um stöðugleika verða skoðaðar með tilliti til stöðugleika opinna báta, hallaprófana, frágangs stöðugleikagagna og að gögn um stöðugleika skipa séu á íslensku og stöðluð. Úttekt verði á stöðugleika opinna báta og unnið verður að fræðslupésa um merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á sjó.

Öryggis- og gæðastjórnunarkerfi. Siglingastofnun mun skilgreina kröfur til öryggisstjórnunarkerfa í skipum og höfnum og gefa út fræðslumynd um öryggisstjórnunarkerfi í skipum. Sett verður upp verkefni þar sem lögð verður áhersla á að öryggisstjórnunarkerfi verði tekin upp í öllum stærri fiski- og farþegaskipum.

Lög og reglur um eftirlit með skipum. Lög og reglur um öryggi skipa munu verða kynnt á heimasíðu Siglingastofnunar. Leitast verður við að bæta þekkingu á lögum og reglum og tilgangi þeirra.

Siglingastofnun hefur eftirlit með öryggi hafna og verður lögð áhersla á öryggisatriði í höfnum.

Verkefnisstjórn mun einnig koma með hugmyndir að breytingum á reglum til að auka öryggi á sjó telji hún að til þess þurfi að koma.

Rannsóknir og öryggismál almennt. Eitt af verkefnum áætlunarinnar eru styrkveitingar með því markmiði að hvetja hugvitsmenn til að koma með tillögur að nýjum úrlausnum í öryggismálum sjófarenda.

Ákveðið hefur verið að nýta niðurstöður rannsókna Solarplexus ehf. á áhrifum hvíldar á heilsu og öryggi sjómanna í rannsóknarverkefni sem tengjast þreytu áhafna skipa.

Til stendur að auka og festa í sessi samstarf við nágrannaþjóðir okkar í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Kostnaður við þennan lið er áætlaður 20 millj. kr. á ári. Með hafnarannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Unnið verður að frumáætlunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkefnum á samgönguáætlun. Enn fremur verður sinnt dýptarmælingum og botnrannsóknum í tengslum við verkefni samgönguáætlunar.

Grunnkort af höfnum. Áhersla verður lögð á að endurnýja dýptarmælingar, staðsetja hafnarmannvirki í landskerfinu og gera hafnakort með þessum upplýsingum aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar. Tekið verður þátt í að endurmæla grunnpunkta í landskerfinu í samvinnu við Landmælingar Íslands.

Líkantilraunir. Lokið verður líkantilraunum, sem verið hafa í gangi vegna Þorlákshafnar, og bættar aðstæður fyrir flutningaskip kannaðar. Síðan er gert ráð fyrir að vinna við líkantilraunir af endurbótum á innsiglingunni til Rifshafnar og hugsanlegu ferjulægi við Bakkafjöru.

Einnig gætu komið til líkantilraunir af hugsanlegri vörn og stækkun Straumsvíkurhafnar og stækkun Helguvíkurhafnar. Stefnt er að líkantilraunum sem beinast að því að leysa staðbundin vandamál í höfnum, svo sem öldudempun við hafnakanta. Hugmyndir eru um að setja upp öldurennu fyrir stöðugleikatilraunir fyrir brimvarnargarða sem lið í þróun bermugarða.

Þjónustuverkefni.

Hér er um að ræða ýmis verkefni sem seld eru aðilum utan stofnunar og greiðslur koma fyrir veitta þjónustu í formi sértekna. Kaupendur þjónustunnar eru fyrst og fremst hafnarsjóðir, útgerðarmenn og sjómenn. Undir þennan lið falla t.d. hönnun, umsjón og eftirlit með hafnarframkvæmdum, tækjaleiga, rekstrarvörur vegna vita og innsiglingarljósa í eigu hafnarsjóða, yfirferð gagna vegna nýsmíða skipa, útgáfa ýmissa skipsskírteina, starfsleyfa og atvinnuréttindaskírteina.

Vaktstöð siglinga.

Með nýjum lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, var samgönguráðherra falið að fara með yfirstjórn mála er varða vaktstöð siglinga en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra.

Í mars 2004 tókst samkomulag milli samgönguráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins um verkaskiptingu milli ráðuneytanna. Samkvæmt samkomulaginu hefur Siglingastofnun með höndum fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstri vaktstöðvar siglinga, auk þess sem stofnuninni er falið að sinna samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvar siglinga og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO, og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Jafnframt því að bera ábyrgð á starfseminni er Siglingastofnun eftirlitsaðili með vaktstöð siglinga. Aðilar á vegum dómsmálaráðuneytis hafa hins vegar með höndum daglegan rekstur vaktstöðvar siglinga.

Í umræddu samkomulagi samgönguráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis er kveðið á um að verkefni vaktstöðvar siglinga skuli útfærð í sérstökum þjónustusamningi milli Siglingastofnunar Íslands, SÍ, annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands, LHG, Neyðarlínunnar, NL, og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, SL, hins vegar og tókust samningar þar að lútandi í júní 2004. Markmið samningsins er að tryggja öryggi sjófarenda eins og kostur er og að allir hlutaðeigandi aðilar sem mesta reynslu og þekkingu hafa á vöktun, leit og björgun sameinist um rekstur vaktstöðvar sjófarendum til hagsbóta. Gert er ráð fyrir því að fagleg yfirstjórn vaktstöðvar verði í höndum Landhelgisgæslu Íslands en fjármál, húsnæðismál og rekstur fjarskiptakerfa í höndum Neyðarlínunnar. Slysavarnafélagið Landsbjörg mun leggja stöðinni til sína sérþekkingu og aðgang að tækjakosti og búnaði og þjónustu sem það hefur rekið vegna sjálfvirku tilkynningarskyldunnar.

Verkefni vaktstöðvar eru margþætt en gert er ráð fyrir að vaktstöð siglinga verði miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslenskri efnahagslögsögu og haldi utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins. Hún mun fylgjast með og vakta ferðir skipa sem tilkynna sig í gegnum sjálfvirka tilkynningarkerfið og sinna samtala- og skeytaþjónustu fyrir sjófarendur. Einnig mun vaktstöðin sinna ýmsum verkefnum fyrir Siglingastofnun Íslands, t.d. móttöku bilanatilkynninga í vitakerfinu, taka saman upplýsingar um skip sem falla undir hafnarríkiseftirlit og vakta upplýsingakerfi um veður og sjólag. Þá mun vaktstöðin hlusta eftir og taka við neyðartilkynningum frá skipum og koma á framfæri við stjórnstöð leitar og björgunar. Vaktstöðin mun enn fremur bera ábyrgð á samskiptum við neyðarhafnir og koma að framkvæmd siglingaverndar. Siglingastofnun Íslands hefur það að markmiði að vaktstöð siglinga

verði fullkomnasta vaktstöð sinnar tegundar þar sem meginmarkmiðið er að tryggja enn betur öryggi sjófarenda.

Undir þennan lið fellur einnig rekstur sjálfvirks auðkenniskerfis fyrir skip, AIS, sem er í höndum Siglingastofnunar. Gert ráð fyrir tæplega 190 millj. kr. árlegu framlagi til verkefna sem falla undir vaktstöð siglinga. Stærsti hluti upphæðarinnar, tæpar 180 millj. kr., mun fara í kaup á þjónustu frá Neyðarlínunni en afgangurinn í rekstur AIS-kerfisins og stjórnsýsluþátt Siglingastofnunar.

Þjónustusamningar um öryggismál sjómanna.

Fjármögnun þessa liðar fellur undir ýmis verkefni á fjárlagalið samgönguráðuneytisins 10-190 og telst því ekki með fjármálatöflunni. Samgönguráðuneytið hefur hins vegar falið Siglingastofnun að annast umsjón og eftirlit með samningunum.

Samgönguráðuneytið hefur átt árangursríkt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu og forvera þess um langt árabil. Siglingastofnun var falin umsjón með samningum um rekstur Slysavarnaskóla sjómanna, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, Þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum og reksturs björgunarbáta Slysavarnafélagsins.

Með samkomulagi samgönguráðuneytis og dómsmálaráðuneytis var ákveðið að dómsmálaráðuneytið hefði eftir 1. janúar 2004 umsjón með og annaðist almennt eftirlit með framkvæmd samninganna annarra en þjónustusamnings um Slysavarnaskóla sjómanna en umsjón og eftirlit með framkvæmd þess samnings verður áfram hjá Siglingastofnun.

Samningur um starfrækslu Slysavarnaskóla sjómanna gildir frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2009. Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og veita almenna fræðslu um slysavarnir á sjó. Um starfsemina gilda lög nr. 33/1991. Starfsemi skólans hefur verið endurskoðuð með tilliti til nýrra alþjóðaákvæða.

3.1.4 Stofnkostnaður.

Tæki og búnaður.

Áætluð fjárþörf er 10,5 millj. kr. á ári. Hér er um að ræða tölvur, tæki og búnað fyrir skrifstofu og sérhæfðan búnað til mælinga og rannsókna.

Vitar og leiðsögukerfi.

Áætluð fjárþörf er um 21 millj. kr. á ári. Stærsta verkefnið er áframhaldandi uppbygging landstöðva fyrir sjálfvirkt auðkenniskerfi skipa. Áætlað er að vorið 2005 verði komnar upp fjórar stöðvar sem ná til svæðisins frá sunnanverðum Vestfjörðum og suður og austur um að Reyðarfirði. Stefnt er að því að ljúka uppbyggingu landstöðvakerfis vegna siglinga með strönd landsins á áætlunartímabilinu 2005–2008. Samtímis verður komið upp miðlægum úrvinnslubúnaði sem miðla mun gögnum úr auðkenniskerfinu til vaktstöðvar siglinga og e.t.v. fleiri aðila.

Þá liggur fyrir að endurnýja þarf nokkra vita frá grunni sem eru orðnir mjög dýrir í viðhaldi og einnig má nefna endurnýjun búnaðar fyrir upplýsingakerfi um veður og sjólag.

Hafnir.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 2005–2008 hófst með því að sent var bréf til hafnarstjórna í október 2003. Óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir framkvæmdaþörf og æskilegri forgangsröðun verkefna. Svör bárust frá langflestum. Lauslega áætlað var

heildarkostnaður með virðisaukaskatti við framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlunartímabilinu, um 9,6 milljarðar kr., miðað við verðlag um mitt ár 2004.

Við val verkefna nú vógu þungt ákvæði til bráðabirgða í nýjum hafnalögum, nr. 61/2003, en þar segir meðal annars: „Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun **2001–2004,** sbr. eldri hafnalög nr. 23/1994, með síðari breytingum. Jafnframt er heimilt að styrkja framkvæmdir í siglingamálakafla samgönguáætlunar **2003–2006** á grundvelli eldri hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Áður skal þó liggja fyrir áætlun Siglingastofnunar Íslands um hvernig nýta megi fjármuni best við að gera hafnir jafnsettar í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartímanum.“ Í samræmi við þetta ákvæði eru verkefni, sem ólokið er frá fyrri áætlunum og heimamenn hafa endurnýjað óskir um, settar inn á árunum 2005 og 2006 með sama þátttökuhlutfalli ríkissjóðs og gilti í fyrri áætlun. Nokkur dæmi eru um óskir um verulegar breytingar á óloknum verkefnum úr fyrri áætlun eða jafnvel að þeim sé skipt út fyrir önnur brýnni verkefni. Í flestum tilvikum er orðið við þessum óskum og verkefnin sett inn á árunum 2005 og 2006 með þátttökuhlutfalli ríkissjóðs er gilti í fyrri áætlun. Þá er komið til móts við ákvæðið um að nýta fjármuni sem best við að gera hafnir jafnsettar í framkvæmdalegu tilliti með því að gefa endurbyggingarverkefnum forgang fram yfir nýbyggingar eða stækkun hafna á árunum 2005 og 2006. Niðurstaðan er því sú að kostnaðarskiptingu eldri hafnalaga er alfarið fylgt til ársloka 2006. Í nokkrum tilvikum gæti reynst erfitt að ljúka að fullu framkvæmdum, sem tímasettar eru á áætluninni árin 2005 og 2006, fyrir árslok 2006. Ástæður þess eru bæði tæknilegar og fjárhagslegar. Komi til þess að áætluðum framkvæmdum verði ekki lokið í árslok 2006 er við það miðað að umræddar framkvæmdir haldi ríkisstyrk samkvæmt þessari áætlun. Ef til vill þarf að styrkja þessa túlkun með lagabreytingu og framlengja viðeigandi bráðbirgðaákvæði í hafnalögum, nr. 61/2003.

Verkefni sem eru á áætlun árin **2007 og 2008** fylgja kostnaðarskiptingu milli ríkis og hafnarsjóða sem ákveðin eru í hafnalögum, nr. 61/2003. Í 24. gr. laganna segir:

„Heimilt er að veita framlög úr ríkissjóði til eftirfarandi verkefna á sviði hafnargerðar á vegum hafnarsjóða þegar um er að ræða hafnir sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr.

Ríkissjóði er heimilt að styrkja:

a. Endurbyggingu, endurbætur og lagfæringar á skjólgörðum í höfnum þar sem erfiðar náttúrulegar aðstæður valda því að lítið skjól er fyrir úthafsöldu og dýpkun í innsiglingu þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf á minnst fimm ára fresti. Stofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki. Greiðsluþátttaka ríkisins getur þó aldrei orðið hærri en 75% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun.
b. Framkvæmdir á vegum lítils hafnarsjóðs innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA með tekjur undir 20 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu þriggja ára er undir 600 millj. kr. Ríkissjóði er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunarmörkum við sérstakar aðstæður, m.a. þegar aflaverðmæti viðkomandi hafnar gefur sannanlega ekki rétta mynd af eðlilegum tekjum hennar miðað við aðrar hafnir. Ríkisstyrktar framkvæmdir skulu takmarkast við merkingu innsiglingar, dýpi, varnarmannvirki og viðlegu. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið skal vera allt að 90% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun sem samþykkt er af Alþingi.
c. Framkvæmdir á vegum hafnarsjóðs innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA með heildartekjur undir 40 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu þriggja ára er undir 1.500 millj. kr. og veruflutningar sem um höfnina

fara eru undir 50 þús. tonnum. Ríkissjóði er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunarmörkum við sérstakar aðstæður, enda liggi fyrir staðfesting frá Samkeppnisstofnun um að styrkurinn skekki ekki samkeppnisstöðu hafna. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið getur aldrei orðið meiri en 60% vegna dýpkana og 40% vegna viðlegumannvirkja sem unnið er við árið 2007 eða síðar.“

Í 29. gr. laganna er fjallað um breytingar á verðlagi og hljóðar hún svo:

„Allar verðmætaviðmiðanir samkvæmt lögum þessum skulu taka sömu breytingum á milli ára og vísitala neysluverðs frá gildistíma laganna.“

Lögin öðluðust gildi 1. júlí 2003 og einu ári eftir gildistöku laganna hafði vísitala neysluverðs hækkað um 3,2%. Tekjuviðmið hafna í 24. gr. laganna eru því 20,6 millj. kr. í b-lið og 41,7 í c-lið og samsvarandi viðmið varðandi aflaverðmæti eru annars vegar 619 millj. kr. og hins vegar 1.548 millj. kr.

Árið 2004 voru 46 hafnarsjóðir í landinu og þar af 40 innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Samkvæmt byggðakorti ESA telst höfuðborgarsvæðið ná frá Reykjanestá og upp í Kjós í Hvalfirði og því ekki heimilt að veita byggðastyrki til framkvæmda þar skv. b- og c-lið 24. gr. hafnalaga.

Samkvæmt framanrituðu er við það miðað í áætlun þessari að greiðsluþátttaka ríkissjóðs í styrkhæfum verkefnum árin 2005 og 2006 verði 75% í hafnargörðum, dýpkun og siglingamerkjum en 60% í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði hafnalaga, nr. 61/2003, er við það miðað að B-deild Hafnabótasjóðs veiti styrk á móti fjárveitingu sem nemur 15% af heildarframkvæmdakostnaði til ársloka 2006 til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Frá og með árinu 2007 miðast greiðsluþátttaka ríkissjóðs við 90% í öllum styrkhæfum verkefnum í litlum höfnum með tekjur undir 20,6 millj. kr og aflaverðmæti undir 619 millj. kr. Í miðlungsstórum höfnum með tekjur á milli 20,6 og 41,7 millj. kr. og aflaverðmæti á bilinu 619 til 1.548 millj. kr. miðast greiðsluþátttakan við 75% í viðhaldsdýpkun og endurbótum á skjólgörðum, 60% í stofndýpkun og 40% í viðlegumannvirkjum. Í stórum höfnum með tekjur yfir 41,3 millj. kr. og aflaverðmæti yfir 1.548 millj. kr. styrkir ríkissjóður einvörðungu í ákveðnum tilvikum endurbætur og lagfæringar á skjólgörðum og viðhaldsdýpkun og miðast greiðsluþátttaka ríkissjóðs við 75%. Við sérstakar aðstæður er heimilt að veita styrki til kaupa á nýjum hafnsögubátum og þá miðast styrkurinn við 75% þátttöku ríkissjóðs óháð stærð hafnar. Mjög dregur úr framlögum til miðlungsstórra og stórra hafna frá og með árinu 2007.

Hafnarsjóðir landsins hafa verið flokkaðir niður samkvæmt tekju- og aflaverðmætaviðmiðum í 24. gr. hafnalaganna. Fundnar voru meðaltekjur og meðalaflaverðmæti áranna 2001–2003.

Eftirtaldir 15 hafnarsjóðir teljast litlir samkvæmt skilgreiningu laganna og eiga möguleika á allt að 90% styrk til nýframkvæmda frá og með árinu 2007: Búðardalshöfn, Reykhólahöfn, Tálknafjarðarhöfn, Súðavíkurhöfn, Norðurfjarðarhöfn, Drangsneshöfn, Hólmavíkurhöfn, Hvammstangahöfn, Blönduóshöfn, Grímseyjarhöfn, Kópaskershöfn, Raufarhöfn, Bakkafjarðarhöfn, Borgarfjarðarhöfn, og Breiðdalsvíkurhöfn.

Eftirtaldir átta hafnarsjóðir eiga möguleika á 75% styrk til viðhaldsdýpkunar og endurbóta á skjólgörðum, 60% styrk til stofndýpkunar og 40% styrk til viðlegumannvirkja frá og með árinu 2007: Grundarfjarðarhöfn, Stykkishólmshöfn, hafnir Vesturbyggðar, Skagastrandarhöfn, Húsavíkurhöfn, Þórshöfn, Vopnafjarðarhöfn og Djúpavogshöfn.

Eftirtaldir 17 hafnarsjóðir eiga einungis möguleika á 75% styrk til viðhaldsdýpkunar og endurbóta á skjólgörðum frá og með árinu 2007: hafnir Snæfellsbæjar, Bolungarvíkurhöfn, hafnir Ísafjarðarbæjar, hafnir Skagafjarðar, Siglufjarðarhöfn, Hafnasamlag Eyjafjarðar,

Hafnasamlag Norðurlands, Seyðisfjarðarhöfn, hafnir Fjarðabyggðar, hafnir Austurbyggðar, Hornafjarðarhöfn, Vestmannaeyjahöfn, Þorlákshöfn, Grindavíkurhöfn, Sandgerðishöfn, hafnir Reykjanesbæjar og Vogahöfn.

Faxaflóahafnir sf. fá styrki vegna hafnanna á Akranesi og í Borgarnesi á grundvelli bráðabirgðaákvæðis hafnalaganna til verkefna sem voru á samgönguáætlun 2003–2006.

Samtals er kostnaður með virðisaukaskatti við ríkisstyrktar hafnargerðir áætlaður 6.692 millj. kr. á árunum 2005–2008. Rekstur hafna varð virðisaukaskattskyldur 1. júlí 2003 og því við það miðað að hafnir fái virðisaukaskattinn af nýframkvæmdum endurgreiddan. Áætlaður virðisaukaskattur af umræddum 6.692 millj. kr. er 1.265 millj. kr. Þá standa eftir 5.427 millj. kr. sem skiptast þannig að ríkissjóður greiðir 3.507 millj. kr. og hafnarsjóðirnir 1.920 millj. kr. Til er ónotuð fjárveiting frá fyrri árum 752 millj. kr. þannig að fjárveitingar til nýframkvæmda á tímabilinu þurfa að vera 2.755 millj. kr.

Nánari sundurliðun á kostnaði og kostnaðarskiptingu við einstakar framkvæmdir er að finna í kafla 3.2.2 í áætluninni. Í töflu 3-3 er sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum í grunnneti og í töflu 3-5 er sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets. Við gerð þessarar áætlunar var viðhöfð nýbreytni hvað varðar úthlutun fjárveitinga til viðhaldsdýpkana. Viðhaldsdýpkanir eru skilgreindar í höfnum þar sem þeirra er talin þörf vegna náttúrulegra aðstæðna en fjárveitingar til þessara verkefna eru síðan fluttar á einn óskiptan lið. Ástæðan er sú að mjög erfitt er að meta umfang og tímasetja þessi verkefni þar sem árferði á einstökum stöðum ræður þar mestu um. Með þessu móti skapast aukið svigrúm til að takast á við viðhaldsdýpkanir þar sem þörfin er mest hverju sinni.

Þá er að finna undir þessum stofnkostnaðarlið nýtt verkefni, „Ferjulægi við Bakkafjöru – rannsóknir“, að fullu kostað af ríkissjóði, og eru ætlaðar til þess 20 millj. kr. Hér er um að ræða framkvæmdatengdar rannsóknir, svo sem mælingar, botnrannsóknir, rannsóknir á efnisflutningum, grjótnámsrannsóknir og frumhönnun mannvirkja. Verkefnið á rætur að rekja til þingsályktunar um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2000.

Skuld við hafnarsjóði vegna framkvæmda á árunum 2003 og 2004 sem orðið hafa dýrari en áætlanir gerðu ráð fyrir og ekki var hægt að flytja í fjármuni úr öðrum verkefnum hjá sama hafnarsjóði er alls 16,5 millj. kr. Uppgjör þessara verkefna er sett inn á áætlun árið 2005 eins og sjá má í töflum 3-3 og 3-4 í áætluninni.

Í töflunum hér á eftir er sýnt hvernig ónotuðum fjárveitingum verður ráðstafað á áætlunartímabilinu. Ef ekki er þörf fyrir þessar fjárveitingar í ný verkefni innan sama hafnarsjóðs á áætlunartímabilinu eru þær fluttar yfir á óskipta liði. Þetta á við um eftirfarandi hafnarsjóði: Akranes 4 millj. kr., Stykkishólmur 8 millj. kr., Raufarhöfn 13 millj. kr. og Árborg (Eyrarbakki) 1 millj. kr. Samtals 26 millj. kr.

Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á verðlagi fjárlaga 2005.

Tafla 3-1. Hafnir í grunnneti.

Hafnir í grunnneti, yfirlit yfir ríkishluta í nýframkvæmdum samkvæmt töflu 3 - 3 í siglingamálakafla samgönguáætlunar og ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga frá 2004 og fyrr (fjárhæðir í millj.kr)

*) Ónotuð fjárveiting í árslok 2004 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar dags. des. 2004

Kjördæmi	2005			2006			2007			2008			Samtals
Höfn	Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	*) Ónotuð fjárv. (2)	Fjárv. til ný-framkv. (1) - (2)	Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	*) Ónotuð fjárv. (2)	Fjárv. til ný-framkv. (1) - (2)	Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	*) Ónotuð fjárv. (2)	Fjárv. til ný-framkv. (1) - (2)	Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	*) Ónotuð fjárv. (2)	Fjárv. til ný-framkv. (1) - (2)	2005 - 2008
Norðvesturkjördæmi													
Akranes	0,0		0,0	17,2	17,2	0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0
Snæfellsbær	30,2	14,0	16,2	9,6		9,6	26,3		26,3	0,0		0,0	52,1
Grundarfjörður	29,6	9,4	20,2	49,6		49,6	9,1		9,1	0,0		0,0	78,9
Stykkishólmur	6,0	6,0	0,0	0,0		0,0	8,7	4,7	4,0	0,0		0,0	4,0
Vesturbyggð	9,9	9,9	0,0	66,5		66,5	43,4		43,4	0,0		0,0	109,9
Ísafjarðarbær	104,2	56,8	47,4	65,4		65,4	0,0		0,0	0,0		0,0	112,8
Bolungarvík	34,9	9,3	25,6	23,3		23,3	18,4		18,4	0,0		0,0	67,3
Skagaströnd	67,5		67,5	14,8		14,8	0,0		0,0	9,4		9,4	91,7
Skagafjörður	19,4	0,8	18,6	3,2		3,2	0,0		0,0	0,0		0,0	21,8
	301,7	**106,2**	**195,5**	**249,6**	**17,2**	**232,4**	**105,9**	**4,7**	**101,2**	**9,4**	**0,0**	**9,4**	**538,5**
Norðausturkjördæmi													
Siglufjörður	33,7	11,7	22,0	21,1		21,1	0,0		0,0	0,0		0,0	43,1
Hafnasamlag Eyjafjarð	42,3	42,3	0,0	0,0		0,0	14,5	6,7	7,8	0,0		0,0	7,8
Hafnasamlag Norðurla	88,9	24,3	64,6	34,8		34,8	0,0		0,0	0,0		0,0	99,4
Húsavík	58,3	28,8	29,5	55,5		55,5	14,5		14,5	27,0		27,0	126,5
Raufarhöfn	8,2	8,2	0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0
Þórshöfn	53,6	49,5	4,1	0,0		0,0	33,4		33,4	9,1		9,1	46,6
Vopnafjörður	59,9	28,5	31,4	22,9		22,9	0,0		0,0	4,8		4,8	59,1
Seyðisfjörður	55,3	20,7	34,6	11,6		11,6	0,0		0,0	0,0		0,0	46,2
Fjarðabyggð	187,2	100,3	86,9	184,3		184,3	60,0		60,0	0,0		0,0	331,2
Fáskrúðsfjörður	5,0		5,0	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	5,0
Djúpivogur	14,8	14,8	0,0	7,2	6,1	1,1	0,0		0,0	0,0		0,0	1,1
	607,2	**329,1**	**278,1**	**337,4**	**6,1**	**331,3**	**122,4**	**6,7**	**115,7**	**40,9**	**0,0**	**40,9**	**766,0**
Suðurkjördæmi													
Hornafjörður	100,7	62,8	37,9	34,2		34,2	80,7		80,7	0,0		0,0	152,8
Vestmannaeyjar	137,4	92,4	45,0	40,0		40,0	0,0		0,0	0,0		0,0	85,0
Þorlákshöfn	175,8		175,8	118,5		118,5	0,0		0,0	0,0		0,0	294,3
Grindavík	203,6	37,6	166,0	53,0		53,0	0,0		0,0	45,8		45,8	264,8
Sandgerði	23,7		23,7	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	23,7
Reykjanesbær	1,9		1,9	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	1,9
	643,1	**192,8**	**450,3**	**245,7**	**0,0**	**245,7**	**80,7**	**0,0**	**80,7**	**45,8**	**0,0**	**45,8**	**822,5**
Óskipt													
Viðhaldsdýpk./skjólg.	39,1	26,2	12,9	33,7	0,0	33,7	69,6	0,0	69,6	91,7	0,0	91,7	207,9
Til slysavarna o.fl.	12,0	12,0	0,0	12,0		12,0	10,5		10,5	14,5		14,5	37,0
Ferjulægi Bakkafjöru	10,0		10,0	10,0		10,0	0,0		0,0	0,0		0,0	20,0
	1.613,1	**666,3**	**946,8**	**888,4**	**23,3**	**865,1**	**389,1**	**11,4**	**377,7**	**202,3**	**0,0**	**202,3**	**2.391,9**

Tafla 3-2. Hafnir utan grunnnets.

Hafnir utan grunnnets, yfirlit yfir ríkishluta í nýframkvæmdum samkvæmt töflu 3 - 3 í siglingamálakafla samgönguáætlunar og ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga frá 2004 og fyrr (fjárhæðir í millj.kr)

*) Ónotuð fjárveiting í árslok 2004 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar dags. des. 2004

Kjördæmi / Höfn	2005 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	2005 *) Ónotuð fjárv. (2)	2005 Fjárv. til ný framkv. alls (1) - (2)	2006 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	2006 *) Ónotuð fjárv. (2)	2006 ný-framkv. alls (1) - (2)	2007 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	2007 *) Ónotuð fjárv. (2)	2007 Fjárv. til ný framkv. alls (1) - (2)	2008 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	2008 *) Ónotuð fjárv. (2)	2008 ný-framkv. alls (1) - (2)	Samtals 2005 - 2008
Norðvesturkjördæmi													
Borgarnes	0,5		0,5	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	0,5
Dalabyggð	1,7	1,5	0,2	0,0		0,0	0,7		0,7	0,0		0,0	0,9
Reykhólar	7,2	0,2	7,0	0,0		0,0	0,0		0,0	32,6		32,6	39,6
Vesturbyggð	46,8	23,4	23,4	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	23,4
Tálknafjörður	1,0	0,2	0,8	0,0		0,0	10,7		10,7	75,2		75,2	86,7
Ísafjarðarbær	15,0		15,0	4,9		4,9	0,0		0,0	0,0		0,0	19,9
Súðavík	6,2		6,2	0,0		0,0	2,3		2,3	30,9		30,9	39,4
Norðurfjörður	1,9		1,9	1,4		1,4	0,0		0,0	0,0		0,0	3,3
Drangsnes	1,3	0,7	0,6	0,0		0,0	11,6		11,6	0,0		0,0	12,2
Hólmavík	3,3	3,2	0,1	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	0,1
Húnaþing vestra	3,0		3,0	0,0		0,0	18,4		18,4	0,0		0,0	21,4
Blönduós	0,0		0,0	0,0		0,0	6,7	0,8	5,9	0,0		0,0	5,9
Skagafjörður	3,5		3,5	8,2		8,2	0,0		0,0	0,0		0,0	11,7
	91,4	**29,2**	**62,2**	**14,5**	**0,0**	**14,5**	**50,4**	**0,8**	**49,6**	**138,7**	**0,0**	**138,7**	**265,0**
Norðausturkjördæmi													
Hafnasamlag Norðurla	1,4		1,4	5,6		5,6	0,0		0,0	0,0		0,0	7,0
Grímsey	8,0	8,0	0,0	0,0		0,0	17,3	0,8	16,5	11,7		11,7	28,2
Kópasker	3,6	2,3	1,3	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	1,3
Bakkafjörður	4,0		4,0	0,0		0,0	1,7		1,7	0,0		0,0	5,7
Borgarfjörður eystri	4,6		4,6	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	4,6
Mjóifjörður	3,1		3,1	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	3,1
Hafnasamlag Austur-H	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	3,6		3,6	3,6
Austurbyggð	1,2		1,2	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0	1,2
Breiðdalsvík	0,0		0,0	0,0		0,0	11,6	0,8	10,8	0,0		0,0	10,8
	25,9	**10,3**	**15,6**	**5,6**	**0,0**	**5,6**	**30,6**	**1,6**	**29,0**	**15,3**	**0,0**	**15,3**	**65,5**
Óskipt													
Viðhaldsdýpk./skjólg.	4,8	4,8	0,0	3,0		3,0	8,4		8,4	8,4		8,4	19,8
Til slysavarna o.fl.	4,8	4,8	0,0	3,0		3,0	4,8		4,8	4,8		4,8	12,6
	126,9	**49,1**	**77,8**	**26,1**	**0,0**	**26,1**	**94,2**	**2,4**	**91,8**	**167,2**	**0,0**	**167,2**	**362,9**

Lendingarbætur.

Hér er um að ræða styrki til einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaga til framkvæmda utan skilgreindra hafnarsvæða. Styrkir þessir eru fyrst og fremst til framkvæmda þar sem útgerð og/eða ferðaþjónusta er stunduð í atvinnuskyni.

Ferjubryggjur.

Undir þennan lið falla framlög til viðhalds og endurbyggingar hafnarmannvirkja utan skilgreindra hafnarsvæða þar sem ríkið styrkir ferjusiglingar svo sem í Breiðafjarðareyjum og við Ísafjarðardjúp.

Sjóvarnargarðar.

Framkvæmdum er raðað í forgangsröð miðað við tiltekna forgangsflokka, A, B og C (sjá skýringar síðar). A-framkvæmdum er lokið og flestum B-framkvæmdum. Eru því í þessari áætlun aðallega B–C-framkvæmdir og C-framkvæmdir.

Leggja verður áherslu á að sjóvarnarverkefnum verður ekki lokið með þessum áætluðu framkvæmdum. Bæði er töluvert af sjóvörnum 15–20 ára og eldri er þarfnast styrkingar sem ekki eru í þessari áætlun. Svo er á hitt að líta að um 15 ár eru frá síðasta stórflóði suðvestanlands, en 8–10 ár á Norðurlandi og Vestfjörðum. Nýtt stórflóð mundi skapa nýja framkvæmdaþörf. Búast má við stórflóðum á 10–20 ára fresti sé tekið mið af reynslu.

Fjárveitingar til sjóvarna. Gert er ráð fyrir að vinna að sjóvörnum í 31 sveitarfélagi á áætlunartímabilinu fyrir samtals 531 millj. kr. Að auki er óráðstafað 42 millj. kr. sem hægt verður að grípa til ef mannvirki eru talin í hættu. Alls er því reiknað með að vinna að sjóvörnum fyrir 573 millj. kr. árin 2005–2008. Af þeirri upphæð greiðir ríkið 480 millj. kr. en sveitarfélög/landeigendur, 93 millj. kr. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sjóvarnaframkvæmda í desember 2004 er gert ráð fyrir að ónotaðar séu 47 millj. kr. af fjárveitingum ársins 2004 og fyrr sem verða nýttar í ný verkefni innan sömu sveitarfélaga. Fjárveiting í ný sjóvarnarverkefni árin 2005–2008 er því alls 433 millj. kr. Ef ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir í viðkomandi sveitarfélagi á árunum 2005–2008 eru ónotuð fjárveiting flutt yfir á óskiptan lið. Samtals er þar um að ræða 3 millj. kr.

Í töflunni hér á eftir er sýnt hvernig staðan er í einstökum sveitarfélögum.

Vinnureglur við úthlutun. Í 1. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, segir meðal annars:

„Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.“

Ákvæði í 3. gr. laganna þar sem fjallað er um mat á nauðsyn framkvæmda og forgangsröðun er svohljóðandi:

„Siglingastofnun Íslands skal sjá um að áætlun um sjóvarnir sé gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Áætlun um sjóvarnir samkvæmt lögum þessum skal tilgreind í siglingamálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við gerð áætlana um sjóvarnir skal stofnunin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma. Umsóknir um framlag úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun.

Í áætluninni skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.“

Við gerð sjóvarnaáætlunar var leitast við að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í 3. gr. laga um sjóvarnir með því að meta einstaka þætti, svo sem ölduálag og verðmæti sem talin eru í hættu, og einkunnir gefnar fyrir þessa þætti, sbr. útskýringar um forgangsröðun hér á eftir.

Hvaða sjóvarnir eru styrkhæfar: Sjóvarnagerð með ríkisstyrk hefur langmest verið við byggð svæði eða þar sem hús og önnur dýrmæt mannvirki hafa verið í hættu. Mun minna hefur verið um styrki til að verja land eingöngu, sérstaklega seinni árin, þótt dæmi séu um sjóvarnir við nytjaland, en kostnaður við sjóvörn verður þá oft mun hærri en verðmæti lands sem á að verja. Sjóvörn á nýjum landfyllingum og landvinningum og fyrir hús eða mannvirki sem byggð hafa verið þar hefur yfirleitt verið án styrkja frá ríkissjóði nema að því marki sem kostað hefði að verja gömlu strandlínuna.

Tafla 3-3. Staða fjárveitinga.

Sjóvarnir, yfirlit yfir ríkishlut í nýframkvæmd, stöðu eldri fjárveitinga og fjárveitingaþörf.

Sveitarfélög, yfirlit yfir ríkishlut í nýframkvæmdum við sjóvarnir samkvæmt töflu 3 - 6 í siglingamálakafla samgönguáætlunar og ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga frá 2004 og fyrr (fjárhæðir í millj.kr)

*) Ónotuð fjárveiting í árslok 2004 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar dags. des. 2004

	2005			2006					2007	2008	Alls fjárv.
Kjördæmi Sveitarfélag	Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	*) Ónotuð fjárv. (2)	Fjárveiting til nýframkv. (1) - (2)	Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	*) Ónotuð fjárv. (2)	Fjárveiting til nýframkv. (1) - (2)	Nýtt	Frestað	Ríkishl. í nýfram-kvæmd	Ríkishl. í nýfram-kvæmd	2005 - 2008
NORÐVESTURKJÖRDÆMI											
Akraneskaupstaður	8,8	8,8		10,0	0,8	9,2					9,2
Innri-Akraneshreppur				4,4		4,4				2,6	7,0
Snæfellsbær	6,9	3,8	3,1	13,0		13,0				11,7	27,8
Eyrarsveit	3,1	3,1									
Reykhólahreppur	1,6	1,6									
Vesturbyggð	5,9	2,7	3,2								3,2
Ísafjarðarbær	4,7		4,7	15,0		15,0				6,1	25,8
Súðavíkurhreppur				7,4		7,4					7,4
Árneshreppur	0,8		0,8								0,8
Kaldrananeshreppur	0,4		0,4								0,4
Hólmavíkurhreppur	0,1		0,1								0,1
Bæjarhreppur				6,7		6,7					6,7
Húnaþing vestra				7,1		7,1					7,1
Blönduósbær	10,8		10,8				12,2		12,2		23,0
Höfðahreppur	1,0		1,0							8,9	9,9
Skagafjörður, svf.	15,2	0,1	15,1				4,2		4,2		19,3
	59,3	**20,1**	**39,2**	**63,6**	**0,8**	**62,8**	**16,4**		**16,4**	**29,3**	**147,7**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI											
Siglufjarðarkaupstaður	0,3		0,3				16,7		16,7		17,0
Ólafsfjarðarkaupstaður	5,3	0,3	5,0				9,2		9,2		14,2
Dalvíkurbyggð	3,0	3,0								6,9	6,9
Akureyrarkaupstaður (Hrísey)							8,6		8,6		8,6
Arnarneshreppur							2,8		2,8		2,8
Svalbarðsstrandarhr.	4,1	0,1	4,0								4,0
Grímsey	0,5		0,5								0,5
Borgarfjarðarhreppur				4,4		4,4					4,4
	13,2	**3,4**	**9,8**	**4,4**		**4,4**	**37,3**		**37,3**	**6,9**	**58,4**
SUÐURKJÖRDÆMI											
Mýrdalshreppur				4,1		4,1					4,1
Vestmannaeyjabær	4,6	4,6									
Árborg, svf.	20,9	3,9	17,0				6,5		6,5		23,5
Ölfus, svf.	12,6	5,2	7,4								7,4
Grindavíkurkaupstaður							6,0		6,0		6,0
Sandgerðisbær	5,3		5,3	17,9		17,9					23,2
Gerðahreppur	0,5		0,5	8,1		8,1					8,6
Vatnsleysustrandarhreppur	0,3		0,3	12,5		12,5	12,3		12,3		25,1
	44,2	**13,7**	**30,5**	**42,6**		**42,6**	**24,8**		**24,8**		**97,9**
SUÐVESTURKJÖRDÆMI											
Hafnarfjörður							6,5		6,5	32,7	39,2
Álftanes svf.	17,5	1,0	16,5				11,1		11,1		27,6
Seltjarnarneskaupstaður	11,0	0,4	10,6							6,3	16,9
	28,5	**1,4**	**27,1**				**17,6**		**17,6**	**39,0**	**83,7**
REYKJAVÍK										**15,9**	15.9
ÓSKIPT	7,6	7,6		5,4		5,4			9,5	14,5	29,4
Samtals allt landið	**152,8**	**46,2**	**106,6**	**116,0**	**0,8**	**115,2**	**96,1**		**105,6**	**105,6**	**433,0**

Um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga: Samkvæmt 7. gr. sjóvarnalaga greiðir ríkissjóður allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmd við sjóvarnir sem gerðar eru í samræmi við lög um sjóvarnir. Í sjóvarnaáætluninni er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði ⅞ kostnaðar við sjóvarnir, en viðkomandi sveitarsjóður eða landeigendur ⅛. Þó kann að verða frá þessu vikið til aukningar á hlut sveitarfélaga eða landeigenda til að hægt sé að komast yfir stærri framkvæmdaáfanga. Dæmi um þetta er vörn við Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði og framan við Grundarhverfi á Kjalarnesi (Reykjavíkurborg).

Nánar um forgangsröðun framkvæmda: Í skýrslu sem Hafnamálastofnun (nú Siglingastofnun) lét vinna árið 1983 var framkvæmdum í fyrsta skipti raðað í forgangsflokka, A, B, C og D. Rúmlega áratug síðar, í „Yfirlitsskýrslu um sjóvarnir" 1995, urðu aðalflokkarnir þrír og til viðbótar framkvæmdir *til athugunar* sem ekki komust inn á áætlun:

A. Áhættukafli samkvæmt reynslu. Mikil verðmæti í húfi og öryggismál fyrir íbúana. Mjög aðkallandi framkvæmd.

B. Nokkur áhætta og töluverð verðmæti eru í húfi en ekki eins mikil og í A, t.d. færri hús eða minni líkur á að tjón verði mikið. Nauðsynleg framkvæmd sem kemur á eftir A-framkvæmdum.

C. Minni áhætta en í B og/eða minni verðmæti í húfi en æskileg eða nauðsynleg framkvæmd engu síður. Gæti þurft að endurmeta flokkun síðar, t.d. ef landbrot hefur stytt vegalengd að mannvirki eða grafið hefur frá undirstöðum húss. Æskileg eða nauðsynleg framkvæmd.

Til athugunar: Verk sem eru neðar en í C-flokki en geta samt sem áður verið nauðsynleg þótt síðar verði.

B–C-flokkur er á milli **B** og **C**, þannig að áætlunarflokkarnir eru í raun 4, en þar sem A-framkvæmdum er lokið, a.m.k. í bili þar til næsta stóra sjávarflóð kemur, og B-framkvæmdum lýkur árið 2005, eru flokkarnir eftir það tveir, **B–C** og **C**.

Til þess að raða framkvæmdum í flokka var með stigagjöf lagt mat á:

a. sjávarógn, þ.e. ölduálag og flóðahættu,
b. fjarlægð frá sjávarkambi, landhæð og jarðfræði,
c. verðmæti að baki (einkum hús og mannvirki en einnig land).

Hver þessara þátta fékk ákveðið vægi og síðan hver framkvæmd stig fyrir hvern þátt sem voru svo vegin og lögð saman. Þau svæði sem fengu flest stig lentu í **B**-flokki, en annars í **B–C**- eða **C**-flokki. Að lokum eru allmargar framkvæmdir sem lentu í flokknum til athugunar.

Hafnabótasjóður, framlag.

Framlag til B-deildar Hafnabótasjóðs kemur fram undir þessum lið. Hlutverk B-deildar Hafnabótasjóðs er að fjármagna viðgerðir tjóna á hafnarmannvirkjum sem teljast styrkhæf skv. 24. gr. hafnalaga og ekki fást bætt úr tryggingum eða Viðlagasjóði. Þar sem mjög hefur gengið á B-deild sjóðsins að undanförnu og framlag til hennar hefur fallið niður tvö síðustu ár er gert ráð fyrir 32 millj. kr. árlegu framlagi frá og með árinu 2006.

3.2 Flokkun hafna.

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskihafnir. Staðalkröfurnar greinast í tvennt:

– Tæknikröfur sem lúta að skipulagi hafna og hafnasvæða, gæðum innsiglingar og kyrrð í höfninni.

- Notendakröfur sem eru reglur varðandi mat á nýtingu á bryggjuplássi, þ.e. hvort höfn annar þeim fjölda skipa sem þar leggur að og landar, enn fremur hvort aðstaða þarf að vera fyrir farmskip og viðmiðunarreglur varðandi ýmsan búnað hafna.

Þróun fiskiskipaflotans hefur síðustu áratugi verið í átt að stærri og djúpristari skipum. Siglingastofnun hefur aðlagað staðalkröfur til fiskiskipahafna að þessari þróun og er nú t.d. krafist meira dýpis í stórskipahöfnum en áður. Einnig hafa kröfur um burðarþol hafnarbakka aukist. Fyrir um tveimur áratugum var algengast að miða leyfilegt álag við 1–3 t/m². Nú er algengast að miðað við 4 t/m² á hafnarbökkum þar sem losun og lestun flutningaskipa fer fram og búast má við notkun gámalyftara.

Höfnum er skipt niður í fjóra flokka og eru mismunandi staðalkröfur gerðar í hverjum þeirra. Flokkun þessi hefur verið nýtt við að forgangsraða framkvæmdum með tilliti til ríkisframlags á hafnaáætlun. Flokkunin er unnin með hjálp reiknilíkans sem tekur mið af eftirfarandi:

- Þjónustustigi sem höfn veitir.
- Aflamagni sem landað er í viðkomandi höfn.
- Verðmæti afla sem landað er.
- Magni sem unnið er í viðkomandi verstöð.
- Vöruflutningum sem fara um höfnina.
- Aðstæðum til hafnargerðar á viðkomandi stað.

Allar hafnir í flokkum I og II eru í grunnneti og auk þess iðnaðarhöfnin á Grundartanga. Utan grunnnets eru fiskihafnir í flokki III og IV og iðnaðarhöfnin við þörungaverksmiðjuna á Reykhólum. Flokkunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti, um leið og 12 ára áætlun.

Tafla 3-4. Flokkun hafna.

Flokkur I, stórar fiskihafnir:		
*Akraneshöfn	*Akureyrarhöfn	*Eskifjarðarhöfn
*Fáskrúðsfjarðarhöfn	*Grindavíkurhöfn	Hafnarfjarðarhöfn
*Hornafjarðarhöfn	*Höfnin Keflavík Njarðvík	Ísafjarðarhöfn
*Neskaupstaðarhöfn	*Reykjavíkurhöfn	*Seyðisfjarðarhöfn
*Siglufjarðarhöfn	*Vestmannaeyjahöfn	*Þorlákshöfn

* Þær hafnir eru stjörnumerktar þar sem löndun er á uppsjávarfiski.

Flokkur II, meðalstórar fiskihafnir:		
*Bolungarvíkurhöfn	Dalvíkurhöfn	*Djúpavogshöfn
Grundarfjarðarhöfn	Húsavíkurhöfn	*Ólafsfjarðarhöfn
Ólafsvíkurhöfn	Patreksfjarðarhöfn	*Raufarhöfn
*Reyðarfjarðarhöfn	Rifshöfn	Sandgerðishöfn
Sauðárkrókshöfn	Stykkishólmshöfn	Skagastrandarhöfn
*Vopnafjarðarhöfn	*Þórshöfn	

Flokkur III, bátahafnir:		
Árskógssandshöfn	Bíldudalshöfn	Blönduóshöfn
Flateyrarhöfn	Hólmavíkurhöfn	Hvammstangahöfn
Stöðvarfjarðarhöfn	Suðureyrarhöfn	Súðavíkurhöfn
Tálknafjarðarhöfn	Þingeyrarhöfn	

Flokkur IV, smábátahafnir:		
Arnarstapahöfn	Bakkafjarðarhöfn	Borgarfjarðarhöfn eystri
Breiðdalsvíkurhöfn	Brjánslækjarhöfn	Drangsneshöfn
Grenivíkurhöfn	Grímseyjarhöfn	Hjalteyrarhöfn
Hofsóshöfn	Hríseyjarhöfn	Kópaskershöfn
Norðurfjarðarhöfn	Vogahöfn	

Auk þeirra 57 fiskihafna sem tilgreindar eru í framantöldum fjórum flokkum eru nokkrir minni löndunarstaðir. Fyrir hvern flokk er miðað við hönnunarskip sem skilgreint er út frá lengd, breidd og djúpristu (sjá töflu 3-5)

Tafla 3-5. Skilgreining á hönnunarskipum eftir flokkum hafna.

	Flokkur I **Stórar fiskihafnir**	**Flokkur II** **Meðalstórar fiskihafnir**	**Flokkur III** **Bátahafnir**	**Flokkur IV** **Smábátahafnir**
Hönnunarskip	**Fiskiskip,** 70 – 80 m löng 12 – 16 m breið 8,0 – 9,0 m djúprista **Flutningaskip,** 100 – 130 m löng, 14 – 19 m breið 6 – 8 m djúprista	**Fiskiskip,** 50 – 60 m löng 10 – 12 m breið 7,0 – 8,0 m djúprista *) **Flutningaskip,** **) 80 – 110 m löng, 12 – 16 m breið 5 – 7 m djúprista	Fiskiskip, 40 – 50 m löng 7 – 9 m breið 5 – 6 m djúprista *)	Fiskiskip, 10 – 15 m löng 3 – 4 m breið 2– 3 m djúprista

*) Ef löndun á uppsjávarfiski er yfir 10.000 tonn að meðatali miðað við þriggja ára tímabil er tekið mið af dálki I, stórar fiskihafnir.

**) Ekki er þörf á aðstöðu fyrir flutningaskip ef samgöngur eru greiðar allt árið við nálæga flutningahöfn.

Tafla 3-6. Helstu staðalkröfur fyrir fjóra flokka hafna.

	Flokkur I Stórar fiskihafnir	**Flokkur II Meðalstórar fiskihafnir**	**Flokkur III Bátahafnir**	**Flokkur IV Smábátahafnir**
Innsigling, breidd rennu	Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2,0 - 5 x breidd hönnunarskips háð aðstæðum
Sæflötur hafnar	Stærri en 10 ha	Stærri en 5 ha	Hafnarkví stærri en 1 ha með öruggu skjóli fyrir báta	Hafnarkví stærri en 70 m² x fjöldi smábáta sem notar höfnina >5% tímans
Snúnings-svæði	*Flutningaskip* D > 1,5 x lengd hönnunarskips. Sé snúið við bryggju eða ef dráttarbátur er til aðstoðar telst vera í lagi þó að þvermál snúnings sé um 15% minna *Fiskiskip* **D > 1,2 x lengd** hönnunarskips	Flutningaskip D > 1,5 x lengd hönnunarskips. Má þó vera allt að 20% minna snúningsþvermál sé snúningur við bryggju eða ef dráttarbátur er til staðar *Fiskiskip* **D > 1,2 x lengd** hönnunarskips	D > 1,2 x lengd hönnunarskips	D > 1,2 x lengd hönnunarskips
Dýpi:				
Innsigling	> 9,5 m á smástr.fj. háð kenniöldu	> 8 m á smástr.fj. háð kenniöldu	6,5 m á smástr.fj. háð kenniöldu	4 m á smástr.fj. háð kenniöldu
Snúningssv.	> 9 m á smástr.fj.	>7,5 m á smástr.fj.	> 6 m á smástr.fj.	>3 m á smástr.fj.
Löndunarbr.	>9 m á stórstr.fj.	> 8 m á stórstr.fj.	>6,5 m á stórstr.fj.	>2,5 m á stórstr.fj.
Kyrrð, gæði viðlegukanta	A - B	A - B	A - B	A - B
Landrými við kanta	Athafnasvæði við flutninga- og löndunarkanta >30 m á breidd Ef athafnasvæði er minna og lestun/losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Athafnasvæði við löndunarkanta >25 m á breidd Ef athafnasvæði er minna og lestun/losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Athafnasvæði við löndunarkanta > 20 m á breidd Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Smábátar landa við krana Akstursbreidd við krana > 12 m

4. VEGÁÆTLUN

Inngangur.

Í mars árið 2003 var í fyrsta skipti samþykkt á Alþingi samgönguáætlun til fjögurra ára (2003–2006) og til tólf ára (2003–2014). Með því var vegáætlun sem löng hefð er fyrir að gera og langtímaáætlun um vegagerð felld inn í áætlanagerð annarra samgöngugreina. Í lögum um samgönguáætlun er kveðið á um að fjögurra ára áætlunina skuli endurskoða á tveggja ára fresti.

Sú vegáætlun sem hér er fjallað um er í samræmi við þetta og tekur til áranna 2005–2008. Hún tekur að sjálfsögðu fyrst og fremst mið af gildandi vegáætlun fyrir árin 2003–2006 ásamt samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að í samræmi við fyrirliggjandi frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að á því ári verði frestað framkvæmdum í vegagerð fyrir 1.900 millj. kr. Á árinu 2006 er gert ráð fyrir að frestað verði framkvæmdum fyrir 2.000 millj. kr. miðað við gildandi vegáætlun fyrir það ár. Á árunum 2007 og 2008 er hins vegar gert ráð fyrir að fjármagn verði aukið sem þessu nemur, þ.e. 1.900 millj. kr. árið 2007 og 2.000 millj. kr. árið 2008. Enn fremur þarf að hafa í huga að á yfirstandandi ári (2004) var frestað framkvæmdum fyrir 1.822 millj. kr. miðað við gildandi vegáætlun. Þá hafa framkvæmdavísitölur (vegagerðarvísitala, byggingavísitala) hækkað nokkru meira en verðlagsforsendur fjárlaga sem einnig hefur töluverð áhrif á áætlanagerðina.

Umferðaröryggisáætlun er nú hluti samgönguáætlunar og er hluti hennar fjármagnaður af vegáætlun. Gerð er grein fyrir þeim útgjöldum í viðkomandi köflum hér á eftir.

4.1 Fjármál.

Heildarfjármagn.

Heildarfjármagn til vegamála á árinu 2005 er 13.310 millj. kr. Af því fara 380 millj. kr. í greiðslu skulda við ríkissjóð. Ráðstöfunarfé hjá Vegagerðinni verður þá 12.930 millj. kr.

Ríflega 80% fjárins koma frá mörkuðum tekjustofnum eða 10.847 millj. kr. Til viðbótar koma framlög úr ríkissjóði. Skipta má þeim í tvennt. Annars vegar er ríkisframlag 1.263 millj. kr. og hins vegar framlag til jarðgangagerðar 1.200 millj. kr.

Hinn 1. júlí 2005 taka gildi lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Við gildistöku laganna verður þungaskattskerfið lagt niður í núverandi mynd og þá falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Gert er ráð fyrir að olíugjaldið skili mun minni tekjum en þungaskatturinn gerði og til að vega upp á móti þeirri lækkun verður bensíngjaldið hækkað á sama tíma um 6–7%. Einnig er áætlað að ríkisframlag umfram markaðar tekjur aukist og verði alls 17.690 millj. kr. á tímabilinu 2005–2008. Gert er ráð fyrir að markaðir tekjustofnar verði hækkaðir til samræmis við verðlagshækkanir á tímabilinu, svo og ríkisframlög, þannig að áætlunin haldi verðgildi sínu.

Endurgreiðslur af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga halda áfram allt tímabilið en 2008 er síðasta endurgreiðsluárið. Endurgreiðslum vegna kaupa á ferjum lýkur á árinu 2007 og eru þær áætlaðar 945 millj. kr. á tímabilinu. Þegar afborgunum af ferjulánum er lokið verður byrjað að endurgreiða af 500 millj. kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði frá árinu 1999.

Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi fjárlaga 2005. Gert er ráð fyrir að við meðferð málsins á Alþingi verði tölur áranna 2006–2008 hækkaðar til áætlaðs verðlags 2006.

4.1.1 Tekjur og framlög.

Markaðar tekjur.

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Jafnan hefur verið miðað við byggingarvísitölu þegar upphæð bensíngjalds og gjaldskrár þungaskatts hafa verið ákveðnar og voru viðmiðunarmörk sett með lögum um fjáröflun til vegagerðar á árinu 1986. Bensíngjald var síðast hækkað í lok nóvember 2003 um 8%. Þungaskattur var hækkaður á sama tíma, einnig um 8%. Hækkun á þungaskatti kom þó ekki til framkvæmdar fyrr en 1. janúar 2004 á fasta árgjaldinu og 11. febrúar 2004 á kílómetragjaldinu. Dregið hefur í sundur með gjaldskrám bensíngjalds og þungaskatts og byggingarvísitölu, þ.e. breytingar á gjaldskrám hafa ekki fylgt þróun byggingarvísitölu. Slaki í bensíngjaldi var í ársbyrjun 2004 23,1%, 25,7% í þungaskatti, árgjaldi, og um 50% í kílómetragjaldi. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þess verði gætt að gjaldskrá bensíngjalds fylgi verðlagsþróun á tímabilinu en þungaskattskerfið verður lagt niður í núverandi mynd um mitt ár 2005 þegar lögin um olíugjald taka gildi.

Hinn 28. maí 2004 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Með þeim var ákveðið að breyta í grundvallaratriðum þeirri gjaldtöku sem verið hefur á ökutækjum sem nota dísilolíu sem eldsneytisgjafa. Lögin öðlast gildi 1. júlí 2005 og þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Með lögunum verður þungaskattskerfið lagt niður í núverandi mynd en í staðinn verður tekið upp svokallað olíugjald sem verður innifalið í verði hvers lítra af olíu með svipuðum hætti og bensíngjaldið er núna. Gjaldið verður 45 kr. á hvern lítra. Áfram verður lagt kílómetragjald, óháð orkugjafa, á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd. Þetta er gert í þeim tilgangi að taka gjald af bifreiðum í samræmi við þann kostnað sem hlýst af notkun þeirra og sliti á vegakerfi landsins. Undanskildar kílómetragjaldi verða bifreiðar sem notaðar eru til fólksflutninga. Lögin gera ráð fyrir að þeir sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga innan sveitarfélaga fái einnig endurgreidd 80% af olíugjaldinu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða álagningu markaðra tekna á árunum 2005–2008. Allar upphæðir eru í milljónum króna á verðlagi fjárlaga 2005.

Ár	Bensín-gjald	Þungaskattur km-gjald	Þungaskattur árgjald	Olíu-gjald	Leyfisgjöld flutninga	Leyfisgjöld leigubifreiða	Alls
2005	6.029	1.898	1.245	1.665	4	6	10.847
2006	6.326	1.015		3.330	4	6	10.681
2007	6.326	1.030		3.380	4	6	10.746
2008	6.326	1.046		3.431	4	6	10.813

Bifreiðaeign.

Nokkur samdráttur var í innflutningi bifreiða á árunum 1992–1994. Árlegur innflutningur var þá á bilinu 6–8 þúsund bifreiðar og minnkaði bifreiðaeign landsmanna verulega á þessum árum. Frá og með árinu 1995 jókst innflutningur að nýju og náði hámarki á árinu 1999 þegar nýskráðar bifreiðar voru alls 18.990. Á árunum 2001 og 2002 fækkaði nýskráningum mikið aftur en þær voru alls 17.516 þessi tvö ár. Innflutningurinn tók nokkurn kipp á árinu 2003 og voru 12.619 fluttar inn það ár. Í ársbyrjun 2004 var bifreiðaeign landsmanna alls 189.813 bifreiðar.

Ársbyrjun	Fólksbílar	Fólksbílar á 1000 íbúa	Hópferða-bílar	Vörubílar	Bifreiðar alls
1960	14.228	89	325	5.703	20.256
1970	37.304	183	555	5.727	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	90.015
1990	124.273	490	1.328	12.177	137.778
1991	119.731	468	1.328	13.122	134.181
1992	120.862	466	1.389	14.623	136.874
1993	120.146	459	1.157	14.845	136.148
1994	116.195	439	1.193	14.451	131.839
1995	116.243	435	1.249	14.348	131.840
1996	119.232	445	1.295	14.757	135.284
1997	124.909	463	1.363	15.260	141.532
1998	132.468	487	1483	16.027	149.978
1999	140.372	510	1.544	16.550	158.466
2000	151.409	543	1.621	17.807	170.837
2001	158.936	562	1.673	19.432	180.041
2002	159.865	558	1.711	19.990	181.566
2003	161.721	561	1.699	20.278	183.698
2004	166.869	574	1.709	21.235	189.813

Tekjur af bensíni.

Bensínsala jókst um 1% milli áranna 2002 og 2003. Bensínsalan nam 194,0 milljónum lítra á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2003. Áætlað er að bensínsala á árinu 2004 verði um 192 milljónir lítra sem er svipuð sala og undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir aukinni sölu bensíns þar sem bæði hafa komið fram sparneytnari bifreiðar og gert er ráð fyrir minni akstri á hverja bifreið. Gert er ráð fyrir að bensínsala haldist óbreytt í lítrum talið á tímabili áætlunarinnar.

Bensíngjald var hækkað um 8% í nóvember 2003 og er núna 30,89 kr./l af blýlausu bensíni. Slaki í bensíngjaldi er nú 23,1%. Við gildistöku laga um olíugjald um mitt ár 2005 verður bensíngjaldið hækkað eins og áður hefur komið fram. Reiknað er með að bensíngjald hækki miðað við verðlagsþróun á vegáætlunartímabilinu.

Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt, annars vegar árgjald sem innheimt er af flestum smærri dísilbifreiðum og hins vegar km-gjald, en þá er greitt af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dísilbifreiðir greiða km-gjaldið en eigendur smærri dísilbifreiða geta greitt km-gjald í stað árgjalds ef þeir óska.

Gjaldskrá þungaskatts var síðast hækkuð um 8% með lögum nr. 119/2003 og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2004 fyrir fasta árgjaldið og 11. febrúar 2004 fyrir kílómetragjaldið. Þungaskattskerfið í núverandi mynd verður lagt niður við gildistöku laga um olíugjald. Áfram verður lagt lágt km-gjald á bifreiðar yfir 10 tonnum með þeim undantekningum sem áður hafa verið nefndar. Eftirfarandi eru dæmi um mismun á km-gjaldi í núverandi kerfi og nýja kerfinu. Kílómetragjald á bifreiðar í þyngdarflokki 10.001–11.000 kg er nú 9,66 kr. en

verður 0,29 kr. og gjald á bifreiðar í þyngdarflokki 21.001–22000 kg er nú 19,93 kr. en verður 6,89 kr.

Dísilbifreiðaeign landsmanna, einkum jeppaeign, hefur tvöfaldast á sjö ára tímabili, frá ársbyrjun 1997 til ársbyrjunar 2004. Þessu hefur fylgt mikil aukning á innheimtu á árgjaldi þungaskatts en hún jókst um ríflega 144% á sama tíma. Mjög mikil aukning var 1997–2000 en svo dró úr henni og var aukningin 7% á milli áranna 2000 og 2001, 0,8% lækkun 2001–2002 en aftur rúmlega 6% aukning 2002–2003. Innheimta á km-gjaldi þungaskatts hefur hins vegar aukist heldur hægar eða um 20% á þessu sama tímabili 1997–2003. Aukningin á km-gjaldi þungaskatts hefur skýrst að mestu leyti af auknum akstri stærri dísilbifreiða.

Með upptöku olíugjalds má reikna með að dísilbifreiðum fjölgi enn frekar og þá einnig smábílum en dísilbifreiðar eru sparneytnari og menga minna en bensínknúnar bifreiðar. Þungaskattskerfið hefur gert það að verkum að rekstur lítilla dísilbifreiða er óhagstæður nema fyrir þá sem aka mjög mikið, t.d. leigubílstjóra.

Tekjur af olíugjaldi.

Með gildistöku laga um olíugjald breytast allar forsendur fyrir mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar mikið. Gert er ráð fyrir að olíugjaldið gefi minna af sér heldur en þungaskatturinn gerði en hversu miklu minna er erfitt að meta. Ólíkir þættir sem geta haft víxlverkandi áhrif spila þarna inn í. Til dæmis má ætla að nokkur tilflutningur verði á bifreiðaeign landsmanna úr bensínbifreiðum yfir í dísilknúnar bifreiðar. Það eykur tekjur af olíugjaldi en lækkar um leið tekjur af bensíngjaldi. Einnig eru áhrif vegna olíugjalds á þær bifreiðar sem áður greiddu km-gjald. Eyðslufrekar bifreiðar verða þá væntanlega óhagkvæmari í rekstri sem er jákvætt út frá umhverfissjónarmiðum. Þá hefur það áhrif að þeir sem áður greiddu fast árgjald munu nú greiða olíugjald þannig að tekjur af þeim bifreiðum sem er mikið ekið gætu aukist nokkuð.

Í greinargerð með frumvarpinu er áætlað að tekjur Vegagerðarinnar af mörkuðum tekjustofnum muni lækka um 400 millj. kr. á ári miðað við þær tekjur sem núverandi kerfi skilar. Þá er miðað við að gjaldskyld sala á olíu verði um 91 milljón lítra á ári sem er mjög mikil magnaukning í olíusölu frá því sem nú er. Áætluð sala árið 2003, á olíu sem verður gjaldskyld samkvæmt lögunum, var um 74 milljónir lítra. Ef sölutölur verða nálægt þeirri tölu verður tekjutapið um 800 millj. kr. eða helmingi meira en gert var ráð fyrir í útreikningum með frumvarpinu.

Til að vega upp á móti lækkun tekna við þessa breytingu verður bensíngjaldið hækkað við gildistöku laganna um 6–7%. Bensíngjald af blýlausu bensíni fer úr 30,89 kr./l í 32,95 kr./l sem er 6,7% hækkun og bensíngjald af blýbensíni hækkar um 6,3%, úr 32,86 kr./l í 34,92 kr./l.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að tekjutap vegna mismunandi forsendna við spá um sölu á olíu verði bætt með framlagi úr ríkissjóði.

Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða.

Aðrar markaðar tekjur eru annars vegar leyfisgjöld flutninga og hins vegar leyfisgjöld leigubifreiða. Vegagerðin sér um útgáfu leyfa til fólks- og vöruflutninga samkvæmt lögum nr. 73/2001 og um útgáfu atvinnuleyfa til leigubílstjóra samkvæmt lögum nr. 134/2001 og innheimtir gjald fyrir leyfin samkvæmt lögunum. Áætlaðar tekjur af leyfisveitingum eru 10 millj. kr. á ári á tímabili áætlunarinnar.

Ríkisframlag.

Til viðbótar auknu framlagi til nýbygginga á næstu árum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að tekjutap vegna gildistöku olíugjaldsins verði bætt með framlagi úr ríkissjóði. Á árinu 2005 verður ríkisframlag 1.263 millj. kr., 1.475 millj. kr. árið 2006, 4.820 millj. kr. 2007 og 4.745 millj. kr. árið 2008.

Framlög vegna jarðaganga.

Áfram verður veitt sérstaklega fé úr ríkissjóði til jarðgangagerðar. Gert er ráð fyrir að 1.200 millj. kr. komi á árinu 2005, 700 millj. kr. árið 2006, 1.637 millj. kr. árið 2007 og 1.850 millj. kr. árið 2008.

4.1.2 Viðskiptahreyfingar.

Á árunum 2005 til 2008 er gert ráð fyrir að endurgreiða lán sem tekið var vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og er sú greiðsla 40 millj. kr. á ári. Auk þess verður á árunum 2005–2007 haldið áfram að greiða afborganir af lánum vegna kaupa á ferjum. Á árunum 2005 og 2006 er þessi greiðsla 340 millj. kr. hvort ár, og 265 millj. kr. á árinu 2007. Á árunum 2008 til 2010 verða greiddar afborganir af 500 millj. kr. láni úr ríkissjóði frá árinu 1999. Gert er ráð fyrir að greiða 140 millj. kr. árið 2008 og 180 millj. kr. hvort ár 2009 og 2010.

4.1.3 Rekstur og þjónusta.

Uppsetning áætlunarinnar er í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar og annarra stofnanaáætlana og að mestu leyti eins og í vegáætlun fyrir árin 2003–2006.

Yfirstjórn.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið, og þróunarsvið. Þessi svið sjá um stjórnun stofnunarinnar, fjármál hennar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, fjárhags- og rekstraráætlanir, kostnaðareftirlit, lögfræði og starfsmannamál, hönnun verka, stjórnun verka og eftirlit með þeim, gerð áætlana, setningu staðla og ýmsar rannsóknir.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdirnar sem ráðist er í hafa stöðugt orðið stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari. Þá eykst stöðugt þörfin fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Mjög mikil vinna hefur reynst við stjórn og eftirlit verkefna varðandi fólks- og vöruflutninga og við gerð þjónustusamninga um almenningssamgöngur og eftirlit með þeim. Loks má nefna að auknar kröfur um upplýsingagjöf og þjónustu til vegfarenda auka kostnaðinn.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 307 millj. kr. árið 2005 og fari hækkandi, verði 320 millj. kr. 2006, 350 millj. kr. 2007 og 355 millj. kr. 2008.

Umsýslugjald til ríkissjóðs.

Í vegáætlun fyrir árin 2003–2006 voru þessar greiðslur dregnar frá tekjuhlið áætlunarinnar en eru nú sýndar sem sérstakur greiðsluliður útgjaldamegin. Miðað hefur verið við að þessar greiðslur nemi 0,5% af mörkuðum tekjum til vegagerðar.

Upplýsingaþjónusta.

Upplýsingasöfnun um ástand vegakerfisins og umferð hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Jafnframt hefur þörf á upplýsingagjöf til vegfarenda vaxið hröðum skrefum. Lagt er til að fjárveitingar verði 80 millj. kr. 2005, 84 millj. kr. 2006, og 90 millj. kr. árin 2007 og 2008.

Umferðareftirlit.

Verkefnum sem falla undir þennan lið fjölgar stöðugt. Frá ársbyrjun 1994 hefur umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti sem áður var í höndum fjármálaráðuneytis.

Frá árinu 1996 annast umferðareftirlit eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna sé fylgt. Árið 2001 var bætt við leyfisveitingum og eftirliti með fólks-, vöru- og efnisflutningum og 2002 bættust við leyfisveitingar fyrir leigubifreiðar.

Lagt er til að fjárveitingar verði 60 millj. kr. 2005, 65 millj. kr. 2006 og 68 millj. kr. árin 2007 og 2008.

Þjónusta.

Þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og vera þarf til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til almennrar þjónustu sé um 1.750–1.900 millj. kr. á ári. Kostnaður við vetrarþjónustu hefur verið 850–1.150 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár. Kröfur um aukna þjónustu fara vaxandi og þar með fjárþörf. Lagt er til að fjárveitingar verði 2.643 millj. kr. 2005, 2.650 millj. kr. 2006, 2.971 millj. kr. 2007 og 3.031 millj. kr. 2008.

Fjárveitingar árin 2005 og 2006 eru töluvert lægri en æskilegt væri.

Verkefnum þessum er skipt í sex meginflokka, þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til merkinga og vegbúnaðar, til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis og loks til vetrarþjónustu.

Þjónustusvæði.

Lagt er til að fjárveitingar verði 349 millj. kr. 2005 og þeim verði varið til þess að greiða kostnað í umdæmum við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem stuðlar því að fólk komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt. Ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni verða einnig greidd af þessum lið. Lagt er til að fjárveiting verði 350 millj. kr. 2006 en hækki nokkuð á árunum 2007 og 2008 og verði 390 millj. kr. 2007 og 396 millj. kr. 2008.

Vegir og vegyfirborð.

Lagt er til að fjárveiting verði 430 millj. kr. árið 2005 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnu slitlagi og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum. Lagt er til að sama upphæð verði til þessa liðar 2006 en upphæðin verði 479 millj. kr. 2007 og 487 millj. kr. 2008.

Brýr og veggöng.

Lagt er til að fjárveiting verði 66 millj. kr. árið 2005 og henni verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri

vegræsum og jarðgöngum, svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum. Lagt er til að fjárveitingar verði 71 millj. kr., 2006, 79 millj. kr. 2007 og 80 millj. kr. 2008.

Vegmerkingar og vegbúnaður.

Lagt er til að fjárveiting verði 466 millj. kr. á árinu 2005 og henni verði varið til þess að greiða kostnað við lýsingu meðfram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og gerð og viðhald áningarstaða. Sá hluti umferðaröryggisáætlunar sem snýr að merkingum greiðist af þessum lið. Fjárþörf til þessara verkefna hefur aukist verulega á undanförnum árum, m.a. vegna aukinnar lýsingar og vaxandi krafna um yfirborðsmerkingar. Lagt er til að fjárveiting þessi verði óbreytt 2006 en hækki síðan í 519 millj. kr. 2007 og 528 millj. kr. 2008.

Þéttbýlisvegir.

Fjárveitingum á þessum lið er varið til að greiða kostnað við þjónustu á þjóðvegum inni í þéttbýli.

Vegagerðin hefur í flestum tilfellum samið við viðkomandi sveitarfélög um að annast þessa þjónustu og er það ástæða þess að hagkvæmt þykir að halda þessum þætti sem sérstökum lið en í eðli sínu er þjónusta á þessum vegum á engan hátt frábrugðin þjónustu á öðrum vegum.

Lagt er til að fjárveiting verði 307 millj. kr. árið 2005, 308 millj. kr. árið 2006, 343 millj. kr. árið 2007 og 349 millj. kr. 2008.

Vetrarþjónusta.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til kostnaðar í umdæmum við eftirlit og upplýsingaþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og annars er varðar öryggi vegfarenda að vetrarlagi. Kröfur til þessarar þjónustu aukast ört og þá ekki síst kröfur um auknar hálkuvarnir. Mun kostnaður því fara vaxandi.

Eins og áður kom fram hefur meðalkostnaður við vetrarþjónustu verið milli 850 og 1.150 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár, lægstur um 850 millj. kr. 2001 en hæstur um 1.150 millj. kr. 2000.

Töluverð skuld hafði safnast á þennan lið á árunum fyrir 2001 en léttari vetur undanfarið hafa gert mögulegt að greiða þessa skuld verulega niður, þó var enn um 70 millj. kr. skuld um síðustu áramót. Mjög brýnt er að auka við vetrarþjónustu og þá einkum hálkuvörn sem telja verður með því brýnasta sem unnt er að gera til að auka umferðaröryggi. Auknar hálkuvarnir eru hins vegar kostnaðarsamar og má því búast við að fjárþörf til þessa liðar vaxi mjög verulega á næstu árum. Lagt er til að fjárveiting verði 1.025 millj. kr. hvort áranna 2005 og 2006 en hækki síðan í 1.161 millj. kr. 2007 og 1.191 millj. kr. 2008.

Almenningssamgöngur.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 1.074 millj. kr. 2005, 1.100 millj. kr. 2006, 1.110 millj. kr. 2007 og 780 millj. kr. 2008.

Ferjur og flóabátar.

Af þessum lið eru greiddir rekstrarstyrkir til ferjurekstraraðila á leiðum sem falla undir ákvæði vegalaga, svo og annar kostnaður þeirra vegna, afborganir af lánum og vextir vegna nýsmíði eða kaupa á ferjunum og búnaði þeirra.

Greiðslur rekstrarstyrkja eru áætlaðar 440–460 millj. kr. á ári en stofnkostnaður, þ.e. vextir og afborganir af lánum, er áætlaður 265–340 millj. kr. á árunum 2005 til 2007 en þá er lokið greiðslum á þeim lánum.

Á undanförnum árum hefur ferðum Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar verið fjölgað verulega. Þetta hefur leitt til þess að töluverð skuld hefur safnast á þennan lið sem nauðsynlegt er að mæta.

Af þessum lið er greiddur kostnaður við sex ferjuleiðir og hefur rekstur þeirra allra verið boðinn út.

Áætlunarflug.

Árið 2001 var ákveðið að Vegagerðin tæki við umsjón með því áætlunarflugi sem ríkið styrkir. Í upphafi voru sex áætlunarleiðir styrktar en þær eru nú átta og við það miðað að svo verði áfram. Reiknað er með að flug á þeim leiðum sem styrktar eru verði boðið út á árinu 2005.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 140 millj. kr. á ári árin 2005 og 2006 og 145 millj. kr. 2007 og 2008.

Sérleyfi á landi.

Af þessum lið eru greiddir styrkir til sérleyfishafa. Þeir fengu áður endurgreiddan hluta þungaskatts af akstri á sérleyfisleiðum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar. Lögunum hefur nú verið breytt, endurgreiðslur þessar aflagðar en í staðinn hefur sérleyfishöfum verið greiddur styrkur af vegáætlun.

Vegagerðin hefur gert þjónustusamninga við sérleyfishafa. Samkvæmt lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi skal útboð á öllum sérleyfum hafa farið fram eigi síðar en árið 2005. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 171 millj. kr. á ári árin 2005 og 2006 en verði 175 millj. kr. 2007 og 2008.

Rannsóknir.

Fjárveiting til þessa liðar er 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í samræmi við 24. gr. vegalaga. Fram til ársins 2006 verður lögð sérstök áhersla á umferðaröryggismál og er þeim rannsóknum stýrt af Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM) sem Vegagerðin er í forsvari fyrir, með þátttöku 15 opinberra stofnana, félaga og samtaka. Þetta átak hófst árið 2001 og fara 20–25% af rannsóknarfé hvers árs í þennan þátt. Stefnt er að því að næsta rannsóknarátak beinist síðan að umhverfismálum annars vegar og upplýsingatækni hins vegar. Leitað verður eftir samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki til að undirbúa og vinna að verkefnum á þeim sviðum, en áfram verður einnig töluverð áhersla á umferðaröryggismál og fleiri þætti sem snerta vegagerð og umferð. Reiknað er með að árið 2005 verði um 10% af rannsóknarfénu varið til umhverfisverkefna, um 15% til rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, 10–15% til rannsókna á vatnafari, snjó og jöklum, um 20% til tæknilegra rannsókna á tilgreindum viðfangsefnum varðandi upplýsingaþjónustu, tækjabúnað í vegagerð, yfirborðsmerkingar vega o.fl., 10–15% til ýmissa hagrænna rannsókna á samgöngukerfinu og 5% í önnur verkefni, auk fyrrnefndra umferðaröryggisrannsókna. Þetta er svipuð skipting og verið hefur sl. tvö ár. Seinni þrjú ár vegáætlunartímabilsins mun síðan hlutur umhverfis- og upplýsingatæknimála aukast um 5–10% á ári hvort fyrir sig, og framlag til annarra þátta minnka á móti.

Nú er unnið að sérstakri stefnumótun í rannsóknarstarfi Vegagerðarinnar, og er miðað við að ný rannsóknarstefna verði lögð fram fyrir árslok 2004. Meginbreytingin verður sú að

meiri áhersla verður lögð á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir. Til að undirbúa nýja rannsóknarstefnu hafa m.a. verði stofnaðir vinnuhópar meðal starfsmanna Vegagerðarinnar. Efninu hefur verið skipt í fjóra yfirflokka, þ.e. mannvirki, umferð, umhverfi og samfélag. Markmiðið er að greina helstu vandamál og árangur sem að er stefnt og að leggja fram tillögur um áherslur og forgangsröðun til ársins 2009. Einnig verður hugað að framtíðarsýn til ársins 2030.

Á vegáætlun 2005–2008 er stefnt að því að vinna einkum að eftirtöldum verkefnum, skipt eftir flokkuninni í rannsóknarstefnunni. Í seinni tveimur flokkunum verða unnin verkefni í samvinnu við Flugmálastjórn og Siglingastofnun.

Mannvirki.

Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að veginum sjálfum og þeim mannvirkjum sem tengjast honum, svo sem brýr og jarðgöng. Hér getur verið um að ræða rannsóknir á uppbyggingu vegarins og undirlagi hans, rannsóknir varðandi brýr og steinsteypu, jarðfræði og jarðtækni, áhrif jarðskjálfta á mannvirki, nýjar hönnunaraðferðir, hagkvæmari framkvæmdir o.þ.h. Einnig fellur undir þennan flokk fastur búnaður sem fylgir veginum eins og vegrið o.fl.

Umferð.

Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að umferð á vegum, svo sem öryggi vegfarenda, þjónustu, umferðarstjórnun, upplýsingar til vegfarenda o.þ.h. Lögð verður sérstök áhersla á að koma í framkvæmd niðurstöðum úr verkefnum innan RANNUM átaksins. Tekið verður á atriðum sem vegfarendur gera helst athugasemdir við, svo sem hálkuvörnum á þjóðvegum.

Umhverfi.

Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að ytra umhverfi vegarins, svo sem umhverfisáhrifum framkvæmda og umferðar, veðurfari, náttúruvá o.þ.h. Áhersla verður lögð á rannsóknir á áhrifum vegagerðar á votlendi og endurheimt votlendis, uppgræðslu, frágang eldri efnistökustaða og almennan frágang við framkvæmdir. Einnig verður áfram stutt við rannsóknir á snjóflóðum og jökulhlaupum og áhrif slíkra atburða á öryggi mannvirkja og vegfarenda. Þá verða unnin verkefni á sviði landnotkunar og skipulags.

Samfélag.

Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að samfélaginu í víðara samhengi, svo sem rannsóknir á samfélagslegum áhrifum samgangna, arðsemi, kostnaði, flutningum, hreyfanleika o.þ.h. Gjaldtaka af umferð verður skoðuð. Ferðamáti, tíðni ferða og erindi miðað við helstu þéttbýlisstaði landsins verður kannað. Unnið verður að rannsóknum á viðmiðum til að meta samgöngukerfið og árangur af samgönguáætlun.

Fjárveiting til rannsókna og þróunar á hverju ári er eins og áður sagði 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar.

Minjar og saga.

Aukin áhersla hefur á síðustu árum verið lögð á varðveislu gamalla muna, tækja og mannvirkja hjá Vegagerðinni. Sérstakur samningur er í gildi við Samgöngusafn Íslands að Skógum undir Eyjafjöllum varðandi sýningarhald á hluta af þeim tækjum og munum sem eru í eigu

Vegagerðarinnar. Miðað er við að þetta fyrirkomulag verði áfram í gildi, auk þess sem reiknað er með viðbótarsamningi varðandi þátttöku Vegagerðarinnar í fjármögnun geymsluskemmu fyrir tæki sem ekki eru sýnd hverju sinni. Þáttur Vegagerðarinnar í þeim kostnaði verður greiddur af andvirði áhaldahúss á Hvolsvelli sem nú hefur verið selt en var síðustu árin notað sem geymsluhúsnæði fyrir gömul tæki í eigu stofnunarinnar. Annar kostnaður við varðveislu muna og tækja og við aðra starfsemi sem tengd er minjum og sögu er borinn af sérstakri fjárveitingu á vegáætlun.

Lagt er til að fjárveiting í þennan lið verði 12 millj. kr. árið 2006 og 22 millj. kr. hvort áranna 2007 og 2008.

4.1.4 Viðhald.

Viðhald vega miðar að því að varðveita verðmæti þeirra og hæfni til að bera þann umferðarþunga sem þeim er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkingar og endurbóta vega með bundnu slitlagi og vega með malarslitlagi, viðhalds brúa og varnargarða, öryggisaðgerða, vatnaskemmda og viðhalds girðinga.

Árið 1979 voru vegir með bundnu slitlagi 270 km en þeir voru 4.334 km í árslok 2003 og hafa því að meðaltali bæst við 169 km á ári. Aukningin var mest á árunum 1985–1988 eða 266 km á ári. Gera má ráð fyrir að meðalendingartími efsta hluta burðarlags þessara vega sé um 20 ár. Um síðustu áramót var bundið slitlag á um 50% af heildarlengd stofn- og tengivega, en umferðin á þeim var yfir 95% af heildarumferðinni. Með hliðsjón af þeim miklu verðmætum sem liggja í vegum með bundnu slitlagi, aukinni þungaumferð og kröfum vegfarenda um betra vegyfirborð er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á styrkingu vega með bundnu slitlagi. Slík verkefni verða að falla undir viðhald meðan ekki fæst nýbyggingafjármagn til þeirra endurbóta.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð um 3.000–3.300 millj. kr. og eykst með aukinni umferð. Hér er lagt til að fjárveiting verði 2.625 m.kr árið 2005, 2.731 millj. kr. 2006, 2.912 millj. kr. 2007 og 2.984 millj. kr. árið 2008.

Endurnýjun bundinna slitlaga.

Viðhald bundinna slitlaga er mjög þýðingamikið vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem þar liggja. Frestun á yfirlögn getur á mjög skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Þar sem bundið slitlag í vegakerfinu eykst á hverju ári eykst þörf fyrir fé til viðhalds. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 1.003 millj. kr. 2005. Er þá gert ráð fyrir að viðhald bundinna slitlaga á stofn- og tengivegum í þéttbýli sé innifalið í þessum lið. Árið 2006 er lagt til að fjárveiting verði 1.001 millj. kr., 1.060 millj. kr. 2007 og 1.095 millj. kr. 2008.

Endurnýjun malarslitlaga.

Stofn- og tengivegir með malarslitlagi eru nú um 4.100 km, en um þá fer einungis um 5% af umferðinni á stofn- og tengivegum. Mikill hluti malarvega er án raunverulegs slitlags þar sem fjármagn til endurnýjunar þeirra hefur einungis verið um 60% af áætlaðri þörf, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti fjárþörf til þeirra að fara minnkandi.

Hér er lagt til að fjárveiting verði 224 millj. kr. árið 2005, 218 millj. kr. árið 2006, 225 millj. kr. árið 2007 og 230 millj. kr. árið 2008.

Styrkingar og endurbætur.

Þessum lið er ætlað að kosta styrkingar og endurbætur á stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi og á malarvegum eða á um 8.200 km. Fyrst og fremst er um að ræða styrkingu á efsta hluta burðarlags veganna sem brotnar niður undan aukinni og sífellt þyngri umferð en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot. Fyrir um 25 árum hófst að verulegu marki uppbygging vega með bundnu slitlagi en 20 ár eru talin eðlilegur endingartími burðarlaga. Nú þegar er orðin veruleg þörf fyrir endurbætur á þessum vegum og mun hún aukast á næstu árum, sérstaklega þegar horft er til þeirrar miklu lengingar á vegum með bundnu slitlagi sem varð á 9. áratug síðustu aldar.

Þörf fyrir fjármagn til styrkingar vega er metin á um 1.000 millj. kr. á ári og er þá ekki tekið tillit til annarra endurbóta. Gera má ráð fyrir að fjárþörf til styrkingar vega með bundnu slitlagi aukist á næstu árum, en fjárþörf malarveganna standi nokkuð í stað. Hér er lagt til að fjárveiting verði 780 millj. kr. árið 2005, 781 millj. kr. 2006, 830 millj. kr. 2007 og 851 millj. kr. 2008. Styrking stofn- og tengivega í þéttbýli er hér innifalin.

Brýr, varnargarðar og veggöng.

Verðmæti brúa er metið um 30 milljarðar kr. og eðlileg viðhaldsþörf um 1% á ári eða 300 millj. kr. Rúmlega helmingur brúa í þjóðvegakerfinu er byggður á árunum 1950–1970. Þessar brýr voru hvorki byggðar fyrir þann umferðarhraða sem er núna né heldur þungann sem fer eftir vegunum. Endurbyggingu þeirra miðar hægt og hafa fjárveitingar til viðhalds brúa ekki dugað til að halda í horfinu.

Auk þessa er að koma að eðlilegu viðhaldi á nokkrum stórum mannvirkjum sem byggð voru eftir 1970 og viðhald jarðganga fer vaxandi. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 248 millj. kr. árið 2005, 257 millj. kr. 2006, 270 millj. kr. 2007 og 275 millj. kr. 2008.

Öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi í umferðinni. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum og sérstök áhersla lögð á svokallaða svartbletti. Unnið er að endurbótum á slysastöðum eftir sérstakri framkvæmdaáætlun í samræmi við umferðaröryggisáætlun. Full þörf er á að auka þessa starfsemi verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 160 millj. kr. 2005 og 2006, 170 millj. kr. árið 2007 og 175 millj. kr. árið 2008.

Umferðaröryggisáætlun.

Eins og getið var um í inngangi greinargerðar um vegáætlun er sérstök umferðaröryggisáætlun hluti samgönguáætlunar að þessu sinni. Árlegur heildarkostnaður við áætlunina er 385 millj. kr. Af þessari upphæð koma 200 millj. kr. af vegáætlun árið 2005 en 300 millj. kr. á hverju áranna 2006–2008.

Sérstakar fjárveitingar til áætlunarinnar eru því 100 millj. kr. á ári. Þær 200 millj. kr. á ári sem á vantar verða teknar af liðunum vegmerkingar og vegbúnaður, öryggisaðgerðir og girðingar enda gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum á sviði vegmerkinga, lagfæringu hættulegra staða (svartbletta) og við veggirðingar í umferðaröryggisáætluninni.

Vatnaskemmdir.

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 152 millj. kr. árin 2005 og 2006 og 165 millj. kr. árin 2007 og 2008.

Viðhald girðinga.

Mikil þörf er vegna umferðaröryggis að taka fastar á þessum málaflokki en verið hefur til þessa. Við breytingu á vegalögum árið 2000 kom inn heimild til að Vegagerðin annist og kosti viðhald girðinga með einstökum vegarköflum á þjóðvegum þar sem sumarumferð (SDU) er 300 bílar á dag eða meira, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

Mikil þörf er á að nota þessa heimild og er lagt til að fjárveiting verði 58 millj. kr. árið 2005 en fari síðan vaxandi og verði 63 millj. kr. 2008.

Frágangur gamalla efnisnáma.

Hér er um nýjan lið að ræða en áætlað hefur verið að Vegagerðin þurfi í samræmi við lög um náttúruvernd að ganga frá rúmlega 900 malarnámum. Hefur verið sett upp áætlun um að þetta verði gert á 15 árum. Verkið er þegar hafið og hefur verið fjármagnað af ýmsum liðum viðhalds. Mun heppilegra er að til þessa verkefnis sé ákvörðuð sérstök upphæð árlega og er hér lagt til að frá árinu 2007 verði varið 30 millj. kr. á ári til þess, en með því móti ætti að vera unnt að ganga frá að meðaltali 60 námum árlega.

4.1.5 Stofnkostnaður.

Útgjöldum er skipt í samræmi við skiptingu samgönguáætlunar og vegflokka samkvæmt gildandi vegalögum. Lengd vega eftir vegflokkum er sýnd á fskj. 2.3.-01.

Grunnnet.

Til grunnnetsins teljast samkvæmt skilgreiningum samgönguáætlunar allir stofnvegir nema Heydalsvegur og tengivegir og landsvegir sem falla undir skilyrði grunnnetsins. Samtals teljast um 5.200 km vega til grunnnetsins, þar af um 4.250 km af stofnvegum.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu.

	2005 m.kr.	2006 m.kr.	2007 m.kr.	2008 m.kr.
1. Almenn verkefni	400	400	535	535
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.200	1.192	1.766	2.234
3. Verkefni á landsbyggð	1.708	1.700	3.421	2.975
4. Orku- og iðjuvegir	102			70
5. Jarðgöng	1.200	700	1.637	1.850
6. Landsvegir í grunnneti	41	41	55	55

Almenn verkefni.

Fjárveitingar á árunum 2005 og 2006 eru nokkuð lægri en vegáætlun fyrir árin 2003–2006 gerði ráð fyrir. Fjárveitingin er hækkuð á árunum 2007 og 2008 til að mæta þessari lækkun. Fjárveitingum er skipt til einstakra verkefna við vinnslu áætlunarinnar á Alþingi.

Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamótum Krýsuvíkurvegar) í suðri og að Hvalfjarðargöngum í norðri. Til austurs er miðað við vegamót Hringvegar og Hafravatnsvegar. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úr-

bætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir eru aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest. Fjárveitingar til þessa liðar á árunum 2005 og 2006 eru lægri en vegáætlun 2003–2006 gerði ráð fyrir. Á árunum 2007 og 2008 hækka fjárveitingar til að vinna upp þennan mun.

Verkefni á landsbyggð.

Í þessum verkefnaflokki eru allar helstu framkvæmdir á grunnnetinu utan höfuðborgarsvæðisins. Það sama á við um þennan lið og þá liði sem gerð var grein fyrir hér á undan að fjárveitingar á árunum 2005 og 2006 eru töluvert lægri en gert var ráð fyrir í vegáætlun 2003–2006 en fjárveitingar 2007 og 2008 eru á móti hærri en gert var ráð fyrir í samgönguáætlun.

Orku- og iðjuvegir.

Fjárveiting 2005 er svipuð og gert var ráð fyrir í vegáætlun 2003–2006 en fjárveiting 2008 er til að mæta frestun frá 2004.

Jarðgöng.

Fjárveitingar til þessa liðar miða við að lokið verði við Fáskrúðsfjarðargöng og Héðinsfjarðargöng verði boðin út síðla árs 2005.

Landsvegir í grunnneti.

Samkvæmt skilgreiningum grunnnetsins falla landsvegirnir Sprengisandsleið, Kjalvegur, Fjallabaksleið nyrðri og Kaldadalsvegur undir grunnnetið. Uppbygging þessara vega krefst mikils fjármagns og er ljóst að þær fjárveitingar sem hér er gerð tillaga um nægja aðeins til örlítillar byrjunar á verkefninu.

Tengivegir.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega verði 555 millj. kr. árið 2005, 550 millj. kr. árið 2006 og hækki í 600 millj. kr. árin 2007 og 2008. Fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið mun lægri en þær þyrftu að vera. Eins og fram hefur komið hér á undan falla nokkrir tengivegir undir skilgreiningu grunnnetsins og ætti það að létta nokkuð á þessum lið þegar fram í sækir.

Til brúargerðar.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 290 millj. kr. árin 2005 og 2006 og síðan 390 millj. kr. 2007–2008. Þessu til viðbótar koma fjárveitingar til brúargerðar af liðnum verkefni á landsbyggð. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og smábrúa.

Fjárveitingar áranna 2005 og 2006 eru lægri en vegáætlun 2003–2006 gerði ráð fyrir en hækkun á árunum 2007 og 2008 er ætlað að vinna það upp.

Að undanförnu hefur mest áhersla verið lögð á breikkun eða endurbyggingu einbreiðra brúa og endurbyggingu brúa sem ekki þola þá þyngd ökutækja sem heimiluð hefur verið í samræmi við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir að áfram verði meginhersla lögð á þessi atriði. Fjöldi einbreiðra brúa er sýndur á fskj. 4.3.1.

Ferðamannaleiðir.

Lagt er til að sömu upphæð sé varið til þessa liðar á árunum 2005 og 2006 eins og er í vegáætlun fyrir árin 2003–2006. Gert er ráð fyrir að fjármagn aukist lítillega á árunum 2007 og 2008.

Skipting fjár á milli kjördæma á árunum 2005 og 2006 er í sömu hlutföllum og í vegáætlun 2003–2006. Fyrir árin 2007 og 2008 er tekið mið af lengd vega og akstri á vegum í viðkomandi kjördæmi við skiptinguna.

Þjóðgarðavegir.

Í vegáætlun fyrir árin 2003–2006 voru fjárveitingar til Kjósarskarðsvegar og Hólmatungnavegar (Dettifossvegar) taldar sérstaklega með í liðnum ferðamannaleiðir. Heppilegra þykir að hafa sérstakan lið sem fjallar um vegi í og við þjóðgarða og er gerð tillaga um fjárveitingar til þeirra tveggja vega sem áður var getið auk þess sem veginum um Snæfellsjökulsþjóðgarð er bætt við. Fjármagn á árunum 2005 og 2006 er lítið eitt meira en á vegáætlunum 2003–2006 en síðan lögð til töluverð aukning á árunum 2007–2008 enda mikil þörf á endurbótum á þessum vegum.

Girðingar.

Eins og fram kom í umfjöllun um viðhald girðinga er, með tilliti til umferðaröryggis, mikil þörf á að loka vegsvæðum betur en nú er gert og þyrfti að auka fjármagn til þessa liðar verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 73 millj. kr. árið 2005, 63 millj. kr. 2006, 70 millj. kr. árið 2007 og 73 millj. kr. 2008. Hluta þessara fjárveitinga er varið í samræmi við umferðaröryggisáætlun.

Landsvegir utan grunnnets.

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta og ekki teljast stofnvegir eða tengivegir auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Sumir þessara vega teljast til grunnnetsins eins og kom fram hér að framan. Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta þess hluta þessara vega sem opnir eru fyrir allri almennri umferð verði greitt af liðunum þjónusta og viðhald.

Lagt er til að fjárveiting verði 100 millj. kr. árin 2005 og 2006 en 110 millj. kr. árin 2007 og 2008.

Safnvegir.

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður. Lagt er til að fjárveiting verði 314 millj. kr. árin 2005 og 2006 en hækki í 330 millj. kr. árin 2007 og 2008.

Styrkvegir.

Styrkvegir eru ýmsir vegir sem áður gátu verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 62 millj. kr. árin 2005 og 2006 og 65 millj. kr. hvort áranna 2007 og 2008.

Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting verði 50 millj. kr. árin 2005 og 2006 og 55 millj. kr. 2007 og 2008.

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

Hér að framan er gerð tillaga um skiptingu fjárveitinga til almennra verkefna í grunnneti til tengivega og til ferðamannaleiða á milli kjördæma. Gert er ráð fyrir að nánari skipting til einstakra verkefna á þessum vegum verði ákveðin við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Einnig er gerð tillaga um sundurliðun framkvæmda við verkefni á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð í grunnneti. Við gerð þessara tillagna er eftir því sem unnt er fylgt skiptingu samgönguáætlunar á fjármagni til einstakra verkefna á fyrsta (2003–2006) og öðru (2007–2010) tímabili áætlunarinnar.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir tillögum þessum.

4.2.1 Framkvæmdir í grunnneti.

Almenn verkefni.

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 2003–2006 var ákveðið að skipta fjármagni til almennra verkefna á stofnvegum jafnt á milli allra kjördæma annarra en Reykjavíkur (vegir þar fengu fjárveitingar af liðnum höfuðborgarsvæðið). Við skiptinguna var miðað við gömlu kjördæmin. Hér er miðað við að þessi skipting haldi sér fyrir árin 2005 og 2006 enda í reynd búið að deila fjármagni á þeim árum niður á einstök verkefni. Fyrir árin 2007 og 2008 er hins vegar miðað við nýju kjördæmin og lagt til að fjármagni verði skipt miðað við heildarlengd stofnvega í viðkomandi kjördæmi, umferð á þeim og lengd stofnvega með malarslitlagi í kjördæminu. Þetta er gert með eftirfarandi reikningslíkingu:

$$\frac{L + U + M}{3}$$

þar sem

L = hlutfall lengdar stofnvega í kjördæminu af heildarlengd stofnvega á landinu,
U = hlutfall umferðar (aksturs) í kjördæminu af umferð á öllum stofnvegum,
M = hlutfall af lengd malarslitlags á stofnvegum í kjördæminu af heildarlengd malarslitlags á stofnvegum á öllu landinu.

Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Hringvegur.

Lagt er til að ónotaðar fjárveitingar (205 millj. kr.) frá árunum 2003 og 2004 til gatnamóta við Nesbraut verði færðar í verkið breikkun Hringvegar milli Víkurvegar og Skarhólabrautar sem lokið verður að mestu 2005.

Gatnamótin við Nesbraut fái síðan fjárveitingu árið 2007 og verði gerð það ár.

Hafnarfjarðarvegur.

Lagt er til að hafist verði handa við endurgerð gatnamóta við Nýbýlaveg árið 2008.

Reykjanesbraut.

Lagt er til að gerðar verði endurbætur á Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar á árunum 2006 og 2007. Árið 2008 verði hafist handa við gerð mislægra gatnamóta við Bústaðaveg. Greiða þarf 2005 eftirstöðvar kostnaðar við gerð mislægra gatnamóta við Stekkjarbakka.

Lagt er til að gerð verði mislæg gatnamót við Arnarnesveg á árunum 2007 og 2008.

Á árunum 2005 og 2006 verði Reykjanesbraut breikkuð frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika. Þetta verkefni á töluverða innstæðu frá árunum 2003 og 2004 en dregist hefur að hefja vinnu við það vegna deilna um útfærslu. Lagt er til að árið 2008 verði byggð mislæg gatna-

mót við Vífilstaðaveg. Loks er lagt til að á árinu 2005 sé fjárveiting til að ljúka greiðslu á breikkun og öðrum breytingum á veginum frá Kaplakrika að Lækjargötu.

Krýsuvíkurvegur.

Lagt er til að árið 2008 verði Krýsuvíkurvegur færður næst Reykjanesbraut í endanlega legu samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Þetta verkefni er mjög nauðsynlegt vegna uppbyggingar nýrra íbúðahverfa í Hafnarfirði. Æskilegt er að vegurinn verði tengdur Reykjanesbraut með mislægum gatnamótum.

Nesbraut.

Nafnið Nesbraut er notað sem safnheiti fyrir Vesturlandsveg, Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda.

Gert er ráð fyrir að árið 2005 verði lokið við færslu Hringbrautar (Kringlumýrarbraut – Bjarkargata).

Lagt er til að gerðar verði endurbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar með því að fjölga akreinum í gatnamótunum og breyta ljósastýringu og er lagt til að fjárveitingar til þess verði á árunum 2006 opg 2007. Þessar aðgerðir ættu að bæta umferðarástand á þessum stað í bili. Jafnframt er mikilvægt að haldið sé áfram undirbúningi fyrir gerð mislægra gatnamóta á þessum umferðarmiklu gatnamótum.

Hlíðarfótur.

Lagt er til að á árunum 2006 og 2007 verði fjárveitingar í nýja tengingu frá Hringbraut að flugstjórnarmiðstöð og hugsanlegri samgöngumiðstöð á því svæði.

Arnarnesvegur.

Lagt er til að á árunum 2006 og 2007 séu fjárveitingar til að ljúka tengingu kafla sem gerður var 2004 við Fífuhvammsveg. Á árunum 2006 og 2008 er síðan lagt til að fjárveitingar komi til að halda áfram gerð vegarins en mjög mikil þörf er á því vegna nýrra íbúðahverfa í Kópavogi.

Vífilsstaðavegur.

Lagt er til að árið 2006 verði gerðar breytingar á gatnamótum og undirgöng fyrir gangandi vegfarendur í nágrenni nýs skóla.

Álftanesvegur.

Lagt er til að 2007 verði Álftanesvegur endurbyggður frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastöðum.

Sundabraut.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað um mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar frá Sæbraut að Hallsvegi og Strandvegi í Gufunesi en úrskurðurinn hefur verið kærður til umhverfisráðherra. Næstu skref eru að ákvarða endanlega legu vegarins og hefja verkhönnun. Jafnframt þarf að taka ákvarðanir um tilhögun fjármögnunar verksins. Þær fjárveitingar sem hér eru lagðar til ber að skoða í þessu ljósi.

Göngubrýr og undirgöng.
Lagt er til að áfram verði haldið gerð göngubrúa og undirganga á mestu umferðarvegunum til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

Umferðarstjórnun.
Stefnt er að því að koma á samtengdri tölvustýringu umferðarljósa á helstu umferðargötunum. Talið er að með því sé unnt að auka afköst gatnanna og draga þar með úr biðtíma og loftmengun.

Smærri verk og ófyrirséð.
Samkvæmt reynslu fellur á þessu svæði til töluvert af smærri verkefnum sem erfitt er að áætla þannig að lagt er til að höfð sé ósundurliðuð upphæð til að sinna þeim verkefnum.

Verkefni á landsbyggð.
Þjórsá.
Fjárveiting á árinu 2005 er til að ljúka greiðslum vegna byggingar nýrrar brúar yfir Þjórsá.

Bræðratunguvegur.
Lagt er til að framkvæmdir við nýjan veg og brú á Hvítá nálægt Flúðum hefjist á árunum 2007 og 2008.

Gjábakkavegur.
Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar um gerð Gjábakkavegar. Úrskurðurinn hefur verið kærður til umhverfisráðherra.
Fjárveitingar þær sem lagðar eru til á árunum 2006 og 2007 eru, ásamt ónotuðum fjárveitingum frá árunum 2003 og 2004, til þess að leggja nýjan veg milli Laugarvatns og Þingvallavegar nálægt Miðfelli.

Hringvegur, Reykjavík – Hveragerði.
Lagt er til að á árinu 2007 verði varið 300 millj. kr. til að bæta þriðju akreininni við á Hellisheiði og neðan við Litlu kaffistofuna.

Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík.
Fjárveiting sem lögð er til á árinu 2005 er til þess að ljúka greiðslu kostnaðar við fyrsta áfanga breikkunar Reykjanesbrautar sem nú hefur verið tekin í notkun. Lagt er til að fjárveitingar á árunum 2006–2008 verði notaðar í næsta áfanga verksins sem gæti verið frá núverandi enda breikkunar á Strandaheiði til Reykjanesbæjar.

Hvalfjarðartengingar.
Fjárveitingar þær sem lagðar eru til vegna þessa verkefnis eru til þess að greiða lán og aðrar skuldbindingar sem stofnað var til vegna tengingar við Hvalfjarðargöng. Greiðslu lánsins verður með þessu móti lokið árið 2008.

Hringvegur um Stafholtstungur.
Fyrsti áfangi þessa verks hefur verið boðinn út og er vinna við hann hafinn. Fjárveitingar áranna 2005 og 2006 eru til að ljúka gerð hans. Fjárveitingar sem lagðar eru til 2007 og 2008 eru til næsta áfanga.

Hálsasveitarvegur að Húsafelli.
Framkvæmdir standa yfir við þetta verk og er fjárveitingin 2005 til þess að ljúka því.

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð.
Framkvæmdir standa yfir við þetta verk og hefur umferð verið hleypt á veginn og brúna yfir fjörðinn til bráðabirgða. Fjárveitingar þær sem lagðar eru til á árunum 2005–2007 eru til að ljúka greiðslu kostnaðar við verkið.

Vestfjarðavegur um Brattabrekku.
Þessu verki er lokið og fjárveiting 2005 til að ljúka greiðslu kostnaðar við það.

Vestfjarðavegur, Svínadalur – Flókalundur.
Unnið er að gerð umhverfismats fyrir hluta þessarar leiðar (Þorskafjörður – Kollafjörður). Lagt er til að fjárveitingar verði öll ár áætlunartímans og framkvæmdaröð verði ákveðin með hliðsjón af því hversu undirbúningi miðar við einstaka kafla. Haft verður samráð við þingmenn Norðvesturkjördæmis um framkvæmdaröðina. Mikil þörf er á því að hraða framkvæmdum á þessari leið.

Vegur um Arnkötludal.
Að undanförnu hefur verið unnið að undirbúningi vegagerðar um Arnkötludal milli Króksfjarðar og Steingrímsfjarðar á vegum félagsins Leið ehf. Hér er lagt til að þetta verk verði tekið á vegáætlun og við það miðað að framkvæmdir geti hafist 2008.

Ísafjarðardjúp.
Hluti fjárveitingar sem lögð er til 2005 er til að ljúka framkvæmdum í Skötufirði. Lagt er til að hluta fjárveitingar 2005 og fárveitinga á árunum 2006–2008 verði varið til að ljúka vega- og brúargerð yfir Mjóafjörð og meginhluta vegagerðar um Ísafjörð og Vatnsfjörð.

Djúpvegur, Súðavík – Bolungarvík.
Lagt er til að fjárveitingar komi árlega til öryggisaðgerða á veginum um Súðavíkurhlíð og Óshlíð.

Þverárfjallsvegur.
Lagt er til að fjárveiting á árinu 2007 verði notuð til að halda áfram endurbyggingu vegarins ofan Sauðárkróks.

Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði.
Lagt er til að fjárveitingar verði til þessa verks öll ár áætlunartímabilsins og að lokið verði endurbyggingu vegarins um dalinn ásamt brúagerð en á þessari leið eru fjórar einbreiðar brýr. Verk þetta átti að vera hafið en hefur dregist vegna deilna um vegstæði.

Hringvegur um Mývatnsheiði.
Fjárveiting 2005 er til að ljúka greiðslu kostnaðar við þetta verk sem er lokið.

Lágheiði.
Lagt er til að gerðar verði minni háttar endurbætur á veginum um Lágheiði.

Hringvegur um Akureyri.
Lagt er til að á árunum 2007–2008 verði sett nokkurt fjármagn í lagfæringar á gatnamótum á Hringveginum þar sem hann liggur um Akureyri.

Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn.
Hluti fjárveitingar sem lögð er til 2005 er til að ljúka greiðslu á vegagerð um Tjörnes sem nú er lokið. Aðrar fjárveitingar sem lagðar eru til á árunum 2005–2008 miðast við að leggja nýjan veg um Hólaheiði og Hófaskarð af Norðausturvegi nálægt Katastöðum á Norðausturveg í Kollavík.

Kísilvegur.
Lagt er til að fjárveitingar verði til Kísilvegar öll ár áætlunarinnar. Fjárveiting 2005 er til greiðslu skulda en fjárveitingar 2006–2008 miðast við að lokið verði endurbyggingu vegarins með bundnu slitlagi frá núverandi slitlagsenda að sæluhúsi.

Tenging Norður-Austurland.
Lagt er til að fjárveitingar komi 2005 og 2006 til að ljúka kaflanum Vegaskarð – Langidalur sem þegar hefur verið tekinn í notkun og kaflanum um Arnórsstaðamúla sem er síðasti malarkaflinn á þessari leið.

Hringvegur á Austurlandi.
Lagt er til að unnið verði að þessu verkefni öll ár vegáætlunartímabilsins. Lokið verði við vegarkaflana Valtýskambur – Sandbrekka, um Þvottár- og Hvalnesskriður og um jarðgöng í Almannaskarði. Einnig verði unnið í Skriðdal.

Hornafjarðarfljót.
Lagt er til að árið 2008 hefjist framkvæmdir við nýja brú og veg yfir Hornafjarðarfljót. Þessi vegur mun stytta Hringveginn um 11 km.

Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður.
Lagt er til að 2007 verði hafin gerð nýrrar vegtengingar úr Vopnafirði að Brunahvammshálsi.

Breikkun brúa á Norðurlandi vestra.
Lagt er til að fjárveitingar komi til þessa verkefnis á árunum 2006–2008. Síká er eina einbreiða brúin sem eftir er á Hringveginum um Húnavatnssýslur. Í þessum tillögum er við það miðað að veglínu verði breytt í botni Hrútafjarðar og Hrútafjarðará brúuð neðan við ármót hennar og Síkár.

Samgöngurannsóknir.
Lagt er til að fjárveiting verði 12 millj. kr. 2005 og 15 millj. kr. á ári árin 2006–2008. Fjárveitingar þessar verði notaðar til ýmissa samgöngurannsókna svo sem verið hefur á undanförnu áætlunartímabili.

4.2.2 Framkvæmdir utan grunnnets.
Tengivegir.

Við skiptingu fjármagns til tengivega á milli kjördæma hefur verið notuð reiknilíking þar sem tekið er tillit til heildarlengdar tengivega í viðkomandi kjördæmi og þeirrar umferðar sem á þeim er. Líkingin er eftirfarandi:

$$\frac{L + U}{2}$$

þar sem

L = hlutfall lengdar tengivega í kjördæminu af heildarlengd tengivega á öllu landinu,
U = hlutfall umferðar (aksturs) á tengivegum í kjördæminu af heildarumferð á öllum tengivegum á landinu.

Lagt er til að þessi aðferð verði notuð áfram. Fyrir árin 2005 og 2006 eru notuð sömu hlutföll og notuð voru við gerð vegáætlunar fyrir árin 2003–2006. Fyrir árin 2007 og 2008 eru notaðar nýjustu upplýsingar um lengdir og umferð.

4.3 Flokkun vega.
Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem tengivegur endar við bæ er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali (4.3.) eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka.

Stofnvegir.

Lagt er til að stofnvegir verði óbreyttir frá vegáætlun 2000–2004.

Tengivegir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum sem töldust tengivegir samkvæmt vegáætlun 2000–2004.

14 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Höfðabrekku.
Vegur styttist. Náði áður að Kerlingardal.

(216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt, á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.)
Fellur niður.

251 Hólmabæjavegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli, um Borgareyrar og Miðey, á Bakkaveg sunnan Álftarhóls.
Vegurinn lengist um hluta Landeyjavegar.

252 Landeyjavegur: Af Hringvegi austan Þverár um Fróðholt, Þúfu og Bergþórshvol, á Bakkaveg austan Stóru-Hildiseyjar.
Óbreytt nafn og númer, en austasti hluti vegarins fellur undir önnur númer. Þó fellur niður, sem tengivegur, kaflinn á milli Bakkavegar við Voðmúlastaði að Hólmavegi. Safnvegir verða þar að bæjum í byggð.

253 Bakkavegur: Af Hringvegi austan Affalls, um Voðmúlastaði, Gunnarshólma og Guðnastaði, að flugstöð við Bakkaflugvöll.
Vegurinn er settur saman úr þremur vegum, númer 253, 254 og hluta af vegi 252.

333 Haukadalsvegur: Af Biskupstungnabraut, að Haukadalskirkju. (Þaðan er hann landsvegur norður að Skjaldbreiðarvegi.)
Vegurinn var áður landsvegur.

337 Hlöðuvallavegur: Af Laugarvatnsvegi við Miðdal, að Miðdal. (Þaðan er hann landsvegur norður að Skjaldbreiðarvegi.)
Vegurinn var áður landsvegur.

(349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá, að Tungufelli.)
Fellur niður.

435 Nesjavallavegur: Af Hafravatnsvegi sunnan við Miðdal, um Miðdalsheiði, sunnan við Eiturhól á Mosfellsheiði, um Dyrafjöll, á Grafningsveg efri norðan Nesjavalla.
Nýr sem tengivegur.

2027 Hrunavegur: Af Hringvegi, að Teygingarlæk.
Vegur styttist. Náði áður að Sléttu.

2433 Grenstangavegur 1: Af Bakkavegi hjá Votmúlastöðum, á Hólmabæjaveg sunnan Grenstanga.
Vegurinn var áður hluti af Landeyjavegi.

2435 Brúnalundsvegur: Af Bakkavegi hjá Gunnarshólma, að Brúnalundi.
Vegurinn var áður hluti af Gunnarshólmavegi.

2470 Krossvegur: Af Bakkavegi við félagsheimilið Gunnarshólma, að Brúnalundi.
Nýtt nafn og númer. Vegurinn var áður hluti af Gunnarshólmavegi.

2480 Seljalandsvegur: Af Hringvegi hjá Seljalandi á Hringveg hjá Seljalandi.
Vegur styttist. Náði áður að Seljalandi.

2675 Lynghagavegur: Af Norðurgarði á Hvolsvelli, að Miðtúni.
Vegur lengist. Náði áður að Akri.

2784 Flagbjarnarholtsvegur: Af Landvegi, að Flagbjarnarholti 1.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

2880 Laugavegur: Af Landvegi, að Minnivöllum.
Vegur styttist. Náði áður að Laugum.

2933 Lækjartúnsvegur: Af Kálfholtsvegi að Lækjarbrekku.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

(3080 Hróarsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi, að Læk.)
Fellur niður.

3304 Breiðanesvegur: Af Skeiðavegi að Sandlæk.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3321 Hamragerðisvegur: Af Heiðarbraut, að Ártúni.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

(3415 Varmalandsvegur: Af Hrunamannavegi, að Varmalandi.)
Fellur niður.

(3510 Iðuvegur: Af Skálholtsvegi, að Iðu.)
Fellur niður.

3542 Vesturbyggðarvegur: Af Skálholtsvegi, að Klettaborg.
Vegur lengist. Náði áður að Lyngbrekku.

3556 Brekkugerðisvegur: Af Laugarásvegi, að Brekkugerði.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3669 Brattholtsvegur: Af Biskupstungnabraut að Brattholti.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(3690 Bíldsfellsvegur: Af Grafningsvegi neðri, að Bíldsfelli.)
Fellur niður.
(3695 Nesjavallavegur: Af Grafningsvegi efri, að Nesjavöllum.)
Fellur niður.
3747 Miðengisvegur: Af Biskupstungnabraut ofan við Kerið, að Miðengi 1.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
3774 Sólheimavegur 1: Af Sólheimavegi, að Selhamri.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(3780 Núpavegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Núpum.)
Fellur niður.
3814 Ljósafossskólavegur: Af Efribrúarvegi, að Brúarási.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
3939 Brúarhvammsvegur: Af Reykjavegi í Hveragerði, að Brúarhvammi 2.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi í Garði, um Útskála, á Garðskagaveg á móts við golfskála.
Vegur styttist. Náði áður á Garðskagaveg hjá Fitjum.
4364 Sunnuhvolsvegur: Af Vatnsleysustrandarvegi, að Smáratúni. (Nýr.)
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Molduhrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Jörfavegi.
Vegur styttist. Náði áður að Hvoli.
4335 Mosfellsvegur: Af Þingvallavegi, að Sigtúni.
Vegur styttist. Náði áður að Minna-Mosfelli.
(516 Stóra Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut með fram flugvelli á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp, á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.)
Fellur niður.
578 Arnarvatnsvegur: Frá Núpsdalstungu á Miðfjarðarveg. (Vegurinn er landsvegur frá Hálsasveitarvegi við Kalmannstungu, yfir Arnarvatnsheiði, að Núpsdalstungu.)
Nýr sem tengivegur. Var áður landsvegur.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall, að Hvallátrum. (Þaðan er hann landsvegur um Látravík að Bjargtöngum.)
Vegur styttist sem tengivegur.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Melgraseyri, að Skjaldfannarvegi. (Þaðan er hann landsvegur um Kaldalón, að Unaðsdalskirkju.)
Vegur styttist sem tengivegur.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Huppahlíð.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri, að vegamótum við Blöndu-virkjun.)
Vegnúmerið 732 lagt af. Vegurinn fellur nú undir 35 Kjalveg.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, að Sturluhóli.

Vegurinn styttist, lá áður yfir á Þverárfjallsveg.
5014 Hlíðarbæjarvegur: Af Hvalfjarðarvegi, að Hlíðarbæ.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
5064 Leirárgarðavegur: Af Leirársveitarvegi, að Eystri-Leirárgörðum 1.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
5065 Heiðarskólavegur: Af Leirársveitarvegi, að kennarabústað við Heiðarskóla.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
5113 Andakílsárvirkjunarvegur: Af Skorradalsvegi að Hvammi.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
5120 Af Bæjarsveitarvegi, að Bæ 1.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
5190 Hýrumelsvegur: Af Hálsasveitarvegi, að Hýrumel.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
5660 Miðhraunsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Miðhrauni 2.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(5714 Lýsuhólsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Lýsuhóli.)
Fellur niður.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði og ferjubryggju á Seyðisfirði, á Hánefsstaðaveg.
Vegur lengist. Náði áður að ferjubryggju.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað, um brú á Ólafsfjarðarós, meðfram flugvelli, að Sólheimum.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
862 Hólmatungnavegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli, að Tóvegg. (Þaðan er hann landsvegur suður á Hringveg hjá Austaribrekku.)
Nýtt vegheiti. Áður Uppsveitarvegur.
897 Svalbarðstunguvegur: Af Norðausturvegi í Þistilfirði, að Hagalandi.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
8370 Villingadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt utan við Torfufell, að Villingadal.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
8512 Sólheimavegur: Af Hringvegi á Svalbarðsströnd, að Sólheimum.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi, að Ytri-Neslöndum.)
Fellur niður.
(8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi, að Reistarnesi.)
Fellur niður.
8877 Fjallavegur: Af Norðausturvegi í Kelduhverfi, að Lóni.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(9130 Ytri-Hlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi, að Ytrihlíð I.)
Fellur niður.
9765 Meðalfellsvegur: Af Hringvegi við Nesjakauptún, að götunni Hraunhóli.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.
(9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi, að Miðskeri.)
Fellur niður.
(9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi, að Stórulág.)
Fellur niður.

Ferjuleiðir.

Lagt er til að ferjuleiðir verði óbreyttar frá vegáætlun 2000–2004.

Varðandi ferjuleiðina Stykkishólmur – Brjánslækur er miðað við að þessi skipan haldist til 2006 en verði endurskoðuð við næstu gerð samgönguáætlunar. Á síðasta ári hófst regluleg vetrarþjónusta á Vestfjarðavegi úr Reykhólasveit að Brjánslæk (og þar með til Vesturbyggðar). Endurskipuleggja þarf ferjurekstur á Breiðafirði samkvæmt vegalögum í framhaldi af þessu.

Fskj. (4.3.).

Þjóðvegir 1. janúar 2004.

Ný kjördæmaskipan.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurkjördæmi	934	1.088	562	971	3.555
Suðvesturkjördæmi	127	90	33	14	264
Reykjavíkurkjörd. (bæði)	72	11	24	8	115
Norðvesturkjördæmi	1.766	1.748	943	647	5.104
Norðausturkjördæmi	1.373	999	657	937	3.966
Alls	4.272	3.936	2.219	2.577	13.004

Kjördæmaskipan til ársins 2003.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	617	1002	498	896	3.013
Reykjanes	305	174	63	53	595
Vesturland	590	734	372	177	1.873
Vestfirðir	781	386	219	155	1.541
Norðurland vestra	406	631	353	317	1.707
Norðurland eystra	668	519	369	566	2.122
Austurland	905	491	345	412	2.153
Alls	4.272	3.936	2.219	2.577	13.004

Fskj. (4.3.1.).

Brýr á stofnvegum,
10 m og lengri.
Breidd brúa flokkuð eftir umferð.*
(Fjöldi brúa.)

Meðalumferð á dag (ÁDU)	6 m breiðar og breiðari	Mjórri en 6 m	Alls
0- 100	7	49	56
101 - 500	68	121	189
501 - 1000	37	8	45
1001 – 2000	19	1	20
> 2000	53	1	54
Samtals	184	180	364

* Heimild: Brúaskrá Vegagerðarinnar 2004.

5. UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

Í framhaldi af því að umferðarmál fluttust til samgönguráðuneytisins skipaði samgönguráðherra stýrihóp til þess að móta nýja heildarstefnu í umferðaröryggismálum og um leið stilla saman kröftum stofnana sem fara með umferðaröryggismál.

Til grundavallar vinnu hópsins var m.a. lögð skýrsla um tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 – markmið og aðgerðir. Þar er að finna um 130 tillögur að aðgerðum í umferðaröryggismálum. Valdar voru aðgerðir til frekari skoðunar með hliðsjón af virkni þeirra til fækkunar slysa og lækkunar slysakostnaðar.

Við mat á forsendum um ávinning af fækkun óhappa og slysa var stuðst við skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um kostnað vegna umferðarslysa á Íslandi sem gefin var út árið 1996. Fjöldi slysa og óhappa miðast við skrár Umferðarstofu sem unnar eru á grundvelli lögregluskýrslna. Þess ber að geta að fjölmörg óhöpp í umferð á Íslandi eru ekki skráð af lögreglu.

Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þar sérstaklega að nefna handbók Transportøkonomisk Institutt í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða.

Aðgerðir sem teknar voru til sérstakrar skoðunar skiptast í eftirtalda flokka: Lægri ökuhraði, öruggari vegir, betri ökumenn, öryggisbúnaður farartækja og löggæsla/forvarnir.

Alvarlega slasaðir í umferð á Íslandi voru 145 árið 2003 og hefur þeim farið stöðugt fækkandi síðustu ár. Meðalfjöldi látinna í umferð á árunum 1999–2003 voru níu á hverja 100.000 íbúa. Til samanburðar skal nefnt að í þeim löndum sem náð hafa hvað bestum árangri á sama tímabili létust einungis sex af hverjum 100.000 íbúum í umferð.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016 eru:

- Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum árið 2016.
- Fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016.

5.1 Fjármál.

Gert er ráð fyrir að til umferðaröryggisáætlunarinnar verði varið 385 millj. kr. á ári öll ár áætlunartímabilsins. Fjármagn þetta kemur af vegáætlun, 200 millj. kr. árið 2005 og 300 millj. kr. árin 2006–2008. Af sérstöku umferðaröryggisgjaldi koma 35 millj. kr. árlega og loks er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til umferðaröryggismála 150 millj. kr. árið 2005 og 50 millj. kr. á hverju áranna 2006–2008.

5.2 Framkvæmdaáætlun í umferðaröryggi.

Við val á aðgerðum til aukins umferðaröryggis er byggt á áætlaðri arðsemi einstakra aðgerða. Gert er ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði unnið að eftirtöldum verkefnum og jafnframt sýnt það fjármagn sem áætlað er að verja til þeirra (verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.):

Heiti verkefnis:	
Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla	687
Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum	17
Eyðing svartbletta	312
Ölvun/fíkniefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla	228
Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja	15
Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla	62
Öryggisbeltanotkun í hópbifreiðum	16
Forvarnir erlendra ökumanna, áróður, skilti o.fl.	47
Slysum og óhöppum vegna lausgöngu dýra fækkað með girðingum	156
Kostnaður alls	*1.540*

Ljóst er að einhver tilflutningur getur orðið á fjármagni milli einstakra verkefna við framkvæmd áætlunarinnar.

5.2.1 Öruggari ökuhraði.

Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla.

Stefnt er að því að draga úr ofsaakstri og að því að allir farþegar og ökumenn noti öryggisbelti. Eftirlit verður aukið á þeim stöðum í vegakerfinu þar sem kostnaður vegna slysa gefur tilefni til. Yfir sumarmánuðina verður lögð sérstök áhersla á eftirlit við þjóðvegi í dreifbýli. Reiknað er með að stofnkostnaður verði m.a. vegna búnaðar fyrir hraðaeftirlit en rekstrarkostnaður er vegna eftirlits, áróðurs og úrvinnslu gagna.

Leiðbeinandi hraði á þjóðvegum.

Sett verða upp skilti með leiðbeinandi upplýsingum um ökuhraða á tiltekna staði á öllum stofnvegum og helstu tengivegum. Leiðbeinandi hraði er miðaður við aksturshæfilegan hraða á auðum blautum vegi eins og gert er ráð fyrir í forsendum hönnunarhraða í vegstöðlum og er því verið að upplýsa vegfarendur um öruggan hraða við þær aðstæður. Stofnkostnaður verður vegna innkaupa á allt að 500 skiltum með leiðbeinandi hraða og uppsetningu þeirra. Gert er ráð fyrir gerð kynningarefnis þessu samfara og rekstrarkostnaður er m.a. vegna viðhalds merkja.

5.2.2 Öruggari vegir.

Eyðing svartbletta í áföngum.

Á undanförnum árum hefur Vegagerðin staðið fyrir úttekt á slysastöðum um land allt og verður unnið áfram að því að bæta aðstæður þar sem slys eru tíð. Unnið verður að lagfær-

ingum svartbletta af ýmsum toga. Enn fremur verða merkingar auknar eða bættar á þessum stöðum.

Slysum og óhöppum vegna lausagöngu búfjár fækkað með girðingum.

Aukin áhersla verður á að girða af vegi þar sem áhætta vegafarenda vegna lausagöngu búfjár er mest. Áætlað er að girða við rúmlega 300 km vega á tímabilinu þar sem um 30% slysa og óhappa af þessu tagi verða, miðað við reynslu síðustu ára.

5.2.3 Öruggari ökumenn.

Eftirlit með ölvun/fíkniefnum við akstur.

Í 10% banaslysa er aðalorsök talin vera sú að sá látni hafi ekið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og 2,4% allra umferðarslysa má rekja til ölvunaraksturs. Afskiptum af ökumönnum verður fjölgað um sem næst 100%. Reiknað er með gerð og útgáfu kynningarefnis þessu samfara fyrir fjölmiðla og fræðsluefni fyrir skóla. Rekstrarkostnaður verður m.a. sérstakt framlag til ölvunareftirlits og úrvinnslu, fræðslu og þjálfunar á vegum Umferðarstofu og birtingarkostnaður áróðursefnis.

Umferðaröryggi í öryggsstjórnun fyrirtækja.

Verkefnið snýr að fræðslu meðal bílstjóra fyrirtækja. Markhópur verkefnis af þessu tagi eru fyrirtæki sem hafa í sinni umsjón 15 bifreiðir eða fleiri, en um 185 fyrirtæki á Íslandi eiga slíkan bifreiðaflota. Reiknað er með að 20–30 fyrirtæki taki þátt í þessu verkefni á ári. Kostnaður tengist gerð fræðsluefnis, bæklinga og auglýsinga, verkefnisstjórnun, námskeiðshaldi og birtingu auglýsinga.

Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.

Markmiðið er að gera umferðaröryggi að föstum lið í námskrá grunnskóla og leikskóla. Nú er enginn grunnskólafulltrúi hjá Umferðarstofu en gert er ráð fyrir að slíkur fulltrúi verði ráðinn til starfa. Reiknað er með rekstrarkostnaði vegna framangreinds starfs fulltrúa hjá Umferðarstofu sem mun sinna umferðaröryggi í grunnskólum.

5.2.4 Örugg ökutæki.

Öryggisbeltanotkun í hópbílum.

Verkefnið snýr alfarið að fræðslu og áróðri vegna notkunar öryggisbelta í hópbílum. Unnið verður að gerð kynningar- og fræðsluefnis sem ætlað verður m.a. til sýninga í slíkum bifreiðum.

5.2.5 Forvarnir.

Forvarnir vegna erlendra ökumanna.

Fjöldi erlendra ferðamanna lendir í umferðarslysum hér á landi ár hvert. Árið 2003 voru 428 umferðaróhöpp þar sem erlendir ferðamenn koma við sögu og voru orsakavaldar. Eru það rúmlega 5% allra umferðarslysa á Íslandi. Verkefnið felst í að fræða erlenda ferðamenn um þær hættur sem að steðja í íslensku vegakerfi. Reiknað er með gerð kynningar- og fræðsluefnis fyrir erlenda ökumenn sem tekið verður til sýninga á bílferjum sem koma til landsins, á bílaleigum og á hótelum vítt og breitt um landið, enn fremur að úrbætur verði gerðar í merkingum á vegum, m.a. þar sem malbik endar.

1080. Tillaga til þingsályktunar [722. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

Samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Líbanons um fríverslun var ýtt úr vör með samningafundum í Beirút í apríl 2003, en fyrsti formlegi samningafundurinn var í nóvember sama ár. Samningurinn var áritaður eftir tvær samningalotur.

EFTA-ríkin hafa nú gildandi fríverslunarsamninga við 13 ríki að samningnum við Líbanon meðtöldum (Búlgaríu, Chile, Frelsissamtök Palestínu, Ísrael, Jórdaníu, Króatíu, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Rúmeníu, Singapúr og Tyrkland) með samtals rúmlega 280 milljónir íbúa, til viðbótar samningum þeirra við Evrópusambandið. Enn fremur var undirritaður samningur við Túnis í desember 2004 og bíður hann fullgildingar samningsaðilanna.

Fyrir 1. maí 2004 voru í gildi átta samningar til viðbótar við lönd sem nú hafa gengið í Evrópusambandið (Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland og Ungverjaland) og falla viðskipti Íslands við þessi lönd nú undir EES-samninginn.

Samningaviðræður standa yfir við Egyptaland, Kanada, aðildarríki tollabandalags Suður-Afríku (SACU) og Suður-Kóreu.

Samningurinn við Líbanon kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum sjávarafurðum. Miðað er við að EFTA-ríkin afnemi alla tolla og aðrar hindranir að því er varðar þær vörur sem samningurinn tekur til þegar hann öðlast gildi. Líbanon afnemi hins vegar tolla á tilteknu aðlögunartímabili sem hefst árið 2008 en því lýkur árið 2015. Tollar á sjávarafurðir falla þó niður að langmestu leyti árið 2008. Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. Ekki er hins vegar fjallað heildstætt um fjárfestingar og var því samhliða gerður sérstakur tvíhliða samningur milli Íslands og Líbanons um vernd fjárfestinga.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Líbanon og hefur Ísland gert um þau sérstakan samning. Í landbúnaðarsamningi Íslands og Líbanons er kveðið á um sambærilegar tollalækkanir og réttindi og í öðrum landbúnaðarsamningum í tengslum við fríverslun. Skv. 8. gr. samningsins öðlast tvíhliða samningurinn um landbúnað gildi sama dag og fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkjanna og Líbanons.

Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA OG LÝÐVELDISINS LÍBANONS

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES AND THE REPUBLIC OF LEBANON

FORMÁLSORÐ

PREAMBLE

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN, KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR og RÍKJASAMBANDIÐ SVISS (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) annars vegar,

The REPUBLIC OF ICELAND, the PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN, the KINGDOM OF NORWAY, the SWISS CONFEDERATION (hereinafter called the „EFTA States“), on the one part,

og LÝÐVELDIÐ LÍBANON (hér á eftir nefnt „Líbanon“) hins vegar,

and the REPUBLIC OF LEBANON (hereinafter called „Lebanon“), on the other,

sem hér á eftir eru sameiginlega nefnd „samningsaðilar“,

hereinafter collectively referred to as „the Parties“,

HAFA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli EFTA-ríkjanna og Líbanons, einkum yfirlýsinguna um samvinnu sem var undirrituð í Genf í júní 1997, og eiga þá ósk sameiginlega að efla þessi tengsl og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

CONSIDERING the importance of the links existing between the EFTA States and Lebanon, in particular the Declaration on Co-operation signed in Geneva in June 1997, and recognizing the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations;

VÍSA TIL þess ásetnings að stuðla á virkan hátt að efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

RECALLING their intention to participate actively in the process of economic integration in the Euro-Mediterranean region, and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process;

ÁRÉTTA stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á lögum, mannréttindum, þ.m.t. réttindi þeirra sem tilheyra minnihlutahópum, og grundvallarfrelsi og frelsi í stjórnmálum og atvinnulífi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og almenna mannréttindayfirlýsingin,

REAFFIRMING their commitment to pluralistic democracy based on the rule of law, human rights, including rights of persons belonging to minorities, and fundamental freedoms, and to the political and economic freedoms in accordance with their obligations under international law, including the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilarnir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

VÍSA TIL aðildar EFTA-ríkjanna að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og skuldbindinga þeirra um að framfylgja réttindum og skyldum sem leiðir af Marrakess-samningnum um stofnun Alþjóðavið-

RECALLING the membership of the EFTA States in the World Trade Organisation (hereinafter referred to as „the WTO“) and their commitment to comply with the rights and obligations arising from the

skiptastofnunarinnar, að meðtöldum meginreglunum um bestukjarameðferð og innlenda meðferð, og vísa jafnframt til þess markmiðs líbanskra yfirvalda að gerast aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,

EINSETJA SÉR að stuðla að eflingu marghliða viðskiptakerfis og stuðla að frjálsari viðskiptum sín á milli í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,

HAFA Í HUGA að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsaðila undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina,

ERU STAÐRÁÐIN Í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu auðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða möguleikann á að þróa og efla efnahagstengsl sín svo að þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur myndi viðeigandi ramma fyrir upplýsinga- og skoðanaskipti um þróun efnahagsmála og viðskipti, og

ERU ENN FREMUR SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni skapa skilyrði sem stuðla að tengslum þeirra á milli á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

Marrakesh Agreement establishing the WTO, including the principles of most-favoured-nation and of national treatment, and mindful of Lebanon's objective to become a Member of the WTO;

RESOLVED to contribute to the strengthening of the multilateral trading system and to develop their relations towards free trade in accordance with WTO rules;

CONSIDERING that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the Parties from their obligations under other international agreements, especially the WTO;

DETERMINED to implement this Agreement with the objective to preserve and protect the environment and to ensure an optimal use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development;

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

CONVINCED that this Agreement provides an appropriate framework for exchange of information and views on economic developments and trade; and

ALSO CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them,

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter called „this Agreement“):

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. EFTA-ríkin og Líbanon skulu stofna fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði þessa samnings með það fyrir augum að örva atvinnustarfsemi á yfirráðasvæðum sínum og bæta þannig lífskjör og atvinnuskilyrði og stuðla að efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda.

CHAPTER I
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

Objectives

1. The EFTA States and Lebanon shall establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement with a view to spurring economic activities in their territories, thereby raising standards of living and improving employment conditions and contributing to Euro-Mediterranean economic integration.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á því að lýðræði og mannréttindi séu virt, miðar að því:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994"),
b) að móta smám saman umhverfi sem stuðlar að auknum fjárfestingum og þjónustuviðskiptum,
c) að tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda,
d) að auka smám saman frelsi í opinberum innkaupum, og
e) að styðja samræmda þróun efnahagstengsla milli samningsaðila með auknum viðskiptum og samstarfi, bæði í efnahagslegu og tæknilegu tilliti.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:
(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as the „GATT 1994");
(b) to gradually develop an environment conducive to increased investment flows and enhanced trade in services;
(c) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;
(d) to progressively liberalise government procurement; and
(e) to support the harmonious development of economic relations between the Parties through the expansion of trade, and economic and technical co-operation.

2. gr.
Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning

Samningur þessi gildir um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Líbanons hins vegar en ekki um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

ARTICLE 2
Trade relations governed by this Agreement

This Agreement shall apply to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Lebanon, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

3. gr.
Svæðisbundið gildissvið

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í I. viðauka.

ARTICLE 3
Territorial application

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Annex I .

II. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

4. gr.
Gildissvið

1. Kafli þessi gildir um eftirtaldar framleiðsluvörur sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Líbanon:

a) allar framleiðsluvörur sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskránni (ST), að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í II. viðauka,
b) unnar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun, og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir sem kveðið er á um í III. viðauka.

2. Líbanon og hvert EFTA-ríki hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur. Þeir samningar eru hluti af gerningum um myndun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Líbanons.

CHAPTER II
TRADE IN GOODS

ARTICLE 4
Scope

1. This Chapter shall apply to the following products originating in an EFTA State or in Lebanon:
(a) all products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex II;
(b) processed agricultural products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex III.

2. Lebanon and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Lebanon.

5. gr.
Upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda

Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

6. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Líbanons.
2. EFTA-ríkin skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á framleiðsluvörum sem eru upprunnar í Líbanon.
3. Líbanon skal smám saman afnema innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á framleiðsluvörum sem eru upprunnar í EFTA-ríki í samræmi við IV. viðauka.

7. gr.
Grunntollar

1. Innflutningsgjöld samningsaðilanna skulu vera tollar sem fást í bestukjarameðferð og eru í gildi 21. nóvember 2003 eða, sé það lægra, það gjald sem er í gildi við gildistöku þessa samnings. Komi almennar tollalækkanir gagnvart öllum (*erga omnes*) til framkvæmda eftir gildistöku þessa samnings gildir lækkaða gjaldið.
2. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum um þau gjöld sem eru í gildi hjá þeim á gildistökudegi þessa samnings.

8. gr.
Fjáröflunartollar

Ákvæði 6. gr. gilda einnig um fjáröflunartolla.

9. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir skulu settar á innflutning né gerðar neinar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Líbanons.
2. Magntakmarkanir á innflutningi og allar ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Líbanons, skulu afnumdar frá gildistöku þessa samnings.

ARTICLE 5
Rules of origin and methods of administrative co-operation

Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co operation.

ARTICLE 6
Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duties on imports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Lebanon.
2. The EFTA States shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports, and any charges having equivalent effect, of products originating in Lebanon.
3. Lebanon shall gradually eliminate its customs duties on imports, and any charges having equivalent effect, of products originating in an EFTA State in accordance with Annex IV.

ARTICLE 7
Basic duties

1. The applicable rates for imports between the Parties shall be the most-favoured-nation rate of duty (MFN rate) applied on 21 November 2003, or if lower, the applied rate enforced as of the entry into force of this Agreement. If, after the entry into force of this Agreement, a tariff reduction is applied on an *erga omnes* basis, the reduced rate shall apply.
2. The Parties shall communicate to each other their respective rates applied on the date of the entry into force of this Agreement.

ARTICLE 8
Customs duties of a fiscal nature

The provisions of Article 6 shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

ARTICLE 9
Quantitative restrictions on imports and measures having equivalent effect

1. No new quantitative restriction on imports or any measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Lebanon.
2. Quantitative restrictions on imports and any measures having equivalent effect in trade between the EFTA States and Lebanon shall be abolished from the date of entry into force of this Agreement

10. gr.
Tollar og magntakmarkanir á útflutningi

EFTA-ríkin og Líbanon skulu hvorki leggja á útflutning sín á milli tolla eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif né setja magntakmarkanir eða gera aðrar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

ARTICLE 10
Customs duties and quantitative restrictions on exports

The EFTA States and Lebanon shall not apply to exports between themselves either customs duties or charges having equivalent effect, or quantitative restrictions or measures having equivalent effect.

11. gr.
Innlendir skattar og reglur

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum reglum í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum eða óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

ARTICLE 11
Internal taxation and regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.
2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxes in excess of the amount of direct or indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

12. gr.
Tæknilegar reglugerðir

1. Samningsaðilar skulu hafa með sér samvinnu á sviði tæknilegra reglugerða, stöðlunar og samræmismats, gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að lausnum sem nýtast á alþjóðavettvangi og samninga um gagnkvæma viðurkenningu, eftir því sem við á, til að tryggja að þessum samningi verði beitt á skilvirkan og samræmdan hátt og hann þjóni gagnkvæmum hagsmunum allra samningsaðila.
2. Samningsaðilar samþykkja að hafa tafarlaust samráð innan sameiginlegu nefndarinnar, sem skipuð er í samræmi við 30. gr., til að finna viðeigandi lausn í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað tæknilega hindrun í viðskiptum.
3. Skuldbindingar samningsaðila um að tilkynna drög að tæknilegum reglugerðum falla undir þær viðmiðanir sem tilgreindar eru í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir. EFTA-ríkin skulu veita Líbanon aðgang að tilkynningum sínum. Líbanon skal senda aðalskrifstofu EFTA tilkynningar sínar um drög að tæknilegum reglugerðum og sendir hún þær til hinna samningsaðilanna.

ARTICLE 12
Technical regulations

1. The Parties shall co-operate in the field of technical regulations, standards and conformity assessment and shall take appropriate measures to promote international solutions and mutual recognition agreements, as appropriate, to ensure that this agreement will be applied effectively and harmoniously in the mutual interest of all Parties.

2. The Parties agree to hold immediate consultations in the framework of the Joint Committee set up in accordance with Article 30 in case a Party considers that another Party has taken measures which are likely to create, or have created, a technical obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.
3. The Parties' obligations to notify draft technical regulations shall be governed by the criteria set out in the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade. The EFTA States will make their notifications to the WTO available to Lebanon. Lebanon shall notify draft technical regulations to the EFTA Secretariat, which shall distribute them to the other Parties.

13. gr.
Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna

1. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti með ótilhlýðilegum hætti.

ARTICLE 13
Sanitary and phytosanitary measures

1. The Parties shall apply their regulations in sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.

2. Meginreglurnar í 1. mgr. skulu gilda í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

14. gr.
Ríkiseinkasala

EFTA-ríkin og Líbanon skulu tryggja aðlögun á ríkiseinkasölu í viðskiptum í áföngum, með þeim undanþágum sem er mælt fyrir um í bókun C, þannig að ríkisborgurum EFTA-ríkjanna og Líbanons verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum við lok fjórða ársins frá gildistöku þessa samnings. Vörurnar skulu keyptar og markaðssettar á viðskiptalegum forsendum.

15. gr.
Styrkir

1. Réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir falla undir VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994, samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað, nema kveðið sé á um annað í þessari grein.
2. Um skuldbindingar samningsaðila um að tryggja gagnsæi ráðstafana, sem felast í styrkjum, gilda viðmiðunarreglurnar í 1. mgr. XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og 25. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir. EFTA-ríkin sjá til þess að Líbanon hafi aðgang að tilkynningum þeirra til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki. Líbanon skal senda aðalskrifstofu EFTA tilkynningar sínar um styrki og sendir hún þær til hinna samningsaðilanna.
Protocol B	Rules of origin
Protocol C	State Monopolies

ARTICLE 37
Amendments

1. Amendments to this Agreement other than those referred to in Article 36 shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval.

2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.

3. The text of the amendments shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 38
Customs unions, free trade areas, frontier trade and other preferential agreements

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements to the extent that these do not negatively affect the trade regime provided for by this Agreement.

ARTICLE 39
Accession

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on terms and conditions to be negotiated between the acceding State and the Parties concerned. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.

2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.

40. gr.
Uppsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhver samningsaðili getur dregið til baka aðild sína að samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Dragi Líbanon aðild sína til baka fellur samningur þessi úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn.
3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum niður af þeim sökum sama dag og uppsögnin tekur gildi.

ARTICLE 40
Withdrawal and expiration

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Lebanon withdraws, this Agreement shall expire at the end of the notice period.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.

41. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 gagnvart þeim undirritunarríkjum, sem þá hafa fullgilt samninginn, að því tilskildu að þau hafi afhent vörsluaðila fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín a.m.k. tveimur mánuðum fyrir gildistökuna og að því tilskildu að Líbanon sé eitt þeirra ríkja sem hefur afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu.
3. Ef samningur þessi öðlast ekki gildi 1. janúar 2005 skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að Líbanon og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu til vörslu.

4. Þegar EFTA-ríki afhendir fullgildingarskjal sitt til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi, öðlast samningur þessi gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila.

5. EFTA-ríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði þess leyfa það, beitt samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu þessa samnings samkvæmt þessari grein.

ARTICLE 41
Entry into force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 January 2005 in relation to those Signatory States which by then have ratified the Agreement, provided they have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary at least two months before the entry into force, and provided that Lebanon is among the States that have deposited their instruments of ratification or acceptance.
3. In case this Agreement does not enter into force on 1 January 2005 it shall enter into force on the first day of the third month following the latter date on which Lebanon and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification.
4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, after this Agreement has entered into force, the Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument.
5. If its constitutional requirements permit, any EFTA State may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.

42. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ARTICLE 42
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Montreux 24. júní 2004 í einu frumriti á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn

Done at Montreux, this 24th day of June 2004, in a single original in the English language, which shall

Noregs. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn, staðfest afrit.

be deposited with the Government of Norway. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States.

Fyrir hönd Lýðveldisins Líbanons

For the Republic of Lebanon

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

For the Republic of Iceland

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

For the Principality of Liechtenstein

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

For the Kingdom of Norway

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

For the Swiss Confederation

1081. Frumvarp til laga [723. mál]

um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Heimilt er með sama hætti að veita styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli framkvæmdirnar undir ákvæði 1. málsl. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur, að fengnum tillögum fráveitunefndar, nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vaxandi áhugi er hjá sveitarfélögunum að taka fráveitur sem einkaaðilar reisa á leigu. Samkvæmt lögunum njóta slíkar framkvæmdir ekki styrkja. Dæmi eru hins vegar um að sveitarfélag hafi staðið fyrir framkvæmdum en síðan selt mannvirkin og tekið þau á leigu. Eðlilegt væri að lögin heimiluðu styrkveitingar til fráveituframkvæmda á vegum einkaaðila, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli þær undir markmið laganna, þ.e. ákvæði 1. gr. Sambærilegt ákvæði er að finna í ákvæði til bráðabirgða IV í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 60/2002, þar sem heimilt er að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings. Lagt er til að heimilað verði að styrkja sveitarfélögin í slíkum tilvikum þegar um fráveituframkvæmdir er að ræða og gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd heimildarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmdir við fráveitur sem einkaaðilar reisa og leigja sveitarfélögum njóti fjárhagslegs styrks úr ríkissjóði með sama hætti og fráveituframkvæmdir á vegum sveitarfélaga. Fjárhagslegur stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga er ákveðinn í fjárlögum og telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á fjárhæðina, heldur einungis skiptingu á milli framkvæmda, verði það að lögum.

1082. Tillaga til þingsályktunar [724. mál]

um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Björgvin G. Sigurðsson,
Dagný Jónsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 1. september 2005.

Greinargerð.

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi er vandamál. Samkvæmt íslenskum rannsóknum má ætla að hlutfall þeirra sem ljúka ekki framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi sé rúmlega 40%. (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms. Háskólaútgáfan.)

Brottfall er ferli sem nemandi gengur í gegnum og því er það ekki mælanlegt á einum tímapunkti. Mikilvægt er að geta gripið inn í þetta ferli með markvissum hætti til að koma nemandanum til aðstoðar. Margir þættir hafa áhrif á brottfall og ekki er hægt að einblína á einn frekar en annan. Má þar nefna fyrri námsárangur nemandans, viðhorf til náms, óheppilegt námsval, áhrif foreldra og félagslegan stuðning.

Brottfall er persónulegur vandi en einnig vandi fyrir þjóðfélagið í heild. Á Bretlandi hefur National Audit Office reiknað út að hver einstaklingur á aldrinum 16–19 ára sem ekki er í námi, vinnu eða hefur lokið einhvers konar starfsþjálfun kosti breska þjóðfélagið 98.000 pund eða sem samsvarar tæplega 12,5 millj. ísl. kr. Árið 2002 voru þetta 181.000 einstaklingar á Bretlandi eða 10% ungmenna á aldrinum 16–19 ára. (Department for Education and skills. Connexions Service. Advice and Guidance for all young people. National Audit Office, mars 2004.)

Náms- og starfsráðgjöf – úrræði gegn brottfalli.

Skipulögð aðstoð innan skólakerfisins sem kemur nemendum til hjálpar er m.a. í höndum kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda. Náms- og starfsráðgjöf er nýleg grein. Frá því að kennsla hófst í námsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 1991 hafa rúmlega 160 námsráðgjafar útskrifast auk þess sem um tíu hafa numið við erlenda háskóla. Ekki eru fyrirliggjandi nákvæmar tölur um fjölda námsráðgjafa í menntakerfinu en ætla má að um 80 starfi á grunnskólastigi, 40 í framhaldsskólum og rúmlega 20 á háskólastigi og á vinnumiðlunum um landið. Í áliti nefndar sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins og fjallaði um eflingu náms- og starfsráðgjafar frá 1998 segir:

„Náms- og starfsráðgjöf hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika, þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Sjálfsþekking gerir fólk hæfara til að takast á við álag og kröfur samfélagsins og auðveldar því að meta hvaða vettvangur hentar best. Aðstoð og ráðgjöf við námsval og aðstoð og ráðgjöf meðan á námi stendur eru tveir meginþættir í starfi náms- og starfsráðgjafa. Fagleg greining á persónulegum vanda nemenda og samráð við sérfræðinga sem vísað er til hjálpar þeim að takast á við líf og störf og búa þeim um leið viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima.“ (Menntamálaráðuneytið (1998). Efling náms- og starfsráðgjafar, bls. 7.)

Þá kemur eftirfarandi fram í nefndaráliti frá 1991 er fjallaði um markmið og leiðir varðandi námsráðgjöf og starfsfræðslu:

„Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum miðar að því að styrkja persónuþroska nemenda og efla trú á eigin færni til að gera hann betur færan að yfirvinna vanda og ná settum markmiðum í námi og starfi. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafar eru: náms- og starfsráðgjöf, persónuleg ráðgjöf, náms- og starfsfræðsla, kannanir, mat, þróunarstarf og fyrirbyggjandi starf.“ (Menntamálaráðuneytið (1991). Námsráðgjöf og starfsfræðsla. Markmið og leiðir, bls. 23–24.)

Opinber stefnumótun.

Í nefndarálitinu frá 1998 koma fram ýmsar tillögur um eflingu náms- og starfsráðgjafar, t.d. að náms- og starfsfræðsla verði gerð að skyldunámsgrein í 8.–10. bekk grunnskóla og að framhaldsskólar bjóði skylduáfanga og valáfanga í náms- og starfsfræðslu. Enn fremur eru nefndar leiðir til að takast á við brottfall í framhaldsskólum, m.a. að kanna skipulega viðhorf nemenda í 10. bekk grunnskóla til náms og starfa, taka upp markvissa kennslu í námstækni og vinnubrögðum og efla stuðning við nemendur í sértækum vanda. Sumar þessara tillagna hafa komið til framkvæmda en þó í mismiklum mæli og mjög mikilvægt er að stjórnvöld hugi að heildarstefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Óskýr lagarammi.

Hvarvetna í menntakerfinu má greina þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands 2002–2005 er m.a. fjallað um hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Lagalegur rammi um störf náms- og starfsráðgjafa, m.a. í grunnskólum, er óskýr. Í 42. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, þar sem fjallað er um sérfræðiþjónustu, er kveðið á um að námsráðgjöf sé hluti af sérfræðiþjónustu skólans, en ekki er tiltekið neitt nánar um útfærslu né innihald. Önnur mikilvæg tillaga úr nefndarálitinu frá 1998 er fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf í skólum. Þar er lagt til að eitt stöðugildi í námsráðgjöf verði á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum, þó þannig að aldrei verði ráðið í starf náms- og starfsráðgjafa undir hálfu stöðugildi. Þessu hefur ekki verið hrundið í framkvæmd og nauðsynlegt er að horfa betur til laga- eða reglugerðarsetningar um málefni náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum og framhaldsskólum.

Efling náms- og starfsfræðslu.

Náms- og starfsfræðsla var skilgreind sem einn af níu lykilþáttum í skólastarfi grunnskóla í aðalnámskrá árið 1989. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 voru markmið náms- og starfsfræðslu sett undir nýja námsgrein sem nefnist lífsleikni. Ekki er ljóst hvert vægi þessa námsþáttar sem skyldunámsgreinar hefur orðið við breytinguna. Margt kallar á aukna fræðslu um nám og störf í nútímasamfélagi og breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla á sí- og endurmenntun. Það þarf að búa ungt fólk undir vinnumarkað þar sem skipt er um starf og nám oft á lífsleiðinni. Breytingar á vinnumarkaði, tækniþróun, aukin samkeppni og alþjóðavæðing hafa leitt til víðtækra breytinga og haft áhrif á líf og störf fólks.

Aukið valfrelsi í grunnskóla, breytt inntökuskilyrði og fjölgun námsleiða á framhalds- og háskólastigi, auk mismunandi fornámskrafna eftir námsleiðum, krefst vandlegrar ígrundunar náms- og starfsvals. Fyrir dyrum standa veigamiklar breytingar á framhaldsskólanum með styttingu námsins í þrjú ár. Því er enn meiri nauðsyn að huga að námsvali strax í grunnskóla og fylgja því eftir þegar í framhaldsskólann er komið með öflugri náms- og starfsfræðslu og einstaklingsbundinni ráðgjöf. Þessar leiðir gætu sparað fjármuni og hlíft einstaklingnum við að lenda á reki í kerfinu og bíða jafnvel skipbrot.

Mikilvægar vísbendingar.

Í doktorsritgerð Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2003), lektors í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, á umfangi og árangri af náms- og starfsfræðslu kom eftirfarandi fram:

- Árið 1995 fengu 46% nemenda í grunnskóla enga náms- og starfsfræðslu. Það má ætla að ástandið hafi lítið breyst og því sendir grunnskólinn frá sér 1.700–2.000 nemendur á hverju ári sem ekki fá aðstoð við val á námi í framhaldsskóla.

- Helmingi meiri líkur eru á því að nemandi í 10. bekk sem hefur notið náms- og starfsfræðslu hafi valið sér námsbraut í lok 10. bekkjar.
- 20% af þeim sem fá fræðslu eru óákveðnir (í maí) um val á námsbraut í framhaldsskóla. Þetta segir okkur að náms- og starfsfræðslan gæti verið markvissari.
- Þeir sem fá náms- og starfsfræðslu taka framförum í markvissum ákvarðanastíl umfram hina sem ekki fá slíka fræðslu.
- Þeir sem fylgdu uppgötvunaraðferð með námsefninu „Margt er um að velja“ í náms- og starfsfræðslu taka framförum í skipulagðri hugsun um störf umfram samanburðarhóp.
- Ljóst er að þeir nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu stóðu sig mun betur í mikilvægum leikniþáttum sem varða markvisst náms- og starfsval, svo sem skipulagðri starfshugsun og markvissum ákvarðanastíl ásamt því að vera ákveðnari um framhaldsnám.

Rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur á starfshugsun og kynferði sýnir að kynin hugsa ólíkt um veruleika starfanna, t.d. hafa drengir áhuga á tekjum og þeir nota víðari tekjuskala í hugsun sinni um störf en stúlkurnar.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir vinnur nú að rannsókn á því hvort náms- og starfsfræðsla hafi fyrirbyggjandi áhrif, þannig að nemendur sem hafa notið náms- og starfsfræðslu falli síður brott úr námi. Einnig verður kannað hvort nemendur sem hafa ákveðið við lok 10. bekkjar hvað þeir ætli að læra í framhaldsskóla flosni síður upp úr námi.

Danmörk.

Ný heildarlög um náms- og starfsráðgjöf tóku gildi 1. ágúst 2004 í Danmörku (lov nr. 298 af 30/04/2003) en í þeim felast miklar umbætur á náms- og starfsráðgjöf. Samkvæmt þeim verður hjá sveitarfélögum komið á fót námsráðgjafarmiðstöðvum ungmenna, Ungdommens Uddannelsesvejledning, 46 að tölu, en ráðgjöf á háskólastigi verður á ábyrgð sjö miðstöðva náms- og starfsráðgjafar, Studievalg, sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

Helstu nýjungar eru: Börn og ungt fólk upp að 25 ára aldri eiga rétt á náms- og starfsráðgjöf frá hinum 46 náms- og starfsráðgjafarmiðstöðvum sem sveitarfélögin reka. Ungt fólk og fullorðið á sama rétt á ráðgjöf um framhaldsnám og störf hjá svæðamiðastöðvunum sjö. Námsráðgjafarmiðstöðvarnar eru skyldugar að fylgja eftir fólki yngra en 19 ára sem er ekki í formlegu námi eða á vinnumarkaði. Leitað er leiða til koma viðkomandi til aðstoðar og gera áætlun um að viðkomandi hefji nám, þjálfun eða starf.

Markmiðið með lagasetningunni var að samræma ráðgjafarstarf og koma á heildstæðu kerfi. Fram að þessu hafði náms- og starfsráðgjöf verið með ýmsu móti eftir námssviðum og greinum, auk þess sem einkaaðilar veittu slíka ráðgjöf. Endurbætt námsráðgjöf á að gefa börnum og ungmennum betri grundvöll fyrir raunsætt val á menntun, skóla og framtíðarstarfi og koma í veg fyrir brottfall.

Svíþjóð.

Í aðalnámsskrá grunnskóla frá 1994 í Svíþjóð segir að skólinn eigi að leitast við að tryggja öllum nemendum nægilega þekkingu og reynslu til að:

- vera færir um að skoða mismunandi leiðir og taka ákvarðanir varðandi framtíð sína,
- fá innsýn í nánasta umhverfi, starfs- og menningarlíf,
- vera upplýstir um tækifæri til náms, framhaldsnáms í Svíþjóð og erlendis.

Náms- og starfsráðgjöf ásamt upplýsingagjöf og hópráðgjöf er veitt í grunn- og framhaldsskólum ásamt fullorðinsfræðslu.

Finnland.

Með breytingum á menntalöggjöf 1998 er tryggt að allir nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Nemendur í grunn- og framhaldsskólum eiga allir jafnan rétt á leiðbeiningum og námsráðgjöf. Hver nemandi á rétt á minnst tveimur klukkustundum á viku á skólaárinu (skólaárið er 38 vikur). Náms- og starfsráðgjöfin er venjulega á síðustu þremur árum í skyldunámi í Finnlandi. Farið er yfir námstækni, sjálfsþekkingu, náms- og starfsþjálfunartækifæri, störf og starfsumhverfi og vinnumarkaðinn. Allir nemendur geta einnig fengið persónulega ráðgjöf og/eða hópráðgjöf þegar þess er þörf. Nemendum er kennt að nota mismunandi tæki til upplýsingaleitar og hvar hægt er að leita í náms- og starfsráðgjöf.

Niðurstaða.

Í allri umræðu hér á landi um mikið brottfall er ástæða til að gefa gaum að aðferðum í náms- og starfsráðgjöf sem beinast að því að vísa veginn um flókið upplýsingaumhverfi öllum þeim sem eru núverandi eða væntanlegir þátttakendur í skólakerfi og/eða atvinnulífi. Ljóst er að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir námi kostar einstaklingana mikið, persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk þess sem það hefur í för með sér kostnað fyrir skólakerfið og þjóðfélagið. Mikil áhersla er nú lögð á náms- og starfsráðgjöf víða í Evrópu með tilliti til sí- og endurmenntunar. Skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru ein af forsendum þess að fólk geti eflt færni sína til að stunda nám og starf farsællega. Ljóst er að náms- og starfsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólastigi þarf að efla á Íslandi.

1083. Frumvarp til laga [725. mál]

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er felld úr gildi heimild búnaðarsambanda til þess að innheimta sérstakt gjald hjá mjólkurframleiðendum af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið er nú 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur. Í nýjum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tekur gildi 1. september 2005 er gert ráð fyrir því að ákveðnum fjármunum sé ráðstafað til kynbóta- og þróunarverkefna í nautgriparækt. Þá er jafnframt talið eðlilegt að þeir sem nýta sér þjónustu búnaðarsambanda greiði í auknum mæli beint fyrir veitta þjónustu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að hætt verði að innheimta 1,7% gjald af afurðaverði mjólkur sem greiðist af mjólkurframleiðendum til búnaðarsambanda vegna sæðinga mjólkurkúa. Alls innheimtust um 80 m.kr. árið 2004 vegna gjaldheimtunnar. Gert er ráð fyrir að veitt verði 100 m.kr. framlag í fjárlögum árið 2006 til kynbótaverkefna samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tekur gildi frá og með 1. september 2005.

1084. Frumvarp til laga [726. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Embætti yfirdýralæknis innheimtir sérstakt gjald af sláturleyfishöfum til að standa straum af kostnaði við eftirtalda þætti heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum:

a. Laun og ferðakostnað kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
b. Töku sýna í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra.
c. Rannsóknir á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum í sláturafurðum.
d. Nauðsynlegt námskeiðahald og viðhaldsmenntun fyrir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólk þeirra.
e. Yfirstjórn og samræmingu eftirlitsins.

Eftirlitsgjald tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að framan greinir, svo sem vegna viðbótarsýna eða prófana sem framleiðandi á búi þar sem greinst hefur smitefni er ógnar matvælaöryggi kann að óska eftir. Slíkur kostnaður greiðist af viðkomandi framleiðanda. Beiðni um viðbótarsýnatökur skal vera skrifleg.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein. Ráðherra er m.a. heimilt að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur. Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá um heilbrigðiseftirlitið sem byggð skal á raunverulegum kostnaði þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, er kveðið á um það með hvaða hætti gjald fyrir þá heilbrigðisskoðun sem fram fer í sláturhúsum eftir ákvæðum III. kafla laganna er innheimt. Eins og fyrirkomulagið er nú er eftirlitsgjaldið innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, nánar sundurgreint eftir tegundum, og rennur það í sjóð í vörslu landbúnaðarráðherra. Einnig kemur fram í núgildandi 11. gr. að eftirlitsgjaldið skuli miðast við raunkostnað og að það sé ætlað til þess að standa straum af heilbrigðiseftirliti kjötskoðunarlækna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hætt verði að innheimta gjald fyrir heilbrigðiseftirlit eftir ákveðinni krónutölu á hvert kíló kjöts. Þess í stað verði innheimta heilbrigðiseftirlitsgjaldsins byggð á gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur. Áfram er gert ráð fyrir því að gjaldið taki mið af raunkostnaði við eftirlitið og skal gjaldskrá byggjast á því. Í núgildandi lögum þykir ekki nægjanlega vel tryggt að gjaldtaka sem miðast við fasta krónutölu endurspegli raunverulegan kostnað við eftirlitið. Ekki þykir heldur hentugt að breyta þurfi lögum ef kostnaður eykst eða minnkar við eftirlit og er talið að með því að heimila ráðherra að setja gjaldskrá um eftirlitið sé betur hægt að endurspegla raunverulegan kostnað þess og bregðast við hækkunum og lækkunum á raunkostnaði. Enn fremur er ljóst að sláturleyfishafar ættu að hafa betri upplýsingar og sundurliðun á því til hvaða þátta eftirlitsins eftirlitsgjald sem þeir greiða rennur.

Með frumvarpinu er einnig ætlunin að skilgreina til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið nær, en í núverandi lögum er landbúnaðarráðherra falið að setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins og um innheimtu gjalds fyrir það. Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra setji gjaldskrá um eftirlitið þykir eðlilegt að marka ramma þess fastari skorður í samræmi við þau ákvæði sem nú eru í reglugerð um eftirlitið. Þó er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ráðherra hafi áfram ákveðnar heimildir til að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins innan ramma laganna.

Með 1. og 2. efnismgr. 1. gr. er hið gjaldskylda heilbrigðiseftirlit útfært og tekið fram til hvaða þátta það tekur. Heilbrigðiseftirlitið er hér betur útfært en í núverandi lögum og skýrt kveðið á um að eftirlitsgjaldið taki ekki til greiðslu á öðrum kostnaði en fram kemur í greininni. Einnig er hér tekið fram að ef taka þarf viðbótarsýni eða framkvæma viðbótarprófanir vegna þess að á búi hafi greinst smitefni sem ógnar matvælaöryggi þá nær gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlitsins ekki til þess og þar af leiðandi er ekki greitt fyrir viðkomandi prófanir og sýnatökur úr eftirlitssjóði sem kveðið er á um í núgildandi 2. mgr. 11. gr. Tekið er fram í greininni að framleiðandi, þar sem greinst hefur smitefni, þarf sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst, enda er það í anda þess að þeir sem þarfnist nánara eftirlits, e.t.v. vegna verri aðstöðu eða verra heilbrigðis hjarðar, borgi þann kostnað sjálfir. Þannig ætti það að vera framleiðendum til hagsbóta að hafa ástand búa sinna með þeim hætti að ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna hjá þeim. Til að taka af öll tvímæli um það að um viðbótarsýnatökur og prófanir sé að ræða og til að undirstrika þá ábyrgð sem viðkomandi framleiðandi verður að axla vegna bús síns er kveðið á um það í greininni að beiðni um viðbótarsýnatökur skuli vera skrifleg. Slík skrifleg beiðni kemur einnig í veg fyrir að síðar meir geti komið til deilna um það hvers vegna sýnatakan fór fram.

Í samræmi við efni frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sérstakur sjóður í vörslu landbúnaðarráherra verði lagður niður en gjöldin renni þess í stað beint til embættis yfirdýralæknis sem framkvæmir eftirlitið til að standa straum af raunkostnaði við það.

Í 3. efnismgr. 1. gr. er heimild fyrir landbúnaðarráðherra að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins. Ekki er um breytingu á núverandi lagaumhverfi að ræða því að í núgildandi 3. mgr. 11. gr. er að finna svipaða heimild til handa ráðherra. Nýmælið sem hér er á ferðinni felst hins vegar í því að nánara orðalag um heimild til handa ráðherra til að kveða á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur ætti að taka af öll tvímæli um heimild ráðherra í þessu efni. Heimild ráðherra samkvæmt greininni er þó ávallt bundin við þá flokka eftirlits sem taldir eru upp í 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, en ráðherra er heimilað að skilgreina þá nánar og sundurgreina. Í lokamálslið 3. efnismgr. er síðan kveðið á um skyldu ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir eftirlitið sem byggjast skal á raunkostnaði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að binda í lög þá þætti sem heilbrigðiseftirlit eftirlitsdýralækna nær til. Einnig er frumvarpinu ætlað að skýra heimild landbúnaðarráðherra til reglugerðarsetningar um nánari framkvæmd eftirlitsins.

Frumvarpinu er enn fremur ætlað að breyta núverandi innheimtu á gjaldi vegna heilbrigðiseftirlits yfirdýralæknis með sláturafurðum. Eftirlitsgjaldið er nú innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, mismunandi eftir tegundum af innvegnu kjöti í sláturhús. Lagt er til að tekin verði upp gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneyti setur er taki mið af raunkostnaði við eftirlitið í stað fastrar krónutölu innvegins kjöts. Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum frá fjárlögum fyrir árið 2005, en sú áætlun miðast við 80 m.kr. heilbrigðiseftirlitsgjald sláturafurða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1085. Frumvarp til laga [727. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða eða fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sú breyting sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu á núverandi 1. gr. laga nr. 55/2002, um útflutning hrossa, felst í því að ákvæði um hámarksaldur hrossa sem leyfilegt er að flytja úr landi er fellt brott. Ákvæðið þykir ekki hafa neina þýðingu lengur í ljósi þess að ítarleg skoðun fer fram á öllum hrossum fyrir útflutning sem framkvæmd er af eftirlitsdýralækni. Líkamlegt ástand hrossa á að ráða því hvort það telst hæft til útflutnings en ekki aldur þess. Gert er ráð fyrir að það sé því alfarið á færi eiganda hrossins að ákveða hvort hann vilji flytja hrossið út þótt það sé eldra en 15 vetra ef það á annað borð uppfyllir önnur skilyrði sem lögin mæla fyrir um. Sú mismunun sem nú er í lögunum, þ.e. að heimilt sé að flytja úr landi merar sem eru eldri en 15 vetra en ekki geldinga, þykir ekki standast nánari skoðun þar sem ákvæðið um hámarksaldur útflutningshrossa var í upphafi sett út frá dýraverndarsjónarmiðum, þar sem ekki var talið réttlætanlegt að leggja langan flutning á gömul hross sem þá voru flutt sjóleiðis til meginlands Evrópu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að fella brott ákvæði um hámarksaldur geldhrossa sem leyfilegt er að flytja út.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1086. Beiðni um skýrslu [728. mál]

frá forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra.

Frá Helga Hjörvar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Einari Karli Haraldssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fátækt barna og hag þeirra. Í skýrslunni verði lagt mat á umfang, orsakir og afleiðingar fátæktar barna og hvernig hún hefur þróast síðastliðinn áratug.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve stór hluti barna á Íslandi býr við fátækt samkvæmt eftirfarandi mælikvörðum:
   a. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 40% meðaltekna,
   b. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 50% meðaltekna, sbr. skilgreiningu OECD,
   c. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 60% meðaltekna, sbr. viðmiðunarmörk Evrópusambandsins,
   d. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 70% meðaltekna?
2. Hve stór hluti barna á Íslandi býr á heimilum sem þiggja fjárhagsaðstoð? Gerður verði greinarmunur á þeim sem þegið hafa fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar og þeirra sem þegið hafa fjárhagsaðstoð í fimm mánuði eða lengur. Þá komi einnig fram hve mörg börn alast upp hjá örorkulífeyrisþegum er njóta fulltrar tekjurtryggingar.
3. Hvert er hlutfall barna sem búa annars vegar á heimilum sem teljast fátæk samkvæmt skilgreiningu OECD (lægri tekjur en 50% meðaltekna) og hins vegar á heimilum sem fá fjárhagsaðstoð, þegar litið er til eftirfarandi þátta:
   a. hjúskaparstöðu foreldra:
      1. einstætt foreldri,
      2. foreldri í sambúð eða hjónabandi,
   b. menntunar aðalframfæranda:
      1. grunnskólapróf eða samsvarandi,
      2. framhaldsskólamenntun,
      3. háskólamenntun,
   c. aldurs aðalframfæranda:
      1. yngri en 30 ára,
      2. 30–39 ára,
      3. 40 ára og eldri,
   d. fjölda barna á heimili:
      1. 1 barn,
      2. 2 börn,
      3. 3 börn,
      4. 4 börn,
      5. 5 börn eða fleiri,
   e. upprunalands aðalframfæranda:
      1. Ísland,
      2. önnur lönd?

4. Hvernig er tekjuöflun háttað hjá þeim hópum sem nefndir eru í 1. lið, hverjum fyrir sig, þ.e. er um að ræða launatekjur, atvinnuleysisbætur, örorkubætur, fjárhagsaðstoð, o.s.frv.?
5. Hvert er hlutfall barna sem búa á heimilum sem:
   a. þiggja fjárhagsaðstoð,
   b. eru fátæk,
   c. þiggja fjárhagsaðstoð og eru fátæk,
   d. hvorki þiggja fjárhagsaðstoð né eru fátæk?
   Miða skal við skilgreiningu OECD á fátækt (lægri tekjur en 50% meðaltekna).
6. Hvernig skiptist fátækt milli barna á landsvísu? Skiptir íbúafjöldi einhverju máli í því sambandi? Miða skal við skilgreiningu OECD á fátækt (lægri tekjur en 50% meðaltekna).
7. Hvernig skiptist hlutfall barnafjölskyldna sem fá fjárhagsaðstoð á landsvísu? Skiptir íbúafjöldi einhverju máli í því sambandi?
8. Hvaða áhrif hefur fátækt á andlega og líkamlega heilsu barna? Gerð verði grein fyrir rannsóknum á tengslum efnahags og heilsufars barna sem og helstu orsökum heilsubrests hjá börnum.
9. Hvaða tengsl eru milli efnahags barna og leikskólavistar, tómstundaiðkunar svo sem í heilsdagsskóla, þátttöku í tónlistarnámi, íþróttastarfsemi o.s.frv.? Leitað verði eftir upplýsingum um hvort merkjanleg breyting hafi orðið á hópi þátttakenda í þeim sveitarfélögum sem boðið hafa upp á endurgjaldslaust íþrótta-, tónlistar- og tómstundastarf.
10. Hver er staða okkar gagnvart öðrum Norðurlandaþjóðum? Er fátækt barna hér á landi algengari eða fátíðari? Hve miklu verjum við í krónutölu á íbúa í stuðning við barnafjölskyldur og hve miklu verja hinar Norðurlandaþjóðirnar?
11. Hver er opinber stuðningur við barnafjölskyldur (barnabætur og aðrar greiðslur) hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu í samanburði við önnur OECD-ríki?
12. Hafa verið gerðar rannsóknir á orsökum fátæktar barna og ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra?
13. Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um að draga úr fátækt barna?

Greinargerð.

Vaxandi misskipting í iðnríkjum hefur leitt til þess að stærri hluti barna elst upp við fátækt. Svo virðist sem draga megi úr fátækt meðal barna og neikvæðum afleiðingum hennar án þess að auka ríkisútgjöld. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á þessu mikilvæga efni í nágrannalöndum okkar og samanburðarlöndum innan OECD en samanburðarupplýsingar skortir fyrir Ísland. Forsenda þess að skapa megi jöfn tækifæri til allra í samfélaginu er að draga úr fátækt barna og er það því eitthvert brýnasta verkefni stjórnmálamanna. Þá valda endurteknar fréttir af slæmu heilsufari, einkum andlegu, meðal barna og unglinga áhyggjum og vert er að skoða efnalegar aðstæður þeirra með það í huga að fátækt er algeng orsök heilsubrests.

Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 18/1992, skal tryggja börnum borgaraleg, stjórnmálaleg, fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Í nýlegri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, *Child Poverty in Rich Countries 2005,* er fjallað um hagi barna í 24 aðildarlöndum Efnahags- og framfararstofnunarinnar, OECD. Þar kemur fram að í sautján þessara landa hafi hlutfall barna sem búa undir fátæktarmörkum hækkað síðasta áratuginn. Fram kemur einnig að fátækt barna er minnst

meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndunum. Ekki eru birtar sambærilegar tölur fyrir Ísland.

Annars staðar á Norðurlöndunum hafa verið gerðar skýrslur um fátækt barna sem rétt er að hafa til hliðsjónar, sbr. dönsku skýrslurnar *Børnefattigdom i danske kommuner 1984–2001* (Soacialforskningsinstituttet 2003) og *Børnefattigdom i Danmark 2002* (Soacialforskningsinstituttet 2004), norsku skýrsluna *Fattige barn i Norge*. Hvem er de og hvor bor de? (Fafo 2004) og sænsku skýrsluna *Barns ekonomiska utsatthet* (Rädda Barnen, 2003). Þá benda flutningsmenn einnig á danska skýrslu sem gerð hefur verið um fátækt og félagslega einangrun, *Fattigdom og social eksklusion* (Soacialforskningsinstituttet 2004).

Eina rannsóknin sem gerð hefur verið á fátækt almennt og fátækt barna sérstaklega hér á landi og byggist á svipaðri aðferð og notuð er hjá UNICEF og OECD er rannsókn Stefáns Ólafssonar og Karls Sigurðssonar og var hún birt í bókinni *Poverty and Low Income in the Nordic Countries*, í ritstjórn Björn Gustafsson og Peder J. Pedersen (Aldershot: Ashgate Publishers, 2000), sjá einnig bók Stefáns Ólafssonar (1999), *Íslenska leiðin*, en þar er umfjöllun um fátækt og lífskjör í fjölþjóðlegum samanburði. Í þessum verkum eru vísbendingar um að fátækt meðal barna sé ívið algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum og að fátækt barna einstæðra foreldra sé mun algengari en barna sem alast upp hjá fjölskyldum með tvær fyrirvinnur. Rannsókn Hörpu Njáls (*Fátækt á Íslandi*, 2003) byggist á annarri aðferð en notuð er hjá UNICEF og OECD. Mikilvægt er að fá nýrri tölur sem eru sambærilegar við nýjustu tölur áðurnefndra fjölþjóðastofnana og einnig til að meta þróun fátæktar meðal barna á Íslandi hin síðari ár og áhrif hennar á heilsufar og félagslega og menningarlega stöðu.

1087. Tillaga til þingsályktunar [729. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um sölu Landssímans.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla um áformaða einkavæðingu og sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands. Kjósendur geti valið milli tveggja kosta:

a. Núverandi áforma um sölu á hlut ríkisins í Landssímanum til einkaaðila.
b. Að hætt verði við einkavæðingu og sölu Landssímans.

Alþingi ályktar að stöðva skuli vinnu að sölu Landssímans þar til niðurstaða atkvæðagreiðslunnar liggur fyrir. Atkvæðagreiðslan fari fram í síðasta lagi samhliða kosningum um sameiningu sveitarfélaga á komandi hausti.

Dómsmálaráðherra setji nánari reglur um atkvæðagreiðsluna í samráði við allsherjarnefnd, samgöngunefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Greinargerð.

Með lögum nr. 75/2001 var sala á öllu hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. heimiluð en sú heimild hefur ekki verið nýtt að neinu marki enn sem komið er. Þar af leiðandi eru enn fyrir hendi öll nauðsynleg skilyrði til að endurskoða söluáformin og búa þannig um rekstur Landssímans til framtíðar að hann geti haldið áfram að veita öllum landsmönnum góða fjarskiptaþjónustu og stuðla að sem jafnastri stöðu allra byggðarlaga á því sviði.

Fjölmargar ástæður renna stoðum undir þá hugmynd að frekari framvinda málsins verði ráðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sem allir atkvæðisbærir landsmenn geti tekið þátt í. Landssíminn er að nær öllu leyti í sameign allra landsmanna þar eð hið opinbera fer með 98% hlutafjár í fyrirtækinu. Sala Símans yrði stærsta einstaka einkavæðing sem orðið hefur í almannaþjónustu á Íslandi, hún er að öllum líkindum óafturkræf og mundi án efa setja framtíðarfyrirkomulag fjarskiptaþjónustu á stórum svæðum landsins í mikla óvissu. Við blasir samruni fjarskiptafyrirtækja og fjölmiðla hér á landi svo búast má við því að hefðbundin fjarskiptaþjónusta við almenning verði ekki forgangsmál hjá slíkum samsteypum.

Mörgum spurningum er ósvarað varðandi það hvernig fara skuli með grunnfjarskiptakerfi Símans, svokallað grunnnet, sem ætlunin er að selja með fyrirtækinu. Þeim hefur verið drepið á dreif með því að það sé tæknilega ómögulegt að ákvarða hversu stór hluti gagnaflutningskerfis Landssímans skuli teljast til grunnnetsins enda er það verkefni sem stjórnmálamenn verða að takast á við. Skilgreining á grunnnetinu er með öðrum orðum pólitísk en ekki tæknileg.

Fyrirhuguð sala Landssímans er afar umdeild í þjóðfélaginu svo vægt sé til orða tekið. Skoðanakannanir hafa hvað eftir annað sýnt að meiri hluti landsmanna er andvígur sölu Símans með grunnnetinu. Þannig lýsti 61% svarenda andstöðu við söluna í Gallup-könnun í mars árið 2002. Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði í febrúar 2005 kváðust rúm 70% þeirra sem afstöðu tóku andvíg sölu grunnnetsins. Ekki var mikill munur á afstöðu fólks eftir því hvort það var búsett á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni; 68% höfuðborgarbúa voru andvíg sölunni en 75% landsbyggðarfólks. Í þjóðarpúlsi Gallup, sem kynntur var í mars 2005, var meiri hluti aðspurðra andvígur sölu Símans. Greinilegt er að meiri hluti landsmanna er á móti því að Landssíminn verði seldur og mikill meiri hluti er andvígur sölu grunnfjarskiptakerfisins. Einkavæðingarnefnd vinnur því að sölu fyrirtækisins á vegum ríkisstjórnarinnar í óþökk meiri hluta kjósenda. Þar af leiðandi þykir rétt að um málið fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla þannig að vilji þjóðarinnar komi afdráttarlaust fram og ríkisstjórnin verði bundin af honum.

1088. Fyrirspurn [730. mál]

til félagsmálaráðherra um skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga.

Frá Gunnari Birgissyni.

Er skylt samkvæmt sveitarstjórnarlögum að sýna skuldbindingar (eignar- eða rekstrarleigu) vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga? Ef ekki, hver er þá ástæða þess?

1089. Svar [490. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattgreiðslur fjármálafyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir voru álagðir skattar (tekjuskattur og eignarskattur) banka á árunum 2003 og 2004? Hver var hagnaður, skattskyldar tekjur, yfirfæranlegt tap í árslok og úthlutaður arður vegna sömu tekjuára (2002 og 2003)?*
2. *Hverjar eru með sama hætti umbeðnar upplýsingar fyrir önnur fjármálafyrirtæki svo sem sparisjóði, verðbréfafyrirtæki, tryggingafélög og önnur fyrirtæki sem veita fjármálaþjónustu, flokkað eftir tegund þjónustunnar?*
3. *Hvað leiddi yfirfæranlegt tap til mikillar lækkunar á skattstofni framangreindra fyrirtækja og hverjar hefðu skattgreiðslurnar orðið án þessarar lækkunar á tekjuskattsstofni?*

Framangreindar upplýsingar óskast aðgreindar í hverjum flokki eftir því hvort viðkomandi félög sýndu rekstrarlegan hagnað árunum 2002 og 2003 eða ekki.

Eftirfarandi upplýsingar sýna skattstofna og álögð gjöld lögaðila sem skráðir eru hjá fyrirtækjaskrá sem fjármálaþjónusta, vátryggingastarfsemi eða lífeyrissjóðir samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, Ísat-95.

Svar við 1. lið fyrirspurnarinnar kemur fram í eftirfarandi töflu.

Peningastofnanir og fjármálaþjónusta (rekstur banka og sparisjóða, fjárfestingarlánasjóðir, verðbréfasjóðir og önnur ótalin fjármálaþjónusta).

Álagður tekjuskattur		*Skattskyldar tekjur*	
2003	1.221 millj. kr.	2003	12.171 millj. kr.
2004	1.598 millj. kr.	2004	8.729 millj. kr.
Álagðir eignarskattar		*Yfirfæranlegt tap í árslok*	
2003	124 millj. kr.	2002	11.544 millj. kr.
2004	155 millj. kr.	2003	12.746 millj. kr.
Hagnaður fyrir yfirfæranlegt tap		*Úthlutaður arður*	
2003	19.720 millj. kr.	2003	1.580 millj. kr.
2004	11.915 millj. kr.	2004	3.439 millj. kr.

Svar við 2. lið fyrirspurnarinnar kemur fram í eftirfarandi töflum.

Starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða.

Álagður tekjuskattur		*Skattskyldar tekjur*	
2003	88 millj. kr.	2003	488 millj. kr.
2004	385 millj. kr.	2004	2.140 millj. kr.
Álagður eignarskattur		*Yfirfæranlegt tap í árslok*	
2003	16 millj. kr.	2002	643 millj. kr.
2004	21 millj. kr.	2003	563 millj. kr.
Hagnaður fyrir yfirfæranlegt tap		*Úthlutaður arður*	
2003	705 millj. kr.	2003	191 millj. kr.
2004	2.295 millj. kr.	2004	328 millj. kr.

Starfsemi tengd fjármálaþjónustu (verðbréfamiðlun, starfsemi tengd vátryggingafélögum og lífeyrissjóðum, kauphallarstarfsemi og önnur ótalin starfsemi tengd fjármálaþjónustu).

Álagður tekjuskattur		*Skattskyldar tekjur*	
2003	60 millj. kr.	2003	328 millj. kr.
2004	95 millj. kr.	2004	514 millj. kr.
Álagðir eignarskattar		*Yfirfæranlegt tap í árslok*	
2003	2 millj. kr.	2002	535 millj. kr.
2004	9 millj. kr.	2003	588 millj. kr.
Hagnaður fyrir yfirfæranlegt tap		*Úthlutaður arður*	
2003	571 millj. kr.	2003	54 millj. kr.
2004	756 millj. kr.	2004	107 millj. kr.

Svar við 3. lið fyrirspurnarinnar kemur fram í eftirfarandi töflum.

Peningastofnanir, fjármálaþjónusta.

Lækkun á skattstofni vegna yfirfæranlegs taps		*Áætluð skattaleg áhrif tapsins*	
2003	-7.549 millj. kr.	2003	-1.378 millj. kr.
2004	-3.185 millj. kr.	2004	-583 millj. kr.

Starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða.

Lækkun á skattstofni vegna yfirfæranlegs taps		*Áætluð skattaleg áhrif tapsins*	
2003	-217 millj. kr.	2003	-39 millj. kr.
2004	-154 millj. kr.	2004	-28 millj. kr.

Starfsemi tengd fjármálaþjónustu.

Lækkun á skattstofni vegna yfirfæranlegs taps		*Áætluð skattaleg áhrif tapsins*	
2003	-243 millj. kr.	2003	-44 millj. kr.
2004	-242 millj. kr.	2004	-45 millj. kr.

1090. Fyrirspurn [731. mál]

til umhverfisráðherra um kadmínmengun í Arnarfirði.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna ástæður og útbreiðslu kadmínmengunar í Arnarfirði?
2. Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir frekari rannsóknum á þessari mengun?

1091. Svar [658. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Gini-stuðul fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefði Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, ásamt fjármagnstekjum, verið árið 2003, miðað við óbreyttar tekjur og óbreytt vinnuframboð:

a. *ef nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar sem koma eiga til framkvæmda á kjörtímabilinu hefðu verið í gildi árið 2003,*
b. *ef jafnmiklum fjármunum og áætlað er að fari í nýsamþykktar tekjuskattsbreytingar hefði verið varið til að hækka persónuafslátt?*

Í svari við fyrirspurn í janúar sl. um Gini-stuðul fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks fylgdi útreikningur fyrir árin 1995–2003. Sá útreikningur er í samræmi við það sem Þjóðhagsstofnun hafði áður reiknað á grundvelli sögulegra gagna. Lítil óvissa er tengd slíkum útreikningum. Jafnframt er slíkur útreikningur í samræmi við viðteknar alþjóðlegar mælingar.

Nú er beðið um mat á tekjudreifingu á grundvelli tilbúinna dæma um skattabreytingar sem er verulegt frávik frá mælingum á grundvelli raunverulegra hagstærða. Þá eru ýmsar afmarkandi forsendur gefnar í þeim tilgangi að einfalda útreikningana, en sem gera þá um leið mun óraunhæfari. Beðið er um útreikinga á grundvelli þess að allar skattabreytingar eigi sér stað á einu ári og að miðað sé við að tekjur og vinnuframboð haldist óbreytt. Viðbúið er að niðurstöðurnar verði ekki raunhæfar. Þar kemur tvennt til. Ekki er tekið tillit til áhrifa af hækkun persónuafsláttar eða lækkun tekjuskatts á vinnuframboð og þar af leiðandi á ráðstöfunartekjurnar og sparnað heimilanna sem hefur síðan varanleg áhrif á fjármagnstekjur. Að auki er viðbúið að áhrif svo veigamikilla breytinga komi fram á mörgum árum. Þá fylgir slíkum útreikningum mikil óvissa. Jafnvel þótt mikil vinna væri lögð í þá yrði erfitt að eyða þeirri óvissu.

Með hliðsjón af fyrrgreindu telur ráðuneytið ekki gerlegt að veita frekara svar við fyrirspurninni.

1092. Svar [633. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um greiðslur til ríkisins frá Landssímanum.

1. *Hverjar eru heildargreiðslur Landssíma Íslands hf., áður Pósts og síma hf., áður Pósts og síma, til ríkissjóðs á arði eða skil á hagnaði eða aðrar greiðslur til ríkisins sem eiganda frá upphafi til og með þeim arðgreiðslum sem ákveðnar hafa verið á yfirstandandi ári að ósk ríkisins, uppfært til núgildandi verðlags og sundurliðað eftir árum?*

Fjármálaráðuneytið hefur kannað greiðslur frá Landssímanum hf. og forverum hans til ríkissjóðs. Eftir því sem næst verður komist var enginn arður greiddur fyrr en frá og með árinu 1989. Í meðfylgjandi töflu koma fram arðgreiðslur frá þeim tíma, samtals að fjárhæð 20,1 milljarður kr. Á verðlagi mars 2005 nema þær 23,9 milljörðum kr.

Arðgreiðslur hafa verið óverulegar þar til fyrir þremur árum. Í tengslum við fyrirhugaða sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands var skoðað hvort breyta mætti fjárhagsskipan fyrirtækisins þannig að heildarandvirði það sem ríkissjóður fengi fyrir eign sína ykist án þess að rekstrarhæfi fyrirtækisins skertist. Ákveðið var að lækka eiginfjárhlutfallið með sérstaklega hárri arðgreiðslu á árinu 2005, eða 6,3 milljörðum kr., eins og fram kemur í töflunni.

Ár	Arðgreiðsla í ríkissjóð	Vísitala neysluverðs	Arður á verðlagi mars 2005
2005	6.330	241,5	6.330
2004	2.085	234,6	2.146
2003	2.087	227,3	2.146
2002	835	222,6	906
2001	565	212,4	642
2000	565	199,1	685
1999	565	189,6	720
1998	595	183,3	784
1997	860	180,3	1.152
1996	860	177,1	1.173
1995	860	173,2	1.199
1994	850	170,3	1.205
1993	820	167,8	1.180
1992	940	161,2	1.408
1991	550	155,4	855
1990	500	145,5	830
1989	250	126,7	477
Samtals	**20.117**		**23.839**
Meðaltal frá 1989			1.402

2. *Hver er meðaltalsársupphæð viðkomandi greiðslutímabils og hve mörg ár er sú upphæð að skila ígildi söluandvirðis Símans ef miðað er við 40 milljarða kr.?*

Meðaltalsarðgreiðsla sl. 17 ára, eða frá árinu 1989, nemur 1,4 milljörðum kr. Sú fjárhæð yrði 28½ ár að ná 40 milljörðum kr.

1093. Lög [362. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 1038.

1094. Frumvarp til laga [732. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla. Meðafli reiknast þó til aflamarks viðkomandi fiskiskips, en ráðherra setur reglur um hvernig móttakandi afla eða vigtarleyfishafi skuli standa að sýnatöku og útreikningi meðafla við löndun á uppsjávarfiski. Komi til gjaldtöku á grundvelli laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, vegna fisktegunda sem veiðast sem meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal gjaldið þó aldrei vera lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Útgerð og skipstjóra fiskiskips er skylt að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla. Fiskistofa skal fylgjast með nýtingu fiskiskipa á aflaheimildum. Bendi upplýsingar Fiskistofu til að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund skal Fiskistofa tilkynna það útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með símskeyti og jafnframt að skipið sé svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Telji móttakandi tilkynningar að upplýsingar Fiskistofu um afla skips séu rangar og að skipið hafi ekki veitt umfram aflaheimildir skal hann innan þriggja virkra daga koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa getur veitt lengri frest til athugasemda ef ástæða er til að ætla að skráning afla eða aflaheimilda sé röng. Óheimilt er að stunda veiðar í atvinnuskyni eftir að símskeyti hefur borist móttakanda nema að fenginni staðfestingu Fiskistofu. Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju. Útgerð viðkomandi skips skal bera kostnað af símskeytum og öðrum tilkynningum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eftir nánari reglum sem ráðherra setur og er heimilt að bæta þeim kostnaði við gjald sem greitt er fyrir tilkynningu um flutning aflamarks til viðkomandi skips, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Heimilt er Fiskistofu að fallast á að tilkynningar samkvæmt þessari grein fari fram með öðrum sannanlegum hætti en símskeyti, enda hafi útgerðir lagt fram tillögur um slíka framkvæmd sem Fiskistofa metur fullnægjandi. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. júní 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að heimilt verði að meta meðafla við veiðar á uppsjávarfiski til aflamarks fiskiskipa með ákveðnum hætti og hins vegar að gerðar verði nokkrar breytingar á framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir. Breyt-

ingartillögur um hvernig meðafli skuli metinn til aflamarks má rekja til tillagna frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og umgengnisnefnd. Breytingartillögur um framkvæmd leyfissviptinga verða að mestu raktar til starfs nefndar sem vinnur að úttekt á starfsumhverfi í sjávarútvegi, en hún lagði til að skoðað yrði hvernig einfalda mætti með hvað hætti Fiskistofa tilkynnti útgerðum um veiðar umfram veiðiheimildir auk þess sem útgerðum yrði gert skylt að greiða slíkan kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum er það meginregla að flokka beri afla um borð í fiskiskipum og landa honum þannig og vigta hverja tegund sérstaklega. Þessi meginregla byggist á því að ella yrði allt eftirlit með nýtingu aflaheimilda óframkvæmanlegt auk þess sem hún stuðlar að betri meðferð og nýtingu aflans. Við veiðar á uppsjávarfiski geta komið upp þær aðstæður að meðafla gætir í mismiklum mæli. Gerist það helst þegar veiðar á uppsjávarfiski ganga verr vegna þess að fiskurinn er dreifður og togtími því langur. Reynt hefur verið að koma í veg fyrir meðafla með eftirliti og lokunum veiðisvæða. Auk þess eru hafnar tilraunir með skiljur í flotvörpum sem skilja eiga úr lifandi meðafla. Þó er ljóst að mjög vafasamt er að slíkar skiljur í veiðarfærum útiloki allan meðafla, einkum smærri fisk.

Á síðustu kolmunnavertíð jókst meðafli nokkuð og leiddi það til aukinnar umræðu um hvernig með skyldi fara. Er sú tillaga sem hér er lögð fram niðurstaða þeirrar umræðu. Þess skal getið að Fiskistofa hefur í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina fylgst vel með löndunum á uppsjávarfiski og liggja fyrir upplýsingar um meðafla tvö síðustu ár.

Ástæður þess að lagt er til að horfið verði frá því að krefjast þess að meðafli sé flokkaður skilyrðislaust frá við veiðar á uppsjávarfiski eru fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi er ljóst að mörg skipanna er vanbúin til að hirða þennan fisk, halda honum aðskildum frá öðrum afla og ganga þannig frá honum að hann nýtist til manneldis. Í öðru lagi liggur fyrir að stundum er sá fiskur sem fæst sem meðafli litlu eða engu verðmætari en bræðsluafli bæði vegna lítilla gæða og smæðar. Því er lagt til að tekin verði upp aðferð til þess að meta meðafla með nákvæmum hætti og reikna hann til aflamarks viðkomandi fiskiskips. Með því vinnst það að nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um magn meðafla sem reiknast til aflamarks veiðiskipsins og mun það hafa það í för með sér að skipstjórar munu forðast meðafla eða taka þann kostinn að skilja hann frá öðrum afla og nýta hann á sem arðbærastan hátt.

Í lok greinarinnar segir að leiði veiðar á meðafla í einhverri tegund til þess að skip fari yfir heimildir sínar í viðkomandi tegund skuli til gjaldtöku koma á grundvelli laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum. Er það í samræmi við gildandi lög og framkvæmd en hins vegar er ákveðið að gjaldið skuli aldrei fara undir ákveðið viðmiðunargjald sem er lagt til að verði aldrei lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku. Ástæða þess að lagt er til að lágmarksverð verði tekið upp hér er eingöngu sú að í lögum nr. 37/1992 segir að gjald vegna umframafla skuli miðast við raunvirði en eins og áður segir getur meðafli haft sama raunvirði og bræðsluafli og ef gjaldtakan miðast við bræðsluvirði væri það aðhald sem reynt er að fá með þessari lagabreytingu haldlítið.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á 1. mgr. 14. gr. laganna sem lýtur að eftirliti með nýtingu aflaheimilda og viðbrögðum Fiskistofu við því þegar veitt er umfram aflaheimildir skips. Breytingar sem í þessari grein felast eru eftirfarandi:

1. Áréttuð er skylda útgerðar og skipstjóra til að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla en ekkert ótvírætt ákvæði hefur verið í lögunum þess efnis. Nokkur brögð hafa verið að því að útgerðarmenn hafi borið fyrir sig að þeir hefðu ekki vitneskju um aflamarksstöðu skipa sinna eða að skip þeirra væri í jákvæðri stöðu í skráningarkerfi Fiskistofu, jafnvel þótt fyrir lægi að skip þeirra hefðu landað afla sem ekki hefði verið skráður inn í kerfi Fiskistofu. Þykir ástæða til að skerpa á þessu atriði og auka ábyrgð útgerðar og skipstjóra til að fylgjast með í þessu efni.
2. Kveðið er skýrt á um það að eftir að Fiskistofa hefur sent hlutaðeigandi tilkynningu um að skip sé komið yfir aflaheimildir er óheimilt að stunda veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest annað. Í gildandi ákvæði segir að skipi sé eigi heimilt að stunda veiðar að liðnum þeim fjögurra daga fresti sem útgerðum er veittur til að laga aflamarksstöðu skipa sinna, en nauðsynlegt þykir að ótvírætt sé að skylt sé að stöðva veiðar þegar tilkynning berst um að veitt hafi verið umfram aflaheimildir. Heimilt er síðan að hefja veiðar aftur þegar aflamarksstaða skips hefur verið lagfærð.
3. Þá er gert ráð fyrir að útgerðir beri kostnað af þeim símskeytum sem Fiskistofa sendir til að vara útgerðir og skipstjóra við því að skip þeirra hafi veitt umfram aflaheimildir. Fiskistofa hefur haft verulegan kostnað af slíkum skeytasendingum. Hins vegar er uppistaða skeytanna send tiltölulega fáum aðilum og virðist sem sumir þeirra bregðist ekki við fyrr en að fengnu skeyti Fiskistofu. Þykir rétt að útgerðir beri sjálfar þann kostnað enda er þeim skylt að tryggja að nægar aflaheimildir séu á skipum sínum. Er gert ráð fyrir að þessi kostnaður verði að jafnaði innheimtur samhliða þeim kostnaði sem greiddur er vegna flutnings aflamarks milli skipa.
4. Að lokum er hér lagt til að hægt verði að tilkynna útgerðum um umframveiði með öðrum hætti en símskeytum. Hins vegar þarf að vera ljóst fyrir fram hvernig það verði gert svo að ekki komi upp vafi eftir á um það hvað Fiskistofu og viðkomandi útgerð hefur farið á milli. Þykir því rétt að útgerðir geri tillögur til Fiskistofu um hvernig staðið verði að slíkum tilkynningum. Ef Fiskistofa getur fallist á það fyrirkomulag þá verði að þeim tillögum farið. Ljóst er að ef unnt er að koma slíkum tilkynningum í öruggan farveg mætti spara nokkurn kostnað.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að meta meðafla við veiðar á uppsjávarfiski til aflamarks fiskiskipa með hagkvæmari og nákvæmari hætti en áður og hins vegar að gerðar verði nokkrar breytingar á framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir. Á árinu 2004 bar Fiskistofa 6,3 m.kr. kostnað af skeytasendingum til þeirra skipa sem veitt hafa umfram aflaheimildir. Verði frumvarpið að lögum mun sá kostnaður færast yfir á út-

gerðir viðkomandi skips skv. 2. gr. frumvarpsins og innheimtast á sama hátt og gjald fyrir flutning aflamarks.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

1095. Fyrirspurn [733. mál]

til landbúnaðarráðherra um stuðning við búvöruframleiðslu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvert er viðhorf ráðherra til þess að bændur skuli telja hagkvæmt að standa utan styrkjakerfis landbúnaðarins og framleiða osta fyrir innanlandsmarkað?
2. Hyggst ráðherra setja eitthvert hámark á beingreiðslur til einstakra mjólkurframleiðenda?

1096. Fyrirspurn [734. mál]

til félagsmálaráðherra um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda.

Frá Gunnari Birgissyni.

Hverjar voru skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda (eignar- eða rekstrarleigu) á núvirði um síðustu áramót, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

1097. Frumvarp til laga [735. mál]

um skipan ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og mannlífi. Þjóðhagsleg hagkvæmni, menning þjóðarinnar, umhverfisvernd, fagmennska og neytendavernd verði höfð að leiðarljósi.

2. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Ferðamálastofa fer með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum þessum og eins og henni er falið með öðrum lögum.

Samgönguráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

4. gr.

Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:

1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt.
2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf.
3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Ferðamálastofu og einstök verkefni hennar.

Ferðamálastofu er heimilt með samþykki ráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni og vera aðili að samstarfsverkefnum, þar á meðal eiga eignarhluta í fyrirtækjum sem starfa á ákveðnum sviðum.

5. gr.

Ráðherra skipar ferðamálaráð. Í ferðamálaráði skulu eiga sæti átta fulltrúar. Skulu formaður og varaformaður skipaðir af ráðherra án tilnefningar en aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna: Samtaka ferðaþjónustunnar sem tilnefna þrjá fulltrúa, Ferðamálasamtaka Íslands sem tilnefna tvo fulltrúa og Útflutningsráðs Íslands sem tilnefnir einn. Skipunartími ferðamálaráðs skal vera fjögur ár en skipunartími formanns og varaformanns skal þó takmarkaður við embættistíma ráðherra.

Ferðamálastjóri og fulltrúi ráðuneytisins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Ferðamálaráð gerir, árlega eða oftar, tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustunnar. Jafnframt skal ferðamálaráð vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum. Ferðamálaráð skal veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað sem ráðherra felur því eða ráðið telur ástæðu til að taka upp í þágu ferðaþjónustunnar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi ferðamálaráðs.

II. KAFLI
Orðskýringar.

7. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Ferðaskipuleggjandi* merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili sem, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, setur sam-

an, býður fram og selur í atvinnuskyni eftirfarandi ferðatengda þjónustu fyrir almenning:
a. Skipulagningu og sölu ferða til hópa og einstaklinga og skipulagningu á ferðum, dvöl, afþreyingu og frístundaiðju, innan lands og erlendis.
b. Skipulagningu funda, sýninga og ráðstefna og hvers kyns þjónustu því tengda, innan lands sem utan.
c. Hvers konar umboðs- og endursölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
d. Afþreyingu, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.
e. Ferðir og veitingar sem hluta af veittri þjónustu.

2. *Ferðaskrifstofa* merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, sem setur saman, býður fram og selur alferðir í atvinnuskyni, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, innan lands eða erlendis.

   Ferðaskrifstofa getur jafnframt haft með höndum og veitt alla þá ferðatengdu þjónustu sem ferðaskipuleggjandi gerir, hvort sem hún er veitt í formi alferða eða ekki.

   Hugtakið ferðaskrifstofa nær til bæði ferðaheildsala og ferðasmásala samkvæmt lögum nr. 80/1994, um alferðir.
3. *Bókunarþjónusta* merkir í lögum þessum starfræksla hvers kyns bókunarþjónustu til almennings, fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, hvort sem er innan lands eða erlendis, þar með talin rafræn bókunarþjónusta.
4. *Upplýsingamiðstöð* merkir í lögum þessum aðili sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðstöð hvorki setur saman, býður til sölu eða auglýsir ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi.
5. *Alferð* merkir í lögum þessum fyrirframákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirtalinna atriða: flutnings, gistingar, og/eða annarrar þjónustu við viðskiptavin sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tengd ferðinni tekur til a.m.k. 24 klst. eða í henni er falin gisting. Það telst alferð þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir hvern hluta ferðar og greitt sé fyrir ferð í hlutum.
6. *Leyfisskyld starfsemi* er öll starfsemi og þjónusta ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu sem fellur undir skilgreiningu laganna, hvort sem hún er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.
7. *Skráningarskyld starfsemi* samkvæmt lögum þessum er öll starfsemi bókunarþjónustu og upplýsingamiðstöðva, hvort sem starfsemin er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.
8. *Viðskiptavinur* samkvæmt lögum þessum getur verið hvort sem er einstaklingur, fyrirtæki, félag eða stofnun.

III. KAFLI
Ferðaskipuleggjanda- og ferðaskrifstofuleyfi.

8. gr.

Hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa skal hafa til þess leyfi Ferðamálastofu. Leyfisbréf skal gefið út af Ferðamálastofu og skal leyfishafi hafa það sýnilegt fyrir viðskiptavini á starfsstöð sinni.

Ferðamálastofa skal eiga myndrænt auðkenni sem leyfishafi fær heimild til að nota við útgáfu leyfis. Auðkenni þetta skal leyfishafi nota í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á heimasíðu sinni.

Leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu er ótímabundið.

Þeim einum er heimilt að hafa orðið ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa í nafni starfsemi sinnar sem hlotið hefur leyfi samkvæmt lögum þessum.

Starfsemi ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði ef þjónusta er einungis rekin á rafrænan hátt og skal leyfishafi uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um það sem koma skal fram á heimasíðu.

Heimilt er að reka útibú frá ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu á grundvelli leyfisins og skal forsvarsmaður útibús einnig fullnægja skilyrðum 9. gr.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni. Jafnframt skal auglýsa á heimasíðu brottfall leyfa.

9. gr.

Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu til Ferðamálastofu að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast.

Til að öðlast leyfi þarf umsækjandi eða forsvarsmaður umsækjanda, ef hann er lögaðili, að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. hafa búsetu á Íslandi,
b. hafa náð 20 ára aldri,
c. vera lögráða og hafa ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld né lögum þessum,
d. hafa forræði á búi sínu,
e. hafa ekki verið sviptur ferðaskipuleggjanda- eða ferðaskrifstofuleyfi á síðustu þremur árum frá umsókn.

Staðfestingu á tryggingu skv. V. kafla skal leggja fram áður en starfsleyfi til reksturs ferðaskrifstofu er veitt.

Í umsókn um leyfi skal koma fram heiti ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu og skal geta um öll hjáheiti sem aðili hyggst nota í starfsemi sinni. Óheimilt er að reka starfsemina undir öðrum heitum en þeim sem leyfi hljóðar um.

Heimilt er að bæta hjáheitum við þegar fengið leyfi með sérstakri umsókn frá leyfishafa til Ferðamálastofu sem þá skal gefa út nýtt leyfisbréf, án gjalds.

Erlendur ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa sem hyggst opna starfsstöð á Íslandi skal sækja um leyfi og leggja fram skírteini um tryggingu eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Leyfishafa er heimilt að leggja leyfið inn til Ferðamálastofu en ferðaskrifstofu er óheimilt að segja upp tryggingu sinni samkvæmt lögum þessum fyrr en að fenginni staðfestingu Ferðamálastofu á innlögn leyfisins.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi og framkvæmd leyfisveitinga.

IV. KAFLI
Skráningarskyld starfsemi.

11. gr.

Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem er skráningarskyld samkvæmt lögum þessum skal senda skriflega tilkynningu þess efnis til Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa gefur út skírteini til staðfestingar á að starfsemi hafi verið tilkynnt og uppfylli ákvæði laga þessara um tilkynningarskyldu.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir skráningarskylda aðila sem tilkynnt hafa um starfsemi og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni.

12. gr.

Þeim einum er heimilt að nota heitin bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöð í nafni starfsemi er undir þessi lög fellur sem hefur fengið útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum.

Skráðir aðilar hafa heimild til að nota myndrænt auðkenni Ferðamálastofu.

Upplýsingamiðstöðvar sem njóta opinbers fjárstuðnings skulu halda þeim þætti starfseminnar fjárhagslega aðskildum frá öðrum þáttum starfseminnar, svo sem bókunarþjónustu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um bókhald og fjárhagslegan aðskilnað þjónustu sem nýtur opinbers fjárstuðnings og annars reksturs.

13. gr.

Í tilkynningu til Ferðamálastofu um skráningarskylda starfsemi skal koma fram eftirfarandi eftir því sem við á:

a. Nafn starfseminnar, kennitala, heimili, símanúmer og netfang.
b. Nafn og kennitala forráðamanns.
c. Rekstrarfyrirkomulag.
d. Ítarleg lýsing á starfsemi.
e. Hvort og þá hvaða opinberra styrkja starfsemin nýtur.
f. Opnunartími starfsstöðvar.

Ferðamálastofu er heimilt að fella skráðan aðila af skrá ef hinni skráðu starfsemi hefur verið hætt eða starfsemi er útvíkkuð þannig að hún falli undir skilgreiningu á ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu. Ferðamálastofa úrskurðar ef ágreiningur rís um til hvaða flokks starfsemi heyrir.

V. KAFLI
Tryggingarskylda vegna alferða.

14. gr.

Tryggingarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er sala alferða.

Ferðaskrifstofa skal hafa tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavinar úr alferð, hvort sem hann er innan lands eða erlendis, komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu. Trygging skal einnig ná til þess að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflega áætlun hennar.

Trygging skv. 1. mgr. getur verið:

a. Fé sem lagt er inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu, sbr. 17. gr.
b. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða vátrygging hjá vátryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeir skulu jafnframt leggja fram

yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar sé í samræmi við lög þessi.

c. Önnur trygging sem Ferðamálastofa metur sambærilega. Leggja skal fram yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð slíkrar tryggingar sé í samræmi við lög þessi.

15. gr.

Trygging skv. 14. gr. skal gilda á meðan leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er í gildi. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánuði eftir brottfall leyfis skv. 21. gr. eða eftir að starfsemi er hætt.

16. gr.

Þeim viðskiptavinum ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptvinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrirframákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé kleift að ljúka ferð sinni. Ekki er hins vegar skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrirframákveðinnar alferðar.

Viðskiptavinur sem hefur greitt inn á alferð hjá ferðaskrifstofu skal fá endurgreitt það fé sem hann hefur greitt, hvort sem endanlegur samningur um alferðina hefur komist á eða ekki, enda leggi hann fram fullnægjandi sönnunargögn um innáborgunina.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa þegar greitt.

Hafi tryggingarfé verið notað til að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar um heimflutning farþega er að ræða fyrir milligöngu Ferðamálastofu vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu, áður en alferð er lokið, skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofu en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.

17. gr.

Fjárhæð tryggingar skv. 14. gr. skal ákvörðuð samkvæmt einum eftirfarandi liða og skal sú niðurstaða gilda sem gefur hæsta tryggingu:

a. 60% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð,
b. 35% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða
c. 15% af heildarveltu á ári.

Trygging skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 1 millj. kr.

Samgönguráðherra skal setja reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að aðskilja sölu alferða frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýsingar við mat á tryggingarfjárhæð liggi fyrir.

Ferðamálastofu er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

18. gr.

Til að unnt sé að meta upphæð tryggingar skal umsækjandi um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu leggja fram með umsókn ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætluninni skal vera skipt á mánuði og áætluð tryggingarskyld

velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að hún sé rétt miðað við gefnar forsendur.

Ferðamálastofa leggur mat á forsendur áætlunarinnar og er heimilt að óska eftir samningum og öðrum frekari gögnum sem stofnunin telur nauðsynleg til mats á áætluninni. Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en áður skal leita umsagnar löggilts endurskoðanda.

Ferðaskrifstofur skulu fyrir 30. apríl ár hvert senda Ferðamálastofu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 17. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfsárinu. Ferðamálastofa tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga um hvort þörf sé á breytingu á tryggingarfjárhæð að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda.

Ferðamálastofu er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum sem renna til Ferðamálastofu til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem samgönguráðherra setur skv. 2. mgr. 17. gr. að fengnum tillögum Ferðamálastofu. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknum og öðru því sem nauðsynlegt er til að sannreyna fjárhæð tryggingar á hverjum tíma.

19. gr.

Komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu skal Ferðamálastofa láta birta áskorun um kröfulýsingu í Lögbirtingablaði. Í áskorun skal skora á viðskiptavini að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarfé innan 60 daga frá birtingu áskorunar. Með kröfulýsingum skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ferðamálastofa ákveður hvaða gögn eru fullnægjandi sem sönnun um kröfu. Ákvörðunum Ferðamálastofu má skjóta til ráðuneytisins.

20. gr.

Ferðamálastofu er heimilt að tilnefna umsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Umsjónarmaður skal hafa með höndum umsýslu vegna heimflutnings farþega og endurgreiðslu af tryggingarfé ferðaskrifstofu. Kostnaður við störf umsjónarmanns skal greiddur af tryggingarfé.

VI. KAFLI
Brottfall leyfis.

21. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu fellur niður ef leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði. Einnig fellur leyfið niður ef trygging sú sem ferðaskrifstofu er skylt að setja skv. V. kafla fellur niður eða fullnægir ekki ákvæðum laga þessara.

Ferðamálastofa getur fellt úr gildi leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu ef leyfishafi eða forsvarsmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði 9. gr. og jafnframt ef leyfishafi eða forsvarsmaður verður uppvís að misnotkun á leyfi eða myndrænu auðkenni Ferðamálastofu eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum laganna.

Einnig er Ferðamálastofu heimilt að fella leyfi niður ef ferðaskrifstofa uppfyllir ekki skilyrði 18. gr. um skil á ársreikningum og öðrum gögnum sem eru nauðsynleg til mats á fjárhæð tryggingar skv. 14. gr. eða ef ferðaskrifstofa sinnir ekki ákvörðun Ferðamálastofu um hækkun tryggingarfjárhæðar innan mánaðar frá því að ákvörðun um hækkun er tilkynnt.

22. gr.

Áður en leyfi er fellt úr gildi skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. skal Ferðamálastofa senda viðvörun um fyrirhugaða niðurfellingu leyfis þar sem koma skal fram tilefni niðurfellingar og skal leyfishafa gefinn frestur í a.m.k. 14 daga til að bæta úr annmörkum.

Ef til niðurfellingar skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. kemur skal Ferðamálastofa senda leyfishafa skriflega tilkynningu þess efnis og um frá hvaða tíma leyfi telst niður fallið.

Ferðskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa sem svipt er leyfi skal skila leyfisbréfi til Ferðamálastofu án tafar frá því að tilkynning skv. 2. mgr. berst.

Ferðamálastofa skal auglýsa með tryggilegum hætti þegar um brottfall leyfis er að ræða bæði í Lögbirtingablaði og á heimasíðu sinni. Jafnframt getur Ferðamálastofa auglýst brottfall leyfis á annan hátt eins og heppilegt þykir hverju sinni.

Niðurfelling leyfis ferðaskrifstofu skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. jafngildir því að um rekstrarstöðvun sé að ræða og gilda ákvæði V. kafla er varðar tryggingarskylda starfsemi ferðaskrifstofunnar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um skipulag ferðamála samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Öll þjónusta ferðaskrifstofu sem veitt er á rafrænan hátt skal fara eftir lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

25. gr.

Stjórnsýsluákvörðunum Ferðamálastofu, svo sem um synjun á útgáfu ferðaskipuleggjanda- eða ferðaskrifstofuleyfis, ákvörðun um brottfall leyfis eða ákvörðun um til hvaða flokks þjónusta heyrir samkvæmt lögum þessum, má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

26. gr.

Leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum sem stunduð er án tilskilins leyfis eða skráningar varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Ef leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án tilskilins leyfis eða skráningar er unnt að leita dómsúrskurðar um stöðvun starfseminnar, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu.

27. gr.

Ferðamálastofa innheimtir gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi samkvæmt gjaldskrá, staðfestri af ráðherra. Við gjaldtöku skal taka mið af kostnaði við veitingu þjónustunnar.

28. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálastofu, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðum enda sé fé það sem þannig safn-

ast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Umhverfisstofnunar nema samþykki hennar komi til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
29. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2006.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofa við öllum einkaréttarlegum réttindum og skuldbindingum skrifstofu Ferðamálaráðs, svo sem aðild að leigusamningum og samstarfssamningum innan lands og utan. Eignir Ferðamálaráðs renna til Ferðamálastofu. Þá gilda ráðningarsamningar sem skrifstofa Ferðamálaráðs hefur gert við starfsfólk sitt áfram gagnvart Ferðamálastofu. Skipun ferðamálastjóra skal jafnframt halda gildi sínu út skipunartíma.

Leyfishafar, sem hafa útgefin og gild leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þegar lög þessi taka gildi, skulu skila leyfum og sækja um á ný til Ferðamálastofu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Öll leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sem gefin hafi verið út fyrir gildistöku laga þessara falla úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og er því ætlað að leysa af hólmi lög um skipulag ferðamála, nr. 117/1994. Megintilgangur þess er að breyta hlutverki Ferðamálaráðs og gera skrifstofu Ferðamálaráðs kleift að gegna hlutverki stjórnsýslustofnunar, einnig að setja skýrari og fyllri reglur um leyfisskylda starfsemi og réttindi og skyldur sem leyfum fylgja.

Eins og málum er nú háttað er Ferðamálaráð ekki eiginleg stjórnsýslustofnun en frumvarpinu er ætlað að gera Ferðamálastofu að slíkri stofnun. Í frumvarpinu er lagt til að núverandi skrifstofa Ferðamálaráðs fái heitið Ferðamálastofa og er það í samræmi við t.d. nafnbreytingu Umferðarstofu sem áður var Umferðarráð. Er þetta gert til að gera skýran greinarmun á ráði annars vegar og skrifstofu hins vegar.

Þau markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustunnar sem fjármögnuð eru með opinberu fé hafa að miklu leyti verið framkvæmd af Ferðamálaráði. Í frumvarpinu er lagt til að almenn landkynning af þessu tagi verði í höndum Ferðamálastofu eftir því sem ráðherra ákveður hverju sinni. Ferðamálastofu er einnig heimilt taka þátt í samstarfsverkefnum með hagsmunasamtökum eða fyrirtækjum í greininni. Þá er hlutverk ráðsins endurskilgreint. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk þess m.a. að gera tillögur til ráðherra um markaðs- og kynningarmál en gert er ráð fyrir að það vinni a.m.k. árlega tillögur um þau og leggi fyrir ráðherra. Á þeim grunni taki síðan ráðherra ákvarðanir um tilhögun og framkvæmd markaðs- og kynningarmála í samræmi við ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar. Ferðamálaráð mun jafnframt hafa það hlutverk að gefa umsagnir um lög og reglur er varða ferðamál.

Í frumvarpi þessu eru gerðar breytingar frá núgildandi lögum er varða skilgreiningu á þeim aðilum er hafa með höndum starfsemi er fellur undir lögin. Er hér byggt á tæplega sjö

ára reynslu af núverandi fyrirkomulagi en hún hefur sýnt fram á nauðsyn þess að endurskoða skilgreiningar á starfseminni.

Í gildandi lögum hefur hugtakið ferðaskrifstofa tvenns konar merkingu, annars vegar samheiti allrar þjónustu sem undir lögin fellur og hins vegar heiti ákveðinnar starfsemi samkvæmt lögunum. Þetta hefur valdið ýmiss konar misskilningi og vandamálum. Sama má segja um skilin á milli ferðaskrifstofu og ferðaskipuleggjanda. Sérstaklega hefur orðið ágreiningur um hvaða aðilar selja alferðir og hvort það eru einungis þeir sem eru leyfisskyldir.

Því er lagt til í frumvarpi þessu að kveða skýrt á um hvaða aðilar eru leyfisskyldir og taka af allan vafa um að það eru fleiri aðilar en einungis þeir sem selja alferðir. Leyfisskyldir aðilar eru áfram annaðhvort ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi en breytingarnar snúa að því hvernig þau hugtök eru skilgreind.

Mismunurinn á skilgreiningunum felst fyrst og fremst í því hverjir selja alferðir en samkvæmt frumvarpi þessu eru það einungis ferðaskrifstofur sem það gera. Allir aðrir sem hafa með höndum ferðatengda þjónustu sem undir frumvarpið fellur, án þess að um alferð sé að ræða, eru ferðaskipuleggjendur.

Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að næstum öll ferðatengd þjónusta í atvinnuskyni verði leyfisskyld, enda er það eitt af markmiðum frumvarpsins að gera það eftirsóknarvert og jákvætt að hafa leyfi og tengja við það ýmis réttindi, svo sem heimild til notkunar á sérstöku auðkenni Ferðamálastofu.

Í gildandi lögum er ekki skýrt hvort þeir sem sinna bókunarþjónustu eða upplýsingagjöf eingöngu eru leyfisskyldir. Með frumvarpi þessu er tekin skýr afstaða til slíkrar starfsemi og lagt til að bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöðvar teljist ferðatengd starfsemi sem undir lögin fellur. Hins vegar er sú starfsemi ekki leyfisskyld heldur er þeim sem hyggjast stunda slíkt gert skylt að skrá starfsemina hjá Ferðamálastofu.

Áfram er gert ráð fyrir skyldu þeirra er selja alferðir til að hafa tryggingu eins og er í gildandi lögum. Tryggingin tryggir ákveðna fjárhagslega hagsmuni komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu en tryggingunni er ætlað að tryggja að vipskiptavinur geti lokið alferð í samræmi við upphaflega áætlun, heimflutning viðskiptavina úr alferð og endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur þegar greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og er það í samræmi við tilskipun 90/314/EBE.

Engar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi tryggingarinnar í frumvarpi þessu og er áfram gert ráð fyrir að tryggingu megi leggja fram sem peninga hjá banka, í formi bankaábyrgðar eða vátryggingar hjá vátryggingafélagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Megintilgangurinn með I. kafla frumvarpsins er að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar til að færa megi veitingu leyfa frá samgönguráðuneytinu til þeirrar stofnunar ráðuneytisins sem fer með ferðamál, Ferðamálastofu (áður Ferðamálaráð). Er þetta liður í þeirri þróun sem átt hefur sér stað varðandi flutning annarra leyfisveitinga frá ráðuneytinu til stofnana þess. Sem dæmi má nefna að leyfi til að stunda leigubifreiðaakstur og hópferðaleyfi hafa verið flutt til Vegagerðarinnar og endurveiting ökuréttinda til lögreglustjóra.

Til að tryggja að umsóknir um leyfi fái hlutlausa umfjöllun hjá Ferðamálastofu eru tengsl ferðamálaráðs við Ferðamálastofu rofin þar sem ráðið er skipað hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu. Verði frumvarpið að lögum mun embætti ferðamálastjóra heyra beint undir samgönguráðherra eins og tíðkast með forstöðumenn annarra stofnana ráðuneytisins.

Núverandi Ferðamálaráð hefur farið með hlutverk stjórnar skrifstofu Ferðamálaráðs en frumvarpið gerir ráð fyrir að hlutverk ráðsins breytist og að það verði ráðherra til ráðgjafar um ferðamál en hafi engin tengsl við Ferðamálastofu önnur en þau að ferðamálastjóri sitji fundi þess með málfrelsi og tillögurétti. Þetta er í samræmi við starfsemi flugráðs, hafnaráðs, siglingaráðs og umferðarráðs.

Samkvæmt núgildandi lögum sér samgönguráðuneytið um útgáfu ferðaskrifstofuleyfa og alla umsýslu vegna tryggingamála ferðaskrifstofa. Ferðaskrifstofum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og eru þær nú um 90 talsins.

Stjórnsýslulögin kveða á um þann grundvallarrétt borgaranna að þeir geti skotið stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Með því að veita stofnunum ráðuneyta heimild til að ákvarða um rétt og skyldu manna, svo sem um veitingu leyfa, eftirlit með því að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt o.s.frv., verður þessu við komið.

Um 1. gr.

Hér er tilgangur laganna skilgreindur og er hann að hluta til sá sami og í núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Samgönguráðherra fer framvegis sem hingað til með yfirstjórn ferðamála nema annað sé ákveðið í lögum. Ferðamál teygja þó anga sína inn á verksvið fleiri ráðuneyta eins og fram kemur í fylgiskjali með þingsályktunartillögu um ferðamál sem lögð verður fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um hver fer með framkvæmd laganna og er ákvæðið í samræmi við tillögur um breytingar á stjórnsýslu þessa málaflokks.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu eru verkefni Ferðamálastofu skilgreind á annan hátt en gert er í núgildandi lögum. Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að útgáfa og eftirlit með leyfum og skráningu verði hjá Ferðamálastofu en einnig þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustunnar. Þessum málum er þegar sinnt hjá Ferðamálaráði og því ekki um annað en orðalagsbreytingu að ræða.

Um 5. gr.

Ferðamálaráð skal, samkvæmt frumvarpinu, skipað átta fulltrúum og skipar ráðherra formann ráðsins og varaformann án tilnefningar. Samtök ferðaþjónustunnar tilnefna þrjá fulltrúa og Ferðamálasamtök Íslands tilnefna tvo fulltrúa. Nýmæli er í frumvarpinu að Útflutningsráð Íslands tilnefni einn fulltrúa í ferðamálaráð og er það til að tryggja þátttöku annarra útflutningsgreina í umfjöllun um ferðamál og efla samhæfingu ferðaþjónustunnar við annan útflutning á vöru og þjónustu.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á skipan og hlutverki Ferðamálaráðs og það verði samgönguráðherra til ráðgjafar á sviði ferðamála. Samkvæmt núgildandi lögum má segja að ráðið gegni hlutverki stjórnar skrifstofu Ferðamálaráðs. Ferðamálaráði er jafnframt falið það lögbundna verkefni að gera tillögu, árlega eða oftar, til ráðherra í markaðs- og

kynningarmálum. Tillagan gæti lotið að meginháherslum í vali á mörkuðum, útgáfumálum, auglýsingum, þátttöku í sýningum og annarri landkynningu. Þá er gert ráð fyrir að ráðið hafi frumkvæði að málum sem það telur vera í þágu ferðaþjónustunnar og geri tillögur til ráðherra um slíkt.

Um 7. gr.

Hér eru skýrð nokkur hugtök sem koma fyrir í lagatextanum.

Ferðaskipuleggjandi: Lagt er til að skilgreining á því hvað er ferðaskipuleggjandi taki að miklu leyti yfir skilgreiningu núgildandi laga á bæði ferðaskrifstofu og ferðaskipuleggjanda. Hugtaki þessu er ætlað að ná yfir margs konar ferðaþjónustuaðila hér á landi sem sinna fjölbreyttri ferðatengdri starfsemi sem ekki telst alferð þar sem ekki er um gistingu að ræða eða ferð er í styttri tíma en 24 klst. Hér undir falla hvers kyns mislangar dagsferðir sem bjóða upp á ýmiss konar afþreyingu og frístundaiðju, bæði skipulagða og valfrjálsa, og ferðir og veitingar sem eru hluti af slíkum ferðum.

Um er að ræða eftirfarandi, en ekki er um tæmandi talningu að ræða:

- Gönguferðir, hestaferðir.
- Hvalaskoðunarferðir, flúðasiglingar.
- Veiði í ám og vötnum, dorgveiði gegnum ís.
- Veiði villtra dýra, svo sem hreindýra og fugla.
- Seglbrettaleigu, bátaleigu, köfun.
- Sig, kletta- og fossaklifur.
- Drekaflug, fallhlífastökk, teygjustökk.
- Ævintýraferðir með ýmsum ökutækjum.

Við mat á því hvað er leyfisskyld starfsemi er lögð áhersla á að um sölu í atvinnuskyni til almennings sé að ræða. Með því er átt við að viðkomandi ferðaþjónustuaðili selji hina ferðatengdu þjónustu gegn endurgjaldi og/eða þóknun og hafi af því einhverjar tekjur en ekki er gert að skilyrði að um aðalstarfsemi viðkomandi sé að ræða.

Ferðaskrifstofa: Ferðaskrifstofa í frumvarpi þessu tekur til þess aðila sem selur alferðir og til að gæta samræmis við lög nr. 80/1994, um alferðir, er tekið fram að það sé hvort sem ferðaskrifstofa selji alferð sem ferðaheildsali eða ferðasmásali. Jafnframt, til að taka af allan vafa um starfsemi ferðaskrifstofu, er tekið fram að slíkur aðili geti haft með höndum alla sömu starfsemi og þjónustu sem ferðaskipuleggjandi, hvort sem er í formi alferða eða ekki.

Bókunarþjónusta: Hugtak þetta er nýmæli í frumvarpinu og er hér átt við aðila sem bóka fyrir almenning ýmsa þjónustu ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu.

Upplýsingamiðstöðvar: Hugtakið er nýmæli í frumvarpinu og á einungis við um þá sem stunda hreina upplýsingagjöf til almennings um ferðatengda þjónustu.

Alferð: Skilgreining hugtaksins er í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/314/EBE og var lögfest hér á landi með lögum nr. 80/1994, um alferðir. Reynsla er komin á túlkun hugtaksins sem hefur ekki valdið ágreiningi og er ekki ástæða til frekari umfjöllunar um það hér.

Leyfisskyld starfsemi: Skilgreiningin í frumvarpinu er önnur en í núgildandi lögum og í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til. Samkvæmt frumvarpinu eru það tvenns konar aðilar sem stunda ferðatengda starfsemi sem eru leyfisskyldir, ferðaskipuleggjandi og ferðaskrifstofa.

Skráningarskyld starfsemi: Nýmæli er í frumvarpinu að ferðatengd starfsemi sé skráningarskyld í stað þess að vera leyfisskyld. Starfsemi þessi er bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöðvar og þykir ekki nauðsynlegt að slíkir aðilar þurfi leyfi þar sem þeir stunda ekki

neina eiginlega sölu á ferðum í atvinnuskyni til almennings. Algengt er að þetta tvennt sé rekið saman.

Viðskiptavinur: Viðskiptavinur samkvæmt lögum þessum getur verið hvort sem er einstaklingur, fyrirtæki, félag eða stofnun.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru lagðar til ýmsar breytingar á fyrirkomulagi leyfisveitinga og skilyrðum fyrir leyfi. Einnig eiga þessar breytingar að gera leyfið sjálft sýnilegra og eftirsóknarvert að hafa.

Tillögur um breytingar snúa einnig að því að vernda hagsmuni neytenda enn frekar og gera þá meðvitaðri um virði þess að ferðaþjónustuaðilar hafi tilskilin leyfi og hvetja til aukins eftirlits neytenda með því.

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að tvenns konar stafsemi sé leyfisskyld, þ.e. starfsemi ferðaskipuleggjanda og starfsemi ferðaskrifstofu.

Það nýmæli er í frumvarpinu að til skuli vera sérstakt myndrænt auðkenni (logo) sem skuli vera í eigu Ferðamálastofu. Líta megi á auðkenni þetta sem ákveðinn gæðastimpil og staðfestingu á því að viðkomandi sé með lögbundið starfsleyfi þar sem heimild til að nota auðkennið er bundin útgáfu leyfisins. Lagt er til að leyfishöfum verði gert skylt að nota auðkennið í auglýsingum sínum, hvort sem er í bæklingum, á heimasíðu eða á annan hátt, þannig að neytendur geti sjálfir gengið úr skugga um það á auðveldan hátt að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

Í frumvarpinu er lagt til að leyfi verði ótímabundin. Talið er að núverandi tímabinding leyfa sé óþörf og þjóni engum sérstökum tilgangi.

Áfram er leyfishafa gert skylt að hafa leyfið sýnilegt á starfsstöð sinni og heimild til að nota heitið ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa fyrir starfsemina er áfram bundin við leyfishafa eingöngu. Það er hins vegar nýmæli að kveða á um að leyfishafi skuli almennt hafa fasta starfsstöð sem opin skuli almenningi á tilgreindum tíma. Litið er svo á að viðskiptavinir eigi rétt á að geta náð persónulega sambandi við þann sem skipt er við. Það er lagt í hendur leyfishafa að ákveða að öllu leyti hvernig opnunartíma hans er háttað og er sú skylda lögð á leyfishafa að auglýsa slíkan opnunartíma á skýran og ótvíræðan hátt og standa við hann.

Jafnframt er lagður til sá valkostur að bjóða þjónustuna einungis á rafrænan hátt. Litið er svo á að markmiðinu um rétt viðskiptavinar sé einnig náð þótt þjónustan sé einungis rafræn ef uppfyllt eru ákveðin skilyrði. Leyfishafa er því gert skylt að uppfylla skilyrði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um þær almennu upplýsingar sem koma þurfa fram á heimasíðunni.

Það nýmæli er lagt til í frumvarpinu að í ferðaskipuleggjanda- og ferðaskrifstofuleyfinu felst einnig heimild til að reka útibú frá viðkomandi leyfishafa án þess að sækja þurfi sérstaklega um það. Það skilyrði er þó gert að forsvarsmaður útibúsins uppfylli þau almennu skilyrði sem forsvarsmaður leyfishafa þarf að uppfylla. Til að uppfylla skilyrði laganna um að leyfi skuli vera sýnilegt á starfsstöð er eðlilegt að leyfishafi fái samrit leyfisins hjá Ferðamálastofu til að hafa í útibúi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að haldin skuli skrá yfir leyfishafa og sú skrá skuli vera opinber með aðgengilegum hætti. Lagt er til að skráin skuli birt á heimasíðu Ferðamálastofu þar sem sá birtingarháttur þykir vera flestum aðgengilegur. Einnig er lagt til að á heimasíðu

skuli auglýst brottfallin leyfi þar sem telja verður að upplýsingar um slíkt séu nauðsynlegar fyrir neytendur.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um skilyrði sem umsækjandi um ferðaskipuleggjanda- og ferðaskrifstofuleyfi þarf að uppfylla til að fá leyfi. Ekki er um að ræða verulegar breytingar frá gildandi lögum en leitast er við að gera skilyrðin skýrari og einfaldari auk þess sem bætt er við heimild til að hafa hjáheiti og jafnframt skyldu til að skrá slík heiti.

Í samræmi við tillögur um breytta stjórnsýslu flyst útgáfa leyfa frá ráðuneytinu til Ferðamálastofu. Verður því ekki lengur þörf á að leita umsagnar ferðamálstjóra eða annarra áður en leyfi er veitt. Tekið er fram, til að taka af allan vafa, að skilyrðin eigi við um persónu, annaðhvort umsækjanda sjálfan ef hann óskar leyfis í eigin nafni eða, ef um lögaðila er að ræða, forsvarsmann sem uppfylla þurfi skilyrðin. Í núgildandi lögum kemur þetta ekki fram í samhengi og því ekki með nægilega skýrum hætti og getur auðveldlega valdið þeim misskilningi að mismunandi kröfur séu gerðar til umsækjenda eftir því hvort um einstakling eða lögaðila er að ræða.

Lagt er til að skilyrðið í núverandi lögum um lögheimili hér á landi í a.m.k. eitt ár verði fellt úr gildi og í staðinn komi búsetuskilyrði. Er talið að lögheimiliskrafan geti verið of íþyngjandi og sé óþörf takmörkun aðgangs að stéttinni og hverjir geti verið í forsvari fyrir umsækjanda. Einnig verður að telja að lögheimiliskrafan sé óþarft skilyrði á tímum innri markaðar Evrópu.

Bætt er við skilyrði um 20 ára aldur umsækjanda eða forsvarsmanns. Áfram er krafist búsforræðis og lögræðis en í núgildandi lögum er einungis gerð krafa um fjárræði. Eðlilegra þykir að miða við að umsækjandi eða forsvarsmaður sé lögráða, þ.e. bæði fjárráða og sjálfráða og hafi að auki náð 20 ára aldri.

Nýmæli er í c-lið 2. mgr. að umsækjandi eða forsvarsmaður hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverð brot gegn nánar tilgreindum lögum. Er um að ræða ýmis lög er tengjast rekstri fyrirtækja og þykir eðlilegt að hafa slíkt skilyrði vegna atvinnurekstrar sem háður er opinberu leyfi.

Lagt er til í frumvarpinu það nýmæli að það heiti sem fyrirhugað er að starfrækja starfsemi ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu undir skuli koma fram í umsókn, bæði aðalheiti og hjáheiti. Gert er ráð fyrir að leyfið taki einungis til starfsemi undir þessu tilgreinda heiti og er leyfishafa óheimilt að reka starfsemi sína undir öðru heiti en samkvæmt leyfinu. Skilyrði sem þetta þykir eðlilegt til að koma í veg fyrir óvissu viðsemjenda um hver er rekstraraðili og ber ábyrgð á rekstrinum og er til þess fallið að vernda hagsmuni neytenda. Samkvæmt þessu er ólöglegt að starfa undir heiti sem ekki er sérstaklega skráð og tilkynnt til Ferðamálastofu og skráð á leyfisbréf viðkomandi og er það í samræmi við reglur samkeppnisréttar og sjónarmið neytendaverndar.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að leyfishafar geti bætt við hjáheitum fyrir rekstur sinn á einfaldan hátt og án kostnaðar.

Nýmæli er í frumvarpinu að leyfishafi geti lagt inn leyfi til Ferðamálastofu þegar starfsemi er hætt og er það til samræmis við að leyfi eru ótímabundin.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Bókunarþjónustur og upplýsingamiðstöðvar hafa um árabil verið reknar víða um land án þess að um þær hafi gilt nein lög. Eðlilegt þykir að fyrir liggi hjá Ferðamálastofu opinber skrá yfir aðila sem veita þessa tegund þjónustu. Er því hér lagt til að þeir sem reka eða hyggjast reka slíka þjónustu skrái starfsemi sína hjá Ferðamálastofu. Þeir njóta síðan þeirrar þjónustu Ferðamálastofu að upplýsingar um þá eru veittar með aðgengilegum hætti og þeir hafa heimild til að nota myndrænt auðkenni Ferðamálastofu.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um skylduna til skráningar og að tilkynning skuli vera skrifleg, einnig að gefa skuli út skírteini til staðfestingar á skráningu og að halda skuli skrá yfir skráða aðila og birta með aðgengilegum hætti. Með þessu er verið að gæta hagsmuna neytenda sem geta með þessu kynnt sér hvort viðkomandi starfsemi er skráð og uppfyllir skilyrði frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í grein þessari kemur fram í 1. og 2. mgr. að skráðir aðilar hafi einir heimild til að nota tiltekið heiti í starfsemi sinni, sem og heimild til að nota myndrænt auðkenni Ferðamálastofu.

Samkvæmt 3. mgr. þurfa þeir sem njóta opinbers fjárstuðnings að halda þeim þætti rekstrar sem slíks stuðnings nýtur aðskildum frá öðrum þáttum starfseminnar. Krafa þessi er fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að unnt sé að nota fjárstuðning þennan til að niðurgreiða aðra starfsemi.

Um 13. gr.

1. mgr. kveður á um það sem koma þarf fram í tilkynningu um skráningu og þarfnast ekki frekari skýringar.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til að fella aðila af skrá ef starfsemi hans fellur ekki lengur undir skilgreiningu laganna á því hvað er skráningarskyld starfsemi. Hér er fyrst og fremst verið að líta til þess þegar skráður aðili víkkar út starfsemi sína þannig að hún falli undir starfsemi ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu. Í slíkum tilvikum ber aðila að sækja um starfsleyfi og er eðlilegt að skráning hans falli þá niður. Til að taka af allan vafa er kveðið á um að Ferðamálastofa hafi úrskurðarvald um flokkun starfseminnar og er um stjórnvaldsákvörðun að ræða sem er kæranleg til ráðuneytisins.

Um 14.–20. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er einungis sala alferða tryggingarskyld starfsemi sem þýðir að það eru eingöngu ferðaskrifstofur sem hafa með höndum tryggingarskylda starfsemi. Í þessum kafla er kveðið á um skyldu ferðaskrifstofu til að hafa tryggingu. Er um að ræða sams konar tryggingu og er í núgildandi lögum, tryggingu vegna gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar, og er hún í samræmi við 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/314/EBE, um pakkaferðir.

Þannig skal tryggingin, með sama hætti og gildandi lög mæla fyrir um, tryggja heimflutning farþega erlendis frá og gera farþega kleift að ljúka alferð, hvort heldur innan lands eða utan, í samræmi við upphaflega áætlun. Enn fremur skal tryggja endurgreiðslu þess fjár er viðskiptavinur hefur þegar greitt vegna alferðar sem enn er ófarin komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.

Trygging þessi er einungis vegna alferða og eru ekki lagðar til neinar breytingar í frumvarpi þessu á gildissviði tryggingarinnar. Þess vegna er einungis ferðaskrifstofum gert að

hafa slíka tryggingu þar sem samkvæmt frumvarpinu selja einungis ferðaskrifstofur alferðir. Ekki eru heldur lagðar til breytingar á framlagningu gagna vegna mats á tryggingarfjárhæð eða aðferð við mat á henni nema í 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins er lagt til að viðmið við hlutfall af veltu séu nokkuð lækkuð frá gildandi lögum. Er þessi tillaga byggð á reynslu af gildandi lögum og ekki talin áhætta fólgin í því að tryggingarfjárhæðir verði lægri sem þessu nemur.

Aftur á móti er hér ekki lagt til að leiguflug frá útlöndum sé tryggt sérstaklega eins og er í gildandi lögum. Er það til að létta tryggingarskyldu af ferðaskrifstofum og bæta samkeppnisstöðu þeirra, enda eru nú minni skil á milli þeirra sem selja áætlunarflug og leiguflug en við setningu gildandi laga.

Samkvæmt núgildandi lögum er öll stjórnsýsla er varðar tryggingar og mat á tryggingaþörf hjá samgönguráðuneytinu. Verði frumvarp þetta að lögum flyst öll umsýsla er varðar tryggingu þess til nýrrar stofnunar, Ferðamálastofu.

Ekki þykir því ástæða til frekari umfjöllunar um tryggingu þessa í frumvarpinu heldur er vísað til skýringa með núgildandi lögum, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

Um VI. kafla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýjum sérkafla um brottfall leyfa. Eru þar settar nánari reglur um hvenær leyfi fellur niður, hvenær heimilt er að fella leyfi úr gildi sem og framkvæmd sem slíkt kallar á. Nauðsynlegt þykir að hafa reglur er þetta varðar skýrar og einfaldar bæði fyrir leyfishafann sjálfann og neytendur.

Um 21. gr.

Greint er á milli þess þegar leyfið fellur niður án aðgerða og þegar heimilt er að fella leyfi úr gildi. 1. mgr. fjallar um sjálfkrafa niðurfellingu leyfis og er um svipuð tilvik og að ræða og samkvæmt gildandi lögum.

Í 2. og 3. mgr. eru talin upp þau tilvik þegar heimilt er að fella leyfi úr gildi og er það lagt í hendur og mat Ferðamálastofu að kveða á um slíkt. Ekki þykir nauðsynlegt að leyfi falli sjálfkrafa úr gildi í þeim tilvikum sem þar eru talin enda getur oft verið um smávægileg brot að ræða sem auðveldlega má bæta úr og því of harkalegt að það leiði til niðurfellingar, án aðgerða.

Um 22. gr.

Með vísan til 2. og 3. mgr. 21. gr. er lagt til í 1. mgr. 22. gr. að ef til þess kemur að leyfi er fellt úr gildi skuli það tilkynnt viðkomandi skriflega og honum gefinn kostur á að bæta úr annmörkum sem gætu verið ástæða niðurfellingar.

Ef til niðurfellingar kemur er Ferðamálastofu gert skylt að tilkynna leyfishafa það skriflega. Það verður að telja eðlilega málsmeðferð þar sem ýmis réttaráhrif eru tengd niðurfellingu leyfisins og mikilvægt fyrir t.d. viðsemjendur ferðaskrifstofu að fá vitneskju um slíkt vegna tryggingarinnar. Einnig skiptir máli að afmarka upphafstíma þess hvenær ólögmæt starfsemi hefst ef rekstri er haldið áfram eftir að leyfi er fellt niður, vegna hagsmuna neytenda og aðgerða sem grípa verður til, til að starfsemi verði stöðvuð.

Af sama meiði eru sú skylda sem lagt er til að lögð sé á Ferðamálastofu að auglýsa með tryggilegum hætti þegar leyfi er fellt niður. Lagt er til að birting fari fram bæði í Lögbirtingablaði sem er hinn opinberi birtingarháttur sem og á heimasíðu Ferðamálastofu. Jafnframt þykir rétt að Ferðamálastofa hafi heimild til að auglýsa með öðrum hætti, t.d. í dagblöðum,

þegar nauðsynlegt þykir í því skyni að koma upplýsingum áleiðis til sem flestra með skjótum hætti.

Í 4. mgr. er tekið fram, til að taka af allan vafa, að ef leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er fellt niður samkvæmt kafla þessum gilda reglur V. kafla um rétt kaupenda alferða og möguleika þeirra á að ganga að tryggingu með þeim hætti sem þar er lýst. Brottfall leyfis til reksturs ferðaskrifstofu er þannig lagt að jöfnu við rekstrarstöðvun þótt ekki sé um gjaldþrot að ræða.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er áréttað til að taka af allan vafa að öll rafræn þjónusta skuli fara að lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Um 25. gr.

Með því að færa leyfisveitingu og stjórnsýslu er henni tengist til stofnunar sem á undir ráðuneytið er komið á málskotsleið til ráðuneytisins og er það í samræmi við reglur stjórnsýsluréttar.

Um 26. gr.

Hér er gert ráð fyrir að hægt sé að grípa til þess að stöðva ólögmæta starfsemi en úrræði til þess eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Einnig er hér tilgreint hvaða brot gegn ákvæðum laganna eru refsiverð og sú verknaðarlýsing brots að stunda leyfisskylda eða tilkynningarskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar.

Um 27. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að Ferðamálastofa innheimti gjald fyrir útgáfu leyfa og er það í samræmi við núgildandi lög að leyfishafar greiða til samgönguráðuneytisins leyfisgjald. Samkvæmt frumvarpi þessu eru leyfin ótímabundin og því þarf leyfishafi einungis að greiða einu sinni gjald fyrir gilt leyfi.

Um 28. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá 36. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Gildistaka er 1. janúar 2006.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæði þessu er kveðið á um yfirtöku nýrrar stofnunar, Ferðamálastofu, á réttindum og skuldbindingum núverandi Ferðamálaráðs verði frumvarp þetta að lögum.

Ákvæðið kveður á um skyldu allra sem hafa í gildi leyfi samkvæmt núgildandi lögum að sækja um leyfi á ný til nýrrar stofnunar, Ferðamálastofu. Þykir eðlilegt að hafa þann háttinn þar sem núgildandi leyfi eru tímabundin og því mismunandi gildistími eftir af gildandi leyfum en frumvarpið gerir ráð fyrir ótímabundnum leyfum. Einnig kemur þetta til af því að frumvarpið hefur nokkuð breytta skilgreiningu á þeirri ferðatengdu starfsemi sem er leyfis- eða skráningarskyld auk þess sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum réttindum tengdum

leyfum, svo sem notkun á sérstöku auðkenni. Með þessu er strax komið á samræmdu skipulagi allra sem þurfa leyfi og eru tryggingarskyldir. Samhliða þessu er kveðið á um að öll leyfi samkvæmt gildandi lögum falli sjálfkrafa úr gildi eftir ákveðinn tíma og eru tímamörk það rúm að öllum núverandi leyfishöfum á að hafa gefist tækifæri á að sækja um á ný í samræmi við reglur frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skipan ferðamála.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að breyta hlutverki Ferðamálaráðs og gera skrifstofu Ferðamálaráðs kleift að gegna hlutverki stjórnsýslustofnunar. Auk þess er áætlað að lögin einfaldi leyfisveitingar og tryggingamál ferðaskrifstofa. Frumvarpið leysir af hólmi lög nr. 117/1994. Reiknað er með því að breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu kalli á hálft til eitt stöðugildi háskólamenntaðs starfsmanns hjá nýrri Ferðamálastofu. Því munu útgjöld ríkissjóðs hækka um allt að 6 m.kr. á ári frá og með árinu 2006 verði frumvarpið samþykkt.

Gert er ráð fyrir því að framangreindur kostnaður rúmist innan ramma langtímaáætlunar samgönguráðuneytisins.

1098. Fyrirspurn [736. mál]

til samgönguráðherra um tafir á vegaframkvæmdum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Eru dæmi um að vegaframkvæmdir hafi dregist fram yfir áramót vegna þess að undirbúningi framkvæmda hefur ekki verið lokið í tæka tíð? Ef svarið er jákvætt, hvaða helstu framkvæmdir er um að ræða og hvað tefur helst fyrir í undirbúningsvinnunni?

1099. Fyrirspurn [737. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða kröfur eru gerðar til stöðu undirbúnings vegaframkvæmda þegar fjárheimilda er leitað?
2. Eru verk á vegáætlun þar sem undirbúningi er lokið og verkin tilbúin til útboðs án þess að fjárheimild liggi fyrir?

3. Hefur komið til álita að breyta forgangsröðun verkefna þegar verk tefjast?
4. Hvað tekur undirbúningur fyrir nýframkvæmdir hjá Vegagerðinni að jafnaði langan tíma, annars vegar fyrir lagningu vega, hins vegar brúarsmíð?

1100. Lög [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 1039.

1101. Lög [481. mál]

um breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32 14. maí 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 735.

1102. Frumvarp til laga [738. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Samgönguráðherra leggur á þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun sem leggur grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Í fjarskiptaáætlun skal skilgreina markmið stjórnvalda sem stefna skuli að og gera grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir næstu sex ár. Þá skal í fjarskiptaáætlun meta og taka tillit til þarfa annarra þátta samfélagsins fyrir bætt fjarskipti.

Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

a. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og samgönguráðuneytisins um stefnumótun í fjarskiptamálum,
b. auka samkeppnishæfni Íslands og samkeppni á fjarskiptamarkaði,
c. stuðla að framþróun atvinnulífs á sviðum sem tengjast fjarskiptum,

d. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,
e. ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
f. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn.

Við gerð fjarskiptaáætlunar skal taka mið af því að fjármunir nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf á úrbótum í landinu í heild og í einstökum landshlutum. Áætlun um fjáröflun og útgjöld fjarskiptaáætlunar skal skipt á tvö þriggja ára tímabil og hana skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Samgönguráðherra skipar fjarskiptaráð til þriggja ára í senn og er hlutverk þess m.a.:

a. að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti,
b. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um fjarskiptamál,
c. að veita ráðuneytinu umsagnir um fjarskiptamál, breytingar á löggjöf, stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og fjarskiptaáætlun,
d. að beita sér fyrir samvinnu við þá aðila, félög og samtök er um fjarskiptamál og öryggi fjalla,
e. annað sem ráðherra felur því.

Samgönguráðherra skipar tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar. Skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum ber að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu skv. 6. mgr. Gjöld fyrir aðgang skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Við útreikninga á kostnaði við alþjónustu skal m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Nánar skal kveðið á um útreikninga á kostnaði við alþjónustu í reglugerð um alþjónustu, sbr. 20. gr.

4. gr.

5. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

5. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvörðun um reikisamning skv. 3. mgr. verður ekki beitt til aðgangs að GSM-farsímastöð sem sett er upp til viðbótar útbreiðslu farsímanets fyrr en tveim árum eftir að hún er tekin í notkun.

6. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki sem býður internetþjónustu er skylt að gera áskrifendum sínum, þeim að kostnaðarlausu og ef þeir þess óska, sýnilegt hvenær þeir eru að greiða fyrir gagnaflutning erlendis frá.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í eitt ár. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notendanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, tímasetningar þeirra, tímalengd, hverjum var tengst, magn gagnaflutnings hvort sem er til eða frá viðkomandi notanda. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákæruvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. Eyða ber umferðargögnunum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja.

8. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að halda skrá yfir notendur sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur þar um. Við kaup símakorts skal kaupandi framvísa skilríkjum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 47. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fjarskiptafyrirtæki er þó rétt og skylt að veita lögreglu, í þágu rannsóknar opinbers máls, upplýsingar um hver sé skráður eigandi ákveðins símanúmers og/eða eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu).

b. Á eftir orðunum „um fjarskipti skal“ í lokamálslið kemur: að öðru leyti.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „skal leyfisbréfið“ í 3. málsl. kemur: að jafnaði.

b. Lokamálsliður orðast svo: Ekki þarf leyfisbréf fyrir lágaflsbúnaði sem vinnur á sam-

ræmdum tíðnisviðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt að nota megi fyrir slíkan búnað.

c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Seljendum leyfisskylds þráðlauss búnaðar ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hver sé kaupandi búnaðarins á því formi og með þeim hætti sem stofnunin samþykkir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungs belti hvoru megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum.
b. Í stað orðsins „sæstreng“ í 7. mgr. kemur: fjarskiptastreng.
c. Í stað orðsins „sæstrengi“ í 8. mgr. kemur: fjarskiptastrengi.

12. gr.

Í stað orðanna „umtalsverða markaðshlutdeild“ í 11. tölul. 3. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: umtalsverðan markaðsstyrk.

Í stað orðanna „umtalsverða hlutdeild“ tvívegis í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umtalsverðan markaðsstyrk.

Í stað orðsins „markaðshlutdeildar“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: markaðsstyrks.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 5. gr. laga þessara gilda aðeins um GSM-farsímastöðvar sem settar eru upp eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjá samgönguráðuneytinu hefur verið unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti. Frumvarpið hefur verið unnið í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun auk þess sem það hefur verið sent til umsagnar helstu hagsmunaaðila og Persónuverndar.

Helstu nýmæli og breytingar sem ráðgerðar eru með frumvarpinu:

- Ákvæði um gerð fjarskiptaáætlunar.
- Skipun fjarskiptaráðs.
- Ákvæði um vernd fjarskiptastrengja í sjó.
- Skýrari ákvæði um álagningu og innheimtu álags á jöfnunarsjóðsgjald.
- Ákvæði um mat á rétti til greiðslu vegna alþjónustu.
- Kröfur um skráningu eigenda síma (farsíma).
- Skylda fjarskiptafyrirtækja til að veita lögreglu upplýsingar.
- Skylda til varðveislu lágmarksskráningar gagna um fjarskiptaumferð í eitt ár.
- Ýmis ákvæði, m.a. ótímabundin leyfi vegna þráðlauss sendibúnaðar, tilkynning um kaupendur búnaðar, um gagnsæi kostnaðar og samræmd hugtakanotkun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um nýmæli að ræða þar sem lagt er til að fyrir Alþingi verði lögð tillaga til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun til næstu sex ára. Samgönguráðherra ákvað gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010 en með henni var í fyrsta sinn mótuð heildstæð stefna í fjarskiptamálum á Íslandi. Verulegar breytingar hafa átt sér stað í fjarskiptamálum á undanförnum árum hér á landi sem annars staðar í Evrópu með samræmdri fjarskiptalöggjöf sem m.a. hefur leitt til afnáms einkaréttar á fjarskiptamarkaði og aukinnar samkeppni. Með því var lagður grunnur að einkavæðingu ríkisrekinna símafyrirtækja og sala Landssíma Íslands er eðlilegt framhald af þeirri þróun. Stjórnvöld geta því ekki lengur notað fyrirtækið til að framkvæma stefnu sína í fjarskiptum. Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji þá stefnu fram með skýrum hætti og er það m.a. gert með fjarskiptaáætlun.

Í 1. mgr. er kveðið á um gerð fjarskiptaáætlunar. Tilgangurinn með henni er að skilgreina nánar markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára þar sem m.a. er tekið tillit til þarfa samfélagsins, auk þess sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu.

Í 2. mgr. er nánar kveðið á um áhersluatriði við gerð áætlunarinnar. En með henni er m.a. leitast við að ná fram víðtæku samstarfi hagsmunaaðila, þ.m.t. neytenda, og stjórnvalda um stefnumótun á þessu sviði. Með samræmdri stefnumótun er m.a. stefnt að því að auka samkeppnishæfni Íslands, stuðla að framþróun atvinnulífs, ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna.

Í 4. mgr. er nýmæli, þar sem kveðið er á um skipan, hlutverk og samsetningu fjarskiptaráðs. Með skipan fjarskiptaráðs er leitast við að koma á sérstökum vettvangi hagsmunaaðila, sem verður ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumótun í fjarskiptum. Fjarskiptaráð verður jafnframt vettvangur fyrir almenn skoðanaskipti um fjarskiptamálefni fyrir hagsmunaaðila á þessu sviði, þ.m.t. neytendur. Með skipun fjarskiptaráðs vilja stjórnvöld leita samráðs eða umsagna um fjarskiptamálefni frá samtökum hagsmunaaðila með víðtæka sérþekkingu á sviðinu. Með ákvæðinu er leitast við að breyta þessu.

Í 5. mgr. er kveðið nánar á um skipun í fjarskiptaráði. Gert er ráð fyrir að þar sitji fulltrúar tilnefndir af helstu hagsmunaaðilum á þessu sviði. Samgönguráðherra mun skipa formann og varaformann en aðra eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem settar verða um samsetningu ráðsins.

Um 2. gr.

Nokkur óvissa hefur ríkt um það hvaða skyldur fjarskiptafyrirtæki bera varðandi útvegun hlerunarbúnaðar. Landssími Íslands hefur yfir slíkum búnaði að ráða en önnur fjarskiptafyrirtæki hafa ekki komið sér upp sínum eigin búnaði. Kveðið hefur verið á um skyldu allra fjarskiptafyrirtækja til að setja upp hlerunarbúnað í reglum Póst- og fjarskiptastofnunar um almenna heimild til fjarskiptastarfsemi og áður í rekstrarleyfum fyrirtækja. Fjarskiptafyrirtæki sem ekki hafa fjárfest í búnaði hafa borið það fyrir sig að ekki sé að finna næga stoð í lögum til þess að leggja slíkar skyldur á fyrirtækin. Skv. j-lið 2. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að kveða á um að fjarskiptafyrirtæki heimili þar til bærum yfirvöldum afskipti af fjarskiptanetum í samræmi við ákvæði um úrvinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Eðlilegt þykir að fyrirtækin sjálf standi straum af því að byggja upp net sín á þann hátt að þessi aðgangur sé mögulegur. Því er hér lagt til að sett verði ákvæði sem kveði skýrar á um skyldur fjarskiptafyrirtækja í þessum efnum og allur vafi verði tekinn af um ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra um fjármögnun á búnaði til hlerunar og annarrar gagnaöflunar.

Fjárfesting í hlerunarbúnaði getur verið umtalsverð í hlutfalli við veltu fyrirtækja sem eru ný á markaði og hafa litla markaðshlutdeild. Til þess að koma í veg fyrir að þessi skylda verði hindrun í aðgangi að fjarskiptamarkaðnum þykir rétt að kveða á um að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skuli veita öðrum fyrirtækjum aðgang að hlerunarbúnaði ef eftir því er leitað. Eðlilegt endurgjald skal koma fyrir slíkan aðgang sem tekur m.a. mið af fjárfestingarkostnaði. Fyrirtæki sem útnefnd voru með umtalsverða markaðshlutdeild á talsíma- og farsímamarkaði í tíð eldri laga yrðu talin falla undir þetta ákvæði þar til niðurstöður markaðsgreiningar samkvæmt lögum nr. 81/2003 hafa verið birtar.

Um 3. gr.

Með breytingunni er verið að skýra reglur um mat á því hvort fyrirtæki eigi rétt á greiðslu vegna alþjónustuskyldu, þ.m.t. að skoða eigi hvort um ósanngjarna byrði sé að ræða. Þá er kveðið á um að við mat á þessari byrði skuli taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna, þ.e. að einnig verði tekið mið af óefnislegum gæðum eins og viðskiptavild fyrirtækis sem veitir alþjónustu.

Í 1. mgr. 12. gr. alþjónustutilskipunarinnar (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu)) er fjallað um mat á kostnaði við alþjónustuskyldur. Þar er m.a. kveðið á um þá aðferð sem beita eigi ef stjórnvöld telja að framboð á alþjónustu kunni að vera óeðlilega þung byrði á fyrirtæki sem tilnefnt hefur verið til veita alþjónustu. Í a- og b-lið og í 2. mgr. greinarinnar er síðan fjallað um þá aðferð sem beita eigi við mat á þeim kostnaði að teknu tilliti til hvers kyns markaðsávinnings fyrirtækisins af því að veita þjónustuna. Í 13. gr. er síðan fjallað um aðferðir til að fjármagna þjónustuna.

Um 4. gr.

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 137/2004 um beitingu álags vegna vanefnda á greiðslu jöfnunargjalds skv. 5. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga, er ekki talin nægjanleg heimild í lögunum til að krefja greiðanda um álag vegna vanefnda á greiðslu gjaldsins. Í úrskurðinum segir eftirfarandi:

> Ríkisskattstjóri bætti 25% álagi samkvæmt 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, á hækkun skattstofna kæranda. Þá beitti ríkisskattstjóri álagi samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á vangreiddan virðisaukaskatt. Af hálfu kæranda er krafist niðurfellingar álags í kæru til yfirskattanefndar. Eins og atvikum er háttað þykja hvorki efni til að falla frá beitingu heimildarákvæða 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 í tilviki kæranda né þykir neitt tilefni til niðurfellingar álags samkvæmt heimild þeirri sem greinir í 6. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988.
>
> Með hinum kærða úrskurði ákvarðaði ríkisskattstjóri 25% álag á hækkun á stofni til markaðsgjalds og nam fjárhæð þess álags 2.224.184 kr. gjaldárið 1998. Um lagastoð fyrir álagsbeitingu þessari vísaði ríkisskattstjóri til 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 51. gr. laga nr. 122/1993, sagði að um álagningu og innheimtu markaðsgjalds færi samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar litið er til eðlis þess álags, sem hér um ræðir, verður ekki talið að í ákvæðum þágildandi 3. mgr. 3. gr. laga nr. 114/1990 hafi falist nægjanleg heimild til beitingar umrædds álags. Er álagið því fellt niður.

Ákvæðinu hefur verið breytt til þess að bæta hér úr í samræmi við tillögu fjármálaráðuneytisins.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er kveðið á um tveggja ára biðtíma áður en Póst- og fjarskiptastofnun getur kveðið á um skyldu til samninga um reiki. Ákvæði um reiki kom fyrst inn í fjarskiptalögin með lögum nr. 107/1999, um fjarskipti, en reikiákvæðið gilti frá 1. janúar 2001. Með reiki er tryggt að farsímafyrirtæki eigi aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf. Tilgangur ákvæðisins í upphafi var að tryggja að unnt væri að koma á virkri samkeppni í farsímaþjónustu á öllu landinu. Í dag eru tvö öflug fyrirtæki starfandi á farsímamarkaðinum, þ.e. Síminn og Og Vodafone, sem bæði hafa stöðu fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild (samkvæmt ákvæðum eldri laganna).

GSM-farsímakerfið hefur verið byggt upp af miklum krafti á undanförnum árum, en nokkuð skortir þó á að tekist hafi að byggja upp landsþekjandi farsímanet með fullnægjandi hætti. Þau svæði, þar sem GSM-farsímasamband næst ekki, eru öll utan þéttbýlis þar sem arðsemin af slíkri framkvæmd er minni. Ljóst er að núverandi ákvæði um reiki minnka enn frekar arðsemi og vilja til uppbyggingar neta. Leitast er við að draga úr þessum neikvæðu áhrifum með tveggja ára aðlögun eða forskoti þess fjarskiptafyrirtækis sem tilbúið er til að leggja í uppbyggingarkostnað til útbreiðslu á GSM-farskiptaneti sínu. Þrátt fyrir þessa takmörkun verður farsímastöðin að vera opin til 112-notkunar fyrir alla.

Um 6. gr.

Ákvæðið kveður á um skyldu fjarskiptafyrirtækja sem veita internetþjónustu að gera sýnilegt fyrir neytandann, ef hann þess óskar, hvenær hann er að greiða fyrir niðurhal erlendis frá.

Samkvæmt gjaldskrá flestra fjarskiptafyrirtækja sem bjóða internetþjónustu er áskrifendum þjónustunnar gert að greiða fyrir niðurhal erlendis frá. Að öllu jöfnu ætti ekki að vera vandamál fyrir neytandann að vita hvenær hann er á erlendum síðum og að niðurhal af þeim sé samkvæmt gjaldskrá fyrirtækisins. En nú er svo komið að um 15% af íslenskum heimasíðum eru vistuð erlendis án þess að hinn almenni neytandi geti merkt það sérstaklega. Þar sem neytandinn getur ekki séð hvenær hann er á erlendri síðu en netþjónustan gjaldfærir hann í flestum tilvikum vegna niðurhals þaðan þykir rétt að neytandanum sé gert þetta sýnilegt. Hér er fyrst og fremst um neytendavernd að ræða en þegar er til staðar hugbúnaður sem gerir þetta mögulegt.

Um 7. gr.

Ákvæðin í 42. gr. og kaflanum eiga rætur að rekja til tilskipunar ESB nr. 2002/58/EB, frá 12. júlí 2002, um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti).

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjum heimilt (með lögum) að takmarka umfang þeirra réttinda og skyldna sem kveðið er á um í 5. gr., 6. gr. (umferðargögn), 8. gr., (1., 2., 3. og 4. mgr.) og 9. gr. þegar slík takmörkun er nauðsynleg, viðeigandi og hlutfallsleg ráðstöfun í lýðræðisþjóðfélagi til að tryggja þjóðaröryggi (þ.e. öryggi ríkisins), landvarnir, almannaöryggi og til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um og ákæra fyrir lögbrot eða fyrir óleyfilega notkun á rafræna fjarskiptakerfinu eins og um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 95/46/EB. Í þessu skyni er aðildarríkjunum m.a. heimilt að samþykkja lagaákvæði sem kveða á um að gögn séu varðveitt í takmarkaðan tíma sem helgast af þeim ástæðum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein. Allar þessar ráðstafanirnar eiga að vera í samræmi við almennar meginreglur um mannréttindi.

Framangreind breyting með nýrri 3. mgr. 42. gr. núgildandi fjarskiptalaga er gerð að ósk ríkislögreglustjóra. Hún miðar að því að tryggja að lögregla og ákæruvald hafi nægjanlegt svigrúm til að upplýsa brot þar sem uppfyllt eru skilyrði 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Breytingin er í samræmi við 15. gr. persónuverndartilskipunarinnar.

Nokkur ríki innan ESB hafa þegar lagt fram tillögu í ráðherraráði ESB um að umferðargögn (6. gr. tilsk.) séu varðveitt í 12–36 mánuði. (Sjá Council of the European Union, Brussels 28. apríl 2004, 8958/04. Ríkin sem lögðu fram tillöguna eru Frakkland, Írland, Svíþjóð og Bretland.) Ekki er samræmi á þessu sviði í Evrópu, t.d. eru þessi gögn varðveitt í sex mánuði í Þýskalandi en þrjú ár í Frakklandi.

Mál koma oft til rannsóknar löngu eftir að refsiverð hegðun hefur átt sér stað og því er nauðsynlegt að tryggja að sönnunargögn séu til staðar við upphaf rannsóknar. Eitt ár er hóflegur tími með tilliti til þess að rannsóknir flestra mála fái eðlilegan framgang og þess að einhver kostnaður er samfara varðveislu gagnanna.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra eru eftirfarandi gögn nauðsynleg til að tryggja með fullnægjandi hætti að hægt sé að upplýsa brot sem framin eru á internetinu:

1. Gögn um hver sé notandi tiltekins fjarskiptatækis.
   - Tölva sem tengist netinu og er auðkennd með IP-tölu, tryggja þarf að hægt sé að finna hver er notandi IP-tölunnar á hverjum tíma og varðveita þarf skrár með þessum upplýsingum,
   - IP-tölur kunna að vera breytilegar þannig að tímasetning á notkuninni er skilyrði þess að hægt sé að tengja hana ákveðnum áskrifanda eða notanda. Tenging er þá gerð þannig að þegar viðkomandi viðskiptavinur tengist fær hann úthlutað IP-tölu úr safni internetþjónustuaðilans sem hann hefur yfirráð yfir,
   - IP-tala þarf að vera rekjanleg til síma eða annars fjarskiptatækis sem áskrifandi notar til að tengjast inn á kerfi internetþjónustuaðila og áfram út á netið. Til þess að hægt sé að staðfesta hvar tenging á uppruna sinn þarf internetþjónustuaðili að varðveita skrá um úr hvaða símanúmeri eða öðru fjarskiptatæki viðkomandi tengist inn á tölvukerfi hans,
   - óskráð farsímanúmer og símanúmer geta valdið vanda í þessu efni þegar tengst er internetþjónustuaðila með farsíma með frelsiskorti og óskráðu símanúmeri.
2. Gögn um hverjum hann tengist. Við hvaða IP-tölur á viðkomandi samskipti, tengingar? Þegar leiða á í ljós tengsl við ákveðna starfsemi eða aðila, t.d. dreifingu barnakláms, þarf að vera hægt að sanna hvort viðkomandi tengdist ákveðinni IP-tölu.
3. Gögn um hvenær átti sú tenging sér stað. Nauðsynlegt til að finna samhengi atburða við tengingar viðkomandi.
4. Gögn um hversu lengi tenging vari. Atvik geta átt sér stað nokkru eftir að tengingu er komið á, e.t.v. einhverjum klukkustundum.
5. Gögn um hversu mikið af gögnum var flutt á milli aðila.

Nauðsynlegt er t.d. að leiða í ljós hvort flutt hafi verið efni ef uppi er grunur um stuld gagna, auk þess magn niðurhals eða upphals efnis, t.d. höfundarréttarvarins eða ólöglegs efnis, svo sem barnakláms. Upptalningin er ekki tæmandi.

Lögregla rannsakar ekki mál nema fyrir liggi rökstuddur grunur um refsiverðan verknað. Rannsóknir hefjast yfirleitt ekki fyrr en eftir að brot hafa átt sér stað en í undantekningartilfellum á meðan brot eiga sér stað, verði lögregla áskynja um slíkt í tíma. Oftar en ekki koma brot manna til rannsóknar hjá lögreglu nokkru eftir að þau eiga sér stað og oft löngu eftir. Þetta leiðir til þess að erfitt kann að vera að upplýsa um brotin og sanna þau í ákærumáli ef mikilvægum eða einu sönnunargögnunum um þau hefur verið eytt mjög fljótlega eftir brotið.

Þegar rannsókn opinbers máls krefst þess að aflað sé gagna um fjarskipti grunaðra manna er slíkt háð mjög ströngum skilyrðum, sbr. 86. og 87. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Skilyrði þessara ákvæða er að dómari úrskurði um að lögreglu sé heimilt að fá gögn eða afla gagna. Dómari má eingöngu úrskurða um slíkt ef ætla má að umræddar upplýsingar skipti miklu fyrir rannsókn máls og ef brot það sem til rannsóknar er getur varðað 8 ára fangelsi eða ríkir almanna- eða einkahagsmunir krefjist þess að upplýsingar séu veittar. Dómstólar úrskurða því ekki um heimild til handa lögreglu nema fyrir hendi sé rökstuddur grunur um brot þar sem umræddar upplýsingar geta skipt miklu fyrir rannsókn máls. Undantekningarákvæði 15. gr. persónuverndartilskipunarinnar veitir ekki víðari heimild til öflunar upplýsinga um fjarskipti heldur ræðst það af lögum hvers aðildarríkis, en 15. gr. heimilar að nauðsynlegar upplýsingar séu varðveittar í þágu þessara rannsóknarhagsmuna í hæfilegan tíma.

Í a-lið er kveðið á um þau gögn um fjarskiptaumferð sem fjarskiptafyrirtækjum beri að varðveita í eitt ár. Kveðið er á um að fjarskiptafyrirtæki upplýsi um hver sé notandi símanúmers, IP-tölu eða notendanafns. Sé notandi annar en rétthafi eða áskrifandi ber fjarskiptafyrirtækinu að upplýsa hver hann er, ef hann er þekktur. Gert er ráð fyrir að þessum gögnum verði safnað og þau varðveitt með þeim búnaði sem þegar er til staðar vegna annarrar vinnslu fyritækjanna auk nauðsynlegs geymslurýmis. Ekki er miðað að fjársfest sé sérstaklega í tækjabúnaði vegna greiningarvinnu.

Lokamálsliður a-liðar miðar að því að skylt sé að eyða umferðargögnum að ári liðnu enda þurfi fjarskiptafyrirtækið ekki á þeim að halda vegna reikningsgerðar eða vefengingar reiknings.

Breytingin í b-lið er nýmæli og er í samræmi við athugasemdir m.a. Persónuverndar um meðferð og eyðingu gagna í vörslum fjarskiptafyrirtækjanna. Ákvæðið kveður á um skyldu fyrirtækjanna til að setja sér verklagsreglur um hvernig sé staðið að þessum málum í starfseminni og um eyðingu gagna.

Um 8. gr.

Breytingin, sem er nýmæli, miðar að því að gera fjarskiptafyrirtækjum skylt að halda skrá yfir alla „notendur“ símanúmera í símkerfum sínum, bæði í fastlínu og farsímum, þ.m.t. svokölluð farsímafrelsi.

Á síðustu árum hefur færst í vöxt að svokölluð frelsiskort í farsíma séu seld án þess að skráning fari fram á kaupanda eða væntanlegum notanda þeirra. Kort þessi má kaupa víða, þar á meðal á bensínstöðvum og í söluturnum. Umrædd kort hafa númer sem ekki eru tengjanleg neinum notanda, nema notandinn óski sérstaklega eftir því. Þetta veldur vandkvæðum í rannsóknum lögreglu þegar tækin eru notuð til refsilagabrota. Má hér nefna ónæði og hótanir settar fram í tali eða með SMS-skilaboðum. Með óskráðum númerum er því mögulegt að stunda refsiverða hegðun í skjóli nafnleyndar. Í sumum löndum Evrópu mun þessi háttur ekki vera heimill, t.d. í Noregi. Þá eru vandkvæði þessu samfara tengd hlustun lögreglu á símtölum, einkum í tengslum við rannsóknir fíkniefnabrota. Reynslan hefur sýnt að hinir grunuðu nota iðulega óskráð frelsisnúmer og skipta reglulega um símtæki og símanúmer til að gera lögreglu erfiðara með að hlusta síma þeirra. Óskráð númer eru því skálkaskjól slíkra aðila. Með þessari breytingu er reynt að sporna við þessu.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu í a-lið, sem er nýmæli, er gert ráð fyrir heimild til handa lögreglu til að afla upplýsinga, án úrskurðar dómara, um eiganda ákveðins símanúmers og notenda IP-talna með

formlegri beiðni þar um. Heimildin nær ekki til aðgangs að upplýsingum um innihald fjarskiptanna eða aðrar tengingar, til þess þarf áfram heimild dómstóla.

Fjarskiptafyrirtæki hafa krafist úrskurðar dómara á grundvelli 86. og 87. gr. laga nr. 19/1991 sem skilyrði þess að þau afhentu upplýsingar um leyninúmer en það eru þau númer kölluð sem notandi hefur óskað eftir að verði ekki getið í opinberum símaskrám. Ástæður þess að notendur símanúmera kjósa að vera utan opinberra skráa eru ýmsar, t.d. að forðast ónæði eða ofsóknir frá öðrum. Með leyninúmerum er ekki ætlunin að koma mönnum undan rannsókn opinberra mála eða að torvelda rannsóknir brota.

Hið sama gildir um IP-tölur sem eru nokkurs konar símanúmer á internetinu. IP-tölum má fletta upp á internetinu. Þar eru þær í flestum tilfellum skráðar á þau fyrirtæki sem eiga rétt yfir þeim. Oftast er um að ræða aðila sem selja aðgang að internetinu til annarra. Fram að þessu hefur verið litið svo á af hálfu fjarskiptafyrirtækjanna að upplýsingar um notanda IP-tölu falli undir fjarskiptaleynd og með þær skuli fara sem aðrar upplýsingar um fjarskipti. Af þessu hefur hlotist nokkur fjöldi mála þar sem lögregla hefur leitað úrskurðar um það eitt hver sé notandi IP-tölu með því álagi sem því fylgir fyrir réttarkerfið. Þótt fallist sé á að ýmsar persónulegar upplýsingar séu bundnar við efni fjarskipta og í skrám yfir tengingar fjarskiptatækja hvert við annað eru engar slíkar upplýsingar bundnar við IP-tölur. Auk þess yrðu upplýsingar sem þessar eingöngu aðgengilegar lögreglu með þessum hætti.

Um 10. gr.

Breytingin í a-lið miðar að því að leyfisbréf fyrir talstöðvar í landi svo og radíóstöðvar í flugvélum verði án tímatakmörkunar en þau hafa verið það fram að gildistöku núgildandi laga. Ekki eru eða hafa verið rök til þess að binda leyfisbréf í framangreindum tilvikum við ákveðin gildistíma og regluleg endurnýjun þessara leyfa, t.d. á 5 eða 10 ára fresti, er með öllu þarflaus.

Gildistími er hins vegar eðlilegur og sjálfsagður í ýmsum öðrum tilvikum, t.d. þegar um leyfisbréf fyrir fastasambönd, útvarp o.fl. er að ræða.

Breytingin í b-lið miðar að því að ekki þurfi leyfisbréf fyrir lágaflsbúnaði þó að hann fari yfir 50 milliwött ef hann vinnur á skilgreindum tíðnisviðum sem Póst og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt að nota megi í þessu skyni.

Á Evrópska efnahagssvæðinu gilda mjög vel skilgreindar reglur um lágaflsbúnað sem vinnur á skilgreindum tíðnisviðum og ekki þarf leyfisbréf fyrir. Þessar reglur er að finna í „ERC RECOMMENDATION 70-03“ sem er uppfærð reglulega og öllum aðilum á markaðinum aðgengileg í miðlægum gagnagrunni hjá Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO, www.ero.dk).

Breytingin í c-lið miðar að því að tryggja að seljendur leyfisskylds þráðlaus búnaðar tilkynni um eiganda (kaupanda) búnaðarins til Póst- og fjarskiptastofnunar. Hingað til hafa innflytjendur sent umbeðnar upplýsingar um kaupendur til Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt ákvæðum í 8. gr. reglugerðar um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvaþjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu nr. 336/1984. Ákvæði 8. gr. leggja mjög ákveðnar skyldur á innflytjendur að upplýsa stofnunina um kaupendur. Ákvæði í núgildandi lögum, sem skylda innflytjendur til þess að veita þessar upplýsingar, eru óljós. Vafi leikur því á um lagastoð fyrir þessari skyldu og er úr því bætt hér.

Einkum er átt við talstöðvar, sem nota sérúthlutaðar tíðnir (á VHF-, UHF-tíðnisviði). Í reynd hafa seljendur talstöðva tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um kaupendur stöðvanna og byggist útgáfa leyfisbréfa á þeim upplýsingum.

Um 11. gr.

Í 71. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, er fjallað um vernd fjarskiptavirkja. Þar er m.a. að finna nokkur ákvæði um fjarskiptastrengi í sjó. Í 5., 6., 8. og 9. mgr. er kveðið á um að sæfarendur sýni aðgæslu og varúð, um bótaskyldu vegna tjóns og jafnframt er kveðið á um að sæfarendur haldi sig innan ákveðinnar fjarlægðar frá streng við lagningu og viðgerð (1/4 úr mílu). Þessar takmarkanir gilda aðeins við lagningu og viðgerð á streng og eru því ekki „varanlegar".

Einnig er ákvæði í 5. mgr. 10 gr. laga nr. 132/1999, um vitamál, þar sem kveðið er á um að afla verði heimildar Siglingamálstofnunar Íslands áður en strengir eru lagðir og að stofnunin leiti umsagnar hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þá er einnig kveðið á um það í 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Þá er að finna í d-lið 325. gr. reglugerðar nr. 264/1971, um raforkuvirki, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 131/1991, ákvæði um veiðibann, en þar segir:

„Öllum skipum er bannað að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni, eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum o.þ.h. á svæðum þar sem sæstrengir liggja. Svæði þetta er að jafnaði 400 metra breitt, eða 200 metra belti hvoru megin sæstrengs. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri á svæðum þessum." (Hvað varðar bann við veiðum við Vestmannaeyjar þá helgast það af reglugerð nr. 732/1997 sem sett er af sjávarútvegsráðuneytinu, þar sem veiðar með öllum veiðarfærum eru bannaðar á svæði þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggja milli lands og Vestmannaeyja frá 1. janúar 1998. Reglugerðin er sett með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.)

Í núverandi reglum er ekkert sem bannar veiðar eða skyldar sjófarendur til að halda sig í tilgreindri lágmarksfjarlægð frá fjarskiptastrengjum með sama hætti og gert er t.d. í reglugerðinni um raforkuvirki. Strengirnir eru mikilvæg tenging landsins við umheiminn og öll röskun á hagnýtingu þeirra getur haft víðtækar og kostnaðarsamar afleiðingar. Viðgerð á þeim getur auk þess tekið frá 10 dögum upp í þrjár vikur. Ekki er talið að fullnægjandi séu tilmæli um aðgæslu eins og nú er heldur verði að hafa skýrt ákvæði sem bannar notkun veiðarfæra sem ná til botns eða geta skaðað fjarskiptastrengi.

Ákvæðið skýrir sig sjálft en því er ætlað að vernda fjarskiptastrengi í landhelgi og innan efnahagslögsögunnar, sbr. 4. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Loks er lögð til orðalagsbreyting til samræmis við breytinguna í a-lið.

Um 12. gr.

Með breytingunni er verið að samræma hugtakanotkun, þ.e. að markaðsstyrkur komi í stað markaðshlutdeildar. Samkvæmt lögum um fjarskipti, nr. 107/1999, voru ýmsar skyldur sem féllu á fyrirtæki með umtalsverð markaðshlutdeild. Fyrirtæki sem höfðu yfir 25% hlutdeild féllu almennt í þennan flokk. Hugtakið „umtalsverð markaðshlutdeild" var notað áfram í lögum nr. 81/2003, en inntaki þess var verulega breytt. „Umtalsverð markaðshlutdeild" í skilningi laga nr. 81/2003 er, skv. 18. gr., efnahagslegur styrkleiki fyrirtækis á ákveðnum markaði sem gerir því kleift að hindra virka samkeppni og starfa að verulegu leyti án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Við mat á þessum styrkleika er markaðshlutdeild aðeins einn af mörgum þáttum sem koma til skoðunar. Það er til þess fallið að valda misskilningi að nota orðin „umtalsverð markaðshlutdeild" um mat á styrkleika fyrirtækis á markaði. Skýrara er að tala um „umtalsverðan markaðsstyrk" í þessu sambandi. Það er heppilegra orðalag og í samræmi við orðalag þeirra evrópsku tilskipana sem lögin byggjast á.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

Með frumvarpinu er lagt til að fyrir Alþingi verði lögð tillaga til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun til næstu ára. Einnig eru settar fram kvaðir á fjarskiptafyrirtæki, svo sem um búnað, sýnilegan kostnað og upplýsingamiðlun til lögreglu. Kostnaður við gerð fjarskiptaáætlunar mun rúmast innan núverandi fjárheimilda samgönguráðuneytisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1103. Fyrirspurn [739. mál]

til dómsmálaráðherra um flutning fíkniefnaleitarhunda milli Norðurlandanna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur verið kannað hvort unnt er að gera starfsmönnum með fíkniefnaleitarhunda kleift að fara á mót á Norðurlöndum, þar sem slíkir hundar eru m.a. þjálfaðir, og hvort hægt væri að halda þess háttar mót hérlendis?
2. Hvernig er farið með þessi mál annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

1104. Fyrirspurn [740. mál]

til landbúnaðarráðherra um hunda og sóttvarnir.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur verið skoðað hvort óhætt sé að breyta sóttvarnalögum þannig að unnt verði að flytja hunda hingað til lands annars staðar að af Norðurlöndum án þess að þeir þurfi að fara í sex vikna sóttkví?
2. Hvaða breytingar þyrfti að gera á sóttvarnalögum í þessu skyni?
3. Eru íslensk lög og reglugerðir um hundahald og innflutning hunda ólík því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?

4. Eru gerðar aðrar kröfur hérlendis um heilbrigðisvottorð hunda en gerðar eru annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

1105. Svar [491. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um kostnað við lögfræðiálit.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað greiddi forsætisráðuneytið fyrir lögfræðiálit Eiríks Tómassonar frá 23. janúar sl., sem samið var fyrir ráðuneytið, um lögmæti ákvörðunar um að styðja tafarlausa afvopnun Íraks?

Því er til að svara að þóknun fyrir umrætt lögfræðiálit nam 74.700 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti og hefur ráðuneytið innt þann kostnað af hendi.

1106. Fyrirspurn [741. mál]

til utanríkisráðherra um stuðning við börn á alþjóðavettvangi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að íslensk stjórnvöld móti stefnu um að sú aðstoð sem landið veitir á alþjóðavettvangi beinist að börnum?
2. Sér ráðherra meinbugi á að slík stefna sé mótuð?

1107. Fyrirspurn [742. mál]

til umhverfisráðherra um kóngakrabba.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hyggjast stjórnvöld grípa til einhverra fyrirbyggjandi aðgerða til að hindra að kóngakrabbi (*Paralithodes camtschaticus*) berist frá ströndum Noregs yfir í landhelgi Íslands?

1108. Fyrirspurn [743. mál]

til umhverfisráðherra um kanínubyggð í Vestmannaeyjum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum kanína á fuglalíf í Vestmannaeyjum og ef svo er, hverjar eru þá helstu niðurstöður þeirra?
2. Hafa stjórnvöld aðhafst eitthvað til að stemma stigu við útbreiðslu kanína í Vestmannaeyjum?
3. Hyggjast stjórnvöld grípa til aðgerða til að útrýma kanínum í Vestmannaeyjum?

1109. Fyrirspurn [744. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktunar um stofnun sædýrasafns.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 27. maí 2004 þar sem ríkisstjórninni var falið að kanna kosti og hagkvæmni þess að byggt verði upp veglegt sædýrasafn og skila skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005?

1110. Tillaga til þingsályktunar [745. mál]

um atvinnulíf í litlum samfélögum.

Flm.: Katrín Ásgrímsdóttir, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa breiðan faghóp sem geri tillögu að ítarlegri áætlun til lausnar þess vanda sem skapast þegar stórir vinnustaðir í litlum samfélögum hætta starfsemi.

Greinargerð.

Sú staða kemur af og til upp að vinnustaðir sem veita stórum hluta íbúa lítilla samfélaga viðurværi hætta starfsemi. Líklegt má telja að slík staða eigi eftir að koma upp í framtíðinni í minni samfélögum, ekki síst sjávarbyggðum, og er hún í vissum tilfellum óhjákvæmilegur fylgifiskur hagræðingar í grunnatvinnugreinum þjóðarinnar. Mikilvægt er að bregðast með mjög ákveðnum og skipulögðum hætti við slíkri stöðu þannig að íbúar minni samfélaga geti gengið að því vísu að við taki samræmd áætlun þegar fótunum er kippt undan grunnatvinnuvegi viðkomandi samfélags.

Hér á landi hefur við slíkar aðstæður verið gripið til aðgerða af hálfu iðnaðarráðherra og heimamanna. Úrræðin hafa verið mismunandi á milli staða og sums staðar hefur tekist ágæt-

lega til. Víða í nágrannalöndunum hefur slík staða einnig komið upp og finna má mjög góð dæmi þar sem tekist hefur að byggja upp ný tækifæri með endurmenntun starfsmanna og með samstilltu átaki ríkis og mennta- og rannsóknastofnana. Mikilvægt er að tekið verði á sama hátt á málum hér. Ætla má að með samhæfðu, fyrir fram skipulögðu ferli megi ná enn betri árangri hérlendis. Það gæti bæði tryggt lífsgrundvöll fólks í minni samfélögum út um land betur en nú er og einnig betri sátt um grunnatvinnuvegina.

1111. Tillaga til þingsályktunar [746. mál]

um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í fjarskiptamálum á tímabilinu 2005–2010 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka:

1. Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.
2. Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.
3. Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.
4. Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.
5. Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um allt land.
6. Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.
7. Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.
8. Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.
9. Öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.
10. Öryggi netsins verði bætt svo að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.
11. Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðarumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.
12. Stuðlað verði að lækkun einingaverðs í fjarskiptatengingum milli landa.
13. Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.
14. Stuðlað verði að bættu aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.
15. Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.

Enn fremur verði unnið að eftirfarandi markmiðum:

Forskot.

1. Íslensk fyrirtæki og stofnanir nái forskoti á aðrar þjóðir í að hagnýta fjarskiptatækni í þjónustu- og framleiðslugreinum.
2. Skerpt verði á ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkt með því staða þess í samkeppni um erlendar fjárfestingar.

3. Notuð verði bætt fjarskipti til að vega á móti jaðaráhrifum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í alþjóðaviðskiptum.

Háhraðavæðing.

1. Allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingu árið 2007.
2. Allar framhaldsskóla-, háskóla- og rannsóknastofnanir samnýti 2,5 Gb/s tengingu til útlanda árið 2006.
3. Allir framhaldsskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):
   a. Árið 2006 100–1.000 Mbps.
   b. Árið 2007/2008 1 Gbps.
4. Allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):
   a. Árið 2006 10–100 Mbps.
   b. Árið 2007/2008 100–1.000 Mbps.
5. Allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð stofnunar):
   a. Árið 2006 10 Mbps.
   b. Árið 2007 100–1.000 Mbps.
   c. Árið 2010 1 Gbps.
6. Íslensk löggjöf um höfundarétt þróist í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með tilliti til hagsmuna neytenda og rétthafa. Framboð efnis á háhraðanetum verði aukið.

Farsamband.

1. GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum, sbr. samþjónustumarkmið fyrir árið 2006.
2. Háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006.
3. Langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.

Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp.

1. Stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.
2. Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.
3. Boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005.
4. Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna árið 2007.
5. Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010.
6. Stjórnvöld tryggi sjónvarpsstöðvum sem hafa skyldur við almenning aðgengi að lokuðum dreifikerfum.

Öryggi og persónuvernd.

1. Leiðbeiningum og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni verði miðlað til neytenda.
2. Stofnaður verði vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu.
3. Skilgreind verði skýr öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta. Eftirfylgni verði tryggð.
4. Skilgreint verði hvaða kröfur um gæði og rekstraröryggi á að gera til netþjónustuaðila.

5. Gert verði áhættumat um tengingu landsins við útlönd og tryggt að öryggismálum verði þannig háttað að tenging rofni ekki. Lágmarksþjónusta og viðbragðsáætlun verði skilgreindar ef bregðast þarf við bilun eða ógn, t.d. ef tenging um sæstreng rofnar.
6. Hlutverk Almannavarna hvað varðar virkni fjarskiptaneta verði skilgreint og tryggt að vernd fjarskiptavirkja verði í samræmi við kröfur stjórnvalda.
7. Sett verði fram og framfylgt aðgerðaáætlun um hvernig megi verjast ruslpósti.
8. Almenningur verði upplýstur um rétt sinn til friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, þær hættur sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér og viðbrögð við þeim.

Samkeppnishæfni.

1. Stuðlað verði að samkeppni milli fjarskiptaneta þar sem það er hagkvæmt.
2. Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.
3. Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.
4. Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki.
5. Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem henta þeim.
6. Breytt verði byggingarreglugerð þannig að:
   a. húsbyggjanda verði skylt að sjá til þess að lögð séu ídráttarrör fyrir ljósleiðara að nýbyggingum,
   b. öllum fjarskiptafyrirtækjum sé heimilt að leggja háhraðalagnir (t.d. ljósleiðara) um lögnina að uppfylltum skilyrðum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum sem hér er flutt er samin af stýrihópi sem samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, skipaði í ársbyrjun 2004 til að vinna að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir tímabilið 2005–2010. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, var skipaður formaður en aðrir í hópnum voru Bergþór Ólason, aðstoðarmaður samgönguráðherra, Guðbjörg Sigurðardóttir, verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu, og Karl Alvarsson, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu. Starfsmaður stýrihópsins var Þorsteinn Helgi Steinarsson verkfræðingur. Við það var miðað að áætlunin geri tillögur um aðgerðir á sem flestum sviðum fjarskipta- og upplýsingatækni ásamt tillögum um tímamörk og kostnað við áætlunina.

Með áætluninni er stefnt að því að móta heildarstefnu í fjarskiptamálum. Markmiðið er að leggja grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með því að beita fjarskipta- og upplýsingatækni.

Stýrihópurinn hafði samráð við hagsmunaaðila til að mynda brú til þeirra sem annars ættu ekki aðild að þessu mikilvæga starfi. Óskað var eftir tilnefningum í samráðshópinn frá 27 aðilum. Haldnir voru fundir með samráðshópnum sem einnig fékk drög að áætluninni til umsagnar. Auk þess var opnað sérstakt umræðuþing á heimasíðu samgönguráðuneytisins (www.malatorg.is) sem gerði almenningi og öðrum hagsmunaaðilum mögulegt að koma að skoðunum sínum um gerð og innihald fjarskiptaáætlunar. Stýrihópnum var í starfi sínu gert að hafa samráð við sérstakan vettvang hagsmunaaðila og leita m.a. þar sjónarmiða og tillagna um aðgerðir.

Í samráðshópnum voru:

Menntamálaráðuneytið: Valur Árnason.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: Ingimar Einarsson.
Þingflokkur sjálfstæðismanna: Einar K. Guðfinnsson.
Þingflokkur framsóknarmanna: Kristinn H. Gunnarsson.
Þingflokkur Samfylkingarinnar: Jóhann Ársælsson.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð: Ragnar Óskarsson.
Ríkisútvarpið: Eyjólfur Valdimarsson.
Norðurljós: Alfreð Halldórsson.
Frisk (Friðrik Skúlason): Erlendur S. Þorsteinsson.
Skýrr ehf.: Magnús Böðvar Eyþórsson.
Og fjarskipti: Pétur Pétursson.
Snerpa: Björn Davíðsson.
eMax: Eggert Skúlason.
Fjarski: Magnús Hauksson.
Lína.net ehf.: Ásbjörn Torfason.
Radíómiðun ehf.: Jóhann H. Bjarnason.
Svar ehf.: Rúnar Sigurðsson.
Vegagerðin: Gunnar Linnet.
Ferðamálaráð Íslands: Elías Bj. Gíslason.
Byggðastofnun: Þórarinn Sólmundarson.
Neytendasamtökin: Íris Ösp Ingjaldsdóttir.
Bændasamtökin: Jón Baldur Lorange.
Samband íslenskra sveitarfélaga: Björn Ingi Sveinsson.
Landssíminn: Bergþór Halldórsson.
Samtök atvinnulífsins: Guðni B. Guðnason, Guðfinnur Johnsen.

1. GERÐ FJARSKIPTAÁÆTLUNAR

Verulegar breytingar hafa átt sér stað í fjarskiptamálum á undanförnum árum hér á landi sem annars staðar í Evrópu með samræmdri fjarskiptalöggjöf. Hefur það m.a. leitt til afnáms einkaréttar og samkeppni á fjarskiptamarkaði. Með breytingunum var lagður grunnur að einkavæðingu ríkisrekinna símafyrirtækja og er sala Landssíma Íslands eðlilegt framhald af því ferli. Sú tíð er liðin að stjórnvöld geti beitt fyrirtækinu til að framkvæma stefnu sína í fjarskiptum. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld setji fram stefnuna með skýrum hætti og er það m.a. gert með fjarskiptaáætlun.

Í ljósi þessa ákvað samgönguráðherra í ársbyrjun 2004 að ráðist yrði í gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010 og að með henni yrðu lögð drög að heildstæðri stefnu í fjarskiptamálum. Ákveðið var að skipa til starfsins sérstakan stýrihóp sem unnið hefur að verkefninu síðan. Á tímabilinu frá því að vinna að áætluninni hófst hefur verið hröð þróun á fjarskiptamarkaði hér á landi. Fjarskiptafélög, sem og fjölmiðlafyrirtæki, hafa verið yfirtekin eða sameinast. Ný þjónustufyrirtæki hafa orðið til og samruni fjarskipta, upplýsingatækni og fjölmiðlunar er á slíkum ofurhraða að ekki varð fyrir séð. Þetta hefur m.a. leitt til nokkurra breytinga á áætluninni á tímabilinu og seinkað gerð hennar.

Í fjarskiptaáætluninni er skilgreind nánar aðkoma og markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára, auk þess sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu í ljósi alþjóðlegrar þróunar. Með samræmdri stefnumótun er stefnt að því að auka samkeppnishæfni landsins og stuðla að framþróun atvinnulífs og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna. Einnig er lögð áhersla á að aðgengi að

fjarskiptum er mikilvægt fyrir alla landsmenn og fjallað um með hvaða hætti aðstaða landsmanna hvað varðar aðgengi að fjarskiptum verði jöfnuð.

2. FRAMTÍÐARSÝN

Straumar og stefnur.

Íslendingar hafa sett sér það markmið að vera í fremstu röð þjóða í að nýta upplýsingatækni og tryggja framþróun með tækifæri einstaklingsins og velferð hans að leiðarljósi. Öflug fjarskipti eru leið að þessu markmiði. Við samruna fjarskipta, upplýsingatækni og fjölmiðlunar eykst fjölbreytni í þjónustu, óháð landamærum, og ný tækifæri skapast fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Kröfum neytenda um aukið val, bætt aðgengi og þjónustu, óháð stað og stund, verður best mætt með virkri samkeppni í alþjóðlegu umhverfi. Hlutverk stjórnvalda verður m.a. að setja leikreglur á markaði og tryggja eftirlit með því að þeim sé fylgt, öllum landsmönnum til hagsbóta.

Orðskýringar.

Fastanet er fjarskiptanet þar sem notandinn er bundinn við ákveðinn stað. Tenging getur verið gegnum kapal eða stefnuvirkt/fast loftnet.

Farnet er fjarskiptanet þar sem notandinn getur ferðast um innan svæðis (upp að vissum hraða) án þess að missa samband. Farsímanet falla í þennan flokk, en þau eru að þróast yfir í gagnanet og því þykir réttara að tala um farnet.

IP (e. Internet Protocol) er samskiptastaðall þar sem tölvugögn, myndir eða tal er brotið niður í litla pakka sem sendir eru yfir netið.

Tölvu-, farsíma- og netnotkun er orðin órjúfanlegur hluti af daglegu lífi flestra Íslendinga. Erfitt er að ímynda sér nútímaviðskipti án tölvupóstsendinga, upplýsingamiðlunar á netinu eða farsímasambands. Þessi þróun á sér stutta sögu.

- 16 ár (1989) eru síðan stafrænt samband, m.a. fyrir internetið, var opnað til útlanda en einungis tveimur árum fyrr hafði gagnaflutningsnet verið opnað hér á landi.
- 11 ár (1994) eru síðan GSM-farsímakerfið var tekið í notkun hér og Cantat-sæstrengurinn opnaður.
- 7 ár (1998) eru síðan samkeppni hófst í GSM-þjónustu.
- 1 ár (2004) er síðan FarIce-sæstrengurinn var tekinn í notkun.

Á síðustu árum hefur stafræn tækni smám saman verið að ryðja hliðrænni tækni af markaði á ýmsum sviðum notendabúnaðar. Þannig hafa geisladiskar tekið við af segulböndum og hljómplötum og DVD-diskar af myndböndum. Stafrænar útsendingar sjónvarps eru af sama meiði. Gamla tæknin er notuð meðan búnaðurinn endist, en framboð þjónustu og efnis beinist í sívaxandi mæli að stafrænum lausnum.

Stafræn tækni er margbreytileg og keppt er um hylli neytenda með mörgum nýjungum sem hannaðar eru samkvæmt mismunandi stöðlum. Erfitt er að sjá fyrir hvaða lausnir verða ofan á. Þó er hægt að greina nokkrar meginlínur:

- Samskiptastaðall internetsins (Internet Protocoll, skammstafað IP) er að ná yfirhöndinni í fjarskiptum.
- Flutningur hljóð- og myndefnis (sjónvarps) og talsímasambands er í vaxandi mæli að færast yfir á IP-net.

- Þau dreifikerfi sem eru fyrir hendi munu þróast og verða í notkun í mörg ár enn. Til lengri tíma litið verður þörf fyrir aukinn hraða í gagnasendingum og má ætla að ljósleiðari inn í hús verði hagkvæmasta leiðin til að tryggja þá bandbreidd sem almenningur og fyrirtæki krefjast[1].
- Þjónusta sem veitt er í farsíma og um þráðlaus net mun í auknum mæli verða samhæfð milli neta þannig að símtöl og önnur þjónusta verða flutt sem gögn óháð gerð farnetsins (4G).
- Sams konar þjónusta verður aðgengileg yfir fastanet og farnet. Upplýsingaveitur munu laga þjónustu að þeim búnaði sem endanotandinn hefur. Framtíðarsýnin er *alnánd*[2], þ.e. aðgangur að þjónustu alltaf, alls staðar og óháð tegund nets.
- Með aukinni útbreiðslu IP-kerfa fyrir talsíma og sjónvarpsdreifingu opnast leiðir til að veita þjónustu erlendis og fyrir samkeppni frá útlöndum. Forsendan er að næg og trygg bandbreidd sé til útlanda á samkeppnishæfu verði.

Eins og símtæknin þróast bendir allt til þess að IP-væðingin nái yfirhöndinni og að það muni leiða til lægra verðs og meiri fjölbreytni í þjónustu. Farsímakerfin munu þróast í sömu átt[3].

Sýnt hefur verið fram á að fjarskiptatækni og þjónusta á fjarskiptanetum skiptir miklu máli fyrir hagvöxt í nútímaþjóðfélagi. Fyrirsjáanlegt er að þróun í upplýsinga- og fjarskiptatækni verður áfram ör og ein af grunnstoðum hagvaxtar. Íslendingar eru þegar í fremstu röð í að nýta sér þessa tækni. Það er staða sem verðugt er að viðhalda og nýta til atvinnuuppbyggingar og framsóknar á nýjum sviðum.

Hvaða hraði nægir?

Fjarskiptanotkun skiptist í tal, gagnaflutning, sérþjónustu og útvarp (hljóð og mynd). Gera má ráð fyrir að meðalnotandi þurfi innan fárra ára að nota milli 10 og 20 Mbps í ýmsa þjónustu af þessu tagi, en að notkunin aukist samhliða því að framboð og miðlun á gagnvirku efni eykst, m.a. frá notandanum sjálfum. Við þetta bætist að framboð á myndefni af meiri gæðum (mikilli upplausn) mun aukast, en það krefst aftur meiri bandbreiddar. Almennt má segja að meiri bandbreidd til notenda leiði af sér nýja þjónustu, sem aftur krefst aukinnar bandbreiddar, og svo koll af kolli. Það er því líklegt að eftirspurn eftir bandbreidd aukist ár frá ári. Á móti þessu vega framfarir í gagnaþjöppunartækni. Sem dæmi má nefna að nú er unnt að dreifa háskerpusjónvarpi með 7 Mbps bandbreidd í stað 20 Mbps fyrir fáum missirum. Í töflu 1 er spáð fyrir um þróun hraða í fasta- og farnetum.

---

1 Þróun í nýrri þjónustu, þar sem sífellt er flutt meira af myndefni til og frá notanda bæði sem gagnastraumur og sem skyndiafhending stórra skráa, ýtir undir kröfur um meiri bandbreidd.

2 Á ensku er talað um ubiquitous network.

3 Sbr. t.d. UMTS-5 sem er IP6 samhæfð fyrir bæði tal og gögn.

Tafla 1. Viðmið fyrir háhraða.

Orðskýringar.

Í þessum athugasemdum er hugtakið háhraði mikið notað. Skilgreiningar á háhraða eru margar og í raun síbreytilegar eftir því sem tækninni fleygir fram. Hér er talað um háhraða ef hann er jafn eða meiri en viðmið í töflunni hér að neðan. Háhraði er í efri mörkum þess flutningshraða sem almenningi í þéttbýli býðst á viðráðanlegu verði á hverjum tíma.

Ár	Mbps í fastaneti, til og frá	Kbps í farneti, til og frá
2002	0,2	8 og 8
2003	0,5 og 0,2	64 og 10
2004	2 og 0,3	64 og 10
2005[4]	5 og 1	64 og 10
2006	20 og 5	300 og 64
2007	50	300 og 64
2008	100	300 og 64
2009	100+	1000 og 300
2010	100+	1000 og 300

Viðmið „háhraða“ fyrir árið 2010 er yfir 100 Mbps til og frá notanda í fastaneti en einungis 1 Mbps til og 300 kbps frá notanda í farneti. Í fastanetum er því spáð að framboð á heimtaugum úr ljósleiðara aukist.

Þessum tölum ber að taka með fyrirvara, enda er um spá að ræða með mikilli óvissu varðandi tækni, þjónustu og notkun á háhraðanetum.

Fyrirtæki á fjarskiptamarkaði hafa um nokkurt skeið lagt ljósleiðara í þéttbýli samfara öðrum framkvæmdum. Líklegt er að ljósleiðari heim í hús verði aðgengilegur í æ ríkara mæli, a.m.k. í þéttbýli, og sennilegt er að hann muni smám saman leysa af hólmi aðra tækni í aðgangsneti. Uppbygging og notkun annarrar tækni fyrir fastanet skipta engu síður miklu máli þar til þjónustumarkaður hefur þróast og eftirspurn eftir bandbreidd eykst.

3. STEFNUMÓTUN

Stefna.

Íslendingar verði í fremstu röð þjóða með hagkvæma, örugga, aðgengilega og framsækna fjarskiptaþjónustu.

Breytt umhverfi – ný nálgun.

Í fjarskiptaáætlun er fyrst og fremst rætt um uppbyggingu fjarskiptaneta. Samsvörun er á milli samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar að því leyti að líta má á netkerfin sem vegakerfi upplýsingasamfélagsins. Fjarskipti hafa þróast ört síðasta áratuginn. Sú þróun hefur bæði verið í tæknilegu umhverfi þar sem fjarskipti, tölvutækni og fjölmiðlun eru að renna saman og í lögbundnu markaðsumhverfi fjarskipta sem tekur mið af samræmdu regluverki

[4] Reynt er að spá fyrir um bandbreidd fyrir árin 2005–2010. Spáin er háð mörgum óvissuþáttum og er einungis sett fram sem viðmið við gerð fjarskiptaáætlunar. Byggt er á mati á tækniþróun og spám um dreifingu á háskerpusjónvarpi og öðru myndefni um háhraðanet og nýja þjónustu og þjóðfélagsbreytingar sem sú þróun hefur í för með sér.

Evrópusambandsins. Ljóst er að öflugt fjarskiptakerfi er ekki einungis mikilvægt fyrir samskipti og öryggi heldur er það einnig veigamikill þáttur í efnahagslegum framförum[5].

Allt frá byrjun síðustu aldar voru öll fjarskipti á forræði ríkisins. Landssíma Íslands (áður Póst- og símamálastofnun) var falið að framfylgja stefnu stjórnvalda og byggja upp fjarskiptakerfi um allt land og gerði það vel. Stofnunin hafði einkarétt til fjarskipta og var um leið stjórnvald á því sviði. Samræmd Evrópulöggjöf hefur kallað á víðtækar breytingar, m.a. aukna samkeppni og afnám einkaréttar á fjarskiptamarkaði[6]. Með því var lagður grunnur að einkavæðingu ríkisrekinna símafyrirtækja og sala Landssíma Íslands er eðlilegt framhald af því. Stjórnvöld geta ekki lengur falið Landssímanum að framkvæma stefnumið sín. Því er nauðsynlegt að setja þá stefnu fram með skýrum hætti í fjarskiptaáætlun.

Miklar breytingar hafa orðið í tæknilegu umhverfi fjarskipta, sérstaklega eftir tilkomu internetsins. Samruni talsíma, hljóðvarps, sjónvarps og annars gagnaflutnings í einu dreifikerfi er orðinn raunhæfur möguleiki og kominn til framkvæmda að nokkru leyti. Þetta hefur m.a. haft þau áhrif að áskrifendum „venjulegs heimilissíma" fækkar. Símtölum í heimilissímakerfinu fækkar líka mikið[7]. Ekki má þó vanmeta mikilvægi heimilissímans eins og við þekkjum hann nú og má gera ráð fyrir að hann verði við lýði í mörg ár enn.

Breytt umhverfi fjarskipta leiðir til gjörbreyttar aðkomu stjórnvalda að málaflokknum. Þau verða að tryggja laga- og viðskiptaumhverfi sem tekur mið af samkeppnisreglum. Gæta þarf jafnræðis og gagnsæis þegar teknar eru ákvarðanir er snúa að fjarskiptafyrirtækjum og örva þarf samkeppni. Jafnframt þurfa stjórnvöld að gæta hagsmuna og réttinda neytenda, stuðla að jöfnun verðs og tryggja almenna grunnþjónustu. Mikilvægt hlutverk ríkisins er að hafa eftirlit með fjarskiptum. Um leið eru stjórnvöld stærsti einstaki kaupandinn að fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptalöggjöfin setur stjórnvöldum skorður um afskipti af fjarskiptamarkaði og takmarkar einnig möguleika þeirra til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki umfram þær sem þegar er kveðið á um í löggjöfinni[8].

Úrræði ríkisins í markaðsumhverfi.

Úrræði sem stjórnvöld hafa til að ná fram markmiðum sínum takmarkast af lögum og almennum samkeppnissjónarmiðum. Helstu úrræði ríkisins eru:

---

5 Sjá t.d. *The Economic Impact of ICT, Measurement, Evidence and Implications*, OECD 2004; *One Gigabite or Bust, A Broadband Vision for California*, Gartner Inc. 2003; UT-iðnaðurinn skapar nú um 10% af vergum þjóðartekjum, sjá *Upplýsingatækniiðnaður, Helstu þættir framtíðarsýnar og stefnumótunar*, Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, september 2002, bls. 3; *Rethinking the European ICT Agenda*, PriceWaterhouseCoopers, Haag ágúst 2004, bls. 19.

6 Árið 1987 lagði framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (ESB) fram svokallaða grænbók um fjarskiptamál þar sem lagður var grunnur að áætlun um samkeppni á evrópska fjarskiptamarkaðnum og að þróun innri markaðar fjarskiptaþjónustu í Evrópu. Í framhaldi af grænbókinni og öðrum síðari grænbókum hafa ráðherraráð og framkvæmdastjórn ESB látið frá sér fara nokkrar tilskipanir um framkvæmd áætlunarinnar. Þessar og síðari tilskipanir ESB hafa leitt til breytinga á fjarskiptalögum hér, fyrst með lögum nr. 143/1996 (afnám einkaréttar Landssímans), lögum nr. 107/1999 og síðast lögum nr. 81/2003.

7 Sjá tölfræðiupplýsingar á vef Póst- og fjarskiptastofnunar.

8 Heimild í 19. og 20. gr. fjarskiptalaganna vegna alþjónustu, auk almennra ákvæða um heimildir til fjarskiptastarfsemi skv. 6. gr. laganna.

1. Að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki[9].
2. Að hafa forgöngu um að kaupa og innleiða nýja eða framsækna fjarskiptatækni og þjónustu.
3. Að fjármagna verkefni til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum[10] sem stuðla að samkeppnishæfni þjóðfélagsins, enda verði trauðla í þau ráðist af markaðsaðilum. Slíkum verkefnum væri hægt að hrinda í framkvæmd á grundvelli útboða eða tilboða.
4. Útboð á fjarskiptaþjónustu hins opinbera.

Mikilvægt er að undirstrika verkaskiptingu markaðsaðila annars vegar og ríkisins hins vegar. Reynslan sýnir að markaðsöflin sjá sér hag í að veita fjarskiptaþjónustu til 90%–98% landsmanna eftir tegund þjónustu. Dæmi um þetta eru ADSL-þjónusta, GSM-farsímaþjónusta og núverandi dreifing sjónvarps. Þátttaka ríkisins í uppbyggingu fjarskiptaþjónustu afmarkast því við þau verkefni þar sem markaðsaðilar sjá sér ekki fært að veita ásættanlega þjónustu og verð.

Samþjónusta.

Þar sem markaðsaðstæður eru með þeim hætti að fjarskiptafyrirtækin sjá sér ekki hag í að byggja upp nauðsynlega þjónustu geta stjórnvöld á markvissan og gagnsæjan hátt beitt tiltækum úrræðum til að tryggja þjónustu með fullnægjandi gæðum.

Í þessum tilgangi verða skilgreind íslensk viðmið sem eru umfram þau sem reglur Evrópusambandsins kveða á um (alþjónusta).

Tilskipun Evrópusambandsins 2002/22/EB skilgreinir *alþjónustu*[11] sem þá lágmarksþjónustu sem ákveðnum rekstraraðila tal- og gagnaflutninga er skylt að veita öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu. Fyrrgreind tilskipun heimilar ekki að lagðar verði kvaðir á fjarskiptafyrirtæki til að veita þjónustu umfram alþjónustu. Því verður að leita annarra leiða vilji stjórnvöld útvíkka þann ramma.

Aðgengi að upplýsingasamfélaginu er ein af forsendum byggðar í landinu. Til að tryggja öllum landsmönnum slíkt aðgengi er sú leið farin að skilgreina viðmið hér á landi umfram alþjónustu. Þessi nýju íslensku viðmið kallast *samþjónusta*.

Til samþjónustu telst þjónusta í fastaneti, GSM-farsímaþjónusta og sjónvarpsdreifing, sbr. eftirfarandi:

- Almenningi standi til boða háhraðatenging á heimili sínu í samræmi við háhraðaviðmið hverju sinni[12] til flutnings á tali, mynd og gögnum[13].
- GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum.
- Dreifing sjónvarpsdagskrár RÚV, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.

---

9 Heimild í 19. og 20 gr. fjarskiptalaganna vegna alþjónustu.

10 Sbr. 23. gr. fjarskiptalaga, nr. 81 frá 2003.

11 Til alþjónustu telst hefðbundin þjónusta, svo sem talsímaþjónusta og gagnaflutningur með allt að 128 kbps hraða. Krafan um aðgengi að alþjónustu er uppfyllt hérlendis ef undan eru skildir um 70 sveitabæir sem ekki njóta 128 kbps tengihraða. Kostnaður við tengingar þar er hár eða um 2 milljónir á tengingu. Víðast í þéttbýli er nú unnt að fá 2–3 Mbps tengihraða.

12 Tafla 1. Viðmið fyrir háhraða.

13 Fyrirséð er að gagnvirku stafrænu sjónvarpi verði m.a. dreift um háhraðanet.

Viðmið samþjónustu þarf að *endurskoða* reglulega til jafns við almenna þróun í tækni og þjónustu og almennan tengihraða sem er í boði í þéttbýli.

Rétt er að benda á að landsmenn eiga lögbundinn rétt á að fá þá þjónustu sem skilgreind er sem alþjónusta. Samþjónusta skilgreinir hins vegar markmið stjórnvalda um aðgengi að fjarskiptaþjónustu. Útfærsla samþjónustunnar veltur á ýmsum þáttum, ekki síst því fjármagni sem varið verður til þessara verkefna á fjárlögum á hverjum tíma.

Með því að skilgreina ný og metnaðarfyllri lágmarksviðmið fyrir fjarskiptaþjónustu vilja stjórnvöld fyrst og fremst flýta uppbyggingu þjónustu þar sem hún er lökust, þ.e. í strjálbýli, á miðum og á ferðamannastöðum. Hætta er talin á því að landsbyggðin sitji eftir í örri þróun fjarskipta eða að uppbygging þar verði dýrari en ella. Því eru sett fram samræmd markmið um lágmarksþjónustu sem fullnægir kröfum nútímaþjóðfélags.

Aðgengi fatlaðra.

Aðgengi fatlaðra að fjarskiptum er mikilvægt. Í 19. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um að til alþjónustu teljist þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir. Mikilvægt er að þau tækifæri sem skapast með þróun fjarskipta og samrunanum nýtist öllum, þ.m.t. fötluðum. Íslensk stjórnvöld taka m.a. þátt í samstarfi Norðurlandaþjóða um málefni fatlaðra í fjarskiptum. Markmið þess er að miðla upplýsingum til fatlaðra um þróun fjarskipta í upplýsingasamfélaginu.

Markmið.

Hér eru dregin saman á einn stað þeir þættir sem stjórnvöld leggja áherslu á í fjarskiptum og þróun þeirra. Nánar er fjallað um þá hér á eftir.

Tækifæri til ná forskoti.

Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.

Undirmarkmið.

- Að íslensk fyrirtæki og stofnanir nái forskoti á aðrar þjóðir í að hagnýta fjarskiptatækni í þjónustu- og framleiðslugreinum.
- Að skerpt verði á ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkt með því staða þess í samkeppni um erlendar fjárfestingar.
- Að bætt fjarskipti verði notuð til að vega á móti jaðaráhrifum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í alþjóðaviðskiptum.

Háhraðavæðing.

Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu[14].

Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.

Undirmarkmið.

- Að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingu árið 2007.

---

[14] *Auðlindir í allra þágu.* Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.

- Að allar framhaldsskóla-, háskóla- og rannsóknastofnanir samnýti 2,5 Gb/s tengingu til útlanda árið 2006.
- Að allir framhaldsskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):
  - Árið 2006 100–1.000 Mbps.
  - Árið 2007/2008 1 Gbps.
- Að allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):
  - Árið 2006 10–100 Mbps.
  - Árið 2007/2008 100–1.000 Mbps.
- Að allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð stofnunar):
  - Árið 2006 10 Mbps.
  - Árið 2007 100–1.000 Mbps.
  - Árið 2010 1 Gbps.
- Að íslensk löggjöf um höfundarétt þróist í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með tilliti til hagsmuna neytenda og rétthafa. Markmiðið er að auka framboð á efni á háhraðanetum.

Farsamband.

Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.

Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um allt land.

Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.

Undirmarkmið.

- Að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum, sbr. samþjónustumarkmið árið 2006.
- Að háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006.
- Að langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.

Stafrænt sjón- og hljóðvarp.

Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.

Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.

Undirmarkmið.

- Að stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.
- Að dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.
- Að boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005.
- Að stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til 99,9% landsmanna árið 2007.
- Að hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010
- Að stjórnvöld tryggi sjónvarpsstöðvum, sem hafa skyldur við almenning, aðgengi að lokuðum dreifikerfum.

Öryggi og persónuvernd.

Öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.

Öryggi netsins verði bætt þannig að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.

Undirmarkmið.

- Að leiðbeiningum verði miðlað til neytenda, svo og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni.
- Að stofnaður verði CERT-hópur (Computer Emergency Response Team) til að herða viðbrögð við óværu á internetinu.
- Að skilgreind verði skýr öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta. Eftirfylgni verði tryggð.
- Að skilgreint verði hvaða kröfur um gæði og rekstraröryggi á að gera til netþjónustuaðila.
- Að gert verði áhættumat um tengingu Íslands við útlönd og tryggt að öryggismálum verði þannig háttað að tenging rofni ekki. Lágmarksþjónusta og viðbragðsáætlun verði skilgreind ef bregðast þarf við bilun eða ógn, t.d. ef tenging um sæstreng rofnar.
- Að hlutverk Almannavarna hvað varðar virkni fjarskiptaneta verði skilgreint og tryggt að vernd fjarskiptavirkja verði í samræmi við kröfur stjórnvalda.
- Að sett verði fram og framfylgt aðgerðaráætlun um hvernig megi verjast ruslpósti.
- Að almenningur verði upplýstur um rétt sinn til friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, þær hættur sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér og viðbrögð við þeim.

Samkeppnishæfni.

Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðarumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.

Stuðlað verði að lækkun einingaverðs í fjarskiptatengingum milli landa.

Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.

Stuðlað verði að bættu aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.

Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.

Undirmarkmið.

- Að stuðla að samkeppni milli fjarskiptaneta þar sem það er hagkvæmt.
- Að tryggja að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.
- Að gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.
- Að verð á fjarskiptatengingum til og frá Íslandi lækki.
- Að greina sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu og stuðla að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim.
- Að breyta byggingarreglugerð þannig að:
  - húsbyggjanda verði gert skylt að sjá til þess að lögð séu ídráttarrör fyrir ljósleiðara að nýbyggingum,
  - öllum fjarskiptafyrirtækjum sé heimilt að leggja háhraðalagnir (t.d. ljósleiðara) um lögnina að uppfylltum skilyrðum.

4. FORSENDUR

Tækifæri til að ná forskoti.

Samruninn.

Með sífellt hraðari gagnatengingum inn á heimili og örri þróun í margmiðlun og nettækni opnast nýir möguleikar til að flytja tal, hljóð og mynd[15]. Þessar þrjár tegundir þjónustu eru háðar góðum og jöfnum hraða (streymi) en flutningur annarra gagna, svo sem tölvupósts og vefsíðna, er það ekki. Hingað til hafa aðskilin og ólík dreifkerfi verið notuð til að miðla þessari þjónustu. Nú er svo komið að samruni dreifikerfa er að verða að veruleika þar sem hægt er að nota sama kerfið til að flytja tal, hljóð, mynd og önnur gögn. Gagnanet munu flytja allar tegundir þjónustu. Þetta á bæði við um fastanet og farsímanet. Notendur munu gera kröfu um *alnánd*, þ.e. þjónustu alltaf – alls staðar, óháð staðsetningu og þjónustu.



Mynd 1. Samruninn.

Dreifikerfi fyrir símtöl, hljóðvarp og sjónvarp, sem nú eru aðskilin, munu renna saman. Við tekur flutningur um fastanet og farnet. Líklegt er að fjölmargir notendur muni engu að síður nýta sér dreifingu hljóðvarps og sjónvarps í loftinu.

Þessi þróun mun á næstu árum leiða til mikilla breytinga í miðlun á öllu efni, líka á því sem hingað til hefur ekki verið miðlað rafrænt. Nú þegar hefur póstur að miklu leyti færst á netið, en fréttablöð, tímarit, bókasöfn, myndaleigur, viðskipti, eftirlit og margt fleira mun einnig færast þangað í vaxandi mæli. Þetta hefur þau áhrif að draga mun úr hefðbundinni skiptingu markaðarins í sjónvarpsfélög, símafélög, útvarpsfélög, netþjónustur og dagblöð. Þessa má þegar sjá merki hér á landi.

Samruninn býður upp á ótal ný tækifæri til að hagræða, en einnig í framboði, nýsköpun og þróun á þjónustu. Nefna má nokkur dæmi til að skýra möguleikana:

- Allir, óháð búsetu, geta sjónvarpað að heiman frá sér eða hvaðan sem er með einföldum búnaði ef næg bandbreidd er fyrir hendi.

---

[15] Tal, hljóð og mynd eru hugtök sem hér standa fyrir lággæðahljóðflutning (símtöl), hágæðahljómflutning (hljóðvarp) og kvikmyndaefni (sjónvarp).

- Framboð á sjónvarpsstöðvum á netinu verður alþjóðlegt og gætu stöðvarnar skipt tugum þúsunda.
- Unnt verður að kaupa sér símaþjónustu frá hverjum sem er í heiminum[16].

Mikilvægt er að hafa þessa þróun í huga þegar ráðist er í uppbyggingu á dreifikerfum, t.d. fyrir stafrænt sjónvarp[17]. Stuðla ber að því að allir landsmenn geti notið góðs af þróuninni, en það er verðugt rannsóknarefni fyrir fræðistofnanir að rannsaka áhrif þessara breytinga á íslenskt samfélag.

Sóknarfæri til betri lífskjara.

Mörg þeirra landa sem uppskáru ábata af UFT[18] í lok síðustu aldar gerðu það vegna fyrri aðgerða, t.d. aukins frjálsræðis í fjarskiptaiðnaði, eða með því að bæta almennt viðskiptaumhverfi.[19]

Margar erlendar rannsóknir sýna fram á fylgni milli UFT og hagvaxtar[20]. Gott fjarskiptanet er þó ekki nóg til að ná fram framleiðniaukningu í þjóðfélaginu, markviss notkun og hagnýting tækninnar verður að fylgja með[21]. Hagtölur frá ríkjum OECD fyrir árin 1995–2001 sýna 0,3%–0,8% meiri hagvöxt vegna UFT[22]. Ekki eru til sambærilegar hagfræðirannsóknir fyrir Ísland og væri hagur í að ráðist yrði í slíkar rannsóknir.

Íslendingum er mikill akkur í því að háhraðavæða landið. Fyrir þessu má nefna nokkrar ástæður, m.a.:

1. Fjarlægð landsins frá mörkuðum hamlar þróun verslunar og iðnaðar. T.d. eru erlend viðskipti sem hlutfall af þjóðarframleiðslu minni en ætla mætti ef markaður væri nær[23]. Á internetinu skiptir fjarlægð litlu máli[24].
2. Hér er fákeppni á mörgum sviðum, en á internetinu er alþjóðleg samkeppni um þjónustu.

---

[16] Í Japan ákvað MPHPT (Ministry of Public Management, Home Affairs, Posts and Telecommunications, Japan) að úthluta sérstaklega símanúmerum fyrir IP-tæki (byrja með 050 sem forval). Þar með er hægt að hringja í tölvur í Japan frá venjulegum símtækjum. Nú þegar er unnt að nýta þjónustu netfyrirtækja til að hringja úr tölvu í síma og að sjálfsögðu er unnt að koma á talsambandi við aðra tölvu án milligöngu símafyrirtækis.

[17] Talað er um að „ofurþjónustan" (e. killer application) keyri samrunann á gagnanetinu áfram. Mikið hefur verið gert úr myndþjónustu/miðlun eins og sjónvarpi (e. TVoIP – TV over IP), myndaleigum (e. VoD – Video on Demand), greiðslu fyrir áhorf (e. PpV - Pay per View) og þess háttar, en framboð á efni hefur látið á sér standa vegna ágreinings um höfundarétt. Í Japan er talað um að talþjónusta (e. VoIP - Voice over IP) sé ofurþjónustan, og er þá í raun átt við mynd- og talsíma. Hér á landi virðist framboð sjónvarpsefnis, t.d. um ADSL, vera mikilvægt í þessu samhengi.

[18] UFT stendur fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni. Þetta er þýðing á ICT sem stendur fyrir Information and Communication Technology.

[19] *ICT and Economic Growth*, OECD 2003. Bls. 93–94.

[20] *Igniting the next broadband revolution*. Accenture, Outlook 2003; *One Gigabit or Bust*, Gartner Consulting for CENIC, 2003; *The Economic Impact of ICT*, OECD 2004; *Seizing the Benefits of ICT in a Digital Economy*, OECD 2003; *True Broadband, Exploring the Economic Impacts*, Allen Consulting for Ericsson 2003; *Measuring Economic Impacts of Community Broadband Investments*, CISCO, 2001.

[21] Dreifikerfið er F-ið í UFT. Hagnýtingin er U-ið í UFT.

[22] *The Economic Impact of ICT*, OECD 2004, síða 11. Bandaríkin hafa náð mestum ávinningi af UFT, en ríki eins og Finnland, Írland, Kórea og Svíþjóð eru einnig í fremstu röð.

[23] *Determinants of Exports and Foreign Direct Investment in a Small Open Economy*. Doktorsvörn Helgu Kristjánsdóttur við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 2004.

[24] *The Death of Distance*, Frances Cairncross, Harvard Business School Press, Boston, 1997, 2001.

Þær þjóðir sem eru brautryðjendur í að hagnýta fjarskiptakerfi og þróa nýja þjónustu geta náð forskoti á aðrar og orðið þeim fyrirmynd. Margar þjóðir keppast við að bæta stöðu sína og eru Suður-Kóreumenn og Japanar auk Norðurlandabúa dæmi um þá sem lengst hafa náð. Ástæða þessarar áherslu á bætt gagnaflutningskerfi er vaxandi mikilvægi þeirra fyrir hagþróun og framleiðniaukningu í þjóðfélaginu. Alþjóðlegur samanburður sýnir að gagnaflutningskerfi hér eru í fremstu röð og ætti að vera metnaðarmál að halda þeirri stöðu[25].

Íslendingar hafa einstakt tækifæri til að halda forskoti sínu á aðrar þjóðir með því að nýta upplýsinga- og fjarskiptatæknina enn betur og þar með auka hagvöxt hérlendis. Þjóðin hefur alla burði til þess að verða fyrirmynd annarra og útflutningsland fjarskiptaþekkingar og þjónustu.

Nefna má eftirfarandi ástæður fyrir þessu:

1. Innviðir háhraðaneta hér á landi eru með þeim bestu í heiminum. Háhraðatengingar eru útbreiddar[26] og ljósleiðaravæðing er þegar langt komin.:
   a. Á höfuðborgarsvæðinu eru tvö stofnnet ljósleiðara (stofnnet Landssímans og Orkuveitu Reykjavíkur).
   b. Búið er að leggja ljósleiðarakerfi hringinn í kringum landið (Landssíminn) auk ljósleiðara (Fjarska) frá Reykjavík til Akureyrar.
   c. Lagning ljósleiðara inn í hús er þegar hafin á nokkrum stöðum á landinu.
2. Almenningur er móttækilegur fyrir nýrri tækni. Netnotkun er óvíða eins útbreidd og mikil og hér á landi[27].
3. Menntunarstig þjóðarinnar er hátt.
4. Efnahagskerfið er öflugt og stöðugt.



Mynd 2. Netnotkun einstaklinga í ESB og á Norðurlöndum árið 2003.
Heimild: *Hagtíðindi – Upplýsingatækni*, Hagstofa Íslands 2004.

---

[25] *The Networked Readiness Index (NRI) 2003–2004*, INSEAD – World Bank – World Economic Forum. NRI samanstendur af meðaltali níu undirflokka. Einn þessara flokka er dreifikerfi (infrastructure). Þar er Ísland í fyrsta sæti.

[26] 54% heimila á landinu öllu eru með xDSL-tengingar. Á höfuðborgarsvæðinu er þessi tala 62%. Sjá *Hagtíðindi – Upplýsingatækni*, Hagstofa Íslands, 2004:5.

[27] *OECD Communications Outlook*, París 2003, bls. 123. Sjá einnig *Hagtíðindi – Upplýsingatækni*, Hagstofa Íslands, 2004:5.

Tækifæri til ná forskoti – markmið.

Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.

Háhraðatengingar.

Staða Íslands.

Hér á landi er notkun almennings og fyrirtækja á háhraðatengingum afar mikil og skipar þjóðin sér í fremstu röð hvað þetta varðar. Landssími Íslands hefur lagt kerfi ljósleiðara um land allt, ásamt aðgangsneti inn á heimili; Orkuveita Reykjavíkur og fleiri fyrirtæki hafa einnig lagt net ljósleiðara. Þessi net, mikill kaupmáttur, hátt menntunar- og tæknistig og áhugi þjóðarinnar á tækninýjungum skapa einstakar aðstæður til að viðhalda og auka enn það forskot sem þjóðin hefur. Öflugt háhraðanet og almenn hagnýting þess leiðir til efnahagslegs ávinnings.

Nær öll fyrirtæki hérlendis eru nettengd samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar þó að ekki sé alltaf um háhraðatengingar að ræða[28].

Í árslok 2004 gátu um 95% landsmanna nýtt sér háhraðasítengingar með 1 Mbps hraða eða meira, aðallega með ADSL-tengingum um heimtaugakerfið (kopar). Vegna kostnaðar er ADSL-þjónusta nær einungis veitt í byggðakjörnum með fleiri en 500 íbúa. Landssími Íslands hefur frá haustinu 2004 dreift stafrænu sjónvarpi í gegnum ADSL-tengingar á nokkrum stöðum á landinu. Fyrirtækið stefnir að frekari uppbyggingu á þeirri þjónustu. Þetta getur ýtt undir ADSL-væðingu smærri þéttbýlisstaða. Önnur fjarskiptafyrirtæki bjóða einnig háhraðatengingar, t.d. með örbylgjusambandi.

Hemill á þróun háhraðanetanna er skortur á efni til að dreifa. Ein ástæða fyrir þessum skorti er að rétthafar efnis hafa áhyggjur af óheimilli dreifingu þess og eru því tregir til að miðla því á neti þar sem auðveldara er að afrita það ólöglega. Mikilvægt er að þróa tæknilausnir og löggjöf um höfundarrétt og tryggja þannig nægt framboð á háhraðanetum framtíðar, réttindi neytenda og hagsmuni rétthafa.

Aðgengi.

Stórstígar framfarir hafa orðið og eru fyrirsjáanlegar í tækni og tengihraða til heimila og fyrirtækja. Aðgengi að ljósleiðaratengingum er nú þegar greiðara á suðvesturhorni landsins en víðast erlendis. Eftirspurn eftir háhraðatengingum mun að verulegu leyti haldast í hendur við þróun og framboð á þjónustu og efni.

---

[28] Næstum öll fyrirtæki hér á landi nota tölvu, eða 99%. 97% þeirra eru með tengingu við netið og er háhraðatenging langalgengust (81%). Fyrirtæki með eigin vefsetur eru 70% allra fyrirtækja og hefur þeim fjölgað frá árinu 2002. Fimmta hvert fyrirtæki seldi vöru eða þjónustu af vefsíðu árið 2002 og 37% fyrirtækja keyptu vöru eða þjónustu um internetið sama ár. Heimild: *Hagtíðindi – Upplýsingatækni*, Hagstofa Íslands, 2004:5.

Tækniskýring. Nokkrir tengimöguleikar	Hámarkshraði til notanda [Mbps]	Hámarkshraði frá notanda [Mbps]	Athugasemdir
ISDN	0,128	0,128	Ef símtal er líka með gögnum þá 0,064
ADSL	8	0,640	Hraði til notanda minnkar hratt eftir 200 m
ADSL2	12	1	
ADSL2+	24	1–3	Mismunandi útgáfur fyrir „frá“-hraða
READSL2+	12	1	Nær nokkuð lengra en ADSL2
SDSL	1,5	1,5	
SHDSL	5,7	5,7	
VDSL	52	3	Einnig til lausn með 16 Mbps frá notanda
VDSL2	100	100	Væntanleg tækni. E.t.v. 100 Mbps í 400 m
Ljósleiðari	10.000	10.000	Unnt er að nýta margar 10 Gbps tengingar á sama ljósleiðaranum.

DSL-tæknin er enn í hraðri þróun. Tölur í töflunni geta því breyst. Fastlínukerfi hér á landi eru í frekar góðu ástandi og stutt (að meðaltali 250 m) frá tengiboxi til notanda þannig að DSL-tæknin nýtist vel. Með vali á lausnum sem henta fastlínukerfinu á hverjum stað er unnt að ná töluvert miklum hraða, jafnvel í báðar áttir. Hins vegar verður sífellt snúnara og dýrara að ná meiri hraða gegnum koparinn og DSL-kerfin hafa ekki jafnmikla flutningsgeta og ljósleiðarinn.

Fyrir almenning jafngildir aðgengi að háhraðatengingu aðgengi og virkri þátttöku í upplýsingasamfélaginu og er sífellt mikilvægari grunnþáttur í nútímalífsmáta og góðum búsetuskilyrðum. Árið 2010 má gera ráð fyrir að samruni talþjónustu, gagnaþjónustu og útvarps verði með þeim hætti að litið verði á aðgengi að háhraðatengingu sem sjálfsögð almenn lífsgæði. Það er því höfuðatriði að tryggt verði að allir landsmenn hafi aðgengi að slíkri tengingu og möguleika á að nýta sér kosti upplýsingasamfélagsins.

Þróun.

Líklegt er að samskiptastaðall internetsins (IP eða Internet Protocol) nái yfirhöndinni í fjarskiptum. Sú þróun stuðlar að tiltölulega hröðum og auðveldum samruna fjarskipta- og upplýsingatækni auk fjölmiðlunar þar sem tengihraði er nægur til að veita fjölbreyttri, stafrænni þjónustu til meginþorra þjóðarinnar. Einnig auðveldar þetta fyrirtækjum og stofnunum að bjóða netþjónustu og nýta miðlæg upplýsingakerfi til að bæta þjónustu við viðskiptavini og hagræða jafnframt í rekstri.

Til skemmri tíma litið má gera ráð fyrir að tengihraði á koparheimtaug dugi fyrir þá stafrænu þjónustu sem almenningi stendur til boða nú. Til lengri tíma litið er líklegt að uppfæra verði tengingar heimila til að ná a.m.k. 100 Mbps flutningshraða í báðar áttir með nýrri DSL-tækni, ljósleiðara, þráðlausri tækni eða annarri tækni sem enn er óþekkt. Eðlilegt er að markaðsaðilar á opnum fjarskiptamarkaði leiði þessa þróun, enda er samkeppni heppilegasta leiðin til að tryggja góða og hagkvæma útbreiðslu háhraðatenginga.

Hluti landsmanna býr utan þess svæðis þar sem hagkvæmt er, út frá markaðslegum forsendum, að byggja upp háhraðanet eins og tækniforsendur eru nú. Gera má ráð fyrir að hér sé um að ræða allt að 5% heimila í landinu. Vandi þessa hóps verður eins og staðan er núna aðeins leystur til framtíðar með aðkomu eða stuðningi stjórnvalda samkvæmt viðmiðum samþjónustu.



Mynd 3. Tegund internettengingar á heimilum eftir búsetu 2004, sem hlutfall allra heimila.
Heimild: *Hagtíðindi – upplýsingatækni*, Hagstofa Íslands, 2004.

Há á landi hefur frumkvöðlastarfsemi nokkurra fyrirtækja skilað sér í gagnatengingum á svæðum sem stærri aðilar á markaði hafa ekki sinnt, t.d. í strjálbýli og á sumarbústaðasvæðum. Æskilegt er að þessi starfsemi þrífist og dafni áfram jafnframt því sem jaðar meginkerfa háhraðanetanna færist utar.

Hið opinbera hefur markvisst beitt sér fyrir því að byggja upp rafræna stjórnsýslu og hagnýta upplýsingatækni þótt enn sé margt óunnið í þeim efnum. Mikilvægt er að stofnanir hins opinbera hafi góðar nettengingar sín á milli og út á netið. Úttekt á stöðu gagnatenginga hjá hinu opinbera sýnir að átak þarf að gera til að bæta þær, sbr. töflu 2.

Skólar eru fjölmennir vinnustaðir þar sem upplýsinga- og fjarskiptatækni gegnir vaxandi hlutverki. Aukin rafræn þjónusta og stafræn miðlun á námsefni krefst sífellt meiri bandvíddar. Einnig munu fjarskipti milli skólastiga aukast og er mikilvægt að allir skólar á landinu hafi viðunandi aðgang að háhraðatengingu. Framtíðarsýnin er sú að íslenska menntakerfið verði hér í fararbroddi.

FS-netið er hraðvirkt gagnaflutningsnet sem tengir saman alla framhaldsskóla og símenntunarstöðvar á landinu með 100 Mbps tengihraða, en útibú símenntunarstöðva tengjast netinu með 2 Mbps hraða. Nú tengjast 28 framhaldsskólar FS-netinu, 9 símenntunarstöðvar og 25 útibú þeirra.

Rannsókna- og háskólanet Íslands, RH-net, tengir nú saman 16 háskóla- og rannsóknastofnanir með allt að 1 Gbps tengihraða.

Vísindarannsóknir og tækniþróun leiða bæði framvindu í tækni og notkun hennar – þær ryðja brautina fyrir aðra notendur. Nútímarannsóknarstarfsemi krefst öflugs tölvubúnaðar og reiknigetu til að ráða við sífellt umfangsmeiri og flóknari mæli- og rannsóknagögn sem safnað er í fjölþjóðlegum verkefnum. Til þess að íslenskir vísindamenn og námsmenn geti

tekið þátt í dreifðri netvinnslu sem nú er að ryðja sér til rúms í alþjóðlegu rannsóknar- og háskólaumhverfi þurfa þeir að hafa aðgang að háhraðatengingu til annarra landa sem að lágmarki er 2,5 Gbps[29].

Tafla 2. Hlutfall stofnana af hverri gerð flokkað eftir gagnsemi tengingar.
Heimild: Greining Admon á stöðu tenginga stofnana, nóvember 2004.

	128Kb/s og minna	>128Kb/s að 512Kb/s	512Kb/s að 2Mb/s	2Mb/s að 10Mb/s	10Mb/s til og með 100Mb/s	>100Mb/s
Alþingi og stjórnsýsla			0%		92%	8%
Dómstólar			71%	0%	0%	
Fjármálastofnanir			9%	91%	0%	
Menntastofnanir			9%	29%		31%
Heilbrigðisstofnanir			52%	41%		0%
Löggæslustofnanir			43%	14%		0%

Flokkur A.

Fjarskiptatengingar eru mjög góðar og tæknileg útfærsla stendur vel undir væntanlegri þróun í þjónustu og kröfum ytri notenda í framtíðinni.

Flokkur B.

Fjarskiptatengingar eru ásættanlegar og tæknileg útfærsla stendur undir núverandi þjónustu og kröfum ytri notenda. Þjónusta við ytri notendur um fjarskiptatengingar er framsækin og tæknilegir möguleikar nýttir.

Flokkur C.

Fjarskiptatengingar eru ásættanlegar þannig að tæknileg útfærsla stendur undir núverandi þjónustu. Þó eru ekki nýttir raunhæfir möguleikar sem eru fyrir hendi í rafrænni þjónustu við ytri notendur um fjarskiptasambönd.

Fjarskiptatengingar eru ekki ásættanlegar og tæknileg útfærsla stendur ekki undir þjónustu og kröfum ytri notenda.

Tafla 2 sýnir misgóðar tengingar hjá stofnunum. Þannig standa stofnanir í flokkunum *Alþingi og stjórnsýsla* og *fjármálastofnanir* mjög vel að vígi með tengingar og þjónustu sem veitt er um þær. Stofnanir í flokkunum *dómstólar* og *löggæslustofnanir* eru með tengingar sem hvorki fullnægja þörfum fyrir þjónustu nú né kröfum neytenda.

Háhraðatengingar.

Stjórnvöld leggja áherslu á háhraðavæðingu landsins alls. Þau vilja stuðla að og hraða þeirri hagkvæmu þróun sem felst í að miðla fjölbreytilegri, gagnvirkri þjónustu til allra landsmanna. *Að mati stjórnvalda er mikilvægt að hvert heimili og fyrirtæki í landinu geti tengst háhraðaneti.*

Óhætt er að fullyrða að Íslendingar hafi sterka stöðu með sín háhraðanet. Aðgengi að háhraðatengingum er nú með því besta í heiminum. Landssíminn hefur lagt ljósleiðara umhverfis landið og nær netið til flestra byggðarlaga. Jafnframt er til öflugt net örbylgjutenginga sem nær til minni staða. Landssíminn hefur víða lagt ljósleiðara í þéttbýli, annaðhvort inn í hús eða að götubrún. Önnur fyrirtæki hafa einnig lagt ljósleiðara og aðrar fjarskiptateng-

[29] Þessi bandbreidd er viðmið sem evrópskar háskóla- og rannsóknarstofnanir hafa fyrir samskipti sín á milli. Sjá einnig *Auðlindir í allra þágu*, stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.

ingar. Orkuveita Reykjavíkur hefur lagt ljósleiðara frá Reykjavík til Akraness og Vestmannaeyja. Auk þess hefur Orkuveitan víða lagt ljósleiðara, ýmist inn í hús eða að götubrún, á veitusvæði sínu. Net Fjarska tengir saman höfuðborgarsvæðið og Akureyri með ljósleiðara. Og Fjarskipti ráða yfir þráðlausu aðgangsneti á höfuðborgarsvæðinu. eMax er með net sem býður þráðlausar tengingar, aðallega á suðvesturhorni landsins.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að leggja ljósleiðara víða um land vegna háhraðatenginga. Búið er að vinna gróft mat á stofnkostnaði við lagningu ljósleiðara, án endabúnaðar, inn á heimili og fyrirtæki á landinu öllu. Niðurstöður má sjá í töflu 3. Miðgildi kostnaðar er um 34 milljarðar kr., en frá dragast að lágmarki 6,6–8,8 milljarðar kr. vegna núverandi ljósleiðarakerfis. Kostnaðarmatið er með innan við 20% óvissu. Miðgildi kostnaðar á hvert hús er *409* þús. kr. og um *118* þús. kr. á hvern íbúa. Ekki var tekið tillit til líklegra samlegðaráhrifa af lagningu eða viðhaldi annars konar veitukerfa, svo sem vegna vatnslagna eða rafmagnslagna, en a.m.k. ¾ hlutar kostnaðar við lagningu ljósleiðara er vegna jarðvinnu.

Tafla 3. Stofnkostnaður við lagningu ljósleiðara inn á heimili, milljarðar kr.

	Þéttbýli		Dreifbýli		Strjálbýli		Samtals	
Landsvæði	**Lágmark**	**Hámark**	**Lágmark**	**Hámark**	**Lágmark**	**Hámark**	**Lágmark**	**Hámark**
Vesturland	1,4	2,0	0,8	1,0	0,7	1,0	2,9	3,9
Vestfirðir	1,4	1,9	0,4	0,5	0,2	0,2	2,0	2,6
Norðurland vestra	1,1	1,4	0,6	0,7	0,8	1,1	2,4	3,2
Norðurland eystra	2,6	3,6	0,6	0,8	0,6	0,8	3,8	5,2
Austurland	2,0	2,7	0,6	0,7	0,4	0,5	2,9	3,9
Suðurland	2,1	2,9	1,2	1,5	1,1	1,4	4,4	5,8
Suðurnes	1,7	2,4	0,1	0,1	0,1	0,1	1,8	2,5
Höfuðborgarsvæðið	8,6	12,0	0,2	0,3	0,1	0,1	8,9	12,4
Samtals	**20,9**	**28,8**	**4,4**	**5,5**	**3,9**	**5,1**	**29,2**	**39,4**

Gróft stofnkostnaðarmat unnið út frá reiknilíkani fyrir ljósleiðaravæðingu heim í öll hús á landinu miðað við að byrjað yrði frá grunni. Miðgildi kostnaðar er um 34 milljarðar kr., þar af eru a.m.k. ¾ hlutar vegna jarðvinnu. Ef núverandi ljósleiðaralagnir væru notaðar mætti lækka heildarkostnaðinn um 6,6–8,8 milljarða kr. Óvissa við gerð matsins er innan við 20%. Sjá skýrslu Rafhönnunar í ágúst, 2004.

Mikilvægt er að benda á að háhraðavæðing er langtímaverkefni sem er knúið áfram af fjarskiptafélögum, en þau hafa leitt og munu fyrirsjánlega leiða uppbyggingu og þróun á fjarskiptamarkaði, þ.m.t. háhraðatengingar. Þátttaka ríkisins felst í að styðja við uppbyggingu á háhraðanetum, í samstarfi við sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila, á svæðum þar sem fjarskiptafyrirtæki sjá sér ekki fært að veita þjónustu á markaðslegum forsendum. Sveitarfélög víða um land hafa sýnt áhuga á að íbúar hafi aðgang að háhraðaneti, enda eru góð fjarskipti nauðsynleg til að standast samkeppni í atvinnumálum og búsetu. Slík verkefni eru þegar í gangi og er m.a. stuðst við fyrirmyndir frá Norðurlöndum.

Leggja má lagnir fyrir ljósleiðara sem hluta af öðrum veituframkvæmdum. Mikilvægt er að sveitarstjórnir og veitufyrirtæki hugi að þessu og eru þau og fjarskiptafyrirtæki hvött til þess að hafa samráð við lagnaframkvæmdir.

Háhraðavæðing – markmið.

Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.

Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.

Farsamband.

Farsímasamband þar sem þörf er á.

Notkun farsíma er afar mikil hérlendis[30] og með því mesta sem gerist í heiminum. Almenningur og fyrirtæki hafa nýtt sér þessa nýju tækni og hefur það haft víðtæk þjóðfélagsleg áhrif þar sem hreyfanleiki er meiri, aðgengi bætt og öryggi aukið[31].

Tafla 4. Áætlaður stofnkostnaður við GSM-væðingu helstu þjóðvega.

Hringvegur, alls um 400 km án sambands	Stofnkostnaður 215 millj. kr.
Aðrir stofnvegir, alls 1.100–1.320 km án sambands	Stofnkostnaður 582–698 millj. kr.
Samtals	**Stofnkostnaður 797–914 millj. kr.**

Gróft mat á stofnkostnaði við að koma upp a.m.k. 80% þjónustu á helstu stofnvegum landsins þar sem ekki er farsímaþjónusta.

Þrátt fyrir mikla útbreiðslu farsímaþjónustu hérlendis er samband víða gloppótt meðfram þjóðvegum, á ferðamannastöðum, í minni byggðarlögum og á meginhluta hálendisins. Þetta veldur óþægindum og óöryggi. GSM-farsímaþjónusta hefur hingað til ekki verið byggð upp á þessum stöðum þar sem það hefur ekki verið talið arðbært.

Mikilvægt er að þétta GSM-farsímanetið. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi gegnir það mikilvægu hlutverki sem öryggistæki fyrir almenning, sérstaklega á fáförnum stöðum sem þó eru í alfaraleið. Jafnframt er mikilvægt að almenningi standi til boða þjónusta sem felst í því að vera (sí)tengdur alltaf og alls staðar. Stjórnvöld vilja stuðla markvisst að því að slík þjónusta verði byggð upp um land allt. Þar sem fjarskiptafyrirtæki veita ekki þessa þjónustu munu stjórnvöld leita leiða til að koma að uppbyggingu hennar í samræmi við samþjónustumarkmið.

Langdræg farsímakerfi.

NMT-farsímaþjónusta Landssímans er langdræg og nær yfir mestallt landið, meðfram ströndinni og 50–150 km á haf út. Rekstur NMT-kerfisins verður lagður af innan fárra ára, en það er orðið gamalt og víðast hvar hefur verið hætt að framleiða NMT-tækjabúnað. Huga þarf að arftaka NMT-kerfisins á næstu árum, en það er mikið notað þar sem annarra farsímakerfa nýtur ekki við. Tetra er farsímakerfi og jafnframt talstöðvakerfi hjálparsveita, lögreglu og slökkviliðs. Útbreiðsla og notkun þess hefur ekki orðið almenn og er nú að mestu bundin við suðvesturhornið. Reynslan sýnir að Tetra er fyrst og fremst talstöðvar- og öryggiskerfi fyrir opinbera og hálfopinbera aðila auk verktaka.

CDMA450 er stafrænt kerfi sem hefur keppt við GSM sem arftaki NMT-kerfisins á 450 MHz tíðni í nokkrum löndum Austur-Evrópu og Asíu. CDMA450 hefur 50–150 km drægni eftir aðstæðum og getur veitt allt að 2 Mbps gagnahraða, en það er sambærilegt við algengan ADSL-hraða nú. CDMA450 kerfi kunna að vera fýsilegur kostur þegar kemur að því að leggja NMT-kerfið niður.

---

[30] Um 97% allra heimila hafa einn eða fleiri farsíma. Heimild: *Hagtíðindi – Upplýsingatækni*, Hagstofa Íslands, 2004:5.

[31] Fjarskiptakerfi björgunar- og öryggisaðila, t.d. Tetra- eða VHF-kerfin, eru ekki til umfjöllunar í þessari áætlun.

Gagnasamband.

Gagnaflutningsþjónusta um farsíma hefur ekki náð fótfestu ef frá eru talin SMS-smáskilaboð. Þó eru teikn á lofti um að það kunni að breytast með aukinni notkun á GPRS gagnatengingum í gegnum GSM-síma. Tilkoma þráðlausra „heitra svæða“ (e. hot spots) ber einnig vitni um að þráðlaus gagnaþjónusta muni aukast. Mögulegt er að ná enn meiri hraða með breytingum á hugbúnaði í GSM-kerfum.

Tækniskýring.
Tæknistaðlar fyrir farsíma og þráðlaust gagnasamband.
Ath. að gagnahraði í farsambandi er sameiginleg auðlind þeirra sem eru á sama svæði og skiptist því niður á notendur. Einnig eru skilyrði oft þannig að tilgreindur hraði næst ekki. Oft er gagnahraði frá notanda mun minni en til hans.

Nokkrir tengimöguleikar	Hámarkshraði til notenda [Mbps]	Drægni sendis [km]	Athugasemdir og nöfn á fjarskiptatækni sem falla undir viðkomandi tengimöguleika.
1G		50–150	NMT
2G	0,0144		GSM, HSCSD
2,5G			GPRS, EDGE
3G	1,6		UMTS, WCDMA
3,5G			HSDPA
4G	20–100		IP-kerfi fyrir bæði tal og gögn. Fyrst tilbúið upp úr 2010
802.11	2		WiFi (LAN)
802.11b	11		WiFi (LAN)
802.11a,g	54	0,1	WiFi (LAN)
802.11n	320		
802.15.1			Bluetooth (PAN)
802.15.3a	110	0,01	UWB (PAN)
802.15.4	0,25	0,03	ZigBee. Fyrir mælitæki.
802.16	134		WiMax (MAN). Er í raun 4G kerfi.
802.16a	70	50	WiMax (MAN). Er í raun 4G kerfi.
802.16e	70		WiMax (MAN). Er í raun 4G kerfi. Staðall tilbúinn 9/2004. Notandi má vera á 120 km/h hraða.
802.20	1++	15++	Enn á teikniborðinu. Hannaður frá grunni (WAN). Notandi má vera á 250 km/klst. hraða. Tenging flyst milli 802.11, 802.16 og 802.20 á auðveldan máta. Þetta er í raun 4G kerfi.

Leyfum fyrir þriðju kynslóð (3G[32]) farsíma, þar sem boðið er upp á hraðvirkar gagnasendingar, hefur ekki verið úthlutað hér á landi, en Alþingi hefur nýverið samþykkt lög sem heimila það. Notkun á 3G-þjónustu erlendis hefur farið afar hægt af stað. Þó virðist nokkuð vera að rofa til í þeim efnum.

[32] 1G er notað fyrir hliðræn símakerfi, t.d. NMT. 2G er notað um stafrænu GSM-farsímakerfin (HSCSD, GPRS, EDGE fara upp í 2,5G), en einnig CDMA, PDC og IS-95, þar sem ein eða fleiri talrásir eru teknar frá þegar flytja á gögn. Gagnahraði er frá 9,6 kbps til 384 kbps í báðar áttir. Hringja þarf til að koma á gagnasambandi. 3G (skilgreint í rammaskilgreiningu IMT-2000 frá ITU) flytur gögn í pökkum og því eru ekki margar talrásir teknar frá til að ná háum gagnahraða. Hins vegar er gagnahraði háður því hversu margir notendur eru samtímis á sendi. Gagnahraði er 1,6 Mbps til og 384 kbps frá notanda. Notandi er alltaf tengdur. 4G flytur hvort tveggja tal og gögn í pökkum (hreint IP-kerfi). Hugtakið talrás á því ekki við í 4G sendum. Gagnahraði verður a.m.k. jafngóður og í 3G, en allt að 20 Mbps eða jafnvel 100 Mbps. 4G kerfi verða líklega ekki tilbúin fyrr en upp úr 2010. Japanir, Kóreubúar og Kínverjar (30% farsímamarkaðarins) hafa tekið höndum saman um að þróa 4G farsímakerfi. Indverjar hafa ákveðið að fara beint í 4G og sleppa 3G.

Fjórða kynslóð (4G) farsímakerfa er frábrugðin 3G að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er hún hönnuð fyrir meiri gagnahraða, en einnig byggist hún á því að tal, gögn og myndefni sé flutt sem gagnapakkar yfir net. Þróunin á þráðlausum netum[33] (heitum svæðum) fellur að 4G varðandi virkni. Bæði 3G og 4G eru hugtök sem ná yfir fleiri en einn tæknistaðal[34] og mismunandi útfærslur eru til eða í mótun. Farsímakerfi fyrir 4G verða líklega ekki tilbúin fyrr en upp úr 2010.

Eitt helsta nýnæmi í notkun 3G/4G farsíma er sending á styttri eða lengri myndskeiðum. Hægt er t.d. að dreifa sjónvarpsefni í gegnum slík kerfi þótt myndgæði takmarkist af skjáupplausn. Farsímana má einnig nota fyrir þráðlausa móttöku á myndefni sem síðan er sýnt á stærri skjá, t.d. á fartölvu. Einnig opnast fyrir nýja möguleika á tjáskiptum í gegnum mynd í stað hljóðs, t.d. fyrir heyrnarskerta.

Eðlilegt er að gera kröfur um að stafræn háhraðafarnet sem notuð verði hér á landi í framtíðinni bjóði eftirfarandi virkni:

- talþjónustu,
- háhraðagagnaflutningsþjónustu,
- tæknilegt samhæfi við fastlínukerfi hvað varðar aðgengi að gögnum (byggist almennt á IP-staðlinum),
- langdrægni,
- möguleika á reiki til og frá landinu,
- gott framboð á notendabúnaði á hagkvæmu verði.

Ekki er víst að til sé farsímakerfi sem uppfylli allar framangreindar kröfur. Þau 3G-kerfi sem nágrannaþjóðir okkar hafa fram til þessa innleitt gera það ekki. Vantar þar helst upp á langdrægnina, en án hennar verður dýrt að byggja upp kerfið hér á landi sökum fámennis og dreifbýlis. Það veldur takmarkaðri þjónustu við dreifðar byggðir, hálendi og sjófarendur. Vafalaust er hægt að útfæra fleiri en eitt farsímakerfi sem í heild munu uppfylla allar framantaldar kröfur, en meta þarf kostnað af slíku miðað við þann ábata sem af því hlýst. Því er mikilvægt að vanda alla áætlanagerð og val á kerfi til að stuðla að því að byggð verði upp kerfi hérlendis sem hentar íslenskum aðstæðum í alþjóðasamfélaginu.

Nokkur óvissa ríkir enn um 3G og er þróun annarra farlausna skammt á veg komin. Samruninn leiðir til þess að öll þjónusta verður aðgengileg alltaf, alls staðar (alnánd). Stjórnvöld munu beita sér fyrir því að lagalegt umhverfi taki mið af þessari þróun svo unnt verði að bjóða háhraðafarþjónustu hér á landi eigi síðar en 2006. Beitt verði tiltækum stjórntækjum, t.d. útboði á tíðnum og kynningu á stöðu mála hérlendis sem og erlendis, til að örva þessa þróun.

Farsamband – markmið.

Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.

Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um land allt.

Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.

---

[33] IEEE staðlar: 802.11, 802.16 og 802.20 ná til þráðlausra neta í heimahúsum, utan dyra og á ferð. Þeir eru mislangt komnir: sá fyrsti er í almennri notkun, 802.16 er nýlega fram kominn og 802.20 væntanlegur.

[34] Til eru a.m.k. 17 mismunandi staðlar fyrir 3G símakerfi, þar af eru sex um gervihnetti.

Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp.

Úr hliðrænu í stafrænt.

Með stafrænni sjónvarpstækni opnast ýmsir kostir til að miðla efni sem ekki eru í hliðræna kerfinu. Má þar nefna mikla fjölgun dagskráa, aukin myndgæði, möguleika á gagnvirkni, háskerpusjónvarp og nýjar dreifileiðir.

Með útsendingu í stafrænu dreifikerfi er unnt að senda út í loftinu 4–5 dagskrár á einni og sömu rásinni í stað einnar dagskrár í hliðrænu dreifikerfi, ef miðað er við sömu gæði. Þetta margfaldar möguleika á sjónvarpsdreifingu. Áhorfandi þarf einungis að taka við stafræna merkinu og umbreyta því með hug- eða vélbúnaði (myndlykli) yfir í hliðrænt merki fyrir hefðbundið sjónvarpstæki.

Kostir þess að dreifa sjónvarpi í loftinu eru þeir helstir að hægt er að ná til mikils fjölda notenda á hagkvæman hátt. Kostnaður er enn nokkru minni en með dreifingu í háhraðanetum. Útsendingin nær í flestum tilfellum yfir fremur stórt svæði og til þeirra sem eru á ferðinni eða hafa ekki aðgang að háhraðaneti.

Til lengri tíma litið býður dreifing um háhraðatengingar meiri valmöguleika á sjónvarpsdagskrám, háskerpu og gagnvirkni, auk þess sem slík dreifing er hluti af samrunaferli fjarskiptatækni, upplýsingatækni og fjölmiðlunar. Líklegt er að sjónvarpi verði dreift bæði um háhraðanet og í loftinu til að mæta þörfum ólíkra notendahópa, en að dreifing um háhraðanet verði mun algengari þegar frá líður.

Fyrirsjáanlegt er að miklar breytingar verða á endabúnaði sjónvarpsnotanda. Í stað sjónvarpstækis, eins og við þekkjum það nú, kemur líklega háskerpuskjár eða myndvarpi sem tengdur er við stafrænan myndlykil eða upplýsingakerfi hússins. Upplýsingakerfið er aftur tengt aðgangsneti með ljósleiðara, xDSL eða með öðrum hætti. Móttöku sjónvarpsefnis, gagnaþjónustu og símþjónustu verður m.a. stjórnað af upplýsingakerfi hússins sem mun verða samsett af heimilistölvu, móttökubúnaði fyrir ýmiss konar netþjónustu, auk heimilisnets. Þegar má sjá fyrstu merki þessarar þróunar með stóraukinni notkun ADSL-móttökubúnaðar sem býður jafnframt upp á þráðlaust heimilisnet.

Innleiðing stafræns sjónvarps er víða komin vel á veg erlendis. Hraðast hefur hún gengið þar sem gervihnöttur dreifir sjónvarpsmerkinu inn á stóra markaði eða þar sem kapalkerfi voru til fyrir, en þau geta hentað vel sem stafræn dreifikerfi.

Núverandi dreifikerfi íslensku sjónvarpsstöðvanna, sem byggjast að mestu á hliðrænum sendum, eru komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Stafrænar útsendingar í loftinu eða í gegnum ADSL eru þegar hafnar.

Af þessu leiðir að neytendum stendur til boða aðgangur að fjölmörgum stafrænum dagskrám á nýjum dreifinetum. Þessari tækni getur fylgt nokkur kostnaður. Ekki er víst að allir vilji eða geti nýtt sér þessa tækni og kann að vera æskilegt að bjóða einfalda, aðgengilega og ódýra leið til að taka á móti stafrænu sjónvarpi, t.d. með UHF-dreifikerfi[35].

Í kjölfar uppbyggingar og almennrar notkunar á starfræna dreifikerfinu í loftinu verða hliðrænar sendingar lagðar niður.

Hljóðvarp þróast með svipuðum hætti og sjónvarp. Þó er sá munur á að fjölmargar hljóðvarpsstöðvar eru þegar aðgengilegar á netinu. Einnig er farmóttaka hljóðvarps mun algengari en sjónvarps, t.d. í bifreiðum. Tilraunir eru hafnar hérlendis með stafrænar útsendingar hljóð-

---

[35] UHF stendur fyrir Ultra High Frequency sem er algeng dreifingarleið fyrir sjónvarp hér ásamt VHF (Very High Frequency).

varps í loftinu með svokölluðum DAB-staðli[36]. Áheyrendur sem vilja njóta stafrænna hljóðvarpssendinga verða að fjárfesta í nýju stafrænu viðtæki.

Aukið framboð á sjónvarpsefni.

Þeim þjónustufyrirtækjum sem sjónvarpa eða veita myndþjónustu gegnum háhraðatengingar eða um internetið til Íslendinga mun fjölga til muna á næstu árum. Þessi þróun er þegar hafin og möguleikar eru á þjónustukaupum hvaðanæva úr heiminum. Með háhraðatengingum heimilanna geta notendur einnig sett sitt eigið myndefni á netið.

Almenningur mun hafa greiðan aðgang að miklu erlendu afþreyingar- og menningarefni. Æskilegt er að auka framboð á íslensku sjónvarpsefni, bæði með nýrri framleiðslu og með að því að koma eldra efni á stafrænt form. Hluta af gömlu myndefni RÚV og fleiri aðila, t.d. Kvikmyndasafns Íslands, hefur verið breytt í stafrænt form, en það er forsenda þess að það verði aðgengilegt.

Í þessu sambandi þarf að huga sérstaklega að höfundarétti og hvernig endurnýta megi eldra efni í samráði við rétthafa.

Þess má geta að almenningur getur nú þegar séð íslenskar sjónvarpsfréttir á netinu, þótt myndgæði á tölvuskjá séu ekki jafnmikil og í sjónvarpstækinu.

Markaðurinn.

Þau nýmæli voru í fjarskiptalögum frá 2003 að dreifing á hljóðvarpi og sjónvarpi varð hluti af fjarskiptamarkaðnum. Þetta hefur það í för með sér að markaður fyrir slíkt verður greindur með tilliti til samkeppni og kvaðir lagðar á þau fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild og reka dreifikerfi fyrir slíka þjónustu. Slíkar kvaðir geta m.a. kveðið á um aðgang, jafnræði, bókhaldslega aðgreiningu, kostnaðartengingu þjónustu og birtingu upplýsinga um tæknilega skilfleti kerfanna.

Æskilegt er að dreifing á hljóðvarpi og sjónvarpi þróist yfir í „lárétt" fyrirkomulag, þ.e. að skýr aðgreining verði á milli þeirrar starfsemi sem lýtur að dreifingu merkisins annars vegar og framleiðslu og sölu myndefnis hins vegar. Þetta mundi auðvelda nýjum aðilum innkomu á markaðinn og koma í veg fyrir að stærri fyrirtæki sætu ein að dreifikerfunum. Þannig er mikilvægt að aðgengi neytandans að sjónvarpsefni sé ekki bundið við háhraðatengingar eða dreifinet frá tilteknum aðila. Slíkt fyrirkomulag skekkir samkeppnisstöðu þeirra sem framleiða og dreifa efni.

Til að halda niðri kostnaði og auka þægindi neytenda er æskilegt að ekki þurfi fjölda aðgangsboxa til að taka á móti stafrænum sendingum frá ýmsum þjónustuaðilum.

Stafrænt sjónvarp þarf að ná til allra landsmanna[37]. Til að ná til sjómanna og strjálbýlis þarf a.m.k. að senda sjónvarpsdagskrá RÚV, auk Rásar 1 og Rásar 2, út um gervihnött.

Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp – markmið.

Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.

Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.

---

[36] DAB stendur fyrir Digital Audio Broadcasting.

[37] Samkvæmt 4. gr. laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, skal það senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina íslenska sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Öryggi og persónuvernd.

Ný tækni.

Ný símatækni, sem byggir á IP-samskiptum, er að ryðja sér til rúms á kostnað hins hefðbundna heimilissíma. Öryggi hinna nýju síma getur verið ábótavant meðan tæknin er að þróast, en unnið er að því að þeir verði jafnöruggir og hinir gömlu[38]. Einnig kunna nýju símarnir að verða óvirkir í rafmagnsleysi. Ef þeir eiga að leysa þá gömlu alfarið af hólmi sem öryggistæki þarf að kynna neytendum þessa vankanta og benda á lausnir.

Mikilvægt er að allir geti nýtt sér fjarskipti á neyðarstund. Tryggja þarf að fatlaðir og aðrir með sérþarfir geti með nýrri og breyttri tækni áfram nýtt sér öryggisþjónustu, t.d. neyðarnúmerið 112.

Þráðlaus netkerfi eru mjög algeng. Nokkuð hefur borið á heimildarlausri notkun þeirra af þriðja aðila. Mikilvægt er að þeir sem selja slíka þjónustu brýni fyrir neytendum að loka netum sínum fyrir óviðkomandi aðgangi og afhendi búnað þannig stilltan að hann sé varinn.

Rekstraröryggi.

Öryggi í tengingum við umheiminn er lykilatriði fyrir samskipti og viðskipti við önnur lönd. Slíkar tengingar þurfa að vera svo öruggar að hverfandi líkur séu á að þær rofni algerlega. Ekki eru til haldbærar rannsóknir á bilanaþoli þessara neta og er mikilvægt að bæta úr því.

Farice-sæstrengurinn var tekinn í notkun 2004 en gervihnattasamband um Skyggni var lagt niður sama ár. Afkastageta Farice er meira en 100 sinnum meiri en eldri sæstrengja. Cantat III sæstrengurinn getur enn sem komið er annað flutningsþörf ef samband gegnum Farice rofnar. Aukist notkun á bandbreidd í Farice mun svo fara að Cantat dugi ekki lengur sem varastrengur. Varasamband um gervihnetti getur annað talsímaumferð, en hæpið er að ætla að gagnaumferð fari í einhverjum mæli þá leið. Þetta gerir fjarskiptasamband milli Íslands og útlanda viðkvæmt fyrir óvæntum áföllum, svo sem bilunum eða skemmdarverkum, og er óásættanlegt til lengri tíma litið vegna viðskiptahagsmuna og þjóðaröryggis. Ljóst er að þessi staða getur hamlað því að innlend og erlend fyrirtæki telji sér fært að ráðast í að byggja upp þjónustu sem krefst öruggrar tengingar við umheiminn. Þegar verður að huga að því að leggja nýjan sæstreng.

Sett verði öryggisviðmið vegna reksturs almennra fjarskiptaneta og vegna tengingar við umheiminn með það að leiðarljósi að tryggja öryggi í fjarskiptasamböndum hvort heldur er innan lands eða milli Íslands og annarra landa. *Gerð verði sú lágmarkskrafa að ávallt verði tveir sæstrengir tengdir við landið auk varasambanda um gervihnött*[39].

Persónuvernd.

Mikilvægt er að tryggja öryggi í fjarskiptum út frá sjónarmiðum persónuverndar og til að tryggja velferð einstaklingsins í lýðræðisríki. Gæta þarf að því að hvorki athafnir hins opinbera, fyrirtækja né almennings brjóti í bága við rétt einstaklingsins til friðhelgi einkalífs. Í þessu samhengi skiptir máli að almenningur sé upplýstur um rétt sinn og hættur sem kunna að steðja að.

---

[38] Í sumum tilfellum vantar upplýsingar um staðsetningu þess sem hringir í neyðarnúmerið 112.

[39] *Auðlindir í allra þágu*, stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007, bls. 18.

Öryggi á internetinu.

Mikið er rætt um ýmsa óværu á internetinu, svo sem tölvuveirur, ruslpóst, hnýsibúnað[40] og fleira. Nauðsynlegt er að stemma stigu við þessu með samstilltu átaki stjórnvalda, fyrirtækja og almennings. Mikilvægt er að almenningur og fyrirtæki geti treyst því að viðskipti á fjarskiptakerfum, t.d. á netinu, séu trygg og örugg.

Fræðsla.

Miðlað verði til almennings leiðbeiningum og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni sem tengjast sívaxandi notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni. Þátttaka Íslendinga verði aukin í erlendu samráði um öryggismál og varnir, sem miða að því að net- og upplýsingakerfi virki óhindrað, verði efldar.[41]

Öryggi og persónuvernd – markmið.

Öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum, svo og tengingar landsins við umheiminn.

Bæta þarf öryggi netsins þannig að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.

Samkeppnishæfni.

Forsenda samkeppnishæfni landsins er að framboð og aðgengi að fjarskiptaþjónustu sé á samkeppnishæfu verði og og jafngott og það sem best þekkist erlendis. Virk samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði er meginforsenda sterkari samkeppnishæfni á alþjóðamarkaði.



Mynd 4. Eftirágreiddar áskriftir farsíma: kostnaður miðaður við kaupgetu og meðalnotkun.

Heimild: Telegen T-basket, ágúst 2004.

---

[40] Hnýsibúnaður kallast spyware á ensku.

[41] *Auðlindir í allra þágu*, stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007, bls. 18.

Kjarninn í gildandi löggjöf um fjarskipti er að tryggja að þau séu hagkvæm og örugg. Þá er þeim ætlað að efla virka samkeppni á markaði. Þetta er gert með því að búa svo um hnútana að ný fjarskiptafyrirtæki geti komið inn á markaðinn og keppt við þau sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild.

Samkeppnishæfni landa og landsvæða ræðst mikið af styrkleika þeirrar atvinnustarfsemi sem þar er stunduð, en í nútímaþjóðfélagi ræðst hún sífellt meir af fjarskiptatækni. Upplifun íbúanna af því hvort þeir telja sig vera í hringiðu menningar og atvinnulífs innan lands sem utan ræður miklu um hvar þeir kjósa að búa. Fjölbreytileiki þjónustu skiptir því miklu um þróun byggðar í landinu og fjarskiptatækni gegnir lykilhlutverki í að gera upplýsingar og afþreyingu aðgengilega á viðráðanlegu verði. Fyrir samkeppnishæfni landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu skiptir miklu máli að neytendur á landsbyggðinni greiði sama verð fyrir fjarskiptaþjónustu og neytendur í þéttbýli.

Sama gildir um Ísland í samskiptum við umheiminn. Samkeppnishæfni landsins samanborið við önnur lönd ræðst að miklu leyti af greiðum og öruggum fjarskiptum til og frá landinu.

Samkeppni.

Þar sem einn eða fáir aðilar eiga og stýra dreifileiðum, t.d. til endanotanda, þarf að tryggja greiðan aðgang nýrra fyrirtækja að markaði. Það er m.a. gert með öflugu eftirliti.

Samkeppni er aukin með því að greina heildsöluþjónustu frá virðisaukandi þjónustu hjá fjarskiptafélögum með umtalsverða markaðshlutdeild. Þetta auðveldar nýjum aðila að bjóða þjónustu á markaði og stuðlar að nýliðun og nýsköpun.

Aðgangur að fjarskiptanetum skiptir höfuðmáli í samkeppni og þjónustu á fjarskiptamarkaði. Annars vegar er um að ræða uppbyggingu fjarskiptaneta (*netsamkeppni*) og hins vegar samkeppni í þjónustu á fjarskiptanetum (*þjónustusamkeppni*). Almennt er talið að samkeppni milli neta tryggi betur framgang samkeppni á fjarskiptamarkaði til lengri tíma litið, en þjónustusamkeppni er einnig nauðsynleg, sérstaklega þar sem markaður er smár.

Samkeppni í þjónustu er einungis möguleg ef jafn aðgangur að dreifikerfum er tryggður. Slíkt er m.a. gert með eftirliti og kvöðum á fyrirtæki sem útnefnd hafa verið með umtalsverða markaðshlutdeild í tilgreindu neti. Tilgangurinn er að tryggja að markaðsráðandi fyrirtæki hindri ekki aðgengi keppinauta að takmörkuðum auðlindum. Þannig má eigandi nets ekki koma í veg fyrir eðlilegan virðisaukandi aðgang þjónustuaðila að fjarskiptanetinu.

Nauðsynlegt kann að vera að hindra þjónustuaðila í að misnota aðstöðu sína með því að að „svelta“ ákveðin dreifinet og þvinga þannig neytendur til að skipta um þjónustuveitanda vilji þeir fá tiltekna þjónustu. Mikilvægt er að kanna stöðu neytenda í þessu samhengi og setja reglur til að tryggja hagsmuni þeirra.



Mynd 5. Árlegur kostnaður heimila fyrir notkun fastasíma.
Heimild: Telegen T-basket, ágúst 2004.

Verðlagning og neytendavernd.

Verð á fjarskiptaþjónustu hér á landi er með því lægsta sem þekkist í heiminum samkvæmt upplýsingum frá OECD.

Heildarkostnaður íslenskra heimila vegna fjarskipta hefur hins vegar hækkað talsvert undanfarin ár vegna nýrrar þjónustu eins og GSM og internets. Þannig voru útgjöld heimila vegna fjarskiptaþjónustu um 1,4% af heildarútgjöldum 1995[42] en 3,1% árið 2003. Erfitt er fyrir almenning og fyrirtæki að greina hagkvæmustu heildarkjör fyrir fjarskiptaþjónustu og kostnaður við notkun er ekki alltaf gagnsær og skiljanlegur leikmönnum. Skilgreina þarf ábyrgð þjónustuveitna hvað þetta varðar til að tryggja hag neytenda.

Vegna landfræðilegrar legu landsins er kostnaðarsamt að leggja fjarskiptastrengi til nágrannalandanna. Kostnaður við lagningu Farice-sæstrengsins á milli Íslands, Færeyja og Skotlands var mikill og hefur m.a. valdið því að Íslendingar hafa greitt sérstakt gjald fyrir erlend samskipti (t.d. fyrir niðurhal á efni). Hefur það virkað hamlandi á notkun fjarskiptaþjónustu milli Íslands og annarra landa og dregið úr vexti hennar hérlendis. Afkastageta nútímafjarskiptastrengja sem byggjast á ljósleiðaratækni er gríðarleg og því eðlilegt að lækka verulega verð á bandbreidd fyrir slíka þjónustu. Nauðsynlegt er að verð til notenda sé hóflegt og að gjaldmælingu á erlendu niðurhali verði hætt, enda er slíkt í ósamræmi við þróun í fjarskiptum og hamlar framþróun hérlendis.

Höfuðmáli skiptir að fjarskiptatengingar til og frá landinu séu öruggar og á hagkvæmu verði. Nauðsynlegt er að huga að aðgerðum til að draga úr aðstöðumun vegna landfræðilegrar legu landsins þannig að aðrar þjóðir hafi ekki forskot hvað það varðar.

Mikilvægt er að eftirlit með gæðum og skilmálum fjarskiptaþjónustu sé skilvirkt þannig að neytendur eigi ávallt kost á góðri þjónustu og réttum og gagnsæjum upplýsingum um

---

[42] Hagstofa Íslands: *Rannsókn á útgjöldum heimilana*, 2004:4, og *Upplýsingatækni*, 2004:4.

verð. Samkvæmt lögum ber Póst- og fjarskiptastofnun að sinna þessu og veita neytendum skjóta úrlausn deilumála.

Aðgengi.

Aðgengi að fjarskiptaþjónustu hér á landi telst gott í alþjóðlegum samanburði. Allir landsmenn eiga kost á heimilissíma, yfir 92% hafa aðgang að ADSL- og GSM-farsímaþjónusta nær til 99% heimila.

Með samþjónustu er stefnt að enn frekari jöfnun þeirrar fjarskiptaþjónustu sem upplýsingasamfélagið byggist á.

Samkeppnishæfni – markmið.

Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðaumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.

Stuðlað verði að því að lækka einingaverð í fjarskiptatengingum milli landa.

Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.

Stuðlað verði að því að bæta aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.

Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.

1112. Fyrirspurn [747. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver voru meginatriði álits eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá janúar 2003?
2. Hvað taldi nefndin að helst mætti bæta í framkvæmd sáttmálans hérlendis?
3. Til hvaða aðgerða hefur ríkisstjórnin gripið til að koma til móts við athugasemdir nefndarinnar?
4. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að kynna álit eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna?

Skriflegt svar óskast.

1113. Fyrirspurn [748. mál]

til menntamálaráðherra um laun fyrir fjar- og dreifkennslu í framhaldsskólum.

Frá Láru Stefánsdóttur.

1. Hver eru rökin fyrir mismunandi launum frá einum framhaldsskóla til annars fyrir að kenna námsáfanga í fjarkennslu ef launin eru hin sömu fyrir að kenna áfangann á hefðbundinn hátt?
2. Hver eru laun dreifkennara í framhaldsskólum í samanburði við laun kennara sem kenna á hefðbundinn hátt?
3. Stendur til að menntamálaráðuneytið geri kjarasamning við framhaldsskólakennara um fjarkennslu annars vegar og dreifkennslu hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

1114. Fyrirspurn [749. mál]

til dómsmálaráðherra um þróun fjárframlaga til lögreglunnar á Akureyri.

Frá Láru Stefánsdóttur.

1. Hvernig hafa fjárframlög til lögreglunnar á Akureyri þróast árin 1995–2004, sundurliðað eftir framlögum til löggæslu, tollgæslu og rannsóknarlögreglu, og hvernig hefur fjöldi lögreglu- og rannsóknarlögreglumanna þróast miðað við fólksfjölda?
2. Hve mörg afbrotamál komu upp á Akureyri árin 1995–2004 og hvernig skiptast þau milli ára og tegunda brota?

Skriflegt svar óskast.

1115. Fyrirspurn [750. mál]

til samgönguráðherra um örbylgjusamband við Raufarhöfn.

Frá Láru Stefánsdóttur.

Hvað líður nýju örbylgjusambandi milli Snartarstaðanúps og Raufarhafnar og hvernig er ætlunin að nýta það?

Skriflegt svar óskast.

1116. Fyrirspurn [751. mál]

til samgönguráðherra um jarðgangagerð.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hefur ráðherra kannað kosti þess að nýta þá bortækni sem nú er m.a. notuð við gerð Kárahnjúkavirkjunar við gerð lengri vegganga á Íslandi?

1117. Fyrirspurn [752. mál]

til umhverfisráðherra um áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað líður áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir sem gera skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004?
2. Hvað má ætla að um mörg skip sé að ræða og hver er heildarbrúttóþyngd þeirra í höfnum á Íslandi?
3. Hvað má ætla að séu mörg skipsflök við strendur landsins sem þarf að fjarlægja?

1118. Fyrirspurn [753. mál]

til sjávarútvegsráðherra um merkingar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvaða merkingar hafa verið stundaðar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu frá árinu 1995? Hve mikið hefur verið merkt í hverju merkingarverkefni, hverjar eru niðurstöður þeirra verkefna sem lokið er og hverjar eru endurheimtur til dagsins í dag í verkefnum sem enn standa yfir?
2. Hvaða skýrslur og ritgerðir hafa birst um merkingar frá árinu 1995 til þessa dags og hvar er hægt að nálgast þær?
3. Er þess að vænta að niðurstöður birtist á vef Hafrannsóknastofnunarinnar í aðgengilegum gagnagrunni?
4. Hvernig miðla útibú Hafrannsóknastofnunarinnar upplýsingum til sjávarútvegsins ef þau senda ekki frá sér skýrslur?

1119. Svar [662. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nýjan þjónustusamning við Sólheima og skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi þeirra.

1. *Eru stjórnir sjálfseignarstofnana, sem fá framlög úr ríkissjóði til að sinna verkefnum sem ríkið skal samkvæmt lögum sinna eða standa undir, óbundnar af því hvernig þær ráðstafa framlögunum ef ekki er sérstakur samningur þar um milli aðila?*

Þar sem fyrirspurnin varðar málefni Sólheima mun ráðuneytið takmarka svar sitt við sjálfseignarstofnanir sem fá framlög úr ríkissjóði skv. XVII. kafla laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Önnur sjónarmið kunna að eiga við þar sem ákvæða sérlaga nýtur ekki við.

Fjárframlög ríkisins til sjálfseignarstofnana samkvæmt lögum nr. 59/1992 eiga sér sérstaka stoð í XVII. kafla laganna, er varðar fjármögnun og rekstur. Skilyrði er að sjálfseignarstofnun falli undir ákvæði 9. gr. laganna og hafi leyfi ráðherra skv. 14. gr. þeirra. Í síðarnefnda ákvæðinu er kveðið á um að félagsmálaráðherra hafi heimild til að gera þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir. Vert er að undirstrika að um er að ræða heimildarákvæði og er því ekki skylt að gera þjónustusamning þótt sjálfseignarstofnun njóti fjárframlaga úr ríkissjóði á grundvelli XVII. kafla laganna, en slíkir aðilar skulu skila ráðuneytinu ársreikningi ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs, sbr. 53. gr. laganna.

Ef ekki er í gildi þjónustusamningur við viðkomandi sjálfseignarstofnun má almennt gera ráð fyrir að ákvörðun um fjárveitingu byggist á einhliða vilja löggjafans við samþykkt fjárlaga hverju sinni til að leggja fé til starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar. Án nánari tilgreiningar í fjárlögum ber því almennt að líta svo á að forsvarsmenn sjálfseignarstofnunar séu aðeins bundnir af því að verja fjármunum sem veittir eru til starfseminnar í samræmi við skipulagsskrá stofnunarinnar og innan ramma laga, eftir því sem við getur átt í hverju tilviki fyrir sig.

2. *Ef þjónustusamningur við Sólheima frá 1997 um framlög vegna þjónustustigs og magns var ekki í gildi gat þá ráðuneytið þrátt fyrir það greitt samkvæmt tilteknu mati og stofnunin ráðið að vild hvernig fjármagni væri varið?*

Í svari ríkislögmanns til ráðuneytisins vegna málefna Sólheima í Grímsnesi, dags. 23. september 2003, kemur skýrt fram að ríkislögmaður telur engan vafa leika á því að þjónustusamningur milli ráðuneytisins annars vegar og Sólheima hins vegar á grundvelli 14. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, hafi ekki verið í gildi allt frá ársbyrjun 1997.

Á sama tímabili liggur hins vegar fyrir einhliða vilji Alþingis samkvæmt fjárlögum til að leggja fé til starfseminnar án nánari tilgreiningar. Með vísan til ákvæða laga um málefni fatlaðra lítur ríkislögmaður í svari sínu svo á að forráðamenn Sólheima hafi aðeins verið bundnir við að verja greiðslum ríkisins innan ramma laga nr. 59/1992, fötluðum til handa.

3. *Hefur ráðuneytið látið fara fram lögfræðilega athugun á réttarstöðu sinni í málum af þessum toga og hvort ríkið kunni að eiga lögvarin réttindi í skjóli framlaga sinna til Sólheima eins og Ríkisendurskoðun taldi eðlilegt að gera?*

Í álitsgerð, sem unnin var á árinu 2002 að beiðni Sólheima af þeim Karli Axelssyni hrl. og Heimi Erni Herbertssyni hdl., er komist að þeirri niðurstöðu að bréf Sólheima til ráðuneytisins hafi ekki falið í sér afturköllun á uppsögn á þágildandi þjónustusamningi og að því hafi enginn þjónustusamningur verið í gildi eftir 30. janúar 1998. Í skýrslum Ríkisendurskoð-

unar um málið er komist að þeirri niðurstöðu að hvorki sú staðhæfing að Sólheimum sé óskylt að leggja forsendur þjónustusamningsins til grundvallar við meðferð fjárframlaga á liðnum árum, né sú staðhæfing að samningurinn sé ekki lengur í gildi, séu hafnar yfir allan vafa.

Í því skyni að eyða réttaróvissu varðandi fyrrgreind atriði taldi félagsmálaráðuneytið nauðsynlegt að afla álits ríkislögmanns á eftirfarandi atriðum:

Hvort bréf Sólheima til ráðuneytisins frá 30. janúar 1997 hafi falið í sér afturköllun á fyrri uppsögn þjónustusamnings við ráðuneytið. Niðurstaða ríkislögmanns var sú að svara bæri spurningunni neitandi. Hvort nýr samningur, sama efnis og hinn fyrri, hafi stofnast fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 1997 og jafnvel síðari tíma sé á hinn bóginn sérstakt álitamál.

Hvort samskipti ráðuneytisins og Sólheima frá og með febrúar 1997 og önnur atvik málsins gefi til kynna að þjónustusamningurinn hafi verið áfram í gildi og að honum hafi þurft að segja sérstaklega upp af hálfu annars samningsaðila. Niðurstaða ríkislögmanns var sú að þjónustusamningur á grundvelli 14. gr. laga nr. 59/1992 hafi ekki verið í gildi allt frá ársbyrjun 1997 og þar sem samningurinn hafi ekki verið í gildi sé sjálfgefið að álitamál um uppsögn hafi enga raunhæfa þýðingu.

Hvort ákvæði þjónustusamningsins eða þær forsendur sem að baki honum lágu hafi bundið hendur stjórnenda Sólheima, þannig að þeim hafi einungis verið heimilt að ráðstafa framlagi ríkisins á árunum 1998–2003 í samræmi við ákvæði samningsins, en ekki til annarra verkefna. Niðurstaða ríkislögmanns var sú að forráðamenn Sólheima hafi ekki verið bundnir við forsendur samningsins frá 1996 vegna áranna 1998–2003. Hafi fjárveitingum á hinn bóginn verið veitt til verkefna sem með engu móti hefðu getað talist falla undir lögin um málefni fatlaðra sé þó hugsanlegt að unnt væri að líta á slíka ráðstöfun sem ólögmæta. Ekki væri þó þar með sagt að það leiddi til þess að ríkið ætti kröfu á hendur stofnuninni.

Hvort ráðuneytið eigi fjárkröfu á hendur Sólheimum vegna meintra óheimilla ráðstafana á framlögum ríkissjóðs á fyrrgreindu tímabili sem gefi tilefni til þess að höfða dómsmál á hendur sjálfseignarstofnuninni. Niðurstaða ríkislögmanns var sú að vægar kröfur yrðu gerðar til þess hvort stjórnendur Sólheima teldust vera í góðri trú um það á hverju fjárveitingar væru reistar. Orðrétt segir um það atriði: „ ... enda lágu þeim hvorki til grundvallar gildur þjónustusamningur eða fjárlagatillögur í samræmi við lögin um málefni fatlaðra. Sanngirnissjónarmið sem viðurkennt er í almennum reglum um endurgreiðslu ofgreidds fjár myndu styðja það að Sólheimar hefðu töluvert svigrúm til að ráðstafa fjárveitingu samkvæmt lögum á þann hátt sem þeir teldu best í samræmi við lög um málefni fatlaðra. Í skýrslu ríkisendurskoðunar frá maí 2002 er rakið hversu sérstök starfsemin á Sólheimum er og hugmyndafræðin henni að baki. Það gæti einnig haft áhrif á möguleika til endurkröfu að hve miklu leyti Sólheimar hafi fengið aukafjárveitingu á þessum tíma.

Að framan hefur verið lýst sjónarmiðum sem gera það að verkum að ólíklegt er að ráðuneytið eigi endurkröfu á hendur Sólheimum. Skaðabótakrafa, sem raunar fyrnist á 10 árum, stofnaðist ekki nema sýnt væri fram á ólögmæta og saknæma meðferð fjárins sem veitt var með lögum. Kæmi það ekki til álita nema sýnt væri fram á að fjárveitingu úr ríkissjóði hafi ótvírætt verið varið til verkefna sem á engan hátt yrðu réttlætt í þágu fatlaðra samkvæmt lögum nr. 59/1992."

Hvort miklar líkur séu til þess að slíkt dómsmál ynnist að stærstum eða verulegum hluta. Niðurstaða ríkislögmanns er með vísan til alls sem að framan greinir sú að ólíklegt væri að fjárkröfur á hendur Sólheimum næðu fram að ganga.

4. *Hvernig bregst ráðuneytið við því mati Ríkisendurskoðunar að á árunum 2000 og 2001 hafi aðeins 17 stöðugildi verið í umönnun, búsetustuðningi og heimiliseiningum þótt samkvæmt þjónustumati eldri samnings hafi verið reiknað með 34 stöðugildum við þennan þjónustuþátt?*

Eins og fram hefur komið var enginn samningur í gildi á milli ráðuneytisins og Sólheima á árunum 2000 og 2001. Ef ekki er í gildi þjónustusamningur við viðkomandi sjálfseignarstofnun má almennt gera ráð fyrir að ákvörðun um fjárveitingu byggist á einhliða vilja löggjafans við samþykkt fjárlaga hverju sinni til að leggja fé til starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar. Án nánari tilgreiningar í fjárlögum ber því almennt að líta svo á að forsvarsmenn sjálfseignarstofnunar séu aðeins bundnir af því að verja fjármunum sem veittir eru til starfseminnar í samræmi við skipulagsskrá stofnunarinnar og innan ramma laga, eftir því sem við getur átt í hverju tilviki fyrir sig. Gerð er sama krafa til Sólheima og annara aðila sem starfa að málefnum fatlaðra, þ.e. að þeir leitist við að ráða til starfa starfsfólk með viðtæka reynslu, menntun og þekkingu sem nýtist við störf í þágu fatlaðra, eins og kveðið er á um í gildandi samningi. Með vísan til tilvitnaðs svars ríkislögmanns til ráðuneytisins, sjá svar við 3. lið fyrirspurnarinnar, hefur ráðuneytið ekki talið sig hafa forsendur til þess að „bregðast við" með tilteknum lögformlegum hætti.

5. *Hvað er gert ráð fyrir mörgum stöðugildum í nýjum þjónustusamningi?*

Í grein 2.1 í nýjum þjónustusamningi við Sólheima er gert ráð fyrir því að Sólheimar taki að sér að veita 40 fötluðum íbúum á Sólheimum þjónustu í búsetu og atvinnu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Fjárveiting ráðuneytisins til Sólheima grundvallast á svokölluðu sjö flokka þjónustumati sem ætlað er að vera viðmið við að meta þörf íbúa fyrir þjónustu. Þörf íbúa fyrir þjónustu er mjög mismunandi, þeir eru allt frá því að vera sjálfbjarga og færir um að búa sjálfstætt með mjög lítilli þjónustu til þess að þurfa stöðugt eftirlit og/eða aðstoð á öllum sviðum daglegs lífs nær allan sólarhringinn. Að baki hverjum þjónustuflokki er áætlað fjármagn sem ætlað er að dugi til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laga um málefni fatlaðra. Svæðisskrifstofa Suðurlands og fulltrúar Sólheima hafa í sameiningu unnið þjónustumat á öllum íbúum Sólheima og var það samþykkt á fundi þann 15. apríl 2004. Ráðuneytið greiðir samkvæmt niðurstöðum þess mats frá og með 1. janúar sl.

Á því er byggt að þjónusta við fatlaða einstaklinga sé í samræmi við meginmarkmið laga um málefni fatlaðra og þau markmið sem viðkomandi stofnun hefur sett á grundvelli þeirra. Leitast er við að gera þeim sem veita þjónustu kleift að bjóða á hverjum tíma þjónustu í samræmi við þjónustuþörf. Þess ber einnig að geta að niðurstöður þjónustumats byggjast á mældri meðaltalsþörf á tilteknu viðmiðunartímabili og gerir því ekki sérstaklega ráð fyrir hugsanlegri aukinni tímabundinni þjónustuþörf sem upp kann að koma vegna veikinda eða annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

6. *Hvernig er tryggt að menntun starfsmanna og fjöldi þeirra sé í samræmi við þjónustumat?*

Gerð er sama krafa til Sólheima og annara aðila sem starfa að málefnum fatlaðra. Samkvæmt gildandi þjónustusamningi skulu Sólheimar leitast við að ráða til starfa starfsfólk með viðtæka reynslu, menntun og þekkingu sem nýtist við störf í þágu fatlaðra. Löggjafinn hefur ekki samþykkt sérstök lagaákvæði sem mæla fyrir um tiltekna menntun þeirra sem veita fötluðum þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra.

Sólheimar gefa m.a. út starfsáætlun þar sem helstu verkþættir starfseminnar eru skilgreindir og er því almenningi veitt nokkur innsýn í starfsemi Sólheima. Í gr. 8.4 í gildandi þjónustusamningi ráðuneytisins við Sólheima er kveðið á um að Svæðisráð Suðurlands skuli í samræmi við 6. gr. laga um málefni fatlaðra hafa eftirlit með því að þjónustan, starfsemi og rekstur þeirra starfseininga sem samningurinn nær til sé í samræmi við lögin og 5. gr. reglugerðar um svæðisráð fatlaðra, nr. 606/1998. Svæðisráð hefur rétt til þess að kanna aðstæður þar sem þjónusta er veitt samkvæmt samning(n)um og kalla eftir upplýsingum sem það telur þörf á hverju sinni með vísan til 15. gr. laganna. Svæðisráði er þannig m.a. kleift að meta hvort menntun starfsmanna og fjöldi þeirra sé í samræmi við þau markmið sem Sólheimar hafa sett.

7. *Hvernig er tryggt að viðbótarframlög upp á 30 millj. kr. (og framlög alls 173,5 millj. kr.) renni til þeirrar þjónustu við fatlaða sem þeim er ætlað samkvæmt nýjum þjónustusamningi?*

Nýr þjónustusamningur félagsmálaráðuneytisins og Sólheima, staðfestur af fjármálaráðuneytinu, byggist á nýju þjónustumati og heildarfjárþörf Sólheima. Skipting einstaklinga í þjónustuflokka sem mestu ræður um samningsupphæðina var unnin af starfsmönnum svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og fulltrúum Sólheima.

Í samningnum eru ákvæði um hvernig hagað skuli eftirliti með starfseminni. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi skal í samvinnu við greiningar- og ráðgjafaraðila reglulega meta þörf einstaklinga fyrir þjónustu, sbr. 11. gr. og 6. tölul. 12. gr. laga um málefni fatlaðra. Sólheimum ber að skila ráðuneytinu, viðkomandi svæðisráði, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

Um endurskoðun Sólheima eiga við lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997. Svæðisráð skal í samræmi við 6. gr. laga um málefni fatlaðra hafa eftirlit með því að þjónusta, starfsemi og rekstur heimila sem samningurinn nær til sé í samræmi við lögin og 5. gr. reglugerðar um svæðisráð málefna fatlaðra, nr. 606/1998.

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Suðurlandi hefur rétt til að kanna aðstæður þar sem þjónustan er veitt samkvæmt samningnum og kalla eftir upplýsingum sem hún telur þörf á á hverju sinni. Þá geta fatlaðir íbúar og aðstandendur þeirra leitað til svæðisráðs og trúnaðarmanns fatlaðra með umkvörtunarefni í tengslum við þjónustu Sólheima.

8. *Fellst ráðuneytið á það álit Ríkisendurskoðunar að um 73% framlaga ríkisins til Sólheima hafi runnið til fatlaðra og að á árunum 1996–2001 hafi 158 millj. kr. runnið til umfangsmeiri atvinnurekstrar, viðhalds og stofnkostnaðar húsnæðis en samningur var um?*

Ráðuneytið undirstrikar að það álit Ríkisendurskoðunar sem getið er í þessum lið fyrirspurnarinnar byggist á því að á árunum 1996–2001 hafi verið í gildi sérstakur þjónustusamningur milli ráðuneytisins og Sólheima byggður á forsendum um tiltekna nýtingu fjármuna. Þar sem þjónustusamningur var ekki í gildi á þessum tíma telur ráðuneytið sig ekki bært til þess að svara þessum lið fyrirspurnarinnar eins og hann er lagður fyrir. Á hinn bóginn undirstrikar ráðuneytið mikilvægi þess að á hverjum tíma séu fjárveitingar til tiltekinnar starfsemi þjónustustofnana annaðhvort grundvallaðar á sérstökum þjónustusamningi eða fjárlagatillögum vegna viðkomandi starfsemi, sbr. núgildandi þjónustusamning við Sólheima.

9. *Telur ráðuneytið að því fé sem verja á í varasjóð samkvæmt nýjum samningi (4% af ríkisframlagi, eða 7 millj. kr.) verði einvörðungu varið til uppbyggingar á þjónustu við fatlaða? Fjallar skipulagsskrá Sólheima um einhverjar aðrar framkvæmdir sem þannig yrði unnt að veita fé til úr varasjóði?*

Ekki er rétt að tala um „fé sem verja á í varasjóð samkvæmt nýjum samningi (4% af ríkisframlagi, eða 7 millj. kr.)“. Í samningnum er svofellt ákvæði: „Stjórn Sólheima er heimilt að ráðstafa rekstrarafgangi til myndunar varasjóðs. Hlutverk sjóðsins er að mæta óvæntum áföllum í rekstri og leggja fram fé til bættrar þjónustu og framkvæmda í samræmi við skipulagsskrá Sólheima. Árlegt framlag má þó ekki nema hærri upphæð en 4% af upphæð samnings.“ Í þessu ákvæði felst að Sólheimum er einungis heimilt að ráðstafa hugsanlegum rekstrarafgangi í slíkan varasjóð og þá að hámarki sem nemur 4% af samningsfjárhæðinni. Sólheimar starfa samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri, nr. 33/1999. Tekjuafgangur sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal renna til hennar sjálfrar og skal varið til þeirra verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. skipulagsskrár Sólheima.

10. *Hvað þýðir samþykkt fulltrúaráðs Sólheima um að flestar eignir á svæðinu séu í eigu Styrktarsjóðs Sólheima? Á það bæði við stofnanir fatlaðra og aðra uppbyggingu á svæðinu?*

Ráðuneytið telur að það sé ekki bært til að túlka þýðingu samþykkta fulltrúaráðs Sólheima varðandi eignarhald á eigum á starfssvæði Sólheima. Þjónustusamningar ráðuneytisins við Sólheima og fjárveitingar löggjafans til starfseminnar hafa hverju sinni byggst á þeirri forsendu að starfsemi Sólheima og húseignir þjóni fötluðum einstaklingum á svæðinu með einum eða öðrum hætti.

1120. Fyrirspurn [754. mál]

til félagsmálaráðherra um greiningar- og ráðgjafarstöðvar.

Frá Ástu Möller.

1. Hvernig skiptist búseta barna á biðlista eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eftir kjördæmum?
2. Telur ráðherra vera grundvöll fyrir stofnun greiningar- og ráðgjafarstöðvar til að þjónusta fötluð börn og fjölskyldur þeirra á landsbyggðinni, t.d. Akureyri?

Skriflegt svar óskast.

1121. Fyrirspurn [755. mál]

til umhverfisráðherra um störf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve mörg mál eru nú í vinnslu hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og hve lengi hafa þau beðið afgreiðslu?
2. Hver er meðalafgreiðslutími kærumála sem berast nefndinni?
3. Hversu mörg mál tengd Kópavogsbæ eru til úrvinnslu hjá nefndinni?

1122. Fyrirspurn [756. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útflutning á ferskum botnfiski.

Frá Gunnari Birgissyni.

Hve mikið af ferskum botnfiski var flutt í gámum á erlenda markaði árin 2003 og 2004? Svar óskast sundurliðað eftir tegundum og magni frá hverri löndunarhöfn.

Skriflegt svar óskast.

1123. Fyrirspurn [757. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um reiðþjálfun fyrir fötluð börn.

Frá Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að reiðþjálfun verði viðurkennt meðferðarform við sjúkraþjálfun fatlaðra barna og njóti greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

1124. Fyrirspurn [758. mál]

til dómsmálaráðherra um forsjármál.

Frá Helga Hjörvar, Jóhönnu Sigurðardóttur og Katrínu Júlíusdóttur.

Hefur farið fram úttekt og samanburður á högum barna sem njóta sameiginlegrar forsjár annars vegar og forsjár annars foreldris hins vegar frá því að sameiginleg forsjá var tekin upp í barnalögum? Sé svo ekki, telur ráðherra ástæðu til þess að meta þá reynslu og skapa þannig grundvöll til umræðu um fyrirkomulag forsjármála?

1125. Fyrirspurn [759. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsstöðu meðlagsgreiðenda.

Frá Helga Hjörvar, Jóhönnu Sigurðardóttur og Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hve margir meðlagsgreiðendur eru í landinu og hve margir þeirra eru í vanskilum með greiðslur sínar? Svar um þá sem eru í vanskilum óskast sundurliðað eftir því hvort þeir greiða meðlag með börnum 18 ára og yngri og því hve hátt hlutfall þeirra er í skuld vegna barna sem nú eru orðin eldri en 18 ára.
2. Telur ráðherra tilefni til að bæta aðstæður þessa hóps í ljósi niðurstaðnanna?

1126. Fyrirspurn [760. mál]

til utanríkisráðherra um stuðning við íbúa á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða stuðning og framlög hafa opinberir aðilar veitt íbúum hertekinna svæða í Palestínu og Sýrlandi á sviði heilbrigðis- og mannúðarmála frá árinu 1993:
   a. til opinberra verkefna,
   b. til samstarfsverkefna,
   c. til verkefna eða starfa á vegum hjálparstofnana?
2. Hafa stjórnvöld beitt sér á alþjóðavettvangi fyrir eftirliti og/eða aðgerðum gegn ofbeldis- og mannréttindabrotum á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi? Ef svo er, hvernig hefur sú afstaða Íslands komið fram?

Skriflegt svar óskast.

1127. Fyrirspurn [761. mál]

til umhverfisráðherra um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hyggst ráðherra veita frekari leyfi til tilraunaræktunar á erfðabreyttu byggi utan húss samkvæmt reglugerð nr. 493/1997, um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera? Ef svo er, telur ráðherra þörf á að skilyrða ræktunina við takmarkað magn eða svæði?
2. Hve lengi má ætla að tilraunaræktun þurfi að standa til að niðurstöður fáist um öryggi ræktunar gagnvart erfðamengun í íslenskri náttúru?
3. Til hve langs tíma gilda núverandi leyfi til tilraunaræktunar?
4. Mun ráðherra veita leyfi til almennrar ræktunar á erfðabreyttu byggi utan húss eftir að tilraunaræktun lýkur?
5. Telur ráðherra að beita eigi mengunarbótareglunni ef bændur eða landeigendur verða fyrir tjóni af erfðaefnum frá ökrum með erfðabreyttum plöntum?

Skriflegt svar óskast.

1128. Fyrirspurn [762. mál]

til landbúnaðarráðherra um ræktun á erfðabreyttu byggi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við áformum um umfangsmikla ræktun á erfðabreyttu byggi í sveitum landsins á næstu árum? Telur ráðherra rétt að leyfa hana samhliða annarri ræktun og búskap?
2. Telur ráðherra öryggi matvælaframleiðslu tryggt með tilliti til þess að erfðaefni berast í jarðveg og dreifast með vatni og lofti?
3. Er ráðherra kunnugt um hvar á landinu og við hvaða aðstæður erfðabreyttar plöntur eru ræktaðar nú og hvaða ræktunaráætlanir eru uppi á þessu ári og því næsta?
4. Telur ráðherra rétt að setja takmarkandi ákvæði um ræktun á erfðabreyttu byggi eða öðrum erfðabreyttum tegundum í ljósi þeirrar óvissu sem er um áhrif slíkrar ræktunar á lífríkið?
5. Hvaða áhrif telur ráðherra að ræktun erfðabreyttra jurta geti haft á ímynd íslenskrar matvælaframleiðslu, útflutning og sölu, t.d. í verslunum Whole Foods í Bandaríkjunum?
6. Telur ráðherra að útiræktun erfðabreyttra plantna geti skert möguleika bænda til að fá vottun fyrir lífrænar afurðir?
7. Telur ráðherra rétt að friða ákveðin svæði eða landshluta fyrir ræktun erfðabreyttra plantna eins og gert er víða í Evrópu? Ef svo er, mun ráðherra þá beita sér fyrir slíkum friðunaraðgerðum?

8. Hvaða opinberar stofnanir sinna rannsóknum og ræktun erfðabreyttra plantna og hvert er hlutverk hverrar um sig?
9. Hvaða verkefni sem fela í sér ræktun á erfðabreyttum plöntum hafa fengið opinbera styrki umfram bein framlög í fjárlögum undanfarin fimm ár? Hvaðan hafa slíkir styrkir komið?

Skriflegt svar óskast.

1129. Fyrirspurn [763. mál]

til dómsmálaráðherra um rekstur vínveitingastaða.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða leyfa, vottorða og trygginga þurfa eigendur vínveitingastaða að afla sér áður en þeir hefja starfsemi og til hvaða aðila þurfa þeir að leita í þessu sambandi?
2. Eru hugmyndir uppi innan dómsmálaráðuneytisins um að einfalda skilyrði til starfrækslu vínveitingastaða?

Skriflegt svar óskast.

1130. Nefndarálit [438. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti, Ásmund Jónsson frá Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Sverri Jakobsson og Jón Yngva Jóhannsson frá Hagþenki, Ragnheiði Tryggvadóttur frá Rithöfundasambandi Íslands, Knút Bruun frá Myndstefi og Halldór Þ. Birgisson frá Félagi íslenskra bókaútgefenda og Fjölís.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Í tilskipuninni er m.a. kveðið á um að höfundum og rétthöfum svokallaðra skyldra réttinda, þ.e. listflytjendum, framleiðendum hljóðrita, kvikmyndaframleiðendum og útvarpsfyrirtækjum, skuli tryggður einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna og nánar tiltekins

efnis. Einkaréttur höfunda mun þannig einnig ná til afrita í rafrænu formi. Þá mun höfundum einnig tryggður einkaréttur til hvers konar miðlunar og dreifingar með sölu eða á annan hátt til almennings. Rétthöfum skyldra réttinda, svo sem listflytjendum, framleiðendum og útvarpsfyrirtækjum, skal tryggður einkaréttur til að gera nánar tiltekið efni sitt aðgengilegt almenningi. Þá er gert ráð fyrir að styrkja almennt lögvernd þeirra réttinda sem höfundar og rétthafar skyldra réttinda njóta og taka m.a. á brotum sem felast í að farið sé fram hjá afritunarvörnum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og verður frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi fljótlega.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. apríl 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

1131. Nefndarálit [604. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ingolf J. Petersen, Hólmfríði Einarsdóttur og Einar Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja gæði og öryggi blóðs og blóðhluta án tillits til ætlaðrar notkunar og koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma við blóðgjöf. Tilskipuninni er þannig ætlað að marka ramma um blóðbankastarfsemi og innleiðing hennar krefst lagabreytinga hér á landi. Heilbrigðisráðherra hefur þegar lagt fram lagafrumvarp til að innleiða efni hennar (þskj. 981, 649. mál) en breyta þarf lyfjalögum og lögum um heilbrigðisþjónustu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. apríl 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

1132. Nefndarálit [605. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004, um breytingar á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti og Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Tilskipunin er liður í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá 11. maí 1999 um þróun fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða innan Evrópusambandsins og er meginmarkmið hennar að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins. Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir en þær felast í tvíhliða samningum um veðsetningu og framsal verðbréfa og reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dómsmálaráðherra þegar lagt fram lagafrumvarp þess efnis (þskj. 1015, 667. mál) og er það nú til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. apríl 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

1133. Nefndarálit [606. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneyti og Þorgeir Pálsson og Kristján Þorbergsson frá Flugmálastjórn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Reglugerðin lýtur að stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og skilgreinir þau verkefni sem henni eru falin, en stofnuninni er að hluta til ætlað að taka við hlutverki Flugöryggissamtaka Evrópu sem Ísland er aðili að. Flugöryggisstofnuninni verður falið að gefa út eða meta gildar tegundarviðurkenningar flugvéla og flugvélahluta og er fyrirhugað að EFTA-ríkin skuldbindi sig til að taka viðurkenningar stofunarinnar gildar og gefa ekki út slíkar viðurkenningar sjálf.

Talið er að töluverðir hagsmunir séu bundir þátttöku Íslands í Flugöryggisstofnuninni en aðildin gefur Íslandi m.a. færi á að hafa áhrif á mótun reglna og styðja við útrás íslenskra flugfélaga.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Steingrímur J. Sigfússon ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 6. apríl 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1134. Svar [517. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið þróun mönnunar í hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sl. fjögur ár (frá janúar 2001), mælt annars vegar í fjölda hjúkrunarfræðinga á hvern inniliggjandi sjúkling og hins vegar í fjölda hjúkrunarfræðinga og annars starfsfólks í umönnun á hvern inniliggjandi sjúkling, skipt eftir sviðum?*

2. *Hafa verið gerðar athuganir á tengslum mönnunar innan hjúkrunar og fjölda óhappatilvika, dánartíðni, endurkomu sjúklinga og/eða lengdrar sjúkrahúsdvalar vegna fylgikvilla meðferðar?*

Undanfarna tvo áratugi hafa verið notuð og þróuð mælitæki á Landspítala – háskólasjúkrahúsi til að fylgjast með svokallaðri hjúkrunarþyngd. Tækin varpa ljósi á hve miklum tíma skal verja til að sinna hverjum einstökum sjúklingi. Þessi aðferð hefur m.a. verið notuð til að ákvarða mönnun sjúkradeilda og skipuleggja innlagnir sjúklinga. Þessar niðurstöður eru teknar saman með reglubundnum hætti og gefa þær nokkra mynd af þróun þjónustunnar á Landspítalanum. Önnur aðferð við að skoða þessa þróun er að kanna hlutfall starfsmanna og sjúklinga. Saman gefa bæði þessi sjónarhorn mynd af þróun hjúkrunar á sjúkrahúsinu, vinnuálagi á starfsfólk og hjúkrunarþörfum sjúklinganna. Ekki virðist rétt að draga miklar ályktanir um þróun mönnunar í hjúkrun á Landspítala af gögnum frá hjúkrunarforstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss. Sveiflur í þessum tölum kunna að eiga sér skýringar í tímabundnum aðstæðum, en sjálfsagt er og nauðsynlegt að fylgjast með þróuninni áfram og sjá hvort hér er um verulegar breytingar að ræða.

Hér á landi hafa ekki verið gerðar athuganir á tengslum mönnunar í hjúkrun og fjölda óhappatilvika, dánartíðni, endurkomu og lengdar sjúkrahúsdvalar vegna fylgikvilla, svo kunnugt sé. Kannað var hjá landlæknisembættinu hvort gerðar hafa verið einhverjar athuganir á þessu sviði á vegum þess en svo er ekki. Með bættri skráningu óhappatilvika er þó unnt að taka þetta saman og draga þær ályktanir sem þingmaðurinn leitar eftir.

Leitað var til hjúkrunarforstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss um svör við fyrirspurninni og fylgir svar hans hér á eftir.

Þróun mönnunar í hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Vegna fyrirspurnarinnar var meðfylgjandi yfirlit yfir fjölda sjúklinga á hvern hjúkrunarfræðing á vakt annars vegar og hins vegar á hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á vakt samtals, unnið fyrir árin 2002–2004 (tafla 1). Beðið er um upplýsingar fyrir árin 2001–2004 en gögn fyrir árið 2001 eru ekki aðgengileg.

Umbeðnar upplýsingar hafa ekki áður verið teknar saman á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og er leitast við að svara fyrirspurninni eins nákvæmlega og upplýsingakerfi spítalans gera mögulegt. Eftirfarandi upplýsingar ná eingöngu yfir legudeildir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en vert er að nefna að það endurspeglar ekki alla starfsemi spítalans.

Vakin er athygli á því að mælikvarðar á mönnun legudeilda sjúkrahúsa eru einkum tveir, þ.e. veittar hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring og fjöldi hjúkrunarfræðinga á hvern inniliggjandi sjúkling á sólarhring. Fyrirspurnin er miðuð við seinni kostinn, en sú aðferð er minna þróuð hér á landi.

Á síðustu tveimur árum hafa hjúkrunarstjórnendur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi notað réttmæt og áreiðanlega gögn úr sjúklingaflokkunarkerfi hjúkrunar (hjúkrunarþyngdarkerfi) til áætlanagerða og einnig til eftirlits með mönnun á legudeildum spítalans. Gögnin gefa upplýsingar um þörf sjúklinga fyrir hjúkrunartíma og þann hjúkrunartíma sem veittur er á legudeildum. Meðfylgjandi er yfirlit úr sjúklingaflokkun til viðbótar þeim gögnum sem fyrirspyrjandi óskar eftir (töflur 2 og 3). Þar kemur fram að á flestum sviðum eykst umfang í hjúkrun sjúklinga (bráðleiki) eftir árum samhliða styttingu meðallegutíma (tafla 2). Þessi þróun kallar á aukna mönnun legudeilda sem leitast hefur verið við að ná fram (tafla 3). Þetta er stöðugt umbótastarf og sífellt er leitast við að manna legudeildir samkvæmt metinni þörf.

Eftirfarandi yfirlit yfir fjölda sjúklinga á hvern hjúkrunarfræðing (tafla 1) sýnir fækkun í meðalfjölda sjúklinga á hvern hjúkrunarfræðing á vakt á nær öllum sviðum spítalans frá árinu 2002 til 2004. Er það í eðlilegu samhengi við vaxandi umfang hjúkrunar (bráðleika) og styttri legutíma sjúklinga. Þess ber að geta að hér er reiknaður meðalfjöldi sjúklinga á hjúkrunarfræðing á vakt óháð eðlilegri dreifingu vakta yfir sólarhringinn á legudeild. Algengt er að um helmingur vakta hjúkrunarfræðinga sé á morgunvakt, 30% á kvöldvakt og um 20% á næturvakt. Þar sem engin viðurkennd viðmið eru tiltæk hérlendis fyrir slíkan útreikning er erfitt að gera sér grein fyrir merkingu þessara niðurstaðna. Það skal ítrekað að hér er eingöngu um að ræða gögn frá legudeildum spítalans, þ.m.t. gjörgæsludeildum.

Tafla 1. Fjöldi inniliggjandi sjúklinga á hvern starfsmann í umönnun á LSH.

	Fjöldi sjúklinga á hvern hjúkrunarfræðing á vakt/sólarhring			Fjöldi sjúklinga á hjúkrunarfræðing og sjúkraliða á vakt/sólarhring		
	2002	2003	2004	2002	2003	2004
Skurðlækningasvið	5,8	5,5	5,6	3,3	3,2	3,2
Kvennasvið	3,8	3,8	3,7	3,3	3,2	3,0
Lyflækningasvið 1	8,3	8,0	7,0	4,5	4,2	3,6
Lyflækningasvið 2	3,8	3,9	3,6	2,3	1,8	2,2
Barnasvið	1,2	2,5	3,2	0,7	1,6	2,2
Geðsvið	18,1	16,5	16,4	2,5	2,4	2,8
Endurhæfing	11,3	10,4	8,4	5,3	4,6	3,7
Öldrunarsvið	13,1	12,0	11,0	3,5	4,6	3,7
Svæfinga- og gjörgæslusvið	0,7	0,6	0,6	0,6	0,5	0,6

Gögn fyrir 2001 voru ekki aðgengileg.

Fjöldi sjúklinga fenginn úr sjúklingabókhaldi LSH og fjöldi vakta úr launakerfi LSH.

Dagvinnustöðugildi endurspegla ráðningarhlutfall þeirra sem þáðu laun á viðkomandi árum. Meðtaldar eru fjarvistir vegna veikinda, sumarleyfa, námsleyfa, biðlauna, lausnarlauna o.fl. Undanskildar eru tímavinnugreiðslur og uppjörsgreiðslur við starfslok eða á áunnum vetrarleyfum o.þ.h. sem umreiknast ekki í dagvinnustundagreiðslur.

Kaffitímagreiðslur umreiknast heldur ekki í dagvinnustundagreiðslur.

Tafla 2. Þróun bráðleika og meðallegutíma 2002–2004 á LSH.
Gögn úr sjúklingaflokkun í hjúkrun.

	Bráðleiki			Meðallegutími		
	2002	2003	2004	2002	2003	2004
Skurðlækningasvið	1,03	1,02	1,03	5,2	5	4,8
Kvennasvið	0,99	1,01	1,05	2,5	2,5	2,3
Lyflækningasvið 1	1,07	1,06	1,08	6,9	6,3	6,7
Lyflækningasvið 2	1,06	1,1	1,11	9,2	9,7	8,9
Barnasvið	1,42	1,37	1,32	5,3	6	5,1
Geðsvið		1,2	1,25	33,7	30,7	28,1
Endurhæfing*	0,88	0,96	0,98	52,5	43,9	22,8
Öldrunarsvið	1,04	1,11	1,11	46	48,3	42,1
Svæfinga- og gjörgæslusvið	3,54	3,52	3,62	4	3,3	2,31

Sjúklingaflokkun á geðsviði hófst 2003.

*Án hæfingardeilda.

Tafla 3. Þróun raunhjúkrunarklukkustunda á hvern sjúkling og á vinnueiningu 2003–2004, LSH.
Gögn úr sjúklingaflokkun í hjúkrun.

	Raunklukkustund á hvern sjúkling		Raunklukkustund á vinnueiningu	
	2003	2004	2002	2003
Skurðlækningasvið	6,3	6,3	6,2	6,1
Kvennasvið	5,4	6,3	6,3	6,1
Lyflækningasvið 1	7,1	6	6,1	5,7
Lyflækningasvið 2	8,9	8,7	8	7,8
Barnasvið	10,4	8,6	8,5	7,1
Geðsvið	7,5	7,8	6,1	6,2
Endurhæfing	4,8	5,3	4,8	5,4
Öldrunarsvið	6,1	6,3	5,6	5,8
Svæfinga- og gjörgæslusvið	25,6	24,1	7,4	6,8









Tengsl mönnunar innan hjúkrunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og óhappa, dánartíðni, endurkomu sjúklinga og/eða lengdrar sjúkrahúsdvalar vegna fylgikvilla.

Deild gæðamála og innri endurskoðunar Landspítala – háskólasjúkrahúss heldur utan um atvikaskráningu á spítalanum en að mati starfsmanna deildarinnar og yfirmanna í hjúkrun endurspeglar skráningin nú engan veginn fjölda atvika.

Samkvæmt skráningu í rafrænu atvikaskráningakerfi spítalans síðustu sex mánuði urðu 100–140 einstaklingar fyrir atviki mánaðarlega og eru það atvik sem vitað er með vissu að eru skráð. Ef litið er til rannsókna sem gerðar hafa verið erlendis má gera ráð fyrir að hér séu um 10% af raunverulegum atvikum sem áttu sér stað á tímabilinu og tekið skal fram að hér er átt við öll atvik, þ.e. þau sem hafa afleiðingar fyrir sjúklinginn og þau sem hafa engar afleiðingar fyrir hann. Í yfir 70% tilvika höfðu þessi atvik engar afleiðingar í för með sér. Samkvæmt þessu má segja að um 25–40 sjúklingar verði fyrir einhvers konar skaða í hverjum mánuði en oftast er um fall að ræða, eða í um 30% tilfella, og afleiðingarnar minni háttar. Skráning atvika á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eykst og er starfsfólk betur meðvitað um nauðsyn skráningar en áður (Leifur Bárðarson, 2005).

Samkvæmt fyrrgreindum upplýsingum er því ljóst að ekki er hægt að bera saman tengsl mönnunar innan hjúkrunar við atvikaskráningu á LSH, en þó að fjöldi atvika hafi ekki verið rannsakaður nákvæmlega hér á landi hefur ekkert sérstakt komið fram sem bendir til að atvikatíðni sé minni á Íslandi en í öðrum löndum. Vanskráning atvika er alþjóðlegt vandamál

á heilbrigðisstofnunum en samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er tilgangur með slíkri skráningu sá að gera atvik sýnileg, skoða ferli þeirra í þeim tilgangi að læra af þeim og gera nauðsynlegar umbætur (WHO, 2002). Slík vinna fer nú þegar fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, m.a. í formi gæðavísa, vinnureglna o.fl.

Tölur frá útlöndum eru ógnvekjandi. Í hinni vel þekktu skýrslu *To Err is Human: Building a Safer Health Care System* áætlaði Institute of Medicine í Bandaríkjunum að u.þ.b. 44.000–98.000 sjúklingar þar í landi létu lífið vegna mistaka í meðferð (IOM, 1999). Um miðbik árs 2004 komu hins vegar fram niðurstöður úr rannsókn sem sýndu að þessar tölur gætu verið mjög vanmetnar en þar kom fram að u.þ.b. 195.000 sjúklingar hafi látið lífið árlega 2000–2002 vegna atvika sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Í þeirri rannsókn voru skoðaðar 37 milljónir sjúkraskráa (HealthGrades, 2004) þannig að um mjög ýtarlega rannsókn er að ræða.

The Hospitals for Europe's Working Party on Quality Care in Hospitals áætlar að atvik verði hjá 10. hverjum sjúklingi á sjúkrahúsum í Evrópu (WHO, 2002) en þau hafa að sjálfsögðu ekki nærri öll alvarlegar afleiðingar.

Gögn varðandi atvik í ýmsum vestrænum löndum sýna að atvikatíðni er áætluð um 3,2%–16,6 % (WHO, 2002). Augljóslega er því um að ræða mikinn fjölda og Ísland er væntanlega ekkert öðruvísi.

Fjöldi hjúkrunarfræðinga og hæfni þeirra, reynsla, samskipti og samvinna hefur gífurleg áhrif á öryggi sjúklinga (Kany, 2004). Rannsóknir á orsökum atvika í Bandaríkjunum með ákveðinni aðferð (root cause analysis) sýna að í 24% atvika átti skortur á hjúkrunarfræðingum hlut að máli, m.a. vegna þreytu og misskilnings í samskiptum (JCAHO, 2001).

Könnun sem gerð var árið 1999 af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga á vinnuálagi og starfsánægju íslenskra hjúkrunarfræðinga sem vinna á sjúkrahúsum sýnir mikið álag á hjúkrunarfræðinga í starfi. Sextíu og átta prósent þeirra sögðust vera kölluð út á frídögum til að vinna, 45,5% urðu fyrir fyrirvaralausri breytingu á vöktum og 77,5% urðu að taka aukavaktir. Auk þess sögðust 76,4% hjúkrunarfræðinga ekki komast heima af vöktum á réttum tíma vegna álags (Mannekla í hjúkrun, 1999).

Erlendar rannsóknir sýna að fjöldi hjúkrunarfræðinga á vakt hverju sinni hefur áhrif á afdrif sjúklinga, svo sem atvik, legutíma og dánartíðni (Curtin, 2003). Fyrir hvern einn sjúkling sem bætist við í umönnun hjúkrunarfræðings, t.d. ef fimm verða sex, aukast líkurnar á dánartíðni sjúklings um 7% (Clarke & Aiken, 2003).

Nýverið var settur á fót starfshópur hérlendis sem ætlað er að setja fram ákveðið viðmið um hversu mörgum sjúklingum hver hjúkrunarfræðingur getur sinnt, annars vegar í bráðaþjónustu og hins vegar í öldrunarþjónustu. Mjög umfangsmiklar rannsóknir á 799 bandarískum sjúkrahúsum sýna að ef hjúkrunarfræðingum er fjölgað verður heilbrigðisþjónustan öruggari fyrir sjúklinga vegna þess að hjúkrunarfræðingar eru í raun augu og eyru sjúkrahússins (Needleman, Buerhaus, Mattke, Stewart og Zelevinsky, 2002).

Komið hefur í ljós að skipulag stofnana sem endurspeglar sjálfræði hjúkrunarfræðinga, meiri stýringu aðfanga af hendi hjúkrunarfræðinga á vettvangi og betri samskipta milli lækna og hjúkrunarfræðinga, gefur betri raun fyrir sjúklinga (Aiken, Sochalaksi og Lake, 1997). Orsakir atvika eru í flestum tilvikum vegna ágalla í skipulagi en ekki sök einstaklinganna sem vinna verkið (Kohn, Corrigan og Donaldson, 2000).

Heimildaskrá.

Aiken, L.H., Sochalaksi, J., og Lake, E.T. (1997). Studying outcomes of organizational change in health services. Medical Care, 35 (11), NS6– NS18, viðauki.

Clarke, S.og Aiken, L.H. (2003). Failure to rescue. American Journal of Nursing, 103, (1), 1– 6.

Curtin, L. (2003). An integrated analysis of nurse staffing and related variables: Effects on patient outcomes. Online Journal of Issues in Nursing, 30. september, 1– 11.

HealthGrades (2004). In-Hospital deaths from medical errors 195.000 per year, HealthGrades' Study Finds. Sótt 16. ágúst 2003 á http://www.healthgrades.com.

IOM – Institute of Medicine (1999). To err is human: Building a safer health system. Washington, DC: National Academy Press.

JCAHO (2001). Sentinel Events Alert 2001. 2003. Sótt 18. ágúst 2003 á http://www.jcaho.org/ptsafety_frm.html.

Leifur Bárðason (2005). Atvikaskráning á LSH. Tölvupóstur frá 22. febrúar 2005.

Kany, K.A. (2004). Nursing in the next decade: Implications for health care and for patient safety. Online Journal of Issues in Nursing, 9 (2), 1–12.

Kohn, L.T., Corrigan, J.M., og Donaldson, M.S. (ritstj.). (2000). To err is human: Building a safer health care system. Washington, DC: National Academy Press.

Mannekla í hjúkrun (1999). Skýrsla á vegum stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og deildar hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsa innan félagsins. Reykjavík: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Needleman, J., Buerhaus, P., Mattke, S., Stewart, M., og Zelevinsky, K. (2002). Nurse-staffing levels and the quality of care in hospitals. New England Journal of Medicine, 346 (22), 1715– 1722.

WHO (2002). Quality of care: Patient safety. Report by the Secretariat. 55th World Health Assembly – provisional agenda item 13.9. A55/13/23mars 2002, 1– 6.

1135. Svar [640. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur og Rannveigar Guðmundsdóttur um kvartanir og kærur sjúklinga.

1. *Hversu margar kvartanir hafa borist landlæknisembættinu frá sjúklingum og aðstandendum þeirra frá árinu 1995, skipt eftir árum og tilefni?*

Umbeðnar upplýsingar um kvartanir sem bárust landlæknisembættinu koma fram í eftirfarandi töflu.

Kvartanir til landlæknis, skipt eftir árum og tilefni, 1995–2004.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Ófullnægjandi eða röng	130	119	96	109	159	162	172	139	107	113
greining, meðferð og eftirlit	*50%*	*50%*	*48,7%*	*51,4%*	*55%*	*43,3%*	*47,9%*	*62%*	*48,6%*	*46,3%*
Samskiptavandamál	27	25	29	30	47	66	50	9	18	27
	10%	*10,3%*	*14,7%*	*14,1%*	*16,2%*	*17,6%*	*13,9%*	*4%*	*8,1%*	*11%*
Kvartanir vegna sjúkraskráa,	22	9	16	16	28	46	37	7	17	20
einkum aðgengi að þeim	*8%*	*3,7%*	*8,1%*	*7,5%*	*9,6%*	*12,2%*	*10,3%*	*3,1%*	*7,7%*	*8,1%*
Röng eða villandi vottorð eða	18	12	18	26	27	26	22	14	16	20
vottorðatregða	*6,9%*	*4,9%*	*9,1%*	*12,2%*	*9,3%*	*6,9%*	*6,1%*	*6,2%*	*7,2%*	*8,1%*
Aðgengi að	23	27	16	25	29	61	57	17	15	13
heilbrigðisþjónustu	*9%*	*11,6%*	*8,1%*	*11,7%*	*10%*	*16,3%*	*15,85%*	*7,5%*	*6,8%*	*5,3%*
Heilbrigðisstarfsfólk fer út	6	6	1	3	2	7	6	9	6	5
fyrir verksvið sitt/skottulækn.	*2,3%*	*4%*	*0,5%*	*1,4%*	*0,7%*	*1,8%*	*1,6%*	*4%*	*2,7%*	*2%*

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Trúnaðarbrot	5	4	3	4	15	15	8	1	8	6
	2,1%	*1,6%*	*1,5%*	*1,8%*	*5,1%*	*4%*	*2,2%*	*0,4%*	*3,6%*	*2,4%*
Áfengis- eða lyfjanotkun	0	2	1	4	3	8	7	0	0	4
heilbrigðisstarfsmanns		*0,8%*	*0,5%*	*1,8%*	*1%*	*2,1%*	*1,9%*			*1,6%*
Óljóst tilefni	9	4	3	1	5	9	7	2	3	4
	3,4%	*1,6%*	*1,5%*	*0,5%*	*1,7%*	*2,4%*	*1,9%*	*0,9%*	*1,3%*	*1,6%*
Annað	28	32	27	16	14	15	28	27	44	32
	11%	*13,2%*	*13,7%*	*7,5%*	*4,8%*	*4%*	*7,7%*	*12%*	*20%*	*13,1%*
Fjöldi kvartana	**260**	**241**	**197**	**212**	**288**	**374**	**359**	**224**	**220**	**244**

Á árunum 1995–2003 var hægt að skilgreina fleiri en eitt tilefni. Þess vegna geta tilefni verið fleiri en kvartanirnar.

2. *Hversu margar kærur hafa borist úrskurðarnefnd almannatrygginga frá sama tíma, skipt eftir árum og tilefni?*

Upplýsingar um kærur til úrskurðarnefndar almannatrygginga á árunum 2000–2004 fylgja hér á eftir, skipt eftir árum og tilefni.

Árið 2000.

Árið 2000 voru skráðar alls 396 kærur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga. Tryggingastofnun breytti afgreiðslu í 59 tilvikum eftir að kæra barst og var ekki úrskurðað í þeim málum þar sem ágreiningur var ekki lengur fyrir hendi. Í átta tilvikum voru kærur afturkallaðar og í 12 málum barst ekki umboð frá hlutaðeigandi. Úrskurðarnefndin skar úr 301 kærumáli árið 2000. Langflest þeirra bárust á árinu en hluti málanna var eldri og eðli máls samkvæmt fluttist hluti af afgreiðslum til næsta árs.

Málaflokkar og felldir úrskurðir 2000.

Kærur	Alls
Slysmál	63
Bifreiðakaupastyrkir	61
Örorka	29
Hjálpartæki	24
Tannlækniskostnaður	22
Bensínstyrkur	18
Ferðakostnaður	10
Endurkrafa ofgreiddra bóta	10
Umönnunargreiðslur	9
Endurhæfingarlífeyrir	9
Sjúkradagpeningar	6
Sjúkrakostnaður erlendis	5
Skerðing/upphæð bóta	6
Uppbætur	5
Siglinganefnd	6
Fæðingarorlof	4
Lyfjakostnaður	4
Barnalífeyrir	2
Bifreiðakaupalán	2
Ellilífeyrir	2
Lýtalækninganefnd	2

Kærur	Alls
Dánarbætur	1
Meðlag	1
Samtals	**301**

Árið 2001.

Árið 2001 voru skráðar alls 296 kærur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga sem er umtalsverð fækkun mála frá árinu áður. Munar þar langmest um kærur vegna bifreiðakaupastyrkja sem voru 83 árið 2000, en aðeins fjórar árið 2001. Kærufjöldi í öðrum málaflokkum var nokkuð svipaður bæði árin. Af þeim 296 málum sem bárust árið 2001 var afgreiðsla endurskoðuð hjá Tryggingastofnun í 41 máli sem kom því ekki til úrskurðar og 11 mál komu ekki til úrskurðar vegna ástæðna er vörðuðu kæranda, þar af voru átta kærur afturkallaðar. 15 kærumál sem bárust á árinu voru óafgreidd í lok mars 2002. Úrskurðað var í 273 kærumálum árið 2001. Þar af var afgreiðsla staðfest í 174 málum. Afgreiðslu Tryggingastofnunar var breytt í 66 málum, 19 málum var vísað frá og 14 málum var vísað aftur til Tryggingastofnunar. Af þeim 14 málum sem var vísað aftur til Tryggingastofnunar vörðuðu 13 almennt örorkumat.

Málaflokkar þar sem úrskurðir voru 10 eða fleiri árið 2001.

	Fjöldi	Afgreiðsla staðfest	Afgreiðslu breytt	Vísað frá eða til TR
Slysatrygging	65	38	24	3
Tannmál	32	23	7	2
Almennt örorkumat	28	11	4	13
Bensínstyrkur	22	11	9	2
Hjálpartæki	17	11	4	2
Ferðakostnaður	16	9	6	1
Umönnunarmat	12	11	1	
Sjúklingatrygging	11	7	3	1
Endurkrafa vegna ofgreiddra bóta	10	7	2	1
Samtals	**213**	**128**	**60**	**25**

Árið 2002.

Árið 2002 voru skráðar alls 259 kærur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga. Er það nokkur fækkun mála frá árinu áður.

Af þeim 259 málum sem bárust árið 2002 tóku kærendur kærur sínar aftur í 39 málum, í langflestum tilvikum af því að afgreiðsla var endurskoðuð hjá Tryggingastofnun og henni breytt eftir að kæra barst. Af kærumálum sem bárust á árinu voru 50 óafgreidd 7. janúar 2003 og eitt mál er óafgreitt frá árinu 2001. Hefur afgreiðslu þess verið frestað að beiðni kæranda.

Úrskurðað var í 206 kærumálum árið 2002. Þar af var afgreiðsla Tryggingastofnunar staðfest í 134 málum. Afgreiðslu stofnunar var breytt í 46 málum, 12 málum var vísað frá og 14 málum var vísað aftur til Tryggingastofnunar.

Málaflokkar þar sem úrskurðir voru fimm eða fleiri árið 2002.

	Fjöldi	Afgreiðsla staðfest	Afgreiðslu breytt	Vísað frá eða til TR
Slysatrygging	40	24	14	2
Umönnunarmat	33	26	2	5
Tannmál	28	21	7	
Almennt örorkumat	14	5	4	5
Ferðakostnaður	12	11	1	
Endurkrafa vegna ofgreiddra bóta	11	5	5	1
Endurhæfingarlífeyrir	10	8	1	1
Bensínstyrkur	10	6	2	2
Sjúklingatrygging	10	6	3	1
Hjálpartæki	8	3	3	2
Bifreiðakaupastyrkur	5	4	1	
Alls	**181**	**119**	**43**	**19**

Árið 2003.

Árið 2003 voru skráðar alls 324 kærur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga. Er það fjölgun mála frá árinu áður.

Af þeim 324 kærum sem bárust árið 2003 voru 47 teknar aftur. Í langflestum tilvikum af því að afgreiðsla var endurskoðuð hjá Tryggingastofnun og henni breytt eftir að kæra barst. Af kærum sem bárust á árinu voru 16 óafgreiddar 1. mars 2004.

Úrskurðað var í 279 kærumálum árið 2003, en í 206 málum árið 2002. Þar af var afgreiðsla Tryggingastofnunar staðfest í 182 málum. Afgreiðslu Tryggingastofnunar var breytt í 58 málum, 18 málum var vísað frá og 21 máli var vísað aftur til Tryggingastofnunar.

Málaflokkar þar sem úrskurðir voru fimm eða fleiri árið 2003.

	Fjöldi alls	Afgreiðsla staðfest	Afgreiðslu breytt	Vísað frá	Vísað til TR
Tannmál	72	57	11	3	1
Slysamál	57	35	19	2	2
Uppbót/styrkur til bifreiðakaupa	31	20	6	2	3
Hjálpartæki	14	11	3		
Sjúklingatrygging	14	8	3	1	2
Uppbót til reksturs bifreiða	13	8	3		2
Umönnunarbætur	12	8	1	2	1
Fjárhæð bóta og tímabil	9	6	2	1	
Almennt örorkumat	9	3	1		5
Ferðakostnaður	9	5	2	2	
Uppbætur	8	6	1		1
Alls	**248**	**167**	**51**	**14**	**17**

Árið 2004, bráðabirgðatölur, flokkar með 10 mál eða fleiri.

Mál, þ.e. skráðar kærur, voru 375.	
Örorkumat	54
Mál vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða	40
Slysatrygging	39
Tannlæknakostnaður	35
Sjúklingatrygging	26
Endurhæfingarlífeyrir	12
Ferðakostnaður	12
Hjálpartæki	12
Umönnunargreiðslur	11
Alls	**241**

1136. Fyrirspurn [764. mál]

til samgönguráðherra um kostnað af viðhaldi þjóðvega.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hefur þörf fyrir stóraukið viðhald þjóðvega á næstu árum vegna aukinna þungaflutninga verið metin? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður? Ef svo er ekki, er það fyrirhugað?

1137. Fyrirspurn [765. mál]

til landbúnaðarráðherra um tolla á innfluttar búvörur og matvöruverð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að teknar verði upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings landbúnaði í stað tolla á innfluttar búvörur í því skyni að lækka matvöruverð?
2. Hvaða vinna fer fram í ráðuneytinu með það að markmiði að lækka eða fella niður tolla á innfluttar búvörur?

Skriflegt svar óskast.

1138. Fyrirspurn [766. mál]

til viðskiptaráðherra um matvöruverð og birgja.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að birgðahús eins og Aðföng og Búr verði skylduð til þess að bjóða öllum smásölum sömu kjör þannig að stærðarhagkvæmni í heildsölu og vörudreifingu nýtist án þess að samkeppni í smásölu skaðist, sbr. grein Jóns Þórs Sturlusonar hagfræðings „Um samþjöppun á matvörumarkaði“ í Viðskiptablaðinu 27. febrúar 2002?

Skriflegt svar óskast.

1139. Fyrirspurn [767. mál]

til viðskiptaráðherra um stærð verslunarhúsnæðis.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Liggja fyrir upplýsingar um heildarstærð verslunarhúsnæðis hér á landi og ef svo er, hve margir fermetrar eru á hvern mann?
2. Hvernig er þessu háttað í nálægum löndum?
3. Er meira fjárfest í verslunarhúsnæði hér á landi en í grannlöndunum?

Skriflegt svar óskast.

1140. Fyrirspurn [768. mál]

til viðskiptaráðherra um matvöruverð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur verið kannað í ráðuneytinu að hvaða marki verð innfluttrar matvöru til neytenda hefur lækkað með hækkuðu gengi krónunnar?
2. Hvernig er eftirliti með slíkum breytingum háttað og því að gengisbreytingar skili sér til neytenda þegar gengi krónunnar hækkar?
3. Er ástæða til að kanna hvers vegna kaffi, te og kakó er mun dýrara hér en annars staðar?
4. Hefur verið skoðað hvort fákeppni á matvörumarkaði hefur áhrif á vöruverð, sbr. það

álit Samkeppnisstofnunar, sem fram kemur í skýrslu 2001, að skýra megi hækkandi verslunarálagningu með minnkandi samkeppni?

Skriflegt svar óskast.

1141. Fyrirspurn [769. mál]

til fjármálaráðherra um stuðning við landbúnað og matvöruverð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að teknar verði upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings landbúnaði í stað tolla á innfluttar búvörur í því skyni að lækka matvöruverð?
2. Telur ráðherra að ríkisstuðningur verði sýnilegri og fyrirsjáanlegri með beinum greiðslum í stað tolla?
3. Hafa þessi mál verið til skoðunar í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.

1142. Fyrirspurn [770. mál]

til utanríkisráðherra um innleiðingu EES-gerða.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Hversu margar gerðir hafa stofnanir Evrópusambandsins samþykkt og gefið út á ári hverju 1994–2004?
2. Hversu margar þessara gerða hafa verið teknar upp í EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, og innleiddar hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt honum?
3. Hversu margar fyrrgreindra gerða hafa krafist lagabreytinga við innleiðingu hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

1143. Fyrirspurn [771. mál]

til forsætisráðherra um sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. til almennings.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Kemur til greina, í ljósi þess áhuga sem almenningur hefur sýnt á kaupum á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf., að breyta skilmálum fyrir sölunni þannig að almenningur eigi strax kost á að kaupa hlutabréf?
2. Er ekki eðlilegt að mati ráðherra að almenningur sem eigandi Símans hafi strax rétt á að kaupa hlutabréf og hver er skýringin á því að þeir fjárfestar sem eignast fyrirtækið þurfi ekki að selja til almennings fyrr en í árslok 2007?

1144. Fyrirspurn [772. mál]

til iðnaðarráðherra um kannanir á viðhorfum til orkufrekrar stóriðju.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve mikið fjármagn hefur iðnaðarráðuneytið til ráðstöfunar til að kynna orkufreka stóriðju á þessu ári?
2. Hvað kostuðu kannanir sem ráðherra lét gera nýverið á afstöðu Norðlendinga til álvera og stórvirkjana í fjórðungnum?
3. Telur ráðherra að fullnægjandi mynd fáist af viðhorfum Norðlendinga til ólíkra leiða við atvinnuuppbyggingu með því að spyrja einungis um afstöðu fólks til álvera?
4. Hyggst ráðherra standa fyrir sambærilegum könnunum á afstöðu Norðlendinga til uppbyggingar í öðrum atvinnugreinum og taka þá fyrir eina og eina grein í senn?

1145. Fyrirspurn [773. mál]

til viðskiptaráðherra um þjónustuskyldur í eldsneytisafgreiðslu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Telur ráðherra koma til greina að setja reglur um lágmarksþjónustu í eldsneytisafgreiðslu í fámennum byggðarlögum utan alfaraleiða?
2. Telur ráðherra koma til greina að gera kröfur um lágmarkseldsneytisbirgðir í byggðarlögum sem geta einangrast vegna óveðurs eða náttúruhamfara?
3. Kemur til greina að gera olíufélögum skylt að hafa á eldsneytisafgreiðslustöðvum sínum öryggisbúnað sem geri kleift að afgreiða eldsneyti þótt þar verði rafmagns- eða símasambandslaust um stundarsakir?

1146. Fyrirspurn [774. mál]

til landbúnaðarráðherra um förgun sláturúrgangs.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvaða ráðum er fyrirhugað að beita við förgun sláturúrgangs eftir lokun kjötmjölsverksmiðjunnar á Suðurlandi?

1147. Svar [563. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um Innu – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarkostnaður við Innu – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla?*
2. *Hver er árlegur kostnaður við kerfið og endurbætur þess og hver er áætlaður rekstrarkostnaður kerfisins næstu árin?*
3. *Hver sér um rekstur kerfisins, var verkið boðið út og til hve langs tíma var samið um rekstur þess?*
4. *Hver er greiðsluþátttaka framhaldsskólanna í kerfinu og hvert renna þær greiðslur?*
5. *Er framhaldsskólum skylt að vera hluti af þessu kerfi? Hafa einhverjir framhaldsskólar komist hjá því að vera í kerfinu og ef svo er, hvaða skólar eru það?*
6. *Vinnur menntamálaráðuneytið einhverjar upplýsingar úr kerfinu og ef svo er, hvaða upplýsingar?*

Inna á uppruna sinn að rekja til óska framhaldsskóla um samræmt upplýsingakerfi sem uppfyllti nútímakröfur vegna stjórnunar framhaldsskóla, veitti gott aðgengi fyrir nemendur og kennara að upplýsingum og tryggði öryggi gagna. Að frumkvæði nokkurra framhaldsskóla var unnin kröfulýsing sem ráðuneytið tók við og lét, í samráði við fulltrúa framhaldsskóla, þróa í lýsingu á kerfi sem hentaði öllum framhaldsskólum. Kerfið var tekið í notkun árið 2001 og hefur þróun þess síðan verið í höndum stjórnar Innu sem er skipuð fulltrúum framhaldsskóla. Stjórn Innu hefur yfirumsjón með rekstri og þróun kerfisins.

Stofnkostnaður við smíði við Innu var 40 millj. kr. Rekstrarkostnaður árin 2001–2004 nemur um 90 millj. kr.

Kostnaður við rekstur og þróun Innu var 39 millj. kr. árið 2004 og er áætlað að sá kostnaður haldist stöðugur næstu árin.

Skýrr hf. sér um rekstur Innu. Samið var við Skýrr um rekstur kerfisins á grundvelli tilboðs félagsins í smíði og rekstur þess að undangengnu útboði á vegum Ríkiskaupa. Samningar um rekstur kerfisins renna út um mitt ár 2006.

Menntamálaráðuneytið greiddi stofnkostnað kerfisins en framhaldsskólar greiða fyrir rekstur þess. Ráðuneytið stendur straum af kostnaði við breytingar á kerfinu sem gerðar eru að ósk þess. Greiðsluhlutdeild framhaldsskóla ræðst af stærð þeirra. Greiðslur vegna reksturs Innu renna til Skýrr hf. en ráðuneytið hefur milligöngu um innheimtu þeirra.

Ráðuneytið mæltist til þess á sínum tíma að allir framhaldsskólar tækju þátt í Innu. Allir framhaldsskólar nema Verslunarskóli Íslands eru nú hluti af kerfinu.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki haft aðgang að gögnum úr kerfinu og því ekki sjálft unnið upplýsingar úr því. Skýrr hefur unnið lista fyrir ráðuneytið úr Innu um áfanga sem kenndir eru í framhaldsskólum. Ráðuneytið hefur nú til skoðunar að vinna frekari upplýsingar úr kerfinu.

1148. Svar [654. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir hafa fengið úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sl. þrjú ár og það sem af er þessu ári, sundurliðað eftir framlögum og árum?

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra 2002–2005, þús. kr.

	2005	2004	2003	2002
Rekstur		636	9.990	9.760
Kannanir og áætlanir				
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík – AMS – í framhaldsskólum		2.500		
Ár fatlaðra			2.500	
Brynhildur Flóvenz		400		
Erlendur Sigurðsson				300
Hrefna Óskarsdóttir			250	
Könnun á aðgengi		5.000		
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi				1.500
Upplýsingarkerfi svæðisskrifstofa			6.000	
Vilborg Jóhannsdóttir				500
Styrkir til lagfæringar aðgengis				
Bjarnarlaug, Akranesi		1.450		
Blönduósbær – ráðhús			10.000	
Fasteignir ríkissjóðs – Borgartún 22		1.300		
Fasteignir ríkissjóðs – Menntaskólinn á Ísafirði		1.150		
Garðaskóli, Garðabæ		3.512		
Grundarfjarðarbær				747
Háskóli Íslands			1.200	
Hólmaröst, Stokkseyri		500		
Ísafjarðarbær				4.000
Íshestar		2.000		
Klúbburinn Geysir		1.000		
Landakotsskóli			1.100	
Ólafur Rafn Ólafsson			1.000	
Rangárþing eystra			1.000	
Reiðskólinn Þyrill, Reykjavík		500	650	500
Safnahúsið Borgarbyggð			3.860	
Siglufjarðarkaupstaður				3.376

	2005	2004	2003	2002
Sveitarfélagið Hornafjörður			1.160	
Tálknafjarðarhreppur		464		
Sjá – viðmótsprófanir		210		
Þroskahjálp, landssamtök				338
Styrkir vegna 10% framlags til félagslegra íbúða				
Blindrafélagið			3.500	
Fjarðabyggð				7.267
Fljótsdalshérað				6.296
Þroskahjálp, landssamtök		5.938	5.396	3.373
Styrkur til náms og tækjakostnaðar				
Framlag til svæðisskrifstofa			9.050	8.250
Til viðhalds fasteigna				
Eignir Framkvæmdasjóðs fatlaðra		75.984	44.770	60.333
Skálatún, Mosfellsbæ	13.400	5.000	3.000	2.000
Blindrafélagið		5.000		4.000
Skaftholt, Gnjúpverjahreppi		1.500	1.500	1.500
Styrktarfélag vangefinna		15.000	4.000	
Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu		1.500	1.000	1.000
Sjálfsbjörg, Fjarðabyggð				1.000
Sjálfsbjörg, landssamtök		3.000	4.000	5.500
Þroskahjálp á Vesturlandi		825	800	1.000
Þroskahjáp á Suðurnesjum			500	500
SPOEX – Samtök psoriasis- og exemsjúklinga		1.000	500	500
Vegna samninga við sveitarfélög				
Akureyrarkaupstaður		7.000	7.000	6.899
Byggðasamlag Norðurlands vestra		4.000	4.000	40.400
Héraðsnefnd Þingeyinga		700	3.700	1.700
Sveitarfélagið Hornafjörður		400	400	400
Vestmannaeyjabær		1.900	1.900	1.900
Verkefni á vegum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra				
Ný búsetuúræði, skammtímavistanir og vinnustaðir				
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík		8.065	109.839	65.984
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi		59.096	14.280	4.703
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi		250		596
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum		56.865		710
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi		12.931	5.901	
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi		65.246	17.912	887
Önnur verkefni				
Ásgarður, handverkstæði		23.000	5.000	
Garðshorn, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga		1.000		
FAAS – Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga og annarra minnissjúkra		2.000	1.500	
Geðverndarfélag Íslands		1.500		
SÍBS, Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga		5.000	4.000	2.000
Gigtarfélag Íslands		1.500	1.500	
Sjálfsbjörg á Vopnafirði		2.000		
Sjálfsbjörg á Akureyri			1.000	
Sjálfsbjörg á Húsavík			300	
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			1.100	4.118
Halaleikhópurinn		250		
Sólheimar, Grímsnesi	30.000	4.600	122	

	2005	2004	2003	2002
Kerlingardalur, Vík í Mýrdal			4.500	
SEM samtökin				2.000
Öryrkjabandalag Íslands			1.000	
Sambýli Egilsá, Skagafirði			500	1.000
Sjónstöð Íslands				400
Samtals á árunum 2002–2005	**43.400**	**392.672**	**302.180**	**257.237**

1149. Fyrirspurn [775. mál]

til samgönguráðherra um jarðgöng í Dýrafirði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvernig miðar undirbúningi að jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar?

1150. Fyrirspurn [776. mál]

til samgönguráðherra um jarðgöng til Bolungarvíkur.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Styður ráðherra þau sjónarmið að vegsamgöngur við Bolungarvík verði um jarðgöng þegar horft er til framtíðarlausnar og ef svo er, hvar telur ráðherra að þau göng eigi að vera?

1151. Fyrirspurn [777. mál]

til samgönguráðherra um Siglufjarðarveg.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Telur ráðherra að Siglufjarðarvegur, frá Fljótum um Almenninga og Strákagöng til Siglufjarðar, geti áfram verið greiðfær heilsársvegur í fyrirsjáanlegri framtíð og hvað þarf að verja miklu fé til þess að svo verði?

1152. Nefndarálit [537. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meinatækna, nr. 99/1980, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sólveigu Guðmundsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Kristínu Hafsteinsdóttur og Helgu Sigrúnu Sigurjónsdóttur frá Meinatæknafélagi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Íslenskri málnefnd, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í ónæmisfræði, landlæknisembættinu, Orðabók Háskólans, Félagi íslenskra meinafræðinga, heilbrigðisdeild Tækniháskóla Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í veirufræði, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í sýklafræði, Samtökum heilbrigðisstétta, Háskóla Íslands og BHM.

Með frumvarpinu er ætlunin að breyta starfsheitinu meinatæknir í lífeindafræðingur og einnig að fella brott úr lögunum ákvæði um skilyrði þess efnis að meinatæknir starfi á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðings. Þá er jafnframt lagt til að sett verði í lögin heimild til þess að setja reglugerð um sérfræðiviðurkenningu lífeindafræðings.

Nefndin telur breytinguna á starfsheitinu eðlilega þegar litið er til menntunar, aukinnar sérhæfingar, eðlis starfsins og breytinga hjá sambærilegum stéttum. Á það hefur verið bent að enska er orðin alþjóðlegt tungumál á sviði heilbrigðis- og læknisfræði og er enska heitið „biomedical scientist“. Í Bretlandi er það starfsheiti ýmist notað eða „biomedical laboratory scientist“. Þá hafa flestar umsagnir verið jákvæðar um þetta atriði frumvarpsins.

Nefndin fellst á það sjónarmið að samfara aukinni menntun er ekki rétt að gera skilyrðislausa kröfu um að meinatæknar starfi undir handleiðslu sérfræðings eins og verið hefur, frekar en aðrar heilbrigðisstéttir sem bera ábyrgð á störfum sínum sjálfar, heldur að það verði metið sérstaklega hverju sinni. Telur nefndin því fullnægjandi að leyfi frá ráðherra til starfrækslu rannsóknastofu verði grundvallað á faglegu mati landlæknis um hvort uppfylltar séu þær faglegu kröfur sem gera verður til starfseminnar og að læknisfræðilegar rannsóknir verði ekki framkvæmdar annars staðar en þar sem aðbúnaður og sérþekking er fullnægjandi að mati landlæknis, þ.m.t. læknisfræðileg sérþekking. Þannig verði mat á ferli og niðurstöðum lækningarannsókna, sem eru grundvöllur ákvörðunar um frekari meðferð sjúklings, áfram á ábyrgð lækna.

Loks leggur nefndin til að landlæknir gefi út viðmiðanir um hvernig skuli flokka rannsóknastofur eftir starfssviði og eðli. Þar komi fram hvaða lækningarannsóknir megi framkvæma á rannsóknastofu í hverjum flokki og hvaða kröfur skuli gera til þeirra.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á frumvarpinu sem varðar einungis málfar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „gera þurfi“ í 6. gr. komi: gera þarf.

Einar Karl Haraldsson og Bjarni Benediktsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 2005.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Þuríður Backman.	Siv Friðleifsdóttir.

Guðrún Ögmundsdóttir.

1153. Fyrirspurn [778. mál]

til samgönguráðherra um skráningu og eignarhald léna.

Frá Láru Stefánsdóttur.

1. Stendur til að setja lög um skráningu og eignarhald léna?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagasetningu um það hvernig skuli bregðast við þegar nöfn léna valda misskilningi eða vandræðum?

Skriflegt svar óskast.

1154. Svar [717. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar hafa verið árlegar tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti á tímabilinu 2000–2004 og fyrstu þrjá mánuði ársins 2005, á verðlagi í apríl 2005?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Árlegar tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti árin 2000–2004 á verðlagi í apríl 2005, millj. kr.

2000	2001	2002	2003	2004
930	767	836	783	909

Tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti fyrstu þrjá mánuði 2005 á verðlagi í apríl 2005, millj. kr.

Janúar	Febrúar	Mars
38	43	43

1155. Skýrsla [779. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 19.–24. janúar 2004, alþjóðaheilbrigðisdaginn 7. apríl 2004, 57. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf 17.–22. maí 2004, fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 24.–27. maí 2004, fund svæðisnefndar WHO í Evrópu í Danmörku 6.–9. september 2004 og fund framkvæmdastjórnar WHO í Reykjavík 9.–10. desember 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO
Í GENF 19.–24. JANÚAR 2004

1. Inngangur.

Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var samþykkt 22. júlí 1946 á sérstöku alþjóðlegu heilbrigðismálaþingi. Stofnunin sjálf tók ekki til starfa fyrr en 7. apríl 1948 þegar 26 af 61 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna höfðu staðfest stofnskrána. Aðildarríki WHO eru nú 192.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Genf en auk þess fer stór hluti starfseminnar fram í sex svæðisnefndum og skrifstofum þeirra. Svæðisskrifstofurnar eru í eftirtöldum löndum:

- Kongó (Brazzaville).
- Bandaríkjunum (Washington).
- Egyptalandi (Alexandríu).
- Danmörku (Kaupmannahöfn).
- Indlandi (Nýju-Delhi).
- Filippseyjum (Maníla).

Alþjóðaheilbrigðisþingið, sem haldið er einu sinni á ári, er sá vettvangur sem tekur helstu ákvarðanir varðandi starfsemi WHO og markar stefnu stofnunarinnar á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin, sem kemur saman tvisvar á ári, er hins vegar framkvæmdanefnd þingsins. Svæðisnefndir WHO koma saman einu sinni á ári, í 1–2 vikur hverju sinni. Þess á milli starfa fastanefndir svæðisskrifstofanna.

Meginmarkmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er að stuðla að sem bestu heilsufari allra jarðarbúa. Heilbrigði er skilgreint í stofnskrá WHO sem svo að það feli í sér fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferli, ekki einungis firð sjúkdóma og vanheilinda.

Helstu viðfangsefni WHO eru:

- Leiðsögn í heilbrigðismálum á heimsvísu.
- Samvinna við ríkisstjórnir á sviði áætlanagerðar, stjórnunar og mats á framkvæmd aðgerða í heilbrigðismálum.

– Þróun og miðlun viðeigandi heilbrigðistækni, upplýsinga og gæðastaðla fyrir heilbrigðisþjónustu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfar í nánu samstarfi við aðildarríkin, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir og samtök, frjáls félagasamtök og sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Jafnframt tengist starfsemi WHO viðfangsefnum margra annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

WHO hefur einkum náð árangri á sviði smitsjúkdóma og með lækkun dánartíðni og lengingu lífs, dreifingu lífsnauðsynlegra lyfja og aðgerðum til þess að bæta heilsufarið í borgum heimsins. Verkefnin fram undan eru hins vegar óþrjótandi og má þar m.a. nefna aðgerðir til þess að tryggja *heilbrigði allra,* hefta útbreiðslu nýrra og eldri sjúkdóma, koma á nánari samvinnu þeirra sem vinna að heilbrigðismálum, bæta umhverfið og stuðla að heilsusamlegum lífsháttum fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gegnt forustuhlutverki á sviði heilbrigðismála í heiminum um áratugaskeið. Á síðustu árum hafa hins vegar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankinn, Heimssjóðurinn í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu (e. The Global Fund to Fight AIDS, Tuberculosis and Malaria) og svæðisbundnir fjárfestingarbankar orðið æ meira áberandi á heilbrigðissviðinu. Hefur það aðallega komið til af því að fjárhagslegur stuðningur og lánafyrirgreiðsla við einstök lönd hefur í vaxandi mæli tengst ákveðnum aðgerðum í heilbrigðismálum.

Starfsemi stofnunarinnar hafa verið sett skýr markmið og eru þau:

- Að draga úr dánartíðni, sýkingum og fötlunum, þá sérstaklega í þróunarríkjunum.
- Að stuðla að heilbrigðum lífsstíl og draga úr umhverfis-, efnahags- og félagslegum áhættuþáttum.
- Að þróa heilbrigðisþjónustu sem er skilvirk, bregst við eftirspurn neytenda og er fjárhagslega sanngjörn/réttlát.
- Að styðja við uppbyggingu heilbrigðisstofnana, að mynda stuðningsramma fyrir heilbrigðisstefnu og að hvetja til þess að tekið sé tillit til heilbrigðismála við stefnumótun í félags-, efnahags-, umhverfis- og þróunarmálum.

2. Fundur framkvæmdastjórnar WHO í Genf 19.–24. janúar 2004.

Framkvæmdastjórnin hittist að venju tvisvar á ári. Fyrri fundurinn er haldinn í janúar og sá seinni í maí í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu sem haldið er ár hvert. Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar en í henni sitja 32 aðildarríki hverju sinni. Ísland var formlega kosið í framkvæmdastjórn á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2003 en 17 ár voru þá liðin frá því að Ísland gegndi þar síðast stöðu og er fulltrúi Íslands Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórn, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

Sæti stjórnarinnar skiptast milli svæða á eftirfarandi hátt: Evrópa hefur sjö sæti, Afríka sjö sæti, Norður- og Suður-Ameríka sex sæti, Austur-Miðjarðarhaf fimm sæti, Vestur-Kyrrahaf fjögur sæti og Suðaustur-Asía þrjú sæti.

Með aðild að framkvæmdastjórninni hefur Ísland tækifæri til þess að koma að mikilvægum ákvörðunum um starfsemi og stefnu WHO. Ísland hefur í stjórnartíð sinni lagt megináherslu á málefni kvenna, barna og ungmenna sem víða um heim búa við bág kjör. Enn

fremur hefur Ísland lagt áherslu á eflingu heilsusamlegra lífshátta, svo sem stuðla að aukinni hreyfingu, réttu mataræði og lagt baráttunni gegn ofneyslu áfengis lið. Að endingu hefur Ísland lagt áherslu á málefni fatlaðra og hreyfihamlaðra.

3. Ræða framkvæmdastjóra.

Þetta var fyrsti framkvæmdastjórnarfundur sem nýr framkvæmdastjóri, dr. Lee, sat en hann tók til starfa í júlí 2003. Í ræðu sinni fór dr. Lee yfir starfsemi stofnunarinnar frá því að hann tók við starfi aðalframkvæmdastjóra. Aukin áhersla hefur verið lögð á baráttuna gegn alnæmi og hefur stofnunin lagt sérstaka áherslu á að koma lyfjum til þeirra sem hve mest þurfa á að halda. Að auki hefur átak verið gert í bólusetningu gegn lömunarveiki sem miðaði að útrýmingu hennar fyrir lok árs 2004. En dr. Lee lagði áherslu á að á meðan unnið væri að útrýmingu sjúkdómsins væri alltaf hætta á að smit tæki sig upp í þeim löndum sem hefðu verið yfirlýst sem laus við lömunarveiki.

Dr. Lee vakti athygli á því að á árinu 2003 hefðu um tveir milljarðar manna í um 50 löndum þolað skyndilegt neyðarástand, t.d. við jarðskjálftann í Bam í Íran. Aðrir hefðu lent í stríðsátökum. Hann benti á að stofnunin brygðist einnig við neyðarástandi sem hefði haft langan aðdraganda eins og t.d. af völdum alnæmis, berkla eða malaríu. Hægt væri að koma í veg fyrir neyðarástand af þessum völdum með forvörnum og öflugu viðbragði stofnunarinnar. Þó að áherslan virtist oft vera á brýnustu þarfirnar þegar neyðarástand skapaðist legði stofnunin einnig áherslu á styrkingu og enduruppbyggingu heilbrigðiskerfis aðildarríkja.

Styrking og enduruppbygging heilbrigðiskerfa var einmitt meginþema alþjóðaheilbrigðisskýrslunnar árið 2003 en skýrslan er gefin út á hverju ári. Að auki bar skýrslan undirtitilinn „Mótun framtíðarinnar“ og er í henni gerð grein fyrir þeim markmiðum sem WHO hefur náð er varða þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, meðhöndlun sjúkdóma og þann vanda sem skapast hefur vegna síaukins skorts á heilbrigðisstarfsfólki í mörgum aðildarríkjum.

Dr. Lee greindi því næst frá því að stofnunin hefði sett fram mjög viðamikla áætlun í desember 2003 sem miðaði að því að 3 milljónir manna í Afríku ættu kost á alnæmislyfjum fyrir lok árs 2005. Nú þegar hefði 31 land beðið WHO um aðstoð vegna fyrirbyggingar alnæmis og meðferðar. Sett hefði verið á laggirnar sérstök deild sem fór með meðhöndlun lyfja og greiningartækja fyrir alnæmi. Enn fremur væri verið að vinna að gerð leiðbeininga fyrir meðhöndlun sjúkdómsins og lagði hann sérstaka áherslu á að Heimssjóðurinn í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu og sameiginleg áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS) hefðu mikilvægu hlutverki þar að gegna.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og lýsti yfir stuðningi við markmið WHO sem miðar að því að koma þremur milljónum alnæmissjúkra í Afríku á alnæmislyf fyrir lok árs 2005 og lagði áherslu á að alnæmisfaraldurinn væri einn alvarlegasti faraldur okkar tíma sem ógnaði heilsu manna og að WHO þyrfti á allri sinni tæknilegu þekkingu og pólitískum styrk að halda í baráttunni gegn sjúkdómnum. Hann beindi einnig sjónum að nauðsyn þess að aukin áhersla yrði lögð á fyrirbyggingu langvinnra sjúkdóma, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, því það væri oft kostnaðarminna fyrir samfélög að auka áherslu á forvarnir miðað við þann kostnað sem fælist í lækningu.

4. Helstu umræðuefni fundarins.

4.1 Endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglna.

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2003 var samþykkt ályktun sem kvað á um endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglum stofnunarinnar sem miða að viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við smitsjúkdómum, sérstaklega í ljósi þess hve smitsjúkdómar á borð við HABL (e. SARS) geta

haft miklar og snöggar afleiðingar bæði á heilsu og efnahag þjóða og hversu erfitt er að einangra útbreiðslu þeirra vegna aukinna samgangna ríkja á milli. Í ályktuninni var lögð áhersla á að endurskoðuninni yrði lokið fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí 2005 þar sem áætlað væri að aðildarríki samþykktu endurskoðunina.

Ísland studdi endurskoðunina og lagði áherslu á að tryggt yrði sem allra mest öryggi gegn smitsjúkdómum, auk þess sem leitast þyrfti við að hafa sem minnst áhrif á viðskipti og ferðaþjónustu. HABL-faraldurinn hafði gert mönnum það ljóst að reglurnar þörfnuðust endurskoðunar svo að stofnunin og aðildarríki gætu betur brugðist við nýjum áskorunum og mikilvægt væri að ljúka þessari vinnu sem fyrst.

4.2 HIV og alnæmi.

Á hverju ári deyja um þrjár milljónir manna af völdum HIV og alnæmis og ár hvert sýkjast um fimm milljónir manna. Vakin var athygli á því að alþjóðasamfélagið hefði ekki náð þeim markmiðum sem birt voru í yfirlýsingu um baráttu þjóða gegn HIV og alnæmi á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um alnæmisvandann sem haldið var í júní 2001. WHO, UNAIDS og Heimssjóðurinn gegn alnæmi, berklum og malaríu kynntu því áætlun haustið 2003 sem miðar að því að minnsta kosti þrjár milljónir manna í Afríku ættu kost á alnæmislyfjameðferð fyrir lok árs 2005. Gert var ráð fyrir einfaldri staðlaðri meðferðaráætlun fyrir sýkta sem gagnaðist þar sem aðstæður væru bágar. Einnig var ætlunin að sjá fátækum þjóðum fyrir greiningartækjum og aðstöðu til að fylgjast með lyfjaónæmi alnæmisveirunnar og lögð yrði áhersla á að þjálfa fólk á staðnum til verksins. Ætlunin var að nýta sér reynslu sem fengist hefur af skammtímameðferð berkla og viðbrögðum við HABL-faraldrinum.

Ísland lagði áherslu á að óhjákvæmilegt væri að herða mjög sóknina gegn HIV og alnæmi bæði með forvörnum og meðferð. Verkefnið væri þó afar flókið og erfitt í framkvæmd og gera yrði ráð fyrir því að þar sem aðstæður væru bágar mundi reynast afar erfitt að fylgja meðferð eftir og mikil hætta væri á að lyfjaónæmið yrði illviðráðanlegt vandamál innan fárra ára. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

4.3 Meðhöndlun og eftirlit með Buruli-sárum.

Lögð var fram ályktun um hvernig bregðast ætti við Buruli-sárum en sjúkdómurinn er algengur í Mið-Afríku og hefði hingað til verið vanræktur. Hvatt var til þess að reynt yrði að meta útbreiðslu sýkinga af völdum sáranna með bættri skráningu. Jafnframt yrði með öllum tiltækum ráðum reynt að hefta útbreiðslu sjúkdómsins sem fram til þessa hefur verið lítið sinnt. Ekki er vitað með vissu hvernig menn sýkjast eða hvort sjúkdómurinn sé að breiðast út.

4.4 Heilsuefling og heilbrigðir lífshættir.

Ísland fór fram á að þessi dagskrárliður yrði tekinn fyrir og lagði fram ályktun sem fór fram á að WHO setti heilbrigða lífshætti sem efst á forgangslista sinn. Ályktuninni hvatti stofnunina til að beina sjónum sínum í auknum mæli að áfengisneyslu og áhættunni sem henni er samfara, ekki síst þar sem í hlut eiga börn, ungmenni og vanfærar konur. Sama gilti um áfengi og akstur og áfengisneyslu á vinnustöðum. Ályktunin fékk í upphafi stuðning framkvæmdastjórnarmanna frá Kanada, Kína Tékklandi, Kasakstan, Maldíveyjum, Suður-Kóreu og Rússlandi en var að lokum samþykkt einróma af framkvæmdastjórninni.

4.5 Alþjóðaáætlun um mataræði, hreyfingu og heilsu.

Í alþjóðaheilbrigðisskýrslunni frá árinu 2002 kemur fram að langvinnir sjúkdómar, s.s. hjarta og æðasjúkdómar, lungnasjúkdómar, sykursýki og krabbamein, valda um 60% dauðsfalla og stuðla að 47% sjúkdómsbyrði í heiminum en 79% þessara dauðsfalla verða í þróuðum löndum heims. Til að sporna við þessu lagði WHO á fundinum fram drög að áætlun um mataræði, hreyfingu og heilbrigða lífshætti þar sem aðildarríki voru hvött til þess að nota ýmsar aðferðir til þess að reyna að hvetja fólk til neyslu á heilsusamlegum matvælum. Í skýrslunni eru nefndar nokkrar leiðir sem stjórnvöld geta beitt, t.d. að hugsanlegt sé að skattleggja ýmis hættuleg efni í matvælum. Skýrslan fékk mikla gagnrýni frá sykuriðnaðinum í Bandaríkjunum og náðist ekki samstaða um hana á fundinum. Því var ákveðið að aðildarríki fengju frest til að senda inn ábendingar sem teknar yrðu inn í skýrsluna fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí sama ár þar sem hugsanlega væri hægt að samþykkja skýrsluna.

4.6 Umferðaröryggi og heilsa.

Talið er að 1,2 milljónir manna í heiminum láti lífið á ári hverju af völdum umferðarslysa. Á framkvæmdastjórnarfundinum var lögð fram ályktun um umferðaröryggi en þetta var einnig þema alþjóðaheilbrigðisdagsins 2004. Átak WHO gegn umferðarslysum nær aftur til ársins 2001 en þá gaf WHO út fimm ára áætlun um fyrirbyggingu umferðarslysa sem stofnunin hefur farið eftir.

Ísland benti á að heilbrigðisráðuneyti gætu ein ekki komið í veg fyrir umferðarslys og þörf væri á víðtækara samstarfi við forvarnavinnu.

4.7 Heilbrigði fjölskyldunnar í ljósi þess að 10 ár eru liðin frá því að haldið var upp á alþjóðlegt ár fjölskyldunnar.

Tíu ár voru liðin frá því að Sameinuðu þjóðirnar héldu upp á alþjóðlegt ár fjölskyldunnar og var ákveðið að nota þetta tækifæri til að endurvekja áhersluna á málefni fjölskyldunnar. Bandaríkin lögðu fram ályktun um þetta efni sem fékk stuðning framkvæmdastjórnarinnar en í henni var kveðið á um að aðildarríki sæju til þess að stefnur stjórnvalda aðstoðuðu við að veita fjölskyldum stuðningsríkt umhverfi. Ályktunin kvað einnig á um að tryggja að hver og einn fjölskyldumeðlimur nyti heilbrigðisþjónustu og að fjölskyldumeðlimum væri ekki mismunað vegna t.d. kyns eða aldurs. Að lokum var farið fram á það við WHO að stofnunin skilaði skýrslu um gang mála til alþjóðaheilbrigðisþingsins árið 2006.

Ísland sagði það nauðsynlegt fyrir WHO að halda málefnum fjölskyldunnar á lofti en mikilvægt væri að hafa skilgreininguna á fjölskyldu víðtækari og var ályktuninni breytt með það í huga að hún fengi að lokum samþykki allra eins og reyndar varð raunin.

4.8 Kynheilbrigði.

Bretar og Svíar hafa verið baráttumenn þess að halda þessari umræðu á lofti innan stofnunarinnar en hafa fengið mótbyr frá aðildarríkjum sem ekki leyfa fóstureyðingar eða banna notkun getnaðarvarna. Að frumkvæði aðalframkvæmdastjóra WHO var lögð fram á fundinum tillaga að ályktun og drög að áætlun um hvernig hægt væri að herða átakið í að ná alþjóðaþróunarmarkmiðum sem snúa að kynheilbrigði. Þrjú af átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru tengd kynheilbrigði en þau snúa að lækkun mæðradauða og barnadauða undir fimm ára aldri og að draga úr útbreiðslu HIV og alnæmis. Þess má geta að Ísland lýsti á fundinum yfir stuðningi við ályktunina og drögin að áætluninni sem var svo samþykkt af framkvæmdastjórninni.

4.9 Gæði og öruggi lyfja og blóðgjafa.

Alþjóðaheilbrigðisþing WHO hefur í gegnum árin samþykkt fjölda ályktana um gæði og öryggi lyfja, blóðgjafa, bóluefna og óhefðbundinna lyfja en þrátt fyrir það hefur um helmingur aðildarríkja ekki nægilegt eftirlit með lyfjum í heimalandi sínu og er talið að um 30% þeirra hafi engar reglur varðandi gæði og öryggi lyfja eða blóðgjafa. Þetta hefur ýtt undir áhyggjur af því hversu varnarlaus þessi lönd eru fyrir því, sérstaklega með auknum samgöngum, að inn í þau flæði lyfleysur, lyfjafalsanir, lyf sem standast ekki öryggiskröfur og lyf sem geta haft óþekktar afleiðingar. Að auki hafa framfarir í blóðskimun ekki skilað sér til margra landa og því er ekki hægt að koma í veg fyrir að veirur á borð við HIV og lifrarbólgu berist manna á milli með blóð- eða blóðhlutagjöfum. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið en starfsmenn WHO skýrðu frá meginþáttunum í lyfjaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2004–2007.

4.10 Heilbrigðisþjónusta, þar með talin heilsugæsla.

Vandi hefur steðjað að í heilbrigðisþjónustu margra aðildarríkja, m.a. vegna pólitísks óstöðugleika, stríðsástands, hárrar skuldastöðu landa eða neyðarástands. Sérfræðingar WHO lýstu áhyggjum af því hversu mörg lönd standa frammi fyrir skorti á fjármagni, heilbrigðisstarfsfólki, lyfjum og tækjabúnaði og þeim vandamálum sem skapast hafa vegna ónægrar uppbyggingar og endurnýjunar á heilbrigðiskerfi margra landa. Vegna þessa hefði aðgengi að heilbrigðisþjónustu farið hríðversnandi í heiminum, sérstaklega í fátækum löndum heims.

Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið en Ísland minnti á Alma Ata samþykktina frá árinu 1978 sem fer fram á að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Að auki lagði Ísland áherslu á að aðildarríki mældu útkomu heilbrigðisþjónustu sinnar til að geta metið hana og bætt.

4.11 Erfðafræði og alþjóðaheilbrigði: skýrsla frá ráðgjafanefnd um heilbrigðisrannsóknir.

Aðalframkvæmdastjóri WHO fór fram á það í janúar 2001 að ráðgjafahópur um heilbrigðisrannsóknir ynni að gerð skýrslu um áhrif framfara í erfðafræði á alþjóðaheilbrigði. Skýrslan kom út í apríl 2002 og greinir hún m.a. frá nýjustu framförum innan greinarinnar og hvernig þessi þekking gæti leitt til framfara innan læknavísindanna og þar með stuðlað að betri viðbrögðum við sjúkdómum og faröldrum, þá sérstaklega í fátækum löndum heims. Á sama tíma var varað við hættum sem tengst geta þessum framförum og bent á að margar siðferðilegar spurningar geti vaknað samfara þeim.

Framkvæmdastjórninni var á síðasta fundi framkvæmdastjórnar boðið að samþykkja ályktun sem færi fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið 2004 þar sem efni og niðurstöður skýrslunnar yrðu samþykktar. Margir framkvæmdastjórnarmeðlimir vildu fá lengri tíma til að skoða skýrsluna og var ákveðið að fresta þessari ákvörðun til framkvæmdastjórnarfundarins nú þar sem ályktunin var samþykkt.

Ísland lagði áherslu á að erfðafræðin hefði möguleika á að lækna marga sjúkdóma í framtíðinni en nú þegar væri hægt að leysa mörg brýnustu heilbrigðisvandamál heimsins, sérstaklega í þróunarlöndunum, með tiltölulega kostnaðarlitlum aðgerðum sem krefðust ekki flókinna tæknilegra úrlausna.

4.12 Líffæra- og vefjaígræðslur.

Kólumbía og Spánn báðu um að þetta mál yrði tekið upp á fundi framkvæmdastjórnarinnar í maí árið áður í ljósi þess að líffæra- og vefjaígræðslur væru að verða hluti af heilbrigðisþjónustu nánast allra aðildarríkja. Litið hefði verið á ígræðslur sem kostnaðarsparandi

í mörgum tilvikum, svo sem nýrnaígræðslur. En með þessari þróun hefðu vaknað margar siðferðilegar spurningar. Árið 1991 samþykkti alþjóðaheilbrigðisþingið ályktun um grundvallarreglur sem hafðar skyldu að leiðarljósi við líffæraígræðslur. Þessar reglur innihéldu ekki ákvæði um öryggisstaðla eða reglur varðandi greiðslur fyrir líffæri. Eftirspurnin eftir líffærum færi sífellt vaxandi en í auknu hlutfalli við framboð. Hefði því eftirspurn eftir lifandi líffæragjöfum aukist og þar með farið að bera á greiðslum fyrir líffæri eða að líffæri væru fjarlægð úr lifandi líffæragjafa án samþykkis hans. Ákveðið var að kalla saman hóp sérfræðinga sem skila mundi skýrslu um ástand mála til framkvæmdastjórnarinnar á þessum fundi en að auki var lögð fram ályktun um endurskoðun grundvallarreglnanna.

Ísland var þess fylgjandi á fundi árið 2003 að endurskoðun færi fram á grundvallarreglunum og lagði að auki áherslu á mikilvægi samvinnu aðildarríkjanna. Enn fremur studdi Ísland nú ályktunina sem lögð var fram en fór að auki fram á að ályktunin kæmi inn á vaxandi áhyggjur af ólöglegum viðskiptum með líffæri þar sem þau bitnuðu gjarnan á viðkvæmum og fátækum þjóðfélagshópum. Vandamálið væri vaxandi í Evrópu og hefði Evrópuráðið sett það framarlega á dagskrá sína en mjög mikilvægt væri að WHO sýndi frumkvæði þar sem vandamálið væri ekki einungis bundið við Evrópu heldur heim allan.

4.13 Mislingar.

Mislingar voru taldir valda 750 þúsund dauðsföllum á ári hverju en flest dauðsfallanna verða í Afríku. Fræðilega er talið hægt sé að útrýma mislingum og þar með bægja þeim frá með bólusetningum. Nauðsynlegt er talið að bæta þekjun bólusetninga, einkum í þróunarlöndum, til að ná markmiðum WHO sem eru að helminga dauðsföllin af völdum mislinga árið 2005 miðað við 850 þúsund dauðsföll árið 1999.

Ísland sagði það afar brýnt að bæta þekjun bólusetninga þar sem þeim væri ábótavant. Á meðan mislingar geisuðu í einhverjum hlutum heimsins væru þeir ógnun við þær þjóðir sem náð hafa að bægja sjúkdómnum frá því jafnvel við bestu aðstæður væru margir einstaklingar óbólusettir af mismunandi ástæðum sem nytu verndar svokallaðs hjarðónæmis þar sem þekjun bólusetninga nær 90%.

4.14 Heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL).

Um miðjan nóvember 2002 kom upp faraldur af alvarlegri bráðri lungnabólgu í Guangdonghéraði í Kína. Faraldurinn breiddist út, einkum til nágrannalanda Kína. Hinn 12. og 15. mars 2003 gaf WHO út alþjóðlega viðvörun um sjúkdóminn. Alls greindust 8.422 tilfelli í 29 löndum, flest í Kína og 908 manns létust af völdum sjúkdómsins. Þann 5. júlí 2003 lýsti WHO því yfir að útbreiðslu sjúkdómsins meðal manna væri lokið í bili a.m.k.

HABL-faraldurinn olli miklum ótta og samfélagsröskun um allan heim. Talið er að kostnaður vegna faraldursins hafi numið 30–140 milljörðum dollara, einkum vegna samdráttar í ferðamennsku og minnkaðrar fjárfestingar. Markmið WHO var að koma í veg fyrir að HABL yrði landlægur sjúkdómur og að auki koma í veg fyrir að hann bærist þjóða á milli, einkum með alþjóðaflugi. Stofnunin mun halda áfram að byggja starf sitt á alþjóðasamvinnu við að afla þekkingar um sjúkdóminn.

Ísland benti á þær erfiðu ákvarðanir sem aðildarríki stæðu frammi fyrir þegar hugsanleg tilfelli hættulegra smitsjúkdóma kæmu upp. Þessar ákvarðanir krefðust skjótra viðbragða og þó svo að staðfesting á endanlegri greiningu lægi ekki fyrir gætu þær haft gríðarleg áhrif á ferðaþjónustu og efnahag landa.

4.15 Útrýming bólusóttar: eyðing birgða af bólusóttarveiru.

Sem fyrr mælti sérstakur ráðgjafahópur WHO um bólusóttarveirurannsóknir með því að haldið yrði áfram rannsóknum á bólusóttarveirunni sem eru nákvæmlega skilgreindar og þeirri ákvörðun WHO að eyða veirunni yrði frestað enn um sinn. Alþjóðaheilbrigðisþing WHO samþykkti árið 1999 að öllum birgðum af bólusóttarveiru skyldi eytt eigi síðar en árið 2002 og studdi Ísland þá samþykkt. Í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar var mælt með því að nýta til rannsókna þá stofna veirunnar sem enn væru til svo bæta mætti greiningu á veirunni og þróa virkari og öruggari bóluefni. Í ljósi þessa studdi Ísland að frestað yrði eyðingu á fyrirliggjandi birgðum enn um sinn. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið og engin ákvörðun var tekin um þetta mál á fundinum.

4.16 Útrýming lömunarveiki.

Á alþjóðaheilbrigðisþingi WHO árið 1988 var sett það markmið að útrýma lömunarveiki fyrir árslok 2000. Til þessa hefur lömunarveiki verið bægt frá Ameríku, Evrópu og Vestur-Eyjahafi en á þessum svæðum búa um þrír milljarðar manna. Á Indlandi, í Nígeríu og í Pakistan var að finna 96% þeirra tilfella sem nýlega höfðu greinst en tilfellin voru ekki mörg. Mikilvægt þótti því að stöðva útbreiðslu lömunarveikiveirunnar eigi síðar en við árslok 2004 með fjöldabólusetningum svo hægt yrði að ná því markmiði að útrýma sjúkdómnum. Helsta hindrunin fyrir því að markmiðið næði fram að ganga voru taldir ónægir fjármunir.

4.17 Fyrirbygging afrísku svefnsýkinnar.

Samþykkt var ályktun um hvernig Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og aðildarríki gætu fyrirbyggt afrísku svefnsýkina. Sjúkdóminn er einkum að finna í Mið- og Austur-Afríku og getur hann leitt menn til dauða á nokkrum vikum en hann leiðir til dauða allra sem ekki fá meðferð. Rætt var um að varnaraðgerðir væru einkum fólgnar í því að draga úr biti tsetseflugunnar með mýflugnafælandi aðgerðum og með því að reyna að fækka flugunum en útbreiðsla sjúkdómsins réðist einkum af veðurfari og umhverfisaðstæðum.

5. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir fimmtán ályktanir, sbr. fylgiskjal I.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISDAGURINN 2004

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stendur á hverju ári fyrir alþjóðlegum heilbrigðisdegi sem haldið er upp á hinn 7. apríl. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á mikilvægum heilbrigðismálum og hvetja til umræðu. Í ár var dagurinn tileinkaður umferðaröryggi og markaði dagurinn upphaf alþjóðlegs umferðaröryggisárs. Talið er að 1,2 milljónir manna í heiminum láti lífið á ári hverju af völdum umferðarslysa og að enn fleiri hljóti alvarlega áverka. Mörg ríki notuðu þennan dag til að auka vitund vegfarenda um umferðaröryggi með það að markmiði að fækka umferðarslysum.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGIÐ 2004

1. Inngangur.

Að venju var alþjóðaheilbrigðisþingið haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 17.–22. maí 2004. Þetta var í fimmtugasta og sjöunda skiptið sem þingið var haldið og var það fjölsótt að venju. Yfir tvö þúsund fulltrúar sóttu þingið að þessu sinni en 185 af 192 aðildarríkjum WHO sendu fulltrúa sína á þingið, þar af fóru ráðherrar fyrir um 140 sendinefndum aðildarríkja.

Forseti þingsins var kosinn Muhammad Nasir Khan frá Pakistan. Varaforsetar voru kosnir dr. M.E. Tshabalala Msimang frá Suður-Afríku, A. David-Antonie frá Grenada, S. Bogoev frá Búlgaríu, dr. R. Maria de Araujo frá Austur-Tímor, og dr. Chua soi Lek frá Malasíu en þeir sáu um fundarstjórnina í sameinaðri málstofu þingsins. Að auki var Ponmek Dalaloy frá Alþýðulýðveldinu Laos kosinn formaður nefndar A og dr. Jigmi Singay frá Bhútan formaður nefndar B.

Þingið starfar að hluta í sameinaðri málstofu en meginstarfið fer fram í fyrrnefndum nefndum, nefnd A og nefnd B. Nefnd A fjallar um stöðu heilbrigðismála, áhersluþætti í forvarnastarfi, sérhæfð verkefni stofnunarinnar og áætlanir hennar, svo og fjárlagatillögur tengdar sérstökum verkefnum. Á dagskrá nefndar B eru hins vegar aðallega stjórnunarleg, fjárhagsleg og lögfræðileg málefni. Enn fremur eru á alþjóðaheilbrigðisþinginu haldnir fræðslu- og umræðufundir um einstök efni.

Sendinefnd Íslands í ár skipuðu eftirfarandi: Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formaður sendinefndar, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Haraldur Briem, sóttvarnalæknir ríkisins, og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

Dagskrá þingsins að þessu sinni var umfangsmikil. Á dagskránni voru meðal annars hringborðsumræður ráðherra en brugðið var frá þeirri venju að hafa eitt þema og þau höfð fjögur, tæknileg málefni með 17 undirflokkum, reglur um samskipti við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, ríkisstofnanir og frjáls félagasamtök og að lokum málefni er vörðuðu stjórnun, fjármál og starfsmannamál.

Alls voru 19 ályktanir og 14 ákvarðanir samþykktar af þinginu, sbr. fylgiskjal II með yfirliti yfir ályktanir.

2. Ræða aðalframkvæmdastjóra.

Dr. Lee Jong-wook frá Suður-Kóreu var á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2003 kjörinn sjötti framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og var hann kosinn til næstu fimm ára. Hann tók til starfa 21. júlí sama ár er dr. Gro Harlem Brundtland lét af störfum, en hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þetta var því fyrsta alþjóðaheilbrigðisþingið sem dr. Lee tekur þátt í sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar en hann er ekki alls ókunnugur starfsemi WHO þar sem hann hefur starfað innan stofnunarinnar í um 20 ár og stjórnaði m.a. berklaverkefni og alþjóðabólusetningar- og ónæmisverkefni stofnunarinnar.

Með nýjum framkvæmdastjóra var ekki fyllilega ljóst hvar áherslur mundu liggja en eitt fyrsta verk dr. Lee var að bæta einu nýju sviði við starfsemi aðalstöðva WHO í Genf sem hefur verið skipt niður í níu meginsvið síðustu árin. Þessu nýja sviði er ætlað að sjá um baráttuna gegn alnæmi, berklum og malaríu. Eins og forveri sinn gerði dr. Lee einnig miklar breytingar á vali á stjórnendum og skipti meðal annars út öllum yfirmönnum meginsviðanna. Dr. Lee virðist ætla að leggja áherslu á að stofnunin beiti sér fyrir að ná þeim þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem viðkoma heilsu en samkvæmt þeim er ætlunin á árunum 2000–2015 að fækka um helming þeim sem lifa við hungur, að dánartíðni barna undir fimm ára aldri lækki um tvo þriðju, að mæðradauði lækki um þrjá fjórðu, náð verði tökum á útbreiðslu alnæmis og malaríu og að aðgangur að hreinu vatni verði aukinn.

Í ræðu sinni sagðist dr. Lee ætla að endurskoða verklagsreglur alþjóðaheilbrigðisþingsins, þá sérstaklega í ljósi þeirrar gagnrýni sem fyrsti dagur þingsins fékk. Sá dagur fór í umræðu um hvort veita ætti Taívan áheyrnaraðild að stofnuninni en engin lausn fékkst í því máli. Dr. Lee sagði það jákvætt að aðildarríki fengju nægan tíma til að ræða mál sín þar sem ágrein-

ingur kæmi upp en forseti þingsins hefði lýst yfir áhyggjum sínum af því að heill dagur af þeim sex dögum sem þingið hafði í ár til umráða hefði farið í pólitíska umræðu ótengda heilbrigðismálum.

Dr. Lee vakti einnig athygli á því í ræðu sinni að 2,8 milljarðar manna í heiminum lifðu á minna en tveimur bandaríkjadölum á dag, 480 milljónir manna byggju á átakasvæðum, 1,2 milljarðar manna ættu ekki völ á hreinu vatni, 40 milljónir manna væru smitaðar af HIV og alnæmi, meira en hálf milljón kvenna létist af barnsförum á ári hverju,1,2 milljónir manna létust af völdum umferðarslysa á ári hverju og um 1,3 milljarðar manna reyktu og væru þar með útsettari fyrir veikindum og ótímabærum dauða. Í framhaldi af þessu benti dr. Lee á að oft væri litið á dauða eins manns sem harmleik en dauða milljóna sem tölfræði sem væri ekki réttur hugsunarháttur þar sem að baki tölfræðinni stæðu einstaklingar.

Því næst fordæmdi dr. Lee allar þær aðgerðir sem stuðluðu að arðráni innan heilbrigðisþjónustunnar og árásum á heilbrigðisstarfsfólk á átakasvæðum. Hann fagnaði auknum fjármunum sem farið höfðu til þróunaraðstoðar í heiminum síðustu árin en það fjármagn jókst að meðaltali um 1,7 milljarða bandaríkjadala á ári á tímabilinu 1997–2002. Mikið af þessum fjármunum hefðu verið veittir vegna aukinnar vitundarvakningar á örbirgðinni sem fylgdi HIV og alnæmi. Í sumum samfélögum væri nær helmingur ungs fólks smitaður af HIV og alnæmi og þessir einstaklingar mundu deyja innan nokkurra ára ef þeir fengju ekki lyfjameðferð. WHO hefði sett fram áætlun sem miðaði að því að koma 3 milljónum manna í Afríku í lyfjameðferð fyrir lok árs 2005 og hann vonaðist til þess að hægt væri að auka við áætlunina í framhaldi af því.

Jón Kristjánsson talaði fyrir hönd Íslands og lagði áherslu á byrðina sem fylgdi HIV og alnæmi ekki bara í Afríku heldur einnig í Austur-Evrópu og Asíu. Ísland studdi við átak WHO um að 3 milljónir manna í Afríku ættu kost á alnæmislyfjum fyrir lok árs 2005 og að Ísland hefði ákveðið að styrkja þetta málefni um 15 millj. ísl. kr. Jón Kristjánsson lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að styðja við heilsugæslu í þeim löndum sem hvað verst hefðu orðið fyrir HIV og alnæmi en það gæti aðstoðað þessi sömu lönd við að ráðast gegn öðrum sjúkdómum á borð við berkla og malaríu og auðveldað þeim bólusetningar. Hvað viðkæmi alnæmislyfjunum þyrftu menn að hafa það í huga að skortur á alnæmislyfjum gæti valdið ónæmi fyrir þeim. Þess vegna væri nauðsynlegt að byggja upp trausta heilsugæslu sem gæti fylgt eftir dreifingu lyfja til sjúklinga og unnið þannig gegn ónæmi með því að fylgja eftir réttri lyfjanotkun. Að lokum lagði Jón Kristjánsson áherslu á mikilvægi þess að WHO sinnti forustuhlutverki í baráttunni gegn HIV og alnæmi.

3. Ávörp gesta.

3.1 Ávarp Jimmy Carter, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna.

Þetta var fyrsta alþjóðaheilbrigðisþingið sem Jimmy Carter sótti og var hann þakklátur fyrir að fá að deila sannfæringu sinni með fundargestum. Taldi hann að stærsta verkefni sem heimurinn stæði frammi fyrir væri aukinn ójöfnuður ríkra og fátækra. Þrátt fyrir augljósan efnahagslegan bata margra ríkja lifði einn fimmti mannkyns á minna en einum bandaríkjadal á dag sem dygði varla fyrir mat og skjóli og alls ekki fyrir námi eða heilbrigðisþjónustu. Það væri löngu orðið ljóst að fátækt væri helsti áhættuþáttur sjúkdóma og veikinda. Nú væru til sannanir fyrir því að lægri tekjum fylgdi aukin sjúkdóms- og dánartíðni.

Því næst ræddi Jimmy Carter hvernig hægt væri að takast á við vandann og væri helsta leiðin að ríkar þjóðir heims legðu sig fram við að gera sér betur grein fyrir ástandinu í heiminum og skuldbyndu sig til að efla heilsu fátækra. Með þessu væri hægt að stuðla að efna-

hagslegum ávinningi fyrir alla og að auki mundi þetta minnka ofbeldi og þoka áfram mannréttindum í heiminum.

Hann sagðist gera sér grein fyrir því að þetta væru ekki nýjar hugmyndir og það sýndi hversu erfiður vandinn væri. Hins vegar hefði þessi kynslóð sérstakt og fordæmislaust tækifæri til að ná markmiðum sínum. Þessi kynslóð hefði bæði kunnáttuna og tæknina til að skilja sjúkdóma betur en áður svo og leiðir til að fyrirbyggja þá, lækna og meðhöndla, jafnvel útrýma. Stærsta verkefnið sem þessi kynslóð stæði frammi fyrir væri ekki óöryggi eða skortur á auðlindum heldur að ákveða að hvernig framtíð hún vildi stefna.

3.2 Ávarp dr. Kim Dae-jung, fyrrverandi forseta Suður-Kóreu.

Dr. Kim Dae-jung hóf ræðu sína á því að þakka WHO þann stuðning sem stofnunin hafði veitt kóresku þjóðinni. Hann sagði að í augum margra hefði stofnunin verið sameiningarafl frá því að hún var stofnuð árið 1948. Þó svo að heiminum væri skipt á milli mismunandi hugmyndafræði og stjórnmála, þá hefði WHO gegnt mikilvægu hlutverki í að sameina alþjóðasamfélagið með því að vinna að bættri heilsu alls mannkyns.

Aukin þekking og tækni hefði leitt til framfara en ekki í þágu allra og bilið milli ríkra og snauðra stækkaði óðum. Lífslíkur manna í vanþróaðri ríkjum heims væru um 20 árum lægri en í þeim þróaðri. Það sem væri hvað erfiðast að horfast í augu við væri að viðkvæmir þjóðfélagshópar, þar með talin börn, yrðu fyrir hvað mestum mismun. Samkvæmt WHO hefðu 20% þeirra sem létu lífið árið 2002 verið börn undir fimm ára aldri en 98% þeirra voru frá þróunarlöndunum.

Hann taldi eins og fyrri ræðumaður að fátækt væri eitt helsta viðfangsefni sem mannkynið glímdi við. Fátækt væri aðalorsök hungurs og sjúkdóma og nærði trúardeilur og kynti undir menningarlegum árekstrum. Samstarf alþjóðasamfélagsins væri nauðsynlegt í því að vinna gegn fátækt. Mikilvægt væri einnig að hvert ríki setti fram áætlanir um minnkun fátæktar í heimalandi sínu. Sjúkdómar yllu afföllum vinnuafls í landinu og fyrir fátæka gætu sjúkdómar valdið upplausn heimila sem gæti haft mjög neikvæðar afleiðingar, s.s. fyrir börn sem neydd væru út á vinnumarkaðinn og svipt tækifæri til náms. Sjúkdómar stæðu í vegi fyrir því að fólk í þróunarlöndunum reyndi að brjótast út úr fátækt. Fátækt yki útbreiðslu sjúkdóma og aukin tíðni sjúkdóma yki fátækt.

Að lokum sagði dr. Kim Dae-jung að ekkert væri eins mikilvægt fyrir mannkynið og að lifa heilbrigðu lífi án hungurs. Aukið heilbrigði og minnkun fátæktar væru upphafspunkturinn fyrir hamingju mannkynsins. Hann hvatti því alla til þess að vinna að þessu markmiði.

4. Hringborðsumræður ráðherra.

Mikil þátttaka var í hringborðsumræðunum í ár og tóku 120 ráðherrar eða staðgenglar þeirra þátt í umræðunum en þær eru hugsaðar sem liður í því að virkja ráðherra í starfsemi þingsins. Í ár var höfð við sú nýbreytni að umræðunum var skipt upp í fjögur þemu öll tengd þeim vanda fylgir HIV og alnæmi. Formenn hringborðsumræðnanna voru dr. M. Phooko, heilbrigðisráðherra Lesotho, dr. M. Bethel, heilbrigðisráðherra Bahamaeyja, D. Keber, heilbrigðisráðherra Slóveníu, og U. Olanguena Awono, heilbrigðisráðherra Kamerún. Eins og áður segir var hringborðsumræðunum skipt upp í fjögur þemu og ræddu ráðherrarnir um það leiðandi hlutverk sem heilbrigðisþjónusta hvers land hefði í að auka aðgengi að umönnun og meðferð við HIV og alnæmi, hvernig hægt væri að styrkja heilbrigðiskerfi í heimalandi til að aðstoða við dreifingu alnæmislyfja til þurfandi, hvernig hægt væri að virkja samvinnu og hvar væri hægt að nálgast fjármagn til að auðvelda meðferð í heimalöndum og að lokum mikilvægi þess að sameina fyrirbyggingu og meðferð við HIV og alnæmi.

Flestir ráðherrar lýstu yfir stuðningi við átak WHO um að þrjár milljónir manna eigi kost á alnæmislyfjum fyrir lok árs 2005. Jón Kristjánsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði að Ísland hefði stutt þetta framtak með 15 millj. ísl. kr. eins og áður hefði komið fram en að auki hefði Ísland lagt sömu upphæð til Heimssjóðsins í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu. Hann lagði áherslu á alvarleika málsins og benti á það að á degi hverjum létust um níu þúsund manns af völdum alnæmis. Þótt mjög mikilvægt væri að þeir sem á þyrftu að halda nytu meðferðar væri ekki síður mikilvægt að styrkja forvarnir gegn sjúkdómnum, en hægt væri að nota sömu leiðir við að koma á meðferð og veita upplýsingar um forvarnir.

5. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd A.

5.1 HIV og alnæmi.

Á ári hverju deyja um þrjár milljónir manna af völdum HIV og alnæmis og ár hvert sýkjast um fimm milljónir manna. WHO, UNAIDS og Heimssjóðurinn kynntu áætlun haustið 2003 gegn HIV og alnæmi og miðar hún að því að þrjár milljónir manna í Afríku verði komnar í alnæmislyfjameðferð fyrir lok árs 2005. Gert var ráð fyrir einfaldri staðlaðri meðferðaráætlun fyrir sýkta sem gagnaðist þar sem aðstæður væru bágar. Einnig var ætlunin að sjá fátækum þjóðum fyrir greiningartækjum og aðstöðu til að fylgjast með lyfjaónæmi alnæmisveirunnar og lögð yrði áhersla á að þjálfa fólk til verksins.

Á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2004 var þessi umræða á dagskrá en engin ályktun var þá lögð fram. Að frumkvæði Norðurlandanna var hins vegar lögð fram ályktun á alþjóðaheilbrigðisþinginu sem fékk samþykki þingsins.

5.2 Meðhöndlun og eftirlit með Buruli-sárum.

Buruli-sár hefur verið vanræktur sjúkdómur en hann er að finna í Mið-Afríku. Þessi umræða var einnig tekin fyrir á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2004 og var þá lögð fram ályktun sem nú var samþykkt af þinginu. Ályktunin hvatti til þess að reynt yrði að meta útbreiðslu sýkinga af völdum sáranna með bættri skráningu. Jafnframt yrði með öllum tiltækum ráðum reynt að hefta útbreiðslu sjúkdómsins sem fram til þessa hefur lítið verið sinnt.

5.3 Fyrirbygging afrísku svefnsýkinnar.

Þessi umræða var einnig tekin fyrir á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2004. Sjúkdóminn er einkum að finna í Mið- og Austur-Afríku og getur leitt menn til dauða á nokkrum vikum. Svefnsýki leiðir til dauða allra sem ekki fá meðferð og eru varnaraðgerðir einkum fólgnar í því að draga úr biti tsetse flugunnar með mýflugnafælandi aðgerðum og með því að reyna að fækka flugunum. WHO hefur unnið ötulum höndum að því að dreifa flugnanetum á þeim svæðum þar sem sjúkdómurinn er hvað algengastur en aðildarríki samþykktu nú ályktun um hvernig þau ásamt stofnuninni gætu komið í veg fyrir smit sjúkdómsins.

5.4 Útrýming bólusóttar: eyðing birgða af bólusóttarveiru.

Á fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar fyrr á árinu mælti sérstakur ráðgjafahópur WHO um bólusóttarveirurannsóknir með því að haldið yrði áfram rannsóknum á bólusóttarveirunni sem eru nákvæmlega skilgreindar og að þeirri ákvörðun WHO að eyða veirunni yrði frestað enn um sinn. Alþjóðaheilbrigðisþing WHO samþykkti árið 1999 að öllum birgðum af bólusóttarveiru skyldi eytt eigi síðar en árið 2002 og studdi Ísland þá samþykkt. Í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar var mælt með því að nýta til rannsókna þá stofna veirunnar sem enn væru til svo að bæta mætti greiningu á veirunni og þróa virkari og öruggari bóluefni.

Haraldur Briem talaði fyrir hönd Íslands og sagði að í ljósi þess sem fyrr var sagt styddi Ísland að frestað yrði eyðingu á fyrirliggjandi birgðum enn um sinn. Engin ákvörðun var tekin um þetta mál á þinginu en aðstoðarmaður framkvæmdastjóra lagði til að farið yrði eftir ráðleggingum ráðgjafahópsins þar til samstaða næðist meðal aðildarríkja um hvaða ákvörðun skyldi taka.

5.5 Alþjóðaáætlun um mataræði, hreyfingu og heilsu.

Á framkvæmdastjórnarfundinum fyrr á árinu lagði WHO fram drög að áætlun um mataræði, hreyfingu og heilbrigða lífshætti þar sem aðildarríki voru hvött til þess að nota ýmsar aðferðir til þess að reyna að hvetja fólk til neyslu á heilsusamlegum matvælum. Í skýrslunni eru nefndar nokkrar leiðir sem stjórnvöld gætu beitt, t.d. að hugsanlegt væri að skattleggja ýmis hættuleg efni í matvælum. Skýrslan fékk mikla gagnrýni frá sykuriðnaðinum í Bandaríkjunum og náðist ekki samstaða um hana á framkvæmdastjórnarfundinum. Því var ákveðið að aðildarríki fengju frest til að senda inn ábendingar sem teknar yrðu inn í skýrsluna fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið nú. Mörg aðildarríki nýttu sér þennan möguleika, þar á meðal Ísland sem studdi skýrsluna og mikilvægi hennar.

Þetta var eitt af hitamálum þingsins og lagði WHO fram á þinginu ályktun með áætluninni þar sem aðildarríki voru vinsamlegast beðin um að opna ekki texta áætlunarinnar sjálfrar heldur koma ábendingum sínum á framfæri í ályktuninni því samningsferlið um áætlunina hefði verið langt og strangt. Stofna þurfti til vinnuhóps um ályktunina en að endingu náðist samstaða um hana og áætlunina.

Norðurlöndin undirstrikuðu á þinginu mikilvægi áætlunarinnar og vöktu athygli á því að sex af átta helstu dánarorsökum nefndum í alþjóðaheilbrigðisskýrslunni frá 2002 væru tengd óhollu mataræði og ónægri hreyfingu. Hægt væri að koma í veg fyrir marga sjúkdóma með því að huga að þessum tveimur þáttum, þ.e. mataræði og hreyfingu. Að lokum báðu Norðurlöndin framkvæmdastjórann um að greina frá framkvæmd og framgangi áætlunarinnar á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2006.

5.6 Umferðaröryggi og heilsa.

Talið er að um 1,2 milljónir manna í heiminum láti lífið á ári hverju af völdum umferðarslysa. Á framkvæmdastjórnarfundi stofnunarinnar í janúar var lögð fram ályktun um umferðaröryggi en þetta var einnig þema alþjóðaheilbrigðisdagsins 7. apríl sama ár. Þessi ályktun fékk á alþjóðaheilbrigðisþinginu samþykki með smávægilegum breytingum.

Ingimar Einarsson talaði fyrir hönd Norðurlanda og fagnaði áherslunni á mikilvægi forvarna. Umferðarslys yllu miklum heilbrigðisvanda í aðildarríkjunum og kallaði sú staðreynd á aukið samstarf, sérstaklega í ljósi þess að þessum slysum hefur farið fjölgandi síðustu árin og ekkert lát virtist vera þar á. Sérstaka áherslu yrði að leggja á skaðsemi áfengisneyslu ökumanna og að afleiðing þeirrar hegðunar þyrfti að vera almenningi ljós. Síðast en ekki síst þyrfti að veita þeim sem verða fyrir umferðarslysum aukna þjónustu og aðhlynningu.

5.7 Heilsuefling og heilbrigðir lífshættir.

Ísland fór fram á að þessi dagskrárliður yrði tekinn fyrir á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2004 og lagði fram ályktun um að WHO setti heilbrigða lífshætti sem efst á forgangslista sinn. Í ályktuninni var m.a. hvatt til þess að stofnunin beindi sjónum sínum í auknum mæli að áfengisneyslu og áhættunni sem henni er samfara, ekki síst þar sem í hlut eiga börn, ungmenni og vanfærar konur. Sama gilti um áfengi og akstur og áfengisneyslu á vinnustöðum. Ályktunin var samþykkt af framkvæmdastjórninni og nú af þinginu.

Á þinginu sögðust öll Norðurlöndin styðja þá auknu áherslu sem stofnunin hefði lagt á heilsueflingu og fögnuðu einnig sjöttu alþjóðaráðstefnunni um heilsueflingu sem haldin yrði í Taílandi í ágúst 2005. Mikil aukning hefði orðið síðustu árin á offitu og að heilsuefling væri þar fyrirbyggjandi en að auki efldi hún varnir líkamans fyrir sjúkdómum og kvillum tengdum óheilsusamlegum lífsháttum.

5.8 Heilbrigði fjölskyldunnar í ljósi þess að 10 ár eru liðin frá því að haldið var upp á alþjóðlegt ár fjölskyldunnar.

Tíu ár voru liðin frá því að Sameinuðu þjóðirnar héldu upp á alþjóðlegt ár fjölskyldunnar og var ákveðið að nota þetta tækifæri til að endurvekja áhersluna á málefni fjölskyldunnar. Lögð var fram ályktun sem fékkst samþykkt var af þinginu. Ályktunin kveður meðal annars á um að aðildarríki sjái til þess að fjölskyldur njóti stuðningsríks umhverfis og að allir fjölskyldumeðlimir hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu og sé ekki mismunað vegna t.d. kyns eða aldurs. Að lokum var ákveðið að stofnunin mundi skila skýrslu um gang mála til alþjóðaheilbrigðisþingsins árið 2006.

5.9 Kynheilbrigði.

WHO lagði fram á framkvæmdastjórnarfundinum fyrr á árinu ályktun og drög að áætlun um hvernig hægt væri að herða átakið um að ná alþjóðaþróunarmarkmiðum sem snúa að kynheilbrigði. Þrjú af átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru af 189 aðildarríkjum í New York árið 2000 eru tengd kynheilbrigði en þau eru lækkun mæðradauða og barnadauða undir fimm ára aldri og hefting útbreiðslu HIV og alnæmis. Þetta mál varð eitt af hitamálum framkvæmdastjórnarfundarins þar sem aðildarríki sem ekki leyfa fóstureyðingar eða banna notkun getnaðarvarna veittu þessari umræðu mikinn mótbyr. Samstaða náðist að lokum um ályktunina á alþjóðaheilbrigðisþinginu en Bandaríkin vildu að það kæmi sérstaklega fram að þau hefðu ákveðið að koma ekki í veg fyrir að ályktunin fengi samþykki þingsins þó svo að þau væru henni mótfallin.

5.10 Heilbrigðisþjónusta, þar með talin heilsugæsla.

Heilbrigðisþjónusta margra aðildarríkja hefur átt við vanda að etja m.a. vegna pólitísks óstöðugleika, stríðsástands, hárrar skuldastöðu eða neyðarástands. WHO lýsti áhyggjum af því hversu mörg lönd standa frammi fyrir skorti á fjármagni, heilbrigðisstarfsfólki, lyfjum og tækjabúnaði og þeim vandamálum sem skapast hafa vegna ónægrar uppbyggingar og endurnýjunar á heilbrigðiskerfum margra landa. Vegna þessa hefði aðgengi að heilbrigðisþjónustu farið hríðversnandi í heiminum, sérstaklega í fátækari löndum heimsins. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið á framkvæmdastjórnarfundinum fyrr á árinu en nú lögðu Afríkuríki fram ályktun um vanda þróunarríkjanna við að halda heilbrigðisstarfsfólki í heimalöndum sínum og var sú ályktun samþykkt af þinginu.

Norðurlöndin bentu á að ef takast ætti að dreifa alnæmislyfjum til þurfandi þyrfti að styðja við heilsugæslu margra landa, einkum þróunarlandanna, svo að átakið yrði til þess að heilsugæslan styrktist en yrði henni ekki ofviða. Leggja ætti áherslu á uppbyggingu heilbrigðiskerfa og getuna til að veita grundvallarheilsugæslu. Þegar ráðist væri í eflingu heilbrigðiskerfa þyrftu hlutaðeigandi að gera sér grein fyrir sambandinu á milli frammistöðu heilbrigðiskerfis, þeirrar fjárfestingar sem lögð væri í heilbrigðiskerfið og hvernig sú fjárfesting gæti skilað sér til efnahags landa.

5.11 Erfðafræði og alþjóðaheilbrigði: skýrsla frá ráðgjafanefnd um heilbrigðisrannsóknir.

Aðalframkvæmdastjóri WHO fór fram á það í janúar 2001 að ráðgjafahópur um heilbrigðisrannsóknir ynni að gerð skýrslu um áhrif framfara í erfðafræði á alþjóðaheilbrigði. Skýrslan kom út í apríl 2002 og greinir hún m.a. frá nýjustu framförum innan greinarinnar og hvernig þessi þekking gæti leitt til framfara innan læknavísindanna og þar með stuðlað að betri viðbrögðum við sjúkdómum og faröldrum, sérstaklega í fátækum löndum heims. Á sama tíma var varað við þeim hættum sem tengst gætu þessum framförum og bent á að margar siðferðislegar spurningar gætu vaknað samfara þeim. Lögð var fram ályktun sem alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti með smávægilegum breytingum en ekki varð mikil umræða um þennan lið.

5.12 Líffæra- og vefjaígræðslur.

Þetta málefni var tekið fyrir á síðustu tveimur fundum framkvæmdastjórnarinnar. Bent var á að með líffæra- og vefjaígræðslum hefðu vaknað margar siðferðislegar spurningar. Árið 1991 samþykkti alþjóðaheilbrigðisþingið ályktun um grundvallarreglur sem hafðar skyldu að leiðarljósi við líffæraígræðslur. Þessar reglur innihéldu ekki ákvæði um öryggisstaðla eða reglur varðandi greiðslur fyrir líffæri. Eftirspurnin eftir líffærum færi sífellt vaxandi en í auknu hlutfalli við framboð. Hefði því eftirspurn eftir lifandi líffæragjöfum aukist og þar með farið að bera á greiðslum fyrir líffæri eða að líffæri væru fjarlægð úr lifandi líffæragjafa án samþykkis hans. Kallaður var saman hópur sérfræðinga sem skilaði skýrslu um ástand mála til framkvæmdastjórnarinnar fyrr á árinu og samþykkt var á þeim fundi ályktun um endurskoðun grundvallarreglnanna.

Ísland studdi á framkvæmdastjórnarfundinum árið áður að endurskoðun færi fram á grundvallarreglunum og flutti tillögu um að ályktun sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina kæmi inn á vaxandi áhyggjur yfir ólöglegum viðskiptum með líffæri þar sem þau bitnuðu gjarnan á viðkvæmum og fátækum þjóðfélagshópum. Vandamálið væri vaxandi í Evrópu og hefði Evrópuráðið sett það ofarlega á dagskrá sína en mjög mikilvægt væri að WHO sýndi frumkvæði í þessu máli þar sem vandamálið væri ekki einungis bundið við Evrópu heldur heim allan. Þess má geta að ályktunin með þeim breytingum er Ísland lagði til var samþykkt á alþjóðaheilbrigðisþinginu.

6. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd B.

6.1 Heilsuástand og aðstoð við araba sem búa á hernumdum landsvæðum í Miðausturlöndum.

Fyrsta verk nefndarinnar var að taka fyrir ályktun um heilsuástand, og aðstoð við araba sem búa á hernumdum landsvæðum í Miðausturlöndum, þar með talið Palestínu. Þetta varð eitt af hitamálum þingsins en Ísraelar mótmæltu harðlega ályktuninni og sögðu að pólitískar ástæður lægju að baki henni en ekki ásetningur um að bæta heilsu Ísraela og Palestínumanna. Að endingu óskuðu Bandaríkin eftir atkvæðagreiðslu um ályktunina og varð niðurstaðan sú að 76 ríki samþykktu hana, þar á meðal Ísland, Finnland og Svíþjóð, 6 ríki mótmæltu henni og 39 ríki sátu hjá, þar á meðal Noregur og Danmörk.

6.2 Fjármál.

Lögð var fram skýrsla ytri endurskoðanda yfir fjármál WHO á tímabilinu 2002–2003 og samþykkt var ályktun þar sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar var beðinn um að nota niðurstöður skýrslunnar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir tímabilið 2006–2007. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra sagði að tekið yrði mark á skýrslu ytri endurskoðanda en framkvæmda-

stjórinn hefði í huga að gera þónokkrar breytingar á fjármálum stofnunarinnar. Þessar breytingar fælu í sér flutning á fjármunum frá höfuðstöðvum stofnunarinnar til svæðisskrifstofanna og ætlaði hann að ná því takmarki að 30% af heildarfjármagni WHO færi til höfuðstöðvanna en 70% til svæðisskrifstofanna. Þessi breyting mundi samsvara 28% aukningu á fjármunum til Afríkuskrifstofunnar, 92% aukningu til Ameríkuskrifstofunnar, 51% aukningu til Suðaustur-Asíu, 26% til Evrópu, 30% til Austur-Miðjarðarhafsins og 48% til Vestur-Kyrrahafssvæðisins. Hann sagði enn fremur að nú þegar hefði stofnunin fært 153 milljónir bandaríkjadala frá höfuðstöðvunum til svæðisskrifstofanna. Aðildarríki fögnuðu þessum breytingum á dreifingu fjármuna innan stofnunarinnar svo lengi sem nægir fjármunir yrðu eftir til þess að aðalstöðvarnar gætu haldið uppi nauðsynlegri starfsemi sinni.

6.3 Útreikningur fastra framlaga aðildarríkjanna fyrir árið 2005.

Ákveðið var á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2003 að nota reikniformúlu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2003 sem lá fyrir við útreikning á föstum framlögum aðildarríkjanna fyrir tímabilið 2004–2005. Í lok árs 2003 kynntu Sameinuðu þjóðirnar nýja reikniformúlu og var ákveðið á þinginu nú að hana skyldi nota við útreikninga á föstum framlögum fyrir árið 2005. Hlutfall Íslands hækkar þá úr 0,0325% í 0,0340% og verður framlag Íslands árið 2005 því 145.940 bandaríkjadalir í stað 139.500 bandaríkjadala samkvæmt fyrri reikniformúlunni.

6.4 Aðildarríki sem misstu kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu vegna vanskila framlaga.

Þau ríki sem ekki höfðu kosningarétt á alþjóðaheilbrigðisþinginu í ár voru Afganistan, Antígva og Barbúda, Argentína, Armenía, Mið-Afríkulýðveldið, Tsjad, Kómoreyjar, Dóminíska lýðveldið, Georgía, Gínea-Bissá, Írak, Kirgisistan, Líbería, Nárú, Níger, Moldavía, Sómalía, Súrínam, Tadsjikistan og Túrkmenistan.

6.5 Útrýming sjúkdóms af völdum Gíneuormsins.

Súdan fór fram á að þessi aukadagskrárliður yrði tekinn fyrir á þinginu og lagði að auki fram ályktun þess efnis að þau 12 Afríkuríki sunnan Sahara, þar sem sjúkdómurinn er ennþá landlægur, ynnu að því að útrýma sjúkdómnum. Þetta er ekki nýtt átak innan stofnunarinnar og má þess geta að tilfelli á árunum 1986 til 2003 fóru úr 3,2 milljónum í 32 þúsund. Sjúkdómurinn berst með vatni en er bundinn við þau svæði þar sem hreint vatn er af skornum skammti. Engin lyf eða meðferð eru til við sjúkdómnum en koma má í veg fyrir hann með hreinsun drykkjarvatns. Ályktunin fékk stuðning margra aðildarríkja og ákveðið var að stefna að því að útrýma sjúkdómnum fyrir árið 2009.

6.6 Eftirlitskerfi með gæðum og öryggi lyfja.

Alþjóðaheilbrigðisþing WHO hefur samþykkt fjölda ályktana um gæði og öryggi lyfja. Þessi dagskrárliður var tekinn fyrir á framkvæmdastjórnarfundinum fyrr á árinu en þar báðu aðildarríki um að lögð yrði fram skýrsla á alþjóðaheilbrigðisþinginu nú þar sem greint yrði frá útkomu ellefta alþjóðafundar lyfjaeftirlitsyfirvalda sem haldinn var í Madríd í febrúar 2004. Fundurinn kom með tillögur að því hvaða hlutverki WHO og aðildarríki gætu gegnt til að auka gæði og öryggi lyfja. Má meðal annars nefna að aðildarríki voru hvött til að endurskoða reglur og lög í heimalandi til að sjá hvort þau samræmdust alþjóðastöðlum. Þess má geta að engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

7. Fræðslu- og umræðufundir.

7.1 Hvernig huga má að heilsufari á hamfarasvæðum.

Fyrsti fræðslu- og umræðufundurinn fjallaði um það hvernig huga bæri að heilsu manna á hamfarasvæðum. Þetta ástand kallar oftast á aukna sjúkdóma- og dánartíðni en hægt er að hafa áhrif á þessa þætti með nægum viðbúnaði. Á fundinum fengu aðildarríki tækifæri til að lýsa viðbúnaðaráætlunum heimalanda sinna og hvernig þau hafa brugðist við heilbrigðisvandamálum sem skapast höfðu í kjölfar hamfara.

7.2 Geðheilsa og vímuefnamisnotkun.

Gestafyrirlesarinn Rosalynn Carter, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, benti á að þrátt fyrir að mörg meðferðarúrræði væru til fyrir geðfatlaða hefðu of fáir aðgang að þessum meðferðarúrræðum. Enn fremur yrðu þeir sem notfærðu sér þessa þjónustu oft fyrir fordómum sem kæmi í veg fyrir að margir einstaklingar leituðu sér aðstoðar.

7.3 Öryggi sjúklinga og alþjóðasamstarf.

Tilefni fundarins var stofnun alþjóðasamstarfs um öryggi sjúklinga sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stóð fyrir á fundinum. Farið var yfir það starf sem stofnunin hefur unnið í þágu aukins öryggis sjúklinga og voru aðildarríki hvött til að taka þátt í þeirri vinnu. Rætt var um að sjúklingar ættu að hafa hag af heilbrigðisþjónustu, en á sama tíma gætu þeir orðið fyrir skaða hennar vegna. Flókið samspil margra þátta sem nútímaheilbrigðisþjónusta byggðist á gæti gert mikið gagn en á sama tíma fylgdi henni óhjákvæmilega áhætta.

7.4 Notkun veraldarvefsins við heilbrigðisþjónustu og fræðslu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur undanfarið í auknum mæli farið að nota veraldarvefinn til að koma skilaboðum sínum á framfæri. Í lok árs 2003 hóf stofnunin tilraunaverkefni á því að veita heilbrigðisfræðslu í gegnum tölvuforrit. Þessi tölvuforrit miða að því að fá almenning til þess að tileinka sér heilbrigða lifnaðarhætti. Þessi þróun er á byrjunarstigi og er vonast til þess að hægt verði með þessum hætti að koma upplýsingum á framfæri við einangraða staði þar sem aðgangur að heilbrigðisþjónustu er takmarkaður.

8. Samráðsfundir.

8.1 Norðurlandahópurinn.

Á hverjum morgni hittust fulltrúar Norðurlandanna og fóru yfir stöðu mála. Farið var yfir hvað hafði gerst daginn áður og það sem var á dagskrá dagsins. Ísland stjórnaði þessum fundum þar sem Ísland situr í framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Á fundunum var farið yfir dagskrá þingsins og sameiginleg innlegg Norðurlandanna sem lágu fyrir.

8.2 Vestur-Evrópski hópurinn og aðrir (WEOG).

Sömuleiðis héldu lönd Vestur-Evrópu og fleiri (e. Western European and Other Groups) samráðsfund á hverjum morgni. Þar var einnig farið yfir stöðu og horfur mála á þinginu. Fundir þessir voru undir forsæti Frakklands.

9. Dagskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 2005.

Ákveðið var að halda 115. fund framkvæmdastjórnarinnar dagana 17.–25. janúar 2005 og 116. fund framkvæmdastjórnarinnar dagana 26.–28. maí. Alþjóðaheilbrigðisdagurinn verður að venju haldinn 7. apríl og er hann tileinkaður mæðravernd. 58. alþjóðaheilbrigðisþingið

verður haldið dagana 16.–25. maí og fundur Evrópudeildar WHO verður haldinn í Búkarest í Rúmeníu dagana 12.–15. september 2005.

FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 24.–26. MAÍ 2004

1. Inngangur.

Dagana 24.–26. maí 2004, í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu, var haldinn 114. fundur framkvæmdastjórnar WHO í Genf. Var þetta þriðji fundur Íslands í stjórnarsetu sinni og var fulltrúi Íslands Davíð Á. Gunnarsson kosinn á fundinum formaður framkvæmdastjórnarinnar til eins árs.

Fundurinn var lengri en venja er til því ákveðið var á fundi stjórnarinnar í janúar sama ár að maífundurinn yrði hér eftir lengdur um tvo daga til að leyfa betri dreifingu mála á milli þeirra tveggja árlegu funda sem framkvæmdastjórnin heldur en alls voru fjórar ályktanir samþykktar svo og tíu ákvarðanir teknar á fundinum.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórn, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Einar Magnússon yfirlyfjafræðingur, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

2. Stjórnarformennska Íslands.

Fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórninni, Davíð Á. Gunnarsson, var eins og áður segir kosinn formaður framkvæmdastjórnarinnar á þessum fundi. Fráfarandi formaður framkvæmdastjórnarinnar var dr. Kwaku Afriyie, heilbrigðismálaráðherra Gana, en formaður stjórnarinnar er kosinn til eins árs í senn. Íslendingur hefur ekki áður gegnt þessu embætti, en fjórir áratugir eru síðan Norðurlandabúi var síðast kosinn til formanns framkvæmdastjórnar. Líta má á kosninguna sem viðurkenningu á því starfi sem Ísland hefur unnið á sviði heilbrigðismála og þeim málarekstri og flutningi sem Ísland hefur haft uppi í stjórninni en Ísland hefur lagt áherslu á málefni kvenna og barna, heilbrigða lífshætti og málefni fatlaðra og hreyfihamlaðra.

Þegar úrslit formannskosningar lágu fyrir flutti Davíð Á. Gunnarsson ræðu þar sem hann þakkaði traustið sem fulltrúa Íslands hefði verið sýnt. Hann gerði almenna grein fyrir áherslum Íslands í heilbrigðisþjónustu, en lagði jafnframt ríka áherslu á mikilvægi og samband heilbrigðisþjónustu og efnahagslegrar velgengni og uppbyggingar. Hann sagði í þessu sambandi að barátta gegn fátækt í heiminum væri forgangsverkefni og undirstrikaði mikilvægi WHO á sviði baráttunnar gegn farsóttum sem herjuðu á tilteknum landsvæðum og ekki síður farsóttum sem ógnað gætu heiminum öllum.

Varaformenn framkvæmdastjórnarinnar voru kosnir dr. Osman frá Súdan, dr. Huerta Montalvo frá Ekvador, dr. Yin Li frá Kína og dr. Yoosuf frá Maldíveyjum en að auki var dr. Nyikal frá Kenja kosinn skýrslugjafi.

3. Ályktanir og helstu umræðuefni fundarins.

3.1 Niðurstöður alþjóðaheilbrigðisþingsins 2004.

Farið var yfir þær ályktanir og ákvarðanir sem teknar voru á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2004 en eitt af meginþemum þingsins var HIV og alnæmisáætlun stofnunarinnar um að þrjár milljónir manna í Afríku yrðu komnar á alnæmislyf fyrir lok árs 2005.

Margir létu í ljós áhuga á því að endurskoða vinnureglur alþjóðaheilbrigðisþingsins en gagnrýnt var að fyrsti dagurinn hefði nær allur farið í umræðuna um áheyrnaraðild Taívans að stofnuninni sem fékk enga niðurstöðu. Formaður framkvæmdastjórnarinnar lagði til að framkvæmdastjóri stofnunarinnar endurskoðaði vinnureglur alþjóðaheilbrigðisþingsins og legði fram tillögur sínar á næsta fundi stjórnarinnar í janúar 2005 og var það samþykkt.

3.2 Meðhöndlun krabbameina.

Þessi umræða var í upphafi sett á dagskrá að beiðni Kanada en Tyrkland lagði að auki til að stofnaður yrði alþjóðasjóður fyrir meðhöndlun krabbameina en sú tillaga fékk ekki mikinn hljómgrunn aðildarríkja sem efuðust um að rétta leiðin væri að stofna sjálfstæðan sjóð sérstaklega í ljósi þess hversu kostnaðarsamt það yrði og ekki væri ljóst hverju sjóðurinn mundi skila.

Kanada lagði fram ályktun undir þessum lið um meðhöndlun krabbameina sem mikil umræða skapaðist um og var niðurstaðan sú að reynt var að koma öllum athugasemdum aðildarríkja á framfæri. Ályktunin var því orðin mjög yfirgripsmikil þegar hún fékk loks samþykki allrar framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland skýrði frá því að krabbamein væru önnur algengasta dánarorsök á Íslandi bæði meðal karla og kvenna. Gagnreynd meðhöndlun á krabbameinum væri nauðsynleg til þess að minnka tíðni og dánartíðni af völdum krabbameina svo og að auka lífsgæði sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Mikilvægt væri að aðildarríki ynnu náið með WHO og Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni. Tíðni leghálskrabbameina á Íslandi hefði lækkað um 60% frá því að byrjað var á skipulagðri krabbameinsleit sem forvarnaaðgerð og erfðarannsóknir á krabbameinum á Íslandi mundu vonandi leiða til þess að lækning fyndist við vissum tegundum krabbameina.

3.3 Fötlun, meðhöndlun og endurhæfing.

Talið er að um 600 milljónir manna búi við fötlun af einhverju tagi og eiga fæstir þeirra kost á grunnheilbrigðisþjónustu og endurhæfingu. Vegna fjölda verkefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur þessi hópur fengið minni athygli en skyldi og ákvað Ísland því með stuðningi Ástralíu, Kína, Ekvador, Gana, Rússlands og Taílands að leggja fram tillögu að ályktun um aukna áherslu WHO á réttindi fatlaðra á heilbrigðisþjónustu. Ályktunin fékk mikinn stuðning aðildarríkja þegar hún var rædd í framkvæmdastjórninni og lögð var áhersla á að hér væri átt við bæði andlega og líkamlega fötlun. Mörg aðildarríki lýstu yfir áhyggjum sínum varðandi stöðu aldraða sem væru fatlaðir og hversu einangraður sá hópur væri. Í ályktuninni var m.a. farið fram á að aðalframkvæmdastjóri WHO aðstoðaði aðildarríki að safna gagnreyndum upplýsingum um kostnaðarhagkvæm inngrip, endurhæfingu og umönnun fatlaðra.

3.4 Flutningur heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum.

Tveir dagskrárliðir um heilbrigðisstarfsfólk voru ræddir á fundinum en þetta sama efni var einnig á dagskrá á alþjóðaheilbrigðisþinginu vikunni áður. Þetta var mikið hitamál fyrir þróunarlöndin, þá sérstaklega Afríkuríkin sem vildu láta í ljós áhyggjur sínar af því hversu erfitt þau ættu með að halda heilbrigðisstarfsfólki í heimalandi sínu þar sem betri kjör og aðstaða byðist í mörgum öðrum ríkjum. Afríkuríkin bentu á að þjálfun heilbrigðisstarfsfólks væri kostnaðarsöm, sérstaklega ef illa gengi að halda í starfsfólk eftir að það lyki námi. Þess má geta að engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

3.5 Fuglaflensa.

Greint var frá því að fuglaflensa (e. Avian influenza) hefði brotist út í fiðurfénaði í nokkrum Asíulöndum sem rekja mætti til smits í Suður-Kóreu í desember 2003 en þessi tegund fuglaflensu var fyrst greind árið 1997. Í mars 2004 voru Taíland og Víetnam einu löndin þar sem menn höfðu látist af völdum veirunnar. Aðstæðum í Asíu var lýst og greint frá ráðstöfunum sem stjórnvöld höfðu gripið til í þeim tilgangi að reyna að koma í veg fyrir að faraldur brytist út meðal manna.

Mörg aðildarríki lýstu áhyggjum sínum af því að fuglaflensan gæti valdið nýjum inflúensufaraldri í heiminum. Þótt ekki væri hægt að spá fyrir um hvenær næsti inflúensufaraldur brytist út þá hefðu þessir faraldrar fylgt vissu munstri og á síðustu öld geisuðu þrír mannskæðir inflúensufaraldrar. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

3.6 Fundur áhugasamra hagsmunaaðila.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur í nokkur ár haldið árlega fundi fyrir áhugasama hagsmunaaðila. Þessir fundir hafa verið hugsaðir sem upplýsingafundir fyrir aðildarríki, frjáls félagasamtök og stofnanir sem við koma Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Einnig hefur verið litið á fundina sem fjáröflunarleið fyrir stofnunina en efast hefur verið um gagnsemi þeirra.

Framkvæmdastjórnin var ekki sammála um hvort halda ætti fundina árlega eða annað hvert ár. Mörgum fannst að reynsla hefði komist á fundina og gagnsemi þeirra aukist ár frá ári. Ákveðið var að fela aðalframkvæmdastjóranum að taka tillit til þeirrar umræðu við skipulagningu funda í framtíðinni en engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

3.7 Geðhrifalyf: viðbótarreglur.

Lyfjasérfræðihópur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ákvað að bregðast við spurningum aðildarríkja um það hvernig flokka skyldi ný efni sem heyra undir geðvirk efni eða fíkniefni. Fyrir liggja tveir alþjóðasamningar, annar um fíkniefni frá árinu 1961 og hinn um geðvirk efni frá árin 1971. Ákveðið var því að setja saman viðbótarreglur við þessa tvo samninga og voru þær reglur nú lagðar fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar.

Nokkur aðildarríki töldu reglurnar geta valdið misskilningi þar sem þær væru ekki nægilega nákvæmar. Ákveðið var því að láta lyfjasérfræðihóp WHO fara aftur yfir viðbótarreglurnar með tilliti til þeirra athugasemda sem framkvæmdastjórnin hafði. Viðbótarreglurnar yrðu svo lagðar aftur fyrir framkvæmdastjórnarfund í janúar 2005 til samþykktar.

3.8 Framleiðsla á alnæmislyfjum í þróunarlöndunum og framtíðarverkefni.

Mörg þróunarríki ræddu um vanda sem fylgdi því að tryggja alnæmislyf í löndum sínum. Helsta verkefnið væri að tryggja nægar birgðir alnæmislyfja og þannig viðhalda meðferð sjúklinga og koma um leið í veg fyrir að ónæmi myndaðist gegn veirunni. Flest þróunarríkin töldu einu leiðina fyrir sig til að tryggja nægar birgðir vera þá að þau hæfu sjálf framleiðslu á alnæmislyfjum sem væri hins vegar mjög kostnaðarsöm. Hægt væri að kaupa einhverjar tegundir alnæmislyfja á lágu verði á alþjóðamarkaði en þar með væri ekki tryggt að hægt væri að nálgast nægar birgðir af lyfjunum eða viðhalda framboði á þeim. Þróunarríkin töldu einnig að framleiðsla í heimalandi gæti auðveldað þeim að semja um lægra lyfjaverð við einkageirann því ef samningar næðust ekki gætu þróunarríkin sjálf framleitt sömu lyf í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum.

Mörg aðildarríki töldu að WHO ætti að gegna eftirlitshlutverki hvað varðar gæði framleiðslu alnæmislyfja en framkvæmdastjóri stofnunarinnar taldi að stofnunin hefði ekki burði

né mannskap til þess að fylgja því hlutverki eftir. Stofnuninni bæri hins vegar skylda til að upplýsa aðildarríki og vara þau við lággæðalyfjum og fölsunum. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið.

3.9 Fjármagn til meðhöndlunar berkla.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt áherslu á að ef þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eigi fram að ganga sé mjög mikilvægt að ráðast gegn sjúkdómum á borð við berkla. Samþykkt var ályktun á fundinum sem m.a. hvatti aðildarríki til að verja nægum fjármunum í meðhöndlun berkla og tryggja að berklasjúklingar ættu kost á greiningu, meðferð og umönnun.

3.10 Nefndir framkvæmdastjórnarinnar.

Ákveðið var á fundinum að þrjár nefndir framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. áætlananefnd, endurskoðunarnefnd og stjórnunar- og fjármálanefnd, yrðu sameinaðar. Þetta var tillaga vinnuhóps sem fór yfir verklagsreglur framkvæmdastjórnarinnar frá árinu áður. Tilgangurinn með endurskoðuninni var að auka skilvirkni nefndanna svo og samstarf þeirra við framkvæmdastjórnarfundina.

3.11 Umsóknir tveggja matvælasamtaka um opinber samskipti við WHO.

Umsóknir tveggja matvælasamtaka um að stofna til opinberra samskipta við WHO voru teknar fyrir á fundinum. Nokkur aðildarríki óskuðu eftir nánari upplýsingum frá þessum samtökum um hvort þau tengdust á einhvern hátt tóbaksiðnaðinum. Ef svo væri kæmi það í veg fyrir að hægt væri að stofna til opinberra samskipta við samtökin, ekki síst í ljósi þess að alþjóðaheilbrigðisþingið hafði samþykkt sérstakan tóbaksvarnasamning árinu áður. Upplýsingar þóttu ekki fullnægjandi og var ákveðið að fresta þessari ákvörðun fram að næsta framkvæmdastjórnarfundi og um leið var óskað eftir nánari upplýsingum frá þessum tveimur matvælasamtökum.

4. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir fjórar ályktanir, sbr. fylgiskjal III.

FUNDUR SVÆÐISNEFNDAR WHO Í EVRÓPU Í KAUPMANNAHÖFN 6.–9. SEPTEMBER 2004

1. Inngangur.

Fimmtugasti og fjórði fundur svæðisnefndar Evrópu var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 6.–9. september 2004 í höfuðstöðvum svæðisskrifstofunnar. Fundurinn var vel sóttur að venju en 51 af 52 aðildarríkjum svæðisskrifstofunnar sendu fulltrúa sína á fundinn. Fulltrúar alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana sóttu einnig fundinn.

Sir Leam Donaldson, landlæknir Bretlands, var kjörinn forseti fundarins, dr. Bozidar Voljc frá Slóveníu og dr. Godfried Thiers frá Belgíu varafundarstjórar og dr. Zhanna Tsenilova frá Úkraínu skýrslugjafi.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Sigurður Guðmundsson landlæknir, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

Á fundinum voru samþykktar átta ályktanir en helstu tæknilegu málefnin sem tekin voru fyrir í Evrópuáætlun varðandi langvinna sjúkdóma, niðurstaða og útkoma fjórða ráðherra-

fundar WHO um umhverfi og heilbrigði sem haldinn var í Búdapest í júní 2004, áætlun fyrir útibú svæðisskrifstofu Evrópu og að lokum fjárlög WHO fyrir tímabilið 2006–2007. Að auki var farið yfir ályktanir og ákvarðanir sem teknar voru á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2004 og á framkvæmdastjórnarfundunum tveimur sem haldnir voru í janúar og maí 2004. Þess má svo geta að dr. Marc Danzon var endurkjörinn framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Evrópu til næstu fimm ára og er það hans annað tímabil.

2. Ræða aðalframkvæmdastjóra WHO.

Aðalframkvæmdastjóri WHO dr. Jong Wook Lee hóf ræðu sína með því að votta Rússum samúð yfir nýafstöðnum hryðjuverkum í barnaskóla í Beslan í Rússlandi. Hann beindi athygli fundargesta að þremur atriðum sem leiddu starf WHO en þau væru öryggi, réttlæti og samstaða og að stofnunin þyrfti aukið fjármagn og mannauð til þess að halda þessum atriðum á lofti.

Hann lagði áherslu á að fjárhagsáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2007 yrði byggð á reynslu stofnunarinnar og mati á fyrri fjárhagsáætlunum hennar en að auki væri hún árangursmiðuð. Fjárhagsáætlunin væri byggð á forgangsmálefnum aðildarríkjanna og að hún styrkti og ýtti undir framgang ályktana sem aðildarríkin hefðu samþykkt. Að auki hefði verið litið á leiðir til að auka afköst og nýtingu fjármagns og mannauðs stofnunarinnar með auknu gegnsæi og áreiðanleika að markmiði.

Dr. Lee benti á að sífellt aukið hlutfall frjálsra framlaga miðað við þau föstu væri ekki sjálfbær þróun og að lögð væri áhersla á þetta í verkefnaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2015 sem kynnt yrði aðildarríkjum á næsta framkvæmdastjórnarfundi stofnunarinnar. Hann lagði áherslu á mikilvægi umræðunnar um fjárhagsáætlunina og verkefnaáætlun á fundi svæðisnefndarinnar og að tekið yrði tillit til tillagna aðildarríkjanna.

Að lokum hvatti dr. Lee aðildarríkin til að taka þátt í fundi vinnuhóps sem fer með endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglna sem kveða á um viðbrögð alþjóðasamfélagsins við smitsjúkdómum á borð við HABL og fuglaflensu en fundur vinnuhópsins fór fram í nóvember í Genf sama ár.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og þakkaði dr. Lee fyrir baráttu hans gegn sjúkdómum og sagðist sannfærður um það að ef hann héldi áfram á sömu braut hefði hann vísan stuðning flestra Evrópuríkja.

3. Ræða framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofu.

Aðildarríki Evrópuskrifstofunnar samþykktu á þessum fundi að tilnefna dr. Marc Danzon til áframhaldandi setu sem framkvæmdastjóra skrifstofunnar til næstu fimm ára. Dr. Danzon hóf ræðu sína á að votta Rússum samúð sína vegna nýafstaðinnar gíslatöku í barnaskólanum í Beslan og sagði að atburðir sem þessir sýndu þörfina á að WHO styrkti mannúðarstarf sitt og getu til að takast á við þá ógn við heilsu manna sem stafaði af hryðjuverkum.

Því næst skýrði hann frá starfsemi svæðisskrifstofunnar og benti á verkefni sem skrifstofan þyrfti að vinna að á næstunni. Skrifstofan þyrfti að aðstoða þau 18 Evrópuríki sem fengið hefðu aukið fjármagn til að berjast gegn HIV og alnæmi, skrifstofan þyrfti því næst að vinna að gerð heims- og svæðisáætlana fyrir langvinna sjúkdóma, mikilvægt væri að mynda skýra skoðun Evrópuskrifstofunnar á endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglnanna, fá þyrfti fleiri aðildarríki Evrópu til að undirrita og fullgilda tóbaksvarnasamning WHO og fylgja þyrfti eftir fjórða ráðherrafundinum um umhverfi og heilsu sem haldinn hefði verið í Búdapest í júní 2004.

4. Ályktanir og helstu málefni tekin fyrir á fundinum.

4.1 Ályktanir og ákvarðanir teknar á alþjóðaheilbrigðisþinginu og framkvæmdastjórnarfundum á árinu 2004.

Þær ályktanir sem sérstaklega var minnst á voru heimsáætlun um mataræði, hreyfingu og heilsu, krabbameinsvarnir, fatlanir: endurhæfing, meðhöndlun og fyrirbygging, fjármögnun meðhöndlunar berkla og að lokum endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglna. Aðrar ályktanir sem við komu álfunni voru ályktanir um umferðaröryggi, eflingu meðferðar og umönnunar HIV og alnæmissjúkra og fólksflutningar heilbrigðisstarfsfólks.

Þrjár ályktanir voru taldar krefjast framkvæmdar af hálfu svæðisskrifstofunnar og var það ályktun um aukna áherslu á að ná alþjóðlegum þróunarmarkmiðum, einkum þeim er viðkoma kynheilbrigði, ályktun um heilsueflingu og heilbrigða lífshætti og að lokum ályktun um erfðafræði, sbr. umfjöllun um alþjóðaheilbrigðisþingið hér að framan.

4.2 Evrópsk heilbrigðisskýrsla.

Yfirmaður skrifstofu Evrópuskrifstofunnar sem fer með upplýsingamál greindi frá þeim framförum sem orðið hefðu í miðlun upplýsinga og þekkingarstjórnun í álfunni. Skrifstofan hafði þróað leiðbeiningar sem ættu að auðvelda þeim sem taka ákvarðanir innan heilbrigðisþjónustunnar að nálgast betri og gagnreyndari upplýsingar og úrlausnir um stefnumyndun á heilbrigðissviði. Þessar upplýsingar væru aðgengilegar m.a. í gegnum gagnasafn og vefsíðu Evrópuskrifstofunnar. Þessi aukna áhersla á upplýsingamál hefði átt mikinn þátt í undirbúningi evrópskrar heilbrigðisskýrslu sem gefin verður út í maí árið 2005. Þema heilbrigðisskýrslunnar væri hvernig hægt væri að koma þekkingu í framkvæmd með því að efla uppbyggingu innan heilbrigðiskerfisins. Helstu málefnin sem tekin væru fyrir í skýrslunni væru heilbrigði og þroski barna og hvernig fátækt og ójöfnuður kemur í veg fyrir að einstaklingar notfæri sér heilbrigðisþjónustuna og að lokum þau úrræði sem nú þegar eru til og koma eiga í veg fyrir sjúkdóma og stuðla að auknu heilbrigði.

4.3 Endurskoðun á stuðningi Evrópuskrifstofunnar við aðildarríkin.

Sérstök ályktun var samþykkt árið 2000 sem kvað á um að stuðningur Evrópuskrifstofunnar við löndin sem falla undir umdæmi hennar yrði endurskoðaður og endurskipulagður. Mikill hluti undirbúningsvinnunnar hefði farið í að útbúa mælitæki til að mæla hvernig þessi stuðningur hefur skilað sér í hverju landi fyrir sig en þeirri vinnu er hvergi nærri lokið. Eitt af stærstu málunum undir þessum lið væri endurskoðun á áætluninni *heilbrigði fyrir alla*. Við endurskoðunina hefði verið leitast við að svara eftirfarandi spurningum, þ.e. hvaða áhrif áætlunin hafði haft á heilbrigðisstefnur landa, hvaða gildi áætlunin hafði haft fyrir aðildarríki, hvað gæti nýst þeim best sem sjá um stefnumótun heilbrigðiskerfa og hvernig standa skyldi að gerð leiðbeininga fyrir þá sem sjá um stefnumótunina. Skrifstofan sagðist vera að setja saman drög sem send yrðu aðildarríkjunum í byrjun árs 2005. Aðildarríkin yrðu síðan beðin um að koma með athugasemdir við drögin en þau yrðu svo tekin fyrir til samþykktar á fundi svæðisnefndar Evrópu í september 2005.

4.4 Evrópuáætlun varðandi langvinna sjúkdóma.

Þeir sjúkdómar sem teljast til langvinnra sjúkdóma eru m.a. hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, sjúkdómar í öndunarfærum, sykursýki og geðsjúkdómar. Barátta gegn þessum sjúkdómum er meginverkefni heilbrigðisþjónustu allra Evrópuríkja og jafnframt eru þeir ein helsta orsök ótímabærra dauðsfalla í álfunni. Hægt væri að koma í veg fyrir mörg þessara dauðsfalla með tiltölulega litlum inngripum en þessir sjúkdómar valda um 77% af sjúkdóms-

byrðinni og orsaka 86% af dauðatilfellum í álfunni svo ekki sé minnst á byrði þeirra á sjúklinga, fjölskyldur þeirra, heilbrigðiskerfi og efnahag Evrópuríkjanna.

Mörg aðildarríki bentu á hve flókið og erfitt væri að eiga við langvinna sjúkdóma og að reynslan hefði verið sú að lagasetningar hefði skilað betri árangri en áróðursherferðir sem beindust að því að minnka áhættuhegðun. Áætlanir aðildarríkja sem sneru að heilbrigðara mataræði og hvernig hægt væri að varast áhættuþætti hefðu samt haft góð áhrif í mörgum löndum. Það sem einkenndi marga þessara sjúkdóma væri að þeir væru oft ógreindir og þar með ekki meðhöndlaðir. Áætlun sem þessi þyrfti því að taka á fyrirbyggingu, meðferð og endurhæfingu.

Norðurlöndin lögðu áherslu á að Evrópuskrifstofan ráðfærði sig við aðildarríkin og gæfi þeim tækifæri til að taka þátt í gerð áætlunarinnar. Enn fremur lögðu Norðurlöndin áherslu á mikilvægi þess að benda á áhættuþætti tengda tóbaksnotkun og áfengismisnotkun í áætlun sem þessari.

4.5 Fjárhagsáætlun WHO fyrir tímabilið 2006–2007.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin kynnti á árinu miklar breytingar á því hvernig fjármagni yrði skipt innan stofnunarinnar og milli svæðisskrifstofanna. Með nýjum framkvæmdastjóra dr. Lee mundi stofnunin beita sér fyrir því að auka starfsemi svæðisskrifstofanna með því að færa til þeirra starfsemi og fjármagn frá höfuðstöðvum stofnunarinnar í Genf. Áætlað var að fyrir næsta tímabil 2006–2007 mundu fjárlög WHO hækka um 12,8%, þar af mundu föst framlög aðildarríkjanna hækka um 9% en allar svæðisskrifstofur fá aukið fjármagn, sbr. töflu (fjárhæðir í þúsundum bandaríkjadala):

	Fjárlög 2004–2005	**Fjárlög 2005–2006**	**Aukning/lækkun á fjármagni**
Afríkuskrifstofan	744.735	887.543	19,2%
Ameríkuskrifstofan	167.227	197.000	17,8%
Suðaustur-Asíuskrifstofan	284.954	334.474	17,4%
Evrópuskrifstofan	158.282	200.575	26,7%
Austur-Miðjarðarhafsskrifstofan	284.349	352.451	24,0%
Vestur-Kyrrahafsskrifstofan	193.536	232.861	20,3%
Höfuðstöðvar	991.028	980.200	–1,2%
Samtals	**2.824.111**	**3.185.104**	**12,8%**

Aðildarríkin lögðu áherslu á að ef hækka ætti fjárlögin þyrfti stofnunin einnig að kanna hvort hægt væri að lækka kostnaðarliði með auknum afköstum, auknu gegnsæi og lækkun stjórnunarkostnaðar. Mörg aðildarríki lýstu áhyggjum sínum af því að föst framlög aðildarríkjanna væru aðeins um 30% af heildarfjármagni stofnunarinnar en frjáls framlög um 70%, sérstaklega í ljósi þess hve mörg þessara frjálsu framlaga væru merkt vissum verkefnum sem gæti hamlað stofnuninni að ákveða sín eigin forgangsverkefni.

Ekki lágu ítarlegri upplýsingar fyrir um fjárhagsáætlunina og var aðildarríkjum bent á að nánari upplýsingar yrðu lagðar fyrir framkvæmdastjórnarfund stofnunarinnar í janúar 2005.

4.6 Áætlun fyrir útibú Evrópuskrifstofunnar.

Á fundi Evrópudeildar WHO árið 2003 var skrifstofan beðin um að skoða fyrirkomulag varðandi útibú skrifstofunnar í aðildarríkjum Evrópu og búa til áætlun um það hvernig standa

skyldi að rekstri þeirra í framtíðinni. Stofnaður var vinnuhópur sem tók saman starfsemi útibúanna svo og fjármál og starfsmannamál þeirra og setti fram áætlun um hvernig best væri að skipuleggja vinnu útibúanna. Engar reglur voru til um það hvernig stofna skyldi þessi útibú né skilgreining á starfsemi þeirra og komst vinnuhópurinn að því að útbúa þyrfti leiðbeiningar fyrir útibúin svo að tryggt yrði að þau störfuðu í samræmi við starfshætti Evrópuskrifstofunnar. Vinnuhópurinn lagði nú fram áætlun þar sem áhersla var lögð á að svæðisskrifstofan tryggði að útibúin væru samþætt starfsemi svæðaskrifstofunnar. Litið var á útibúin sem beinan tengilið við þau lönd sem hýstu þær og var bent á nauðsyn þess að nefnd svæðaskrifstofunnar væri höfð með í ráðum þegar opna eða loka ætti útibúi. Áætlunin fór svo fram á að framkvæmdastjóri svæðaskrifstofunnar gæfi reglulega út skýrslu um starfsemi útibúanna.

Norðurlöndin studdu áætlunina og sjá hana sem gott tæki til að bæta stjórnun og samræmi milli útibúanna og skrifstofunnar. Mikilvægt væri að útibúin löguðu sig að forgangsröðun verkefna Evrópuskrifstofunnar.

4.7 Fjórða ráðherraráðstefnan um umhverfi og heilbrigði.

Ráðherraráðstefnan um umhverfi og heilbrigði var haldin í Búdapest dagana 23.–25. júní 2004. Bent var á það að sjúkdómsbyrði vegna sjúkdóma af völdum umhverfisþátta, svo sem vegna loftmengunar innan dyra eða óhreins vatns, yllu um þriðjungi allra dauðatilfella barna í heiminum. Í Búdapest var sett fram og samþykkt áætlun um heilsusamlegt umhverfi barna í Evrópu og voru þar sett fram fjögur forgangsverkefni: að minnka tíðni magasjúkdóma með því að tryggja aðgengi að hreinu vatni, að lækka tíðni slysa og meiðsla, að minnka tíðni öndunarfærasjúkdóma af völdum loftmengunar og að lokum að lækka tíðni sjúkdóma af völdum eiturefna.

Aðildarríkin lýstu yfir ánægju sinni með ráðherraráðstefnuna og samþykktu ályktun sem kveður á um hvernig framfylgja skyldi áætluninni um heilsusamlegt umhverfi barna í Evrópu.

5. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir fjórar ályktanir, sbr. fylgiskjal IV.

AUKAFUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í REYKJAVÍK 9.–10. DESEMBER 2004

1. Inngangur.

Dagana 9.–10. desember 2004 var haldinn aukafundur framkvæmdastjórnar WHO í Reykjavík og var þetta í fyrsta skipti sem framkvæmdastjórn stofnunarinnar heldur fund hér á landi. Sú venja hefur skapast að aukafundir framkvæmdastjórnarinnar eru haldnir nær annað hvert ár í heimalandi sitjandi formanns framkvæmdastjórnarinnar en Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, var kjörinn formaður framkvæmdastjórnarinnar í maí 2004.

Fundurinn var vel sóttur en auk 32 fulltrúa framkvæmdastjórnar WHO og staðgengla þeirra sóttu fundinn forstöðumenn svæðisskrifstofa stofnunarinnar, starfslið aðalskrifstofunnar í Genf, þar á meðal æðsti yfirmaður WHO dr. Lee Jong-wook, auk gestafyrirlesara og túlka.

Fundurinn var lokaður öðrum en framkvæmdastjórn, starfsliði stofnunarinnar og gestafyrirlesurum en á honum var fjallað um áhrif ólíkra þátta á lýðheilsu í heiminum á komandi árum.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra ávarpaði framkvæmdastjórnina í upphafi fundarins og Gunnar Snorri Gunnarsson flutti ávarp fyrir hönd utanríkisráðherra við lok fundarins. Að auki hitti framkvæmdastjórnin forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Það var álit allra sem stóðu að fundinum að hann hefði tekist mjög vel. Framkvæmdastjórn WHO var jafnframt kynnt starfsemi og skipulag íslenskrar heilbrigðisþjónustu og helstu verkefni sem unnið er að á sviði heilbrigðismála.

2. Umræðuefni fundarins.

Á fundinum voru ræddir þeir ólíku þættir sem gætu haft áhrif á lýðheilsu í heiminum á komandi árum eða til ársins 2015. Settar voru fram fjórar mismunandi framtíðarsýnir um hvert gæti stefnt í heilbrigðismálum heimsins og voru þær ræddar. Þátttakendur voru sammála um að það krefðist framsýni og skipulagningar að geta brugðist við heilbrigðisáskorunum framtíðarinnar. Þessi skipulagning var talin geta byggst á reynslu en að auki þyrfti að taka óvissu framtíðarinnar með í reikninginn. Erfitt væri að setja niður nákvæma spá um framtíðina en hægt væri að setja upp mismunandi dæmi um hvað hún gæti borið í skauti sér. Miklar framfarir hafa orðið á sumum sviðum heilbrigðismála síðustu árin en þessum framförum hefur verið misskipt. Bent var á að í 16 löndum væri barnadauði undir fimm ára aldri hærri nú en um aldamótin 1900. Þau heilbrigðisvandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir eru síbreytileg. Heimurinn verður áfram fyrir nýjum og óþekktum faröldrum og eldri faraldrar taka sig upp aftur. Tíðni langvinnra sjúkdóma virðist vera að aukast. Heilbrigðiskerfi margra landa er í uppbyggingu og ríkisstjórnir reyna að finna skilvirkar og kostnaðarsparandi leiðir til að takast á við ný og gömul heilbrigðisvandamál.

Alnæmisfaraldurinn, HABL og fuglaflensa hafa ógnað heiminum og aukið hræðslu manna um að skæðari faraldrar en við urðum vitni að á síðustu öld brjótist út. Í alþjóðavæddum heimi þar sem samgöngur eru auðveldar gæti slíkur faraldur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir heilsu og efnahag heimsins.

Fyrsta framtíðarsýnin sem rædd var gerði ráð fyrir að ástandið héldist óbreytt þar sem heilsa jarðarbúa batnaði þegar litið væri á heildina en mismunur héldist milli ríkra og fátækra. Önnur framtíðarsýnin var svartsýnisspá sem gerði ráð fyrir mikilli efnahagslægð svo og hamförum bæði af völdum náttúru og manna. Með því gæti skapast mikill mismunur á milli ríkja þar sem minni fjárfesting væri lögð í mannauð. Sjúkdómar, veikindi og dánartíðni mundu aukast, þar sem heilsa fátækra versnaði hvað mest eða það mikið að framfarir í heilbrigðismálum mundu ekki vega upp á móti þessari þróun. Þriðja framtíðarsýnin gerir ráð fyrir að stefnumótunaraðilar notfæri sér markaðinn til að þróa sanngjarna heilbrigðisþjónustu og stuðla að viðeigandi tækniþróun sem hagnaðist þjóðum og efnahag þeirra og þá sérstaklega illa settum þjóðfélagshópum. Heilbrigði mundi aukast þó svo að enn ríkti einhver ójöfnuður á milli ríkra og fátækra. Fjórða framtíðarsýnin er hvað bjartsýnust og gerir ráð fyrir að heimurinn sameinist um gildismat um mikilvægi góðrar heilsu alls mannkyns. Heilbrigði allra yki st og misjöfnuður mundi minnka til muna. Þessi dæmi voru rædd til hlítar og munu vera framkvæmdastjórninni hjálpleg á fundi hennar í janúar 2005 og marka áherslur stofnunarinnar til ársins 2015 og gera hana færari um að takast á við heilbrigðisverkefni framtíðarinnar.

Fylgiskjal I.

Ályktanir 113. framkvæmdastjórnarfundarins.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB113.R1	Meðhöndlun og eftirlit með Buruli-sárum	EB113/40	WHO hvött til að veita tækniaðstoð við alþjóðlegt átak gegn sjúkdómnum með það að markmiði að auka þekkingu og skilning á honum. WHO hvött til að stuðla að samvinnu ríkja og stuðla að auknum rannsóknum, meðferð og fyrirbyggingu sjúkdómsins. Aðildarríki hvött til að taka þátt í alþjóðlegu átaki gegn sjúkdómnum og auka rannsóknir á greiningu, meðhöndlun og fyrirbyggingu sjúkdómsins. Aðildarríki hvött til að skrá útbreiðslu sjúkdómsins og að auka tímanlega greiningu og meðferð hans.
EB113.R2	Heilsuefling og heilbrigðir lífshættir	EB113/7	WHO hvött til að veita heilsueflingu forgang meðal verkefna stofnunarinnar og að aðstoða aðildarríki við að sporna gegn áhættuþáttum, s.s. óhófsamri áfengisneyslu. WHO hvött til að styðja gagnreyndar aðferðir við heilsueflingu og að veita aðildarríkjum tækniaðstoð við að mynda heilsueflingaráætlanir. WHO hvött til að aðstoða aðildarríki við að þróa og setja upp tóbaksvarnaáætlanir. WHO beðin um að leggja fram skýrslu um heilsueflingu og heilbrigða lífshætti á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2005, þar með talda skýrslu um áfengisvarnastarf WHO. Aðildarríki hvött til að efla innleiðingu heilsueflingaráætlana með sérstakri áherslu á viðkvæma þjóðfélagshópa. Aðildarríki hvött til að styrkja gagnreyndar leiðir til árangursríkrar heilsueflingar sem hluta af helbrigðiskerfi hvers lands. Aðildarríki hvött til að veita heilsueflingu barna og ungs fólks forgang með því að auka aðgang þeirra að tómstundastarfi og stuðningsríku umhverfi og þar með auðvelda þeim að taka upp og viðhalda heilbrigðum lífsháttum. Aðildarríki hvött til að veita áfengisneyslu aukna athygli sem áhættuþætti, sérstaklega meðal ungs fólks, óléttra kvenna, ökumanna og á vinnustöðum. Aðildarríki hvött til að setja upp tóbaksvarnaáætlanir.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB113.R3	Umferðaröryggi og heilsa	EB113/9	WHO hvött til að auka skilning á afleiðingum umferðarslysa og mikilvægi fyrirbyggingar. WHO hvött til í samstarfi við aðildarríki að mynda gagnreyndar heilbrigðisstefnur og áætlanir með það að markmiði að fækka umferðarslysum og minnka afleiðingar þeirra. WHO hvött til að starfa með aðildarríkjum, öðrum stofnunum SÞ og frjálsum félagasamtökum við að byggja upp getu til að koma í veg fyrir umferðarslys. WHO hvött til að skipuleggja reglulega fundi sérfræðinga um umferðaröryggi og að leggja fram skýrslu um framgang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007. Aðildarríki hvött til að hafa fyrirbyggingu umferðarslysa sem hluta af heilbrigðiskerfi sínu. Aðildarríki hvött til að rannsaka byrði umferðarslysa í heimalandi og tryggja að nægilegt fjármagn, aðstaða og mannafli sé til staðar til að takast á við umferðarslys. Aðildarríki hvött til að setja á laggirnar opinbera stofnun eða tengilið fyrir umferðaröryggi og að auðvelda samstarf mismunandi hagsmunaaðila. Aðildarríki hvött til að styrkja slysa- og endurhæfingarþjónustu sína og að notast við alþjóðaskýrslu um fyrirbyggingu umferðarslysa til að skipuleggja og innleiða viðeigandi fyrirbyggjandi áætlanir. Aðildarríki hvött til að tryggja að heilbrigðisráðuneyti taki þátt í að mynda stefnur um fyrirbyggingu umferðarslysa og athugi möguleikann á auknu fjármagni til umferðaröryggis, t.d. með stofnun þar til gerðs sjóðs.
EB113.R4	Erfðafræði og alþjóðaheilbrigði	EB113/13	WHO hvött til að styðja aðildarríki við gerð stefna varðandi erfðafræðirannsóknir og að aðstoða aðildarríki við að notfæra sér ávinning framfara innan erfðafræðinnar sem tengjast lausn heilbrigðisvandamála. WHO hvött til að gera hlutverk sitt sýnilegra og að auðvelda samskipti milli þróunarríkjanna og þróaðra ríkja í notkun og meðhöndlun á erfðatækni með lausn heilbrigðismála að markmiðið. Aðildarríki hvött til að samþykkja tillögurnar í skýrslu ráðgjafanefndar um heilbrigðisrannsóknir í erfðafræði. Aðildarríki hvött til að stuðla að auknu samstarfi á milli mismunandi hagsmunaaðila og að auka áhersluna á siðfræði og miðlun upplýsinga varðandi líftækni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB113.R5	Líffæra- og vefjaígræðslur	EB113/14	*Úr mönnum í menn:* WHO hvött til að halda áfram að skoða og safna upplýsingum um meðferðir, öryggi, gæði, skilvirkni og faraldsfræði ígræðsla, þar með talið siðfræðilegar spurningar sem vakna t.d. varðandi lifandi líffæragjafa til að uppfæra reglur stofnunarinnar um ígræðslur (e. Guiding Principles on Human Organ Transplantation). WHO hvött til að aðstoða aðildarríki við að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með líffæri og vefi. Aðildarríki hvött til að útbúa yfirlit yfir uppruna, meðferð og ígræðslur fruma, líffæra og vefja og að taka þátt í að útbúa alþjóðareglur sem innihalda lágmarksskilyrði fyrir líffæragjafa. Aðildarríki einnig hvött til að setja upp siðanefnd varðandi ígræðslur. *Úr dýrum í menn:* WHO hvött til að stuðla að alþjóðlegu samstarfi og söfnun upplýsinga um þessar tegundir ígræðslna á alþjóðavísu. WHO hvött til að upplýsa aðildarríki um sýkingar sem geta orðið af völdum þessarar tegundar af ígræðslu og að veita aðildarríkjum tækniaðstoð eftir þörfum. Aðildarríki hvött til að leyfa þessa gerð af ígræðslu aðeins ef til staðar er eftirlitskerfi heilbrigðisyfirvalda í landinu. Aðildarríki hvött til að taka þátt í myndun alþjóðareglna til að koma í veg fyrir að sýkingar berist á milli dýra og manna með ígræðslum. Aðildarríki hvött til að taka þátt í alþjóðaeftirliti og fyrirbyggingu sýkinga.
EB113.R6	Meðhöndlun afrísku svefnsýkinnar	EB113/5	WHO hvött til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins með því að bæta áætlanir um fyrirbyggingu og að stuðla að aukinni samvinnu við að eiga við smitferjur og koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins í búfénaði. WHO hvött til að halda áfram samvinnu við UNICEF, UNDP og Alþjóðabankann og að upplýsa alþjóðaheilbrigðisþingið um ganga mála, annað hvert ár. Aðildarríki hvött til að halda áfram að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins og að tryggja næga fjármuni og heilbrigðisstarfsfólk á þeim svæðum þar sem sjúkdómurinn er landlægur.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB113.R7	Drög að alþjóðaáætlun um mataræði, hreyfingu og heilsu	EB113/44, EB113/44 Add.1	WHO hvött til að halda áfram að styrkja vinnu varðandi næringar- og snefilefnaskort í samstarfi við aðildarríki og veita aðildarríkjum tækniaðstoð við að innleiða áætlunina. WHO hvött til að fylgjast með rannsóknum á næringu, hreyfingu og heilsu og stuðla að samstarfi meðal stofnana SÞ og annarra hagsmunaaðila við að stuðla að bættu mataræði og aukinni hreyfingu. WHO hvött til að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006. Aðildarríki hvött til að meta og fara eftir ráðleggingum skýrslunnar með það að markmiði að lækka tíðni langvinnra sjúkdóma. Aðildarríki hvött til að styðja við framkvæmd ráðlegginga skýrslunnar og hvetja til heilsusamlegra lífshátta sem fela í sér heilsusamlegt mataræði og aukna hreyfingu. Aðildarríki hvött til að skilgreina markmið og útbúa leiðbeiningar um heilsusamlegt mataræði og aukna hreyfingu og að stuðla að umhverfi þar sem einstaklingar bera sjálfir ábyrgð á því að taka upp heilsusamlega lífshætti.
EB113.R8	Tilnefning framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Suðaustur-Asíu	EB113/21	Dr. Samlee Plianbangchang var kosinn framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Suðaustur-Asíu til næstu 5 ára frá og með 1. mars 2004.
EB113.R9	Dr. Uton Muchtar Rafei tjáðar þakkir	EB113/	Dr. Uton Muchtar Rafei, fráfarandi framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Suðaustur-Asíu, þakkað fyrir 10 ára starf.
EB113.R10	Tilnefning framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Vestur-Kyrrahafs	EB113/22	Dr. Shigeru Omi var endurkjörinn framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Vestur-Kyrrahafsins til næstu 5 ára frá og með 1. febrúar 2004.
EB113.R11	Kynheilbrigði: áætlun um hvernig auka megi áherslu á að ná alþjóða-þróunarmarkmiðum	EB113/15, EB113/15 Add.1	WHO hvött til að styðja þau aðildarríki sem þess óska að innleiða áætlunina og meta áhrif hennar og árangur. WHO hvött til að veita þessu málefni nægilegan forgang og að veita mæðra- og ungbarnavernd sérstaka athygli í fyrstu áfangaskýrslu WHO sem lögð verður fram árið 2005. WHO hvött til að leggja reglulega, a.m.k. annað hvert ár, fram skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðis-þingið. Aðildarríki hvött til að tileinka sér og innleiða áætlunina og að taka tillit til kynheilbrigðis við stefnumörkun innan heilbrigðis-þjónustunnar. Aðildarríki hvött til að gera heilbrigðiskerfi sín færari um að veita kynheilbrigðisþjónustu, með sérstakri áherslu á mæðra- og ungbarnavernd. Aðildarríkin hvött til að fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar með það í huga að hún nýtist fátækum, unglingum og karl-mönnum og að hún styrki kynheilbrigðisþjónustu á öllum sviðum. Aðildarríki hvött til að tryggja að tekið sé tillit til kynheil-brigðis þegar unnið er að því að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB113.R12	Heilbrigði fjölskyldunnar í ljósi þess að tíu ár eru liðin frá því að haldið var upp á alþjóðlegt ár fjölskyldunnar	EB113/45	WHO hvött til að auka skilning á málefnum fjölskyldunnar og að styðja aðildarríki við að styrkja heilbrigðisstefnur sínar hvað þetta málefni varðar. WHO hvött til að aðstoða aðildarríki við þróun, notkun og viðhald upplýsingakerfa um gagnreynd heilbrigðisinngrip sniðin að þörfum fjölskyldunnar. WHO og aðildarríki hvött til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar og markmið sem varða fjölskylduna. WHO hvött til að beina athygli að málefnum fjölskyldunnar í starfi stofnunarinnar og að vinna með efnahags- og félagsmálaskrifstofu SÞ, UNICEF, UNFPA og öðrum stofnunum SÞ að því sem viðkemur heilbrigði fjölskyldunnar. WHO hvött til að leggja fram skýrslu á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2006 um framgang mála. Aðildarríki hvött til að skoða stefnur stjórnvalda með tilliti til þess að fjölskyldur fái að njóta stuðningsríks umhverfis og að tryggð sé viðeigandi löggjöf til að aðstoða umsjónarmenn barna að veita þeim sem besta umönnun, fæði og skjól. Aðildarríki hvött til að styrkja samstarf milli ríkisstofnana og félagasamtaka í viðleitninni að aðstoða fjölskyldur að fullnægja heilsu og þroskaþörfum allra fjölskyldumeðlima.
EB113.R13	Skýrsla alþjóðlegu embættismanna-nefndarinnar	EB113/19	Ákveðið var að framlengja reynslutíma á feðraorlofi innan stofnunar til janúar 2005.
EB113.R14	Samstarf WHO við stofnanir aðrar en ríkisstofnanir	EB113/23	Ákveðið var að stofna til samstarfs við Alþjóðaunglinga- og barnageðlæknasambandið, Alþjóðasamband lyfjafræðinema og Alþjóðaráð sjóntækjafræðinga. Ákveðið var að leggja niður samstarf við Alþjóðaþingmanna-sambandið en sambandið mun hafa áheyrnaraðild að alþjóða-heilbrigðisþingi WHO. Ákveðið var að leggja niður samstarf við gigtlækninga-sambandið.
EB113.R15	Samhæfingarnefnd WHO, UNICEF og UNFPA um heilsu	EBPDC10/7, EBPDC10/5	Ákveðið var að leggja niður samhæfingarnefndina. Aðalframkvæmdastjóri WHO beðinn um að koma þessari ályktun á framfæri við framkvæmdastjórn UNICEF og UNFPA. WHO hvött til að halda áfram að styrkja annað samstarf við UNICEF og UNFPA á sviði heilbrigðismála.

Fylgiskjal II.

Ályktanir 57. alþjóðaheilbrigðisþingsins.

1. Tæknileg málefni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA57.1	Meðhöndlun og eftirlit með Buruli-sárum	WHA57/5	Að veita tækniaðstoð við alþjóðlegt átak gegn sjúkdómnum með það að markmiði að auka þekkingu og skilning á honum. Að stuðla að samvinnu ríkja við sjúkdómsvarnir og endurhæfingarþjónustu. Að stuðla að auknum rannsóknum, meðferð og fyrirbyggingu sjúkdómsins í samvinnu við UNICEF, UNDP og Alþjóðabankann.	Að taka þátt í alþjóðlegu átaki gegn sjúkdómnum. Að auka rannsóknir á þróun aðferða við greiningu, meðhöndlun og fyrirbyggingu sjúkdómsins. Að skrá útbreiðslu sjúkdómsins. Að auka tímanlega greiningu og meðferð.
WHA57.2	Meðhöndlun afrísku svefnsýkinnar	WHA57/6, WHA50.36, WHA56.7	Að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins með því að bæta áætlanir um fyrirbyggingu. Að stuðla að aukinni samvinnu við að eiga við smitferjur og koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins í búfénaði. Að halda áfram samvinnu við UNICEF, UNDP og Alþjóðabankann. Að upplýsa alþjóðaheilbrigðisþingið um ganga mála, annað hvert ár.	Að halda áfram að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins. Að tryggja næga fjármuni og heilbrigðisstarfsfólk á þeim svæðum þar sem sjúkdómurinn er landlægur.
WHA57.9	Útrýming sjúkdóms af völdum Gíneuormsins	WHA57/33	Að veita aðildarríkjum þann stuðning sem þarf til að útrýma sjúkdómnum.	Aðildarríki þar sem sjúkdómurinn er enn landlægur eru hvött til að leggja meiri áherslu á útrýmingu sjúkdómsins. Að tryggja pólitískan stuðning. Að útrýma sjúkdómnum fyrir árið 2009.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA57.10	Umferðar-öryggi og heilsa	WHA57/10, WHA57/10 Add.1 WHA27.59 UNGA58/9 UNGA58/289	Í samstarfi við aðildarríki að mynda gagnreyndar heilbrigðisstefnur og áætlanir með það að markmiði að fækka umferðarslysum og minnka afleiðingar þeirra. Að hvetja til rannsókna á gagnreyndum aðferðum við að koma í veg fyrir umferðarslys og afleiðingar þeirra. Að veita tækniaðstoð við styrkingu áfallahjálpar. Að starfa með aðildarríkjum, öðrum stofnunum SÞ og frjálsum félagasamtökum við að byggja upp getu til að koma í veg fyrir umferðarslys. Að viðhalda og auka skilning á afleiðingum og fyrirbyggingu umferðarslysa. Að skipuleggja reglulega fundi sérfræðinga til að miðla upplýsingum um hvernig auka megi umferðaröryggi. Að leggja fram skýrslu um framgang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007.	Að fyrirbygging umferðarslysa verði hluti að heilbrigðiskerfinu. Að rannsaka byrði umferðarslysa í heimalandi og tryggja nægilegt fjármagn, aðstöðu og mannafla til að takast á við umferðarslys. Að setja á laggirnar opinbera stofnun eða tengilið fyrir umferðaröryggi. Að auðvelda samstarf mismunandi hagsmunaaðila. Að styrkja slysa- og endurhæfingarþjónustu. Að vekja athygli á áhættuþáttum, s.s. áfengisneyslu, geðvirkum lyfjum og farsímanotkun við akstur. Að nota alþjóðaskýrslu um fyrirbyggingu umferðarslysa til að skipuleggja og innleiða viðeigandi fyrirbyggjandi áætlanir. Að tryggja að heilbrigðisráðuneyti taki þátt í að móta stefnu varðandi fyrirbyggingu umferðarslysa. Að athuga möguleikann á auknu fjármagni til að stuðla að umferðaröryggi, t.d. með stofnun þar til gerðs sjóðs.
WHA57.11	Heilbrigði fjölskyldunnar í ljósi þess að 10 ár eru liðin frá því að haldið var upp á alþjóðlegt ár fjölskyldunnar	WHA57/12, WHA46.27	Að auka skilning á málefnum fjölskyldunnar og að styðja aðildarríki við að styrkja heilbrigðisstefnur sínar hvað þetta málefni varðar. Aðstoða aðildarríki við þróun, notkun og viðhald upplýsingakerfa um gagnreynd heilbrigðisinngrip sniðin að fjölskyldum. Að styðja aðildarríki við að standa við alþjóðlegar skuldbindingar og markmið sem varða fjölskylduna. Að beina athygli að málefnum fjölskyldunnar í starfi stofnunarinnar. Að vinna með efnahags- og félagsmálaskrifstofu SÞ, UNICEF, UNFPA og öðrum stofnunum SÞ sem viðkoma fjölskyldunni. Að leggja fram skýrslu á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006 um framgang mála.	Að skoða stefnur stjórnvalda með tilliti til þess að fjölskyldur fái að njóta stuðningsríks umhverfis. Að tryggja viðeigandi löggjöf til að aðstoða umsjónarmenn barna að veita þeim sem besta umönnun, fæði og skjól. Að þróa, nota og viðhalda upplýsingakerfi um heilbrigðisinngrip sniðin að þörfum fjölskyldna. Að styrkja samstarf milli ríkisstofnana og félagasamtaka við að aðstoða fjölskyldur að fullnægja heilsu og þroskaþörfum allra fjölskyldumeðlima. Að tryggja að alþjóðlegum skuldbindingum og markmiðum sem varða fjölskylduna sé fylgt eftir.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA57.12	Kynheilbrigði: áætlun um hvernig auka megi áherslu á að ná alþjóða-þróunarmark-miðum	WHA57/13, WHA55.19, UNGA55/2	Að styðja aðildarríki sem þess óska að innleiða áætlunina og meta áhrif hennar og árangur. Að veita þessu málefni nægilegan forgang. Að aðstoða aðildarríki við að veita öruggar vörur sem viðkoma kynheilbrigði, s.s. getnaðarvarnir. Að veita mæðra- og ungbarna-vernd sérstaka athygli í fyrstu áfangaskýrslu WHO sem lögð verður fram árið 2005. Að leggja reglulega, a.m.k. annað hvert ár, fram skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið.	Að tileinka sér og innleiða áætlunina. Að taka tillit til kynheilbrigðis við stefnumörkun. Að gera heilbrigðiskerfi færari um að veita kynheilbrigðis-þjónustu, með sérstakri áherslu á mæðra- og ungbarnavernd. Að fylgja eftir framkvæmd áætl-unarinnar með það sérstaklega í huga að hún nýtist fátækum, unglingum og karlmönnum og að hún styrki kynheilbrigðis-þjónustuna á öllum sviðum. Að tryggja að tekið sé tillit til kynheilbrigðis þegar unnið er að því að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ.
WHA57.13	Erfðafræði og alþjóða-heilbrigði	WHA57/16	Að styðja aðildarríki við gerð stefnu varðandi erfðafræði-rannsóknir. Að aðstoða aðildarríki við að notfæra sér ávinning framfara innan erfðafræðinnar sem tengist lausn heilbrigðisvandamála. Að gera hlutverk WHO sýnilegt í samvinnu stofnana SÞ. Að auðvelda samskipti milli þróunarríkjanna og þróaðra ríkja í notkun og meðhöndlun á erfða-tækni með það að markmiði að leysa heilbrigðisvandamál.	Að samþykkja tillögurnar í skýrslu ráðgjafanefndar um heil-brigðisrannsóknir í erfðafræði. Að styðja aukið samstarf einka-geirans, vísindasamfélagsins, borgarasamfélagsins og annarra hagsmunaaðila, sérstaklega innan SÞ, til að finna leiðir til að fjármagna erfðarannsóknir sniðnar að heilbrigðisþörfum þróunarlandanna. Að auka áhersluna á siðfræði og miðlun upplýsinga varðandi líftækni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA57.14	Aukin áhersla á meðferð og umönnun alnæmissjúkra	WHA57/4	Að styrkja hlutverk WHO í að veita stuðning við heilbrigðiskerfi aðildarríkja í viðbrögðum við HIV og alnæmi, í samstarfi við UNAIDS. Að auka aðgang þróunarríkjanna að lyfjum, greiningartækjum og meðferðarúrræðum við HIV og alnæmi. Að tryggja að gæðastaðlar alnæmislyfja, svo og eftirlits- og matsskýrslur, fyrir utan trúnaðarupplýsingar, séu gerðar aðgengilegar. Að aðstoða þróunarríkin við innkaup á alnæmislyfjum og greiningartækjum sem standast gæðastaðla. Að aðstoða aðildarríki við að auka viðbrögð sín gegn HIV og alnæmi. Að skila skýrslu um gang mála til alþjóðaheilbrigðisþingsins árið 2005.	Að styrkja heilbrigðiskerfi sín með aðstoð alþjóðasamfélagsins til að geta veitt árangursríka fyrirbyggingu, meðferð, umönnun og stuðning við HIV og alnæmissjúka. Að styrkja áætlanagerð, eftirlit og uppsetningu matskerfa á þjónustu við alnæmissjúka og tryggja að þessi þjónusta fái jafnmikið vægi og önnur heilbrigðisþjónusta. Að setja stefnur tengdar HIV og alnæmi. Að athuga hvort breyta þurfi landslögum til þess að geta notfært sér ákvæði TRIPS-samningsins um aðgang þróunarríkja að nauðsynlegum lyfjum.
WHA57.16	Heilsuefling og heilbrigðir lífshættir	WHA57/11, WHA42.44, WHA51.12	Að veita heilsueflingu forgang meðal verkefna stofnunarinnar. Að aðstoða aðildarríki við að sporna gegn áhættuþáttum, s.s. óhófsamri áfengisneyslu. Að styðja gagnreyndar aðferðir við heilsueflingu. Að veita aðildarríkjum tækniaðstoð við að byggja upp getu sína til að innleiða, fylgja eftir, meta og breiða út öflugar heilsueflingaráætlanir. Að veita aðildarríkjum stuðning og leiðsögn varðandi áhættuþætti, sbr. alþjóðaheilbrigðisskýrsluna frá árinu 2002. Að aðstoða aðildarríki við að þróa og setja upp tóbaksvarnaáætlanir. Að leggja fram skýrslu um heilsueflingu og heilbrigða lífshætti á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2005, þ.m.t. skýrslu um áfengisvarnastarf WHO.	Að efla innleiðingu heilsueflingaráætlana með sérstakri áherslu á viðkvæma þjóðfélagshópa. Að styrkja gagnreyndar leiðir til árangursríkrar heilsueflingar sem hluta af heilbrigðiskerfi hvers lands með það að markmiði að stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Að veita heilsueflingu barna og ungs fólks forgang með því að auka aðgang þeirra að tómstundastarfi og stuðningsríku umhverfi og þar með auðvelda þeim að taka upp og viðhalda heilbrigðum lífsháttum. Að veita áfengisneyslu aukna athygli sem áhættuþætti, sérstaklega meðal ungs fólks, óléttra kvenna, ökumanna og á vinnustöðum. Að setja upp tóbaksvarnaáætlanir.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA57.17	Alþjóðaáætlun um mataræði, hreyfingu og heilsu	WHA57/9, WHA46.7, WHA51.18, WHA52.24, WHA53.17, WHA54.2, WHA55.23, WHA55.25, WHA56.23	Að halda áfram að styrkja vinnu varðandi næringar- og snefil-efnaskort í samstarfi við aðildarríki og halda áfram að deila upplýsingum til aðildarríkja um næringarfræði. Að veita aðildarríkjum tækni-aðstoð við að innleiða áætlunina. Að fylgjast með rannsóknum á næringu, hreyfingu og heilsu. Að stuðla að samstarfi meðal stofnana SÞ og annarra hags-munaaðila við að hvetja til heilsusamlegs mataræðis og aukinnar hreyfingar. Að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.	Að meta og fara eftir ráðlegg-ingum skýrslunnar með það að markmiði að lækka tíðni lang-vinnra sjúkdóma. Að hvetja til lífshátta sem fela í sér heilsusamlegra mataræði og aukna hreyfingu. Að styðja við framkvæmd ráð-legginga skýrslunnar. Að skilgreina markmið og útbúa leiðbeiningar um heilsusamlegra mataræði og aukna hreyfingu. Að stuðla að umhverfi þar sem einstaklingar bera sjálfir ábyrgð á því að taka upp heilsusamlegri lífshætti.
WHA57.18	Líffæra- og vefjaígræðslur	WHA57/17 WHA40.13, WHA42.5, WHA44.25	*Úr mönnum í menn:* Að skoða áfram og safna upp-lýsingum um meðferðir, öryggi, gæði, skilvirkni og faraldsfræði ígræðslna, þ.m.t. siðfræðilegar spurningar sem vakna, t.d. varð-andi lifandi gjafa til að uppfæra reglur stofnunarinnar um ígræðsl-ur (e. Guiding Principles on Human Organ Transplantation). Stuðla að samstarfi til að auka aðgengi að þessum ígræðslum. Að aðstoða aðildarríki við að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með líffæri og vefi. *Úr dýrum í menn:* Að stuðla að alþjóðlegu samstarfi. Að safna upplýsingum um þessar ígræðslur á alþjóðavísu. Að upplýsa aðildarríki um sýkingar sem verða af völdum þessarar tegundar ígræðslu. Að veita aðildarríkjum tækni-aðstoð og leggja fram skýrslu á alþjóðaheilbrigðisþinginu þegar við á.	*Úr mönnum í menn:* Að útbúa yfirlit yfir uppruna, meðferð og ígræðslur frumna, líffæra og vefja. Að taka þátt í myndun alþjóða-reglna um uppruna, meðferð og aðferða við ígræðslur, þar á meðal reglur um lágmarksskilyrði fyrir gjafa. Að setja upp siðfræðinefnd til að tryggja að siðferðis sé gætt við ígræðslur. Að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með líffæri og vefi. *Úr dýrum í menn:* Að leyfa þessa gerð af ígræðslu aðeins ef til staðar er eftirlitskerfi heilbrigðisyfirvalda í landinu. Að taka þátt í myndun alþjóða-reglna til að koma í veg fyrir að sýkingar berist á milli dýra og manna. Að taka þátt í alþjóðaeftirliti og fyrirbyggingu sýkinga.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA57.19	Flutningar heilbrigðis-starfsfólks: áskorun heilbrigðis-kerfa þróunar-ríkjanna	WHA22.51, WHA25.42, UNGA2417 (XXIII), UNGA58/208	Að setja á laggirnar upplýsinga-kerfi um flutninga heilbrigðis-starfsfólks og skoða þessa hreyfingu á milli landa. Að skoða góðar starfsvenjur hvað varðar ráðningu heilbrigðis-starfsfólks á alþjóðavísu og útbúa staðla um bestu starfsvenjur, þá sérstaklega fyrir þróunarríkin. Að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2005. Að aðstoða aðildarríki við að styrkja leiðir þeirra til að veita heilbrigðisstarfsfólki sínu næga þjálfun og koma til móts við aðrar þarfir þeirra. Að heilbrigðisdagurinn 2006 verði tileinkaður heilbrigðis-starfsfólki og heilbrigðis-uppbyggingu.	Að draga úr neikvæðum áhrifum flutninga heilbrigðisstarfsfólks á heilbrigðiskerfi. Að innleiða stefnur og áætlanir sem miða að því að halda í heilbrigðisstarfsfólk, s.s. með endurskoðun launa og annarra hlunninda. Að mynda samkomulag við aðrar ríkisstjórnir um vistaskipti heilbrigðisstarfsfólks. Að finna aðferðir til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar flutninga heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum.

2. Stjórnunarleg málefni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA57.7	Samningur WHO við Alþjóðadýralæknaráðið	WHA57/28 og Add.1	Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti samning WHO við Alþjóðadýralæknaráðið með þeim breytingum að orðinu „aðildarríki“ yrði breytt í „meðlimir“ í samningnum.
WHA57.8	Starfsreglur alþjóðaheil-brigðisþingsins: breyting á reglu 72	WHA57/29, WHA33.17, WWHA54.22, EB112.R1	Breyting á reglu 72 samþykkt varðandi atkvæðagreiðslu; ef taka þarf mikilvægar ákvarðanir þarf 2/3 atkvæða til að samþykkja ákvörðunina, s.s. við samþykkt samninga og kosningu aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar.

3. Fjárhagsáætlun 2004–2005.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA57.4	Skýrsla ytri endurskoðanda og tillögur framkvæmda-stjórnar um fjármálaskýrslu WHO fyrir tímabilið 2002–2003	WHA57/21	Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti fjármálaskýrslu WHO fyrir tímabilið 2002–2003 og skýrslu ytri endurskoðanda.
WHA57.5	Aðildarríki sem ekki hafa greitt nægan hluta framlaga sinna og missa þar með kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu eins og kveður á um í grein 7 í stjórnarskrá WHO	WHA57/20, WHA57/20 Add. 1, WHA57/21, WHA57/22	Þau lönd sem höfðu ekki kosningarétt á WHA57 voru Afganistan, Antígva og Barbúda, Argentína, Armenía, Mið-Afríkulýðveldið, Tsjad, Kómoreyjar, Dóminíska lýðveldið, Georgía, Gínea-Bissá, Írak, Kirgisistan, Líbería, Nárú, Níger, Moldavía, Sómalía, Súrínam, Tadsjikistan og Túrkmenistan.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA57.6	Vanskil á framlögum: Úkraína	WHA57/22, WHA45.23	Úkraína fær aftur kosningarétt þar sem samkomulag hefur náðst við Úkraínu um greiðslu á skuld þeirra sem nemur 36.163.544 bandaríkjadölum á næstu 15 árum og skal helmingur fjárhæðarinnar greiðast fyrir lok árs 2011. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2005.
WHA57.15	Aðferð við útreikninga á framlögum aðildarríkja fyrir árið 2005	WHA57/23	Viðurkennd var nýjasta aðferð Sameinuðu þjóðanna við útreikning á framlögum.

4. Önnur mál.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:
WHA57.3	Heilsuástand, og aðstoð við, araba á hernumdum svæðum í Miðausturlöndum, þar á meðal Palestínu	WHA57/30, WHA/INF.DOC. /1, 2, 3 Fyrri ályktanir um heilsuástand á hernumdum svæðum í Miðausturlöndum.	Að veita stuðning við heilbrigðisráðuneyti Palestínu. Veita tækniaðstoð við heilbrigðisáætlanir fyrir Palestínumenn. Að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2005.

Fylgiskjal III.

Ályktanir 114. framkvæmdastjórnarfundarins.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EB114.R1	Fjármögnun fyrir meðhöndlun berkla	EB114/14 WHA51.13 WHA53.1	Aðildarríki hvött til að standa við skuldbindingar sínar í fyrri ályktunum, í Amsterdam-yfirlýsingunni og í þúsaldarmarkmiðum SÞ sem viðkoma berklum. Aðildarríki hvött til að tryggja berklasjúklingum alþjóðlega staðlaða heilbrigðisþjónustu. Aðildarríki hvött til að styrkja fyrirbyggingu berkla. WHO hvött til að auka stuðning við áætlanir aðildarríkja við að styrkja heilbrigðiskerfi sín. WHO hvött til að styrkja samstarf við aðildarríki með það að markmiði að auka samstarf milli berkla- og alnæmismeðferðar. WHO hvött til að innleiða og styrkja áætlanir fyrir skilvirkt eftirlit með ónæmum berklastofnum. WHO hvött til að aðstoða heilbrigðisyfirvöld landa að tryggja fjármagn til berklaeftirlits. WHO hvött til að tryggja stuðning við berklasamstarfið (e. TB Partnership) til að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EB114.R2	Fyrirbygging og meðhöndlun krabbameina	EB114/3, WHA51.18, WHA53.17, WHA56.1, WHA57.12, WHA57.16 WHA57.17,	Aðildarríki hvött til að starfa með WHO við að þróa og styrkja eftirlit með krabbameinum svo og leiðir til að fyrirbyggja, greina og meðhöndla krabbamein. WHO hvött til að auka samstarf við aðildarríki, aðrar stofnanir SÞ og aðra hagsmunaaðila við meðhöndlun krabbameina. WHO hvött til að byggja upp áætlanir fyrir fyrirbyggingu og meðferð krabbameina með því að safna og greina upplýsingar um reynslu aðildarríkja. WHO hvött til að styrkja rannsóknir á kostnaðarlitlum inngripum sem fátækari ríki geta nýtt sér. WHO hvött til að veita leiðbeiningar um umönnun dauðvona krabbameinssjúklinga. WHO hvött til að aðstoða aðildarríki, sérstaklega þróunarríki, við yfirlit og skráningu á krabbameinum. Aðildarríki hvött til að innlima meðhöndlun krabbameina inn í heilbrigðiskerfi sín. Aðildarríki hvött til að mynda stefnur sem tryggja aðgengi að greiningar- og meðferðartækjum við krabbameinum á heilbrigðisstofnunum. Aðildarríki hvött til að veita krabbameinum með þekktan uppruna sérstaka athygli, s.s. krabbameini af völdum efna, sýkinga, sólargeisla eða annarra geisla. Aðildarríki hvött til að rannsaka byrði krabbameina á samfélagið og fylgjast vel með krabbameinum sem hægt er að grípa inn í með kostnaðarlitlum aðgerðum ef þau eru greind fljótt eins og blöðruhálskirtilskrabbamein. Aðildarríki hvött til að fullgilda tóbaksvarnasamning WHO.
EB114.R3	Fatlanir, fyrirbygging, stjórnun og endurhæfing	EB114/4, UNGA48/96 UNGA56/168, UNGA57/229, UNGA58/246	WHO hvött til að leggja aukna áherslu á málefni fatlaðra og auka samstarf við aðildarríkin, innan SÞ, við menntastofnanir, einkageirann, frjáls félagasamtök og samtök fatlaðra. WHO hvött til að styðja aðildarríki við að safna upplýsingum um kostnaðarlítil inngrip fyrir fyrirbyggingu, endurhæfingu og umönnun fatlaðra í heiminum. WHO hvött til að skipuleggja fund sérfræðinga til að fara yfir endurhæfingarþörf og heilsu fatlaðra. WHO hvatt til að útbúa alþjóðaskýrslu um fatlanir og endurhæfingu byggða á bestu fáanlegum upplýsingum. Aðildarríki hvött til að styrkja stefnur og áætlanir með það að markmiði að innleiða reglur Sameinuðu þjóðanna um útjöfnun tækifæra fyrir fatlaða. Aðildarríki hvött til að tryggja réttindi, reisn og virka þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Aðildarríki hvött til að tryggja tímanlega greiningu á fötlun, sérstaklega hjá börnum, og endurhæfingu. Aðildarríki hvött til að styrkja og hvetja til endurhæfingarmeðferða úti í samfélaginu fyrir fatlaða einstaklinga. Að tryggja að tekið sé tillit til fatlaðra í heilbrigðisþjónustu aðildarríkja. WHO hvött til að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2007.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EB114.R4	Sameining nefnda framkvæmda-stjórnar	EB114/9, EB114/9 Add.1	Ákveðið var að sameina eftirfarandi þrjár nefndir framkvæmdastjórnarinnar: áætlananefnd, endurskoðunarnefnd og stjórnunar- og fjármálanefnd og var ákveðið að kalla nýju nefndina áætlana-, fjármála- og stjórnunarnefnd. Ákveðið var að fyrsti fundur nefndarinnar yrði haldinn á undan 115. fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2005.

Fylgiskjal IV.

Ályktanir 54. fundar svæðisnefndar WHO í Evrópu.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EUR/RC54/R1	Starfsemi Evrópu-skrifstofunnar 2002–2003	EUR/RC54/6, EUR/RC54/Inf. Doc./1	Framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar beðinn um að taka mið af umræðu og tillögum Evrópuríkjanna á 54. fundi svæðisnefndar WHO.
EUR/RC54/R2	Tilnefning framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Evrópu		Dr. Marc Danzon tilnefndur framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar frá og með 1. febrúar 2005. Aðalframkvæmdastjóri WHO beðinn um að koma tilnefningunni á framfæri við framkvæmdastjórn WHO.
EUR/RC54/R3	Umhverfi og heilsa	EUR/RC54/10	Aðildarríki hvött til að styðja við ákvarðanir fjórða ráðherrafundarins um umhverfi og heilsu sem haldinn var í Búdapest í júní 2004. Aðildarríki beðin um að taka þátt í að veita Evrópu-skrifstofunni fjármagn til starfsemi tengdrar umhverfi og heilsu. Framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar beðinn um að styðja við framkvæmd ákvarðana sem teknar hafa verið á fyrri ráðstefnum um umhverfi og heilsu. Framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar beðinn um að sýna frumkvæði hvað varðar umhverfi og heilsu.
EUR/RC54/R4	Fyrirbygging langvinnra sjúkdóma í Evrópu	EUR/RC54/8 WHA51.18, WHA55.23, WHA56.1, WHA57.17, WHA57.16, WHA57.10, WHA57.12, WHA56.21, EB114.R2, EB114.R3, EB114/3, EB114/4, EUR/RC49/R8, EUR/RC51/R4, EUR/RC52/R12, EUR/RC49/R4, EUR/RC50/R8, EUR/RC53/R4	Aðildarríki beðin um að veita þessum sjúkdómum aukna athygli. Framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar beðinn um að halda áfram að útbúa Evrópuáætlun fyrir fyrirbyggingu langvinnra sjúkdóma, þ.m.t. endurskoðun á *heilsu fyrir alla* átakinu fyrir fund svæðisnefndar Evrópu í september 2006. Framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar beðinn um að tryggja að tekið verði tillit til útkomu ráðherra-fundanna um umhverfi og heilbrigði (Búdapest, 23.–25. júní 2004), um geðheilbrigði í Evrópu (Helsinki, 12.–15. janúar 2005) og um mat og næringu árið 2006 og að tekið verði að auki tillit til Evrópu-áætlunar um tóbaksvarnir og áfengisvarnir og áætlunar um heilbrigði barna og unglinga við gerð þessarar áætlunar um fyrirbyggingu langvinnra sjúkdóma í Evrópu.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EUR/RC54/R5	Fjárhagsáætlun WHO fyrir tímabilið 2006–2007	EUR/RC54/11, EUR/RC54/11 Add.1	Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar beðinn um að koma tillögum nefndar svæðisskrifstofunnar á framfæri við aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar. Nefnd svæðisskrifstofunnar studdi þær tillögur sem settar voru fram í skjali EUR/RC54/11 Add.1.
EUR/RC54/R6	Áætlun fyrir útibú Evrópuskrifstofunnar	EUR/RC54/9	Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar beðinn um að tryggja að útibúin séu samþætt starfsemi hennar. Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar beðinn um að ráðfæra sig við svæðisnefndina um hvort opna eða loka eigi útibúum. Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar beðinn um að gefa reglulega skýrslu um starfsemi útibúanna.
EUR/RC54/R7	Dagsetningar og staðsetningar næstu funda Evrópusvæðisnefndar WHO	EUR/RC53/R8	Að 55. fundur svæðisnefndarinnar verði haldinn dagana 12.–15. september 2005 í Búkarest. Að 56. fundur svæðisnefndar Evrópu verði haldinn í svæðisskrifstofunni í Kaupmannahöfn dagana 11.–14. september 2006.
EUR/RC54/R8	Skýrsla fastanefndar svæðisnefndarinnar	EUR/RC54/4, EUR/RC54/4 Add.1	Skýrsla nefndarinnar samþykkt. Evrópuskrifstofan beðin um að taka mið af niðurstöðum og tillögum skýrslunnar.

Fylgiskjal V.

Dagskrár funda.

Dagskrá EB113: http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB113/eeb1131r1.pdf
Dagskrá WHA57: http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/WHA57/A57_1Rev1-en.pdf
Dagskrá EB114: http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB114/B114_1-en.pdf
Dagskrá EURO54: http://www.euro.who.int/document/rc54/edoc02rev1.pdf

1156. Skýrsla [780. mál]

forsætisráðherra um stefnu í málefnum barna og ungmenna.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktaði hinn 11. maí 2001 að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Í ályktuninni segir að markmið stefnumótunarinnar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Einnig segir að á grundvelli stefnumótunar nefndar, er falið verði að undirbúa téða stefnu, skuli gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtök unglinga.

Hinn 25. október 2001 skipaði forsætisráðherra, Davíð Oddsson, nefnd um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga. Formaður nefndarinnar var Drífa Hjartardóttir alþingismaður. Nefndin hefur skilað skýrslu til forsætisráðherra og að tillögu formanns nefndarinnar hefur forsætisráðherra ákveðið að fela nefnd, sem hann skipaði til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar, að fara yfir þær tillögur sem fram koma í skýrslunni. Fjölskyldunefndinni er ætlað að fella þær að öðrum tillögum sem miða að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar og huga að gerð framkvæmdaáætlunar sem kveðið er á um í þingsályktun um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Skýrsla nefndar um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga fer hér á eftir:

Starf nefndarinnar.

Nefnd sem skipuð var til að undirbúa opinbera stefnu í málefnum barna og ungmenna hefur nú lokið störfum. Aðdragandinn að starfi hennar var sá að á 125. löggjafarþingi 1999/2000 lögðu þingmennirnir Jóhanna Sigurðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Ögmundur Jónasson fram tillögu til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Hinn 11. maí 2001 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Nefnd var skipuð til þess að undirbúa stefnu þessa með bréfi forsætisráðherra í október 2001.

Í nefndina voru skipuð Albert Eymundsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Áslaug Þórarinsdóttir, síðar Eyrún Guðmundsdóttir, tilnefndar af dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Bragi Guðbrandsson, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, Ingibjörg Ólafsdóttir, tilnefnd af umhverfisráðuneyti, Ragnheiður Haraldsdóttir, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Rósa Guðbjartsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, og Drífa Hjartardóttir, skipuð af forsætisráðuneytinu, sem var formaður nefndarinnar.

Nefndin fékk starfsaðstöðu á Barnaverndarstofu. Jón Björnsson sálfræðingur var ráðinn starfsmaður hennar í hlutastarfi. Nefndin kom fyrst saman í janúar 2002 og fundaði reglulega fram í febrúarlok árið 2003, hélt samtals 14 fundi. Var þá drögum að lokaskýrslu skilað til forsætisráðuneytis. Sú skýrsla sem hér er lögð fram eru endurskoðuð drög að lokaskýrslu nefndarinnar, eftir að hún hefur verið til meðferðar af hálfu nokkurra ráðuneyta. Nefndin hefur, á fjórum fundum í ársbyrjun 2005, yfirfarið þær breytingar sem gerðar hafa verið á drögum nefndarinnar og telur að þær séu ritstjórnarlegs eðlis og almennt til bóta. Hins vegar telur nefndin rétt að vekja athygli á því að liðið hafa tvö ár frá því að lokadrög skýrslunnar lágu fyrir. Á þeim tíma sem liðinn er hafa átt sér stað talsverðar breytingar í þeim málaflokkum sem skýrslan tekur til, samhliða því að ný úrlausnarefni hafa séð dagsins ljós. Þykir nefndinni því einsýnt að nauðsynlegt sé að yfirfara þau áhersluatriði sem í skýrslunni er fjallað um svo að opinber stefna í málefnum barna falli betur að þeim raunveruleika sem við blasir nú. Með hliðsjón af því að hlutverk nefndarinnar einskorðaðist við að undirbúa opinbera stefnu í málefnum barna, telur nefndin rétt að forsætisráðuneytið taki ákvörðun um næstu skref í þeim undirbúningi. Nefndin álítur að skýrslan, eins og hún liggur nú fyrir, hafi að geyma áherslur og upplýsingar sem yfirleitt eru enn í fullu gildi þrátt fyrir þær takmarkanir sem fyrr er vikið að.

Þegar í upphafi setti nefndin sér að leita eftir sjónarmiðum barna varðandi stefnuna, hafa víðtækt samráð við aðila sem gerst þekkja til málefna barna og leggja í tillögum sínum til grundvallar þau helstu áhyggjuefni sem uppi væru varðandi börn, unglinga og aðstæður þeirra, nú og til næstu framtíðar. Nefndin ákvað að setja fram tiltölulega fáar, áþreifanlegar tillögur, sem raunhæft væri að ætla að með góðum vilja mætti framkvæma á næstu fimm ár-

um. Hún setti sér einnig að í tillögum hennar skyldu ekki einasta vera almenn stefnumið heldur og nánari tillögur um hvernig að þeim skyldi unnið.

Nefndin og starfsmaður hennar hafa með viðtölum og fundum leitað eftir upplýsingum hjá fjölmörgum aðilum, skráðir viðmælendur eru liðlega 130, sjá fylgiskjal I. Auk þess var leitað fanga í skýrslum um málefni barna, könnunum á högum þeirra og öðru tiltæku efni sem fyrir lá skriflega. Þess efnis er að nokkru getið í heimildaskrá (sjá fylgiskjal II).

Starfi sínu hagaði nefndin þannig að framan af eða til haustsins 2002 yfirfór hún sviðið í heild og kannaði hvað í aðstæðum barna þætti í viðunandi eða góðu horfi, hvað væri á góðri leið og hvað þætti óviðunandi og væri þess háttar áhyggjuefni nú og í næstu framtíð að úrbóta væri þörf. Að sjálfsögðu komu hér fram mörg sjónarmið en nokkur málefni komu aftur og aftur fram hjá viðmælendum nefndarinnar, sem þóttu alvarlegust og mest aðkallandi að bæta úr. Eftir að hafa með þessum hætti farið heildstætt yfir sviðið valdi nefndin sjö markmið, sum þeirra mjög yfirgripsmikil. Eftir það beindi nefndin starfi sínu fyrst og fremst að nánari útfærslu þessara markmiða. Í þeirri umfjöllun komu fram ný sjónarmið og niðurstaða nefndarinnar varð að gera tillögu um níu markmið alls.

Í febrúar 2003 boðaði nefndin til fundar þar sem kynnt voru drög að lokaskýrslu. Á þeim fundi komu fram ýmsar gagnlegar athugasemdir. Einnig fóru drögin til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fagráðuneyta sem komu með ýmsar tillögur til breytinga sem margar hverjar voru teknar til greina. Forsætisráðherra hefur nýverið skipað nefnd er á að fjalla um stöðu fjölskyldunnar á breiðum grunni. Nefnd til að undirbúa stefnu í málefnum barna og ungmenna telur ljóst að sú vinna sem hér er lögð fram nýtist vel nýju nefndinni.

Nefndinni er ljóst að einhverjum mun finnast að markmiðin hefðu átt að vera fleiri og gengið sé fram hjá brýnum verkefnum sem varða börn. Því er þá fyrst til að svara, að nefndin vildi verða til þess með tillögum sínum að á næstu árum verði tekið hnitmiðað á brýnustu úrlausnarefnunum í stað þess að dreifa kröftunum um of. Í annan stað eru sum þeirra markmiða sem nefndin setur fram mjög yfirgripsmikil og snerta aðstæður og hagi barna með almennum hætti. Í þriðja lagi taldi nefndin ekki ástæðu til að setja þau mörgu úrlausnarefni sem þegar er unnið að með efnilegum hætti og góðum árangri í forgangssæti í stefnumótun til næstu ára.

Skýrslunni er skipt í kafla. Fyrst er fjallað um markmið og framkvæmd þeirra en síðan fylgir greinargerð um viðkomandi efni.

Markmiðin sem hér fara á eftir eru misyfirgripsmikil. Flest þeirra taka til allra barna og unglinga, svo er um markmið 1, 2, 3, 4, 8 og 9. Önnur taka til afmarkaðra hópa barna og unglinga sem nefndinni þótti að kölluðu á sértækar aðgerðir sem miðaðar eru við þá fyrst og fremst, svo er um markmið 5, 6, 7.

Markmiðin eru:

1. Að íslenska ríkisstjórnin taki ábendingar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá janúar 2003 varðandi framkvæmd barnasáttmálans til gaumgæfilegrar athugunar, geri framkvæmdaáætlun og hrindi þeim úrbótum sem horfa til heilla hið fyrsta í framkvæmd.
2. Að ávallt liggi fyrir heildstæðar og áreiðanlegar almennar upplýsingar um börn og ungmenni hérlendis, sem máli skipta við stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila um hagi þeirra.
3. Að aðgerðir hins opinbera í þágu barna og ungmenna, stjórnun þeirra og framkvæmd, séu ávallt markvissar, skilvirkar og árangursríkar.
4. Að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu með því að koma á skipulegri og samræmdri foreldrafræðslu og ráðgjöf í uppeldisefnum fyrir alla foreldra.
5. Að heilsugæsla í skólum sé öflug miðstöð innan hinnar almennu heilsugæslu í for-

varnastarfi, heilbrigðisfræðslu og alhliða heilsugæslustarfi fyrir börn og ungmenni á öllum skólastigum.
6. Að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við fátækar barnafjölskyldur sé nægur og skilvirkur, aðferðir við hann séu almenningi skiljanlegar og verkaskipting skýr milli þeirra sem að honum koma.
7. Að forvarnir, greining og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum verði aðgengilegar, skilvirkar og árangursríkar.
8. Að börn af erlendum uppruna sem vaxa upp á Íslandi fái allan stuðning sem mögulegt er að veita af hálfu opinberra aðila til að aðlagast hinu íslenska samfélagi og eignast fulla aðild að því í hvívetna.
9. Að fullorðið fólk sýni börnum ævinlega fulla kurteisi og virði þau sem einstaklinga.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverju markmiði um sig með stuttum inngangi, tillögum um framkvæmdir og greinargerð sem lýsir ástæðum fyrir því að viðkomandi markmið er sett fram.

Inngangur.

Í upphafi árs 2003 yfirfór barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna framkvæmd barnasáttmálans á Íslandi. Þó að í flestum greinum hafi tekist vel til um efndir hans á Íslandi og réttindi barna séu hér vel tryggð í samanburði við flest önnur lönd, sá nefndin á fundi sínum 31. janúar 2003 engu síður ástæðu til að beina ýmsum tilmælum til íslenskra stjórnvalda um atriði sem betur mættu fara. Nefndin hefur tekið þessi tilmæli til athugunar og mörg þeirra eru hluti af greinargerð þessari. Nefndin telur að Íslendingum eigi að vera það kappsmál að framkvæmd barnasáttmálans hér á landi sé með ágætum og ekki verði að henni fundið.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru 78.577 börn og ungmenni undir 18 ára aldri í landinu 1. desember 2004.

Í alþjóðlegum samanburði telst hagur íslenskra barna í flestum greinum góður. Flestra þeirra vandamála sem einkenna velferðarríki og vel eru þekkt frá nágrannalöndunum gætir þó hér á landi.

Það er viðtekin stefna stjórnvalda á Íslandi, og hefur verið lengi, að mæta brestum í aðstæðum barna, hæfni þeirra og heilsu með úrræðum af hálfu hins opinbera, þannig að helst öll börn eigi sem jöfnust færi til að ná fullum þroska, þróa hæfileika sína og njóta lífsgæða bæði á barnsaldrinum og síðar á ævinni. Hið opinbera beitir í þessu skyni stofnunum sínum, bæði til þess að styðja barnafjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og til að hafa bein áhrif á uppeldi og aðstæður barna. Veigamest eru heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustukerfin, barnavernd og almannatryggingar, skattkerfið, húsnæðiskerfið og vinnumarkaðurinn. Kerfum þessum er ýmist beitt með almennum hætti, þ.e. aðgerðum sem ætlað er að búa í haginn fyrir öll börn, eða sértækum aðgerðum, sem beinast að tilteknum hópum barna eða einstökum börnum með sérstakar þarfir umfram önnur. Forsenda hins síðarnefnda er að vitneskja fáist um sérstakar þarfir þessara barna svo hægt sé að mæta þeim með árangursríkum hætti, stundum í bráð en stundum lengd.

Hagur barna, almennt og í einstaklingstilvikum, ræðst af flóknu samspili fjölmargra þátta, sem vissulega eru langt í frá þekktir að öllu leyti. Áhrifin af almennum og sértækum aðgerðum hins opinbera á aðstæður barna eru einnig flókin og ekki alltaf fyrirsjáanleg.

Upplýsingar.

Markmið og framkvæmd.

Hérlendis er mun minna til af tölulegum upplýsingum um ýmsa þætti er varða málefni barna og ungmenna en á Norðurlöndum og í flestum löndum Vestur-Evrópu. Ákvarðanataka um börn, sem fram fer mjög víða í stjórnkerfinu, bæði hjá sérfræðingum og leikmönnum, byggist því ekki á jafnheildstæðum og traustum upplýsingum um börn eins og æskilegt væri.

Í þessu sambandi bendir nefndin á tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda frá fundi hennar 31. janúar 2003 um að efla söfnun tölulegra upplýsinga um börn og unglinga, sbr. liði 10 og 11 í fundargerð.

Markmið.

Að ávallt liggi fyrir heildstæðar og áreiðanlegar almennar upplýsingar um börn og ungmenni hérlendis, sem máli skipta við stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila um hagi þeirra.

Nefndin leggur til að skipulag og umsjón upplýsingasöfnunar verði falin einum aðila. Söfnunin verði samræmd og eigi sér stað með því að:

1. Hafa áhrif á almenna upplýsingasöfnun um börn, einkum í heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustukerfinu, kalla þaðan eftir upplýsingum og úrvinnslu þeirra, draga þær saman, samhæfa og tengja.
2. Eiga frumkvæði að rannsóknum á afmörkuðum þáttum er varða börn og ungmenni, og kosta þær í einhverjum tilvikum.
3. Samhæfa almennar upplýsingar um börn, birta þær og kynna þannig að þær verði aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda.
4. Taka eftir atvikum þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.
5. Í því sambandi er lagt til að Ísland taki fullan þátt í hinu evrópska CHILD-verkefni.

Greinargerð.

Hagstofan birtir árlega tölfræðilegar upplýsingar um börn er byggjast á þjóðskrá og útgjöldum hins opinbera vegna barna. Þetta er gert með svipuðum hætti og á Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu. Auk þess birtir Hagstofan stakar tölfræðilegar úttektir. Þannig er í undirbúningi útgáfa á samantekt um útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna á síðasta áratug 20. aldarinnar. Hagstofan er aðili að EU-SILC (European Statististic of Income and Living Conditions) og mun þess vegna frá og með árinu 2004 safna viðamiklum upplýsingum um tekjudreifingu og fátækt með hliðstæðum hætti og í aðildarlöndum Evrópusambandsins.

Hjá heilbrigðisstofnunum er skráð mikið af upplýsingum um einstaklinga og samskipti þeirra við heilbrigðisstofnanir, þar með talin börn og ungmenni. Að svo komnu er það ógerningur að draga út úr þeim almennar upplýsingar um heilbrigðismál né setja þær í samband við aðrar breytur til að sjá samhengi heilsuupplýsinga við þær. Sumar aðgerðir heilbrigðisstofnana eru þó allvel skráðar nú þegar, einkum þær sem fara fram á afmörkuðum stofnunum eða tengjast einstökum sjúkdómaflokkum (t.d. krabbamein), annars staðar er tæmandi skráning í undirbúningi (t.d. slys), en víða er skráning ófullkomin og síðri en ætlað er. Þannig er ekki vitað með vissu um þakningu bólusetninga á börnum á einstökum svæðum og þaðan af síður eru þær skráðar heildstætt með ábyggilegum hætti.

Leikskólinn tekur til flestra barna og skráir aðgerðir sínar, m.a. sérstaka þjónustu sem börnum er látin í té. Grunnskólinn skráir tæmandi upplýsingar um alla nemendur og þjónustu sem skólar veita. Sama á við um framhaldsskóla.

Frá árinu 1992 hefur farið fram reglubundin söfnun upplýsinga um aðstæður barna í 6.–10. bekk grunnskóla og viðhorf þeirra til ýmissa málefna, en heildstæðar upplýsingar hafa einungis að hluta verið dregnar út úr því gagnasafni og einkum þær er varða afmarkaða þætti svo sem tómstundir og vímuefnaneyslu.

Auk þessa hafa margvísleg rannsóknarverkefni verið unnin af ýmsum aðilum varðandi einstaka þætti, og þá að gefnum tilteknum tilefnum.

Þá gefa einstakar stofnanir, sem fást við málefni barna einvörðungu eða með öðru, yfirleitt út greinargóðar ársskýrslur um verksvið sitt.

Heildstæðar samantektir á upplýsingum um börn og ungmenni, hagi þeirra og aðstæður, eru ekki gerðar reglulega.

Nefndin hefur m.a. orðið vör við eftirtalin umkvörtunarefni:

- Hérlendis er mun minna til af tölulegum upplýsingum um ýmsa þætti er varða málefni barna en á Norðurlöndunum og í flestum löndum Vestur-Evrópu. Þetta á að vísu ekki við um opinberar staðtölur, sem eru sambærilegar, en einkum þá þætti sem kalla á sérstaka rannsóknarvinnu.
- Þá eru skráðar ýmsar mikilvægar upplýsingar um börn sem ekki hefur verið unnið úr með heildstæðum hætti né hafa þær verið gerðar aðgengilegar. Stundum virðist þannig lögð veruleg vinna í að safna upplýsingum sem koma að takmörkuðum notum.
- Það er ekki auðvelt, og oft illmögulegt, að fá yfirsýn yfir þær upplýsingar sem þó eru til um börn.
- Rannsóknarverkefni sem tengjast börnum eru ákveðin af ýmsum aðilum, stundum út frá þörfum og áhugaefnum þeirra hvers og eins, stundum vegna erlendrar samvinnu, stundum af því fjármögnun er tiltæk. Þótt sum atriði hafi verið könnuð allítarlega eru önnur með öllu ókönnuð. Þá eru íslenskar rannsóknir á högum barna afar oft augnabliksmyndir sem ekki eru endurteknar og veita því ekki færi á að fylgjast með þróun yfir lengri tíma.
- Heildstæð yfirlit með tölulegum upplýsingum um börn, hagi þeirra og aðstæður, til almennra nota við starf að málefnum barna og ákvörðunartöku um þau, skortir.
- Handhægir mælikvarðar sem lýsa með einfölduðum hætti flóknum fyrirbærum og nýttir eru m.a. til mats á árangri hafa aðeins í litlum mæli verið þróaðir og nýttir hérlendis hvað málefnum barna viðvíkur.

Nefndin leggur til að Ísland taki að fullu þátt í hinu evrópska CHILD-verkefni (Child Health Indicators of Life and Development/European Union Community Health Monitoring Programme). Hér er um samstarfsverkefni sautján Evrópulanda að ræða, en undirbúningur þess hefur staðið í nokkur ár og Ísland hefur tekið virkan þátt í honum. Aðferðafræðin hefur nú verið samræmd og fullmótuð, með lokaskýrslu í nóvember 2002. Þátttaka í þessu upplýsingaverkefni mun bæta mjög úr upplýsingaþörfinni um málefni og hagi barna á mörgum sviðum og veita færi á afar lærdómsríkum erlendum samanburði.

Afskipti hins opinbera af málefnum barna.

Markmið og framkvæmd.

Afskipti hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, af börnum og unglingum eru margvísleg og snerta ólíka þætti á ólíkan hátt. Fyrirferðarmest eru menntakerfið, heilbrigðisþjónustan og ýmiss konar félagsleg afskipti.

Mjög margir viðmælendur nefndarinnar bentu á að verulega skorti á samhæfingu pólitískrar stefnumótunar og starfsemi stofnana í þágu barna. Bent var á ýmis dæmi og rök því til stuðnings. Þetta er vissulega ekki aðeins bundið við málefni barna þar sem ómarkviss starfsemi stofnana skilar stundum takmörkuðum árangri.

Markmið.

Að aðgerðir hins opinbera í þágu barna og ungmenna, stjórnun þeirra og framkvæmd, séu ávallt markvissar, skilvirkar og árangursríkar.

1. Nefndin leggur til að forsætisráðuneytið velji t.d. tvo eða þrjá óháða fagmenn, sem hafi til að bera þekkingu og reynslu af opinberum rekstri og stjórnunarstörfum bæði hjá hinu opinbera og í einkarekstri, til að yfirfara stjórnsýslu og framkvæmd opinberrar þjónustu við börn og barnafólk með tilliti til markmiða, skilvirkni og árangurs.
2. Aðilum þessum verði falið að koma með ábendingar um hvað betur megi fara í skipulagningu, stjórnun og starfsháttum og eftir atvikum gera tillögur til úrbóta sem komið verður á framfæri við hlutaðeigandi stjórnvöld og stofnanir.
3. Þeim verði sérstaklega falið að huga að því hvort núverandi verkaskipting milli ráðuneyta, ríkisstofnana og milli ríkis og sveitarfélaga varðandi málefni barna sé með hinum hentugasta hætti og hvernig gera megi samstarf og samhæfingu stofnana skilvirkari.
4. Þá verði þeim enn fremur falið að yfirfara tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda frá fundi hennar 31. janúar 2003 (einkum lið 8 a, b og c, lið 30 og lið 31 a og d varðandi framkvæmd heildrænnar stefnu í málefnum barna, stefnumótun sveitarfélaga í fjölskyldumálum og starfsemi Fjölskylduráðs ríkisins) og setja fram hugmyndir um hvernig mæta megi þessum tilmælum.
5. Nefndin leggur til að starfi þessara fagmanna verði lokið fyrir árslok 2006.

Greinargerð.

Flestir þeir sem nefndin leitaði til um upplýsingar störfuðu innan stóru kerfanna þriggja, heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustukerfisins, og höfðu margháttaða reynslu af starfsemi þeirra í þágu barna, samstarfinu þeirra í milli og við önnur kerfi, á æðstu stigum stjórnsýslunnar og allt niður til grasrótarinnar.

Það var dæmigert þegar spurt var eftir helstu áhyggjuefnum þessara aðila varðandi börn og ungmenni, nú og til framtíðar, að viðmælendur nefndu fjölþætt, margbrotin vandamál, sem að vísu birtust innan þess kerfis sem viðkomandi störfuðu í, en áttu rætur út fyrir það og jafnframt úrlausn utan þess.

Einföldu vandamálin, sem hvert kerfi um sig hafði öll tök á, höfðu í stórum dráttum þegar verið leyst að því marki sem við mátti búast og voru ekki (lengur) aðaláhyggjuefnin. Gagnvart þeim vandamálum hafa orðið miklar og örar framfarir og tiltækar alþjóðlegar samanburðartölur staðfesta það í stórum dráttum, þó ef til vill eigi það síst við um félagsþjónustukerfið.

Flóknu og margbrotnu áhyggjuefnin, sem viðmælendur lýstu, voru til úrlausnar í öðrum kerfum, öðrum stofnunum og stundum mörgum, en hver þeirra um sig hafði aðeins hluta þess til umfjöllunar. Oft var þetta orðað svo, að í einni samfélagsstofnun sé verið að fást við eitt birtingarform vandamáls, eitt margra einkenna þess, án þess að annars staðar í kerfinu sé gert það sem nauðsynlegt væri til þess að leysa vandann í heild sinni. Því vaknar sú spurning hvort kerfin og stofnanir þeirra hafi fylgt samfélagsþróuninni nógu vel eftir. Hvort tækin sem voru búin til í gær henti vandamálunum sem glíma þarf við í dag og svari kröfum nútímasamfélagsins.

Sú spurning er þeim mun áleitnari sem breytingar samfélagsins hafa verið mjög örar, bæði þær sem við köllum neikvæðar og eins hinar sem við hiklaust nefnum framfarir. Bent var á að stofnanir og stéttir skapi, með réttu eða röngu, um sig landhelgi, skilgreini, eignist og verji eigin hagsmuni sem geti hæglega bitnað á heildarvirkni kerfisins sem þær eru hluti af. Einnig var bent á, að með aukinni sundurgerð kerfisins verði verkaskipting innan þess æ flóknari

og að í svo flóknu kerfi sé óneitanlega bæði tilhneiging og nánast óendanlegir möguleikar til þess að skilgreina vandamál frá sér, ekki síst flókin, margbrotin vandamál af því tagi sem viðmælendum nefndarinnar fannst áleitnust í dag. Það var mál margra að upprunalega hugmyndin bak við kerfin og verkaskiptingin, sem eitt sinn var gerð við allt aðrar aðstæður og síðan hefur þróast í ófyrirsjáanlegar áttir, eigi einfaldlega ekki alls kostar við vandamál barna og barnafjölskyldna eins og þau birtast í samfélaginu núna. Kerfin séu íhaldssöm en breytingarnar örar. Það þurfi sumpart að taka vandamál barna í nútímanum allt öðrum tökum en gert var í gær og stokka upp verkaskiptingu kerfa og stofnana til þess að ábyrgðin á úrlausn fjölþættra vandamála týnist síður í meðförum á milli þeirra.

Hugmyndir manna um hversu langt ætti að ganga í þessu efni voru mjög misróttækar; sumir bentu á einstakar stofnanir þar sem úrbóta væri þörf eða tilfærslu einstakra verkefna, aðrir nefndu að stofna þyrfti sérstakt ráðuneyti um málefni barna eða fjölskyldna.

Nefndin álítur að gagnlegt væri að yfirfara með heildstæðum hætti og endurskoða starfshætti og virkni kerfanna gagnvart börnum og ungmennum og telur einsýnt að slíkt mundi leiða í ljós þörf á úrbótum, sem sumar væru almenns eðlis og ættu nánast við hina opinberu stjórnsýslu í heild, en aðrar sértækar og sneru fyrst og fremst að málefnum barna.

Nokkur helstu gagnrýnisatriðin sem fram komu í vinnu nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Að oft skorti á að markmið og umboð stofnana séu nógu ítarlega skilgreind í upphafi og einnig að markmiðin séu tekin til endurskoðunar þegar aðstæður breytast.
- Að verkaskipting milli samfélagsstofnana sé oft óskýr, jafnvel augljóslega úrelt og óhagkvæm. Stundum skarast verksvið stofnana sem getur leitt til árekstra, stundum eru eyður milli verksviða og mikilvæg viðfangsefni lenda í tómarúmi. Oft er mikil tregða við að leggja niður stofnanir eða sameina þegar aðstæður kalla á ný vinnubrögð.
- Að mjög skorti á nauðsynlegar tölulegar upplýsingar um árangur og afköst opinberra stofnana í málefnum barna. Þótt vissulega hafi orðið úrbætur að undanförnu, skortir enn víða á að stofnanir skilgreini viðmið og mælikvarða á árangur og setji þau fram með skilmerkilegum hætti í áætlanir sínar.
- Að umboð stofnana sé oft of þröngt. Stofnanir eru oftast settar á fót til að fást við afleiðingar og umboð þeirra tryggir þeim hvorki íhlutun né áhrif á orsakir þeirra vandamála sem þær eru settar til höfuðs. Í mörgum tilvikum væri æskilegt að víkka umboð einstakra stofnana, auka völd og skerpa ábyrgð þeirra á viðfangsefnum sínum.
- Að of oft sé krukkað í smáatriði í stað þess að móta heildarsýn á viðfangsefni.
- Að of lítil rækt sé lögð við að örva til nýhugsunar og að tilraunir og brautryðjendastarf sé ekki nýtt til eftirbreytni.
- Að stofnanir fái ekki umboð til að laga sig að breyttum viðfangsefnum eða sinni því ekki.
- Að oft sé óljóst hvar endanleg ábyrgð á vandamáli liggur.
- Að samstarf milli opinberra stofnana skili oft litlum árangri þrátt fyrir að mikilli orku og tíma sé varið til samráðs og samstarfsfunda. Ýmsar ástæður voru nefndar fyrir þessu, allt frá lélegum undirbúningi funda og valdþurrð til þess að samstarfið sé jafnvel frekar nýtt til þess að koma vandamálum yfir á aðra frekar en að finna hentugustu leiðina til að leysa þau.
- Að of oft sé seint og illa brugðist við þegar stofnun gegnir ekki hlutverki sínu og innri vandi stofnana sé látinn danka óleystur langtímum saman á kostnað skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Að nefndir séu ofnotaðar til úrlausnar á vandamálum.

- Að gagnrýni á samfélagsstofnanir sé of oft sett fram og tekið með neikvæðum hætti, þannig að hún leiði ekki til úrbóta heldur varnarviðbragða.

Foreldrahæfni.

Markmið og framkvæmd.

Það er viðtekin skoðun að hlutverk foreldra sé vandasamara nú en áður var og núverandi samfélagsgerð kalli á mikla natni, árvekni og nýja þekkingu. Uppeldishlutverkinu verður ekki sinnt vel með eðlisávísun einni saman, svo hefur aldrei verið og allra síst í samfélagi nútímans. Það er því æskilegt að styrkja foreldra sem mest í foreldrahlutverki sínu gagnvart áhættum sem börnum eru búnar í samfélaginu.

Markmið.

Að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu með því að stuðla að skipulegri og samræmdri foreldrafræðslu og ráðgjöf í uppeldismálum fyrir alla foreldra á næstu þremur til fjórum árum.

1. Unnið skal að því að skerpa vitund foreldra um mikilvægi uppeldishlutverksins og réttindi þeirra og skyldur sem foreldra gagnvart börnum sínum og samfélaginu.
2. Hvatt skal til þess að foreldrar barna sem sækja sömu stofnanir og/eða mynda félagahóp hafi með sér samráð og samtök um hagsmuni barna sinna.
3. Ungbarnaeftirlit, leikskóli, grunnskóli, og framhaldsskóli leggi aukna áherslu á fræðslu til foreldra um uppeldisvanda, uppeldisaðferðir og foreldrahlutverkið miðað við aldur barns á hverjum tíma.
4. Foreldrar geti sótt sér fræðslu og ráðgjöf í uppeldismálum á öllum heilsugæslustöðvum landsins.

Greinargerð.

Skilgreining og almenn lýsing.

Hlutverk foreldra í uppeldi barna og ungmenna er vandasamt. Foreldrar taka á sig mikla ábyrgð við að ala börn sem þeir geta ekki varpað yfir á aðra. Svo að vel takist til skiptir miklu að foreldrar setji sig í spor og hugarheim barna sinna. Hið opinbera veitir foreldrum margvísleg ráð og aðstoð við uppeldi barna og ungmenna. Hraði og erill nútímasamfélags kallar eftir aukinni árvekni, alúð og samvinnu foreldra og þeirra sem sinna málefnum barna.

Foreldrahlutverkið er vandasamara en áður.

Eftirfarandi eru fyrst og fremst skoðanir fólks varðandi samfélagsþróunina á Íslandi að undanförnu. Rannsóknarniðurstöður styðja réttmæti sumra þeirra, en fæstar hafa verið rannsakaðar hérlendis.

- Það hefur orðið mikil og ör tilfærsla ábyrgðar frá heimilum til samfélagsstofnana á undanförnum áratugum. Óöryggi er oft hjá foreldrum um verka- og ábyrgðarskiptinguna, sömuleiðis gætir þessa hjá stofnunum. Eins og ævinlega þegar ábyrgðarmörk eru óljós geta orðið árekstrar, mikilvægir þættir orðið út undan eða fleiri en einn telja þá á sinni könnu.
- Samfélagið hefur breyst ört og róttækt. Foreldrar geta í æ minna mæli stuðst við eigin reynslu úr uppvextinum. Þeir standa æ oftar frammi fyrir uppeldisvanda sem þeir hafa enga reynslu af úr eigin lífi.
- Fjölskyldugerð hefur orðið mun flóknari en áður var, með margvíslegum og vandmeð-

förnum tengdum og tengslum milli kynslóðanna. Fjöldi barna fæðist í og elst upp í samsettum, rofnum eða ótryggum fjölskyldum.
- Lífsmáti fjölskyldna og neysluvenjur hafa tekið örum breytingum hin síðustu ár; matarvenjur, samvera, útivera barna og leikir, tómstundir.
- Þátttaka beggja kynja á vinnumarkaðinum er mjög mikil á Íslandi. Algengast er að báðir foreldrar barna vinni utan heimilis, oft langan vinnudag við mikið álag.
- Markaðsöfl af öllu tagi beinast í ríkum mæli að börnum og teygja sig inn á æ viðkvæmari svið. Sem dæmi má nefna markaðsvæðingu kynlífs. Ýmsu afþreyingarefni er haldið fast að börnum án þess að vitað sé hver áhrif það hefur. Foreldrar hafa miklu minni tök á því en áður var að skýla börnum sínum fyrir þessu. Mótunaröflin eru fleiri og koma úr fleiri áttum en áður var. Mál margra er að þau séu misholl, og að þau ýti börnum of snemma út í fullorðinshegðun sem þau hafa ekki þroska til að takast á við.
- Margir þykjast sjá að viðtekin siðferðisgildi séu að raskast í samfélaginu og að siðferðilegri tómhyggju sé að vaxa fiskur um hrygg.
- Margir þykjast skynja mikið agaleysi í samfélaginu í heild og minnkandi virðingu fyrir þeim skráðu og óskráðu reglum sem samfélagið hefur sett sér.
- Að undanförnu hefur aukin athygli beinst að ýmsum hættum sem steðja að börnum, annaðhvort fyrir það að þær séu nú útbreiddari/algengari en áður, eða hitt að þær hafi hingað til síður komið upp á yfirborðið. Hér má nefna átraskanir, einelti, fíkniefnaneyslu, kynferðislega misnotkun, ofbeldi og ofvirkni.
- Þó þeim hafi fækkað á undanförnum áratugum er mikið af mjög ungum og óþroskuðum foreldrum á Íslandi.

Rannsóknarniðurstöður styðja sumar eftirfarandi staðhæfinga. Aðrar eru algeng sjónarmið, án þess að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram á réttmæti þeirra.
- Ýmislegt bendir til að kynferðisleg misnotkun barna sé stórum útbreiddari en álitið hefur verið hingað til og nærri fari að fimmta hvert barn sem nær átján ára aldri verði fyrir henni. Staðreynd er að á fjögurra ára starfstíma Barnahúss hafa yfir 500 börn komið þar vegna gruns um kynferðislega misnotkun.
- Árið 2001 höfðu barnaverndarnefndir í landinu afskipti af 3.767 börnum, sem var 14% aukning milli ára. Að meðaltali bárust barnaverndarnefndum tilkynningar um ellefu börn hvern einasta dag ársins.
- Rannsóknir undanfarin ár sýna að stór hópur grunnskólanemenda, 5–10%, verður oft og reglulega fyrir einelti í skóla.
- 33% nemenda tíunda bekkjar grunnskóla á landinu öllu höfðu orðið ölvaðir einu sinni eða oftar áðurliðna þrjátíu daga vorið 2001. Þetta hlutfall hafði lækkað úr 37% frá árinu 1997.
- Tæpur þriðjungur barna í 5.–10. bekk grunnskóla í Reykjavík eða 31% kveðst í könnun „næstum aldrei“ tala um líðan sína við foreldra sína.
- Árið 1978 féllu 1,8% stráka á skólaaldri í flokk „offeitra“, en voru orðin 4,8% árið 1998. Samsvarandi hlutföll hjá stúlkum voru 1,0% og 2,6%. Ástæður þessarar þróunar eru raktar til hreyfingarleysis og breytingar á matarvenjum.
- Fjórða hvert barn, 0–14 ára, þarf að leita á slysadeild. 20–22 þúsund slys verða á börnum ár hvert. Slys á börnum eru tíðust á Íslandi í Norðurlandasamanburði. Hlutfallslega slasast helmingi fleiri börn á Íslandi en í Svíþjóð.

Heilsugæsla í skólum.

Heilsugæsla í skólum á sér langa sögu og hefur skilað miklu hvað varðar þekkingu á þroska og heilsufari barna, forvarnastarf og almenna heilsugæslu. Það er álit mjög margra, og nefndin er því fyrir sitt leyti sammála, að starf almennu heilsugæslunnar innan skólanna sé afar mikilvægt og að efling hennar sé einhver vænlegasti kosturinn sem býðst til að ástunda árangursríkt forvarnastarf á fjölmörgum sviðum gagnvart börnum og ungmennum. Margir hafa bent á að það skorti samræmingu í þjónustu við börn og ungmenni sem eiga við sálræn vandamál, geð-, atferlis- eða hegðunartruflanir að glíma. Skólaheilsugæsla, efld að mannafla og þekkingu, í liprum tengslum við sérhæfðar meðferðarstofnanir og efling meðferðar- eða íhlutunarþáttar sérfræðiþjónustu við skóla kann að vera ein besta lausnin á þeim vanda.

Markmið.

Að heilsugæsla í skólum sé öflug miðstöð í forvarnastarfi, heilbrigðisfræðslu og alhliða heilsugæslustarfi fyrir börn og ungmenni á öllum skólastigum.

Nefndin leggur til:

1. Að miðstöð heilsuverndar barna verði efld í hlutverki sínu í miðlægri skipulagningu og stefnumótun á heilsugæslu í skólum, tryggi samræmi í starfseminni og sinni faglegri ráðgjöf og þróunarstarfi.
2. Að heilsugæsla í skólum verði efld að mannafla og þekkingu.
3. Að heilsugæsla í skólum verði í auknum mæli þverfagleg teymisvinna á sviði sálrænnar, líkamlegrar og félagslegrar heilsu barna og ungmenna með skimun, forvörnum, greiningu, fræðslu, ráðgjöf, auknum úrræðum og meðferð.
4. Að heilsugæsla í skólum taki með skipulegum hætti til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Efla skal unglingamóttökur í framhaldsskólum og á heilsugæslustöðvum og víkka starfssvið þeirra.
5. Að fleiri fagstéttir tengist eða verði ráðnar í auknum mæli að heilsugæslustöðvum og taki þátt í teymisvinnu heilsugæslunnar úti í skólunum. Skýr verkaskipting sérfræðiþjónustu við skóla og teymisvinnu heilsugæslunnar þarf að vera fyrir hendi.
6. Að skólaheilsugæsluteymið sinni foreldrafræðslu eitt eða í samvinnu við aðra aðila.
7. Að verkaskipting skólaheilsugæslunnar, skólans og annarra stofnana verði skilgreind og sett fram í reglugerð. Sérstaklega verði skýrt hvert verði hlutverk lækna innan skólaheilsugæslunnar.

Greinargerð.

Heilsugæsla í skólum er skipulögð heilbrigðisþjónusta við skólanemendur frá upphafi leikskóla, þar sem hún tengist ungbarnaeftirliti, allt þar til framhaldsskóla lýkur. Ómissandi fyrir árangursríkt starf á þessum vettvangi er skýr verklýsing og að liðugt og náið samstarf sé bæði við aðra hluta heilsugæslunnar, sérhæfðar meðferðarstofnanir og stjórnendur og starfslið skólans. Nokkrar afar áhugaverðar tilraunir til nýbreytni í heilsugæslu í skólum og samstarfi hennar út á við að undanförnu hafa sýnt hverju öflug skólaheilsugæsla í frjóu samstarfi við aðra aðila getur fengið áorkað.

Það getur leitt til vissra erfiðleika að starfrækja „útibú“ heilbrigðisþjónustunnar innan veggja skólans. Verkaskipting milli skólans sem sinnir kennslu og heilsugæslunnar sem sinnir heilbrigðisþjónustu er ekki alltaf augljós, ekki síst þar sem heilsubrestir og ekki síður geð- og atferlisraskanir nemenda hafa oftast veruleg áhrif á forsendur þeirra til að tileinka sér námsefnið. Einkum varðandi þetta síðarnefnda hefur oft ríkt óvissa hvað sé hvers; hvort

skólinn eigi að sinna því með starfsliði sínu, m.a. sálfræðiþjónustu, hvenær og hvort vísa eigi úrlausn vandans frá skólanum til heilbrigðiskerfisins, eða til sveitarfélagsins sem barnaverndarmáli. Oft hefur þessi óvissa bitnað á viðkomandi börnum og aðstandendum þeirra þykir – oft með réttu – að sú hlið hennar sem að þeim snýr, sýni skort á samhæfingu kerfisins þar sem hver vísi á annan. Mikið væri fengið með því að samkomulag næðist um skýrari og skilvirkari verkaskiptingu í þessu efni.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur nú um nokkurt skeið haft til sérstakrar athugunar hvernig best sé að samhæfa störf allra þeirra aðila sem fást við málefni þeirra sem þjást af geðröskunum, sérstaklega barna og unglinga. Í því skyni var sérstakur verkefnisstjóri ráðinn sem hafði það hlutverk að stuðla að og gera beinar tillögur um hvernig koma má þjónustu við einstaklinga sem glíma við geðraskanir í einn farveg og bæta með því þjónustu við þá. Tillögur verkefnisstjórans eru nú til skoðunar og umfjöllunar í ráðuneytinu en í febrúar 2005 var efnt til fjölsóttrar ráðstefnu á vegum Barnaverndarstofu, BUGL, Miðstöðvar heilsuverndar barna og landlæknisembættisins um þessi mál.

Varðandi heilsugæsluna í skólum hefur eftirfarandi verið nefnt:

- Sums staðar er mannafli heilsugæslunnar takmarkaður og hverjum skólahjúkrunarfræðingi ætlað að sinna stórum hópi barna á skömmum viðverutíma og ný verkefni bætast við.
- Starfsaðstaða heilsugæslunnar í skólum er mjög misgóð, allt frá því að vera sérhönnuð vinnuherbergi ætluð eingöngu til þessara nota til þess að vera á hrakhólum innan skólans og deila vinnuaðstöðu með lítt skyldri starfsemi.
- Framkvæmd og viðfangsefni heilsugæslu í skólum eru mjög mismunandi eftir skólum, heilsugæsluumdæmum og starfsmönnum. Sums staðar, þar sem samstarf innan heilsugæslunnar og við skólann er lifandi, hefur skólaheilsugæslan starfað með mjög árangursríkum og jákvæðum hætti, sums staðar hefur verið bryddað upp á mjög áhugaverðum nýjungum.
- Annars staðar eru dæmi þess að heilsugæslan sé einangruð innan skólans, starfinu þar sé ekki sýndur nægur áhugi á viðkomandi heilsugæslustöð.
- Þá eru viðfangsefni heilsugæslu í skólum mismunandi og áherslur allt aðrar í einum skóla en öðrum. Þær ráðast af persónulegum áhugamálum viðkomandi starfsmanna eða staðbundnum kringumstæðum.
- Skipulögð heilsugæsla á sér yfirleitt ekki stað í framhaldsskólum, þar sem flestir eru þó samdóma um að hennar sé veruleg þörf, og aðeins að nokkru leyti á leikskólastigi þar sem hún hins vegar skarast við ungbarnaeftirlit heilsugæslunnar.
- Unglingamóttökur eru að hasla sér völl á heilsugæslustöðvum og ná þær til unglinga sem ekki stunda nám í framhaldsskólum auk þess sem þær höfða til framhaldsskólanema.

Í tillögunum hér að framan er gert ráð fyrir skýrari verkaskiptingu milli skóla og heilsugæslu þannig að skólans sé fyrst og fremst að fræða og mennta en heilbrigðisþjónustunnar í samvinnu við sérfræðiþjónustu skólanna, að koma í veg fyrir, finna, fást við og bæta vanlíðan og heilsubresti í víðum skilningi. Skipulögð samvinna og skýr verkaskipting þarf að vera milli þessara aðila. Að auki annist heilsugæsla í skólum enn veigameira leitar- og forvarnastarf en verið hefur og sinni markvissari foreldrafræðslu á öllum skólastigum, sbr. þar að lútandi markmið 3.

Það er álit nefndarinnar að skýrari verklýsing og samræming heilsugæslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum sé til mikilla bóta og dragi úr því sem foreldrar og aðstandendur oft upp-

lifa sem skort á samhæfingu kerfisins eða svonefnda „fragmenteringu" þjónustunnar. Tillögurnar beinast í þá átt að efla heilsugæslu í skólum mjög verulega þannig að hún verði burðarás faglegra forvarna og frumþjónustu heilsugæslunnar gagnvart börnum og unglingum.

Börn með geð- og atferlisraskanir.

Markmið og framkvæmd.

Vísbendingar eru um að sálræn vandamál meðal barna og ungmenna séu vaxandi og samfélagsþróunin að undanförnu ýti undir þá þróun. Það var mjög viðtekin skoðun meðal viðmælenda nefndarinnar að þessum vanda væri ekki mætt af nægri festu hérlendis, þó svo þeir væru ekki jafnsamdóma um hverju væri um að kenna og hvar bera skyldi niður til úrbóta. Má gera ráð fyrir að skýrari verkaskipting þjónustuþáttanna gæti skipt verulegu máli.

Markmið.

Að forvarnir, greining og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum verði aðgengilegar, skilvirkar og árangursríkar.

Nefndin leggur til:

1. Að samstarf heilbrigðis- , mennta- og félagsmálaráðuneytis um ráðstafanir í málefnum barna og ungmenna með vímuefnavanda, geð- og atferlisraskanir verði eflt og skerpt.
2. Að hlutverk hverrar einingar eða þreps geðheilbrigðisþjónustunnar – í víðum skilningi – sem snýr að börnum og ungmennum verði skýrt skilgreind.
3. Að heilsugæsla í skólum – aukin og efld með þeim hætti sem greinir í markmiði 4 – verði burðarás forvarna, heilsueflingar, leitar og grunnheilbrigðisþjónustu meðal barna og ungmenna.
4. Að íhuguð verði alvarlega aukin samhæfing í starfsemi Stuðla og BUGL, í ljósi þess að vandi barna og ungmenna sem þangað sækja er í langflestum tilvikum samsettur eða orðinn til við samspil ólíkra þátta. Þetta má gera m.a. með því að efla starfsemi samstarfsráðs um vanda barna og unglinga með geðraskanir, hegðunarvanda og vímuefnavanda, sem nú starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins.
5. Að börnum með geðraskanir verði tryggð kennsla í samræmi við þarfir og aðstæður.
6. Að afkastageta Barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss verði aukin, rýmum fyrir börn með geðræna sjúkdóma verði fjölgað þar og/eða víðar á landinu og stóraukin áhersla lögð á annars vegar göngudeildarþjónustu og langtímameðferð, hins vegar farþjónustu, ráðgjöf og faglegan stuðning deildarinnar við hina almennu heilsugæslu og aðrar stofnanir. Að flýtt verði eins og kostur er nýbyggingu BUGL við Dalbraut, en þar er áformað að fjölga rýmum, auka göngudeildarþjónustu og langtímameðferð, auk aukningar á annarri þjónustu deildarinnar.
7. Að sálfræðingar og annað fagfólk, sem er sérhæft í að greina og meðhöndla geð- og atferlisraskanir barna og unglinga, verði ráðið í auknum mæli til starfa á heilsugæslustöðvum, sbr. markmið 4, tillögu 5.
8. Að í námi uppeldisstétta og heilbrigðisstétta verði lögð aukin áhersla á að þekkja áhættuhegðun hjá börnum og ungmennum.
9. Að aðgengi barna og fjölskyldna þeirra að geðheilbrigðisþjónustu utan stofnana verði bætt, m.a. með eflingu heilsugæslunnar, ekki síst á landsbyggðinni.
10. Tryggja þarf langveikum börnum með geðraskanir sama rétt og fötluðum börnum er nú tryggður samkvæmt lögum um félagslega þjónustu.

Greinargerð.

Þörf fyrir – og eftirspurn eftir – geðheilbrigðisþjónustu til handa börnum og ungmennum, og þá væntanlega einnig tíðni geð- og atferlisraskana í þeim hópi, hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Það á við bæði á Íslandi og í nágrannalöndunum.

Skiptar skoðanir eru um ástæður þessa og margar nefndar til sögu. Þeirra á meðal er sú að geð- og atferlisraskanir barna hafi lengst af verið vangreindar og því algengari en haldið var. Önnur að aukið framboð á þjónustu auki eftirspurn eftir henni. Þriðja er að lífslíkur vanburða eða veikra barna hafi stóraukist. Enn ein er að ýmis óhollusta nútímalifnaðarhátta ýti undir geðraskanir og mótþróa hjá börnum og ungu fólki og er þá t.d. bent á hinn aukna hraða, upplausn í fjölskyldum, langan vinnudag foreldra, óhollt mataræði og lífsvenjur.

Því er haldið fram að samhliða þessari þróun hafi meðferð á geð- og atferlisröskunum fleygt fram og nú megi ráða bót á vanda af þessum toga fyrr og betur en unnt var til skamms tíma.

Ómeðhöndlaðar geð- og atferlisraskanir barna og ungmenna valda þeim og aðstandendum þeirra þjáningu og oft skaða. Þær koma ósjaldan illa niður á nánasta umhverfi og spilla fyrir öðrum. Þær auka álag í skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustukerfinu og draga til sín fjármuni og tíma á kostnað almennra notenda. Þá draga þær úr og jafnvel girða fyrir möguleika viðkomandi barna til lífsgleði, þroska og farsællar framtíðar.

Því fyrr sem geð- og atferlisröskun greinist og því fyrr sem brugðist er við henni með réttum aðferðum, því minna tjóni veldur hún í bráð og lengd.

Þeir sem nefndin hefur leitað til töldu fram ýmis vanhöld á þjónustu hérlendis við börn og ungmenni með sálrænan/félagslegan vanda, geð- og atferlisraskanir. Þar á meðal þessi:

- Fagleg þjónusta við börn með vanda af þessum toga og fjölskyldur þeirra er almennt talin ónóg í flestum greinum hér á landi og mun minni en í nágrannalöndunum. Það á við um þjónustu heilbrigðiskerfisins sem og mennta- og félagsþjónustukerfisins.
- Oft er því haldið fram að 20% barna og ungmenna þurfi á þjónustu vegna geðraskana að halda einhvern tíma áður en þau ná 18 ára aldri. Á Norðurlöndunum, þar sem heilbrigðiskerfin eru svipuð því íslenska, er álitið æskilegt að geðheilbrigðisþjónusta nái til um 2% barna í hverjum árgangi. Geðheilbrigðisþjónustan hér á landi nær ekki því marki. Meðferðarrými fyrir börn og ungmenni innan geðheilbrigðiskerfisins eru of fá, biðtími eftir þeim er enn of langur þó að unnið sé að úrbótum í þeim efnum.
- Geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni utan stofnana hefur ekki verið gefinn nægilegur gaumur og er hún misaðgengileg eftir búsetu.
- Innan grunnheilsugæslunnar starfa fáir sálfræðingar og félagsráðgjafar.
- Almennt eru heilsugæslustöðvarnar þess vanbúnar að veita börnum og ungmennum sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu þrátt fyrir að þeim berist nokkuð af erindum þar sem hún ætti við. Því verður forvitnilegt að fylgjast með reynslu tilraunaverkefnis sem fór af stað nú um miðjan janúar á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi. Gengur verkefnið út á það að meðferðarteymi skipað sálfræðingi, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa veiti geð- og sálfélagslega þjónustu vegna vanda barna og fjölskyldna þeirra.
- Sjúkratryggingar taka almennt ekki þátt í kostnaði við sálfræðilega ráðgjöf og meðferð utan stofnana. Það tíðkast æ meira að félagsmálastofnanir sveitarfélaga taki að sér að kosta lágmarksmeðferð hjá sálfræðingi fyrir skjólstæðinga sína sem ekki hafa ráð á slíku.
- Starfssvið sálfræðiþjónustu í skólum, sem á árum áður veitti nemendum grunnskóla sálfræðilega ráðgjöf og meðferð utan stofnana, hefur verið þrengt og að mestu fyrir þetta

tekið, með þeim rökum að slíkt eigi að vera viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar en ekki menntakerfisins.
- Nokkur sálfræðiþjónusta er veitt víða á leikskólastiginu, sums staðar allgóð, kostuð af viðkomandi sveitarfélagi, en yfirleitt engin á framhaldsskólastigi.
- Forvarnastarf á þessu sviði í þágu barna og ungmenna er á margra höndum. Mörg dæmi eru nefnd um ágætt faglegt starf í þeim efnum Og nauðsynlegt er að læra af þeim dæmum til að koma í veg fyrir átaksverkefni sem oft skila litlu.
- Að forvarnir, greining og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum verði aðgengilegar, skilvirkar og árangursríkar.

Fátækar barnafjölskyldur.

Markmið og framkvæmd.

Miklu skiptir að hið opinbera styðji af fremsta megni við börn sem búa við fátækt og fjölskyldur þeirra. Alþekkt er að fátækt hefur afar neikvæð áhrif á þroska barna, sjálfsmynd og framtíðarhorfur. Hún er oftast samfara og tengist mörgum öðrum þáttum í umhverfinu sem vitað er að hafa sams konar neikvæð áhrif. Ekki er hvað síst mikilvægt að reynt sé af fremsta megni að koma í veg fyrir að börn einangrist félagslega vegna efnahags foreldra eða umsjónarmanna, t.a.m. hvað varðar uppbyggilegt félagsstarf, íþróttir, listmenntir og menningarstarf.

Í þessu sambandi bendir nefndin á tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda frá fundi hennar 31. janúar 2003, sem m.a. varða úrbætur á högum efnalítilla barnafjölskyldna, einkum 15. liður fundargerðarinnar, 25. liður, 31. liður b og 33. liður a.

Markmið.

Að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við fátækar barnafjölskyldur sé skilvirkur, aðferðir við hann séu almenningi skiljanlegar og verkaskipting skýr milli þeirra sem að honum koma.

1. Nefndin leggur til að ríkisstjórnin skipi verkefnisstjórn til að vinna að og ná þessu markmiði í samvinnu við sveitarfélögin í landinu. Verkefnisstjórnin leggi fram tillögur um laga- og verklagsbreytingar í þessu skyni.
2. Nefndin leggur til að ætluð verði þrjú ár til að ná þessu markmiði.
3. Nefndin leggur til að verkefnisstjórnin taki eftirtaldar hugmyndir/tillögur til sérstakrar athugunar:
   - Að hugað verði að enn frekari niðurgreiðslu á þjónustu heilbrigðiskerfisins til handa börnum og þá sérstaklega börnum í erfiðum aðstæðum. Áhersla verði lögð á að aðgengi allra barna að heilsugæslu verði jafnt og óheft.
   - Að bótagreiðslur tryggi bótaþegum með börn á framfæri sínu lágmarkslífeyri í samræmi við þetta mat á hverjum tíma, að teknu tilliti til sjálfsaflafjár, skatta og félagslegra aðstæðna.
   - Að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi fjárhagslegan stuðning við barnafjölskyldur verði endurskoðuð, endurbætt og skýrð, þannig að hlutverk almanna- og atvinnuleysistrygginga sé að tryggja að tekjur hrökkvi fyrir lágmarksframfærslukostnaði til lengri tíma, en félagsþjónusta sveitarfélaga einbeiti sér að tímabundnum erfiðleikum barnafjölskyldna ásamt hæfandi og endurhæfandi aðgerðum.
   - Að bótakerfið verði einfaldað, þannig að almenningur skilji hvaða aðferðum er beitt og ábyrgðarmörk innan kerfisins og milli kerfisins og bótaþega verði skýrð.

- Að sveitarfélögin leiti leiða til að lækka gjöld fyrir skólaþjónustu, tómstundastarf og leikskólavist, a.m.k. fyrir börn frá efnaminni heimilum.
- Að hafin verði athugun á félagslegu arfgengi fátæktar og félagslegs vanmáttar, og í framhaldi hennar verði ýtt úr vör markvissum aðgerðum til þess að rjúfa þess háttar neikvæðar erfðir.
- Að kannaðir verði kostir þess að greiða foreldrum fæðingarorlof, sem þeir deili með sér fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns, með sameinuðu átaki ríkis og sveitarfélaga, en hin síðarnefndu leggi þá almennt ekki fé í uppbyggingu né rekstur leikskóla eða annarra vistunarúrræða fyrir börn yngri en tveggja ára nema í undantekningartilvikum. Þessi kostur er á ýmsan hátt orðinn nærtækari en verið hefur, í ljósi eftirtalinna atriða:
  - Fyrstu tvö æviárin eru ákaflega viðkvæm og mikilvæg í tengslamyndun og þroskaferli barnsins.
  - Umsjá og foreldraábyrgð deilist núorðið jafnar milli kynjanna en áður var.
  - Þroskagildi leikskólans kemur barni síður að notum á fyrstu tveimur æviárunum en eftir að tveggja ára aldrinum og ákveðnum félagsþroska er náð.
  - Daglegur dvalartími barna á stofnunum, fyrst leikskóla og síðan grunnskóla, hefur lengst verulega á undanförnum árum.
  - Fæðingarorlof er þegar orðið 9 mánuðir.
  - Vegna þess hve ríkar kröfur þarf að gera til mannahalds á leikskólum fyrir svo ung börn er rekstrarkostnaður hvers rýmis um 1 millj. kr. á ári, þar af greiða foreldrar um fjórðung. Þá er ótalinn stofnkostnaður.

Greinargerð.

Skilgreining og almenn lýsing.

Það er örðugt að skilgreina fátækt, ekki síst í velmegunarríki þar sem háar kröfur eru gerðar um neyslu og lífskjör. Enn flóknara er að afmarka með almennum hætti þann hóp barna sem býr við fátækt. Auðveldast er að miða fátækt við laka eignastöðu og lágar heimilistekjur. Heimilistekjur segja ekki alla sögu og alls ekki hvað börnin varðar. Háum tekjum má verja þannig að gengið sé á svig við þarfir barna. Einnig er augljóst að bág kjör og bjargarleysi geta að einhverju leyti verið sjálfskaparvíti foreldra, en þau bitna á börnum og undir engum kringumstæðum eru þannig aðstæður sök barnsins sjálfs sem við þær býr.

Fátækt getur haft alvarleg áhrif á börn, og geta þau áhrif varað alla þeirra ævi. Fátækt hefur allajafna neikvæð áhrif á þroskakosti þeirra, lífsgæði og sjálfsmynd í bernsku, og skerðir oft framtíðarmöguleika ævilangt. Þetta er hin almenna niðurstaða, þó vitaskuld sé auðvelt að benda á einstaklingsbundnar undantekningar.

Ótal rannsóknir sýna einnig svonefnt félagslegt arfgengi fátæktarinnar. Séu foreldrar fátækir eru auknar líkur á að börnin verði það einnig þegar þau fullorðnast og þannig koll af kolli. Á Íslandi hefur lengi ríkt talsverður jöfnuður, fyrst í efnaleysinu framan af síðustu öld, síðan í velmeguninni á síðari hluta hennar. Hér hefur til skamms tíma ekki farið mikið fyrir ættlægri og ósjálfráðri stéttskiptingu af því tagi sem t.d. er landlæg víða í Evrópulöndum og þykir hið versta þjóðfélagsmein. Þetta kann að ráða einhverju um að mönnum hættir til að vanmeta fátækt sem samfélagsvandamál hérlendis. Það er oft gert með skírskotun til þeirrar nægjusemi sem nauðsynleg var og lofsverð þótti í tíð elstu kynslóðanna sem lifa á Íslandi og litið svo á að afkoman hljóti, er allt kemur til alls, fyrst og fremst að ráðast af dugnaði einstaklinganna.

Það er að vissu leyti skiljanlegt vegna þess hve róttækar þjóðfélagsbreytingar hafa riðið hratt yfir Ísland, sem breytir ekki því að þær eru staðreynd og fátækt er ólík á Íslandi samtímans en hún var t.d. á kreppuárum síðustu aldar.

Hin svonefnda nýfátækt í velmegunarsamfélagi nútímans er ekki endilega sultur og seyra, kuldi og klæðleysi, heldur ræðst hún af viðmiði við kjör annarra. Þess vegna þykir raunsærra að slá máli á fjölda fátækra með því að afmarka einhvern tiltekinn hluta tekjuskalans, t.d. 50% af meðalfjölskyldutekjum í samfélagi, og kalla þá fátæka sem hafa minna fyrir sig að leggja.

Eitt af mörgu sem orðið er öðruvísi en áður var er að „allt kostar" núna. Svo algengt dæmi sé tekið er þátttaka í íþróttum ekki lengur að fara út á völl og sparka bolta. Til að vera hlutgengt í íþróttum þarf barn að eiga æfingabúning og skó af sérstöku merki, það þarf að greiða þátttökugjöld, fargjöld í keppnisferðir innan lands eða utan lands. Geti einhver ekki veitt sér þetta er hann ekki hlutgengur, eða finnst sjálfum að hann sé það ekki. Það er auðvelt að skilja þá sem benda á að þetta viðhorf sé rangt og öfugsnúið og það eigi ekki að taka mark á því, en veruleikinn er þessi. Allt kostar, það þarf mikið fé til að vera gjaldgengur í flestu því sem börn og unglingar gera og ætlast er til af þeim. Það fé hefur fátækasta fólkið ekki. Leikskóli kostar, skólamáltíðir kosta, tómstundastarf kostar, lyf kosta, heilsugæsla kostar og það eru börn fátækustu foreldranna sem bæði þurfa mest á þessu öllu að halda og eru líklegust til þess að þurfa að vera án þess.

Margir þeirra sem rætt var við í undirbúningi þessarar stefnumótunar nefndu að uppvaxtarskilyrði fátækra barna væru mikið áhyggjuefni, en það var augljóst að þeir áttu ekki einasta við heimilistekjur, heldur klasa af einkennum sem eru í föruneyti fátæktar, stundum orsakirnar sem liggja henni til grundvallar, stundum afleiðingarnar sem hún framkallar, stundum líðan barnanna, stundum framtíðarhorfur þeirra.

Hið sameiginlega var að þetta tengdist efnahag heimilanna sem þau komu frá og að allt þetta mundi færast til betri vegar, meira eða minna, í bili eða til frambúðar, með ráðstöfunum til að bæta fjárhagslega stöðu þeirra heimila sem lakast eru sett.

Tilvist fátæktar á Íslandi.

Lífskjör á Íslandi eru góð, sé miðað við önnur lönd í okkar heimshluta en engu að síður er til nokkur hópur fátæks fólks í landinu og í þeim hópi eru allmargar barnafjölskyldur.

Þegar verið er að mæla umfang fátæktar skiptir miklu hvaða mælikvarðar eru notaðir. Algengast er að mæla svonefnda hlutfallslega fátækt en þá teljast þeir fátækir sem hafa lægri ráðstöfunartekjur en gengur og gerist í þjóðfélaginu. Þannig má hugsa sér að skipta megi heimilum í 10 jafnfjölmenna hópa eftir tekjum. Síðan má t.a.m. ákveða að þeir sem lendi í tveimur tekjulægstu hópunum teljist fátækir. Þessi skilgreining hefur þann kost að auðvelt er að bera ástandið saman milli landa en þann ókost að tekjuskipting í þjóðfélaginu hefur áhrif á mælinguna algjörlega óháð þeim lífskjörum sem fólk í hinum ólíku hópum býr við. Á móti kemur að fátækt í velferðarþjóðfélögum er ekki sambærileg við það sem þekkist t.d. í þróunarlöndum þar sem fólk býr víða við algeran skort á lífsnauðsynjum. Fátækt á Íslandi snýst þannig ekki síst um möguleika fólks til að lifa góðu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu.

Áður en lengra er haldið er einnig rétt að geta þess, sérstaklega þegar verið er að bera saman fátækt og fátæktaraðstoð milli landa, að hér á landi hefur atvinnustig verið mun hærra en þekkist víðast annars staðar, t.d. í nágrannalöndum okkar. Meiri sveigjanleiki hefur einnig verið á vinnumarkaði. Þannig hefur fátækt oft og tíðum verið tímabundið vandamál hjá einstaklingum og fjölskyldum frekar en langvinnt ástand, t.d. vegna tímabundins atvinnuleysis.

Bótakerfið hefur að nokkru leyti tekið mið af þessum aðstæðum. Það er mikilvægt að stjórnvöld séu vakandi fyrir því ef aðstæður hér á landi eru að breytast með einhverjum þeim hætti sem kallar á endurskoðun almenna bótakerfisins, hvort heldur um er að ræða atvinnustigið eða aðra þá þætti sem hafa áhrif á efnalega stöðu og möguleika fólks.

Afleiðingar fátæktar og áhrif hennar á börn.

Það er ljóst að fátækt hefur margvísleg neikvæð áhrif á félagslegan, sálrænan og heilsufarslegan þroska barna og telst til örlagaríkustu áhættuþátta.

Þessara áhrifa tekur að gæta mjög snemma og munur sem fram kemur á þessum börnum og öðrum sem alast upp við betri efni fer vaxandi fram á unglingsár. Fátæk börn búa við minni örvun og ótryggari heimilishagi en önnur börn. Foreldrar þeirra eru af ýmsum ytri og innri ástæðum oft síður í stakk búnir til þess að veita þeim gott og uppbyggilegt atlæti.

Þá er vel þekkt að vandamál í skóla og námi er líklegra hjá börnum frá fátækum heimilum heldur en börnum frá efnaðri heimilum. Þau ástunda síður skipulagt tómstundastarf og menningarnám með skóla. Heilsufar þeirra er síðra og þau nýta heilbrigðisþjónustu og -forvarnir í minna mæli. Þá má slá því föstu að börn frá fátækum heimilum líða oftar en önnur af öryggisleysi, neikvæðri sjálfsmynd, andfélagslegri hegðun, félagslegri einangrun og stundum einelti. Þá fylgir það fátækt að auknar líkur eru til þess, að er fram í sækir stundi þessi börn skemur nám og lendi öðrum fremur í lágt launuðum og ótryggum störfum. Menntunarstig skiptir því meira máli sem samfélag er þróaðra. Í því samhengi er íhugunarefni hérlendis hversu fljótt dregur úr skólasókn. Aðeins 89% 16 ára ungmenna stunda skólanám. Þetta hlutfall hefur fallið í 70% við 18 ára aldur og 48% á tvítugasta aldursárinu. Að einhverju leyti má rekja þessi atriði í fari barnanna til fátæktarinnar í sjálfu sér, en einnig að einhverju leyti til annarra aðstæðna sem henni tengjast. Hinir fátæku foreldrar þeirra eru sjálfir oft tiltölulega lítið menntaðir, eru sjálfir í lágt launuðum, ótryggum störfum, eru oft veikir eða öryrkjar. Þeir eiga oftar en aðrir við þunglyndi, streitueinkenni og fíknir að stríða, eins og nýleg hérlend rannsókn á geðlyfjanotkun staðfestir og kunna af þessum ástæðum að vera „lakari" foreldrar og fyrirmyndir. Félagslegt öryggisnet þeirra er oft veikt. Það liggur í hlutarins eðli að oft eru þeir einir um framfærslubyrðina. Skilnaðir, fráföll og veikindi eru algengari í fjölskyldum fátækra barna en annarra.

Hér sem annars staðar verður að vara við alhæfingum, því hér er um almennar hneigðir og tölfræðilegt fylgnisamband að ræða í stórum hópum og því verður ekki ályktað út frá þeim um einstaklinga.

Bótakerfið.

Í velferðarríkjum er leitast á kerfisbundinn hátt við að aðstoða fólk sem hefur ráðstöfunartekjur undir skilgreindum fátæktarmörkum. Sköpuð hafa verið bótakerfi sem eiga að koma til við tilteknar örðugar aðstæður; atvinnuleysisbætur, örorkulífeyrir, sjúkradagpeningar og mæðra-/feðralaun, og þeim er ætlað að tryggja viðunandi afkomu, þ.e. að viðkomandi geti, þrátt fyrir aðstæður sínar veitt sér nauðsynjar í bráð og lengd, ekki síst ef þeir hafa börn á framfæri. Til grundvallar er þá lagður útreikningur eða mat á mánaðarlegum framfærslukostnaði einstaklings og fjölskyldna á hverjum tíma og reynt að tryggja að bætur og aðrar heimilistekjur nái að minnsta kosti lágmarksframfærslukostnaði. Þar sem þessi kerfi eru meginaðkoma hins opinbera að vanda fátækra foreldra og barna þeirra, verður sjónum einkum beint að þeim í eftirfarandi.

Það var nokkuð samdóma álit þeirra viðmælenda sem leitað var til að bótakerfin þjónuðu ekki hlutverki sínu sem skyldi í þessu efni. Flest fátækt barnafólk nyti vissulega bóta af hálfu

hins opinbera, en bæturnar væru svo naumt skornar að þær hrykkju ekki fyrir lágmarksframfærslukostnaði, þaðan af síður væru þær til þess fallnar að koma þessu fólki úr fátækt sinni heldur hefðu þvert á móti tilhneigingu til að njörva fólk fast í henni. Margar skýringar voru færðar fram, sumar studdar rannsóknarniðurstöðum og athugunum á upphæðum bóta og samanburði þeirra við raunverulegan framfærslukostnað. Myndin sem dregin var upp var sú að velferðarkerfið væri að vísu virkt að því leyti að það tæki til þess barnafólks sem er aðstoðar þurfi, en dygði samt oft ekki til að bæta úr brýnustu þörfum þess. Helsta skýringin var hve umfang velferðarkerfisins er lítið. Sú staðreynd að velferðarkerfið er lítið er í sjálfu sér gleðileg, en þá og því aðeins, ef hún endurspeglar hlutfallslega litla þörf fyrir aðstoð miðað við það sem gerist víða annars staðar.

Nánar tiltekið virðast helstu agnúar bótakerfisins gagnvart barnafólki felast í eftirtöldu:

- Opinberlega skilgreind lágmarkstekjuviðmið til framfærslu, þ.e. tekjur þær sem samkvæmt verðlagskönnunum eru taldar nauðsynlegar lágmarkstekjur fjölskyldu til framfærslu sinnar, eru lág.
- Bætur hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) til barnafólks með tekjur sem eru jafnvel undir þessum lágmarkstekjuviðmiðum duga ekki til að það nái þeim og í sumum tilvikum skortir mikið á.
- Skatta-/bótakerfið er afar flókið og virkni þess er stundum mótsagnakennd. Hækkun einna bóta leiðir stundum til óviljandi lækkunar annarra. Þetta leiðir með öðru oft og tíðum til þess að fátækt fólk situr fast í svonefndri fátæktargildru. Bótaþegar kvarta yfir að þeim sé fyrirmunað að skilja aðferðafræði og útreikninga bóta.
- Verkaskipting ríkis (almannatrygginga) og sveitarfélaga (félagsþjónustu) er óljós. Hinar naumt skornu bótaupphæðir valda því að bæði kerfin eru að fást við brýnasta framfærsluvanda skjólstæðinga sinna og fleyta þeim áfram frá degi til dags. Þar af leiðir að sveitarfélögin hafa ekki svigrúm til eða vanrækja að beita sveigjanlegri fjárhagsaðstoð í því skyni að skjólstæðingar þeirra komist endanlega úr fátæktinni nema í litlum mæli. Hæfingar- og endurhæfingarsjónarmiða er því ekki nóg gætt. Þar sem það þó er reynt, t.d. með námsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík, gefur það eðlilega allgóða raun. Endanleg ábyrgð á opinberri fjárhagslegri aðstoð við fátækt barnafólk er í reynd í besta falli óljós.
- Ýmis þjónusta við börn, sem börnum fátækra foreldra er oft og tíðum mun brýnni en öðrum börnum, er dýr. Þetta á við um gjöld fyrir leikskóla, skólatengda þjónustu, tómstundastarf, námskeið af ýmsu tagi, lyf og heilbrigðisþjónustu. Rökstuddar vísbendingar eru um að einmitt börn frá fátækum heimilum nýti þessa þjónustu síður en önnur af því efni leyfa það ekki.

Með hliðsjón af framansögðu virðist sem hið opinbera tilfærslu- og stuðningskerfi við fátækar barnafjölskyldur virki ekki eins og til er ætlast, jafnvel að það festi fjölskyldur í fátækt í stað þess að losa þær úr henni. Mjög mörgum viðmælenda bar saman um að verulegra breytinga væri þörf á kerfinu; sumir nefndu fyrst og fremst breytingar á upphæðum bóta, aðrir róttæka uppstokkun kerfisins.

Börn útlendinga og hælisleitenda.

Markmið og framkvæmd.

Börnum af erlendum uppruna hérlendis hefur fjölgað ört undanfarin ár. Samtímis því sem þeim mannauði sem íslenska samfélaginu berst með þessum hætti er almennt fagnað, hafa margir áhyggjur af því að hluti þessara barna hafi hvorki trausta fótfestu í íslenskri tungu né menningu. Með þessu er samfélaginu, ekki síst skólum, búinn vandi, sem að vísu virðist

fullur vilji til að leysa vel, en óneitanlega er reynslan og þekkingin sem það býr yfir í því skyni fátækleg. Margir hafa áhyggjur af líðan þessara barna og einnig framtíðarmöguleikum þeirra í hinu íslenska samfélagi, ekki síst þeim hópi sem ekki á trausta fótfestu í nokkurri tungu né menningu.

Þá þykir sú staða sem börnum hælisleitenda er búin ekki vera sæmandi.

Í þessu sambandi bendir nefndin á tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda frá fundi hennar 31. janúar 2003 sem varða börn af erlendu bergi brotin á Íslandi, einkum 23. lið a–d og 37. lið í fundargerðinni.

Markmið.

Að börn af erlendum uppruna sem alast upp á Íslandi hljóti nauðsynlegan stuðning af hálfu opinberra aðila til að aðlagast íslensku samfélagi og eignast fulla aðild að því í hvívetna.

Nefndin leggur til:

1. Að starf á vegum menntamálaráðuneytisins sem snýr að fræðslu fyrir fólk af erlendum uppruna í landinu verði eflt að fé og mannafla í því skyni að til verði á einum stað heildaryfirsýn yfir þjónustu í skólum á öllum skólastigum, þar á meðal og ekki síst í framhaldsskólum, við börn af erlendum uppruna og þekkingarforði um aðferðir við kennslu og aðlögun. Sérstök áhersla verði lögð á að veita íslenskukennslu við hæfi.
2. Áhersla verði lögð á að tryggja að fólk af erlendum uppruna taki þátt í starfi sem tengist börnum þeirra og sæki fundi sem þau varða, s.s. foreldraviðtöl í leikskólum og grunnskólum.
3. Að almenn fræðsla um fjölmenningu verði efld stórlega og sérstaklega í öllu kennaranámi. Þá verði fræðsla og fræðsluefni um fjölmenningu gert aðgengilegt fyrir starfsmenn opinberra stofnana og atvinnufyrirtækja.
4. Að framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði beitt til þess að hvetja sveitarfélög til að koma á sérstakri kennslu fyrir nemendur sem hafa ekki traust vald á neinni tungu og eftir atvikum öðrum aðgerðum til að tryggja gengi þessara nemenda í skóla og koma í veg fyrir ótímabært brottfall þeirra úr námi.
5. Að túlkaþjónusta verði tryggð þegar hennar er þörf í mikilvægum samskiptum aðstandenda og/eða barna við opinberar stofnanir sem lúta að velferðarmálum einstakra barna og að réttur til túlkaþjónustu verði vel kynntur.
6. Að þegar verði hafinn undirbúningur að móttöku hælisleitenda á barnsaldri sem koma til landsins án fylgdar fullorðinna aðstandenda.

Greinargerð.

Í árslok 2001 voru 9.850 erlendir ríkisborgarar skráðir hérlendis, samanborið við 4.807 á sama tíma árið 1995. Aukning milli áranna 2000 og 2001 nam 11,6%. Í þessum hópi voru um 1.500 börn og ungmenni. Fjöldi erlendra ríkisborgara hérlendis svaraði þá til 3,4% heildaríbúafjöldans, en í einstökum landshlutum fór þetta hlutfall hæst í 6,1%. Til samanburðar má geta þess að sama hlutfall var 5,4% í Svíþjóð og 4,1% í Noregi.

Alls voru gefin út 6.515 dvalarleyfi til handa erlendum ríkisborgurum árið 2001 og höfðu aldrei verið fleiri. Hlutfall dvalarleyfa án atvinnuþátttöku hefur farið ört hækkandi að undanförnu; fjölgun þeirra nam 14,3% milli áranna 2000 og 2001. Að undanförnu hefur bæði fjöldi og fjölgun erlendra ríkisborgara frá Austur-Evrópu verið mest. Þá má geta þess að á árabilinu 1990–2001 voru 2.248 erlendum ríkisborgurum veitt íslensk ríkisborgararéttindi. Fjöldi barna af erlendu bergi í grunnskólum Reykjavíkur einum dugir til að fylla heilan

grunnskóla af venjubundinni stærð. Fjölgun þessara barna hefur verið dæmalaust ör og þó hægt hafi á henni nú upp á síðkastið er hún eftir sem áður afar mikil. Í nýlegri könnun sem unnin var af Fjölmenningarsetrinu sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytis er varpað ljósi á stöðu fjölskyldna af erlendu bergi sem búa hér á landi. Þar kemur fram að um 70% innflytjenda sem könnunin tók til eiga börn. Þar má jafnframt sjá að innan við helmingur foreldra (44%) sem eiga börn í leikskólum sögðust alltaf mæta í foreldraviðtöl hjá börnum sínum, 32% stundum og 24% mættu aldrei. Af þeim 33 þátttakendum sem ekki mættu í foreldraviðtöl í leikskólanum sögðu 28% það vera vegna tungumálaerfiðleika. Fjórir af þeim átta sem báru við tungumálaerfiðleikum höfðu notað túlk og aðeins einn þeirra þekkti ekki rétt sinn á aðstoð túlks.

Foreldrar sem áttu börn í grunnskóla sögðust í 69% tilvika alltaf mæta í foreldraviðtöl hjá börnum sínum, um það bil 20% mættu stundum og 11% mættu aldrei. Af þeim sem aldrei mættu í foreldraviðtöl báru 30% einstaklingar tungumálaerfiðleikum við, þrír af þeim höfðu notað túlk en tveir vissu ekki að þeir áttu rétt á aðstoð túlks.

Varðandi tungumálakunnáttu innflytjenda kemur fram í umræddri könnun að 70% svarenda töluðu alltaf móðurmál sitt við börn sín. Um 34% höfðu mjög eða frekar góðan skilning á íslensku og 23% höfðu frekar slæman eða mjög slæman skilning á íslensku. Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig þeim gengi að tjá sig á íslensku, voru einungis 4% sem töldu sig geta tjáð sig vel á íslensku og 25% sem töldu sig geta tjáð sig frekar vel á móti 19% sem töldu sig geta tjáð sig frekar illa og 9% gátu tjáð sig mjög illa. Hjá 46% svarenda hafði kennarinn á síðasta íslenskunámskeiði talað ensku í kennslunni. Sú athyglisverða niðurstaða kom fram að mikill meiri hluti svarenda eða 92% höfðu áhuga á að læra íslensku eða vildu læra hana betur.

Til landsins leitar vaxandi fjöldi hælisleitenda. Mörgum þeirra er snúið jafnskjótt á braut, en nokkrir dvelja í landinu um hríð meðan þeir bíða ákvörðunar stjórnvalda.

Í febrúar 2004 var gerður samningur við Reykjanesbæ um að annast hælisleitendur á biðtíma. Þyki fyrirséð að barnafjölskyldur dvelji á landinu lengur en fjórar vikur er reynt að tryggja börnunum þá þjónustu sem þau þurfa, s.s. skólagöngu í leik- eða grunnskóla. Þótt ljóst sé að þónokkur hluti erlendra ríkisborgara sem fá dvalarleyfi á Íslandi hyggi ekki á varanlega búsetu hérlendis heldur fyrst og fremst tímabundna atvinnu, fjölgar fólki af erlendum uppruna stöðugt og ört í landinu. Til skamms tíma var íslenska samfélagið afar einsleitt og reynsla Íslendinga af sambúð við aðra menningarhópa er mjög takmörkuð. Aðlögun barna af erlendum uppruna að samfélaginu og framtíðarmöguleikar þeirra í því eru mörgum áhyggjuefni, og þá þessi helst:

- Á undanförnum árum hefur verið mikil umframeftirspurn eftir vinnuafli í einstökum atvinnugreinum og í einstökum landshlutum. Aðkomufólk hefur því þótt nauðsynleg og kærkomin viðbót á vinnumarkaðinum. Margir lýsa áhyggjum af því að viðhorf til þessa fólks og viðmót í þess garð kunni að breytast og verða neikvæðara jafnskjótt og þrengist um á íslenskum vinnumarkaði.
- Sterkar líkur eru á að hælisleitendum muni enn fjölga á næstunni og ætla má að hér komi til þess sama og algengt er í Evrópulöndum, að börn og ungmenni leiti hér hælis án þess að vera í fylgd neinna fullorðinna forsjáraðila.
- Íslenska skólakerfið er á ýmsan hátt vanbúið undir að veita þá fjölmenningarlegu kennslu sem aðstæður krefjast.
- Tengslum skóla við erlenda foreldra skólabarna þykir víða áfátt. Þar veldur menningarlegur mismunur og tungumálaerfiðleikar sem hamla því að upplýsingar berist á milli heimilis og skóla.

- Staða barna, sem hafa ekki traust vald á neinu tungumáli og eru ekki rótföst í neinum einum menningarheimi, þykir sérlega erfið og varasöm í skólakerfinu. Brottfall þessa hóps úr skóla og lítil þátttaka í framhaldsnámi þykja uggvænleg.
- Félagsleg einangrun barna og unglinga af erlendum uppruna er talið verulegt en oft falið vandamál. Hitt dylst síður að dæmi eru um hópamyndanir meðal unglinga eftir uppruna og spennu, jafnvel átök, milli slíkra hópa.
- Hætta er á því að börn af erlendum uppruna njóti ekki samúðar vegna erfiðra aðstæðna.
- Í vaxandi mæli berast til barnaverndaryfirvalda vandamál barna sem eru að hálfu eða öllu leyti af erlendum uppruna. Að baki virðast oft liggja hin erfiðu umskipti aðstandendanna yfir í íslenskt umhverfi og árekstur mismunandi menningarheima eða siðvenja, líkt og alþekkt er frá nágrannalöndunum.

Starfsfólk þeirra stofnana sem veita börnum útlendinga þjónustu þurfa að hafa gott aðgengi að endur- og símenntun þannig að tryggt verði, eins og nokkur kostur er, að ávallt verði fyrirmyndarþjónusta í boði.

Viðmót við börn.

Markmið og framkvæmd.

Nefndin hefur í starfi sínu meðal annars leitað til barna og ungmenna varðandi efni í stefnu um þau sjálf. Hjá þeim komu fram ýmis atriði sem falla undir framangreind markmið. En þar komu einnig fram atriði sem nefndin hafði ekki hugleitt, enda haldin eðlislægri skammsýni fullorðins fólks. Eitt þeirra var oft orðað á þessa leið: „Strætisvagnabílstjórar, sundlaugarverðir og gangaverðir eiga að vera kurteisir við börn. Sérstaklega eiga strætisvagnabílstjórar ekki að keyra burt rétt áður en barn sem kemur á harðahlaupum nær vagninum.“ Í sjálfu sér er þetta skýrt og skilmerkilegt, en þessi nefnd er, líkt öðrum nefndum, merkileg með sig og hefur vissa tilhneigingu til þess að umorða skýra og skilmerkilega hluti. Hún setur því eftirfarandi markmið fram en vill líka benda á tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda frá fundi hennar 31. janúar 2003, varðandi fræðslu um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. 19. lið.

Markmið.

Að fullorðið fólk sýni börnum og ungmennum ævinlega fulla kurteisi, virði þau sem einstaklinga og leitist við að setja sig inn í sjónarmið og aðstæður þeirra.

1. Nefndin leggur til að vinnuveitendur, þar á meðal opinberir, leggi áherslu á ofangreint markmið við starfsfólk sitt, einkum það sem á einhvern hátt starfar með börnum.
2. Nefndin leggur til að vinnuveitendur og stjórnendur starfsfólks sem á einhvern hátt starfar með börnum tryggi því fræðslu um og tilsögn í efni barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að og allur landslýður er skuldbundinn að virða.

Fylgiskjal I.

Viðmælendur og ráðunautar.

1. Anna Björg Aradóttir, landlæknisembættið.
2. Anna Lísa Ingólfsdóttir, grunnskólanemi.
3. Anna Marit Nielsdóttir, Félagssvið Akureyrarbæjar, ráðgjafardeild.
4. Anna Kristín Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
5. Anna S. Örlygsdóttir, Barnaverndarstofa Reykjavíkur.

6. Arnór Hillers, grunnskólanemi.
7. Arthur Morthens, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
8. Auður Stefánsdóttir, skólastjóri Reykjavík.
9. Ágústa Sigurðardóttir, Barnaverndarstofa Reykjavíkur.
10. Árni Magnússon, skólastjóri Reykjavík.
11. Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Reykjavík.
12. Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Reykjavík.
13. Ásgeir Haraldsson, Landspítali – háskólasjúkrahús.
14. Ásgrímur Einarsson, grunnskólanemi.
15. Bergur Felixson, framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur.
16. Birna Sigurjónsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
17. Bjarney Friðriksdóttir, Alþjóðahús.
18. Bryndís Guðmundsdóttir, Barnaverndarstofa.
19. Brynhildur Sigurðardóttir, kennari.
20. Daníel Gunnarsson, skólastjóri Reykjavík.
21. Drífa Pálsdóttir, dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
22. Dögg Káradóttir, Umhyggja.
23. Edda Ólafsdóttir, Félagsþjónustan í Reykjavík.
24. Eiríkur Örn Arnarson, Landspítali/Háskólasjúkrahús.
25. Eiríkur B. Björgvinsson, Félagssvið Akureyrarbæjar, íþrótta- og tómstundasvið.
26. Einar Sveinbjörnsson, umhverfisráðuneyti.
27. Erlingur Jóhannsson, Kennaraháskóli Íslands.
28. Fanney Gunnarsdóttir, skólastjóri Reykjavík.
29. Frank Friðrik Friðriksson, Vinnumálastofnun.
30. Friðbjörg Ingimarsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
31. Garðar Sverrisson, Öryrkjabandalag Íslands.
32. Geir Gunnlaugsson, Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík.
33. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri í Reykjavík.
34. Guðbjörg Björnsdóttir, Barnaheill.
35. Guðbjörg Þórisdóttir, skólastjóri Reykjavík.
36. Guðmundur Heimisson, grunnskólanemi.
37. Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Reykjavík.
38. Guðmundur Þór Ásmundsson, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
39. Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjóri Reykjavík.
40. Guðrún Kristinsdóttir, Kennaraháskóli Íslands.
41. Guðrún Pétursdóttir, Alþjóðahús.
42. Guðni Olgeirsson, menntamálaráðuneyti.
43. Gunnar Gíslason, Félagssvið Akureyrarbæjar, Skóladeild.
44. Gunnar Haraldsson, forsætisráðuneyti.
45. Halldór Hauksson, Stuðlar.
46. Halldóra Gunnarsdóttir, Barnaverndarstofa Reykjavíkur.
47. Hallgrímur Guðmundsson, fjármálaráðuneyti.
48. Haraldur Finnsson, skólastjóri Reykjavík.
49. Harpa Njáls, Borgarfræðasetur.
50. Helga Einarsdóttir, Barnaverndarstofa Reykjavíkur.
51. Helga Halldórsdóttir, Rauði kross Íslands.
52. Helgi Árnason, skólastjóri Reykjavík.
53. Helgi Grímsson, skólastjóri Reykjavík.
54. Herdis Storgaard, Árvekni.
55. Hervör Alma Árnadóttir, Félagsþjónustan í Reykjavík.
56. Hrefna Ólafsdóttir, BUGL.
57. Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Reykjavík.
58. Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Reykjavík.
59. Hugó Þórisson, sálfræðingur.
60. Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ráðgjöf og greining.
61. Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Heilsugæslustöðin Sólvangi, Hafnarfirði.
62. Ingibjörg Broddadóttir, félagsmálaráðuneyti.
63. Ingibjörg Georgsdóttir, Tryggingastofnun ríkisins.

64. Ingibjörg Markúsdóttir, Stuðlar.
65. Íris Gísladóttir, grunnskólanemi.
66. Ingibjörg Pálmadóttir, Velferðarsjóður barna.
67. Jakob Bragi Haraldsson, skólastjóri Reykjavík.
68. Jóhanna Sigurðardóttir, Alþingi.
69. Jón Jónsson, Samband ísl. sveitarfélaga.
70. Jón Sigfússon, Ráðgjöf og greining.
71. Jón Sæmundur Sigurjónsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
72. Jónína Bjartmarz, Heimili og skóli.
73. Júlíus K. Björnsson, Námsmatsstofnun.
74. Júlíus Sigurpálsson, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
75. Karólína Stefánsdóttir, Heilsugæslustöðin á Akureyri.
76. Kolbrún Halldórsdóttir, Alþingi.
77. Kristbjörg Hjaltadóttir, Heimili og skóli.
78. Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólastjóri Reykjavík.
79. Kristinn Karlsson, Hagstofa Íslands.
80. Kristín A. Árnadóttir, Ráðhús Reykjavíkur.
81. Kristín Jónasdóttir, Barnaheill.
82. Kristín G. Andrésdóttir, skólastjóri Reykjavík.
83. Kristín Sveindóttir, grunnskólanemi.
84. Kristjana M. Kristjánsdóttir, skólastjóri Reykjavík.
85. Laufey Steingrímsdóttir, Manneldisráð Íslands.
86. Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri í Reykjavík.
87. Líney R.Halldórsdóttir, menntamálaráðuneyti.
88. Margrét Ólafsdóttir, Heilsugæslustöðin á Akureyri.
89. Margrét Kristjánsdóttir, Heilsugæslustöðin á Akureyri.
90. María Þorgeirsdóttir, Barnaverndarstofa Reykjavíkur.
91. Olga Jónsdóttir, Félagsþjónustan í Reykjavík.
92. Ólafur Guðmundsson, BUGL.
93. Ólafur Gísli Jónsson, Árvekni.
94. Ólafur H. Oddsson, héraðslæknisembætti N.e.
95. Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR, Reykjavík.
96. Ómar H. Kristmundsson, Barnaverndarstofa.
97. Óskar Einarsson, skólastjóri Reykjavík.
98. Pétur Orri Þórðarson, skólastjóri Reykjavík.
99. Páll Tryggvason, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
100. Ragna Marinósdóttir, Umhyggja.
101. Ragna Ólafsdóttir, skólastjóri Reykjavík.
102. Ragnhildur Eik Árnadóttir, grunnskólanemi.
103. Rannveig Guðmundsdóttir, Alþingi.
104. Regína Ásvaldsdóttir, Ráðhús Reykjavíkur.
105. Róbert Ragnarsson, Embætti umboðsmanns barna.
106. Runólfur Birgisson, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
107. Rúnar Vilhjálmsson, Háskóli Íslands.
108. Sigríður Haraldsdóttir, landlæknisembættið.
109. Sigríður Jónsdóttir, Félagsþjónustan í Reykjavík.
110. Sigrún Aðalbjarnardóttir, Háskóli Íslands.
111. Sigrún Árnadóttir, Rauði kross Íslands.
112. Sigrún Júlíusdóttir, Háskóli Íslands.
113. Sigurður Guðmundsson, landlæknir.
114. Sigurður Halldórsson, Heilsugæslustöðin Kópaskeri.
115. Sigurjón Fjeldsted, skólastjóri Reykjavík.
116. Sólveig Ásgrímsdóttir, Stuðlar.
117. Stefán Ólafsson, Háskóli Íslands.
118. Sven Bremberg. Börnekommissionen, Stokkhólmi.
119. Thuy Ngo, Alþjóðahús.
120. Trausti Þorsteinsson, Háskólinn á Akureyri.
121. Valgerður Magnúsdóttir, Fjölskylduráð.

122. Valgerður Selma Guðnadóttir, skólastjóri Reykjavík.
123. Valgerður Rúnarsdóttir, SÁÁ.
124. Vilborg H. Júlíusdóttir, Tryggingastofnun ríkisins.
125. Yngvi Hagalínsson, skólastjóri Reykjavík.
126. Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Reykjavík.
127. Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Reykjavík.
128. Þóra Kemp, Félagsþjónustan í Reykjavík.
129. Þórður Kristjánsson, skólastjóri Reykjavík.
130. Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna.
131. Þórunn Ólafsdóttir, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Fylgiskjal II.

Nokkrar helstu heimildir.

1. Abrahamson, P.: Quo vadis? Den nordiske velfærdsmodels fremtid. Nordisk Sosialt Arbeid. Nr. 1, 2002.
2. Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. Menntamálaráðuneytið, 1999.
3. Aðalnámskrá leikskóla. Menntamálaráðuneytið, 1999.
4. Aktuelle Themen aus der Kinderschutzarbeit 1996–1999. Kinderschutz-Zentrum Kiel. (Án ártals.)
5. Árbók Reykjavíkur. Þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkurborgar, 2001.
6. Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2000. Barnaverndarstofa 2001.
7. Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2001. Barnaverndarstofa 2002.
8. Åtgärder för att stärka barnkompetensen inom hälso- och sjukvården. Rapport från arbetsgruppen 2001-04-10.
9. Barn har rett. Norges første rapport til FN om konvensjonen om barnets rettigheter. Barne- og familiedepartementet, 1993.
10. Barnavernd á Íslandi. Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995–1999 og barnaverndarnefnda á Íslandi árin 1996–1999. Barnaverndarstofa, Reykjavík. 2000.
11. Barn og ungdoms levekår i Norden – Sociale indikatorer på börns levekår. Nordisk ministerråd. TemaNord 1999:563.
12. Barnaverndarlög 80/2002.
13. Barnets bästa i vår samtid. Ett diskussionsunderlag kring begreppet – barnets bästa i ett nordiskt perspektiv. Börnerådet DK, Umboðsmaður barna IS, Barneombudet N, Barnombudsmannen S. (Án ártals.)
14. Bragi Guðbrandsson. Börn og alþjóðasamstarf. Erindi á málþingi um rétt barna til verndar, 30. apr. 2002. Heimasíða Barnaverndarstofu. www.bvs.is.
15. BUGL Barna- og unglingageðdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss. 1970–2000. Yfirlit yfir 30 ára sögu og þróun á fimm ára tímabili (1995-1999), des. 2000.
16. Börn af erlendum uppruna. Ritröð Barnaheilla 5.
17. Börn og ungmenni með geðræn vandamál – Þjónusta utan sjúkrastofnana. Skýrsla starfshóps Landlæknis, maí 2000.
18. Börnin í borginni. Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla: Könnun meðal nemenda í 5.–10. bekk grunnskóla í Reykjavík vorið 2001. Rannsóknir og greining ehf.
19. Child Health Indicators of Life and Development. Report to the European Commission. September 2002.
20. Child Protection. Messages from Research. Studies in Child Protection. HMSO 1995.
21. Children´s Rights. A Second Chance. Save the Children, 2001.
22. Children´s Rights: Equal Rights? Save the Children, 2000.
23. Children´s Rights: Reality or Rhetoric? Save the Children, 1999.
24. Committee on the Rights of the Child. 32nd Session, 31. January 2003. (Unedited version.)
25. Council of Europe: The Council of Europe´s Activities in Favour of Children. Strasbourg, June 1998.
26. Eiríkur Örn Arnarson. Hugur og heilsa. Erindi á ráðstefnu á vegum heilsueflingar í skólum, des. 2002.
27. Eríkur Örn Arnarson: Þunglyndi meðal ungmenna og fyrirbyggjandi aðgerðir. Geðvernd. 1. tbl. 30. árg. 2001.
28. „Fátækt á eftir að aukast" Viðtal við próf. Stefán Ólafsson. Fréttablaðið 11. jan. 2003.
29. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga: Stefna og hlutverk skólahjúkrunarfræðinga innan félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. 2000.

30. Félagsþjónustan í Reykjavík: Barnavernd í Reykjavík. Könnun á vinnu með 6–12 ára börnum í barnaverndarmálum. 2000.
31. Félagsþjónustan í Reykjavík: Fjölskylduráðgjöf á vegum Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Könnun meðal notenda og tilvísunaraðila. 2001.
32. Félagsþjónustan í Reykjavík: Langtímanotendur fjárhagsaðstoðar Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Könnun á viðhorfum notenda til þjónustunnar almennt, vinnu ráðgjafans og hugmyndum notenda um bætta ráðgjöf. Maí 2000.
33. Félagsþjónustan í Reykjavík: Mennt er máttur. Könnun á námsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Miðgarðs. Sept. 2001.
34. „Fimmta hver stúlka misnotuð og tíundi hver drengur." Viðtal við Hrefnu Ólafsdóttur í Mbl. okt. 2002.
35. Fjölmenningarstefna. Stefna Reykjavíkurborgar. 2001.
36. Fjölskylduráð: Könnun Fjölskylduráðs á viðhorfum íslenskra sveitarfélaga til málefna fjölskyldunnar. Félagsmálaráðuneytið, maí 2001:4.
37. Fjölskylduráð: Samantekt Fjölskylduráðs um málefni fjölskyldunnar. Félagsmálaráðuneytið, maí 2001:3.
38. *Foreldrasamningar Heimilis og skóla og gögn um þá.*
39. Fréttabréf Alþjóðahúss.
40. Harpa Njáls. Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar. Borgarfræðasetur/Háskólaútgáfan. Reykjavík 2003.
41. Harpa Njáls. Aðstæður fátækra á Íslandi í lok 20. aldar. MA-verkefni við H.Í. 2002.
42. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Nóv. 2000.
43. Heilsugæsla í grunnskóla. Helstu áhersluþættir. Drög nóv. 2000.
44. Hildur Einarsdóttir. Brestir í velferðarkefinu. Mbl. 26. jan. 2003.
45. Holdafar Íslendinga. Heimasíða Manneldisráðs Íslands. www.manneldi.is.
46. Hækkun sjálfræðisaldurs. Ritröð Barnaheilla 3.
47. Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child. UNICEF, 1998.
48. Knowledge and Skills for Life. First Results from Pisa 2000. OECD 2001.
49. Kristján Karlsson: Þróun fjárhagsaðstoðar og norrænn samanburður. Erindi á málþinginu Fjárhagsaðstoð í velferðarsamfélagi, feb. 2002.
50. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Ritröð Barnaheilla 4.
51. Landshagir 2001. Hagstofa Íslands 2002.
52. Mannabörn eru merkileg. Staðreyndir um börn og unglinga. Umboðsmaður barna, Reykjavík 1998.
53. Manneldismarkmið fyrir Íslendinga. Rit Manneldisráðs Íslands, I. 1994.
54. Mannréttindi barna. Ritröð Barnaheilla 1.
55. Matthías Halldórsson o. fl.: Socioeconomic differences in children's use of physician services in the Nordic countries. J. Epidemiol. Community Health 2002;56.
56. Matthías Halldórsson o. fl.: Socioeconomic differences in health and well-being of children and adolescents in Iceland. Scand. J. Publ. Health. 1999:1.
57. Matthías Halldórsson o.fl.: Socioeconomic inequalities in the health of children and adolescents. A comparative study of the five Nordic countries. European Journal of Public Health. 2000:10.
58. *Miðstöð heilsuverndar barna. Stefnumótun og framtíðarsýn.* Heilsugæslan í Reykjavík og nágrenni. Des. 2001.
59. Ný barnaverndarlög. Heimasíða Barnaverndarstofu. www bvs.is.
60. Nýja barnið. Þróunarverkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Landlæknisembættið, 2000.
61. Ólöf Guðrún Ólafsdóttir: Hreyfing og heilsa unglinga. Þróun frá 1992–2000. Háskóli Íslands. 2002.
62. Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson: *Umfang og eðli eineltis í íslenskum* grunnskólum. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Sept. 1999.
63. Rauði kross Íslands. Hvar þrengir að? Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi. Febrúar 2000.
64. Report of the Ad Hoc Committee of the Whole of the Twenty-seventh Special Session of the General Assembly. United Nations 2002.
65. Rúnar Vilhjálmsson o.fl.: Aðgangur að heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Rit Landlæknisembættisins nr. 3, 2001.
66. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989.
67. Save the Children, Iceland: Supplementary Report to the Icelandic Report on the Implementation of the Convention on the Rights of the Child. Submitted to the UN. Committee on the Rights of the Child By Icelandic Save the Children in August 2002.
68. Sérfræðihópur Félagsþjónustunnar í Reykjavík í málefnum útlendinga. 2001–2002. Sept. 2002.
69. Sigríður Jónsdóttir: Langtidsbrugernes livssituation – hvad så? Nordisk Socialt Arbeid. Nr. 1, 2001.
70. Sigrún Júlíusdóttir: Fjölskyldur við aldahvörf. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2001.

71. Skýrsla nefndar um unga afbrotamenn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, maí 1999.
72. Skolhälsovårdens generella insatser. Svenska Skolläkarföreningen. Riksföreningen för Skolsköterskor. Slutförslag Nov. 2001.
73. Skýrsla nefndar um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Skýrsla nefndar á vegum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Júní 1999.
74. Social tryghed i de nordiske lande 2000. Nordisk Socialstatistisk Komité 17: 2002.
75. Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson: Poverty in Iceland í Gustafsson, B. og Pedersen,P.: Poverty and low income in the Nordic Countries. Ashgate Publ. Aldershot, 2000.
76. Staða barna á Íslandi. Ritröð Barnaheilla 2.
77. Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, feb. 2000.
78. Tackling Child Poverty: Giving every child the best possible start in life. A Pre-budget Report Document. Dec. 2001.
79. The Rights of the Child. Norway´s Second Report to the United Nations Committee on the Rights of the Child 1998. Barne- og Familiedepartementet/ Utenriksdepartementet.
80. The International Initiative: Seminar – Research on Social Programmes for Children, Youth and Families. Oslo. Sept. 1994.
81. Tillaga til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. 125. löggjafarþing, þskj. 63.
82. Tomorrow´s Future. Building a Strategy for Children and Young People. Children and Young People´s Unit. London, 2001.
83. Trausti Þorsteinsson o. fl.: Barnið í brennidepli. Háskólinn á Akureyri. Sept. 2001.
84. Umboðsmaður barna: Að mega lýsa og koma á framfæri skoðunum sínum við fullorðna. Niðurstöður könnunar umboðsmanns barna á starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995–1996. Okt. 1996.
85. Umboðsmaður barna: Einelti kemur öllum við. 1998.
86. Umboðsmaður barna: Heggur sá er hlífa skyldi. Skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. 1997.
87. Umboðsmaður barna: Netþing. Unglingaþing umboðsmanns barna. 2001.
88. Umboðsmaður barna: Ofbeldi í sjónvarpi. Úttekt á framboði ofbeldisefnis í íslensku sjónvarpi 2.–15. september 1996.
89. Umboðsmaður barna: Skýrsla um tilraunaverkefnið Netþing 1999–2000.
90. Umboðsmaður barna: Meira sólskin – fleiri pizzur. Viðhorf unglinga í vinnuskólum. 1996.
91. Umboðsmaður barna: Skýrsla umboðsmanns barna. 1995–2001.
92. Umboðsmaður barna: Ungir hafa orðið... 1998.
93. Umhyggja. Blað félags til stuðnings langveikum börnum.
94. Þingsályktun um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Samþykkt á Alþingi 11. maí 2001.
95. Wilhelm Norðfjörð: Sjálfsvíg ungs fólks á Íslandi. Samanburður á sjálfsvígum á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Rit Landlæknisembættisins nr. 1, 2001.

1157. Svar [739. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um flutning fíkniefnaleitarhunda milli Norðurlandanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur verið kannað hvort unnt er að gera starfsmönnum með fíkniefnaleitarhunda kleift að fara á mót á Norðurlöndum, þar sem slíkir hundar eru m.a. þjálfaðir, og hvort hægt væri að halda þess háttar mót hérlendis?*
2. *Hvernig er farið með þessi mál annars staðar á Norðurlöndum?*

Aflað var upplýsinga hjá embætti ríkislögreglustjóra vegna fyrirspurnarinnar. Í svörum frá embættinu kemur fram að því hafi ekki borist erindi með beiðnum af þessu tagi. Embætti ríkislögreglustjóra hefur tekið upp það fyrirkomulag varðandi þjálfun fíkniefnaleitarhunda

lögreglu að fá hingað til lands sérfræðing norsku tollgæslunnar til að sjá um þjálfun þeirra og próf. Það er gert í samstarfi við sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og tollstjórann í Reykjavík sem einnig halda úti fíkniefnaleitarhundum og hafa notað þetta þjálfunarkerfi um nokkurt skeið. Þetta hefur gefist ákaflega vel og vegna þjálfunar þarf ekki að senda fíkniefnaleitarhund til annarra landa. Áhersla lögreglunnar er nú að efla þjálfun hunda og hundaþjálfara á næstu missirum.

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, og reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasæðis. Ef farið væri með fíkniefnaleitarhund til annarra landa þyrfti að setja hann í 28 daga sóttkví við heimkomuna. Á þeim tíma er hvorki hægt að nota hundinn til leita né þjálfa hann. Enn fremur yrði hann innilokaður allan tímann, sem ekki getur talist góð meðferð á hundi sem vanur er mikilli hreyfingu.

Fyrir komu hunds til landsins þarf jafnframt að bólusetja hann gegn ýmsum sjúkdómum og í sumum tilvikum alllöngu áður. Sumar bólusetningar eru ekki gerðar hér á landi, t.d. gegn hundafári.

Efnt er til Norðurlandamóta í fíkniefnaleit og taka þátt í þeim hundar frá löndum þar sem aðrar og vægari reglur gilda um flutning dýra á milli landa.

Gott ástand er hér á landi varðandi dýrasjúkdóma og sumir þeirra óþekktir, t.d. hundafár. Því gilda strangar reglur í þessum efnum. Nokkur bið kann að vera eftir sóttkví fyrir hunda í Hrísey.

Eins og að framan er lýst er þátttaka fíkniefnaleitarhunda frá Íslandi á erlendum mótum alls ekki einföld í framkvæmd og í reynd illframkvæmanleg. Þannig gæti hundur sem færi héðan á slíkt mót þurft að dvelja erlendis í nokkurn tíma fyrir komu til landsins og síðan að fara í sóttkví við heimkomuna. Gera má ráð fyrir að ekki yrði hægt að nota hundinn til fíkniefnaleitar hér á landi í 2–3 mánuði eftir slíkt mót.

1158. Svar [557. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Láru Margrétar Ragnarsdóttur um stjórnarfyrirkomulag Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. *Hyggst ráðherra staðfesta fram komnar tillögur um breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss eða ætlar hann að fara fram á endurumfjöllun og endurskoðun á þeim?*

Engar tillögur hafa borist ráðherra frá stjórnarnefnd eða forstjóra LSH um breytingar á stjórnfyrirkomulagi og því liggja ekki fyrir ákvarðanir um viðbrögð við slíkum tillögum.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, segir í 7. mgr. 30. gr.: „Ráðherra staðfestir stjórnskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.“ Það stjórnskipurit sem nú gildir á LSH var til umfjöllunar í stjórnarnefnd spítalans 16. febrúar 2000. Það var staðfest með bréfi heilbrigðisráðherra til formanns stjórnarnefndar 6. mars sama ár.

Á þessu skipuriti hafa orðið breytingar á gildistímabilinu m.a. vegna ákvarðana ráðherra. Þannig var rekstrarformi apóteks breytt úr sjálfstæðum rekstri í hefðbundið rekstrarform. Félagsform, sem gefinn er kostur á í framangreindu skipuriti, hefur ekki þótt henta enn sem komið er.

Svokallað sviðakerfi er staðfest í þessu stjórnskipuriti og hefur það því verið við lýði frá upphafi stofnunar LSH. Áður hafði svonefnt sviðakerfi verið á Landspítalanum í u.þ.b. tvo áratugi fyrir sameiningu og á Borgarspítalanum í rúman áratug. Hlutverk sviðsstjóra hefur þó verið nokkuð breytilegt á þessum tíma.

Á undanförnum mánuðum hefur stjórn spítalans gert breytingar á skipulagi og fjölda sviða. Slíkar ákvarðanir þurfa ekki að koma til kasta ráðherra, svo framarlega sem þær eru í samræmi við staðfest stjórnskipurit. Í því tilviki sem hér um ræðir hefur ekkert komið fram sem bendir til annars en að svo sé.

Ráðherra er vel kunnugt um óánægju hluta starfsmanna spítalans með ríkjandi stjórnfyrirkomulag spítalans. Ráðherra hefur átt fundi með stjórnendum spítalans, læknaráði, formanni hjúkrunarráðs og yfirlæknum um þessa óánægju. Gagnrýnin virðist þó ekki fyrst og fremst beinast að sviðakerfinu eða stjórnskipuritinu, heldur fremur að útfærslu þess. Ráðherra hefur beint því til málsaðila að þeir leitist við að leysa þennan vanda innan sjúkrahússins og treystir því að það verði gert.

Í yfirlýsingu forstjóra, formanns læknaráðs og formanns hjúkrunarráðs frá 8. apríl kemur fram sameiginlegur vilji til að vinna markvisst að bættum samskiptum innan sjúkrahússins og að vinna þar að lútandi sé hafin.

2. *Munu yfirlæknar sem ekki eru sviðsstjórar halda hefðbundinni stöðu ef sviðsstjórar verða ráðnir?*

Nú eru starfandi um þrír tugir sviðsstjóra á LSH og voru flestir þeirra valdir í október 2004 til fjögurra ára. Margir þeirra hafa sinnt þessum hlutverkum frá stofnun spítalans.

Störf og staða yfirlækna á sjúkrahúsinu hefur verið að breytast. Allir halda þeir stöðu sinni þótt sviðsstjórakerfið sé í gildi. Á sumum sviðum hefur aukin ábyrgð verið færð til yfirlækna, ekki síst hvað varðar ábyrgð á fjármálum og rekstri. Er það í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnenda spítalans um aukna dreifstýringu. Á öðrum sviðum gengur þessi þróun hægar.

Mikilvægt er að yfirlæknar, sem bera titil og þiggja laun stjórnenda, axli þá ábyrgð sem því starfi fylgir. Yfirlæknar eru ráðnir/skipaðir á grundvelli mats á faglegri þekkingu þeirra, en sviðsstjórar valdir af framkvæmdastjórn til þess að stýra rekstri sviða.

Komi til þess að hætt verði að velja sviðsstjóra og þeir ráðnir, eins og fyrirspyrjandi virðist gera ráð fyrir, mun það hafa í för með sér töluverðar breytingar á verkaskiptingu og ábyrgðarsviði. Ekki eru uppi nein ákveðin áform um að gera slíka breytingu og því e.t.v. ótímabært að velta vöngum yfir afleiðingum hennar.

Mikilvægast er að samvinna þessara stjórnenda sé eins góð og kostur er og að verkaskipting og ábyrgð sé ljós þannig að sem bestur árangur náist við hin mikilvægu viðfangsefni sjúkrahússins.

1159. Fyrirspurn [781. mál]

til félagsmálaráðherra um lögheimili í sumarbústaðabyggðum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða áhrif telur ráðherra að nýfallinn hæstaréttardómur um lögheimili í frístundabyggð hafi á þjónustuhlutverk sveitarfélaga?

2. Telur ráðherra að bregðast verði við dómnum með lagabreytingu?

Skriflegt svar óskast.

1160. Fyrirspurn [782. mál]

til menntamálaráðherra um æskulýðsmál.

Frá Unu Maríu Óskarsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun laga um æskulýðsmál?
2. Hvert á hlutverk æskulýðsráðs að vera og hvernig á að velja í ráðið?
3. Hvaða samvinna hefur verið höfð við sveitarfélögin um endurskoðun laganna?
4. Hver skipar stjórn æskulýðssjóðs og eftir hvaða vinnureglum er farið við þá skipun?
5. Hvers vegna hafa 30 af 57 úthlutunum úr æskulýðssjóði runnið til trúarlegs starfs frá því að sjóðurinn var stofnaður 2004?

1161. Fyrirspurn [783. mál]

til umhverfisráðherra um minka- og refaveiðar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær er að vænta afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á tillögum nefnda sem ráðherra skipaði til að fjalla um minka- og refaveiðar?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tillögum nefndanna verði hrundið í framkvæmd?
3. Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tryggt verði nægilegt fjármagn til aðgerða samkvæmt tillögunum í fjárlögum fyrir árið 2006?
4. Telur ráðherra að núverandi skipulag og deilur um greiðslur fyrir veiðar hafi áhrif á stofnstærð refa og minka? Ef svo er, með hvaða hætti?
5. Hve lengi telur ráðherra að núverandi ástand geti varað án þess að endurskoða verði þær forsendur sem tillögur nefndanna eru byggðar á?

Skriflegt svar óskast.

1162. Fyrirspurn [784. mál]

til félagsmálaráðherra um réttindi starfsfólks á einkaheimilum.

Frá Þuríði Backman.

1. Telur ráðherra að lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eigi við um starfsfólk sem sinnir umönnunarstörfum á einkaheimilum?
2. Ef svo er, hvernig telur ráðherra unnt að tryggja að lögunum sé framfylgt í tengslum við umönnun sjúklinga í heimahúsum?
3. Telur ráðherra koma til greina að gera sérstakt áhættumat vegna einstakra verkefna í heimahjúkrun?
4. Hver eru réttindi starfsfólks varðandi álag og slæman aðbúnað við umönnunarstörf ef:
   a. sjúklingur hafnar notkun viðeigandi hjálpartækis,
   b. ef ekki er hægt að koma hjálpartæki við?
5. Kemur ef til vill til álita að setja sérreglur um heimahjúkrun, líkt og gert var í Svíþjóð 1990?

Skriflegt svar óskast.

1163. Fyrirspurn [785. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði sjómanna?
2. Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?
3. Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar: 0–10 þús. kr., 11–20 þús. kr., 21–30 þús. kr., 31–40 þús. kr., 41–50 þús. kr., meira en 50 þús. kr.?
4. Hve margir sjóðfélagar fá nú greiddar örorkubætur, sundurliðað eftir kyni, mánaðarlega á bilinu: 0–10 þús. kr., 11–20 þús. kr., 21–30 þús. kr., 31–40 þús., kr. 41–50 þús. kr., meira en 50 þús. kr.?
5. Hversu margir sjóðfélagar fá nú greitt samkvæmt 60 ára reglu?
6. Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?

Svar óskast miðað við lögin eins og þau voru áður en þeim var breytt nú nýverið, þ.e. meðan sérlög giltu um Lífeyrissjóð sjómanna.

Skriflegt svar óskast.

1164. Frumvarp til laga [786. mál]

um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Söluandvirði sjóðsins, að frádregnum kostnaði við sölu og niðurlagningu hans, rennur til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, falla brott frá og með 31. desember 2005. Störf starfsmanna Lánasjóðs landbúnaðarins falla niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þegar lög nr. 68/1997 falla brott tekur ríkissjóður við öllum réttindum og skyldum sjóðsins gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

3. gr.

Orðin „Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands)“ í 43. gr. og „Lánasjóði landbúnaðarins“ í 47. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, falla brott.

4. gr.

100. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, fellur brott.

5. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 28. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, orðast svo: Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Lífeyrissjóður bænda reiknar af lánum hverju sinni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til sölu eigna og skulda Lánasjóðs landbúnaðarins en lagt er til að einkavæðingarnefnd verði falin framkvæmd sölunnar. Nauðsynlegt er talið að fram fari mat á væntanlegum kaupanda þar sem stór hluti skuldbindinga sjóðsins er í formi óuppgreiðanlegra skuldabréfa með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs. Með frumvarpinu er gert er ráð fyrir því að söluandvirði sjóðsins renni til Lífeyrissjóðs bænda. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir því að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins verði hætt 31. desember nk. og lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, falli úr gildi sama dag.

Lánasjóður landbúnaðarins var stofnaður á grunni Stofnlánadeildar landbúnaðarins með lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla að æskilegri þróun atvinnuvegarins, sbr. 2. gr. laganna. Í því skyni veitir sjóðurinn lán til bænda og þjónustufyrirtækja í landbúnaði.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum á innlendum lánsfjármarkaði. Er nú svo komið að bankar og sparisjóðir geta í mörgum tilvikum boðið upp á sambærileg eða hag-

stæðari lán en Lánasjóður landbúnaðarins. Hefur það valdið samdrætti í útlánum sjóðsins.

Hinn 10. janúar 2005 setti landbúnaðarráðherra á stofn verkefnisstjórn til að fjalla um stöðu og framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins. Verkefnisstjórninni var falið að endurskoða framtíðarhlutverk og tilgang Lánasjóðs landbúnaðarins í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á fjármálamarkaði hér á landi. Verkefnisstjórnina skipuðu Haraldur Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson, tilnefndir af Bændasamtökum Íslands, Guðmundur Stefánsson, tilnefndur af stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins, og Baldur Erlingsson og Eysteinn Jónsson, fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins, og var Eysteinn jafnframt skipaður formaður verkefnisstjórnarinnar.

Í skipunarbréfi til fulltrúa í verkefnisstjórninni kemur fram að hlutverk hennar sé að skila til landbúnaðarráðherra greinargerð og ráðgjöf um kosti og galla eftirfarandi leiða varðandi framtíðarskipan Lánasjóðs landbúnaðarins:

1. Áframhaldandi rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins í óbreyttri mynd, þróun og framtíðarhorfur.
2. Sameining við aðra sjóði og/eða stofnanir, sbr. drög að frumvarpi til laga um stofnun Fjárfestingasjóðs landsbyggðarinnar.
3. Ríkið selji Lánasjóð landbúnaðarins ásamt ráðgjöf og tillögum um ráðstöfun hugsanlegs söluandvirðis.

Verkefnisstjórnin réð fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. til að meta samkeppnisstöðu Lánasjóðs landbúnaðarins og fjalla um hlutverk hans og framtíðarhorfur. Í þeirri vinnu fyrirtækisins skyldi einkum fjallað um eftirfarandi atriði:

1. Greining á núverandi rekstri m.t.t.:
   a. innlána (lántöku sjóðsins),
   b. útlána
   c. rekstrarkostnaðar,
   d. vaxtaáhættu,
   e. þýðingar búnaðargjalds.
2. Aðrir lánamöguleikar bænda – samkeppnisaðila.
3. Lagarammi sjóðsins m.t.t. samkeppnisstöðu hans.
4. Horfur á lánsfjármarkaði.
5. Erlend lánsfjármögnun.
6. Samkeppnisstaða sjóðsins í framtíðinni:
   a. með áframhaldandi búnaðargjaldi,
   b. án búnaðargjalds.

Skýrsla Ráðgjafar og efnahagsspáa ehf. er dagsett 18. mars 2005. Helstu niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

- Lánasjóður landbúnaðarins á í vök að verjast vegna aukinnar samkeppni frá öðrum fjármálastofnunum og vegna þróunar langtímavaxta. Niðurfelling búnaðargjalds mun að öllum líkindum hafa alvarleg áhrif á þróun eiginfjárstöðu sjóðsins sem raunar virðist líklega einnig rýrna á komandi árum þegar miðað er við óbreytt ástand.
- Að öðru óbreyttu benda framreikningar til að erfitt reynist að viðhalda eigin fé að raungildi eins og áskilið er í lögum um Lánasjóð landbúnaðarins.
- Vaxtaáhætta vegna uppgreiðslumöguleika á útlánum sjóðsins en ekki á skuldbindingum hans er veruleg, sérstaklega í ljósi aukinnar samkeppni. Í ljósi lágra og lækkandi langtímavaxta virðist afar takmarkað rými til vaxtahækkana til að mæta rýrnun eigin fjár og virðist það rými bundið við útlán á lægri vöxtum.
- Afnám búnaðargjalds mun neyða sjóðinn til að hækka vexti sem mun auka uppgreiðslur

enn frekar. Niðurstaða útreikninga bendir til þess að eiginfjárstaða rýrni um 2.250 millj. kr. árið 2015 við afnám búnaðargjalds að öðru óbreyttu.
- Niðurstöður næmnigreiningar í viðauka styðja það sem áður hefur komið fram að vextir þurfa að hækka umtalsvert til að viðhalda raunvirði eigin fjár.
- Líklegt er að stærri viðskiptavinir sjóðsins hverfi fyrstir og minni viðskiptavinir sitji eftir.
- Auknar uppgreiðslur þýða hækkun á handbæru fé sem leiðir til þess að sjóðurinn þróast í að verða einhvers konar fjárfestingasjóður.
- Í framreikningum er gert ráð fyrir að uppgreiðslur útlána beinist í auknum mæli að útlánum á hærri vöxtum. Þetta leiðir til þess að meðalvextir útlána fara lækkandi úr um 4,7% á þessu ári í um 4,05% árið 2015.
- Sjóðurinn virðist of lítill með tilliti til rekstrarlegrar hagkvæmni. Núverandi upplýsingakerfi eru ófullnægjandi miðað við kröfur í nútímafjármálaumhverfi.
- Verði ákveðið að reka sjóðinn áfram er nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á starfsemi hans með það fyrir augum að auka þjónustustig hans, þar á meðal að bjóða lánveitingar í erlendri mynt og lán til kvótakaupa.

Þá var fjallað um málefni Lánasjóðsins á búnaðarþingi sem haldið var 6.–10. mars sl. en þingið samþykkti eftirfarandi ályktun um málið:

„Búnaðarþing 2005 hefur fjallað um málefni Lánasjóðs landbúnaðarins. Starfshópur sem landbúnaðarráðherra skipaði til að fara yfir málefni sjóðsins hefur ekki lokið störfum og eftir er að leggja mat á nokkur atriði sem lúta að því hvernig þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé verði best mætt á komandi árum. Það er skoðun þingsins að í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði verði tæpast forsendur til áframhaldandi innheimtu búnaðargjalds til Lánasjóðsins. Verði það niðurstaða starfshópsins að við þessar aðstæður sé ekki mögulegt að halda áfram rekstri Lánasjóðsins, leggur þingið þunga áherslu á eftirfarandi:

1. Stærstur hluti þeirra lána sem bændur hafa tekið hjá sjóðnum er með breytanlegum vöxtum. Tryggja þarf hagsmuni og réttarstöðu skuldara Lánasjóðsins ef rekstri hans verður ekki haldið áfram.
2. Verðmætum Lánasjóðsins verði ráðstafað til að styrkja lífeyrisréttindi bænda."

Verkefnisstjórnin telur að meta verði ályktun búnaðarþings þannig að þingið telji það einungis tímaspursmál hvenær hætt verði innheimtu búnaðargjalds til Lánasjóðs landbúnaðarins. Ein af meginforsendum fyrir þessu mati er sú að nokkur hluti viðskiptavina Lánasjóðs landbúnaðarins hefur greitt upp sín lán og flutt viðskipti sín til annarra fjármálastofnana. Því er líklegt að krafan um að hætt verði innheimtu búnaðargjalds til Lánasjóðsins verði sterkari eftir því sem fram líða stundir. Samkvæmt útreikningum Ráðgjafar og efnahagsspáa ehf. þarf Lánasjóðurinn að hækka útlánsvexti sína um allt að 2% til að viðhalda eigin fé sjóðsins sem honum er skylt að gera samkvæmt lögum nr. 68/1997. Það mun enn frekar auka tilhneigingu skuldara til frekari uppgreiðslna. Verkefnisstjórnin telur því að það geti reynst erfitt fyrir Lánasjóðinn að viðhalda eigin fé sjóðsins til lengri tíma litið vegna skertrar samkeppnisstöðu og því nauðsynlegt að bregðast hratt við.

Að teknu tilliti til þessa og þeirra niðurstaðna sem fram koma í skýrslu Ráðgjafar og efnahagsspáa ehf. er það niðurstaða verkefnisstjórnarinnar að miðað við núverandi aðstæður komi vart til greina að Lánasjóður landbúnaðarins verði rekinn áfram í óbreyttri mynd. Gjörbreyttar aðstæður á fjármálamarkaði, óvissa um framtíðarskipan búnaðargjalds og samkeppnisstaða Lánasjóðsins sem fjármálafyrirtækis benda ótvírætt í þessa átt.

Þá telur verkefnisstjórnin það ekki vænlegan kost að sameina Lánasjóðinn öðrum sjóðum eða stofnunum sem taldar eru upp í frumvarpsdrögum að Fjárfestingasjóði landsbyggðar-

innar. Fátt bendir til þess að slík stofnun gæti boðið bændum betri kjör en þeim bjóðast nú á almennum lánamarkaði, þó að e.t.v. mætti ná fram einhverjum rekstrarlegum sparnaði við slíka sameiningu. Það er því mat verkefnisstjórnarinnar að samkeppnisstaða slíkrar stofnunar yrði ekki betri en staða Lánasjóðsins er nú. Í þessu samhengi er einkum hætta á að betri lántakar beini viðskiptum í auknum mæli til bankanna. Þess má vænta að óbein áhrif þessa verði aukin þörf á framlagi á afskriftareikning útlána og að lánasjóðurinn þurfi að krefjast hærri útlánsvaxta en ella. Það er ljóst að töluverður munur getur verið á lánamöguleikum til bænda á frjálsum markaði eftir búsetu og hugsanlega einnig öðrum þáttum. Verkefnisstjórnin telur hins vegar að Lánasjóði landbúnaðarins verði ekki fært að mæta slíkri þörf, heldur verði að bregðast við með öðrum hætti ef upp koma staðbundin vandamál einstakra bænda.

Niðurstöður verkefnisstjórnarinnar eru þær að ríkið skuli hætta rekstri Lánasjóðs landbúnaðarins og að þeim verðmætum sem fást við sölu sjóðsins umfram skuldbindingar hans verði ráðstafað í samráði við Bændasamtök Íslands, t.d. til styrkingar Lífeyrissjóðs bænda.

Margvísleg rök eru fyrir þessari ráðstöfun en helst ber að nefna að undir lok 8. áratugar síðustu aldar var höfuðstóll Stofnlánadeildar landbúnaðarins orðinn neikvæður. Árið 1978 var tekið upp lánajöfnunargjald (1%) sem lagt var á alla búvörusölu til viðbótar þeirri gjaldtöku sem fyrir var. Síðari árin var gjaldtakan samtals 2% og lagðist á heildsöluverð auk 0,25% hlutar í búnaðarmálasjóðsgjaldi sem lagt var á verð til framleiðenda. Frá árinu 1998 hefur verið innheimt búnaðargjald og hefur stór hluti þess runnið til Lánasjóðs landbúnaðarins eða um 140 millj. kr. á ári síðustu ár. Eigið fé Lánasjóðs landbúnaðarins hefur því myndast og verið viðhaldið á síðasta aldarfjórðungi af lánaviðskiptum við bændur og innheimtu sjóðagjalda sem bændur hafa borið. Einnig ber að minnast þess að þegar Lífeyrissjóður bænda var stofnaður, 1971, var ákveðið að taka sérstaklega á málum bænda, sem fæddir voru 1914 eða fyrr. Sjóðnum var ekki gert að greiða þeim lífeyri heldur tók ríkið það á sig að hluta (62,5%) en Stofnlánadeild var gert að greiða hluta lífeyrisins (37,5%). Lífeyrissjóði bænda var á hinn bóginn gert að lána Stofnlánadeildinni óverðtryggt um árabil (heimild: Stefán Pálsson) til að mæta þessum kostnaði deildarinnar. Þá er í 11. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, kveðið á um að arð af eigin fé megi einungis „nota til að lækka vexti af útlánum sjóðsins“ ... „nema raungildi sjóðsins hafi rýrnað“. Í athugasemd um þessa grein í lagafrumvarpinu sagði á sínum tíma: „Ákvæðið um að arð af eigin fé skuli einungis heimilt að nota til að lækka vexti á útlánum sjóðsins er sett vegna þess að eigið fé er byggt upp með gjöldum sem annars vegar hafa verið lögð á búvöruframleiðendur og hins vegar á búvöruframleiðsluna...“. Það var augljós vilji löggjafans á þessum tíma að bændur landsins skyldu njóta eigin fjár sjóðsins.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, er búnaðargjald einn af tekjustofnum sjóðsins. Í 6. gr. laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, sbr. 4. gr. laga nr. 166/2002, um breytingu á þeim lögum, kemur fram hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi eftir afurðum. Ef frumvarpið verður að lögum er ljóst að breyta þarf lögum um búnaðargjald, með áorðnum breytingum, þar sem kveða þarf á um hlut Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldinu. Þau lög þurfa að taka gildi fyrir 31. desember 2005.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem lagt er til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til að selja allar eignir og skuldir sjóðsins. Mikilvægt er að fram fari mat á hugsanlegum kaupanda vegna þess að stór hluti skuldbindinga sjóðsins er í formi óuppgreiðanlegra skuldabréfa með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs og því nauðsynlegt

að meta nýjan kaupanda að teknu tilliti til þess. Gert er ráð fyrir að yfirverð fáist fyrir eignir sjóðsins sem rynni þá til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum. Gert er ráð fyrir því að einkavæðingarnefnd verði falin framkvæmd sölu á eignum og skuldum Lánasjóðsins.

Um 2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, falla brott í heild sinni 31. desember 2005. En gert er ráð fyrir því að búið verði að selja allar eignir og skuldir sjóðsins á þeim tíma. Hinn 31. desember falla niður störf starfsmanna Lánasjóðs landbúnaðarins og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ríkissjóður tekur við réttindum og skyldum Lánasjóðs landbúnaðarins, gagnvart einstaklingum og lögaðilum, sem óráðstafað er 31. desember 2005.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að orðin „Lánasjóður landbúnaðarins“ í jarðalögum, nr. 81/2004, falli brott þar sem sjóðurinn verður lagður niður.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að 100. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, falli brott en þar er kveðið á um að Stofnlánadeild landbúnaðarins skuli veita lán til ákveðinna framkvæmda. Við niðurlagningu Lánasjóðs landbúnaðarins er eðlilegt að þessi grein falli brott enda sjá almennar lánastofnanir um slíkar lánveitingar nú.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að lokamálslið 2. mgr. 28. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, verði breytt þannig að þar sé kveðið á um að vextir séu tengdir við lán sem Lífeyrissjóður bænda veitir í stað Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Við gildistöku laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, tók sjóðurinn við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins verði lögð niður frá og með 31. desember 2005 og falla þá úr gildi lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Lagt er til að landbúnaðarráðherra verði heimilt að selja allar eignir Lánasjóðs landbúnaðarins og gera upp skuldir sjóðsins. Eigið fé ársins 2004 var 3.347 m.kr. Gert er ráð fyrir að innheimtu þess hluta búnaðargjalds sem rennur til sjóðsins verði hætt frá og með sama tíma, en um 40% af búnaðargjaldi renna nú til sjóðsins eða um 146 m.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga 2005. Við Lánasjóðinn starfa nú 7 starfsmenn sem öðlast biðlaunaréttindi frá og með næstu áramótum og verða þau gerð upp á móti eignum sjóðsins eins og aðrar skuldbindingar hans.

1165. Fyrirspurn [787. mál]

til viðskiptaráðherra um eignatengsl og hagsmunaárekstra hjá viðskiptabönkum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra rétt að takmarka þann tíma sem viðskiptabankar geta átt eignarhlut í óskyldum fyrirtækjarekstri og er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir lögum þar að lútandi?
2. Er hægt að fá fram upplýsingar um hver eignarhlutur viðskiptabanka í óskyldum rekstri er mikill skipt eftir atvinnugreinum eða vísbendingu um hversu stór þáttur óskyldur fyrirtækjarekstur er í umsvifum bankanna innlendum og erlendum?
3. Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við viðskiptabankana um að starfsemi þeirra skv. 21.–23. gr. laga um fjármálafyrirtæki feli í sér hagsmunaárekstra eða gangi gegn ákvæðum laga og reglna sem um slíka starfsemi gilda?
4. Hvernig hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki uppfyllt 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki um tímabundna heimild til að stunda starfsemi í óskyldum fyrirtækjarekstri, hve oft hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við slíka starfsemi og í hve mörgum tilvikum hefur hún staðið í meira en 18 mánuði og þá hve lengi?

Skriflegt svar óskast.

1166. Fyrirspurn [788. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til að jafna flutningskostnað.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hverju sætir að ekkert bólar á aðgerðum til að jafna flutningskostnað, sbr. skýrslu frá því í janúar 2003 og loforð ríkisstjórnarinnar í aðdraganda alþingiskosninga vorið 2003 um að hrinda slíkum tillögum í framkvæmd?

1167. Svar [756. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um útflutning á ferskum botnfiski.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið af ferskum botnfiski var flutt í gámum á erlenda markaði árin 2003 og 2004? Svar óskast sundurliðað eftir tegundum og magni frá hverri löndunarhöfn.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér með svar hennar.

Eftirfarandi töflur innihalda upplýsingar um útflutning á ferskum botnfiski í gámum á erlenda markaði á árunum 2003 og 2004.

Ísfiskur fluttur í gámum á erlenda fiskmarkaði 2003, eftir löndunarhöfnum.

Tegnr.	Fisktegund	Vestmannaeyjar	Þorlákshöfn	Grindavík	Hafnir	Sandgerði	Keflavík	Njarðvík	Hafnarfjörður	Kópavogur	Reykjavík	Akranes
1	Þorskur	2.062.514	16.910	319.678		108.516	35.281	10.784	8.318		241.858	42.007
2	Ýsa	4.980.961	88.047	767.586	341	76.179	5.018	41.361	27.262	441	639.531	134.899
3	Ufsi	142.946	1.239	498		30.336	279	35	165		955	
4	Lýsa	436.434	17.461	23.420		106			34		1.808	441
5	Gullkarfi	3.547.848	37.321	768.357		27.265	2.856	3.021	25.646		1.172.485	21
6	Langa	137.865	2.463	35.237		2.986	96	82	808	92	2.945	2.579
7	Blálanga	94.263	140	57.697		1.426			175		59.170	37.532
8	Keila	13.633	268	15.500		315	98		23	46	400	146
9	Steinbítur	248.337	166.736	115.841		97.914	15.379	1.161	4.136	2.506	341.348	17.003
10	Slétti langhali	172									902	
11	Úthafskarfi	46.628									116.056	
12	Tindaskata		233				156				264	
13	Hlýri	6.764	20	8.869		827	120				3.498	3.525
14	Skötuselur	246.198	149.026	114.874	133	339.386	29.994	5.736	27.033	4	21.623	2.208
15	Skata	1.480	46			9					14	
16	Háfur	81.831	111.837	3.345		29				558	820	375
17	Hákarl											
20	Ósundurliðað	18.260		732		183	171	56	40	18	387	189
21	Lúða	76.578	24.007	16.511		4.571	2.763	244	1.758	88	11.021	1.156
22	Grálúða	940	12	24		100			5.993		14.428	6.375
23	Skarkoli	149.343	1.500	41.801		13.972	40.603	4.690	2.580	10	357.771	4.359
24	Sólkoli	166.005	29.039	31.040		14.023	10.787	1.156	1.185		37.641	10
25	Langlúra	3.256		155		307		2			332	
26	Öfugkjafta	9.339				152					74	
27	Sandkoli	1.770		154		116			10		11.557	
28	Skrápflúra											
29	Annar flatfiskur	120		71				12			5	
40	Humar											
42	Trjónukrabbi										25	
49	Búrfiskur											
61	Djúpkarfi	425.769		23.446		10.887					59.696	
95	Sandhverfa	12		5								
161	Gjölnir										211	
	Alls	**12.899.266**	**646.305**	**2.344.841**	**474**	**729.605**	**143.601**	**68.340**	**105.166**	**3.763**	**3.096.825**	**252.825**

Tegnr.	Fisktegund	Arnarstapi	Rif	Ólafsvík	Grundar-fjörður	Stykkis-hólmur	Brjáns-lækur	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldudalur	Þingeyri
1	Þorskur	90.883	151.678	426.983	916.712	17.748	1.901	109.801	25.624	242	4.965
2	Ýsa	20.010	92.869	117.996	845.527	13.539		68.669	13.702	3.534	12.326
3	Ufsi	6.540	1.599	1.820	9.570	321		147			
4	Lýsa		496	425	1.301						
5	Gullkarfi	1.451	59.827	21.064	105.832	7.123		1.524	751	2.044	5.264
6	Langa	196	2.220	746	7.206	1.526		1.144			
7	Blálanga		9.645	2.450	20.353	1.606		914			186
8	Keila	21	170	305	337	24					436
9	Steinbítur	8.388	108.804	94.082	929.246	8.855		53.014	4.149		4.851
10	Slétti langhali										
11	Úthafskarfi										
12	Tindaskata			54							
13	Hlýri		3.570	270	15.894	318		716	164		1.427
14	Skötuselur	1.129	32.079	21.189	10.254	1.578		55	30	31	65
15	Skata		19		1						
16	Háfur	6			2	4					
17	Hákarl										
20	Ósundurliðað	0	0	0	845	0		175	6		9
21	Lúða	614	6.123	4.613	17.355	1.555		6.661	661	113	1.425
22	Grálúða				918						
23	Skarkoli	238	108.545	189.767	318.538	10.687		184.915	4.559	11.442	24.080
24	Sólkoli		8.262	27.263	80.481	1.065		1.471			349
25	Langlúra				875						5
26	Öfugkjafta				39						
27	Sandkoli			173	58			8.949			14
28	Skrápflúra							1.343			
29	Annar flatfiskur										
40	Humar										
42	Trjónukrabbi										
49	Búrfiskur										
61	Djúpkarfi										
95	Sandhverfa				2						
161	Gjölnir										
	Alls	**129.476**	**585.906**	**909.200**	**3.281.346**	**65.949**	**1.901**	**439.498**	**49.646**	**17.406**	**55.402**

Tegnr.	Fisktegund	Flateyri	Suðureyri	Bolungarvík	Ísafjörður	Norðurfjörður	Drangsnes	Hólmavík	Hvammstangi	Skagaströnd	Sauðárkrókur
1	Þorskur	57.216	27.420	97.386	26.054	1.010	24.326	1.749	3.612	55.001	2.021
2	Ýsa	18.686	26.145	67.848	5.919		82.146	2.355	1.595	47.919	5.830
3	Ufsi			39						10	6.498
4	Lýsa			1							
5	Gullkarfi		4	336	8.119			10		2	140.980
6	Langa										
7	Blálanga										571
8	Keila									2	258
9	Steinbítur	31.587	3.159	7.431	10.067		1.244		265	1.028	14.840
10	Slétti langhali										
11	Úthafskarfi										263.381
12	Tindaskata										
13	Hlýri			17	2.009		101			64	1.560
14	Skötuselur	273		113	35				19		299
15	Skata									8	
16	Háfur										
17	Hákarl										
20	Ósundurliðað		9	10	8		8				3
21	Lúða	1.747	120	2.134	1.454		43	10	66	450	867
22	Grálúða				56						37.189
23	Skarkoli	32.622	112	34.358	39.195		23.250		18.283	37.733	7.939
24	Sólkoli	1.422		308	3.625		18		2		251
25	Langlúra			10			11				
26	Öfugkjafta										
27	Sandkoli	4		12	26				401		
28	Skrápflúra								765		
29	Annar flatfiskur										
40	Humar										
42	Trjónukrabbi										
49	Búrfiskur										
61	Djúpkarfi										16.394
95	Sandhverfa										
161	Gjölnir										
	Alls	**143.557**	**56.969**	**210.003**	**96.567**	**1.010**	**131.147**	**4.124**	**25.008**	**142.217**	**498.881**

Tegnr.	Fisktegund	Hofsós	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Grímsey	Dalvík	Akureyri	Húsavík	Kópasker	Raufarhöfn	Þórshöfn	Bakkafjörður
1	Þorskur		13.303	406	75.797	79.357	3.231	115.556		57	2.307	2.527
2	Ýsa		13.740		27.804	17.002		49.550	2.106	4.719	9.043	
3	Ufsi											
4	Lýsa											
5	Gullkarfi				2.014	14.166		2.130				
6	Langa											
7	Blálanga											
8	Keila				177	107						
9	Steinbítur		301		2.337	20.403	67	8.088		34	15.164	
10	Slétti langhali											
11	Úthafskarfi											
12	Tindaskata											
13	Hlýri				185	3.700	51	2.385				
14	Skötuselur					3		4			43	
15	Skata											
16	Háfur											
17	Hákarl											
20	Ósundurliðað		37		87	26		23				
21	Lúða	11	5		140	139		317			74	20
22	Grálúða		264		104	6.312		25.664				
23	Skarkoli		4.758			37.956		96.089	185	78	3.218	337
24	Sólkoli		34			408		873				
25	Langlúra											
26	Öfugkjafta											
27	Sandkoli											
28	Skrápflúra							385				
29	Annar flatfiskur											
40	Humar											
42	Trjónukrabbi											
49	Búrfiskur											
61	Djúpkarfi											
95	Sandhverfa											
161	Gjölnir											
	Alls	**11**	**32.442**	**406**	**108.645**	**179.579**	**3.349**	**301.064**	**2.291**	**4.888**	**29.849**	**2.884**

Tegnr.	Fisktegund	Vopna-fjörður	Seyðis-fjörður	Neskaup-staður	Eski-fjörður	Reyðar-fjörður	Fáskrúðs-fjörður	Stöðvar-fjörður	Breiðdals-vík	Djúpi-vogur	Horna-fjörður	Hafnarheiti vantar	Hafnir samtals
1	Þorskur	527	284.107	56.910	173.924		42.542	242.245		16.486	7.130		**6.004.610**
2	Ýsa	1.633	55.574	150.257	189.410		69.966	28.555	5.344	317	140.227		**8.973.488**
3	Ufsi		15.440	13.527	7.714		905	5.853			1.251		**247.687**
4	Lýsa		985					18			665		**483.595**
5	Gullkarfi		1.137.020	359.946	105.443		540	137.438	13.016	3.274	23.127		**7.737.265**
6	Langa		12.393		1.487		40				879		**212.990**
7	Blálanga		22.599	1.416	5.163		53				64		**315.423**
8	Keila		3.380		203		118	340	76		121		**36.504**
9	Steinbítur	21.451	35.120	12.704	37.266		9.779	121.157	1.210	29.186	12.394		**2.618.032**
10	Slétti langhali												**1.074**
11	Úthafskarfi												**426.065**
12	Tindaskata				1.007						25		**1.739**
13	Hlýri	1.606	18.715	5.025	15.708		1.981	2.214		5.533	385		**107.221**
14	Skötuselur		1.608		12	60	501	57		59	67.284		**1.072.995**
15	Skata										122		**1.699**
16	Háfur										1.193		**200.000**
17	Hákarl		15										**15**
20	Ósundurliðað		67	7	133		91	32	4	10	244		**21.870**
21	Lúða	345	1.156	251	128		780	766	64	252	15.459		**204.615**
22	Grálúða		120.457	9.610	867.827	11	2.844	48.572		3		2.875	**1.150.578**
23	Skarkoli		1.134	3.579	197		41	1.126	83	1.305	46.936		**1.859.914**
24	Sólkoli		2.523	1.697	65		109	4			1.624		**422.740**
25	Langlúra		3		4						746		**5.706**
26	Öfugkjafta				8								**9.612**
27	Sandkoli				122			4					**23.370**
28	Skrápflúra												**2.493**
29	Annar flatfiskur												**208**
40	Humar										98		**98**
42	Trjónukrabbi												**25**
49	Búrfiskur				178								**178**
61	Djúpkarfi			192.790	83.774								**812.756**
95	Sandhverfa												**19**
161	Gjölnir												**211**
	Alls	**25.562**	**1.712.296**	**807.719**	**1.489.773**	**71**	**130.290**	**588.381**	**19.797**	**56.425**	**319.974**	**2.875**	**32.954.795**

Ísfiskur fluttur í gámum á erlenda fiskmarkaði 2004, eftir löndunarhöfnum.

Tegnr.	Fisktegund	Vestmannaeyjar	Stokkseyri	Selfoss	Þorlákshöfn	Grindavík	Sandgerði	Keflavík	Njarðvík	Hafnarfjörður	Kópavogur	Reykjavík
1	Þorskur	2.857.865	729	420	95.431	569.374	211.761	62.447	1.457	40.155		355.751
2	Ýsa	7.356.200	5.446	1.436	367.392	1.925.784	1.314.611	155.401	2.331	47.845	376	1.407.029
3	Ufsi	961.621			259	930	4.730	3.746		4.227		7.298
4	Lýsa	517.271			20.549	47.370			9	92		3.041
5	Gullkarfi	3.714.429		879	305.423	235.727	51.819	3.290		203.418		209.148
6	Langa	235.384		24	30.037	139.441	10.052	891	40	2.661	93	11.823
7	Blálanga	149.938			33.464	73.912	829	1.651		10.466		97.290
8	Keila	21.520			5.021	49.484	582			539	64	4.704
9	Steinbítur	232.157	34	111	175.865	67.521	124.163	6.964	6	10.700	789	294.492
11	Úthafskarfi	60.722						21.780				
12	Tindaskata	4.540			1.632	790	51	111		39		
13	Hlýri	14.391	13	30	148	30.301	4.559	1.421		1.955		3.002
14	Skötuselur	399.224		932	195.050	145.871	390.762	89.526	1.941	2.290	7	16.955
15	Skata	9.948			11.063	685	477	72				39
16	Háfur	102.161			34.176	3.254		13			121	47
20	Ósundurliðað	19.169	2	20	68	1.066	368	64		67		1.137
21	Lúða	37.161		13	10.763	25.614	6.871	2.003	1.928	432	104	9.478
22	Grálúða	17.240					29			315		3.008
23	Skarkoli	138.144			10.918	43.680	111.578	16.089		2.377		237.993
24	Sólkoli	290.598		22	51.848	69.996	89.784	4.284		1.096		56.010
25	Langlúra	10.490		140	307	1.037	794	130				1.526
26	Öfugkjafta	11.732			13	90	83					156
27	Sandkoli	171					148			2		746
28	Skrápflúra	54				251						
29	Annar flatfiskur	247				80						
39	Geirnyt	30										
40	Humar											
49	Búrfiskur	84										
61	Djúpkarfi	822.851			11.840					40.818		
86	Náskata				9							439
95	Sandhverfa	21					4					
199	Sæbjúga							130				
950	Rauðmagi											23
	Alls	**17.985.363**	**6.224**	**4.027**	**1.361.276**	**3.432.258**	**2.324.055**	**370.013**	**7.712**	**369.494**	**1.554**	**2.721.135**

Tegnr.	Fisktegund	Akranes	Arnarstapi	Rif	Ólafsvík	Grundar-fjörður	Stykkis-hólmur	Brjáns-lækur	Haukabergs-vaðall	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldudalur
1	Þorskur	99.769	55.192	290.381	713.229	1.382.727	49.791	6.274	4.011	221.491	36.156	10.438
2	Ýsa	223.301	33.555	316.181	460.166	1.829.625	21.328			91.995	12.469	15.349
3	Ufsi	224	5.142	1.861	3.480	20.866				134		3.079
4	Lýsa	1.049	14	6.234	946	6.936						
5	Gullkarfi	37	399	86.289	23.254	156.026	8.944			4.717	1.144	
6	Langa	2.439	3.092	35.399	4.722	18.636	5.020			4.825	863	
7	Blálanga	16.797		24.250	3.809	31.165	305			1.022		
8	Keila	36	45	11.828	686	1.692	2.185				88	
9	Steinbítur	37.152	7.965	116.030	131.669	1.102.409	9.589			119.570	31.578	7.113
11	Úthafskarfi											
12	Tindaskata	238		1.408	560	126						
13	Hlýri	9.016		6.652	183	17.124				1.784	432	
14	Skötuselur	5.477	61.952	90.445	103.878	19.392	1.696			306		26
15	Skata	81		33	35	63						
16	Háfur	253		44		15	8					
20	Ósundurliðað	1.144	0	0	330	1.690	0			75		
21	Lúða	2.167	445	6.068	1.822	18.257	696			3.929	1.078	637
22	Grálúða	452				20						
23	Skarkoli	95	444	117.914	290.169	507.843	13.936			167.427	2.185	31.945
24	Sólkoli	161		19.850	52.055	126.090	1.902			1.030		56
25	Langlúra					3.040						
26	Öfugkjafta					138						
27	Sandkoli			9	14	1.778				594		33
28	Skrápflúra			20		176						
29	Annar flatfiskur	15				342						
39	Geirnyt											
40	Humar											
49	Búrfiskur											
61	Djúpkarfi					146.991						
86	Náskata			123								
95	Sandhverfa		4			10						
199	Sæbjúga											
950	Rauðmagi			71	12		40			34		
	Alls	**399.903**	**168.249**	**1.131.090**	**1.791.019**	**5.393.177**	**115.440**	**6.274**	**4.011**	**618.933**	**85.993**	**68.676**

Tegnr.	Fisktegund	Þingeyri	Flateyri	Suðureyri	Bolungar-vík	Ísafjörður	Súðavík	Norður-fjörður	Drangsnes	Hólma-vík	Hvamms-tangi	Skagaströnd
1	Þorskur	16.671	4.576	33.220	140.881	39.589		189.185	88.005	2.279	20.597	139.879
2	Ýsa	5.013	50.858	3.714	189.693	18.085		954	247.064	3.731	39.929	45.037
3	Ufsi	233			2.846	46		521				
4	Lýsa											
5	Gullkarfi	3.829	3.126	89	251	44.301		15	32		38	128
6	Langa	3.974	12		50	255						
7	Blálanga	2.028	1.559			2.414						
8	Keila		6		3.213	136		8			11	24
9	Steinbítur	72.164	212.342	23.392	115.954	519.425	132		3.562		4.668	512
11	Úthafskarfi											
12	Tindaskata				2.919							3.276
13	Hlýri	7.353	5.304		604	12.382			149		353	
14	Skötuselur	10	412	20	135	1.249					2	
15	Skata											
16	Háfur				13							11
20	Ósundurliðað					7		52	74		282	17
21	Lúða	650	2.108	93	2.885	2.099		10	405	180	407	1.103
22	Grálúða					207						
23	Skarkoli		13.464	325	102.579	69.296			23.799		8.214	4.968
24	Sólkoli		987	1	823	8.050			101			
25	Langlúra								4			
26	Öfugkjafta											
27	Sandkoli				33	7					68	
28	Skrápflúra										287	
29	Annar flatfiskur								72			
39	Geirnyt											
40	Humar											
49	Búrfiskur											
61	Djúpkarfi											
86	Náskata											
95	Sandhverfa											
199	Sæbjúga											
950	Rauðmagi											
	Alls	**111.925**	**294.754**	**60.854**	**562.879**	**717.548**	**132**	**190.745**	**363.267**	**6.190**	**74.856**	**194.955**

Tegnr.	Fisktegund	Sauðár-krókur	Hofsós	Siglu-fjörður	Ólafs-fjörður	Grímsey	Hrísey	Dalvík	Árskógs-sandur	Árskógs-sandur	Hauganes	Hjalteyri
1	Þorskur	60.895	868	90.935	4.630	7.236	1.096	72.426	28.233	3.011	6.929	226
2	Ýsa	104.724	3.800	182.159	1.152	5.203		60.878	24.715	37.229	1.726	
3	Ufsi			2		172		6.916			5	
4	Lýsa							13				
5	Gullkarfi	81.280		162		53		66.313				10
6	Langa	240		33				942				
7	Blálanga	321		273				628				
8	Keila			235		100		557				
9	Steinbítur	6.093		4.288	75	4.535	508	8.845		1.045	36	
11	Úthafskarfi											
12	Tindaskata							16				
13	Hlýri	2.796		423				18.532		574	2	
14	Skötuselur							30				
15	Skata							77				
16	Háfur		2					4				
20	Ósundurliðað	35		113				4				
21	Lúða	426		263				799				
22	Grálúða	845						1.991				
23	Skarkoli	10.398		8.847		5.010		7.728				
24	Sólkoli	418		128				58				
25	Langlúra	127										
26	Öfugkjafta											
27	Sandkoli							16				
28	Skrápflúra											
29	Annar flatfiskur											
39	Geirnyt											
40	Humar											
49	Búrfiskur											
61	Djúpkarfi	20.749										
86	Náskata											
95	Sandhverfa											
199	Sæbjúga											
950	Rauðmagi											
	Alls	**289.347**	**4.670**	**287.861**	**5.857**	**22.309**	**1.604**	**246.773**	**52.948**	**41.859**	**8.698**	**236**

Tegnr.	Fisktegund	Akureyri	Grenivík	Húsavík	Kópasker	Raufarhöfn	Þórshöfn	Bakka-fjörður	Vopna-fjörður	Borgarfjörður eystri	Seyðis-fjörður	Neskaup-staður
1	Þorskur	18.710		51.974		9.068	69.446	1.014	5.458	55.147	217.696	65.447
2	Ýsa	53.689	2.573	135.388	3.691	37.796	68.121	1.108	15.646	26.761	417.389	304.942
3	Ufsi	55.706				129			2.829		35.045	103.504
4	Lýsa											
5	Gullkarfi	42.570		607		823	4	42	461	93	1.865.873	754.976
6	Langa										24.762	3.830
7	Blálanga	2.744							1.204		55.365	18.656
8	Keila	561								442	5.772	1.112
9	Steinbítur	7.065		22.996	3	1.294	17.236	1.114	3.221	1.142	88.926	31.599
11	Úthafskarfi											
12	Tindaskata			289							26	
13	Hlýri	74.597		19.893		886	889		3.151	291	60.037	57.112
14	Skötuselur										10.969	212
15	Skata										768	
16	Háfur											
20	Ósundurliðað			56		10	335				1.367	950
21	Lúða	181		292			58			12	2.667	313
22	Grálúða	666.534									79.054	14.568
23	Skarkoli	5.635		56.235	3.193	1.034	47.344		9.034		30.845	2.411
24	Sólkoli			741		68	28	7			6.862	2.382
25	Langlúra						36					100
26	Öfugkjafta											
27	Sandkoli					10					968	35
28	Skrápflúra											
29	Annar flatfiskur						5					
39	Geirnyt											
40	Humar											
49	Búrfiskur											14.767
61	Djúpkarfi	123.808									161.766	31.374
86	Náskata											
95	Sandhverfa											
199	Sæbjúga											
950	Rauðmagi											
	Alls	**1.051.800**	**2.573**	**288.471**	**6.887**	**51.118**	**203.502**	**3.285**	**41.004**	**83.888**	**3.066.157**	**1.408.290**

Tegnr.	Fisktegund	Eskifjörður	Reyðar-fjörður	Fáskrúðs-fjörður	Stöðvar-fjörður	Breiðdalsvík	Djúpivogur	Hornafjörður	Hafnarheiti vantar	Alls
1	Þorskur	486.319	30.758	41.765	107.134	963	1.231	108.211	29.525	**9.316.082**
2	Ýsa	610.000	119.052	145.297	51.492		4.921	213.834	21.124	**18.846.308**
3	Ufsi	131.710	3.946	35.943	29.613		101	2.116	3.130	**1.432.110**
4	Lýsa	2.194						4.820	4.820	**868**
5	Gullkarfi	209.931	29.132	117.549	142.814		3.289	50.891	3.984	**8.427.609**
6	Langa	3.824	19	3.220	3.245		1.415	2.626		**553.889**
7	Blálanga	10.113	231	236	342			349	349	**1.144**
8	Keila	714	20	161	74		7.060	367	208	**119.255**
9	Steinbítur	394.180	5.156	22.667	89.445	6.942	137.244	63.621	23.032	**4.370.336**
11	Úthafskarfi									**82.502**
12	Tindaskata						376	476		**16.873**
13	Hlýri	54.710	4.008	13.503	10.661		25.404	1.382	72	**466.079**
14	Skötuselur	4.803	204	1.369	207		218	126.452	9.579	**1.681.601**
15	Skata	178						314		**23.833**
16	Háfur	38						209		**140.369**
20	Ósundurliðað	574	145	409	99			597	597	**30**
21	Lúða	4.879	63	1.123	1.236		188	7.924	1.258	**161.088**
22	Grálúða	391.742	476	3.304	2.373				362	**1.182.520**
23	Skarkoli	50.114	3.570	1.654	101	16	950	43.377	7.497	**2.210.375**
24	Sólkoli	15.608	52	5.313	1.557			3.877	3.877	**111**
25	Langlúra	1.307						3.052	3.052	**17**
26	Öfugkjafta	149							84	**12.445**
27	Sandkoli							38		**4.670**
28	Skrápflúra								21	**809**
29	Annar flatfiskur	10		7				32	32	**73**
39	Geirnyt									**30**
40	Humar							186		**186**
49	Búrfiskur									**14.851**
61	Djúpkarfi	371.079			11.077				8.608	**1.750.961**
86	Náskata									**571**
95	Sandhverfa	2								**41**
199	Sæbjúga									**130**
950	Rauðmagi									**180**
	Alls	**2.744.178**	**196.832**	**393.520**	**451.470**	**7.921**	**182.397**	**634.751**	**110.727**	**52.834.914**

1168. Svar [622. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um sumarbústaði í eigu ríkisins o.fl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margir sumarbústaðir eru í eigu ráðuneyta, undirstofnana þeirra, fyrirtækja í eigu ríkisins, stofnana og sjálfstæðra stofnana í eigu ríkisins eða starfsmannafélaga þeirra? Hvar eru þeir, hvernig er notkun slíkra bústaða háttað og hvaða reglur gilda um notkun þeirra? Óskað er eftir sundurliðuðum svörum.

Fjármálaráðuneytið leitaði svara við fyrirspurninni hjá öllum ráðuneytum og fylgja svör þeirra hér á eftir.

Óskað var upplýsinga um ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir í A–D hluta fjárlaga, auk starfsmannafélaga slíkra stofnana og ríkisfyrirtækja, enda hefði fjármunum ríkisins að einhverju marki verið ráðstafað til kaupanna.

Forsætisráðuneytið.

Í Þingvallabænum er ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum. Þar er aðstaða fyrir móttökur á vegum forsætisráðherra, auk þess sem gistiaðstaða er þar fyrir ráðherrann og gesti á hans vegum.

Seðlabanki Íslands.

Seðlabanki Íslands og Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands eiga til samans sjö orlofshús. Eitt þeirra er formlega skráð eign bankans en hin starfsmannafélagsins. Húsin eru á eftirtöldum stöðum: Á Álftatanga í Grímsnesi, við Þingvallavatn, í grennd við Laugarvatn, í Holtsdal á Síðu (tvö hús), á Skriðudal og á Akureyri. Orlofshúsið á Álftatanga nýtist einnig fyrir minni fundi.

Sömu reglur gilda um notkun allra orlofshúsanna. Þau eru eingöngu ætluð starfsmönnum og eftirlaunaþegum Seðlabankans og gestum þeirra. Óheimilt er að framselja þessi réttindi til annarra. Úthlutun allra orlofshúsanna er alfarið á vegum starfsmannafélagsins á grundvelli þar til gerðs stigakerfis. Fjögur húsanna eru notuð árið um kring. Úthlutunartímabil eru þrjú, júní–september, október–desember og janúar-maí.

Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið sendi fyrirspurnina til stofnana á stjórnsýslusviði ráðuneytisins. Svör hafa borist frá meginþorra stofnana. Fram kom hjá öllum stofnunum sem svöruðu fyrirspurninni, öðrum en Háskóla Íslands, að sumarbústaðir væru ekki í þeirra eigu. Þar sem sumarbústaðir tengdust stofnunum væru þeir í eigu og reknir af starfsmannafélögum svo sem kennarafélögum og starfsmannafélagi RÚV. Húsnæði á vegum ráðuneytisins, svo sem kennaraíbúðir, er yfirleitt í langtímaleigu til einstaklinga eða stofnana. Þá hefur húsnæði í tveimur tilvikum verið nýtt sem fræðimannaaíbúðir með skammtímaútleigu og enn fremur var fyrrum starfsmannaíbúð leigð í tilraunaskyni til starfsmannafélags menntamálaráðuneytisins. Starfsmannafálagið greiðir leigu og sér um allan rekstur og viðhald húsnæðisins.

Háskóli Íslands.

Hugtakið „sumarbústaður“ er svolítið þokukennt en sennilega falla bæði húsin á Halldórsstöðum og í Herdísarvík undir það sem við er átt í fyrirspurninni, enda var umsjón þeirra til skamms tíma falin Félagi háskólakennara sem notaði þau sem orlofshús. Gestaíbúðir falla hins vegar klárlega utan við fyrirspurnina. Í dag eru bæði húsin á forræði Háskólans, en segja má að almenna reglan varðandi notkun þeirra sé að starfsmenn skólans geti fengið húsin til skemmri dvalar á sumrum, enda stangist það ekki á við önnur not.

Utanríkisráðuneytið.

Engir sumarbústaðir eru í eigu utanríkisráðuneytisns.

Landbúnaðarráðuneyti.

1. Litla-Skarð í Borgarfirði er jörð í umsjá Skógræktar ríkisins. Fyrir um 15 árum síðan, á árunum 1988–1991, var fyrrum vélaskúr gerður upp af Skógrækt ríkisins og landbúnaðarráðuneytinu. Mikið var og er unnið við bústaðinn í sjálfboðavinnu. Hann hefur verið leigður starfsfólki Skógræktar ríkisins og landbúnaðaráðuneytisins eina viku í senn yfir sumartímann eða skemur yfir vetrarmánuðina. Sömuleiðis er hann leigður skógræktar- og landgræðslufólki, starfsfólki annarra opinberra stofnana og einstaklingum. Þá hefur aðstaðan verið nýtt sem afdrep fyrir vinnufundi. Engin föst umsjón er með umgengni leigjenda en þeim treyst til að ganga snyrtilega um. Leigugjald fyrir eina viku er 9.000 kr.

2. Skógarkot í Norðtunguskógi er gamalt starfsmannahús í eigu Skógræktar ríkisins en hefur verið leigt Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) allt árið sem leigir það út til sinna félagsmanna.

Dómsmálaráðuneyti.

Dómsmálaráðuneytið og stofnanir þess eiga ekki sumarhús.

Fjögur sumarhús eru í eigu starfsmannafélags Landhelgisgæslu Íslands. Sumarhúsin eru staðsett í Djúpafirði og starfsmannafélagið úthlutar vikudvöl sem miðast við aðild að félaginu og starfsaldur hjá Landshelgisgæslunni.

Ekki hefur verið leitað eftir upplýsingum hjá stéttarfélögum þeirra starfsmanna sem starfa hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum þess.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Enginn sumarbústaður er eigu sjávarútvegsráðuneytis né stofnana þess.

Félagsmálaráðuneyti.

Félagsmálaráðuneytið á ekki sumarbústað og einungis ein stofnum sem heyrir undir ráðuneytið á slíka eign. Íbúðalánasjóður á einn sumarbústað sem hann yfirtók frá Húsnæðisstofnum ríkisins þegar sjóðurinn tók til starfa og Húsnæðisstofnun var jafnframt lög niður. Hefur ráðuneytið aflað upplýsinga frá Íbúðalánasjóði í samræmi við fyrirsprunina og fara svör sjóðsins hér á eftir.

Íbúðalánasjóður.

Um er að ræða bústaðinn Tintu, sem stendur í landi Kambs, lóð nr. 3, í Rangárþingi ytra. Nánar tiltekið stendur bústaðurinn rétt austan við Þjórsá, við vatn sem sumir kalla Vestra Gíslholtsvatn en aðrir kalla Herríðarhólsvatn.

Á árinu 2000 var rekstur bústaðarins settur í fast form hjá sjóðnun. Þá var skipuð sérstök nefnd til að hafa umsjón með bústaðnum og notkun hans. Nefnd þessi er skipuð tveimur aðilum sem starfsmannafélag sjóðsins tilnefnir og tveimur aðilum sem framkvæmdastjóri tilnefnir. Nefndin sér um rekstur bústaðarins og útleigu hans. Jafnframt sér bóndinn á Kambi um að líta til með bústaðnum þegar enginn er í honum. Bústaðurinn er einungis hafður til afnota fyrir starfsmenn sjóðsins og stjórnarmenn hans og í einu eða tveimur undantekningartilfellum hafa starfsmenn félagsmálaráðuneytisins fengið afnot af honum ef hann hefur á sama tíma ekki verið bókaður af starfsmönnum sjóðsins eða stjórnarmönnum.

Í gildi eru ákveðnar reglur um það hverjir fá bústaðinn hverju sinni. Reglur þessar byggjast á því að starfsmenn ávinna sér ákveðna punkta eftir því hversu lengi þeir hafa unnið og síðan veldur hver úthlutun á bústaðnum frádrætti frá þessum punktum. Gildir þetta fyrir úthlutun bústaðarins að sumri til en á veturna gildir reglan að fyrstir koma fyrstir fá nema þegar um vinsælustu helgarnar er að ræða, þ.e. þegar frídagar lengja helgina. Þær helgar eru auglýstar sérstaklega og þá er úthlutað eftir punktafjölda starfsmanna en sú úthlutun felur ekki í sér frádrátt.

Þegar Íbúðalánasjóður tók starfa var stór hluti starfsmanna hans nýr og vissi ekki af tilvist bústaðarins. Nýting hans var því ekki eins góð og kosið hefði verið á árinu 1999 og var því ákveðið að setja rekstur hans í fast form með skipan nefndarinnar. Lá fyrir á þeim tíma að ef bústaðurinn yrði ekki notaður kæmi til greina að skoða hugsanlega sölu hans. Síðan þá hefur nýting bústaðarins verið mjög góð. Bústaðurinn er í útleigu allt sumarið og langflestar helgar á veturna. Það er sérstaklega í desember og fram eftir janúar sem bústaðurinn er ekki í notkun. Aðrar helgar vetrar og allar vikur sumars er bústaðurinn nýttur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Ráðuneytið upplýsir hér með að engir sumarbústaðir eru í eigu þess eða undirstofnana þess að frátöldum sumarbústöðum í eigu Landspítala – háskólasjúkrahúss og starfsmannaráðs spítalans. Svar Landspítala – háskólasjúkrahúss um sumarbústaði í eigu spítalans og starfsmannaráðs þess, staðsetningu þeirra ásamt með reglum um útleigu bústaðanna er eftirfarandi:

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Í eigu Landspítala – háskólasjúkrahúss og starfsmannaráðs LSH eru sjö sumarbústaðir og tvö hús á Akureyri með samtals sjö íbúðum:

2 sumarbústaðir í landi Haga í Skorradal,
1 sumarbústaður í Úthlíð í Biskupstungum,
3 sumarbústaðir í Heiðarbyggð í nágrenni Flúða,
1 sumarbústaður í landi Hæðargarðs nærri Kirkjubæjarklaustri,
2 hæða hús að Hrafnagilsstræti 23, Akureyri, með 4 íbúðum,
2 hæða hús að Hrafnagilsstræti 26, Akureyri, með 3 íbúðum.

Orlofsbústaðirnir eru leigðir út að öllu jöfnu um helgar frá hausti og fram á vor, en þá tekur við vikuleiga yfir sumartímann. Hægt er að leigja í allt að viku ef þess er óskað yfir vetrartímann. Stofnaður var orlofsbústaðasjóður sem þeir starfsmenn sem þess óska geta greitt í. Greiddar eru 250 kr. á mánuði sem dregið er af launum og er þessi sjóður ætlaður til viðhalds og uppbyggingar á orlofshúsum starfsmannaráðs. Einn punktur fæst fyrir hvern greiddan mánuð og yfir sumartímann og um páska er úthlutað samkvæmt punktakerfinu. Á öðrum tímum er bókað í húsin gegnum síma og gildir þá reglan, fyrstur hringir fyrstur fær, hafa þá allir tækifæri en utanfélagsmenn greiða 75% hærra gjald.

Fjármálaráðuneyti.

Engir sumarbústaðir eru í eigu ráðuneytisins og samkvæmt upplýsingum frá stofnunum þess eru heldur engir sumarbústaðir þeirra eigu.

Samgönguráðuneyti.

Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum sem heyra undir það og vill af því tilefni koma því á framfæri að í tveimur tilvikum hafa starfsmannafélög stofnana ráðuneytisins yfir að ráða sumarbústöðum, þ.e. Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Vegagerðin.

Samtök starfsmannafélaga Vegagerðarinnar eiga alls níu sumarbústaði sem staðsettir eru á eftirtöldum stöðum:

Við Kirkjubæjarklaustur – 1 bústaður,
í Biskupstungum – 1 bústaður,
við Meðalfellsvatn í Hvalfirði – 1 bústaður,
í Borgarfirði – 2 bústaðir,
við Ísafjörð – 1 bústaður,
í Skagafirði – 1 bústaður,
í Fnjóskadal – 1 bústaður.
á Fljótsdalshéraði – 1 bústaður.

Notkun bústaðanna er þannig háttað að á sumrin er starfsmönnum úthlutað vikum eftir ákveðnum úthlutunarreglum en á öðrum tímum ársins gildir sú regla að sá sem fyrstur sækir um fær úthlutað.

Um notkun þeirra gilda eftirfarandi reglur:

Úthlutunarreglur sumarhúsa orlofshúsanefndar.

1. Tímabil sem úthlutað er til starfsmanna Vegagerðarinnar er ákveðinn af orlofshúsanefnd og auglýst í fréttabréfi. Að öllu jöfnu miðast það við tímabilið júní til og með ágúst.
2. Úthlutun utan þessa tímabils er í höndum umsjónarmanna með orlofshúsum, einnig ef vikur eru lausar (ekki sótt um) eða losna á tímabili sem auglýst er.
3. Úthlutun til starfsmanna ræðst af punktaeign en starfsmaður vinnur sér inn 12 punkta á ári miðað við heilsársstarf. Fimmtíu prósent starfshlutfall eða meira gefur 12 punkta á ári, lægra starfshlutfall 6 punkta. Við gildistöku reglna þessara skal uppfæra punktaeign starfsmanna. Taka skal tillit til úthlutana sl. fjögur ár þannig að hafi starfsmaður fengið úthlutað á þeim tíma byrjar hann að vinna sér inn punkta frá þeim tíma. Starfsmenn sem hætt hafa störfum sökum aldurs njóta sömu réttinda og aðrir. Makar fráfallinna starfsmanna njóta einnig réttinda sem aðrir.
4. Úthlutuð vika á auglýstu tímabili kostar 24 punkta.
5. Starfsmaður getur farið í mínus punkta ef hann sækir um og fær viku, t.d. ef hann sækir einn um án samkeppni og punktastaða hans er 0 þá fær hann úthlutað og skráist með 24 punkta í mínus.
6. Úthlutanir sem umsjónarmenn sjá um, þ.e. lausar vikur og úthlutanir utan auglýsts tíma, skerða ekki punktaeign.
7. Sæki starfsmaður um ákveðinn eða ákveðna bústaði en fær ekki skráist hann á biðlista í viðkomandi húsum. Losni vika skal hafa samband við viðkomandi áður en viku er úthlutað. Punktaeign ræður röð.

8. Starfsmaður velur bústaði og vikur með því að númera þá staði sem hann óskar eftir að komast á. 1, 2, o.s.frv. Hámark er að sækja um á þrjá staði og þrjár vikur.
9. Starfsmenn geta sótt um viku í báða bústaði í Sauðhússkógi ef um sérstök tilefni er að ræða, svo sem stórafmæli starfsmanns eða maka. Að öllu jöfnu skal taka slíkt fram yfir aðrar umsóknir þótt punktaeign sé ekki fyrir hendi. Starfsmaður skal gera grein fyrir ástæðu í umsókn. Úthlutun sem þessi kostar 24 punkta þó að um tvo bústaði sé að ræða. Sæki tveir eða fleiri um sömu viku ræður punktaeign.
10. Heimilt er að sækja um báða bústaði í Sauðhússkógi án þess að um sérstakt tilefni sé að ræða en þá skal einungis úthluta báðum húsum sé viðbótarhús laust, þ.e. að ekki liggi fyrir umsókn í það.
11. Nýti starfsmaður ekki viku sem hann hefur fengið úthlutaða greiðir hann samt fyrir hana með punktum.

Siglingastofnun.

Starfsmannafélag Siglingastofnunar á eitt sumarhús. Það er staðsett að Malarrifi í Snæfellsbæ.

Notkun þess er þannig háttað að starfsmönnum er úthlutað dvalartími eftir ákveðnum úthlutunarreglum.

Um notkun þess gilda reglur sem starfsmannafélagið setur.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Engir sumarbústaðir eru í eigu eftirtaldra stofnana eða starfsmannafélaga þeirra: Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Einkaleyfastofunnar, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppnisstofnunar, Löggildingarstofu og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Engir bústaðir eru í eigu ráðuneytanna.

Sameiginlegt starfsmannafélag Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) á og rekur bústaðinn Ossbæ í Reykjaskógi. Leigutekjur standa að mestu undir rekstri bústaðarins, en það litla sem upp á vantar er greitt af starfsmannafélaginu, af framlagi starfsmanna.

Eftirfarandi bústaðir eru í eigu Rariks.

Í landi Berglands í Fljótum, Skagafirði. Um er að ræða eyðibýli, áður í eigu Skeiðsfossvirkjunar vegna vatnsréttinda í Fljótaá. Húsið hefur verið notað sem vinnubúðir vegna Skeiðsfossvirkjunar en þar fyrir utan lánað starfsmannafélagi Rariks til útleigu með sama hætti og aðrir bústaðir starfsmannafélagsins.

Við Láxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu. Notkun er stýrt frá Akureyri og er starfsmönnum í flestum tilvikum heimil notkun hans. Hús þetta er fyrrum húsnæði starfsmanns klakstöðvar við virkjunina.

Í landi Fjarðarselsvirkjunar í Seyðisfirði. Notkun er stýrt frá Egilsstöðum og er starfsmönnum í flestum tilvikum heimil notkun hans. Hús þetta er fyrrum húsnæði vélstjóra við virkjunina.

Í landi Ásgarðs í Grímsnesi. Notkun fyrir gesti, stjórn og stjórnendur Rariks. Í nokkrum tilfellum hefur þessi bústaður verið notaður fyrir fámenna fundi og hópvinnufundi. Einnig fyrir tímabundna gistingu starfsmanna annarra svæða við verkefni á Suðurlandi.

Eftirfarandi bústaðir eru í eigu RAFs, starfsmannafélags Rariks. Eru þeir leigðir út eftir tilteknum úthlutunarreglum:

Flatey á Breiðafirði,

við Birkilind í Eyjólfsstaðaskógi, Fljótsdalshéraði,
í landi Hrífuness, Skaftárhreppi,
við Flekkudalsveg í Kjósarhreppi.

Umhverfisráðuneyti.
Engir sumarbústaðir eru í eigu umhverfisráðuneytisins eða undirstofnana þess.

1169. Skýrsla [57. mál]

forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Tilefni skýrslu þessarar er beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmanna um skýrslu frá forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi sem lögð var fram sem þskj. 57 á 131. löggjafarþingi. Í beiðninni var kallað eftir umfjöllun um lagalegt umhverfi stjórnmálaflokkanna hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Jafnframt yrði greint frá framkvæmd laga og reglna sem gilda um þetta efni og hvort, og þá hvernig, Ísland hefur undirgengist og framfylgt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn pólitískri spillingu og hagsmunaárekstrum og um gagnsæi og eftirlit með fjármálum stjórnmálaflokka.

Af hálfu forsætisráðuneytisins er litið svo á að mikilvægt sé að samstaða sé milli stjórnmálaflokkanna um meginreglur um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka. Af þeirri ástæðu er það mat ráðuneytisins að forræði á stefnumörkun um starfsumhverfi stjórnmálaflokka eigi að vera á vettvangi fulltrúa flokkanna sjálfra, enda væri annað verklag beinlínis varhugavert út frá lýðræðislegum meginreglum. Að því marki sem rétt getur talist að leggja stefnumörkun í þessum málaflokki til framkvæmdarvaldsins er hins vegar eðlilegt að slík stefnumörkun sé í höndum forsætisráðuneytisins.

Árið 1995 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem falið var að gera tillögur um reglur um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Nefndin skilaði skýrslu um fjármál stjórnmálaflokkanna í lok árs 1998 og setti einum rómi fram tillögur sem fólu í sér að ekki yrðu sett lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Sú niðurstaða felur í sér sameiginlega afstöðu stjórnmálaflokkanna til málsins þegar síðast var eftir henni leitað. Forsætisráðherra telur ekki eðlilegt að hann sem æðsti fulltrúi framkvæmdarvaldsins setji fram ítarlega stefnumörkun sem gengur gegn sammæli stjórnmálaflokkanna um fyrirkomulag löggjafar um fjármál þeirra, heldur sé eðlilegra að stjórnmálaflokkarnir hafi sjálfir frumkvæði að breytingum á löggjöf um þetta efni. Efnistök skýrslu þessarar ber að skoða í þessu ljósi.

Umgjörð um starfsemi stjórnmálaflokkanna.
Sögu stjórnmálaflokka í núverandi mynd má rekja nærri hundrað ár aftur í tímann. Segja má að frá stofnun Alþýðuflokks og Framsóknarflokks og formfestingu á starfsemi Sjálfstæðisflokksins á öðrum áratug síðustu aldar hafi stjórnmálaflokkar í þeirri mynd sem við þekkjum nú starfað í landinu. Í upphafi stóðu framlög flokksmanna undir starfi flokkana en

í áranna rás hefur hlutur hins opinbera í fjármögnun þeirra aukist. Í skýrslu fyrrnefndrar nefndar forsætisráðherra frá 1998 er að finna ítarlega umfjöllun um sögu stjórnmálastarfsemi, lagagrunn starfsemi stjórnmálaflokkanna og sögulega þróun hans og vísast til hennar um það efni.

Mikilvægt er að missa ekki sjónar á því í umræðu um fjármál stjórnmálaflokkanna að þeir eru hornsteinn lýðræðis í landinu og forsenda heilbrigðrar og eðlilegrar þjóðmálaumræðu. Sá rammi, sem löggjöfin markar þessari starfsemi, þarf því að treysta möguleika stjórnmálaflokkanna til að sinna því hlutverki, samhliða því að girða sem kostur er fyrir mögulega misnotkun á aðstöðu eða spillingu. Þær breytingar, sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi á undanförnum áratugum, hafa dregið stórlega úr hættu á spillingu tengdri stjórnmálastarfsemi. Viðskiptalífið hefur verið leyst úr viðjum leyfisveitinga og úthlutunarkerfa sem buðu heim óeðlilegum þrýstingi á stjórnmálamenn um úthlutun takmarkaðra gæða. Viðskiptalífið býr í dag við lagaumhverfi sem er algerlega sambærilegt við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og getur gengið að því sem vísu að vald og vilji stjórnmálamanna til að ráðskast með það umhverfi er ekki lengur til staðar. Úthlutanir lóða og jafnvel almennar starfsmannaráðningar hjá hinu opinbera voru í mörgum tilvikum í höndum stjórnmálamanna fyrr á tíð en slíkt heyrir almennt sögunni til. Endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrár og tilkoma stjórnsýslulaga og upplýsingalaga hefur stuðlað að meiri virðingu fyrir jafnræði borgaranna og auknu gagnsæi um forsendur stjórnsýsluákvarðana. Af öllu þessu leiðir að minni ástæða ætti að vera til að óttast að menn sjái ástæðu til að nota fé til að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnmálamanna nú en á árum áður.

Einstök atriði sem rakin eru í skýrslubeiðni.

Stjórnmálaflokkarnir fá tekjur sínar með framlagi úr ríkissjóði og með framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Stjórnmálaflokkarnir fá nú framlög frá hinu opinbera með þrennum hætti. Skipting þess fjár fer samkvæmt hefð eftir samkomulagi forustumanna flokkanna hverju sinni.

1. Þingflokkar fá framlög til sérfræðilegrar aðstoðar við þingflokka samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Í 1. gr. þeirra laga segir að greiða skuli þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Upphæðin er ákveðin í fjárlögum ár hvert en skipt samkvæmt ákvörðun forseta Alþingis frá 19. febrúar 1990 eftir þeirri reiknireglu að miða skuli eina einingu fyrir hvern þingmann og að auki eina einingu fyrir hvern þingflokk. Þar sem þingflokkar eru nú fimm eru því einingarnar 68 og skiptast þannig milli flokkanna:

Þingflokkur Sjálfstæðisflokks	23
Þingflokkur Samfylkingar	21
Þingflokkur Framsóknarflokks	13
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs	6
Þingflokkur Frjálslynda flokksins	5
Samtals	**68**

Á árunum 2000–2005 var fjárveiting til sérfræðilegrar aðstoðar á fjárlögum sem hér segir:

Árið 2000	46.700.000 kr.
Árið 2001	46.700.000 kr.

Árið 2002	46.200.000 kr.
Árið 2003	50.400.000 kr.
Árið 2004	55.000.000 kr.
Árið 2005	55.000.000 kr.

2. Samkvæmt 6. gr. fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum. Ákvörðun um framlög til stjórnmálaflokka samkvæmt þessari grein er tekin við gerð fjárlaga ár hvert. Sú venja hefur skapast að ákvarðanir um þetta efni séu teknar af forustumönnum stjórnmálaflokkana í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Fjárframlög á fjárlagalið *09-999-1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr.* hafa verið sem hér segir undanfarin ár:

Árið 2000 samtals	**136.000.000 kr.**
Sjálfstæðisflokkur	55.871.000 kr.
Samfylkingin	36.725.000 kr.
Framsóknarflokkur	25.170.000 kr.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	12.508.000 kr.
Frjálslyndi flokkurinn	5.726.000 kr.
Árið 2001 samtals	**164.000.000 kr.**
Sjálfstæðisflokkur	67.374.000 kr.
Samfylkingin	44.286.000 kr.
Framsóknarflokkur	30.352.000 kr.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	15.084.000 kr.
Frjálslyndi flokkurinn	6.905.000 kr.
Árið 2002 samtals	**164.000.000 kr.**
Sjálfstæðisflokkur	67.374.000 kr.
Samfylkingin	44.286.000 kr.
Framsóknarflokkur	30.352.000 kr.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	15.084.000 kr.
Frjálslyndi flokkurinn	6.905.000 kr.
Árið 2003 samtals	**180.000.000 kr.**
Sjálfstæðisflokkur	73.946.000 kr.
Samfylkingin	48.607.000 kr.
Framsóknarflokkur	33.313.000 kr.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	16.555.000 kr.
Frjálslyndi flokkurinn	7.578.000 kr.

Árið 2004 samtals	**200.000.000 kr.**
Sjálfstæðisflokkur	68.353.000 kr.
Samfylkingin	62.813.000 kr.
Framsóknarflokkur	35.986.000 kr.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	17.868.000 kr.
Frjálslyndi flokkurinn	14.981.000 kr.

3. Frá og með fjárlögum ársins 2001 hafa verið veitt framlög til stjórnmálaflokka til að mæta auknum kostnaði þeirra vegna stækkunar landsbyggðarkjördæma og breyttra aðstæðna þingmanna af þeim sökum. Samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra greiðist helmingur fjárins í hlutfalli við atkvæðafjölda í síðustu þingkosningum og hinn helmingurinn greiðist út í hlutfalli við þingmannafjölda flokkanna. Í báðum tilfellum eru atkvæði og þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness undanskildir. Fjárhæð þessara framlaga hefur verið sem hér segir:

Árið 2001	25.000.000 kr.
Árið 2002	35.000.000 kr.
Árið 2003	35.000.000 kr.
Árið 2004	40.000.000 kr.
Árið 2005	40.000.000 kr.

Framlög úr ríkissjóði til stjórnmálaflokkanna hafa þannig aukist úr 182,7 millj. kr. árið 2000 í 295 millj. kr. árið 2005 eða um rúmlega 60%.

Stjórnmálaflokkarnir fá einnig framlög til starfsemi sinnar frá einstaklingum og lögaðilum. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um hversu há þessi framlög eru eða hvernig þau skiptast.

Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, hafa lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi heimild til að draga frá tekjum sínum kostnað sem talinn er upp í 31. gr. laganna. Í 2. tölul. greinarinnar er heimild til að telja til frádráttar einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa. Við framtalsgerð er skylt að færa samanlagða fjárhæð þessara framlaga í sértakan reit á skattframtali.

Taflan hér að neðan sýnir hve mikið lögaðilar færðu til frádráttar frá tekjuskattsstofni á grundvelli 2. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Fjárhæðir þessar er að finna í reit 3110 á rafrænum skattframtölum rekstraraðila, RSK 1.04, árin 1998–2004, vegna rekstraráranna 1997–2003. Sundurgreinanlegar upplýsingar um hve háar fjárhæðir hafa á sl. þremur árum komið til frádráttar frá tekjum lögaðila liggja ekki fyrir né heldur liggja fyrir upplýsingar um hve miklum tekjum ríkissjóður hefur orðið af sérstaklega vegna framlaga lögaðila til stjórnmálaflokka.

Upplýsingarnar byggjast á rafrænum skattframtölum rekstraraðila og miðast þær við stöðu gagna 10. nóvember 2004.

Álagningarár	Fjöldi rafrænna framtala	Fjöldi með frádrátt	Gjafir og framlög
1998	9.909	1.105	198.786.093 kr.
1999	10.031	1.316	301.444.409 kr.
2000	11.675	1.574	369.552.084 kr.
2001	13.507	1.833	408.952.681 kr.
2002	13.965	2.215	481.803.948 kr.
2003	16.316	2.583	589.901.640 kr.
2004	17.216	2.884	681.388.915 kr.

Þróun í umfjöllun um fjármál stjórnmálaflokka á undanförnum árum.

Eins og fyrr segir lauk starfi nefndar fulltrúa allra stjórnmálaflokka, sem falið var að gera tillögur að reglum um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast, í árslok 1998. Sú nefnd lagði ekki til að sett yrðu sérstök lög um starfsemi eða fjárreiður stjórnmálaflokkanna og taldi eðlilegast að halda hinni fjárhagslegu umgjörð um starfsemi stjórnmálaflokkanna að mestu leyti óbreyttri.

Á undanförnum árum hefur umræða aukist um hvort og þá með hvaða hætti rétt sé að setja ákvæði í lög um fjármál stjórnmálaflokka. Meðal þess sem nefnt hefur verið eru sjónarmið um að mikilvægt sé að fjárstuðningur fyrirtækja við stjórnmálaflokka sé gagnsær auk þess sem komið hafa fram sjónarmið um að rétt sé að eftirlit sé haft með því á hvern veg stjórnmálaflokkar verja því opinbera fé sem þeim er veitt á fjárlögum.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur orðið mikil þróun í þessum efnum á undanförnum árum. Fjölmargar alþjóðastofnanir fjalla nú um fjárhagslega umgjörð stjórnmálaflokka í samhengi við bætta stjórnarhætti, lýðræðislega ábyrgð, viðbrögð við mútubrotum og baráttu gegn spillingu. Þessa gætir í samstarfi um bætta stjórnarhætti innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) en lengst er vinna að þessu leyti komin á vettvangi Evrópuráðsins. Þar er skipulegt samstarf er hefur að markmiði að berjast gegn spillingu og aðildarríkin sæta úttektum svokallaðrar Greco-nefndar sem hefur að markmiði bætta stjórnarhætti og baráttu gegn spillingu. Ísland er meðal þeirra ríkja sem undirgengist hafa aðhald og eftirlit Greco-nefndarinnar.

Sú þróun sem hér hefur verið rakin kallar að áliti forsætisráðuneytisins á að lagaramminn um fjárhagslega umgjörð stjórnmálaflokkanna hér á landi sæti endurmati. Ber í því sambandi sérstaklega að líta til tilmæla sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti að beina til aðildarríkjanna, frá 8. apríl 2003, No. R (2003) 4, um sameiginlegar reglur gegn spillingu í tengslum við fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu. Tilmælin voru samþykkt í kjölfar samþykktar þings Evrópuráðsins um sama efni frá 22. maí 2001.

Í tilmælunum er lögð áhersla á að ríkið veiti stjórnmálaflokkum stuðning og sjái til þess að fjárstyrkur af hendi hins opinbera eða einkaaðila trufli ekki sjálfstæði stjórnmálaflokka. Aðildarríkin skuli jafnframt grípa til aðgerða sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggi gagnsæi fjárframlaga og komi í veg fyrir leynileg framlög til stjórnmálaflokka. Þá skuli aðildarríkin tryggja að framlög til stjórnmálaflokka umfram tiltekið hámark séu opinber, meta hvort rétt sé að leiða í lög reglur um hámarksframlög til stjórnmálaflokka og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að farið sé í kringum reglur um viðmiðunarmörk fjárframlaga. Einnig er í tilmælunum kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja að framlög lögaðila til stjórnmálaflokka séu sérgreind í bókhaldi fyrirtækja og að hluthafar eigi rétt á upplýsingum um slík framlög. Þá skuli aðildarríkin takmarka, banna eða setja skýr mörk um framlög lögaðila sem selja opinberum aðilum vöru eða þjónustu til stjórnmálaflokka og banna lögaðilum undir stjórn opinberra aðila að leggja fram fé til stjórnmálaflokka. Áþekk ákvæði skuli gilda um framlög erlendra aðila. Þá er lagt til að sömu viðmiðunarreglur gildi um framlög til frambjóðenda og til kosningabaráttu og að aðildarríkin skuli meta þörf fyrir að setja viðmiðunarmörk um hversu miklu fé skuli varið til kosningabaráttu. Einnig er tekið fram að aðildarríkin skuli skylda stjórnmálaflokka og tengd samtök til að halda bókhald og að reikningar þeirra skuli vera samstæðureikningar fyrir viðkomandi flokk og skyld samtök. Slíkir reikningar skuli lagðir fram fyrir óháðan eftirlitsaðila í það minnsta árlega. Þá skuli skylda stjórnmálaflokka til að birta opinberlega upplýsingar um öll framlög og nöfn þeirra sem lagt hafa fram framlög yfir tiltekinni fjárhæð auk helstu kennitalna úr reikningum þeirra. Að síðustu er lagt til að aðildarríkin leiði í lög viðurlög við brotum á slíkum reglum sem talist geti hæfileg.

Þau tilmæli sem hér hafa verið rakin eru ekki bindandi fyrir Ísland samkvæmt þjóðarétti. Engu síður er ljóst að um þau hafa náðst sammæli meðal ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins og að þeim er beitt sem viðmiðunarreglum við uppbyggingu lýðræðislegra grundvallarreglna í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Í sumum tilvikum felst í tilmælunum ábending til aðildarríkjanna um að taka efnislega afstöðu til þess í hvaða mæli grípa skuli til aðgerða en í öðrum tilvikum er kveðið fastar að orði og lagðar línur um meginreglur.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að úttektaraðilar á vegum Evrópuráðsins um viðbrögð við spillingu, hin svokallaða Greco-nefnd, hafa farið yfir stöðu Íslands á þessu sviði. Í skýrslu nefndarinnar árið 2001 var meðal annars fjallað um löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka og sagði þar meðal annars að sú staðreynd að Ísland væri fámennt ríki gæti að sumu leyti auðveldað gagnsæi en gæti einnig skapað hagsmunaárekstra og ýtt undir spillingu. Úttektarnefndin lýsti í þessu sambandi sérstökum áhyggjum af skorti á reglum um fjármögnun stjórnmálaflokka.

Stefnumörkun.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er það mat forsætisráðherra að rétt sé að taka til endurskoðunar ýmis atriði í löggjöf um fjármál stjórnmálaflokka. Forsætisráðherra telur því að tímabært sé að setja á ný á fót nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem hafi að verkefni að leggja mat á þörf fyrir löggjafarumbætur á þessu sviði í ljósi þeirrar þróunar á alþjóðavettvangi sem hér hefur verið rakin. Þótt 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um félagafrelsi feli í sér sérstaka vernd fyrir stjórnmálaflokka er ekki hægt að líta svo á að sú staðreynd girði fyrir að settar verði almennar reglur um fjármál og fjárreiður stjórnmálaflokka sem samrýmast þeim sjónarmiðum sem byggt hefur verið á á alþjóðavettvangi og hér hafa verið rakin.

Forsætisráðherra telur að eðlilegt sé að slík nefnd fjalli um fjármálalega umgjörð stjórnmálastarfsemi í heild. Meðal þess sem slík nefnd þarf að fjalla um er hvernig skuli háttað eftirliti með fjárreiðum stjórnmálaflokkanna, hvort setja skuli bann við framlögum frá fyrirtækjum í opinberri eigu, hvaða reglur eigi að gilda varðandi framlög aðila sem selja vöru eða þjónustu til ríkisins til stjórnmálaflokka, hvort og þá hvaða mörk eigi að setja við nafnlausum framlögum eða hámarksfjárhæð framlaga og hvaða viðmið eigi að vera í lögum að öðru leyti um þetta efni með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins og löggjafarþróun almennt. Þá gæti þessi nefnd eftir atvikum fjallað um hvort gera skuli kröfu til ráðherra og þingmanna um að þeir upplýsi um fjármálaleg eða stjórnunarleg tengsl sín við fyrirtæki.

Forsætisráðherra hefur því skrifað formönnum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi bréf og óskað eftir að þeir tilnefni fulltrúa í nefnd til að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi. Lagt er til að nefndin skili tillögum sínum fyrir lok þessa árs.

1170. Svar [703. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um tilfærslur á fjárveitingum til framkvæmda Vegagerðarinnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið fé á fjárlagalið 10-212-6.10 Framkvæmdir, áður 10-211-6.10 Nýframkvæmdir, hefur árlega verið flutt á milli ára sl. sex ár?

Fjárlagaliðirnir 10-212 -6.10 og 10-211-6.10 eru ekki alveg sambærilegir þar eð fleiri liðir eru meðtaldir í þeim fyrrnefnda.

Eftirfarandi tölur miðast við skiptinguna eins og hún var fyrir 2004, þ.e. þær ná til stofn- og tengivega, brúa og ferðamannaleiða.

Færslur á milli ára hafa verið þessar, í þús. kr.:

1998	-483.019
1999	76.865
2000	496.439
2001	556.106
2002	1.469.309
2003	3.229.576
2004	1.960.200

Síðasta talan er bráðabirgðatala þar eð endanlegt uppgjör liggur enn ekki fyrir.

1171. Svar [679. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um lánatryggingasjóð kvenna.

1. *Hve margar umsóknir um lán hafa borist lánatryggingasjóði kvenna árlega undanfarin þrjú ár og hvernig skiptast þær eftir kjördæmum?*

Lánatryggingasjóður kvenna er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Framangreindir aðilar hafa árlega lagt fé í sjóðinn en fulltrúar þeirra sitja í stjórn hans. Árin 2001–2003 barst sjóðnum alls 91 umsókn og skiptingin eftir kjördæmum er sem hér segir:

Landshlutar	Fjöldi umsókna
Höfuðborgarsvæðið	68
Suðurnes	2
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	5
Norðurland eystra	6
Austurland	4
Suðurland	4
Alls	**91**

2. *Við hve mörgum lánsumsóknum hefur verið orðið á þessum tíma og hvernig skiptast þær eftir kjördæmum?*

Landshlutar	Veittar lánatryggingar
Höfuðborgarsvæðið	18
Suðurnes	0
Vesturland	0
Vestfirðir	0
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	1
Austurland	1
Suðurland	0
Alls	**20**

3. *Hve miklu hefur verið úthlutað úr sjóðnum á sama tíma?*

Lánatryggingasjóðurinn úthlutar ekki lánum heldur veitir hann tryggingar vegna bankalána. Árin 2001–2003 samþykkti stjórn hans lánatryggingar er svara samtals til 28.300.000 kr.

1172. Framhaldsnefndarálit [495. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu, einkum í tilefni af breytingartillögu frá Halldóri Blöndal, sbr. þskj. 925. Nefndin fékk á sinn fund Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Davíð Egilson og Trausta Baldursson frá Umhverfisstofnun og Sigmar B. Hauksson frá Skotveiðifélagi Íslands.

Í fyrrnefndri breytingartillögu er í fyrsta lagi lagt til að veiðitími á öndum verði styttur, í öðru lagi að heimilt verði að skjóta skúm nærri æðarvarpi eins og kjóa og í þriðja lagi að veiðitími á rjúpum verði styttur.

Hvað varðar styttingu á veiðitíma anda taldi fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands að breytingin væri óþörf, ráðherra hefði í núgildandi lögum heimild til að stytta veiðitímann og því þyrfti ekki lagabreytingar til. Einnig benti hann á að allar umræddar andategundir sem heimilt er að veiða væru farfuglar nema stokkönd og toppönd að hluta og aðeins lítill hluti þessara stofna hefði hér vetursetu. Ef ástæða þætti til að takmarka veiðar á þessum tegundum frekar mætti vernda þær svæðisbundið samkvæmt heimildum í núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna og 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fulltrúar Umhverfisstofnunar töldu einnig að breytingin væri óþörf og bentu á að ástand stofna væri breytilegt milli ára og því væri nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið hefði svigrúm til að meta veiðitímabilið enda yrði tryggt að ákvörðunin byggðist á faglegu mati á ástandi stofnsins á hverjum tíma.

Varðandi skúminn lagðist Náttúrufræðistofnun alfarið gegn því að heimilt yrði að skjóta skúm nærri æðarvarpi eins og kjóa þar sem um 35% af heimsstofni skúms og 93% af varpstofninum á Norðurlöndum verpur hér á landi. Með lögum nr. 63/1954 hafi skúmur verið

friðaður en þó hafi verið heimilt samkvæmt þeim lögum að veiða hann á tímabilinu 15. ágúst til 19. maí ár hvert og samkvæmt lögum nr. 33/1966 á tímabilinu frá 1. september til 31. mars ár hvert. Það skipti þó litlu máli þar sem skúmur sé lítið á landinu á þeim tíma. Frá gildistöku laganna frá 1994 hafi skúmur í raun verið alfriðaður þar sem heimild til að aflétta friðuninni hafi ekki verið beitt frá þeim tíma. Telur stofnunin engin rök til að breyta þeirri stefnu. Í þessu sambandi mætti einnig nefna að Íslendingar hefðu alþjóðlegum skuldbindingum að gegna. Þá var bent á 3. mgr. 7. gr. laganna sem kveður á um heimild ráðherra til að veita tímabundið leyfi til að veiða dýr sem talin eru valda tjóni og að meðan sú undanþáguheimild hefði jafnlítið verið nýtt til veiða á skúm og raun ber vitni væri ástæðulaust að rýmka veiðiheimildirnar með lagabreytingu. Fulltrúar Umhverfisstofnunar tjáðu nefndinni að stofnmat Náttúrufræðistofnunar væri hinn vísindalegi grunnur sem Umhverfisstofnun byggði tillögur sínar á um veiðar á einstökum tegundum.

Hvað varðar styttingu á veiðitíma á rjúpu taldi fulltrúi Náttúrufræðistofnunar að breytingin væri óþörf. Fulltrúar Umhverfisstofnunar töldu að heimildirnar í framlögðu frumvarpi nægðu.

Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin ekki ástæðu til að mæla með samþykkt breytingartillögunnar en telur nauðsynlegt að kannað verði hvort ástæða sé til að friða ákveðin svæði.

Í 2. umræðu gætti nokkurs misskilnings varðandi a-lið 2. tölul. í breytingartillögum nefndarinnar, þ.e. hvort sölubann væri því aðeins leyfilegt að einhver önnur takmörkun væri líka notuð. Það er skilningur nefndarinnar að sölubannsheimildin sé sjálfstæð heimild og því megi beita henni hvort sem er einni eða með öðrum takmörkunum. Til að koma í veg fyrir fyrrgreindan misskilning leggur nefndin til að orðin „innan leyfilegs veiðitímabils“ verði felld brott og samhliða því verði gerð smávægileg orðalagasbreyting þannig að í stað orðsins „stofnsins“ komi „viðkomandi stofns“. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils“ í 1. efnismgr. 3. gr. komi: enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar.

Gunnar Birgisson og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.
Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Gunnar Birgisson, með fyrirvara.
Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.
Mörður Árnason.		Rannveig Guðmundsdóttir.

1173. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um græðara.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Margréti Erlendsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Guðmund Sigurðsson lækni, Sigurð Guðmundsson og Vilborgu Ingólfsdóttur frá landlæknisembættinu, Stefán B. Sigurðsson frá læknadeild Háskóla Íslands og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, Læknafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands, Tækniháskóla Íslands – heilbrigðisdeild, Lýðheilsustöð, Geðlæknafélagi Íslands, landlæknisembættinu, Öryrkjabandalagi Íslands, Félagi íslenskra fótaaðgerðafræðinga, Gigtarfélagi Íslands, Bandalagi íslenskra græðara, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Blindrafélaginu, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Krabbameinsfélagi Íslands, Persónuvernd, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, læknadeild Háskóla Íslands, Heilsugæslunni í Reykjavík, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Lyfjastofnun, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Heilbrigðisstofnuninni Hólmavík og Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara með því að setja starfseminni ákveðinn ramma og er ætlunin að koma á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Skilyrði skráningar eru m.a. þau að uppfylla menntunarkröfur fagfélags innan bandalagsins og hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi eða ábyrgð veitta af viðskiptabanka eða sparisjóði.

Ætlunin með frumvarpinu er ekki að græðarar verði ný heilbrigðisstétt heldur er einungis verið að setja ramma um starfsemi græðara, koma á virku eftirliti og stuðla þannig að öryggi og gæðum þeirrar þjónustu sem græðarar veita og auðvelda notendum að nálgast upplýsingar um starfsemi þeirra.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og varða þær fyrstu orðalag, m.a. að í stað orðsins heilbrigðiskerfis sem notað er í frumvarpinu verði notað orðið heilbrigðisþjónusta sem leggur áherslu á þjónustuna sem veitt er. Nefndin telur að samkvæmt frumvarpinu sé skilgreining á þjónustu græðara of þröng þar sem svo virðist sem hún skuli bundin við meðferð á líkama fólks. Því leggur nefndin til orðalagsbreytingu sem felur í sér víðari skilgreiningu og fangar innihald starfseminnar betur.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Bandalag íslenskra græðara og landlæknir hafi eftirlit með þeim sem uppfylla kröfur fagfélags en vilja standa utan þess og fá skráningu sem græðarar. Nefndin leggur til að eftirlit með þeim verði einungis hjá bandalaginu en ekki hjá landlækni enda er eftirlit landlæknis almennt takmarkað við heilbrigðisstéttir auk þess eftirlits sem ákvæði læknalaga um skottulækningar fela í sér.

Í 3. gr. frumvarpsins er einnig ákvæði um að ráðherra geti ógilt aðild félags að skráningarkerfinu ef það uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem reglugerð kveður á um. Nefndin telur að einnig þurfi að binda í lög ákvæði um afskráningu einstaklinga, þ.e. ef þeir uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar enda geta þeir staðið utan félaga en verið skráðir græðarar samkvæmt frumvarpinu og leggur nefndin því til breytingartillögu þess efnis.

Í 3. gr. frumvarpsins er að auki kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um þær kröfur sem fagfélög verða að uppfylla til að eiga aðild að skráningarkerfinu og fyrir-

komulag skráningar, upplýsingar um starfsgrein, vistun og viðhald skráningarkerfisins o.fl. Leggur nefndin til að ráðherra kveði þar einnig á um hvernig aðgangi almennings að skrá um græðara skuli háttað enda ekki skýrt kveðið á um það í frumvarpinu.

Nefndin ræddi nokkuð muninn á bótareglum græðara og löggiltra heilbrigðisstétta en hann felst einkum í því að um starfsemi innan heilbrigðisþjónustunnar gilda lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, sem kveða á um hlutlægan rétt sjúklinga til bóta óháð sök starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar. Um starfsemi græðara gilda hins vegar almennar reglur skaðabótaréttar og bera þeir því ábyrgð á því tjóni sem þeir kunna að valda með gáleysi í störfum. Leggur nefndin til þá breytingu á 4. gr. frumvarpsins að orðið mistök verði fellt brott þar sem það fellur undir gáleysi í skaðabótarétti og er almennt ekki notað um sambærilegar ábyrgðir í lögum.

Starfsemi græðara er mjög mismunandi og felur í sér mismikil inngrip í heilsu einstaklinga. Nefndin telur að einstökum félögum eða einstaklingum gæti reynst erfitt eða jafnvel ógerlegt að uppfylla áskilnað frumvarpsins um starfsábyrgðartryggingu eða bankaábyrgð og gæti það því takmarkað úr hófi möguleika einstaklinga til skráningar í hið frjálsa skráningarkerfi græðara sem er megininntak frumvarpsins. Leggur nefndin því til þá breytingu á 4. gr. frumvarpsins að ráðherra verði heimilt að meta gilda annars konar tryggingu en ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi eða ábyrgð veitta af viðskiptabanka eða sparisjóði, þó með því skilyrði að hún veiti sjúklingum sambærilega vernd. Þannig gæti ráðherra t.d. metið sem fullnægjandi tryggingu stofnun sjóðs innan fagfélags eða öflun starfsábyrgðartryggingar fyrir félagsmenn (græðara) viðkomandi félags.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að um meðferð upplýsinga fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar sem græðarar vinna með eru í mörgum tilvikum viðkvæmar persónuupplýsingar og verður því að gera mjög ríkar kröfur til öryggis þeirra. Leggur nefndin því til þá breytingu á frumvarpinu að kveðið verði skýrt á um að um öryggi upplýsinganna fari einnig samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og enn fremur reglum settum með stoð í þeim.

Þá var rætt ákvæði 7. gr. frumvarpsins um að heilbrigðisstofnun sé heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara. Leggur nefndin áherslu á að heilbrigðisstofnanir móti sér stefnu um hvenær skuli orðið við slíkum óskum og að kveðið verði skýrt á um það að kostnaður við þjónustuna greiðist af sjúklingi sjálfum. Þá leggur nefndin til þá breytingu að fái sjúklingur á heilbrigðisstofnun meðhöndlun græðara verði meðferðin skráð sérstaklega í sjúkraskrá sjúklings.

Loks var nokkuð rætt um ákvæði 7. gr. frumvarpsins um takmarkanir á heilsutengdri þjónustu græðara og telur nefndin þær eðlilegar. Þar er m.a. kveðið á um að meðferð alvarlegra sjúkdóma skuli einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmanni nema sjúklingur óski eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni og skal græðari í slíkum tilvikum fullvissa sig um að slíkt samráð hafi verið haft. Nefndin leggur áherslu á að samráð samkvæmt greininni lýtur að samskiptum græðara við heilbrigðisstarfsmann og minnir á ábyrgð þeirra gagnvart þeim sem þeir meðhöndla. Þá telur nefndin að greinin tryggi sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga, minni þá á ábyrgð á eigin heilsu og feli í sér að það sé eftir sem áður ákvörðun sjúklings að leita eftir þjónustu græðara en að samráð feli í sér að það sé hans að upplýsa lækni og eftir atvikum heilbrigðisstarfsmenn um það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara.

Þuríður Backman, Bjarni Benediktsson og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 2005.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Einar Karl Haraldsson.	Una María Óskarsdóttir.

1174. Breytingartillögur [246. mál]

við frv. til l. um græðara.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Fyrri málsliður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Markmið laga þessara er að stuðla að gæðum heilsutengdrar þjónustu græðara og öryggi þeirra sem leita eftir slíkri þjónustu eða nýta sér hana.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „leggja stund á“ í 1. mgr. komi: veita.
   b. Í stað orðanna „utan hins almenna heilbrigðiskerfis“ í 1. og 2. mgr. komi: utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu.
   c. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Slík þjónusta felur í sér meðferð með það að markmiði að efla heilsu fólks, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin „og landlæknis“ í lokamálslið 3. mgr. falli brott.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Uppfylli skráður græðari ekki lengur skilyrði skráningar skal Bandalag íslenskra græðara taka hann af skrá.
   c. Á eftir orðunum „starfsgrein græðara“ í síðari málslið 5. mgr. komi: aðgang almennings að skrá yfir græðara.
4. Við 4. gr.
   a. Orðin „mistökum eða“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „enda veiti hún sambærilega vernd“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eða annars konar tryggingu sem veitir sambærilega vernd að mati ráðherra.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „hins almenna heilbrigðiskerfis“ í fyrri málslið komi: hinnar almennu heilbrigðisþjónustu.
   b. Síðari málsliður orðist svo: Að öðru leyti fer um meðferð upplýsinga, þar á meðal öryggi þeirra, samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum settum með stoð í þeim.
6. Við 5. mgr. 7. gr. bætist: og ber þá að skrá það í sjúkraskrá sjúklings.

1175. Nefndarálit [686. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti og Ólaf Kjartansson og Guðlaug Sverrisson frá Úrvinnslusjóði.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum að vaxtatekjur af úrvinnslugjaldi skuli renna til Úrvinnslusjóðs. Hins vegar er lagt til að gildistöku ákvæðis sem heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðir verði frestað til 1. janúar 2006, um fjóra mánuði, sbr. ákvæði til bráðabirgða II og III í lögunum.

Hvað varðar vaxtatekjurnar er nefndin sammála rökum þeim sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og telur að um sanngjarna og eðlilega breytingu sé að ræða. Hins vegar telur nefndin bagalegt að fresta þurfi enn á ný gildistöku ákvæðis sem heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðir. Fram kom í máli gesta að 15% reiknireglan væri ónákvæm og stefnt væri að því að leggja fram nýtt frumvarp í haust með nákvæmari reiknireglum. Það er mat nefndarinnar að betra sé að vanda til verka og hún leggur áherslu á að vinnu við smíði nýrra reiknireglna og annarri vinnu sem nauðsynleg er í því sambandi, svo sem breytingum á tölvukerfum, verði lokið á tilsettum tíma svo að ekki þurfi að koma til frekari frestunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Gunnar Birgisson.
Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1176. Svar [688. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Katrínar Ásgrímsdóttur um eftirlit og þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra fylgja því eftir að Umhverfisstofnun feli heilbrigðisnefndum eftirlit og þvingunarúrræði þar sem það á við, svo sem á Austurlandi?

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, er gengið út frá því sem aðalreglu að eftirlit með þeim þáttum sem undir lögin falla sé

í höndum heilbrigðisnefnda. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laganna fer Umhverfisstofnun aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Stofnuninni er heimilt að framselja eftirlit sem hún fer með til heilbrigðisnefnda með samningi ef ósk berst um það en ekki er í slíkum samningum heimilt að fela heilbrigðisnefndum framkvæmd þvingunarúrræða.

Ráðuneytinu hefur borist erindi frá heilbrigðisnefnd Austurlands um flutning á tilteknum eftirlitsverkefnum frá Umhverfisstofnun til Heilbrigðiseftirlits Austurlands, þ.e. eftirlit með álveri Reyðaráls, olíubirgðastöðvum og fiskeldi. Ráðuneytið hefur lýst þeirri skoðun að ekkert sé því til fyrirstöðu að gerður verði samningur milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar Austurlands um flutning þessara eftirlitsverkefna, enda eru fordæmi fyrir slíku. Þar má m.a. nefna samning frá 1995 um eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum og frá 1998 með sorpförgun og spilliefnamóttöku á Austurlandi. Að mati ráðuneytisins hefur Heilbrigðiseftirlit Austurlands sinnt því eftirliti með prýði og án athugasemda frá Umhverfisstofnun. Ráðuneytið er fylgjandi því í samræmi við meginreglu laga nr. 7/1998, sbr. 13. gr. þeirra, að heilbrigðisnefndir sjái um að framfylgt sé ákvæðum laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim, sækist nefndirnar eftir því og hafi þær yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki til þess að sinna slíku eftirliti. Ráðuneytið metur málið svo að Heilbrigðiseftirlit Austurlands eigi að vera í stakk búið til þess að taka að sér tiltekið eftirlit, ekki síst með olíubirgðastöðvum og fiskeldi, enda er eftirlitið öflugt og hefur yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki.

Ráðuneytið hefur verið í sambandi við Umhverfisstofnun vegna þessa en lögum samkvæmt er það Umhverfisstofnun sem gerir samninginn en umhverfisráðuneytisins síðan að staðfesta hann. Nýlega ítrekaði ráðuneytið við Umhverfisstofnun að gera eigi samning um þetta eftirlit milli Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands og hefur stofnunin óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um málið. Ráðuneytið hefur þannig fylgt málinu eftir og væntir þess að niðurstöður fáist fljótlega.

Eins og áður kom fram heimila lög ekki að þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar séu falin öðrum þó að eftirlitið framselt sé samkvæmt samningi. Eigi að breyta því þarf að koma til lagabreyting.

1177. Þingsályktun [438. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 644.

1178. Þingsályktun [604. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 903.

1179. Þingsályktun [605. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 904.

1180. Frumvarp til laga [537. mál]

um breytingu á lögum um meinatækna, nr. 99/1980, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um meinatækna, nr. 99/1980.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa prófi í lífeindafræði frá háskóla hér á landi.

b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leitað umsagnar Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Enginn má kalla sig sérfræðing á tilteknu sviði lífeindafræði nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um veitingu sérfræðileyfa innan lífeindafræði að fengnum tillögum landlæknis, Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögunum:

a. Í stað orðsins „meinatæknir“ í 1., 3., 5., 7. og 8. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lífeindafræðingur.
b. Í stað orðanna „Meinatæknafélags Íslands“ í 3. gr. kemur: Félags lífeindafræðinga.
c. Í stað orðsins „meinatæknastarfa“ í 4. gr. kemur: starfa lífeindafræðings.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um lífeindafræðinga.**

II. KAFLI

Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna bætist: þ.m.t. rannsóknastofur þar sem stundaðar eru lækningarannsóknir.

6. gr.

Við 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna bætist: og hvort stofnunin uppfylli þær faglegu kröfur sem gera þarf til viðkomandi starfsemi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1181. Frumvarp til laga [789. mál]

um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að afsala til sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til í 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965, sbr. hnit á landabréfi í viðauka við lög þessi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.



Eignarhald Landsvirkjunar vegna Búrfellsvirkjunar, byggð 1966 - 1972 svæði 1 við Búrfell

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru íslenska ríkið og Reykjavíkurborg og skyldi hvor aðili um sig eiga helmingshlut. Meðal þess sem ríkið lagði til sem stofnframlag samkvæmt sameignarsamningi voru vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell ásamt landi sem til þurfti vegna virkjunarinnar.

Forsvarsmenns ríkisins voru í góðri trú um að það væri eigandi þeirra réttinda sem lögð voru fram af þess hálfu til sameignarfélagsins enda byggðust þau á afsali frá fyrirtækinu Titan h/f frá árinu 1952. Nýlegir úrskurðir óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt 21. mars 2002 og Landmannaafrétt 10. desember 2004 skýra réttarstöðuna og eignarhald varðandi vatns- og landsréttindi á svæði Búrfellsvirkjunar. Samkvæmt þeim hafði Titan h/f og þeir aðilar sem félagið leiddi rétt sinn frá ekki eignarrétt yfir því svæði sem hér um ræðir. Eignartilkalli Landsvirkjunar var hafnað og telst umrætt svæði þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar með eignarrétt.

Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal vatnsréttinda og lands á þessu svæði til fyrirtækisins er það niðurstaða eigenda fyrirtækisins að nauðsyn beri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarrétti að þessum réttindum. Með því móti er tryggt að fyrirtækið verði að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað með nefndum samningi að því marki sem hann náði til ráðstöfunar þess lands og vatnsréttinda á nefndu svæði, sem ríkið taldi sig eiganda að við gerð sameignarsamningsins frá 1965.

Í greinargerð þeirri er hér fer á eftir verður fyrst vikið að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og stofnun óbyggðanefndar. Þá verður fjallað um stofnun Landsvirkjunar, samninga

og lög sem um fyrirtækið hafa gilt og gerð ítarleg grein fyrir áðurnefndum úrskurðum óbyggðanefndar og þeim forsendum sem hún lagði niðurstöðu sinni til grundvallar. Loks verða skýrðar forsendur eigenda fyrir þeim ráðstöfunum sem frumvarp þetta felur í sér.

Þjóðlendulög og hlutverk óbyggðanefndar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er þjóðlenda skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar og lögaðilar geti átt þar takmörkuð eignarréttindi. Með 2. gr. sömu laga var ríkið lýst eigandi þjóðlendna, sem og hvers konar landsréttinda og hlunninda innan þeirra sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Lög þessi réðu því þó ekki til hlítar hvaða svæði þetta væru, enda ógerningur að skera með lögum úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda og eftir atvikum um önnur réttindi innan þjóðlendna. Með sömu lögum var því komið á fót sérstakri nefnd í þessu skyni, óbyggðanefnd, og henni falið að leysa á skipulegan hátt úr þeim álitaefnum sem uppi eru um þetta hvar sem er á landinu.

Í 7. gr. laga nr. 58/1998 er hlutverki óbyggðanefndar lýst á svofelldan hátt:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Fyrsta landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var norðanverð Árnessýsla. Eftir að kröfum hafði verið lýst var ákveðið að skipta svæðinu upp í sjö aðskilin mál. Fjallað var um Gnúpverjaafrétt í úrskurði í máli nr. 7/2000 sem kveðinn var upp 21. mars 2002. Var þar meðal annars skorið úr um eignarrétt á Búrfellssvæðinu vestan Þjórsár.

Þar sem Þjórsá liggur á mörkum Árnes- og Rangárvallasýslna þurfti að bíða um sinn eftir að niðurstaða óbyggðanefndar lægi fyrir um Búrfellsvirkjunarsvæðið beggja vegna árinnar. Þriðja landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Var fjallað um Landmannaafrétt og þ.a.l. austurbakka Þjórsár við Búrfell í úrskurði í máli nr. 2/2003 sem kveðinn var upp 10. desember 2004.

Um stofnun Landsvirkjunar og framlög eigenda.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Stofnendur fyrirtækisins voru skv. 1. gr. laganna ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur og skyldi hvor aðili um sig eiga helming fyrirtækisins. Skv. 1. mgr. 5. gr. skyldu ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir og réttindi sem tiltekin voru í 4. gr. laganna, en auk þess skyldu aðilar gera nánar grein fyrir þessum framlögum í sameignarsamningi um fyrirtækið. Í 4. gr. laganna sagði svo:

> „Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell."

Í 6. gr. laganna sagði síðan:

> „Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.“

Loks sagði í 18. gr. laganna að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögunum. Í samræmi við 5. gr. laga nr. 59/1965 gerðu ríki og Reykjavíkurborg sameignarsamning um Landsvirkjun sem undirritaður var hinn 1. júlí 1965. Í 2. gr. samningsins var gerð nánari grein fyrir þeim eignarréttindum sem 4. og 6. gr. laganna gerðu ráð fyrir að hvor aðili um sig legði til fyrirtækisins. Þar sagði m.a.:

„Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:
1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.“

Í 5. tölul. A-liðar var fjallað um peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. samningsins var framlag Reykjavíkurborgar útlistað. Byggðist sá helmingseignarhlutur sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965 að hvor aðili um sig skyldi eiga í fyrirtækinu, á þessum framlögum. Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Hinar helstu voru þær að skv. 2. gr. var bætt við 4. gr. laganna svohljóðandi málsgrein:

„Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.“

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði hún svo:

„Landsvirkjun er heimilt:
1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.“

Í 2. gr. breytingalaganna er 4. gr. eldri laganna breytt þannig að kveðið er á um að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Engar breytingar urðu þó á eignarhlut aðila, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkisstjórn og Reykjavíkurborg. Við

samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000 nýkr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og féll sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 þá úr gildi. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 42/1983 kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og að þar hafi verið samkomulag um framangreind eignarhlutföll. Í athugasemdum við 1. gr. sagði:

> „Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965."

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Skv. 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesjavirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt væri greitt fyrir slík réttindi. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbyndu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttist ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum frá 1981. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði um eignarhluti aðila í fyrirtækinu:

„1. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%"

Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Gnúpverjaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar 21. mars 2002.

Um samninga Gnúpverjahrepps og framsal þeirra.

Um Gnúpverjaafrétt segir í úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000:

„Hinum upprunalega Gnúpverjaafrétti má nú skipta í tvo hluta. Að norðanverðu er landsvæði sem frá fornu fari og fram á þennan dag hefur verið nýtt sem afréttur Gnúpverja. Að sunnanverðu er hins vegar landsvæði sem áður tilheyrði afréttinum en hreppsnefnd Gnúpverjahrepps seldi Einari Benediktssyni 1916, þ.e. landsvæði sem auðkennt hefur verið sem Búrfell og Skeljafell. Þetta svæði liggur í Þjórsárdal austan Fossár og afmarkast nánar tiltekið þannig: Þjórsá í Fossá og Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri) og þaðan beina línu í Þjórsá, neðan við graslendi Sandafells. Einar framseldi kaupsamning sinn til fossafélagsins Titans 1917 sem á árunum 1951–1952 seldi réttindi sín íslenska ríkinu. Við stofnun Landsvirkjunar 1965 lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi til Landsvirkjunar, þ.m.t. á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu.“

Nánar er svo fjallað í úrskurðinum um þá kaupsamninga sem gerðir voru á fyrstu áratugum síðustu aldar um vatnsréttindi í Þjórsá. Þar segir m.a.:

„Gnúpverjahreppur var einn þeirra hreppa í Árnessýslu sem ráðstafaði vatnsréttindum á afrétti sínum í upphafi 20. aldar. Þetta kom m.a. fram í því að 20. febrúar 1909 veitti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps Gesti Einarssyni á Hæli „fullt og ótakmarkað einkaumboð til þess að selja, leigja eða á annan hátt koma í verð eign hreppsins: fossunum Þjófafossi, Tröllkonufossi og Gljúfurleitarfossi, öllum í Þjórsá, Hávafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá ásamt vatninu í nefndum ám og árfarvegum“. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu 26.–30. apríl sama ár. Á fundi hreppsnefndar Gnúpverjahrepps 9. mars 1911 var samþykkt að hverjum þeim, sem keypti eða leigði fossa þá er nefndir væru í umboði Gests Einarssonar, „[væri] heimilt land eptir þörfum til útbyggingar hvers foss fyrir sig endurgjaldslaust, þar með talinn rjettur til að gjöra nauðsynlega skurði til vatnsleiðslu, land undir nauðsynleg hús og aðrar byggingar, er notaðar kunna að verða til starfrækslu fossanna sjerstaklega“. Einnig var tekið fram að væntanlegum kaupendum eða leigjendum fossanna væru heimil án endurgjalds hvers kyns byggingarefni, sem kynnu að finnast í löndum hreppsins, til bygginga í sambandi við fossana.

Umboð þetta framseldi Gestur Einarsson Þorleifi Guðmundssyni 24. febrúar 1911. Það komst síðar í hendur Sturlu Jónssonar og 19. febrúar 1914 seldi hann, í umboði Gnúpverjahrepps, fossafélaginu Titan réttindi sem hreppurinn taldi sig eiga í fyrrnefndum fossum. Í fyrstu grein samnings er tilgreint nákvæmlega hvað selt var:

„Hið selda er:

a. Eignarhluti seljanda í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 400 – fjögur hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins meðfram ánni er sje á lengd 200 – tvö hundruð – faðmar upp með ánni frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðmar niður með ánni frá fossinum.
b. Eignarhluti seljanda í Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá ásamt öllu vatninu og árfarvegi í báðum þessum fossum og alla leið á milli þeirra og ennfremur 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá Tröllkonufossi og 500 – fimm hundruð – faðma niður ána frá Þjófafossi, svo og með 200 – tvö hundruð – faðma breiðri landsspildu meðfram ánni alla leið milli ofangreindra enditakmarka 500 föðmum fyrir ofan Tröllkonufoss og 500 föðmum fyrir neðan Þjófafoss.
c. Eignarhluti seljanda í Hávafossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 1000 – eitt þúsund – faðma upp ána frá fossinum og 1000 – eitt þúsund – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu úr landi hreppsins milli tjeðra enditakmarka fyrir ofan og neðan fossinn.
d. Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú

hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins milli tjeðra endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.

e. Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Kaupinu eru undan skilinn allur námarjettur hvers kyns sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins."

Samningi þessum var þinglýst án athugasemda þann 19. júní 1914. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps gaf síðan út fullt afsal 16. júlí sama ár, þegar gerð höfðu verið öll skil fyrir umsömdu kaupverði, og var það fyrir fram innritað 1. október 1914 til þinglýsingar í Gnúpverjahreppi 1915."

Sumarið 1916 var Gesti Einarssyni fengið formlegt umboð frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps til að selja Búrfell og Skeljafell, syðst í Gnúpverjaafrétti, að svo miklu leyti sem réttindi á því svæði höfðu ekki þegar verið seld, sbr. það sem að framan greinir um Tröllkonufoss og Þjófafoss. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aukafundi sýslunefndar Árnessýslu 17. júlí sama ár. Hinn 28. júlí 1916 seldi Gestur Einari Benediktssyni Búrfell og Skeljafell með þessum landamerkjum: „Úr Þjórsá ræður merkjum Fossá að Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri), þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells, en þaðan ræður Þjórsá merkjum niður að Fossá." Undanskilið sölunni var það land, fossar, vatnsafl og réttindi sem Sturla Jónsson hafði, í umboði Gnúpverjahrepps, áður selt með fyrrgreindu afsali, 16. júlí 1916. Í 3. gr. samningsins segir á þessa leið:

„Hreppurinn áskilur sjer rjett sinn til skógarhöggs í Búrfellshálsi óskertan og endurgjaldslaust. Þó skal þetta skilyrði ekki mega koma í bága við starfrækslu eða afnot kaupandans af því selda, en gjalda skal hann fullar bætur eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna fyrir tjón það sem þá kann að verða á skógarhögginu.

Sömuleiðis áskilur hreppurinn sjer rjett til uppreksturs og afrjettarnotkunar á hinni seldu landsspildu endurgjaldslaust svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rjett sinn á landinu."

Samningnum var þinglýst 12. júní 1918 með athugasemdinni „Seljanda brestur þingl. eignarheimild". Síðar hefur verið bætt við, án dagsetningar, „en verður að teljast notariskur eigandi að hinu selda".

Hinn 11. febrúar 1917 framseldi Einar Benediktsson réttindi sín samkvæmt framangreindum kaupsamningi til fossafélagsins Titans. Samningi Einars og Titans var þinglýst athugasemdalaust 27. júní 1919. Afsal þessara réttinda til fyrirtækisins var gefið út 2. september 1923 og fyrir fram innfært í afsals- og veðmálabók 27. nóvember sama ár. Því afsali var þinglýst athugasemdalaust 11. júlí 1924.

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

„Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn."

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur milli landbúnaðarráðuneytisins og Titan h/f þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu og var kaupsamningurinn síðan áritaður um afsal til landbúnaðar-

ráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins af skilanefnd Titan h/f 16. janúar 1952. Því afsali var að sama skapi þinglýst athugasemdalaust 29. janúar 1952.

Í samningi þessum sagði:

„Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavík på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og söer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som selskabet har erhvervet i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter:

— [Hér er sleppt úr skjölum nr. 1–24 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

— 25. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Háifoss og Hjálparfoss i Fossá (Skeiðahreppurs andel).

— 26. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Gljúfurleitarfoss, Tröllkonufoss og Þjófafoss i Þjórsá, Háifoss og Hjálparfoss i Fossá og Geldingaárfoss i Geldingaá (Gnúpverjahreppurs andel).

— 27. Sköde, dateret d. 2. september 1923, angående Búrfell og Skeljafell i Gnúpverjahreppsafréttur.

— [Hér er sleppt úr skjölum nr. 28–35 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.“

Við stofnun Landsvirkjunar lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi, þar með talin á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Er þar um að ræða hluta þeirra réttinda sem ríkið taldi sig komið að með framangreindum samningi við Titan h/f.

Niðurstaða óbyggðanefndar um einkaeignarréttarlega ráðstöfun réttinda á Gnúpverjaafrétti.

Um þýðingu framangreindra samninga sagði m.a. svo í niðurstöðu óbyggðanefndar:

„Óbyggðanefnd [telur] að beinn eignarréttur jarðeigenda í Gnúpverjahreppi eða eftir atvikum Gnúpverjahrepps hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir [...]. Samningar og afsöl hreppsnefndar á vatnsréttindum ásamt fleiru til Titan h/f árið 1914, kaupsamningur sama aðila við Einar Benediktsson um Búrfell og Skeljafell í afréttinum árið 1916 eða afsal réttinda samkvæmt þeim samningi til Titan h/f árið 1923, fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titan seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði, enda gat ekki falist í þeim viðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki talið, að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppsins yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við

þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarbeit, væru almenningseign."

Síðan sagði:

„Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum hefur því ekki verið sannað að sá hluti Gnúpverjaafréttar sem hér er til úrlausnar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða."

Á sömu forsendum taldi nefndin að Búrfells- og Skeljafellssvæðið, sem selt var undan afréttinum með kaupsamningi, dags. 28. júlí 1916, hefði þá verið utan eignarlanda.

Í samræmi við þessa niðurstöðu taldi nefndin að Gnúpverjahrepp hefði skort eignarheimildir til að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið Titan hefði því ekki verið réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði hinn 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt sinn á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

Réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum.

Loks tók óbyggðanefnd til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun hafa verið fengin að lögum eða í samræmi við lög. Um þetta sagði m.a. svo í niðurstöðu nefndarinnar:

„Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt."

Þá kemur fram að óbyggðanefnd hafi gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn, lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Síðan segir:

„Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar frá 29. mars 2001 í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreiningu eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan."

Niðurstöður óbyggðanefndar í samandregnu máli.

Í úrskurði óbyggðanefndar er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í afrétti hreppsins í upphafi síðustu aldar. Gerð er grein fyrir framsali þessara réttinda með einkaréttarlegum samningum allt til þess tíma er ríkið lagði hluta þeirra fram sem framlag sitt við stofnun Landsvirkjunar árið 1965.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn og því hvorki verið bær til þess að afsala landi né vatnsréttindum. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning. Afrétturinn er því þjóðlenda í eigu ríkisins sem og þau landsréttindi og hlunnindi sem henni tilheyra. Óbyggðanefnd taldi enn fremur að lögbundin heimild til að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar, þar á meðal

vatnsréttindin, hefði verið gerð með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent voru að hluta þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan. Þar sem hinir einkaréttarlegu samningar, sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á lands- og vatnsréttindunum, voru ólögmætir sökum vanheimildar hreppsins var hvorki með einkaréttarlegu framsali né lögum hægt að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar. Það er því niðurstaða nefndarinnar að með löggjöf um Landsvirkjun og öðrum lögum sem fyrirtækið sækir rétt sinn til hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi Landsvirkjun til handa.

Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Landmannaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar 10. desember 2004.

Svæðið austan Þjórsár sem kemur til skoðunar í sambandi við Búrfellsvirkjun var til umfjöllunar í úrskurði í máli 2/2003 Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra sem kveðinn var upp 10. desember 2004. Niðurstaða varðandi réttindi Landsvirkjunar austan Þjórsár í tengslum við Búrfellsvirkjun var sams konar og verið hafði vestan árinnar í úrskurðinum um Gnúpverjaafrétt.

Í úrskurði óbyggðanefndar er rakin tilurð þess að réttindi í Þjórsá voru seld Einari Benediktssyni og síðar íslenska ríkinu. Á aukafundi sem haldinn var í sýslunefnd Rangárvallasýslu að Efra-Hvoli 16. nóvember 1916 var fjallað um sölu vatnsréttinda. Í bókun frá fundi nefndarinnar segir svo:

> „Oddviti sýslunefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon, setti fundinn og skýrði nefndinni frá, að hann hefði boðað til þessa fundar samkvæmt beiðni hreppsnefndanna í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi, er óskuðu nú þegar, að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess, að mega selja, leigja eða yfirfæra á annan hátt til hlutafélagsins „Titan" í Reykjavík öll þau réttindi til vatnsafls, sem nefndum hreppum tilheyra, í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða í heimalöndum þeirra er að ánum liggja og hreppsfélögin sem slík eiga sérstaklega, svo og til þess að selja, leigja eða heimili á annan hátt sama félagi allt það land og byggingarefni í nefndum afréttum, er þarf til þess, að vatnsaflið verði notað, hvort heldur væri til stíflugarða, vatnsgeyma, áveitu eða fráveitu, eða á hvern annan hátt sem með þarf til þess að vatnsaflið sjálft verði hagnýtt í félagsins þarfir.
>
> Oddviti lagði síðan fram skriflega beiðni hreppanna hér að lútandi frá oddvita Landmannahrepps, dags. 8. þ.m., oddvita Ásahrepps, dags. 13. þ.m. og oddvita Holtahrepps, dags. 15. þ.m.
>
> Nefndinn veitti e. hlj. skilyrðislaust samþykki sitt við beiðnum öllum samkvæmt framanskráðu."

Eins og fram kemur í úrskurðinum hafði Eyjólfur Guðmundsson, hreppsnefndaroddviti í Landmannahreppi, gert Einari Benediktssyni svohljóðandi tilboð í júní 1916:

> „Gegn 6000.00 sex þúsund krónum, skal selja nefndum hr. Einari Benediktssyni vatnsafl og rétt til notkunar þess í Þjórsá fyrir Landmannahreppsafréttarlandi, frá Tungnárósi til Merkihvolslands, og frá Galtarlækjarlandi til Skarfaneslands."

Tilboð þetta samþykkti Einar Benediktsson með áritun á skjalið 29. nóvember 1916. Tilboðið var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Hinn 14. febrúar 1919 var síðan gefið út svohljóðandi afsal:

> „Með því að fyrv. sýslumaður Einar Benediktsson hefir með skali, dags. 11. febrúar 1917 framselt h/f „Titan" öll réttindi sín samkvæmt framanrituðu kauptilboði og með því að h/f „Titan" hefir fyrir lok

síðastl. árs greitt Landmannahreppi eftirstöðvar kaupverðsins kr. 4.000 -fjögur þúsund- kr., þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir, að h/f „Titan" er rjettur eigandi allra rjettinda þeirra sem ræðir um í hinum framanritaða kauptilboði að engu undanskildu."

Afsalið var innritað til þinglesturs 23. maí 1919 og þinglýst sama ár. Hinn 1. desember 1916 undirritaði Eyjólfur Guðmundsson, oddviti Landmannahrepps, svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirskrifaður oddviti hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi í Rangárvallarsýslu lýsi hér með yfir því fyrir hönd greindrar hreppsnefndar eftir ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu samkvæmt fundargjörð 16. f.m., og að tilskyldu samþykki fyrrverandi sýslumanns Einars Benediktssonar, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur á eða hefur heimild til yfir Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, er liggja til Þjórsár hvort heldur er fyrir löndum eða afréttum, og hvort heldur skuli notast til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana, sem miða eða lúta að fyrirtækjum eða framkvæmdum til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á réttarsvæði hreppsins, yfirfærast til hlutafélagsins Títan gegn því, að öllum skilyrðum í fyrri samningum við nefnt félag eða herra Einar Benediktsson verði fullnægt af félaginu, og að allur ágangur, skemmdir eða landspell, sem kunna að orsakast á löndum eða afréttum við stýflur, vegalagning, vatnsgeymslu eða önnur fyrirtæki, sem standa í sambandi við starfrækslu eða notkun ofangreindra réttinda, verði bætt hreppnum með tvöfalldri upphæð þess mats, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn eiga að virða, ef samkomulag verður ekki milli eiganda réttindanna og þess eða þeirra, sem eiga að hagnýta sér þau."

Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti Einar Benediktsson fyrir hönd Titan h/f yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

Kaup landbúnaðarráðuneytisins á réttindum Titan h/f.

Áður hefur verið rakinn kaupsamningur sá sem undirritaður var hinn 8. júní 1951 milli landbúnaðarráðuneytisins og Titan h/f, sbr. afsal 16. janúar 1952 þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu. Í samningi þessum segir svo:

„De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter: [Sleppt er úr skjölum sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

— 1. ...

...

— 29. Sköde, dateret d. 14. februar 1919, angående vandkraft i Þjórsá i Landmannahreppurs fjældgræsegange.

...

— 35. Sköde, dateret d. 31. október 1917, angående vandrettigheder i Holtaafréttur og Landmannaafréttur."

Niðurstaða óbyggðanefndar í úrskurðinum 10. desember 2004 varð sú að Landmannaafréttur hefði aldrei verið undirorpinn einkaeignarétti:

„Í samræmi við þá niðurstöðu verður að telja að Landmannahrepp og Holtahrepp hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Landmannaafrétti. Hf. Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Nauðsynlegt er þó að árétta að þar er eingöngu um að ræða í þessu tilviki vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.“

Ekki var heldur talið að Landsvirkjun gæti byggt eignarrétt á lögum eða hefð. Væri fyrirtækið því ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi þjóðlendulaga. Fyrirtækið færi hins vegar með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem það hefði reist á afréttinum og nyti lögvarins réttar til nýtingar þeirra.

Breytt réttarskipan á Gnúpverja- og Landmannaafréttum.

Ljóst er af því sem rakið hefur verið hér að framan að grundvallarbreyting hefur orðið á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar við gildistöku laga nr. 58/1998 og að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 7/2000 og 2/2003. Eftir gildistöku laganna telst ríkið eigandi þeirra fasteignarréttinda, lands- og vatnsréttinda, sem fram að því voru eigendalaus, en Landsvirkjun hafði áður að hluta talið til réttinda yfir á grundvelli þeirra heimilda sem einnig eru raktar hér að framan og óumdeilt er að ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins. Ágreiningslaust er einnig að eignarhald ríkisins í Landsvirkjun hefur m.a. byggst á þessu framlagi þess við stofnun fyrirtækisins og ásamt öðru tryggt ríkinu helmingseignarhlut í því.

Að undanförnu hefur í samráði við meðeigendur ríkisins að fyrirtækinu verið fjallað um hvernig óbreytt réttarstaða þess verði tryggð að breyttri réttarskipan á svæðinu. Hafa eigendurnir sammælst um að réttarstaða fyrirtækisins verði ekki að fullu tryggð nema ríkinu verði með lögum heimilað að framselja því þau réttindi sem samningurinn frá 1965 tók til, enda hafi framsal þeirra í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar byggst á vanheimild sem ekki verði bætt úr á annan hátt. Hafa bæði borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri staðfest þá afstöðu bréflega og beint því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir lagasetningu í þá veru sem frumvarp þetta felur í sér.

Þar eð ríkinu er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, óheimilt að selja neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum er í samræmi við þessa niðurstöðu eigendanna leitað eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar þeim hluta þeirra réttinda, sem ætlunin var að framselja til fyrirtækisins á grundvelli 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965, sem nú telst tilheyra þjóðlendu í eigu ríkisins. Í því felst að Landsvirkjun verður að eignarrétti eigandi að þeim hluta þjóðlendunnar og réttinda innan hennar sem samningsákvæði þetta tók til. Þar er annars vegar um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem ríkið taldi sig komið að með afsalinu frá Titan 1952 að því marki sem þarf til að reka 210 MW virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi sem teygir sig að óverulegu leyti inn á Landmannaafrétt. Þar eð ákvæði samningsins dró því ekki skýr landfræðileg mörk hvaða land þyrfti til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt efni þess er því nánar lýst í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þessa til hvaða landsvæðis það tekur, auk þess sem landamerkin eru nákvæmlega útfærð með hnitum á landabréfi því sem fylgir frumvarpinu sem viðauki. Aðrir hlutar svæðisins verða eftir sem áður þjóðlenda í eigu ríkisins í samræmi við úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 og

10. desember 2004. Innan þeirra nýtur Landsvirkjun áfram þeirra sérstöku réttinda sem fyrirtækinu hafa á hverjum tíma verið veitt að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heimild þessi er byggð á 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965 en tekur þó einvörðungu til þess hluta þeirra réttinda, sem það ákvæði vísar til, sem skilanefnd Titan h/f afsalaði til ríkisins 16. janúar 1952. Þar er annars vegar um að ræða 25 km² landskika sem er einkum í Búrfells- og Skeljafellslandi en teygir sig einnig austur yfir ána yfir á Landmannaafrétt. Hins vegar er um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem fylgja þessu landi og að því marki sem þarf til að virkja allt að 210 MW afl. Að þessu athuguðu eru landamerki svæðisins sem afsalsheimildin tekur til dregin sem hér segir, sbr. jafnframt viðauka sem fylgir frumvarpinu (tölur innan sviga vísa til tölusettra punkta á landabréfinu): Frá mörkum frárennslisskurðar Búrfellsvirkjunar og Fossár liggja mörkin upp með Fossá að hornpunkti (16) um 1200 m ofan brúar á Fossá, þaðan liggja mörkin um 800 m til suðausturs að hornpunkti (17) sunnan í Skeljafelli. Þaðan eru mörkin um 3,5 km til austurs að hornpunkti (18) 400 m vestan við inntaksmannvirki virkjunarinnar. Þaðan liggja mörkin um 2 km til norðausturs að punkti (19) um 400 m vestan Klofaeyjar, á Sprengisandsvegi og markalínan fylgir veginum að punkti (20) við rætur Sandafells og þaðan að punkti (21) sem er rétt austan Þjórsár og ofan Þjórsárbrúar. Frá þeim punkti liggur markalínan til suðurs um 300 m austan og samsíða Þjórsá í hornpunkt 22 austan Klofaeyjar. Þaðan liggja mörkin tæpan 1,5 km til suðvesturs (23) rétt sunnan Klofaeyjar og sveigja þaðan 2,5 km til suðausturs, austur yfir Landveg og í Leirdal, austur fyrir enda flóðvarnargarðs Búrfellsvirkjunar (24 og 25). Þaðan liggur markalínan um 4 km til vesturs, sunnan varnargarðs, vestur fyrir Landveg og yfir farveg Þjórsár að hornpunkti 26, um 400 m sunnan við botnrás Bjarnalækjarstíflu við norðurenda Skálarfells og þaðan að hornpunkti (27) við ósa Fossár við Þjórsárfarveg og þaðan liggur markalínan upp eftir farvegi Fossár að útrennsli frárennslisskurðar virkjunarinnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Tilgangur frumvarpsins er öflun lagaheimildar fyrir forsætisráðherra til að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á kostnað eða tekjur ríkissjóðs.

1182. Svar [635. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um kynningu á íslenska kvótakerfinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað vörðu íslensk stjórnvöld miklum fjármunum árin 1999–2004 til kynningar á íslenska kvótakerfinu, annars vegar utan lands og hins vegar innan lands, reiknað á núvirði?

Ráðherra og starfsmenn sjávarútvegsráðuneytisins nota öll tækifæri sem gefast til að kynna fiskveiðistjórnarkerfið fyrir þeim sem hafa áhuga á stjórn fiskveiða. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki efnt til sérstaks átaks eða verkefnis til að kynna íslenska kvótakerfið, hvorki innan lands né utan.

Ráðuneytið reynir eftir megni að veita víðtækar upplýsingar um íslenskan sjávarútveg. Á heimasíðu þess og í bæklingi ráðuneytisins *Close to the Sea* er að finna upplýsingar um kvótakerfið ásamt umfangsmiklum upplýsingum um aðra þætti er varða sjávarútveg. Einnig berast ráðuneytinu stundum óskir um erindi um íslenska fiskveiðistjórn á einstökum ráðstefnum eða fundum og hefur oft verið orðið við þeim. Þar sem upplýsingar um fiskveiðistjórnarkerfið eru aðeins hluti af almennri upplýsingagjöf sem fellur undir starfsemi ráðuneytisins er ógerlegt að aðgreina kostnað vegna þessa í bókhaldi. Þó er óhætt að fullyrða að kostnaður við þennan þátt í starfsemi ráðuneytisins er ekki stórvægilegur.

1183. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson, Jón Guðmundsson og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti, Hauk Eiríksson frá Hitaveitu Suðurnesja, Stefán Pétursson og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Guðmund Þóroddsson og Hjörleif B. Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Eirík Bogason frá Samorku, Bjarna Einarsson frá Múlavirkjun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Pál H. Hannesson frá BSRB, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ingunni S. Þorsteinsdóttur og Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Samkvæmt frumvarpinu verður bæði raforkustarfsemi orkufyrirtækja og sala á heitu vatni skattskyld. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um skattskyldu vatnsveitna sveitarfélaga en slíkar veitur geta orðið skattskyldar ef þær eru reknar í hlutafélagaformi eða á annan hátt með takmarkaðri ábyrgð sveitarfélaga.

Samkeppni í rekstri orkufyrirtækja hefur aukist á síðustu árum og það eru ekki aðeins ríki og sveitarfélög sem standa að slíkum fyrirtækjum heldur standa einnig einstaklingar að

byggingu og rekstri orkuveitna. Orkuveitur sem einstaklingar standa að eru skattskyldar með venjulegum hætti og standa því verr í samkeppninni.

Lagt er til að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2006 með álagningu árið 2007.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt álagningu tekjuskatts og eignarskatts er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í fyrir gildistöku laga þessara til að gera skattlagningu þeirra jafnsetta skattlagningu annarra skattaðila, auk reglna sem banna yfirfærslu á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 2005 eða fyrr. Um þessa þætti hefur nefndin fjallað nokkuð ítarlega með gestum og fallist á þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpinu og rökstuðning að baki þeim.

Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja en mörg orkufyrirtæki, sérstaklega þau stærri, standa nú í miklum framkvæmdum og munu vegna þess tæplega mynda skattskyldan hagnað á næstu árum.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

a. Orðin „um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. og 7. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. falli brott.
b. Í stað orðanna „um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. komi: nr. 90/2003.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Dagný Jónsdóttir. Birgir Ármannsson.

Gunnar Birgisson. Una María Óskarsdóttir.

1184. Nefndarálit [551. mál]

um frv. til l. um miðlun vátrygginga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Rúnar Guðjónsson frá Fjármálaeftirliti, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um heildarlög um starfsemi vátryggingamiðlara og miðlun vátrygginga. Við gerð frumvarpsins hefur verið stuðst við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, með því markmiði að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/92/EB frá 9. desember 2002, um miðlun vátrygginga.

Frumvarpið skiptist í meginatriðum í tvo hluta, annars vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingamiðlara og hins vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingaumboðsmanna. Reglurnar eru að miklu leyti sambærilegar og spegla kaflarnir hvor annan. Í frumvarpinu eru gerðar auknar kröfur til vátryggingamiðlara auk þess sem skilgreining á hvað telst vera vátryggingamiðlun er rýmri en í gildandi lögum og með frumvarpinu er stefnt að verulega aukinni neytendavernd.

Frumvarpið tekur enn fremur til starfsemi endurtryggingamiðlara. Endurtryggingamiðlarar eru þó undanþegnir ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu.

Frumvarpið er unnið af nefnd skipaðri af viðskiptaráðherra í maí 2002. Umsagnir um málið eru á heildina litið jákvæðar og mæla umsagnaraðilar með samþykkt þess. Þó gera sumir þeirra athugasemdir við einstök ákvæði og hefur nefndin farið yfir þær á fundum sínum með gestum.

Nefndin telur að með gilditöku frumvarpsins verði staða vátryggingamiðlara skýrari og sterkari hér á landi en verið hefur hingað til. Þó telur nefndin mikilvægt að kannað verði hvort jafna megi enn frekar stöðu vátryggingamiðlara og stöðu vátryggingafélaga og umboðsmanna þeirra, m.a. hvað varðar upplýsingaskyldu þessara aðila.

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðið „jafnan“ í 1. mgr. 32. gr. falli brott.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.
Una María Óskarsdóttir.		Ögmundur Jónasson.

1185. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgrímsson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Bernhard Bogason og Gunnar Gunnarsson frá KPMG og Guðrúnu Þorleifsdóttur og Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra. Auk þess fékk nefndin skriflegar umsagnir um málið frá þessum aðilum og fleirum.

Í frumvarpinu er lagt til að félögum innan sömu samstæðu verði heimilað að uppfylltum skilyrðum um eignarhald, reikningsár og fleira að samskrá sig á virðisaukaskattsskrá. Tilgangurinn er sá að gera félögum sem skipt hafa rekstrareiningum sínum í móður- og dótturfélög mögulegt að vera ein skattaleg eining og skila sameiginlega virðisaukaskatti. Líkt og segir í athugasemdum við frumvarpið eru réttaráhrif samskráningar félaga á virðisaukaskattsskrá þau að með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi samskráðra félaga sem ein starfsemi og viðskipti milli samskráðra félaga bera ekki virðisaukaskatt umfram það sem væri ef starfsemi þeirra væri öll á einni hendi. Með þessu ætti að nást fram einhver hagræðing í viðskiptum án þess að hreyft sé við ábyrgð félaga á skattskilum.

Heimild til samskráningar samkvæmt frumvarpinu er takmörkuð við skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög. Þetta gagnrýndu nokkrir umsagnaraðilar. Eftir fundi um málið samþykkti nefndin að fela þeim aðilum sem komu á fund hennar að kanna sameiginlega þann möguleika að útvíkka gildissvið ákvæðisins umfram það sem lagt er til í frumvarpinu, m.a. með tilliti til laga nágrannaríkja. Niðurstaða þeirrar vinnu barst nefndinni í formi breytingartillögu sem lögð var fyrir nefndina af hálfu fjármálaráðuneytisins. Á fundi nefndarinnar var staðfest að ráðuneytið hefði haft samráð við embætti ríkisskattstjóra og fulltrúa KPMG og að allir þessir aðilar teldu útvíkkun til bóta og hún skapaði ekki vandkvæði í framkvæmd.

Það er niðurstaða nefndarinnar að mæla með útvíkkun á efni frumvarpsins þannig að skráningarskyld félög skv. 1. mgr. 5. gr. laganna og óskráningarskyld félög geti verið samskráð á grunnskrá virðisaukaskatts með heimild skattstjóra en ella væri frumvarpið til takmarkaðra bóta. Slíkri samskráningu er ekki ætlað að veita félögum innskattsrétt vegna óskráningarskyldrar starfsemi. Um innskattsrétt slíkrar samstæðu gilda ákvæði II. kafla reglugerðar um innskatt, nr. 192/1993, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Með þessari breytingu á frumvarpinu gæti samstæða, í nafni móðurfélags, fengið sérstaka skráningu vegna byggingar og sölu fasteignar og frjálsa skráningu vegna útleigu atvinnuhúsnæðis, en slíkum skráningum yrði eftir sem áður haldið aðgreindum frá öðrum skráningum á grunnskrá virðisaukaskatts.

Samskráning kæmi ekki alfarið í veg fyrir að samskráðum félögum bæri að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum sín á milli enda er ekki gert ráð fyrir að 11. gr. laganna verði breytt. Dæmi um tilvik þar sem skila ber virðisaukaskatti af viðskiptum milli samskráðra félaga á grundvelli 4. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er t.d. ef eitt samskráðu félaganna rekur bókhaldsstofu og selur bókhaldsþjónustu í atvinnuskyni. Meðal viðskiptavina eru tvö hinna samskráðu félaga, annað þeirra stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi en hitt starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna. Samstæðunni ber að skila virðisaukaskatti í ríkissjóð af andvirði bókhaldsþjónustunnar í þágu síðarnefnda félagsins, en ekki hins fyrrnefnda. Skilaskyldan er bundin við það að félagið sem innir þjónustuna af hendi eða afhendir vöru stundi þá starfsemi í atvinnuskyni og eigi sem slíkt innskattsrétt. Ef hins vegar félag innan samskráðrar samstæðu innir af hendi bókhaldsþjónustu fyrir önnur félög í samstæðunni, án þess að selja í atvinnuskyni slíka þjónustu út fyrir raðir samstæðunnar, hefur sú þjónusta ekki í för með sér skilaskyldu á sama hátt.

Nefndin leggur til að lögin komi til framkvæmda 1. júlí nk.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Una María Óskarsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Lúðvík Bergvinsson.		Ögmundur Jónasson.

1186. Nefndarálit [482. mál]

um frv. til l. um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti, Jóhannes Gunnarson og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá embætti ríkisskattstjóra. Umsagnir um málið bárust að auki frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Símanum, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu en sérlög um þetta efni hafa ekki verið sett hér áður. Frumvarpið er samið til að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, frá 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn.

Frumvarpið byggist á vinnu nefndar viðskiptaráðherra um innleiðingu framangreindrar tilskipunar sem í voru skipaðir fulltrúar ráðuneytisins og ýmissa félagasamtaka. Eitt meginmarkmið frumvarpsins er aukin neytendavernd við gerð samninga um fjármálaþjónustu í fjarsölu en sala slíkrar þjónustu fer í vaxandi mæli fram með þeim hætti.

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu.

- Að orðalag 1. mgr. 2. gr. verði gert skýrara.
- Að fyrirtækjaskrá verði bætt við þær skrár sem taldar eru upp í 5. gr. frumvarpsins þar sem slíkt er eðlilegt út frá grundvallarhlutverki þeirrar skrár auk þess sem það bætir stöðu neytenda að vera upplýstir um þá skrá.
- Að aukin skylda verði lögð á seljanda til að upplýsa á skýran hátt hvað geti legið til grundvallar verði samnings ef ekki er hægt að gefa upp nákvæmt verð samkvæmt fyrri málslið 3. tölul. 6. gr. og 3. tölul. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Auk þess er lagt til að orðalagi fyrri málsliðarins verði breytt.
- Að gildistöku laganna verði frestað til 1. júní verði frumvarpið samþykkt en með því er þjónustuveitendum veittur tími til að undirbúa sig og aðlagast auknum skyldum en nefndin telur slíkt svigrúm til þess fallið að tryggja góða framkvæmd laga sem þessara.

Rýmri tíma þarf ekki að veita enda settu umsagnaraðilar ekki út á gildistökuákvæði frumvarpsins og þjónustuveitendur sem hér starfa virðast vel upplýstir um efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari Jóhönnu Sigurðardóttur lýtur að sönnunarbyrði þeirra sem selja fjármálaþjónustu í fjarsölu og að heimild Fjármálaeftirlits til að birta athugasemdir ef brotið er ítrekað eða gróflega gegn lögunum.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en áskilur sér þó rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Una María Óskarsdóttir.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1187. Breytingartillögur [482. mál]

við frv. til l. um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Nú er gerður samningur um fjármálaþjónustu í fjarsölu og í kjölfarið veitt þjónusta á grundvelli hans með einni eða endurteknum athöfnum og gilda þá lög þessi einungis um upphaflega samninginn.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „svo sem“ í 4. tölul. komi: fyrirtækjaskrá.
3. 3. tölul. 6. gr. og 3. tölul. 2. mgr. 9. gr. orðist svo: Heildarverð sem neytanda ber að greiða til þjónustuveitanda fyrir fjármálaþjónustuna, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum. Ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal með skýrum hætti gerð grein fyrir grundvelli útreiknings á verði.
4. Við 12. gr. Í stað tilvísunarinnar „10. gr.“ í a-lið komi: 11. gr.
5. 23. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2005.

1188. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra, Maríönnu Jónasdóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti og Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra. Umsagnir um málið bárust frá Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Kauphöll Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Félagi löggiltra endurskoðenda, embætti skattrannsóknarstjóra, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði, Lögmannafélagi Íslands, embætti ríkisskattstjóra, embætti ríkislögreglustjóra og refsiréttarnefnd. Auk þess fundaði nefndin með gestum um sama mál á 130. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum, sem nú er að lágmarki tvöföld vangoldin skattfjárhæð, eigi ekki við þegar um vanskil á vörslufé er að ræða og gjaldandi hefur skilað skilagrein á réttum tíma þannig að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots. Er lagt til í frumvarpinu að í slíkum tilvikum ráði mat dómara þyngd refsingar, sem getur þá verið allt að tíföld, þó að ekkert lögbundið lágmark verði til staðar.

Meiri hlutinn leggur til að efnisákvæðum frumvarpsins verði breytt og að skilyrði fyrir því að vikið verði frá fésektarlágmarki laganna verði þrengd. Auk þess að skila réttri skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma þurfi gjaldandinn einnig að hafa greitt hluta skattsins með vöxtum, álagi og öðrum kostnaði. Það er mat meiri hlutans að miklu sé náð fram með að auka líkurnar á því að skilað sé til yfirvalda á lögmætum tíma réttri skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu. Meiri hlutinn telur að með kröfu um að skuld hafi verið greidd að hluta verði meiri hvati fyrir aðila til að greiða þá skattfjárhæð sem þeim ber og það komi í veg fyrir að aðilar geti skotið sér undan refsingu með því einu að skila inn réttum upplýsingum en gera enga tilraun til uppgreiðslu þess fjár sem þeir hafa innheimt af þriðja aðila fyrir ríkissjóð en ekki skilað á réttan hátt. Oft er um mikla fjármuni að ræða.

Reyndar verður að hafa í huga þá venju sem viðgengst við innheimtu skulda að fyrst er greiddur kostnaður, dráttarvextir og vextir af allri skuldinni áður en skattfjárhæðin sjálf lækkar. Oft hafa vanskil staðið í langan tíma og kostnaður og dráttarvextir geta verið stór hluti af vanskilunum. Þess vegna getur hlutfallslega lág inngreiðsla ekki lækkað skattfjárhæðina og slíkur þröskuldur staðið í vegi fyrir að nægur hvati myndist til að gera upp slíkar skuldir af því að fésektin lækkar þá ekki. Rökréttara væri að líta á inngreiðslu sem uppgjör á hluta skattfjárhæðar ásamt kostnaði og vöxtum á þann hluta. Það er hins vegar ekki lagt til í breytingartillögu meiri hlutans vegna þess hve útbreidd hin aðferðin er í fjármálakerfinu.

Þeir gjaldendur sem af ýmsum ástæðum skila ekki inn skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu á réttum tíma hafa í núgildandi kerfi því miður engan fjárhagslegan hvata til að upplýsa um stöðu mála með því að skila inn skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu eftir að frestur er liðinn og gera upp skuldir sínar að hluta vegna þess hve klippt og skorið kerfið er. Ástæður þess að gjaldendur skila ekki inn upplýsingum geta verið af margvíslegum toga: Fyrirtæki geta orðið undir í samkeppni eða markaðir brugðist og allur reksturinn líður fyrir það. Hjá einstaklingum má oft kenna um fjármálaóreiðu, fjárskorti, vanþekkingu, veikindum, óreglu eða einskærum brotavilja. Fyrir utan síðustu ástæðuna eru þessum aðilum allar bjargir bannaðar. Yfir þeim vofir sekt að lágmarki tvöföld skattfjárhæð hvort sem þeir upplýsa um málið og greiða hluta af skuldinni eða ekki. Þeim er ekki hjálpað eða þeir hvattir til þess að

ráða við þann vanda sem þeir hafa komið sér í. Það er allra hagur, jafnt innheimtuaðila sem gjaldenda, að í kerfinu sé hvati fyrir gjaldendur til að upplýsa um stöðu mála og gera upp skuldir sínar eins og þeir mögulega geta. Of harðar og ósveigjanlegar reglur, sem taka ekki mið af fjölbreytileika mannlífsins og breyskleika, brjóta niður í stað þess að byggja upp. Við því þyrfti löggjafinn að bregðast og gefa sér tóm til að skoða nákvæmlega hvernig gera mætti kerfið sveigjanlegra og manneskjulegra án þess að draga úr því markmiði þess að allir greiði þá skatta sem þeir hafa innheimt fyrir ríkið af þriðja aðila.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Una María Óskarsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1189. Breytingartillögur [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(PHB, DJ, BÁ, GunnB, UMÓ, ÖJ).

1. Við 1. gr. Efnismálsliður greinarinnar orðist svo: Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu sem skilað hefur verið á lögmæltum tíma og hafi launagreiðandi staðið skil á hluta skattfjárhæðar auk vaxta og kostnaðar, skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.
2. Við 2. gr. Efnismálsliður greinarinnar orðist svo: Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu sem skilað hefur verið á lögmæltum tíma og hafi skattskyldur aðili staðið skil á hluta skattfjárhæðar auk vaxta og kostnaðar, skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.

1190. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrein Hrafnkelsson og Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson, Elínu Jónsdóttir og Guðbjörgu Bjarnadóttur frá Fjármálaeftirliti, Helgu Hlín Hákonardóttur og Sólveigu Ágústsdóttur sem mættu fyrir hönd Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Þórð Friðjónsson og Ragnar Jónsson frá Kauphöll Íslands og Óttar Pálsson frá laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Með frumvarpinu eru innleiddar þrjár tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssvik, útboðs- og skráningarlýsingar og yfirtökur auk undirtilskipana framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar. Tilskipanirnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar eru innleiddar að hluta en gert er ráð fyrir að í reglugerðum og reglum Fjármálaeftirlitsins verði tilskipanirnar innleiddar að fullu. Tilskipanirnar þrjár eru hluti af þeirri ætlan Evrópusambandsins að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um töluverðar breytingar á ákvæðum gildandi laga en efnislegar breytingar eru e.t.v. ekki eins miklar og virðist við fyrstu sýn. Fyrst og fremst er lagt til að ákvæði laganna verði gerð ítarlegri en í sumum tilfellum eru auknar skyldur lagðar á markaðsaðila. Þá er einnig að finna í frumvarpinu tillögur um auknar heimildir Fjármálaeftirlits sem felast m.a. í heimild til að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum auk rýmkunar heimilda til íhlutunar í viðskipti.

Á fundi nefndarinnar með umsagnaraðilum óskuðu nefndarmenn eftir því við fulltrúa viðskiptaráðuneytisins og laganefndar Lögmannafélagsins að þeir ynnu breytingartillögur og þá í samvinnu við aðra hagsmunaaðila eftir því sem við ætti. Nefndinni bárust drög að breytingartillögum sem þessir aðilar unnu saman og byggir hún álit sitt að nokkru leyti á þeim.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar, fyrst og fremst orðalagsbreytingar þar sem tillit er tekið til ábendinga sem fram komu í umsögnum:

1. Að orðið „annarra“ er fellt út og aðrar orðalagsbreytingar gerðar á skilgreiningu á opinberri fjárfestingarráðgjöf.
2. Að tilvísunum í 8. og 36. gr. verði breytt vegna breytinga sem felast í frumvarpinu.
3. Að b- og c-liðum 4. gr. verði breytt og orðalag þeirra samræmt.
4. Að líkindaregla svokölluð í 3. mgr. b-liðar (37. gr.) 5. gr. verði þrengd með því að fella út skilyrði í einstökum töluliðum í þeim tilgangi að gera regluna skýrari.
5. Að tímamörk 3. mgr. e-liðar (40. gr.) 5. gr., er varða skyldu tilboðsgjafa til að bjóða tilboðsþegum viðbótargreiðslu, bjóði tilboðsgjafi betra verð í félag að loknum tilboðsfresti, verði styttur úr sex mánuðum í þrjá.
6. Að skerpt verði á skyldu aðila til að tryggja að hann geti staðið við tilboð sitt með því að fella brott orðin „reyna að“ í 5. mgr. e-liðar 5. gr.
7. Að í 1. mgr. g-liðar 5. gr. verði í stað „ófyrirsjáanlegra atvika“ notað „óviðráðanlegra atvika“ ásamt hugtakinu „force majeure“ innan sviga til nánari skýringar.
8. Að tvær nýjar greinar bætist við frumvarpið. Í þeirri fyrri er lagt til að breytt verði orðalagi 35. gr. gildandi laga, þar sem ákvæði frumvarpsins um lýsingar eru strangari en gildandi ákvæði hvað varðar endursölu þegar útgefinna bréfa. Í þeirri seinni er lagt til

að 36. gr. laganna verði felld brott þar sem ákvæði þeirrar greinar verður úrelt við gildistöku frumvarpsins.

9. Að í upptalningu 22. gr. verði bætt við nýjum lið er vísi til brota á upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Una María Óskarsdóttir.
	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	

1191. Breytingartillögur [503. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri töluliður orðist svo:
   8. *Opinber fjárfestingarráðgjöf:* Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, 3. gr., svohljóðandi:
   Í stað tilvísunarinnar „23. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 28. gr.
3. Við 4. gr.
   a. 1. tölul. b-liðar (21. gr.) orðist svo: *Almennt útboð:* Með almennu útboði verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er átt við hvers konar boð til almennings um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er, þar sem fram koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að fjárfesti sé kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Undir þetta falla einnig verðbréf sem sett eru á markað fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.

b. Orðin „hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu“ í 1. mgr. c-liðar (22. gr.) falli brott.

4. Við 5. gr.
   a. 3. mgr. b-liðar (37. gr.) orðist svo:
      Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:
      1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
      2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
      3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. ⅓ hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
      4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.
   b. Í stað orðanna „sex mánuði“ í síðari málslið 3. mgr. e-liðar (40. gr.) komi: þrjá mánuði.
   c. Orðin „reyna að“ í lokamálslið 5. mgr. e-liðar (40. gr.) falli brott.
   d. 1. mgr. g-liðar (42. gr.) orðist svo:
      Tilboð sem gert hefur verið opinbert skv. 52. gr. er ekki hægt að afturkalla nema sérstök óviðráðanleg atvik (force majeure) mæli með því.
5. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, 7. og 8. gr., svohljóðandi:
   a. (7. gr.)
      35. gr. laganna, sem verður 49. gr., orðast svo:
      Ákvæði þessa kafla gilda um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð.
   b. (8. gr.)
      36. gr. laganna fellur brott.
6. Í stað tilvísunarinnar „63.–67. gr.“ í 21. gr. komi: 62.–67. gr.
7. Í stað 5. tölul. 22. gr. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   5. upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga skv. 59. gr. og
   6. innherjaviðskipti skv. 62.–67. gr.

1192. Breytingartillögur [503. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, og brtt. á þskj. 1191.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

1. Við brtt. á þskj. 1191, 4. tölul. Í stað „⅓ hluta“ í 3. tölul. a-liðar komi: 20%.
2. Í stað orðsins „heimilt“ í e-lið (72. gr.) 20. gr. komi: skylt.

3. 21. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „47.–51. gr.“ í 1. mgr. 54. gr. laganna, er verður 74. gr., kemur: 55., 59. og 62.–67. gr.

1193. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Ingibjörgu Halldórsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Arnbjörn Vilhjálmsson, skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Svein Sæland frá Bláskógabyggð, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bjarna Helgason frá Félagi jarðeigenda við Þingvallavatn. Umsagnir bárust nefndinni frá Helga Þórssyni og Sveinbirni Dagssyni.

Frumvarp þetta var lagt fram á 130. löggjafarþingi en þá var jafnframt lagt fram af hálfu forsætisráðherra frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum sem var samþykkt, sbr. lög nr. 47/2004. Á því þingi var fyrrnefnda frumvarpið sent til umsagnar og bárust nefndinni umsagnir frá Helga Þórssyni, Grímsnes- og Grafningshreppi, Félagi jarðeigenda við Þingvallavatn, Veiðimálastofnun, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Orkustofnun, Landgræðslu ríkisins, Landmælingum Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Þjóðminjasafni Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Veiðifélagi Þingvallavatns, Náttúrufræðistofnun Íslands og Bláskógabyggð. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi og er nú lagt fram að nýju að mestu efnislega óbreytt.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Nefndin fagnar frumvarpinu en telur rétt að gera nokkrar breytingar á því.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað m.a. um skyldu ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd vatnsverndar. Nefndin leggur til að fallið verði frá því að ráðherra verði heimilt að kveða í reglunum á um að þeir þættir sem taldir eru upp í greininni séu háðir sérstöku leyfi ráðherra. Þess í stað leggur nefndin til að í fyrrnefndum reglum um framkvæmd vatnsverndar verði sett ákvæði um a.m.k. þá þætti sem taldir eru upp í greininni, t.d. jarðrask, byggingu mannvirkja og borun eftir vatni auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Af þessu leiðir að 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. á ekki lengur við en hann fjallar um heimild ráðherra til að binda leyfi ákveðnum skilyrðum. Nefndin leggur til að í stað þess ákvæðis komi nýtt efnisákvæði sem heimili sveitarstjórn að binda byggingar- og framkvæmdaleyfi sem hún gefur út á grundvelli skipulags- og byggingarlaga skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins enda séu skilyrðin í samræmi við ákvæði frumvarpsins og reglur sem settar eru á grundvelli 1. mgr. Telur nefndin nauðsynlegt að sveitarstjórnum sé í lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess falin heimild til að binda umrædd leyfi skilyrðum svo að tryggja megi þau verndarsjónarmið sem að öðru leyti koma fram í frumvarpinu. Með þessu telur nefndin að komið sé að nokkru til móts við sjónarmið sveitarfélaganna á svæðinu um að auka hlutverk þeirra frá því sem er í frumvarpinu. Þá leggur nefndin til að 3. mgr., er kveður á um að ákvarðanir samkvæmt greininni skuli birta í Stjórnartíðindum, verði hnýtt aftan við 2. mgr., er verður 3. mgr., enda eingöngu um að ræða ákvarðanir samkvæmt þeirri

málsgrein þegar tekið hefur verið tillit til annarra breytinga sem nefndin leggur til varðandi 3. gr.

Nefndin leggur til breytingu á 4. gr. frumvarpsins þess efnis að fiskeldi verði alfarið bannað í eða við Þingvallavatn. Telur nefndin ekki ástæðu til að opna fyrir slíka starfsemi á svæðinu.

Þá leggur nefndin til orðalagsbreytingar í 2. mgr. 5. gr. Í fyrsta lagi að í stað orðanna „til framkvæmda á ráðstöfunum“ komi „ráðstafana“ og í öðru lagi að kveðið sé skýrar á um grundvöll dagsektarheimildarinnar, þ.e. að hann sé bæði lögin og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim. Notast er við sama orðalag og í 1. mgr. 5. gr. hvað þetta varðar.

Loks leggur nefndin til breytingu á 6. gr. frumvarpsins þannig að tiltekið sé um hvað þær greinar í lögum um náttúruvernd fjalla sem vísað er til. Telur nefndin þá breytingu gera ákvæðið skýrara og vera til bóta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson áheyrnarfulltrúi voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Gunnar Birgisson.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Mörður Árnason.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

1194. Breytingartillögur [295. mál]

við frv. til l. um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað 2.–4. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.
   b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sveitarstjórn er heimilt að binda byggingar- og framkvæmdaleyfi sem hún gefur út á grundvelli skipulags- og byggingarlaga skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins enda séu skilyrðin í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli 1. mgr.
   c. Við 2. mgr., er verður 3. mgr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkar ákvarðanir skal birta í Stjórnartíðindum.

d. 3. mgr. falli brott.

2. 3. mgr. 4. gr. orðist svo:
   Óheimilt er að stunda fiskeldi í eða við Þingvallavatn. Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði er óheimilt án leyfis umhverfisráðherra að stunda fiskrækt í eða við Þingvallavatn.
3. 2. mgr. 5. gr. orðist svo:
   Beita má dagsektum sem renna í ríkissjóð, að lágmarki 50.000 kr. og að hámarki 100.000 kr., til að knýja menn til ráðstafana sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Jafnframt má beita fyrrnefndum dagsektum til að knýja menn til að láta af atferli sem brýtur í bága við lög þessi og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim.
4. 6. gr. orðist svo:
   Um heimild til eignarnáms á verndarsvæði samkvæmt lögum þessum, sölu jarðar sem er á náttúruminjaskrá og skaðabætur fer eftir 64., 69. og 77. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

1195. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð.
   b. 4. efnismgr. orðist svo:
      Við uppgjör virðisaukaskatts samskráðra félaga skal litið á þau sem eina lögpersónu. Viðskipti milli samskráðra félaga hafa þannig ekki í för með sér skyldu til að greiða virðisaukaskatt nema velta sé skattskyld, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr.
2. Við 2. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. júlí.

1196. Nefndarálit [435. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn..

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti, Bjarna Þór Eyvindsson frá Samtökum unglækna, Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES- samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma

Vinnutímatilskipunin felur í sér lágmarksreglur um skipulag vinnutíma að teknu tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna. Tilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur.

Vinnutímatilskipunin hefur verið innleidd í íslenskan rétt að því er flestar starfsgreinar varðar. Innleiðing tilskipunar þessarar kallar á lagabreytingar hér á landi en einnig er mögulegt að innleiða efni hennar með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Við meðferð málsins í nefndinni var einkum rætt um lækna í starfsnámi en ljóst er að vinnutími unglækna er oft og tíðum mjög langur sem kemur bæði niður á læknum og sjúklingum. Af þeim sökum telur nefndin brýnt að löggjafinn, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins bregðist við og geri nauðsynlegar breytingar sem fyrst en tilskipunin virðist veita nokkurt svigrúm hvað nokkrar stéttir varðar þar á meðal heilbrigðisstarfsmenn.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Ögmundur Jónasson ritar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 22. apríl 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Dagný Jónsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1197. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Breyting skv. 1. gr. frumvarpsins er 2.006,5 m.kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og afgangsheimildir og umframgjöld sem falla niður skv. 2. gr. nema 14.749,8 m.kr.

Heildarfjárheimildir ársins námu 256,7 milljörðum kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu 267,2 milljarðar kr. og fjárheimildastaða í árslok því neikvæð um 10,5 milljarða kr. nettó.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Bjarni Benediktsson.
Drífa Hjartardóttir.	Ásta Möller.	Hjálmar Árnason.

1198. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi tillögur um breytingar á fjárheimildum og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun telur að úrbóta sé þörf varðandi framkvæmd fjárlaga, gerð fjáraukalaga og lokafjárlaga og að tryggja þurfi betur samræmi á milli framsetningar ríkisreiknings og fjárlaga. Fjármálaráðuneyti tók undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að óeðlilegt sé að úthluta af safnliðum eftir að reikningsári er lokið og að gera eigi þá kröfu að fjárheimildir stofnana liggi fyrir eins fljótt og auðið er.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til 1.820,8 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Í 2. gr. er lagt til að niður falli 5.746,5 m.kr. gjöld umfram heimildir og í 3. gr. er lögð til 961,6 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna færslu endurmatsreikninga á höfuðstól, flutninga á stöðu höfuðstóls milli A-, B- og C-hluta fjárlaga og annarrar samræmingar á stöðu fjárheimilda milli lokafjárlaga og ríkisreiknings.

Heildarfjárheimildir ársins námu 284,5 milljörðum kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu tæpir 280,4 milljarðar kr. Fjárheimildastaða í árslok er því jákvæð um 4,1 milljarð kr. nettó.

Meiri hlutinn leggur til 21 breytingu við frumvarpið, sem leiða til alls 591,3 m.kr. nettóhækkunar á fjárheimildum, til frekari samræmingar við niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 2003. Framlag ríkissjóðs hækkar um 87,8 m.kr. en 503,5 m.kr. eru fjármagnaðar með viðskiptahreyfingum.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Menntamálaráðuneyti

215 Kennaraháskóli Íslands og **720 Grunnskólar, almennt.**

Lagt er til að millifærð verði 14,6 m.kr. fjárheimild af lið *02-215 Kennaraháskóli Íslands* á lið *02-720 Grunnskólar, almennt,* til samræmis við stöðu í reikningi.

Í fjárheimildagrunni lokafjárlaga fyrir árið 2000 var 14,6 m.kr. neikvæð staða á viðfangi *02-215-1.20 Endurmenntun* sameinuð viðfanginu *02-720-1.37 Endurmenntun* þar sem fyrrnefnda viðfangið hafði fallið út úr fjárlögum 2000 en hið síðarnefnda tekið við verkefninu. Í reikningi var staðan hins vegar sameinuð viðfanginu *02-215-1.01 Kennsla.*

973 Þjóðleikhús. Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 14,1 m.kr. en þegar stofnunin var flutt úr B-hluta í A-hluta á árinu 2001 var höfuðstóll hennar ofmetinn um rúmar 14 m.kr. Ofmatið var leiðrétt í reikningi 2002 en láðst hefur að taka tillit til þess í lokafjárlögum.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að millifærð verði 11 m.kr. fjárheimild af viðfangi *03-190-1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands* yfir á viðfang *03-101-1.01 Yfirstjórn.*

Árið 2003 var 11 m.kr. afgangsheimild frá árinu 2002 á viðfangi *03-190-1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands* millifærð í reikningi á viðfang yfirstjórnar hjá aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis því að þar hafði kostnaðurinn verið gjaldfærður. Sú millifærsla var hins vegar ekki tekin inn í fjárheimildagrunn lokafjárlagafrumvarps fyrir árið 2003 því að samkvæmt lokafjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 átti þessi afgangur að falla niður og var því ekki til ráðstöfunar. Í uppprentuðu lokafjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 hefur verið horfið frá þeirri niðurfellingu og því er lagt til að millifærslan verði tekin inn í fjárheimildir lokafjárlaga til samræmis við reikning.

1.02 Varnarmálaskrifstofa. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1,2 m.kr.

Á árinu 2000 urðu tekjur af lóðarleigu á varnarsvæðum um 8,8 m.kr. eða 1,2 m.kr. lægri en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Engin heimildalækkun var færð í reikning vegna þessa en í lokafjárlögum 2000 var heimild á viðfangi *1.02 Varnarmálaskrifstofa* lækkuð um 1,2 m.kr. Með þessari breytingu er sú lækkun tekin til baka, til samræmis við ríkisreikning.

190 Ýmis verkefni.

1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands. Millifærð er 11 m.kr. fjárheimild af liðnum á lið *1.01 Yfirstjórn* eins og að framan greinir.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Lagt er til að fjárheimild á viðfangi *1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna* lækki um 3,4 m.kr. og að fjárheimild á viðfangi *1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna* lækki um 2,6 m.kr. til samræmis við ríkisreikning.

401 Alþjóðastofnanir. Lagt er til að fjárheimild á viðfangi *1.85 Alþjóðleg friðargæsla* lækki um 7,5 m.kr. til samræmis við ríkisreikning.

04 Landbúnaðarráðuneyti

311 Landgræðsla ríkisins og **04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt**. Lagt er til að millifærð verði 1,5 m.kr. fjárheimild af lið *04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt* á lið *04-311 Landgræðsla ríkisins* til samræmis við millifærslu í ríkisreikningi 2001.

321 Skógrækt ríkisins. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1,3 m.kr. á viðfangi *6.20 Fasteignir* vegna tekna af sölu á fasteign (skúr), í samræmi við ríkisreikning 2002.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að fjárheimild á viðfangi *1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits* hækki um 3,3 m.kr. til samræmis við reikning og að fjárheimild

á viðfangi *1.90 Ýmislegt* hækki um 1,7 m.kr. til að leiðrétta misræmi milli lokafjárlaga 2000 og upphafsstöðu í reikningi 2001.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Til að jafna út mismun milli lokafjárlaga og ríkisreiknings er lagt til að fjárheimild á viðfangi *1.10 Fastanefndir* hækki um 3,1 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Til að jafna út mismun milli lokafjárlaga og ríkisreiknings er lagt til að fjárheimild á viðfangi *1.11 Fjölskylduráð* lækki um 1,6 m.kr.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra. Lagt er til að fjárheimild á liðnum hækki um 1,5 m.kr. og verði því á núlli í árslok til samræmis við reikning.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu. Til að jafna út mismun milli lokafjárlaga og ríkisreiknings er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 24,8 m.kr. og verði því á núlli í árslok 2003.

Uppistaða þessa mismunar rekur sig aftur til lokafjárlaga ársins 1998 er 25,2 m.kr. inneign var felld niður af liðnum (sem þá hét reyndar Reynslusveitarfélagið Akureyri, en heiti liðarins var breytt í núverandi heiti árið 2003). Staða liðarins var hins vegar flutt í reikningi og frá árinu 2000 hefur staða hans einnig verið flutt í lokafjárlögum. Afrúnningur í millifærslum á liðnum er 0,4 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

201 Ríkisskattstjóri og **212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.** Lagt er til að millifærð verði 6 m.kr. fjárheimild af lið 09-201 á lið 09-212.

Liður *09-995 Skýrsluvélakostnaður* féll út úr fjárlögum 2002 og fjárveitingar til verkefna sem þar höfðu verið vistuð voru fluttar annað, ýmist til Fjársýslu ríkisins, Ríkisskattstjóra, Tollstjórans í Reykjavík eða á Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Á árinu 2002 voru árslokastöður 2001 fluttar af lið 09-995 á þá liði sem tóku við verkefnunum, bæði í reikningi og fjárheimildagrunni lokafjárlagafrumvarps 2002. Ekki tókst þó betur til en svo að ekki var fullt samræmi í skiptingu stöðunnar milli reiknings og lokafjárlaga. Til að samræma stöðu lokafjárlaga við ríkisreikning er lagt til að 6 m.kr. verði millifærðar af lið *09-201 Ríkisskattstjóri* á lið *09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.*

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.
Lagt er til að fjárheimild á viðfangi *5.21 Viðhald* hækki um 4,5 m.kr. til samræmis við reikning.

999 Ýmislegt. Lagt er til að fjárheimildir liðarins hækki um 53 m.kr. til samræmis við stöðu reiknings.

Í áranna rás hefur mismunandi aðferð í reikningi og lokafjárlögum hvað varðar niðurfellingar eða yfirfærslur á árslokastöðum hinna einsöku viðfangsefna liðarins leitt til þess að fjárhæðir stemma ekki milli kerfa. Til að leiðrétta það er lagt til að breytingar verði gerðar á báðum stöðum. Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárheimildum í lokafjárlögum: Fjárheimild á viðfangi *1.12 Greiðslur til samtaka höfundarrétthafa* lækki um 3,3 m.kr., fjárheimild á viðfangi *1.15 Kjararannsóknir* hækki um 2,2 m.kr., fjárheimild á viðfangi *1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga* lækki um 0,6 m.kr., fjárheimild á viðfangi *1.45 Ýmsar nefndir* hækki um 14,6 m.kr., fjárheimild á viðfangi

1.65 Kjaranefnd hækki um 34,4 m.kr. og fjárheimild á viðfangi *1.66 Yfirfasteignamatsnefnd* hækki um 5,7 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerðin. Til að samræma fjárheimildastöðu lokafjárlaga 2003 við höfuðstól stofnunarinnar í árslok er lagt til að fjárheimildastaða hennar hækki um 517,6 m.kr. og verði 3.315,7 m.kr. í árslok 2003.

Samkvæmt ríkisreikningi er höfuðstóll stofnunarinnar 3.315,7 m.kr. í árslok 2003, eða 517,6 m.kr. hærri en fjárheimildastaða hennar samkvæmt framlögðu lokafjárlagafrumvarpi, sem er 2.798,1 m.kr. Stærstur hluti af þessum mun skýrist af því að frá árinu 2001 hafa afskriftir af mörkuðum tekjum til vegamála ásamt verðbótum á ferjulán verið gjaldfærð í reikningum Vegagerðarinnar án þess að gert hafi verið ráð fyrir þessum kostnaði í fjárveitingum til stofnunarinnar. Á árunum 2001, 2002 og 2003 nemur þessi kostnaður alls 378,5 m.kr. Í uppgjöri lokafjárlaga hefur þessi kostnaður gengið á móti fjárheimildum eins og önnur gjöld stofnunarinnar og þannig lækkað fjárheimildastöðu hennar. Í uppgjöri ríkisreiknings hefur hins vegar verið litið svo á, bæði með hliðsjón af vegáætlun og forsendum fjárlaga, að kostnaður þessi hafi ekki átt að leiða til skerðingar á framkvæmdaheimildum Vegagerðarinnar og þar hefur hann því verið fluttur á bundið eigið fé, undir öðru eigin fé stofnunarinnar, og þannig ekki skert höfuðstól. Í öðru lagi er um að ræða mismun þar sem í reikningi hefur verið gert ráð fyrir 16,6 m.kr. hærri fjárheimildum vegna frávika ríkistekna á árunum 1998, 1999 og 2000. Í þriðja lagi stafar mismunur af því að í reikningi hefur ekki verið millifærð 2,4 m.kr. árslokastaða 2001 frá Flugmálastjórn til Vegagerðarinnar eins og gert var í fjárheimildagrunni lokafjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 í samræmi við það að viðfangsefnið *Styrkir til innanlandsflugs* var flutt frá Flugmálastjórn til Vegagerðarinnar í fjárlögum ársins 2002. Þetta þrennt sem hér hefur verið upp talið leiðir til 392,7 m.kr. hærri höfuðstóls miðað við fjárheimildastöðu lokafjárlagafrumvarps. Eftir stendur því óskýrður munur að fjárhæð 124,9 m.kr. sem ekki hefur tekist að finna út í hverju liggur, en kann að teygja sig mörg ár aftur í tímann. Með hliðsjón af framangreindu og því að fyrrgreindur höfuðstóll stofnunarinnar var yfirfarinn og samþykktur af fulltrúum fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og Vegagerðarinnar á fundi þann 14. febrúar sl. er hér lagt til að fjárheimildastaða stofnunarinnar í árslok 2003 verði færð til samræmis við höfuðstól í árslok samkvæmt ríkisreikningi 2003 og hækki um 517,6 m.kr. Vakin er athygli á því að ekki er um að ræða hækkun á framlagi ríkissjóðs til Vegagerðarinnar heldur er hækkunin fjármögnuð með viðskiptahreyfingu af mörkuðum tekjum til vegamála.

471 Flugmálastjórn. Lagt er til að fjárheimildir stofnunarinnar í lokafjárlögum hækki um 8,5 m.kr. en að í reikningi lækki höfuðstóll um 114 m.kr. Verður þá höfuðstóll í reikningi jafn fjárheimildastöðu lokafjárlaga.

Aðrar breytingar sem gera þarf til samræmingar á fjárheimildastöðum og höfuðstól í árslok 2003 verða gerðar í reikningi. Þær breytingar verða teknar inn í ríkisreikning 2004, yfirleitt sem leiðrétting á upphafsstöðu ársins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Bjarni Benediktsson.
Drífa Hjartardóttir.	Ásta Möller.	Hjálmar Árnason.

1199. Breytingartillögur [441. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, BjarnB, DrH, ÁMöl, HjÁ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 3:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-215 Kennaraháskóli Íslands			
1.01 Kennsla	0,0	-14,6	-14,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-14,6*	*-14,6*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-720 Grunnskólar, almennt			
1.37 Endurmenntun	0,0	14,6	14,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*14,6*	*14,6*
3. Við **02-973 Þjóðleikhús**			
1.01 Þjóðleikhús	-48,5	-14,1	-62,6
Viðskiptahreyfing	*-48,5*	*-14,1*	*-62,6*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	11,0	11,0
b. 1.02 Varnarmálaskrifstofa	0,0	1,2	1,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*12,2*	*12,2*
5. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,0	-11,0	0,0
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi			
a. 1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	0,0	-3,4	-3,4
b. 1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	0,0	-2,6	-2,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-6,0*	*-6,0*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-401 Alþjóðastofnanir			
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	0,0	-7,5	-7,5

Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-7,5*	*-7,5*
8. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
a. 1.01 Landgræðsla ríkisins	-0,3	1,5	1,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,5*	*1,5*
c. *Viðskiptahreyfing*	*-0,3*	*0,0*	*-0,3*
9. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
6.20 Fasteignir, óskipt	0,0	1,3	1,3
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,3*	*1,3*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt			
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt	0,0	-1,5	-1,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-1,5*	*-1,5*
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-190 Ýmis verkefni			
a. 1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	0,0	3,3	3,3
b. 1.90 Ýmislegt	0,0	1,7	1,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*
12. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-190 Ýmis verkefni			
1.10 Fastanefndir	0,0	3,1	3,1
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,1*	*3,1*
13. Við **07-190 Ýmis verkefni**			
1.11 Fjölskylduráð	0,0	-1,6	-1,6
14. Við **07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**			
a. 1.10 Svæðisráð	-1,4	0,8	-0,6
b. 1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	0,0	-0,2	-0,2
c. 1.86 Samingur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,0	0,9	0,9
15. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu			
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	0,0	24,8	24,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*24,8*	*24,8*
16. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-201 Ríkisskattstjóri			
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	0,0	-6,0	-6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-6,0*	*-6,0*
17. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld			
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs			
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	0,0	4,5	4,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,5*	*4,5*

19. Við bætist nýr fjárlagaliður:
09-999 Ýmislegt

a. 1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	0,0	-3,3	-3,3
b. 1.15 Kjararannsóknir	0,0	2,2	2,2
c. 1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	0,0	-0,6	-0,6
d. 1.45 Ýmsar nefndir	0,0	14,6	14,6
e. 1.65 Kjaranefnd	0,0	34,4	34,4
f. 1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	0,0	5,7	5,7
g. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*53,0*	*53,0*

20. Við **10-211 Vegagerðin**

a. 1.01 Yfirstjórn	7,7	312,3	320,0
b. 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	0,0	205,3	205,3
c. *Viðskiptahreyfing*	*7,7*	*517,6*	*525,3*

21. Við bætist nýr fjárlagaliður:
10-471 Flugmálastjórn

1.01 Flugmálastjórn	0,0	8,5	8,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,5*	*8,5*

1200. Fyrirspurn [790. mál]

til fjármálaráðherra um bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hefur bensíngjald þróast sem hlutfall af meðalútsöluverði bensíns frá árinu 1996?
2. Hvernig skiptist meðalútsöluverð bensíns nú í innkaupsverð, bensíngjald, álagningu og virðisaukaskatt í krónum talið og hlutfallslega?
3. Hvert væri meðalútsöluverð bensíns núna ef lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., hefði ekki verið breytt með lögum nr. 86/1999?
4. Hvernig hefur bensíngjaldið þróast í samanburði við neysluverðsvísitölu frá 1996?

Skriflegt svar óskast.

1201. Breytingartillögur [482. mál]

við frv. til l. um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

1. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Þjónustuveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að upplýsingar hafi verið veittar í samræmi við efni þessa kafla.
2. Við 20. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Brjóti þjónustuveitandi gróflega eða ítrekað gegn lögum þessum er Fjármálaeftirliti heimilt að birta opinbera viðvörun vegna þess.

1202. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið er það lagt fram í kjölfar þess að árið 2003 voru sett ný raforkulög og er tilgangur frumvarpsins að afnema þær undanþágur sem orkufyrirtæki hafa haft frá tekjuskatti og eignarskatti. Fyrrnefnd raforkulög voru sett með það að markmiði að koma á samkeppnismarkaði í orkumálum landsmanna í samræmi við orkumálatilskipun Evrópusambandsins. Einn liður í því var að hluta orkufyrirtækin niður þannig að vinnsla, flutningur og dreifing raforku færi fram í þremur aðskildum fyrirtækjum til að auka svonefnt gagnsæi í rekstri orkufyrirtækjanna. Þrátt fyrir ítrekuð og vel tímanleg varnaðarorð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um það vandræðaástand sem til yrði í orkumálum á Íslandi hirti ríkisstjórnin ekki um að fá undanþágu frá tilskipuninni vegna aðstæðna hér á landi. Hér er því komið enn eitt frumvarpið sem miðar að því að fækka agnúum hins nýja fyrirkomulags. Athygli vekur að starfshópur fjármálaráðherra hefur glímt við þetta verkefni frá því í desember árið 2000.

Fyrsti minni hluti leggst eindregið gegn frumvarpinu, fyrst og fremst vegna þess að það byggist á hugmyndum um markaðsvæðingu í almannaþjónustu og skattapólitík sem er andstæð hagsmunum almennings. Hér verður gerð nánari grein fyrir þeirri afstöðu og öðru sem 1. minni hluti telur athugavert við frumvarpið.

Orkufyrirtæki á Íslandi eru ekki aðeins ólík að stærð heldur einnig að því leyti að sum þeirra fást ekki aðeins við smásölu á raforku heldur einnig dreifingu og sölu á heitu vatni, jafnvel einnig venjulegu neysluvatni. Þau eiga það hins vegar flest sameiginlegt að starfsemi þeirra snýst um að koma tilteknum lífsnauðsynjum til almennings eftir veitukerfum sem komið var á fót með samfélagslegu framtaki á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þetta eru fyrirtæki sem fást við almannaþjónustu sem hefur lengi verið talin sjálfsagður hluti af mannsæmandi lífi á Íslandi og aðstaða þeirra veitir þeim svokallaða náttúrulega einokun á sínu sviði.

Á þessum hugmyndafræðilegu forsendum hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ávallt lagt ríka áherslu á að slík veitustarfsemi sé í sameign fólksins sem nýtir þjónustuna og að hún sé rekin þannig að almenningur geti bæði búið við mikið öryggi og lágmarksgjaldtöku.

Breytingar ríkisstjórnarinnar á skipan raforkumála á síðustu árum hafa gengið gegn þessu markmiði. Er í því sambandi skemmst að minnast stórfelldra gjaldskrárhækkana um land allt um síðustu áramót eftir að orkufyrirtækjum var gert að reikna sér arð af starfseminni og láta hvern einstakan þátt starfseminnar standa undir sjálfum sér upp á krónur og aura. Það gefur auga leið að verði þetta skattheimtufrumvarp að lögum munu orkufyrirtækin velta þeim álögum beint út í verðlagningu sinnar þjónustu og hækka gjaldskrár sínar enn frekar.

Í reynd er hér á ferðinni frumvarp um aukna skattlagningu almennings sem nú hefur í rétt tíu ár verið látinn bera sívaxandi hlutfall af heildarskattbyrði allra framteljenda í landinu. Á sama tíma njóta stóriðjufyrirtæki áfram sérstaks útsöluverðs á raforku til sinnar starfsemi og endalausra skattfríðinda en hvort tveggja er í boði almennings samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í þessu óréttlæti kristallast skattastefna ríkisstjórnarinnar sem eigi að síður lætur í veðri vaka að hún reyni stöðugt að bæta lífskjör almennings með breyttri skattheimtu. Það sem gerir þetta skattheimtufrumvarp sérstakt er að það miðar að því að færa ríkinu auknar tekjur með nýrri skattlagningu á lífsnauðsynjar sem fram til þessa hafa verið undanþegnar skatti. Enginn getur verið án rafmagns, húshitunar eða annarrar þjónustu sem almenningur sækir til þeirra fyrirtækja sem hér eiga í hlut.

Fyrsti minni hluti telur einnig rétt að vekja máls á því að engin tilraun er gerð til að viðurkenna þann mikla mun sem er á tilteknum tegundum virkjana í umhverfislegu tilliti heldur er lagður sami flati skatturinn á alla aðila. Eðlilegra hefði verið að hvetja með einhverjum hætti til umhverfisvænnar orkuvinnslu úr því að efnt er til þessarar skattlagningar á annað borð. Þannig er það mjög athugavert að skattleggja eigi t.d. smáar rennslisvirkjanir til jafns við risavaxnar vatnsaflsvirkjanir með stórum uppistöðulónum.

Fyrsti minni hluti telur frumvarpið sýna enn og aftur hversu misráðið það var af ríkisstjórninni að leggja í þá vegferð að markaðsvæða jafn mikilvæga almannaþjónustu og veitustarfsemi landsmanna. Nær væri að hefja vinnu við að vinda ofan af þeim vandamálum sem sú markaðsvæðing hefur nú þegar haft í för með sér heldur en að auka enn frekar á þá mismunun og ringulreið sem af henni hefur hlotist. Því er lagt til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 26. apríl 2005.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Aþýðusambands Íslands. (4. mars 2005.)
II. Umsögn BSRB. (21. mars 2005.)
III. Umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga. (17. febrúar 2005.)
IV. Umsögn Reykjavíkurborgar. (3. mars 2005.)
V. Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur. (28. febrúar 2005.)
VI. Umsögn Hitaveitu Suðurnesja. (28. febrúar 2005.)

1203. Breytingartillögur [364. mál]

við frv. til l. um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. 8. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2013 vegna tekna á árinu 2012 og eigna í lok þess árs.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Skipa skal nefnd árið 2009 sem meti áhrif skattskyldu samkvæmt lögum þessum á orkuverð.

1204. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með gildistöku nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, urðu miklar breytingar á umhverfi raforkufyrirtækja. Umrædd lög fela í sér aðskilnað milli framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu á raforku, ásamt því að gerð er markaðsleg arðsemiskrafa á rekstur þeirra. Í kjölfar síðustu breytinga á raforkumarkaði, sem tóku gildi um síðustu áramót þegar flutningur og dreifing á raforku voru aðskilin, urðu miklar hækkanir á raforku. Orkufyrirtækin rökstuddu hækkanirnar með auknum kostnaði sem þau hefðu orðið fyrir við kerfisbreytinguna á raforkumarkaði. Breytingar á raforkumarkaði eru ekki að fullu komnar til framkvæmda. Um næstu áramót verður sala á raforku að fullu gefin frjáls. Reynsla annarra þjóða sýnir að það muni taka raforkumarkaðinn allnokkurn tíma að ná nýju jafnvægi. Því er óráðlegt að ráðast í aðrar umfangsmiklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja án þess að áhrif nýrra raforkulaga verði komin í ljós.

Hér verður að hafa í huga að samkeppni á raforkumarkaði verður aldrei mikil. Skýrist það af smæð markaðarins og legu landsins. Það er því líklegt að hér á landi muni í besta falli ríkja fákeppni á raforkumarkaði. Í ljósi reynslunnar af breytingunum á skipulagi raforkumarkaðarins er afar líklegt að fyrirtækin muni velta útgjöldum vegna tekjuskatts yfir á almenning.

Þá leggst 2. minni hluti alfarið gegn því að hitaveitur og vatnsveitur verði skattlagðar, enda stenst sú skattlagning ekki við nein efnisleg rök. Að óbreyttu munu breytingarnar leiða til þess að allar hitaveitur verða skattskyldar, svo og vatnsveitur sem reknar eru á vegum fyrirtækja sem sameiginlega annast rekstur rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, svo sem Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka. Hún mun leiða til hækkunar á gjaldskrám umræddra fyrirtækja eða til lækkunar á arði sem sveitarfélögin hafa haft af þessari starfsemi. Þá er rétt að taka fram að engin tilraun var gerð til að meta áhrif þessara breytinga á gjaldskrá og algerlega nauðsynlegt að mati 2. minni hluta að slík úttekt fari fram áður en svona kerfisbreyting á sér stað.

Eftirfarandi er yfirlit yfir hagnað nokkurra veitufyrirtækja í eigu sveitarfélaga árin 2002 og 2003. Þar kemur fram hver skattgreiðsla hefði verið til ríkisins ef fyrirtækin hefðu verið

skattskyld. Þarna er ekki tekið tillit til yfirfæranlegs taps ef eitthvað hefur verið heldur aðeins miðað við hagnað samkvæmt ársreikningum.

Hagnaður nokkurra veitufyrirtækja sveitarfélaga árin 2002 og 2003 (í þús. kr.).

	2002	2003
Húsavík	103.451	20.948
Norðurorka	131.195	66.060
OR	2.895.162	1.225.609
HS	807.290	726.181
Hagnaður samtals	3.937.098	2.038.798
Aðrar hita- og rafveitur		90.000
Samtals	3.937.098	2.128.798
18% skattur	708.678	383.184

Af þessu er ljóst að sú breyting sem hér er stefnt að hefur í för með sér verulega tilfærslu fjármuna frá sveitarfélögum til ríkis. Í ljósi nýgerðs samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aukin framlög ríkisins til sveitarfélaga sem nemur rúmum milljarði króna á ári árin 2006–2008 er ljóst að þessi breyting hefði veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaganna. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að umræddar breytingar feli í sér meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Reyndar fór sambandið fram á sérstakar formlegar viðræður um málið við fulltrúa ríkisins um fjármálaleg samskipti með vísan til 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga, en ekkert hefur orðið af þeim.

Það er því mat 2. minni hluta að umrætt frumvarp sé engan veginn tækt til samþykktar og ríkið sýni sveitarfélögunum litla virðingu með því að taka slíkar ákvarðanir án samráðs við þau. Þá er öllum ljóst að almenningur verður látinn greiða herkostnaðinn. Því leggst 2. minni hluti gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

1205. Frumvarp til laga [791. mál]

um upplýsingarétt um umhverfismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

2. gr.

Skilgreining á stjórnvöldum sem falla undir lögin.

Lög þessi gilda um:

1. öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga,
2. lögaðila sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir 1. tölul.,
3. lögaðila sem gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lúta stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir 1. tölul. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. 1. tölul. tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.

Einvörðungu upplýsingar sem til verða eða aflað er í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þeirra sem ákvæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. taka til falla undir lögin.

Lögin gilda ekki um Alþingi, umboðsmann Alþingis, Ríkisendurskoðun eða dómstóla.

3. gr.

Skilgreining á upplýsingum um umhverfismál.

Með upplýsingum um umhverfismál er átt við hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi um:

1. ástand afmarkaðra þátta umhverfisins, svo sem andrúmslofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, þ.m.t. votlendis og strand- og hafsvæða, líffræðilegar fjölbreytni og þátta hennar, þ.m.t. erfðabreyttra lífvera, og samspil milli þessara þátta,
2. þætti á borð við efni, orku, hávaða, geislun eða úrgang, þ.m.t. geislavirkan úrgang og losun hvers kyns efna og þátta út í umhverfið sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti í umhverfinu sem um getur í 1. tölul.,
3. ráðstafanir í tengslum við stefnumótun, löggjöf, skipulags- og framkvæmdaáætlanir og samninga á sviði umhverfismála sem hafa eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti sem um getur í 1. og 2. tölul., auk kostnaðar- og ábatagreiningar eða annars konar hagkvæmnigreiningar sem notuð er í tengslum við ákvarðanir um slíkar ráðstafanir,
4. ástandið að því er varðar heilbrigði manna og öryggi, þ.m.t. mengun matvæla, lífsskilyrði fólks, menningarminjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða eða líklegt er að þau verði fyrir áhrifum vegna ástands þeirra umhverfisþátta sem um getur í 1. tölul. eða vegna þeirra atriða sem um getur í 2. tölul.

4. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Ákvæði annarra laga sem heimila víðtækari aðgang að upplýsingum halda gildi sínu.

Almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi gilda ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli.

Réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum víkur fyrir lögvörðum réttindum samkvæmt höfundalögum.

II. KAFLI
Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál.

5. gr.
Upplýsingaréttur almennings um umhverfismál.

Stjórnvöldum þeim sem falla undir 2. gr. er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem greinir í 6. gr. laga þessara. Stjórnvöldum er ekki skylt að afla sérstaklega upplýsinga til þess að láta almenningi þær í té.

Upplýsingarétturinn tekur bæði til gagna sem eru í vörslum stjórnvalds og gagna sem annar aðili geymir fyrir hönd þess.

6. gr.
Takmarkanir á upplýsingarétti.

Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál tekur ekki til:

1. gagna sem undanþegin eru aðgangi skv. 4.–6. gr. upplýsingalaga,
2. efnis sem er í vinnslu eða ófullgerðra skjala eða gagna, en þá skal jafnframt upplýst hvenær ætla má að gögnin verði tilbúin, eða
3. upplýsinga sem sérstök lagaákvæði um þagnarskyldu taka til.

Áður en stjórnvald tekur ákvörðun um aðgang að upplýsingum um umhverfismál getur það skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa hvort efni þeirra varði viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Stjórnvald skal veita sjö daga frest til þess að svara erindinu.

7. gr.
Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.

Veita skal aðgang að gögnum sem 1. tölul. 6. gr. tekur til eftir ákvæðum 8. gr. upplýsingalaga.

Veita skal aðgang að gögnum sem 2. tölul. 6. gr. tekur til jafnskjótt og viðkomandi skjöl eða gögn hafa verið fullgerð nema önnur undantekningarákvæði taki jafnframt til þeirra.

Veita skal aðgang að gögnum sem 3. tölul. 6. gr. tekur til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögnin urðu til nema upplýsingarnar varði viðkvæma einkahagsmuni.

8. gr.
Upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og 3. og 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga og 3. tölul. 6. gr. laga þessara á almenningur rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.

9. gr.
Aðgangur að hluta skjals.

Ef ákvæði 6. gr. á aðeins við um hluta skjals skal veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins ef unnt er að skilja upplýsingarnar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem beðið er um. Sama regla á við um önnur gögn eftir því sem við getur átt.

10. gr.
Almenn miðlun upplýsinga um umhverfismál.

Stjórnvöld, sem lög þessi taka til, skulu kappkosta að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi.

III. KAFLI
Málsmeðferð.

11. gr.
Beiðni um aðgang að upplýsingum og málsmeðferð.

Sá sem fer fram á aðgang að upplýsingum um umhverfismál á grundvelli 5. gr. laga þessara skal tilgreina þær upplýsingar sem hann óskar eftir að fá.

Stjórnvald getur vísað frá beiðni ef tilgreining þeirra upplýsinga sem óskað er eftir aðgangi að er of óljós til að hægt sé að afgreiða beiðnina. Áður en til þess kemur ber að veita málsaðila leiðbeiningar þar um og gefa honum færi á að afmarka beiðni sína nánar.

Stjórnvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að upplýsingum sé skrifleg og komi fram á eyðublaði sem það leggur til.

Þegar farið er fram á aðgang að upplýsingum í máli þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem hefur upplýsingarnar í vörslum sínum.

12. gr.
Málshraði og málsmeðferð.

Stjórnvald skal taka ákvörðun um hvort það verður við beiðni um aðgang að upplýsingum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 15 daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Hafi beiðni um aðgang að upplýsingum ekki verið afgreidd 60 dögum eftir að hún barst stjórnvaldi er aðila heimilt að kæra afgreiðsluna til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurðar um upplýsingarétt hans.

Þegar afgreitt er erindi um aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem höfundaréttur tekur til skal veita upplýsingar um nafn rétthafa liggi þær fyrir.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

13. gr.
Ljósrit eða afrit af gögnum.

Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

Þegar skjöl eru mörg getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Þá skal aðili greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

Umhverfisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga. Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði hærri en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.

14. gr.

Rökstuðningur og tilkynning ákvörðunar.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, að hluta eða í heild, skal rökstudd og tilkynnt skriflega. Hið sama gildir ef synjað er beiðni um ljósrit eða afrit af umbeðnum gögnum.

IV. KAFLI
Stjórnsýslukæra.

15. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun stjórnvalds á beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds á beiðni um ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Um meðferð slíkra mála gilda ákvæði 14.–19. gr. upplýsingalaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB, sem tekin var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003.

17. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sbr. 2. og 3. tölul. 25. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Ákvæði laganna gilda um allar upplýsingar um umhverfismál án tillits til þess hvenær þær urðu til eða hvenær þær hafa borist stjórnvöldum.

18. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á upplýsingalögum, nr. 50/1996:
   a. Við 6. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: umhverfismál, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera.
   b. Við 8. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
      Veita skal aðgang að upplýsingum sem 5. tölul. 6. gr. tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.
2. Lokamálsliður 2. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, orðast svo: Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingarétt um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.
3. 2. málsl. 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, orðast svo: Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfis-

mál taka ekki til, skal mælt fyrir um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.

4. 22. gr. a í höfundalögum, nr. 73/1972, orðast svo:

Heimilt er að veita aðgang að skjölum eða öðrum gögnum mála samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og öðrum lögum með því að afhenda ljósrit eða afrit af þeim þótt þau hafi að geyma verk er njóta verndar samkvæmt þessum lögum.

Upplýsingaréttur samkvæmt 1. mgr. er þó háður því skilyrði að verkin verði ekki birt, eintök af þeim gerð, eintökum af þeim dreift eða þau nýtt með öðrum hætti nema með samþykki höfundar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita hinum skráða upplýsingar skv. 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB, en hún var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003. Samkvæmt 10. gr. tilskipunarinnar skal hún hafa verið innleidd eigi síðar en 14. febrúar 2005.

II.

Í alþjóðlegum umhverfisrétti hefur aukin áhersla verið á það lögð að almenningur hljóti fræðslu um umhverfismál og hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sl. áratugi. Þannig var mikilvægi þess að almenningur hlyti fræðslu um umhverfismál áréttað í 19. gr. Stokkhólmsyfirlýsingarinnar, sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins 16. júní 1972. Þar var áhersla lögð á að miðla upplýsingum um umhverfismál sem leið til þess að hafa áhrif á breytni borgaranna en ekki á rétt þeirra til aðgangs að upplýsingunum. Í Ríó-yfirlýsingunni frá 14. júní 1992 er á hinn bóginn skýrt kveðið á um rétt einstaklinga til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál. Í 10. gr. hennar segir m.a.:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum.“

Mælt er fyrir um sams konar rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál í nokkrum öðrum yfirlýsingum og samningum sem gerðir hafa verið á síðustu árum.

III.

Með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, var lagður grundvöllur að fullgildingu EES-samningsins og meginmáli hans ljáð lagagildi hér á landi. Á grundvelli EES-samningsins voru tekin upp í íslensk lög fyrstu almennu ákvæðin um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál. Í 74. gr. EES-samningsins er vísað til viðauka XX sem fjallar um umhverfið. Í viðaukanum er að finna tilskipun 90/313/EB um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr.

21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Með 3. gr. laganna var almenningi tryggður réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem fram koma í 5. gr. laganna. Þegar upplýsingalög, nr. 50/1996, voru sett, voru m.a. gerðar þær breytingar á lögum nr. 21/1993, að um aðgang að fyrirliggjandi gögnum um umhverfismál færi samkvæmt upplýsingalögum.

25. júní 1998 var af hálfu stjórnvalda undirritaður alþjóðasamningur efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, þ.e. hinn svonefndi Árósasamningur. Samningurinn hefur hins vegar ekki verið fullgiltur af hálfu Íslands.

Evrópubandalagið undirritaði einnig Árósasamninginn og af því tilefni hefur Evrópuþingið og ráðið sett tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003, um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB. Tilskipunin hefur það að markmiði að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf bandalagsins, sbr. 5. tölul. formálsorða hennar, en sá hluti samningsins lýtur að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin er nákvæmari og gengur lengra um nokkur atriði heldur en Árósasamningurinn. Þessi tilskipun var tekin inn í EES-samninginn 26. september 2003 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003. Eins og áður segir er markmið frumvarpsins að lögleiða þessa tilskipun.

IV.

Helsti munurinn á tilskipun 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, í samanburði við tilskipun 90/313/EB, um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, er fólginn í eftirfarandi atriðum:

1. Víkkuð hefur verið skilgreiningin á því hvaða upplýsingar teljast til „upplýsinga um umhverfismál“.
2. Nýja tilskipunin tekur til fleiri aðila, þ.e. ekki bara stjórnvalda í hefðbundnum skilningi, heldur einnig til fyrirtækja sem rækja opinbert hlutverk að ákveðnum skilyrðum.
3. Rétturinn til aðgangs að upplýsingum tekur ekki aðeins til upplýsinga sem eru í vörslu stjórnvalda heldur einnig til upplýsinga sem aðrir aðilar geyma fyrir þeirra hönd.
4. Helstu takmarkanir á aðgangi almennings að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið eru felldar niður.
5. Meginreglan er sú að stjórnvöldum beri að veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar rafrænt getur aðili valið milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

Ef ákvæði frumvarpsins eru borin saman við ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, má segja að helsti munurinn felist í eftirfarandi atriðum:

1. Ákvæði frumvarpsins taka ekki bara til upplýsinga í gögnum mála eins og upplýsingalögin heldur einnig til upplýsinga um umhverfismál í skrám og gagnagrunnum.
2. Lögin sem setja á samkvæmt frumvarpinu hafa að því leyti víðtækara gildissvið en upplýsingalögin að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga og 3. tölul. 6. gr. frumvarpsins á almenningur almennt rétt á að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.
3. Frumvarpið hefur víðtækara gildisvið en upplýsingalögin hvað varðar skilgreiningu á því til hvaða stjórnvalda frumvarpið tekur.
4. Frumvarpið hefur takmarkaðra gildissvið en upplýsingalögin því að það tekur aðeins til upplýsinga um umhverfismál, sbr. skilgreiningu þess hugtaks í 3. gr. frumvarpsins. Þá

kemur fram ein undanþága frá upplýsingarétti í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins sem ekki er að finna í upplýsingalögunum.

V.

Ráðuneytið sendi frumvarpið til umsagnar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og samgönguráðuneytisins, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Brunamálastofnunar, Landmælinga Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Skipulagsstofnunar, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Úrvinnslusjóðs, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála. Umsagnir bárust frá níu aðilum og að auki var haldinn fundur með fulltrúum Samorku og Samtaka atvinnulífsins. Farið var yfir frumvarpið og tekið tillit til þeirra athugasemda sem hægt var að að verða við í ljósi þess svigrúms sem tilskipun 2003/4/EB veitir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins lýsa markmiðum þess. Ákvæðið er byggt á a-lið 1. gr. tilskipunar 2003/4/EB svo og 1. tölul. formálsorða hennar.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru byggð á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB svo og 11. tölul. formálsorða hennar. Ákvæði greinarinnar taka einvörðungu til íslenskra stjórnvalda og lögaðila, sem hafa staðfestu hér á landi.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekur frumvarpið til allra stjórnvalda sem falla undir gildissvið upplýsingalaga. Með ákvæðinu er vísað til skilgreiningar á stjórnvöldum, sem notuð er t.d. bæði í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996, og vísast til umfjöllunar þessa laga hvaða stjórnvöld falla undir gildissvið þeirra.

Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að lögin taka ekki aðeins til stjórnvalda í þeirri hefðbundinni skilgreiningu stjórnsýsluréttar sem hér að framan var vísað til, heldur einnig til ákveðinna hlutafélaga, sameignarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra einkaréttarlegra aðila sem annast opinbera stjórnsýslu sem varðar umhverfið, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Til einföldunar á framsetningu frumvarpstextans eru allir þeir aðilar sem falla undir gildissvið laganna skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. nefndir stjórnvöld.

Framangreind afmörkun tilskipunarinnar leiðir óhjákvæmilega til þess að þau hlutafélög í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem falla undir tilskipunina og þar með frumvarp þetta geta verið undirseld upplýsingagjöf um umhverfismál en hlutafélög í eigu einkaaðila eru það ekki. Hjá þessum aðstöðumun er ekki hægt að komast vegna fyrirmæla b- og c-liða 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Sambærilegur aðstöðumunur verður á rekstrarskilyrðum hlutafélaga í opinberri eigu og einkaeigu í öðrum ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum.

Ástæða þess að upplýsingarétturinn er ekki einvörðungu látinn taka til upplýsinga um umhverfismál hjá hefðbundnum stjórnvöldum skv. tilskipun 2003/4/EB svo og Árósasamningnum er að fyrirkomulag og skipulag stjórnsýslu er mjög mismunandi á milli landa. Til þess að aðgangur almennings að opinberum upplýsingum um umhverfismál sé ekki háður því hvaða form hefur verið valið á rækslu opinberrar þjónustu var þessi leið valin.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. tekur frumvarpið til lögaðila sem hefur fengið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir 1. tölul. Ákvæðið er byggt á b-lið

2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Við fyrstu sýn virðist ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins efnislega víðtækara en ákvæði tilskipunarinnar því hið síðarnefnda tekur aðeins til lögaðila sem annast opinbera stjórnsýslu samkvæmt innlendum lögum. Ákvæði frumvarpsins tekur hins vegar til lögaðila sem falið hefur verið að annast opinbert hlutverk eða þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings. Þar sem almennt er óheimilt að fela lögaðilum að rækja opinbert hlutverk með reglugerð nema reglugerðin eigi sér viðhlítandi lagastoð fyrir slíku ytra valdframsali, er í raun ekki um að ræða víðara gildissvið að þessu leyti. Hvað varðar samninga um rækslu opinberra verkefna, þá er heimilt að gera samninga við lögaðila um opinber rekstrarverkefni á grundvelli 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Í lokamálslið 2. mgr. þeirrar greinar er áréttað að ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gildi um slíka verktaka og upplýsingamiðlun hans. Ákvæði frumvarpsins hefur því ekki að geyma nýmæli að þessu leyti. Af þeim sökum var ákveðið að leggja til að ákvæði 2. tölul. 2. gr. væri svo úr garði gert þar sem það þykir lýsa á nákvæmari hátt gildissviði frumvarpsins að íslenskum rétti en ef fylgt væri nákvæmlega orðalagi b-liðar 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Einvörðungu þeir lögaðilar sem fengið hefur verið opinbert hlutverk eða falið að veita almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið falla undir gildissvið laganna. Með orðunum „varðar umhverfið“ er vísað til skilyrðis um að opinbera verkefnið eða þjónustan hafi áhrif á umhverfið, svo sem not náttúruauðlinda, mengandi losun út í umhverfið eða önnur áhrif, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð. Dæmi um opinbera þjónustu af þessum toga er t.d. sorphirða sem sveitarfélag hefur falið verktaka að rækja á grundvelli samnings.

Í 3. tölul. greinarinnar kemur fram að lögin taki til lögaðila sem bera opinbera ábyrgð, gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lúta opinberri stjórn. Ákvæðið er í samræmi við c-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Undir ákvæðið falla einvörðungu aðilar sem hafa á hendi hlutverk eða þjónustu sem talist getur til opinberrar stjórnsýslu. Undir þetta ákvæði fellur því t.d. ekki orkuframleiðsla eða sala til notenda á raforku, en þessi starfsemi hefur verið flutt úr rekstrarumhverfi hins opinbera yfir á almennan samkeppnismarkað samkvæmt ákvæðum raforkulaga, nr. 65/2003. Annað mál er að upplýsingar um umhverfismál sem berast frá slíkum fyrirtækjum til stjórnvalda falla hins vegar undir frumvarpið, ef að lögum verður, og eru þá aðgengilegar hjá stjórnvöldum að svo miklu leyti sem undantekningarákvæði frumvarpsins eiga ekki við.

19. gr.
Ákvæði um val á löggjöf í samningum.

Ekki er heimilt að semja um að lög ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi um fjarsölusamning sem er nátengdur yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ef það leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

V. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

20. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Um eftirlitið gilda ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

21. gr.
Viðurlög.

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara um upplýsingaskyldu skv. II. kafla, greiðslu með korti skv. 16. gr. og bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða skv. 18. gr.

VI. KAFLI
Innleiðing, gildistaka og breyting á öðrum lögum.

22. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn frá 16. maí 2003 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB

frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2005.

24. gr.
Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verður 12. tölul., svohljóðandi: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

1217. Frumvarp til laga [503. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. *Opinber fjárfestingarráðgjöf:* Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
9. *Viðurkennd markaðsframkvæmd:* Framkvæmd sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að sé viðhöfð á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð sem sett skal á grundvelli 73. gr.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist: sbr. þó ákvæði 16. gr.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „23. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 28. gr.

4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinatölur annarra greina samkvæmt því:

Opinber fjárfestingarráðgjöf og birting tölfræðiupplýsinga.

Hver sá sem setur fram eða birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf skal gæta þess að slíkar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og uppfylli skilyrði reglna sem Fjármálaeftirlitið skal

setja á grundvelli 73. gr. Þá skal tilgreina hagsmuni eða hugsanlega hagsmunaárekstra viðkomandi aðila vegna þeirra fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða.

Opinberir aðilar sem miðla tölfræðilegum upplýsingum, sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðunum, skulu miðla þeim af sanngirni og á gagnsæjan hátt.

5. gr.

IV. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Útboð og skráning verðbréfa,** orðast svo og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (20. gr.)

Gildissvið kaflans.

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða og skráningar verðbréfa.

Ákvæði kafla þessa eiga ekki við um:

1. sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirframkunngerðri fjárfestingarstefnu og gefa út hlutdeildarskírteini eða hluti sem eru innleysanlegir að kröfu eigenda af eignum sjóðsins,
2. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, héraðs- eða sveitarstjórnum, alþjóðastofnunum sem eitt eða fleiri ríkjanna eiga aðild að, af Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum ríkjanna,
3. seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu,
4. verðbréf með skilyrðislausri og óafturkallanlegri ábyrgð ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, héraðs- eða sveitarstjórna,
5. verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna,
6. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og gefin eru út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum svo fremi sem þessi verðbréf:
   a. eru ekki víkjanleg, breytanleg eða skiptanleg,
   b. fela ekki í sér rétt til áskriftar eða rétt til að öðlast aðrar tegundir verðbréfa og eru ekki tengd afleiðum,
   c. fela í sér að réttur stofnist til endurgreiðslu,
   d. falla undir lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta,
7. útboð verðbréfa undir 210 millj. kr., sbr. þó 73. gr. laga þessara; fjárhæð útboðsins skal miðuð við 12 mánaða tímabil,
8. verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og eru gefin út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum, og heildarfjárhæð útboðs er lægri en 4,2 milljarðar króna, miðað við 12 mánaða tímabil, svo fremi sem þessi verðbréf:
   a. eru ekki víkjanleg, breytanleg eða skiptanleg,
   b. fela ekki í sér rétt til áskriftar eða rétt til að öðlast aðrar tegundir verðbréfa og eru ekki tengd afleiðum.

Útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, sem fellur undir ákvæði 2., 4., 6. eða 7. tölul. 2. mgr., er heimilt að útbúa lýsingu í samræmi við þennan kafla.

Fjárhæðir í þessum kafla eru bundnar við gengi evru (EUR) miðað við gengi hennar 4. janúar 2005 (83,54 kr.).

b. (21. gr.)

Orðskýringar.

1. *Almennt útboð:* Með almennu útboði verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er átt við hvers konar boð til almennings um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er, þar sem fram koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að fjárfesti sé kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Undir þetta falla einnig verðbréf sem sett eru á markað fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.
2. *Lýsing:* Lýsing er samheiti yfir skjal eða skjöl sem gefa þarf út vegna almenns útboðs verðbréfa eða skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.
3. *Grunnlýsing:* Lýsing sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf sem boðin eru almenningi eða ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað skv. 2. tölul.
4. *Útgefandalýsing:* Sá hluti lýsingar, þegar lýsing er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, sem veitir upplýsingar um útgefandann.
5. *Verðbréfalýsing:* Sá hluti lýsingar, þegar lýsing er gefin út sem þrjú aðskilin skjöl, sem veitir upplýsingar um verðbréfin sjálf.
6. *Samantekt:* Sá hluti lýsingar sem veitir upplýsingar um megineinkenni og áhættur sem tengd eru útgefanda, umsjónaraðila og verðbréfunum sjálfum. Samantektin skal sett fram í stuttu máli og með skýrum hætti.
7. *Hlutabréfatengd verðbréf:* Hlutabréf og önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum í félögum ásamt hvers kyns öðrum tegundum framseljanlegra verðbréfa sem veita rétt til að eignast einhver hinna framangreindu verðbréfa með því að breyta þeim eða nýta þann rétt sem þau veita, að því tilskildu að verðbréf af síðarnefndu tegundinni séu gefin út af útgefanda hinna undirliggjandi hlutabréfa eða aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans.
8. *Útboðsáætlun:* Áætlun sem mundi heimila útgáfu verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. áskriftarréttinda í hvaða formi sem er, af svipaðri gerð og/eða í svipuðum flokki, samfellt eða með endurteknum hætti á tilteknu útgáfutímabili.

c. (22. gr.)

Skilyrði almenns útboðs og skráningar verðbréfa.

Almennt útboð verðbréfa er háð því að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara.

Skráning verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað er háð útgáfu lýsingar í samræmi við ákvæði laga þessara.

d. (23. gr.)

Upplýsingar í lýsingu.

Lýsing skal innihalda þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda og ábyrgðaraðila, ef við á, sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Auk upplýsinga um útgefandann og verðbréfin skal lýsing innihalda stutta og greinargóða samantekt sem lýsir grundvallareinkennum og áhættu hvað varðar útgefandann, ábyrgðaraðila, ef við á, og verðbréfin sjálf.

Þegar um er að ræða lýsingu á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd, vegna skráningar á skipulegan verðbréfamarkað, og verðbréfin eru í einingum sem nema að lágmarki 4,2 millj. kr. er ekki skylda að útbúa samantekt.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu samkvæmt lögum þessum ef það telur:

a. að birting slíkra upplýsinga mundi stríða gegn almannahagsmunum,
b. að birting slíkra upplýsinga væri verulega skaðleg fyrir útgefandann, að því tilskildu að ekki sé líklegt að sú staðreynd að upplýsingunum sé sleppt villi um fyrir almenningi að því er varðar nauðsynlegar staðreyndir og aðstæður til að hægt sé að meta, á grundvelli upplýsinganna, útgefandann, tilboðsgjafann eða ábyrgðaraðilann, ef einhver er, og réttindin sem fylgja verðbréfunum sem lýsingin varðar,
c. að slíkar upplýsingar séu léttvægar fyrir tiltekið útboð eða skráningu á skipulegan markað og ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á mat á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur útgefanda, tilboðsgjafa eða ábyrgðaraðila, ef einhver er.

Heimilt er að birta lýsingu annaðhvort sem eitt skjal eða sem þrjú aðskilin skjöl. Lýsing sem samanstendur af þremur skjölum skiptist í:

1. útgefandalýsingu,
2. verðbréfalýsingu,
3. samantekt.

Í eftirfarandi tilvikum getur útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað útbúið grunnlýsingu:

a. þegar um er að ræða verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd og gefin eru út sem hluti af útboðsáætlun, þ.m.t. áskriftarréttindi í hvaða formi sem er,
b. þegar verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd eru gefin út með samfelldum og endurteknum hætti af lánastofnunum og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
   i. andvirði útgáfu verðbréfanna er samkvæmt landslögum bundið í eignum sem veita nægjanlega tryggingu fram að gjalddaga vegna skuldbindinga samkvæmt verðbréfunum,
   ii. andvirði bréfanna er fyrst og fremst ætlað að greiða upp gjaldfallinn höfuðstól og vexti ef fjármálafyrirtæki verður ógjaldfært, sbr. þó XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Gefinn skal út viðauki við grunnlýsingu ef nauðsynlegt þykir, sbr. ákvæði 24. gr. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem boðin eru almenningi eða ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað.

Ef endanlegir skilmálar útboðs koma ekki fram í grunnlýsingu eða viðauka við hana skulu þeir látnir fjárfestum í té og skráðir hjá Fjármálaeftirlitinu við hvert almennt útboð. Skal þetta gert eins fljótt og auðið er og, ef hægt er, áður en útboð hefst.

e. (24. gr.)

Viðauki við lýsingu.

Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest, sbr. 30. gr., og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina

og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

Fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur skulu hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

f. (25. gr.)

Gildistími lýsingar, grunnlýsingar og útgefandalýsingar.

Lýsing skal vera gild í 12 mánuði frá opinberri birtingu að því er varðar almennt útboð eða skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, að því tilskildu að við lýsinguna sé bætt þeim viðbótarupplýsingum sem krafist er skv. 24. gr.

Ef um er að ræða útboðsáætlun skal grunnlýsing, sem hefur verið skráð hjá Fjármálaeftirlitinu, vera í gildi í allt að 12 mánuði.

Ef um er að ræða verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd, sem um getur í b-lið 6. mgr. 23. gr., skal lýsingin vera í gildi þar til hætt er að gefa út viðkomandi verðbréf samfellt eða með endurteknum hætti.

Útgefandalýsing eins og um getur í 5. mgr. 23. gr., sem áður hefur verið skráð hjá Fjármálaeftirlitinu, skal vera í gildi í allt að 12 mánuði, að því tilskildu að hún hafi verið uppfærð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 26. gr. Útgefandalýsing ásamt verðbréfalýsingu, uppfærð í samræmi við 27. gr., ef við á, og samantekt teljast vera gild lýsing.

g. (26. gr.)

Árleg upplýsingagjöf.

Útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað skulu a.m.k. árlega útbúa skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum á Evrópska efnahagssvæðinu og í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við skuldbindingar útgefandans samkvæmt lögum og reglum um verðbréf, útgefendur verðbréfa og verðbréfamarkað. Skjalið skal sent Fjármálaeftirlitinu í kjölfar birtingar ársreiknings, til skráningar. Ef vísað er til upplýsinga í skjalinu skal tilgreina hvar hægt sé að nálgast þær.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við þegar um er að ræða útgefendur verðbréfa sem eru ekki hlutabréfatengd, í einingum sem nema að minnsta kosti 4,2 millj. kr.

h. (27. gr.)

Lýsing samsett úr þremur skjölum.

Útgefandi, sem hefur þegar undir höndum útgefandalýsingu sem lögbært yfirvald á Evrópska efnahagssvæðinu hefur staðfest, þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og samantekt þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Í því tilviki skulu upplýsingar, sem að öllu jöfnu væru gefnar í útgefandalýsingu, koma fram í verðbréfalýsingunni ef verulegar breytingar eða nýleg þróun hefur átt sér stað sem kynni að hafa áhrif á mat fjárfesta síðan síðasta uppfærsla útgefandalýsingar var staðfest, eða viðauki við hana, sbr. 24. gr. Verðbréfalýsingin og samantektin skulu staðfestar hvor í sínu lagi.

Hafi útgefandi einungis lagt inn óstaðfesta útgefandalýsingu skulu öll gögnin, þ.m.t. uppfærðar upplýsingar, vera háð staðfestingu.

i. (28. gr.)

Undanþága frá gerð lýsinga.

Undanþegin ákvæðum 22. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. verðbréf eru eingöngu boðin fagfjárfestum,
   b. verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila enda séu ekki fleiri en 100 aðilar í hópnum sem ekki teljast fagfjárfestar,
   c. hver fjárfestir reiðir af hendi a.m.k. 4,2 millj. kr. til kaupa á verðbréfunum í hverju útboði,
   d. verðbréfin sem gefin eru út eru að nafnverði a.m.k. 4,2 millj. kr.,
   e. áætlað heildarsöluverð verðbréfanna er undir 8,4 millj. kr.

   Ef verðbréf eru seld fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis og undanþáguákvæði a–e-liðar þessa töluliðar eiga ekki við skal birta útboðslýsingu.
2. Útboð verðbréfa af eftirfarandi gerðum:
   a. hlutir ef þeir eru gefnir út í staðinn fyrir áður útgefna hluti í sama flokki hafi útgáfa hinna nýju hluta ekki í för með sér hækkun á útgefnu hlutafé,
   b. verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   c. verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna fyrirtækja að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   d. hlutir sem boðnir eru, er úthlutað eða verður úthlutað til núverandi hluthafa án endurgjalds og arðgreiðslur í formi hluta að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og þeir hlutir sem arðgreiðslurnar stafa af; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,
   e. verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna; útgefandi verðbréfanna skal þegar hafa skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft.
3. Skráning verðbréfa af eftirfarandi gerðum:
   a. hlutir sem nema minna en 10% af fjölda hluta sama flokks sem þegar er skráður á skipulegum verðbréfamarkaði, miðað við 12 mánaða tímabil,
   b. hlutir ef þeir eru gefnir út í staðinn fyrir áður útgefna hluti í sama flokki, sem þegar eru skráðir á sama skipulega verðbréfamarkaði, hafi útgáfa hinna nýju hluta ekki í för með sér hækkun á útgefnu hlutafé,
   c. verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   d. verðbréf sem boðin eru, er úthlutað eða verður úthlutað í tengslum við samruna fyrirtækja að því gefnu að fyrirliggjandi sé skjal sem telst sambærilegt lýsingu að mati Fjármálaeftirlitsins,
   e. hlutir sem boðnir eru, er úthlutað eða verður úthlutað til núverandi hluthafa án endurgjalds og arðgreiðslur í formi hluta að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og þeir hlutir sem arðgreiðslurnar stafa af og skráðir eru á sama skipulega verðbréfamarkaði;

skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra hluta ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft,

f. verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi með upplýsingum um fjölda og eðli hlutanna ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um það,

g. hlutir sem gefnir eru út við skiptingu á breytanlegum eða skiptanlegum verðbréfum eða vegna nýtingar áskriftarréttinda á öðrum verðbréfum að því gefnu að hlutirnir séu í sama flokki og skráðir á sama skipulega verðbréfamarkaði og áður útgefnir hlutir,

h. verðbréf sem þegar eru skráð á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

   i. verðbréfin eða verðbréf í sama flokki hafa verið skráð í að minnsta kosti 18 mánuði á skipulegum verðbréfamarkaði,

   ii. þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eftir gildistöku þessara laga skal staðfest skráningarlýsing hafa verið birt í samræmi við reglugerð þess efnis, sbr. 73. gr.,

   iii. þegar ii-liður á ekki við en verðbréf hafa verið skráð eftir 30. júní 1983 skal staðfest skráningarlýsing hafa legið fyrir í samræmi við þágildandi reglur,

   iv. viðvarandi upplýsingaskyldu á skipulegum verðbréfamarkaði hefur verið fullnægt,

   v. aðili sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, samkvæmt þessari undanþágu, gerir ágrip sem er aðgengilegt almenningi,

   vi. ágripið sem vísað er til í v. lið er gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti sem lýst er í reglugerð um lýsingar,

   vii. ágripið uppfyllir tilskilin skilyrði um efni og innihald samantektar samkvæmt lögum þessum og ákvæðum reglugerðar um lýsingar; í ágripinu skal enn fremur koma fram hvar hægt er að nálgast nýjustu lýsingu vegna verðbréfanna og fjárhagsupplýsingar þær sem útgefandi hefur birt í samræmi við viðvarandi upplýsingaskyldu.

j. (29. gr.)

Sölutrygging.

Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrirframákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér sölutryggingu í tengslum við almennt útboð og skal þá litið svo á að það ábyrgist einungis að fullnægjandi áskrift fáist til að útboðið takist, nema um annað sé sérstaklega samið.

k. (30. gr.)

Umsjón með almennu útboði og staðfestingu á lýsingum.

Fjármálafyrirtæki sem til þess hefur heimild samkvæmt starfsleyfi sínu skal hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa og skráningu á opinberan verðbréfamarkað.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með staðfestingu á lýsingum. Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á lýsingum, sbr. 2. mgr. 71. gr. Í samningi þessum skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra.

Þóknun fyrir staðfestingu á lýsingum skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

6. gr.

VI. kafli laganna orðast svo og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (36. gr.)

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

b. (37. gr.)

Tilboðsskylda.

Hafi aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá aðili eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái yfirráðum í félagi, eða um að koma í veg fyrir að yfirtaka nái fram að ganga, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. ⅓ hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

Tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvílir á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. er náð.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá tilboðsskyldu skv. 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Fjármálaeftirlitið getur sett skilyrði fyrir undanþágunni, t.d. varðandi frest sem viðkomandi hefur til að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk og meðferð atkvæðisréttar á því tímabili.

Tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla.

c. (38. gr.)

Valfrjáls tilboð.

Ákvæði þessa kafla gilda einnig fyrir valfrjáls tilboð um kaup á hlutum í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði. Með valfrjálsu tilboði er átt við tilboð sem beint er til allra hluthafa viðkomandi félags, án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða skv. 1. mgr. 37. gr.

Tilboðsgjafi sem gerir valfrjálst tilboð skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla.

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki einungis til hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar viðkomandi félags, að því tilskildu að tilboðið hafi ekki í för með sér að tilboðsskylda stofnist skv. 37. gr. Við takmarkað tilboð samkvæmt þessari málsgrein skal gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðisréttar kost á að afhenda hlutabréf sín eða atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína eða atkvæðisrétt.

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að setja skilyrði fyrir því að hann standi við tilboðið.

Ef tilboðsgjafi hefur náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa í viðkomandi félagi ber viðkomandi aðila ekki skylda til að gera yfirtökutilboð í samræmi við 37. gr.

d. (39. gr.)

Tilkynning um tilboð.

Tilboðsgjafi skal tilkynna viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði um ákvörðun um tilboð án tafar. Skipulegur verðbréfamarkaður skal birta tilkynningu tilboðsgjafa opinberlega. Jafnframt skal tilboð kynnt fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.

e. (40. gr.)

Skilmálar tilboðs.

Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála.

Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skv. 37. gr. skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Nú hefur tilboðsgjafi eða aðili sem hann er í samstarfi við greitt hærra verð en skv. 2. mgr. á tilboðstímabili og skal hann þá breyta yfirtökutilboði og bjóða það verð. Ef tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greiða hærra verð eða bjóða betri kjör fyrir hluti í viðkomandi félagi næstu þrjá mánuði eftir lok tilboðstímabils skal greiða þeim hluthöfum sem tekið höfðu upphaflega tilboðinu viðbótargreiðslu sem samsvarar þeim mismun.

Í yfirtökutilboði skal tilboðsgjafi bjóða öðrum hluthöfum í viðkomandi félagi greiðslu í formi reiðufjár, hluta sem bera atkvæðisrétt eða hvorutveggja. Ef tilboðsgjafi býður ekki seljanlega hluti sem skráðir eru á skipulegan verðbréfamarkað sem greiðslu skal reiðufé einnig boðið fram sem valkostur. Sama gildir hafi tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við greitt fyrir a.m.k. 5% hlutafjár félagsins með reiðufé síðustu sex mánuði áður en tilboðsskylda myndaðist og á tilboðstímabili.

Ef tilboðsgjafi hyggst greiða fyrir hluti með reiðufé skal lánastofnun með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu ábyrgjast þá greiðslu. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að samþykkja ábyrgð frá lánastofnunum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ef greiðsla er með

öðrum hætti skal tilboðsgjafi gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hægt verði að standa við tilboðið.

Gildistími yfirtökutilboðs skal hið skemmsta vera fjórar vikur, en tíu vikur hið lengsta. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja gildistíma tilboðs ef fyrir því eru gildar ástæður.

Uppgjör vegna yfirtekinna hluta skal fara fram eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími tilboðs rennur út.

Fjármálaeftirlitið getur breytt tilboðsverði, til hækkunar eða lækkunar, ef um sérstakar kringumstæður er að ræða og reglunni um jafnræði hluthafa í 1. mgr. er fylgt. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 4. og 7. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Allar ákvarðanir varðandi breytingar á tilboðsverði og undanþágur skulu vera rökstuddar og birtar opinberlega.

f. (41. gr.)

Skyldur stjórnar.

Stjórn félags sem tilboð tekur til skal hafa hagsmuni félagsins sjálfs að leiðarljósi í öllum gerðum sínum og má ekki neita hluthöfum félagsins um tækifæri til að taka ákvörðun um tilboðið.

Frá þeim tíma er ákvörðun um tilboð í hluti í félagi hefur verið gerð opinber eða stjórn félags er ljóst að tilboð sé væntanlegt og þar til niðurstöður tilboðs hafa verið gerðar opinberar er stjórn viðkomandi félags óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboðið nema að fengnu fyrirframsamþykki hluthafafundar. Hér er m.a. átt við ákvarðanir um:

1. útgáfu nýrra hluta eða fjármálagerninga í félaginu eða dótturfélögum þess,
2. kaup eða sölu eigin hlutabréfa eða hlutabréfa í dótturfélögum,
3. samruna félagsins eða dótturfélaga þess við önnur félög,
4. kaup eða sölu á eignum eða öðru sem haft getur umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess,
5. samninga sem falla ekki undir venjulega starfsemi félagsins,
6. umtalsverðar breytingar á starfskjörum stjórnenda,
7. aðrar ákvarðanir sem haft geta sambærileg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess.

Stjórn er þó heimilt að leita annarra tilboða án samþykkis hluthafafundar.

Hluthafafundur skal einnig staðfesta eða samþykkja aftur ákvarðanir sem teknar voru fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 2. mgr. ef þeim ákvörðunum hefur ekki enn verið framfylgt að hluta til eða öllu leyti og þær falla utan við venjulega starfsemi félagsins.

Stjórn félags sem tilboð tekur til skal semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess. Í greinargerðinni skal einnig fjallað um álit stjórnarinnar á framtíðaráformum tilboðsgjafa, og hvaða áhrif hún telji að tilboðið geti haft á hagsmuni félagsins, störf stjórnenda og starfsmanna þess, sem og staðsetningu starfsstöðva félags. Ef stjórninni berst tímanlega álit frá fulltrúum starfsmanna á því hvaða áhrif tilboðið hafi á störf starfsmanna fyrirtækisins ber stjórninni að láta það álit fylgja með greinargerð sinni.

Ef skiptar skoðanir eru um tilboð innan stjórnarinnar skal það koma fram í greinargerðinni. Ef stjórnarmenn eiga aðild að tilboði eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa eða hafa að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu tilboðs skal upplýst um það í greinargerð stjórnar. Stjórnarmenn sem aðild eiga að tilboði eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa eða hafa að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu tilboðs skulu ekki taka þátt í því að semja greinargerð stjórnar.

Ef stjórnarmenn, eða aðilar í samstarfi við þá skv. 37. gr., eru aðilar að tilboði eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um tilboð, og það leiðir til þess að stjórn er ekki ályktunarhæf, skal stjórnin láta óháð fjármálafyrirtæki meta tilboðið og skilmála þess.

Greinargerð stjórnar skal birta opinberlega a.m.k. einni viku áður en gildistími tilboðs rennur út.

Ef tilboðsgjafi gerir breytingar á tilboði sínu skv. 44. gr. skal stjórn innan sjö daga frá því að breytt tilboð hefur verið gert opinbert semja og birta opinberlega, sbr. 52. gr., viðbót við greinargerð sína þar sem fram kemur álit stjórnarinnar á viðkomandi breytingum.

g. (42. gr.)

Um afturköllun tilboðs.

Tilboð sem gert hefur verið opinbert skv. 52. gr. er ekki hægt að afturkalla nema sérstök óviðráðanleg atvik (force majeure) mæli með því.

Valfrjáls tilboð er þó unnt að afturkalla að fullnægðu einhverju eftirfarandi skilyrða:

1. fram kemur tilboð sem er sambærilegt við eða hagstæðara en yfirtökutilboð,
2. skilyrði sem tilboðið er háð og tekið er fram í tilboðsyfirliti er ekki uppfyllt,
3. hlutafélag það sem yfirtakan beinist að eykur hlutafé sitt, eða
4. aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

Fjármálaeftirlitið skal samþykkja afturköllun tilboðs.

Afturköllun tilboðs skal birta opinberlega, sbr. 52. gr.

h. (43. gr.)

Ógilding tilboðs.

Tilboð fellur úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs.

Ef tilboð fellur úr gildi af fyrrgreindum orsökum er tilboðsgjafa og aðilum í samstarfi við hann ekki heimilt að setja fram nýtt tilboð eða fara yfir þau mörk sem tilboðsskylda miðast við skv. 37. gr. næstu 12 mánuði nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

i. (44. gr.)

Breytingar á tilboði.

Tilboðsgjafi getur hvenær sem er á tilboðstímabili gert breytingar á tilboði sínu ef breytingarnar hafa í för með sér hagstæðari skilmála fyrir aðra hluthafa. Ef breytingar eru gerðar á tilboði þegar minna en tvær vikur eru eftir af tilboðstímabili skal framlengja tímabilið þannig að það gildi í a.m.k. tvær vikur eftir að breytt tilboð hefur verið birt opinberlega.

Hluthöfum sem samþykkt höfðu fyrra tilboð skal gefinn kostur á velja á milli tilboða.

Breytingar á tilboði skal birta opinberlega, sbr. 52. gr.

j. (45. gr.)

Samkeppnistilboð.

Með samkeppnistilboði er átt við tilboð frá þriðja aðila sem gert er opinbert á gildistíma annars tilboðs.

Ef framkomið tilboð er ekki afturkallað eða því breytt í kjölfar samkeppnistilboðs skal gildistími þess framlengdur til samræmis við gildistíma samkeppnistilboðs.

Ef fram kemur samkeppnistilboð geta hluthafar sem samþykkt hafa skilyrt valfrjálst tilboð, sbr. 4. mgr. 38. gr., dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er á tilboðstímabilinu ef

tilboðsgjafi hefur ekki tilkynnt opinberlega áður en tilkynnt var um fyrirhugað samkeppnistilboð að hann hafi fallið frá öllum skilyrðum sem sett voru í tilboðinu eða að öll skilyrði hafi verið uppfyllt.

k. (46. gr.)

Upplýsingar um niðurstöður tilboðs.

Tilboðsgjafi skal gera upplýsingar um niðurstöður tilboðs opinberar með tilkynningu til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstímabils.

Ef um valfrjálst tilboð er að ræða skal koma fram í tilkynningunni hvort skilyrði sem sett voru í tilboðinu hafi verið uppfyllt og, ef svo er ekki, hvort tilboðsgjafi hyggist engu síður standa við tilboð sitt eða afturkalla það. Ekki er hægt að afturkalla tilboð eftir þann tíma sem tilgreindur er í 1. mgr.

l. (47. gr.)

Innlausnarréttur tilboðsgjafa og hluthafa.

Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 37. gr. eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar, eftir því sem við á, þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna. Skilmála fyrir innlausn skal greina í tilkynningunni. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð, nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. eigi við.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

Ef tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 37. gr. eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum. Ef hluthafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð, nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. eigi við.

Kostnaður við innlausn skal greiddur af tilboðsgjafa.

m. (48. gr.)

Úrræði ef ekki er gert tilboð.

Ef aðili sem er tilboðsskyldur skv. 37. gr. setur ekki fram tilboð innan tilboðsfrests eða innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið hefur úrskurðað um tilboðsskyldu vegna samstarfs getur Fjármálaeftirlitið fellt niður allan atkvæðisrétt viðkomandi aðila í félaginu. Skulu þeir hlutir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi félagi um brottfall atkvæðisréttarins. Er viðkomandi aðilum að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk, sbr. 37. gr. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera lengri en fjórar vikur. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig sett skilyrði varðandi nýtingu atkvæðisréttar tilboðsskylds aðila eða fellt niður atkvæðisréttindi hans fyrr en mælt er fyrir um í 1. mgr. ef fyrir því eru sérstakar ástæður.

7. gr.

35. gr. laganna, sem verður 49. gr., orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð.

8. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

37. gr. laganna, sem verður 51. gr., orðast svo:

Í tilboðsyfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang og kennitala hlutafélagsins sem tilboðið tekur til,
2. nafn, heimilisfang og rekstrarform ef tilboðsgjafi er félag, svo og yfirlit um þá einstaklinga eða lögaðila sem væntanlega munu taka þátt í viðskiptunum ásamt tilboðsgjafa eða eru í samstarfi við tilboðsgjafa skv. 37. gr.,
3. upplýsingar um hve mikinn atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafi og aðilar sem hann er í samstarfi við skv. 37. gr. hafa þegar öðlast beint eða óbeint eða tryggt sér með öðrum hætti, sem og áætlaðan atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafa eftir sölu, ef við á,
4. hámarks- og lágmarkshlutfall eða magn hluta sem tilboðsgjafi ætlar að eignast ef um valfrjálst tilboð er að ræða,
5. verð sem miðað er við í tilboðinu, hvernig það var ákvarðað og hvenær greiðsla fer fram; einnig skal upplýsa um það hvort einhver kostnaður falli á þá hluthafa sem samþykkja tilboð,
6. fjármögnun tilboðs,
7. upplýsingar um hvernig greiðsla skuli fara fram og, ef boðin eru fram hlutabréf, upplýsingar um þau hlutabréf og hvernig skiptin muni verða ákveðin,
8. á hvaða degi hlutir skulu afhentir og hvenær unnt er að beita atkvæðisrétti sem þeim fylgir,
9. önnur skilyrði sem tilboðið kann að vera háð, þ.m.t. undir hvaða kringumstæðum er unnt að afturkalla það,
10. gildistími tilboðs,
11. hvað tilboðsmóttakanda ber að gera til að samþykkja tilboðið,
12. samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, þ.m.t. áform um starfsemi, og hvernig skuli nota fjármuni félagsins, upplýsingar um áframhaldandi skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu, ef það á við; einnig skal fjallað um hugsanleg áhrif yfirtöku á störf stjórnenda og starfsmanna félaganna og starfsskilyrði þeirra, sem og á staðsetningu starfsstöðva félaganna; ef tilboðsgjafi er félag og tilboðið hefur áhrif á það skal einnig birta sambærilega samantekt fyrir það félag,
13. upplýsingar um væntanlega samninga við aðra um að nýta atkvæðisrétt í félaginu, svo framarlega sem tilboðsgjafi á aðild að slíkum samningi eða honum er kunnugt um hann,
14. upplýsingar um hvers konar hlunnindi og greiðslur frá tilboðsgjafa og samstarfsaðilum hans til stjórnarmanna og stjórnenda þess félags sem tilboð tekur til,

15. upplýsingar um þau lög sem gilda varðandi samninga milli tilboðsgjafa og hluthafa vegna tilboðs og um lögbæra dómstóla,
16. aðrar upplýsingar sem máli kunna að skipta.

Tilboðsyfirlit skal staðfest af Fjármálaeftirlitinu áður en það er birt opinberlega skv. 52. gr. Ef umtalsverðar breytingar verða á upplýsingum í tilboðsyfirliti eftir að það hefur verið birt opinberlega eða ef í ljós kemur að tilboðsyfirlit uppfyllir ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan sjö daga.

Fjármálaeftirlitið getur með samningi falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast staðfestingu á tilboðsyfirliti, sbr. 71. gr. Í samningi þessum skal koma fram hvaða verkefni eru falin skipulegum verðbréfamarkaði og skilyrði við framkvæmd þeirra. Þóknun fyrir athugun og staðfestingu á tilboðsyfirliti skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.

10. gr.

38. gr. laganna, sem verður 52. gr., orðast svo:

Birta skal auglýsingu opinberlega um tilboðsyfirlit í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum áður en tilboð tekur gildi, enda liggi fyrir staðfesting Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 51. gr. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar nálgast má tilboðsyfirlit. Samhliða skal nafnskráðum hluthöfum í félagi sem tilboð tekur til sent tilboðsyfirlitið á kostnað tilboðsgjafa. Tilboðsyfirlit skal einnig kynna fyrir starfsmönnum viðkomandi félaga.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna er verður 53. gr.:

a. 1. tölul. orðast svo: verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og.
b. 2. tölul. orðast svo: fjármálagerningar sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum skv. 1. tölul.
c. Við ákvæðið bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 55. gr. eiga ekki við þegar um er að ræða:

1. viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett skal á grundvelli 73. gr.,
2. viðskipti ríkja eða seðlabanka innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu þessara aðila í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

12. gr.

Í stað orðanna „tiltekna fjármálagerninga“ í 1. mgr. 40. gr. laganna, er verður 54. gr., kemur: tiltekin verðbréf.

13. gr.

41. gr. laganna, er verður 55. gr., orðast svo:

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við:

1. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem:
   a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
   b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti viðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.
2. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku.
3. Að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi. Þegar fjölmiðlamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta slíka upplýsingamiðlun með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

Fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við 1. mgr.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um brot gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingarnar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna er verður 56. gr.:

a. 1. tölul. orðast svo: verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og.
b. 2. tölul. orðast svo: fjármálagerningar sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum skv. 1. tölul.
c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Ákvæði 60. gr. eiga ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlunum eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli 73. gr. Önnur ákvæði kafla þessa skulu gilda eftir atvikum.

15. gr.

Í stað 43. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er verða 57. gr. og 58. gr., og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

a. (57. gr.)

Innherjaupplýsingar.

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er skv. 73. gr. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðnum með opinberum og viðurkenndum hætti.

b. (58. gr.)

Innherji.

Með innherja er átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa,
2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

16. gr.

Á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, sem verður 59. gr., svohljóðandi, og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

Upplýsingaskylda, frestun upplýsingaskyldu og lögmæt miðlun innherjaupplýsinga.

Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði, ber að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans eru skráð. Skipulegur verðbréfamarkaður skal miðla upplýsingum skv. 1. málsl. í upplýsingakerfi sínu, og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.

Þegar innherjaupplýsingum hefur verið miðlað með opinberum hætti samkvæmt þessari grein skal viðkomandi útgefandi birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni.

Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar eins og kveðið er á um í reglugerð sem setja skal skv. 73. gr.

Nýti útgefandi heimild til frestunar skv. 3. mgr. er honum, eða aðila í umboði hans, aðeins heimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té, enda sé það gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og móttakandi upplýsinganna er bundinn trúnaði um þær, svo sem samkvæmt lögum, reglugerð eða samningi.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna er verður 60. gr.:

a. Á eftir orðunum „ráðstafa fjármálagerningum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: með beinum eða óbeinum hætti.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar er orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til:

1. lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans,
2. aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. á ekki við um:

1. viðskipti innherja þar sem fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingar,
2. viðskipti þar sem fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun, pöntun eða miðlun fjármálagerninga eða þar sem framfylgt er með venjubundnum hætti samningsbundinni skyldu um viðskiptavaka í samræmi við ákvæði VIII. kafla.

18. gr.

2. mgr. 45. gr. laganna, er verður 61. gr., orðast svo:

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins, en starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis eða starfsmanns þess sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsné skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa viðskiptamann eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

19. gr.

Í stað orðanna „skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim“ í 3. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna, sem verður 63. gr., kemur: Fjármálaeftirlitsins.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna sem verður 64. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Auk tilkynninga um viðskipti innherja skv. 63. gr. ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim. Viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður skal birta upplýsingarnar opinberlega, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Með stjórnendum í lögum þessum er átt við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá útgefanda og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefandans. Hið sama á við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum.

c. Í stað orðsins „fruminnherja“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: stjórnenda.

21. gr.

Fyrirsögn 50. gr. laganna, sem verður 66. gr., orðast svo: *Tilkynning um réttarstöðu innherja.*

22. gr.

51. gr. laganna, er verður 67. gr., orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskiptum innherja.

Stjórn útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 73. gr., um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sé fylgt. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með að framangreindum reglum sé framfylgt innan útgefandans og ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja eftir því sem við getur átt.

23. gr.

X. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Eftirlit og reglugerðir,** orðast svo og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (68. gr.)

Almennt eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um heimildir þess fer samkvæmt ákvæðum kafla þessa og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í tengslum við athugun tiltekins máls er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboð og veitt frest til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt dagsektir eða févíti á þá sem tengjast almennu útboði samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um viðskiptavaka getur það veitt viðskiptavaka viðvörun eða áminningu eða birt opinberlega tilkynningu um vanefndir hans.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um opinbera birtingu upplýsinga skv. 16. gr. og IX. kafla laga þessara er því heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að almenningur sé réttilega upplýstur.

Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, þar á meðal þær eftirlitsheimildir og úrræði sem fram koma í 9.–11. gr. laganna.

b. (69. gr.)

Eftirlit með innherjasvikum og markaðsmisnotkun.

Til viðbótar við almennar eftirlitsheimildir skv. 68. gr. skal Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar við eftirlit með ákvæðum VIII. og IX. kafla.

Síma- eða fjarskiptafyrirtæki er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki enda liggi fyrir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda. Ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis liggur ekki fyrir er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefjast fyrir dómi aðgangs að gögnum skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtæki. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 87. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, að undanskildum b-lið 2. mgr. 87. gr. sem á ekki við um aðgerð samkvæmt þessari málsgrein.

Telji Fjármálaeftirlitið háttsemi andstæða ákvæðum laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun getur stofnunin krafist þess að háttseminni verði hætt þegar í stað. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að atvinnustarfsemi verði stöðvuð tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem talin er andstæð ákvæðum laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Þá getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að skipulegur verðbréfamarkaður stöðvi tímabundið viðskipti með fjármálagerninga við meðferð þess í tilteknu máli.

Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 85. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, eftir því sem við getur átt.

c. (70. gr.)

Eftirlit með almennu útboði og lýsingum.

Um eftirlit með almennu útboði og lýsingum og heimildir til framsals fer skv. 1.–3. mgr. 68. gr.

Eftir að Fjármálaeftirlitið hefur tekið við umsókn um staðfestingu á lýsingu er því heimilt:

1. að krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um skráningu á skipulegan verðbréfamarkað birti viðbótarupplýsingar í lýsingu, ef þörf er á, í því skyni að vernda fjárfesta,
2. að krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um skráningu á skipulegan verðbréfamarkað og aðilar sem þeir hafa yfirráð yfir eða ráða yfir þeim leggi fram upplýsingar og skjöl,
3. að krefjast þess að endurskoðendur og stjórnendur viðkomandi útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um skráningu á skipulegan verðbréfamarkað, sem og umsjónaraðilar útboðs eða skráningar á skipulegan verðbréfamarkað, leggi fram upplýsingar,
4. að fresta almennu útboði eða skráningu á skipulegan verðbréfamarkað í samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við IV. kafla,
5. að banna auglýsingar eða fresta birtingu þeirra í samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við IV. kafla,
6. að banna almennt útboð ef brotið hefur verið gegn ákvæðum IV. kafla,
7. að fresta eða fara fram á það við viðkomandi skipulega markaði að þeir fresti viðskiptum um samfellt tíu virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði IV. kafla,

8. að banna viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði ef það telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla,
9. að tilkynna opinberlega að útgefandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. IV. kafla.

Þegar verðbréf hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað er Fjármálaeftirlitinu jafnframt heimilt:

1. að krefjast þess að útgefandi birti allar upplýsingar sem kynnu að hafa áhrif á mat á verðbréfum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, í því skyni að tryggja vernd fjárfesta og eðlilega starfsemi markaðarins,
2. að stöðva eða óska eftir því við viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað að viðskiptin verði stöðvuð tímabundið eða ótímabundið eftir atvikum, ef eftirlitið telur að aðstæður útgefandans séu þannig að viðskiptin mundu skaða hagsmuni fjárfesta,
3. að láta fara fram athugun hjá útgefanda innan lögráðasvæðis síns til að sannreyna hvort farið sé eftir ákvæðum IV. kafla.

d. (71. gr.)

Eftirlit skipulegs verðbréfamarkaðar.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fela skipulegum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni samkvæmt lögum þessum. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita skipulegum verðbréfamarkaði upplýsingar er varða slík eftirlitsverkefni. Skipulegum verðbréfamarkaði er heimilt að afla upplýsinga hjá aðilum viðkomandi markaðar vegna eftirlitsverkefna sem honum eru falin samkvæmt þessari málsgrein. Heimild til gjaldtöku vegna einstakra verkefna sem Fjármálaeftirlitinu er veitt í lögum þessum á við um skipulegan verðbréfamarkað hafi honum verið falin viðkomandi verkefni.

Gera skal grein fyrir eftirliti skv. 1. mgr. í yfirlýsingu undirritaðri af Fjármálaeftirlitinu og skipulegum verðbréfamarkaði. Yfirlýsingin skal birt opinberlega. Í yfirlýsingunni skal kveðið á um forsendur eftirlits sem skipulegur verðbréfamarkaður sinnir, framkvæmd þess og verkaskipti Fjármálaeftirlitsins og hins skipulega verðbréfamarkaðar. Einnig skal kveðið á um fyrirkomulag upplýsingamiðlunar skv. 1. mgr.

e. (72. gr.)

Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laga þessara, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

f. (73. gr.)

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð skulu m.a. koma fram ákvæði um:

1. skilgreiningu á fagfjárfestum,
2. skyldu eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni,
3. útboð og skráningu verðbréfa þar sem verði kveðið á um aðdraganda að lýsingu,
4. útboðstímabil,
5. efni og upplýsingar sem fram eiga að koma í lýsingu,

6. upplýsingar sem felldar eru inn í lýsingu með tilvísun,
7. staðfestingu lýsingar,
8. tilhögun við birtingu lýsingar,
9. viðvarandi upplýsingaskyldu,
10. heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu eða birtingu lýsingar í heild,
11. auglýsingar á útboðum og skráningu verðbréfa,
12. viðauka og staðfestingu lýsingar,
13. tungumál sem notuð eru í lýsingum,
14. skilgreiningu á heimaríki í skilningi IV. kafla laganna,
15. útboð verðbréfa í þeim tilvikum þegar verðmæti þeirra er á bilinu 8,4 til 210 millj. kr.

Að öðru leyti er ráðherra heimilt að setja ákvæði í reglugerð sem samræmast ákvæðum tilskipunar 2003/71/EBE um útboðs- og skráningarlýsingar og undirgerð hennar.

Þá skal ráðherra setja reglugerð um nánari skilgreiningar á:

1. innherjaupplýsingum,
2. innherjaupplýsingum þegar um er að ræða hrávöruafleiður,
3. markaðsmisnotkun,
4. formi og efni opinberrar birtingar innherjaupplýsinga,
5. lögmætum hagsmunum til frestunar opinberrar birtingar innherjaupplýsinga,
6. viðurkenndri markaðsframkvæmd,
7. tilkynningum fjármálafyrirtækja eða starfsmanna þeirra um grun um brot, sbr. 3. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 61. gr.,
8. undanþágum frá ákvæðum um markaðsmisnotkun og innherjasvik vegna endurkaupaáætlana og verðjöfnunar.

Ráðherra er einnig heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um:

1. upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið fjármálagerninga sína skráða í fleiri en einni kauphöll,
2. safnskráningu, m.a. um sviptingu heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning skv. 1. mgr. 11. gr. og auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda á safnreikningi.

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um:

1. opinbera fjárfestingarráðgjöf, þar á meðal um óhlutdræga framsetningu ráðgjafar og birtingu, tilgreiningu á þeim sem setur fjárfestingarráðgjöfina fram eða gerir hana opinbera og hagsmunum og hagsmunaárekstrum og skilgreiningu hugtaksins greining,
2. meðferð innherjaupplýsinga, þ.m.t. með hvaða hætti komið skuli í veg fyrir að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra er þarfnast þeirra vegna starfa sinna,
3. viðskipti innherja, þ.m.t. hvernig rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 62. gr. skuli háttað,
4. hlutverk og stöðu regluvarðar, sbr. 67. gr.,
5. skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglna skv. 67. gr.,
6. skilgreiningu fjárhagslega tengdra aðila,
7. innherjalista,
8. tilkynningar um viðskipti fruminnherja, stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila.

24. gr.

Í stað orðanna „47.–51. gr.“ í 1. mgr. 54. gr. laganna, er verður 74. gr., kemur: 59. og 62.–67. gr.

25. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna, sem verður 75. gr., orðast svo:

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. flöggunarskyldu skv. 32. gr.,
2. tilboðsskyldu skv. 37. gr.,
3. tilboðsyfirlit skv. 6. mgr. 37. gr. og VII. kafla,
4. skyldur stjórnar skv. 41. gr.
5. upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga skv. 59. gr. og
6. innherjaviðskipti skv. 62.–67. gr.

26. gr.

Við 59. gr. laganna, sem verður 79. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þá taka ákvæði laga þessara upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/6/EB um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik), tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/124/EB um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun, tilskipunar nr. 2003/125/EB um framsetningu og birtingu greininga og hvernig ráðleggingum um fjárfestingu í verðbréfum skuli hagað, ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaárekstra, tilskipunar nr. 2004/72/EB um viðurkennda markaðsframkvæmd, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við hrávöruafleiður, samningu innherjalista, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti, reglugerðar nr. 2273/2003/EB um undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð og tilskipunar ráðsins nr. 2003/71/EBE um útboðs- og skráningarlýsingar sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005 að undanskilinni 5. gr. og c-lið 23. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2006.

Hinn 1. janúar 2006 fellur jafnframt úr gildi IV. kafli laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

28. gr.

Við gildistöku laga þessara kemur ný grein á eftir 25. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum, 25. gr. a, svohljóðandi:

Félög sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skulu í ársskýrslu sinni birta nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. uppbyggingu hlutafjár, þar á meðal hluti sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði, mismunandi hlutaflokka og réttindi og skyldur tengdar þeim, sem og hlutfall þeirra af heildarhlutafé,
2. allar takmarkanir á framsali hluta, t.d. takmarkanir varðandi hlutafjáreign einstakra aðila eða ef samþykki félagsins eða annarra hluthafa þarf fyrir framsali,
3. verulega beina eða óbeina hlutafjáreign, þar á meðal óbeina eign í gegnum önnur félög eða gagnkvæma hlutafjáreign félaga,
4. eigendur hluta með sérstök stjórnunarréttindi og lýsingu á þeim réttindum,

5. helstu ákvæði kaupréttaráætlana starfsmanna,
6. allar takmarkanir varðandi atkvæðisrétt, t.d. takmarkanir á atkvæðisrétti hluthafa sem eiga ákveðið hlutfall eða fjölda atkvæða, frest til að nýta atkvæðisrétt eða ef fjárhagsleg réttindi tengd hlutum eru ekki tengd eignarhaldi þeirra,
7. alla samninga milli hluthafa sem félaginu er kunnugt um og geta haft í för með sér takmarkanir varðandi framsal og/eða atkvæðarétt,
8. reglur varðandi tilnefningar og endurnýjun stjórnarmanna og breytingar á samþykktum félags,
9. sérstakar heimildir stjórnar, þar á meðal heimildir til að gefa út nýja hluti eða kaupa eigin hluti,
10. samninga sem félagið er aðili að og taka gildi, breytast eða falla úr gildi ef breytingar verða á stjórnun eða yfirráðum í félagi í kjölfar yfirtökutilboðs og áhrif þess á félagið, nema um sé að ræða upplýsingar sem haft geta skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða hafa óveruleg áhrif á starfsemi félagsins; þær undantekningar eiga þó ekki við ef um er að ræða upplýsingar sem félagi er skylt að birta á grundvelli laga,
11. samninga félagsins við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs.

Stjórn félags sem skráð hefur einn eða fleiri hlutabréfaflokka á skipulegum verðbréfamarkaði skal á aðalfundi hvert ár kynna greinargerð með skýringum varðandi þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú fer aðili með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. 37. gr. laganna og er hann þá ekki tilboðsskyldur við gildistöku laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna.

1218. Nefndarálit [648. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. samningsviðauki).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Persónuvernd, ríkissaksóknara, Alþýðusambandi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að 14. viðauki við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttamála Evrópu) verði lögfestur. Meginefni viðaukans varðar breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans, einkum hvað varðar meðferð kæru á fyrstu stigum og fullnustu dóma dómstólsins, en helsti tilgangur viðaukans er að auka skilvirkni mannréttindadómstóls Evrópu svo að markmiðum sáttmálans verði náð.

Gildistaka ákvæða samningsviðaukans auðveldar dómstólnum að takast á við þann mikla fjölda kæra sem reynast ótækar til efnismeðferðar og í vissum tilvikum mun einn dómari geta tekið ákvörðun um frávísun kæru í stað þriggja dómara nefndar áður. Þá er bætt við nýju skil-

yrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar þannig að vísa skal kæru frá ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði vegna meints brots. Þá verður hægt að afgreiða „endurtekin mál“ með skilvirkari hætti en áður þar sem þriggja dómara nefnd fær heimild til að dæma í málum þar sem dómstólinn hefur áður leyst úr sambærilegum álitaefnum, í stað sjö dómara deildar nú. Auk þess verður unnt að ljúka máli með sátt á öllum stigum í stað þess að það sé eingöngu hægt í málum sem eru tæk til efnismeðferðar eins og nú er.

Aðrar breytingar sem samningsviðaukinn felur í sér lúta einna helst að því að sjálfstæði dómara er aukið með lengri kosningu, til níu ára í stað sex ára áður, auk þess sem ráðherranefndinni eru veitt ný úrræði varðandi eftirlit með fullnustu dóma og mannréttindadómstólnum falið hlutverk við fullnustu þeirra. Þá verður Evrópusambandinu heimilað að gerast aðili að mannréttindasáttmálanum.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á fylgiskjali, en í því er texti samningsviðaukans felldur inn í megintexta sáttmálans sjálfs. Breytingarnar lúta eingöngu að samræmingu á orðalagi þannig að orðin „samningur“ og „samningsviðauki“ verði notuð í stað orðanna „sáttmáli“ og „viðbótarsamningur“.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „sáttmálans“ og „viðbótarsamninga“ í b-lið 1. mgr. 28. gr. fylgiskjals og sömu orða í a- og b-lið 3. mgr. 35. gr., 1. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 59. gr. komi (í viðeigandi beygingarfalli): samningur, og: samningsviðauki.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Einar Karl Haraldsson.

1219. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneytinu, Hákon Aðalsteinsson, Freystein Sigurðsson og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Þórð Skúlason og Trausta Fannar Valsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Davíð Egilson og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Árna Ísaksson veiðimálastjóra, Pétur Reimarsson

frá Samtökum atvinnulífsins, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands, Óðin Sigþórsson og Sigurjón Valdimarsson frá Landssambandi veiðifélaga, Karl Axelsson hæstaréttarlögmann og Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Kópavogsbæ, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samorku, Byggðastofnun, veiðimálastjóra, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Bændasamtökum Íslands, Landvernd, Umhverfisstofnun og Landssambandi veiðifélaga.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný vatnalög og er þeim ætlað að leysa af hólmi núgildandi vatnalög sem eru frá árinu 1923. Í greinargerð með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpinu og ástæðum þess að talin var þörf á að endurskoða vatnalögin frá 1923 sem hafa að mörgu leyti verið talin merkileg lagasmíð. Um leið og meiri hlutinn vísar til þess sem þar kemur fram telur hann ástæðu til að árétta eftirfarandi atriði, m.a. í ljósi umsagna sem nefndinni hafa borist við meðferð málsins.

Í núgildandi vatnalögum, nr. 15/1923, er að finna ítarleg ákvæði um ýmsa þætti vatnamála sem ekki er að finna í frumvarpinu. Stafar þetta af því að ákvæðum frumvarpsins er ekki ætlað að taka til allra þátta sem lúta að vatni og vatnsnotum með sama hætti og núgildandi vatnalög enda hefur lagaþróun verið með þeim hætti að nú er tekið á ýmsum þáttum vatnamála í öðrum lögum, m.a. á sviði umhverfis-, náttúru- og almannaréttar. Þannig eru ákvæði laganna um óhreinkun vatns og holræsi t.d. felld brott í heild sinni enda er um þau málefni fjallað í öðrum lögum. XII. kafli laganna um almenna umferð um vötn er jafnframt felldur niður í heild sinni en um leið mælt fyrir um upptöku ákvæðis sama efnis í náttúruverndarlög, nr. 44/1999, sbr. 2. tölul. 43. gr. frumvarpsins. Þá eru ýmis ákvæði núgildandi laga einfölduð, m.a í ljósi breyttra aðstæðna. Má í þessu sambandi nefna ákvæði um vatnsveitur og áveitur en þau eru einfölduð til muna í frumvarpinu í ljósi breyttra aðstæðna og jafnframt með vísan til þess að um vatnsveitur er nú fjallað í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Sama er að segja um ákvæði núgildandi vatnalaga um vatnsmiðlanir, mannvirkjagerð, ráðstafanir gegn landbroti og ágangi vatns og almenn ákvæði um vatnsvirki en öll þessi ákvæði eru einfölduð verulega og tekin saman í einn kafla. Nauðsynlegt er að hafa framangreint í huga þegar frumvarpið er skoðað og það borið saman við núgildandi vatnalög.

Meginbreytingin samkvæmt frumvarpinu er þó fólgin í breyttri skilgreiningu vatnsréttinda fasteignareigenda. Í núgildandi vatnalögum eru vatnsréttindi fasteignareigenda skilgreind með jákvæðum hætti sem felst í því að talið er upp í lögunum hvaða umráða- og hagnýtingarréttur fylgi fasteign. Í frumvarpinu er hins vegar byggt á svokallaðri neikvæðri skilgreiningu eignarréttar sem felur í sér að eigandi fasteignar nýtur allra þeirra heimilda sem ekki eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans. Gerir þessi breytta nálgun það að verkum að afmörkun eignarréttarins í frumvarpinu verður mun einfaldari en nú er. Meiri hlutinn leggur áherslu á að hér sé þó fyrst og fremst um formbreytingu að ræða enda er ekki talið að hún feli í sér efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni eins og það hefur verið skýrt af dómstólum og fræðimönnum á grundvelli núgildandi vatnalaga.

Loks er stjórnsýsla samkvæmt lögunum einfölduð en hún verður alfarið á hendi Orkustofnunar og iðnaðarráðherra sem hefur yfirstjórn mála á sinni hendi.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að því að tryggja forgangsrétt sveitarfélaga til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Í þessu skyni leggur meiri hlutinn til að sérstaklega verði mælt fyrir um heimild iðnaðarráðherra til að heimila eignarnám til slíkrar vatnstöku.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 15. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, getur iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki, aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu sem og önnur réttindi fasteignareiganda verði tekin eignarnámi. Ef eignarnám samkvæmt ákvæði þessu á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

Alþingi, 27. apríl 2005.

Einar Oddur Kristjánsson, varaform., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Bjarni Benediktsson.

Guðjón Hjörleifsson. | Dagný Jónsdóttir.

1220. Nefndarálit [707. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Andrés Svanbjörnsson frá iðnaðarráðuneyti og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Samtökum sveitarfélaga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á álagningargrunni fasteignaskatts vegna stækkunar á álbræðslu Norðuráls á Grundartanga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 27. apríl 2005.

Einar Oddur Kristjánsson, varaform., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Jóhann Ársælsson.

Einar Már Sigurðarson. | Sigurjón Þórðarson. | Bjarni Benediktsson.

Dagný Jónsdóttir.

1221. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um breyting á ýmsum lögum á orkusviði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Örn Sverrisson og Helga Bjarnason frá iðnaðarráðuneyti, Ólaf Pál Gunnarsson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Hauk Eiríksson frá Hitaveitu Suðurnesja, Stefán Pétursson og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Guðmund Þóroddsson og Hjörleif B. Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Eirík Bogason frá Samorku, Bjarna Einarsson frá Múlavirkjun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Pál H. Hannesson frá BSRB, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ingunni S. Þorsteinsdóttur og Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra, Orkustofnun, Landsvirkjun, Alþýðusambandi Íslands, Norðurorku, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Orkuveitu Reykjavíkur.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til heildarlaga um skattskyldu orkufyrirtækja sem efnahags- og viðskipanefnd hefur haft til umfjöllunar. Miða frumvörpin tvö að því að samræma skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það að markmiði að tryggja jafnræði og samkeppni á þessu sviði. Gerir frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja ráð fyrir að vinnsla, dreifing, flutningur, sala og afhending á raforku og heitu vatni verði skattskyld frá og með 1. janúar 2006. Í samræmi við það gerir frumvarp það sem hér er til umfjöllunar ráð fyrir að ýmsar skattundanþágur sem kveðið er á um í sérlögum um einstök orkufyrirtæki og lögum um raforkuver verði aflagðar. Nefndin átti sameiginlegan fund með efnahags- og viðskiptanefnd þar sem helstu hagsmunaaðilar voru kallaðir til og frumvörpin rædd samhliða.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem ráðgerðar eru í frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja leggur nefndin til að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar verði **samþykkt óbreytt.**

Þuríður Backman var viðstödd afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er hún andvíg áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2005.

Einar Oddur Kristjánsson, varaform., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Bjarni Benediktsson.
Dagný Jónsdóttir.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.
	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	

1222. Nefndarálit [583. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir svonefnds vöruþróunar- og markaðssjóðs síldarútvegsins sem stofnsettur var með lögum nr. 43/1998 til að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir verði rýmkaðar þannig að sjóðnum verði jafnframt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 27. apríl 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Dagný Jónsdóttir.
Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Una María Óskarsdóttir.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

1223. Nefndarálit [732. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Hrafnkel Eiríksson frá Hafrannsóknastofnuninni. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi kvótabátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi smábátaeigenda og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði við veiðar á uppsjávarfiski að meta magn meðafla með sýnatöku og reikna hann til aflamarks fiskiskips á þeim grundvelli. Felur breytingin í sér frávik frá þeirri meginreglu laganna að flokka beri allan afla um borð í fiskiskipum

og landa honum þannig. Í athugasemdum með frumvarpinu eru tilgreindar ástæður þess að rétt þykir að víkja frá þessari meginreglu við þessar veiðar og tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Þá eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar sem lúta að framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 27. apríl 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Dagný Jónsdóttir.

Sigurrós Þorgrímsdóttir. Una María Óskarsdóttir.

1224. Nefndarálit [667. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti ásamt Hallgrími Ásgeirssyni lögfræðingi, Guðjón Rúnarsson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu. Umsagnir bárust frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Fjármálaeftirlitinu.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í íslenskan rétt, en ákvörðun um að fella tilskipunina inn í XII. viðauka við EES-samninginn var tekin í sameiginlegu EES-nefndinni 9. júlí 2004. Ákvörðunin var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu sem verður aflétt að fenginni ályktun Alþingis um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir Íslands hönd. Tillaga til þingsályktunar þess efnis var samþykkt á Alþingi 20. apríl sl. eftir umfjöllun í utanríkismálanefnd.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins og efla þannig frelsi í þjónustu og fjármagnsflutningum á sameiginlega markaðnum fyrir fjármálaþjónustu. Tilskipuninni er með þessum hætti ætlað að styrkja innri fjármagnsmarkað Evrópu, en mismunandi kröfur í landsrétti einstakra ríkja hafa dregið úr skilvirkni og komið í veg fyrir samþættingu fjármagnsmarkaða í Evrópu. Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur ríkjanna um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, en slíkar ráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu eða framsal verðbréfa eða reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Í tilskipuninni er dregið úr formkröfum og aðildarríkjunum í raun meinað að gera sérstakar formkröfur, m.a. um stofnun, gildi og fullnustu samninganna. Gert er ráð fyrir að aðilar að slíkum samningum séu einkum stofnanir á fjármálamarkaði, t.d. opinberir lánasjóðir, alþjóðlegir fjárfestingar- og þróunarbankar, seðlabankar, fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög og verðbréfasjóðir.

Í umsögnum var m.a. bent á að umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu þess efnis að í samningi um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir ætti jafnan að vísa til laga um fjárhagslegar

tryggingarráðstafanir kynni hugsanlega að verða túlkuð þannig að samningar sem ekki hefðu slíka tilvísun féllu ekki undir lögin. Því væri óheimilt að gera slíka formkröfu til samninganna og slík skilyrðing væri ekki í samræmi við tilgang tilskipunarinnar. Nefndin bendir á að ákvæði frumvarpsins gera engan veginn þá formkröfu til samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að í þeim sé vísað til laganna, þótt vissulega sé æskilegt að það verði gert. Ákvæði frumvarpsins sjálfs eru skýr hvað það varðar að samningur haldi ávallt gildi sínu þótt ekki sé vísað til íslenskra laga í honum, hann nýtur sérreglna laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði laganna.

Nefndin leggur til smávægilega orðalagsbreytingu á 9. tölul. 2. gr. frumvarpsins þar sem staðgöngutryggingar eru skilgreindar og bendir á að ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. 9 tölul. orðist svo: *Staðgöngutrygging:* Fjárhagsleg trygging sem kemur í stað upphaflegrar tryggingar samkvæmt ákvæðum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og felur í sér aðra jafngilda tryggingu.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Einar Karl Haraldsson.

1225. Frumvarp til laga [792. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Una María Óskarsdóttir.

1. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Foreldrar eða forráðamenn geta tryggt sér rétt til slysabóta vegna íþróttaiðkunar barna og unglinga yngri en 16 ára með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða forráðamenn geti tryggt sér rétt til slysabóta vegna íþróttaiðkunar barna sinna og unglinga yngri en 16 ára með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi.

Skipulögð íþróttastarfsemi hinna margvíslegu íþróttafélaga eflist sem betur fer ár frá ári. Rannsóknir, bæði hér á landi sem erlendis, bera þess glöggt vitni að ástundun íþrótta hefur mikil og góð áhrif á almenna velferð og vellíðan fólks. Hin síðari ár hefur í ríkari mæli verið lögð áhersla á að börn byrji snemma að stunda hreyfingu. Boðið er upp á ungbarnasund, alhliða íþróttaskóla, fimleikaskóla, knattspyrnuskóla, dansskóla og fleira. Þeim foreldrum og uppalendum hefur fjölgað sem kjósa að kynna iðkun íþrótta fyrir ungum börnum sínum. Lengi býr að fyrstu gerð, segir máltækið, og það skiptir svo sannarlega miklu máli að allir kynnist snemma á lífsleiðinni hegðun og viðhorfum sem geta haft góð áhrif á þátttöku þeirra í samfélaginu.

Í lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, er m.a. kveðið á um tryggingar einstaklinga vegna slysa sem eiga sér stað við vinnu, iðnnám, björgunarstörf og hvers konar íþróttaæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni og er miðað við að bótaskylt slys valdi sjúkleika og vinnutjóni í minnst tíu daga. Þá er í e-lið 1. mgr. 24. gr. laganna fjallað nánar um slysatryggingar íþróttafólks og segir þar að slysatryggðir séu íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og er orðið 16 ára.

Bætur almannatrygginga vegna slysa eru vinnuslysatryggingar og felast í sjúkrahjálp, dagpeningum, örorkubótum og dánarbótum. Meðal annars greiðir slysatrygging að fullu alla nauðsynlega læknishjálp, lyfjakostnað, tannviðgerðir, hjálpartæki, sjúkraflutninga, sjúkraþjálfun og orkulækningar. Þá er heimilt að greiða hjúkrun í heimahúsum, ferðakostnað o.fl. Ef slys veldur varanlegri örorku sem er 10% eða meiri á sá sem slasast rétt á örorkulífeyri eða örorkubótum.

Það hefur vakið athygli að börn sem stunda íþróttir og hafa ekki náð 16 ára aldri njóta ekki verndar slysatryggingar almannatrygginga eins og þau sem eldri eru og uppfylla skilyrði laganna um vinnutap. Þannig ættu þau eða foreldrar þeirra ekki rétt á þeim bótum sem tilgreindar eru hér að framan vegna íþróttaslyss þó að um vinnutap foreldra og útlagðan kostnað vegna slysanna geti verið að ræða. Framangreind lagaregla kom inn í almannatryggingalög árið 1975 og er því 30 ára gömul. Ætla má að þegar reglan var lögfest hafi íþróttaiðkun barna og unglinga ekki verið orðin eins almenn og nú.

Samkvæmt skráningu slysa hjá Slysaskrá Íslands (http://landlaeknir.is) hefur íþróttaslysum barna á aldrinum 0–14 ára farið fjölgandi. Skráningin nær ekki til landsins alls, en m.a. hefur verið stuðst við skráningu frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Upplýsingar úr Slysaskrá Íslands eiga því að gefa ákveðna og raunsæja vísbendingu um tíðni íþróttaslysa þessa aldurshóps. Formleg skráning í Slysaskrá Íslands hófst árið 2002, en þá lentu 244 drengir og 189 stúlkur í íþróttaslysum, árið 2003 lentu 440 drengir og 325 stúlkur í íþróttaslysum og árið 2004 lentu 480 drengir og 374 stúlkur á aldrinum 0–14 ára í slysum í íþróttum. Aukning slysa á milli ára er sláandi.

Aukin þátttaka barna í skipulögðu íþróttastarfi kallar á breyttar reglur. Það er því mjög brýnt að lög um almannatryggingar nái til íþróttaslysa barna og unglinga sem eru ekki orðin 16 ára gömul. Leggur flutningsmaður því til að unnt verði að óska eftir því við gerð skattframtals í byrjun hvers árs að þeir sem eiga börn eða unglinga yngri en 16 ára geti tryggt sér rétt til slysabóta vegna íþróttaiðkunar barna sinna og unglinga með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi, eins og þeir sem stunda heimilisstörf geta gert óski þeir eftir slysatryggingu við heimilisstörf.

1226. Tillaga til þingsályktunar [793. mál]

um aðgerðir gegn ótímabæru og óeðlilegu kynlífi unglinga.

Flm.: Una María Óskarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem beiti sér fyrir árangursríkum forvörnum og samhæfðum aðgerðum til að vinna gegn ótímabæru og óeðlilegu kynlífi unglinga.

Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum frá Félagi framhaldsskólanema, Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Kennarasambandi Íslands, Félagi framhaldsskólakennara, landlæknisembættinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík og Félagsþjónustu Kópavogs, Heimili og skóla, umboðsmanni barna og Stígamótum. Í starfshópnum verði hlutur hvors kyns a.m.k. 40%.

Greinargerð.

Hér er lagt til að skipaður verði starfshópur sem beiti sér fyrir samhæfðu forvarnastarfi innan heilbrigðisþjónustu, skólakerfis og félagsþjónustu. Starfið beinist m.a. að opinni umræðu í þjóðfélaginu og fræðslu ungmenna, foreldra og annarra sem eiga samskipti við ungmenni, um samskipti kynjanna, kynlíf og gildi þess, fjölskylduráðgjöf og áhrifaþætti á borð við klám og klámvæðingu. Jafnframt beinir Alþingi því til heilbrigðisráðherra að aukin áhersla verði lögð á kynheilbrigðismál og að landlæknisembættinu, sem og Lýðheilsustöð, verði falin aukin verkefni í því sambandi.

Mjög brýnt er að tekið verði á þeim vanda sem ótímabært og óeðlilegt kynlíf ungmenna hefur í för með sér. Kynlífsbyltingin og allt það frjálsræði sem henni fylgir hefur því miður leitt til þess að grundvallarreglur siðferðisins hafa verið gróflega brotnar, t.d. mun ekki einsdæmi að unglingsstúlkur greiði með einhvers konar kynmökum fyrir aðgang að samkvæmum. Því er spurt: Hvernig er hægt að sporna við því að unglingar fari of snemma að stunda kynlíf? Staðfest hefur verið að það er oft á einhvern hátt óeðlilegt og leiðir því miður ekki til þeirrar vellíðunar sem það ætti að gera. Líklegra er að upplifunin leiði til vanlíðunar og sektarkenndar. Einnig þarf að skoða hvaða þættir hafa áhrif. Auðvelt er að nálgast klámkennt efni þar sem kynlíf er afskræmt, t.d. í kvikmyndum og auglýsingum og á netinu, en ungir og óharðnaðir unglingar hafa oft ekki forsendur til að greina á milli þess sem er virðingu þeirra samboðið og þess sem er það ekki. Á vegum landlæknisembættisins vinnur þverfaglegur hópur nú að þessu máli.

Vinna starfshópsins sem hér er lagt til að verði stofnaður gæti fallið að þeirri vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi innan heilbrigðisþjónustunnar og styrkt hana. Nauðsynlegt er að efla starfsemina, m.a. með nýju stöðugildi. Starfshópurinn gæti jafnframt beitt sér fyrir betra aðgengi að getnaðarvörnum, árangursríkari forvörnum og samhæfðum aðgerðum innan heibrigðiskerfis og menntakerfis og stuðlað að opinni umræðu og fræðslu í þjóðfélaginu meðal ungmenna, foreldra og annarra sem eiga samskipti við ungmenni.

Hér á landi er einnig vert að sporna við ótímabærum þungunum, en um 1.000 fóstureyðingar eru nú framkvæmdar á ári hverju og u.þ.b. þriðjungur þeirra sem í hlut eiga eru undir 20 ára aldri. Tíðni þungana og fóstureyðinga meðal táninga hérlendis hefur þó minnkað síðustu ár og má að nokkru leyti rekja það til þess að auðveldara er orðið að nálgast neyðargetnaðarvarnir.

Mikilvægt er að landlæknisembættinu, sem og Lýðheilsustöð, verði gert kleift að efla forvarnir í kynheilbrigðismálum, en benda má á að í skipuriti Lýðheilsustöðvar er ekki að sjá að starfssvið stofnunarinnar taki á þeim málaflokki.

Styrkja þarf foreldra og aðra uppalendur og benda á áhrifaríkar leiðir til þess að börn og unglingar stundi ekki ótímabært kynlíf með öllum þeim afleiðingum sem það getur haft. Margoft hefur komið fram í rannsóknum að þar sem samskipti barna og foreldra eru góð komast góðar uppeldisreglur fremur til skila og meiri líkur eru á að unglingar fari eftir þeim. Mikilvægt er að byrja kynfræðslu snemma vegna þess að þegar börn eru komin á ákveðinn aldur vilja þau skilja sig frá foreldrunum og fara á stig sem kalla mætti stig aðskilnaðar-sjálfstæðis. Á þessu tímabili vilja þau síður taka mark á foreldrum sínum og fara þá síður eftir því sem þeir segja, sérstaklega ef samskiptin byggjast ekki á góðum grunni.

Rannsóknir sýna að það eru aðallega mæður sem sjá um kynfræðslu barna sinna og einnig að stúlkur fá meiri fræðslu en piltar. Fræðslan hefur að stórum hluta verið um þær hættur sem felast í því að stunda kynlíf og því hefur í ríkara mæli verið haldið að stúlkum en drengjum að sýna ábyrgð í kynlífi. Fram hefur komið að yngri unglingar verða fyrir meiri áhrifum frá foreldrum, sérstaklega mæðrum, en þeir sem eldri eru og stúlkur frekar en piltar. Kynlífsbyltingin og allt það frjálsræði sem henni fylgir getur haft mjög óæskileg áhrif á óþroskaða unglinga. Þess vegna er nú tími til kominn að hefja hreinskilnislega umræðu um kynlíf unglinga og fræða þá ekki bara um hætturnar sem því fylgja heldur einnig um ábyrgðina sem fylgir því að stunda kynlíf og um þau siðferðislegu gildi sem hafa þarf í hávegum. Feður þurfa í ríkara mæli að fræða syni sína um hvað er eðlilegt í kynlífi og hvað ekki. Mikilvægt er að efla umræðuna meðal unglinganna sjálfra, meðal foreldra og í samfélaginu í heild. Það er því brýnt að starfshópur sá sem lagt er til að verði stofnaður hefji störf svo fljótt sem auðið er og að honum verði gert kleift að sinna því mikilvæga starfi að sporna við ótímabæru og óeðlilegu kynlífi unglinga.

1227. Nefndarálit [696. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands. Umsagnir sem bárust nefndinni um málið voru jákvæðar.

Í frumvarpinu er lagt til að víkka úrræði stjórnar Lífeyrissjóðs bænda til að mæta breyttri stöðu sjóðsins. Tryggingafræðileg úttekt hefur sýnt að staða sjóðsins hefur versnað mjög á síðustu árum og að framtíðarskuldbindingar hans eru mjög þungar, svo sem lýst er í athugasemdum við frumvarpið. Þá eru einnig lagðar til breytingar sem taka mið af búvörusamningi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 27. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Una María Óskarsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	Helgi Hjörvar.

1228. Nefndarálit [677. mál]

um frv. til l. um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Margréti Kristjánsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Bjarna Áskelsson frá Samtökum uppboðsmarkaða og Þórð Ásgeirsson og Hrefnu Gísladóttur frá Fiskistofu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Íslandsmarkaði hf., Fiskmarkaði Vestmannaeyja, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi kvótabátaeigenda, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Fiskistofu, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Vélstjórafélagi Íslands og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla en núgildandi lög eru frá árinu 1989. Meðal breytinga sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu má nefna að lagt er til að útgefin leyfi til rekstur uppboðsmarkaða verði ótímabundin en samkvæmt gildandi lögum þarf að endurnýja þau árlega. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji reglur um uppboðsmarkaði sem taki til allra uppboðsmarkaða á landinu í stað þess að ráðherra staðfesti starfsreglur hvers markaðar fyrir sig eins og nú er. Er þetta gert í því skyni að samræma viðskiptaumhverfi uppboðsmarkaða í landinu til hagræðis fyrir kaupendur og seljendur sjávarafla.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að skilgreiningu á uppboðsmarkaði skv. 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hugtakið taki ekki einungis til uppboðs á sjávarafla heldur verði jafnframt heimilt að nýta uppboðskerfi fiskmarkaða við sölu á eldistegundum bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, sem og vatnafiski og afurðum úr þessum tegundum. Loks felur hin breytta skilgreining í sér að ekki eru settar takmarkanir við uppboði á fiski þótt hann hafi ekki verið fluttur á uppboðsstað. Ekki eru hins vegar lagðar til breytingar á gildissviði frumvarpsins að því leyti að það nær einvörðungu til sölu á frjálsu uppboði og felur frumvarpið þannig í sér óbreytta stöðu mála hvað það varðar frá gildandi lögum. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem fela í sér að leyfishöfum samkvæmt lögunum verði heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða, sem starfar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, að sjá um framkvæmd uppboða og til að sinna skyldum leyfishafa skv. 6. gr. frumvarpsins. Miða þessar

breytingar að því að auka og tryggja sveiganleika og hagkvæmni við rekstur uppboðsmarkaða. Loks er orðalagi refsiákvæðis frumvarpsins breytt til samræmis við önnur refsiákvæði í lögum á sviði sjávarútvegsmála.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Magnús Stefánsson.

Kjartan Ólafsson. Una María Óskarsdóttir.

1229. Breytingartillögur [677. mál]

við frv. til l. um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (GHj, GÞÞ, MS, KÓ, UMÓ).

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: *Reiknistofa uppboðsmarkaða*: Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða skv. 5. tölul. og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. Reiknistofa skal uppfylla þau skilyrði sem ráðherra setur með reglugerð skv. 5. gr.
   b. 2. tölul. orðist svo: *Uppboðsmarkaður*: Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni.
   c. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Leyfishafi hefur heimild til að fela reiknistofu uppboðsmarkaða að sjá um framkvæmd uppboðs.
2. Við 4. gr. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Um vigtun afla gilda ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra eftir því sem við á.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skal í reglugerð kveða á um útgáfu rekstrarleyfa og starfsemi uppboðsmarkaða, þar á meðal um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra setur jafnframt reglur um starfsemi reiknistofu uppboðsmarkaða.
4. Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Leyfishafa er heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.
5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Með brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og fangelsi allt að tveimur árum sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða.

1230. Nefndarálit [336. mál]

um frv. til l. um fullnustu refsinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Valtý Sigurðsson fangelsismálastjóra, Brynhildi G. Flóvenz og Guðrúnu D. Gunnarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Þóri Oddsson vararíkislögreglustjóra, Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi, Mjöll Helgadóttur frá Aðgát, félagi aðstandenda fanga, Helga Gunnlaugsson frá Háskóla Íslands, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands og Helga I. Jónsson frá dómstólaráði. Umsagnir bárust um málið frá Helga Gunnlaugssyni prófessor, trúnaðarráði fanga á Kvíabryggju, embætti ríkislögreglustjóra, Afstöðu, Alþjóðahúsi, dómstólaráði, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Aðgát, félagi aðstandenda fanga og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um stjórn og skipulag fangelsismála og fullnustu refsinga hér á landi, en lögunum er ætlað að leysa af hólmi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og önnur ákvæði laga og reglugerða þar sem fjallað er um fullnustu refsinga. Í frumvarpinu er miðað að því að gera gildandi reglur um fullnustu refsinga skýrari og styrkja lagastoð ýmissa ákvæða, auk þess sem nokkur nýmæli eru lögð til. Frumvarp sama efnis var lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi, en varð ekki fullrætt. Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar hefur verið tekið mið af athugasemdum sem bárust á 130. þingi. Í störfum nefndarinnar hefur jafnframt komið í ljós að auk þessa hefur viðamikil stefnumótun við framtíðaruppbyggingu fangelsismála átt sér stað og er enn í gangi. Nefndin telur að frumvarpið falli ágætlega að þeirri framtíðarsýn sem kynnt hefur verið og fagnar því að við stefnumótun í fangelsismálum sé horft til lengri tíma.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal þeirra atriða sem hvað mesta umræðu fengu meðal nefndarmanna voru vistun gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarföngum, menntunarkröfur til forstöðumanna fangelsa, gerð meðferðar- og vistunaráætlunar, heilbrigðisþjónusta í fangelsum, fyrirkomulag fullnustu dóma með samfélagsþjónustu, leit á gestum fanga, agaviðurlög í fangelsum og fyrirkomulag reynslulausnar.

Nefndin er sammála því sjónarmiði sem fram kom í nokkrum umsögnum að vistun gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarföngum sé óheppileg, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Af þessu tilefni kallaði nefndin eftir upplýsingum um afstöðu fangelsisyfirvalda til þessa málefnis. Þær skýringar fengust að húsakostur fangelsa hér á landi býður ekki upp á annað fyrirkomulag. Með hliðsjón af því telur nefndin sér ekki fært að leggja til breytingar á þessu að svo komnu máli, en tekur undir þá framtíðarsýn sem birtist í skýrslu Fangelsismálastofnunar frá 26. janúar 2005 um uppbyggingu fangelsanna. Þar er sett fram hugmynd um sérstaka gæsluvarðhaldsdeild með 12 klefum sem yrði í fyrsta lagi nýtt sem gæsluvarðhald fyrir fanga í einangrun samkvæmt dómsúrskurði og ákvörðun lögregluyfirvalda og í öðru lagi sem skammtímavistun fyrir fanga í svokallaðri „lausagæslu“, þ.e. fanga sem sæta gæsluvarðhaldi án einangrunar. Þar sem fjöldi fanga í gæsluvarðhaldi er mjög breytilegur mætti opna og loka deildinni til hagræðis. Þá telur stofnunin eðlilegast að þeir fangar sem sæta lausagæslu í lengri tíma verði vistaðir á Litla-Hrauni eins og verið hefur, þó þannig að komið yrði upp aðskildri deild fyrir þá, en vinna og nám færi saman með afplánunarföngum. Nefndin tekur undir það mat stofnunarinnar að afar brýnt sé að fangar sem

sæta lausagæslu í langan tíma geti stundað fjölbreytilega vinnu, nám eða annað uppbyggilegt starf til jafns við afplánunarfanga.

Nefndin tók til skoðunar hvort gera ætti frekari menntunarkröfur til forstöðumanna fangelsa. Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að áherslu bæri að leggja á mikilvægi hæfis við ráðningar forstöðumanna. Að mati nefndarinnar kemur frumvarpið á engan hátt í veg fyrir að svo geti verið. Eins og fram kom í umsögnum telur nefndin vissulega æskilegt að þeir sem ráðast til starfa við forstöðu fangelsa hafi menntun á sviði félagsvísinda og stjórnunar, en telur jafnframt að fleira geti skipt máli, svo sem starfsreynsla. Því komst nefndin að þeirri niðurstöðu að leggja ekki til breytingar á 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um forstöðumenn fangelsa.

Nefndin fagnar því að í 7. gr. frumvarpsins skuli heimildir starfsmanna fangelsa til valdbeitingar tæmandi taldar.

Nefndin telur það nýmæli sem lagt er til í 17. gr. frumvarpsins, að við upphaf afplánunar skuli Fangelsismálastofnun í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skuli endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur, mikið framfaraskref og til þess fallið að refsivistin beri fremur keim af betrun en refsingu. Nefndin lítur svo á að ef vel takist til geti þetta fyrirkomulag leitt til þess að minna reyni á íþyngjandi úrræði auk þess sem föngum verði gert auðveldara að fóta sig í samfélaginu á nýjan leik að refsivist lokinni.

Í 22. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér hefur orðið nokkur bragarbót í þeim efnum undanfarið. Nefndin tekur undir það sem fram kemur í áðurnefndri skýrslu Fangelsismálastofnunar að mikilvægt sé að við framtíðaruppbyggingu fangelsanna verði tryggt að sjúkradeild fyrir sakhæfa fanga sem þurfa á bráðameðferð að halda, m.a. vegna alvarlegra persónuleikaraskana, sé til staðar, og telur þetta meðal brýnustu úrlausnarefna í fangelsismálum. Þá hefur umboðsmaður Alþingis talið það annmarka á lögum að ekki sé skýrt kveðið á um hver eigi að bera kostnað af tannlæknaþjónustu fanga. Nefndin tekur undir þetta en er jafnframt sammála því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að ekki þyki rétt að kveða á um kostnað af heilbrigðisþjónustu við fanga í lögum um fullnustu refsinga. Taka verði afstöðu til þess á öðrum vettvangi, svo sem í lögum eða reglugerðum sem varða sjúkratryggingar einstakra hópa í þjóðfélaginu. Nefndin leggur áherslu á að brugðist verði við athugasemdum hvað þetta varðar og beinir því til stjórnvalda að tryggja föngum nauðsynlega tannlæknaþjónustu meðan á vistunartíma þeirra stendur.

Í 39. gr. er fjallað um rétt fanga til útiveru og tómstunda, en þar er gert ráð fyrir að lágmarkstími fanga til útiveru og ástundunar tómstundastarfa, líkamsræktar og íþrótta í frítíma sé ein og hálf klukkustund á dag í stað einnar klukkustundar samkvæmt núgildandi lögum. Með þessari breytingu er stigið mikilvægt skref til rýmkunar, en nefndarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að þessi tími væri enn rýmri. Nefndin virðir þó það mat fangelsisyfirvalda að aðstæður í fangelsum landsins bjóði ekki í öllum tilvikum upp á frekari útivist og áréttar að hér er um lágmarksrétt fanga að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun verður svigrúmið meira alls staðar þar sem því verður við komið.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að fangaverðir eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Í umsögnum komu fram athugasemdir við þetta ákvæði þess efnis að ekki væri nógu skýrt hver ætti að greiða bæturnar og á hvaða grunni þær væru byggðar, auk þess sem afmörkun bótaskyldunnar væri óljós. Til að taka af allan vafa í þessum efnum telur nefndin rétt að breyta ákvæðinu til samræmis við sambærilegt ákvæði

lögreglulaga þar sem segir að ríkissjóður skuli bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

Í 12. gr. núgildandi laga um fangelsi og fangavist segir að fangi sem lagður er inn á sjúkrahús teljist taka út refsingu meðan hann dveljist þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun. Í frumvarpinu er ekki að finna sambærilegt ákvæði, en í 12. gr. þess segir að afplánun skuli vera samfelld, en þó sé heimilt að gera hlé á henni ef sérstakar ástæður mæli með því. Hléið skuli bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur. Nefndin telur nauðsynlegt að ákvæði sama efnis og nú er í 12. gr. laga um fangelsi og fangavist verði áfram til staðar til að taka af öll tvímæli um að dvalartími fanga á sjúkrahúsi teljist til refsitímans en að ekki sé um hlé á afplánun að ræða. Því leggur nefndin til breytingu á 12. gr. frumvarpsins þess efnis að þar verði bætt við nýrri málsgrein sama efnis og 12. gr. núgildandi laga hefur að geyma.

Í 16. gr. er að finna ákvæði um upphaf fullnustu í fangelsi og þar segir að læknir skuli skoða fanga við upphaf afplánunar. Nefndin telur rétt að bæta við þessa grein ákvæði þess efnis að læknisskoðun skuli einnig fara fram ef þörf krefur meðan á afplánun stendur, en fyrirséð er að slíkt skilyrði verði að finna í nýjum evrópskum fangelsisreglum sem fyrirhugað er að verði samþykktar í desember 2005.

Nefndin telur rétt að gera breytingar á ákvæði 3. mgr. 17. gr. sem segir að við upphaf afplánunar skuli fanga heimilt að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina nema ástæða sé til að ætla að það hafi áhrif á öryggi eða almenna reglu í fangelsinu eða brýnar ástæður mæli því í mót. Nefndin bendir á að hér sé eingöngu um að ræða þá fanga sem koma handteknir til afplánunar og telur ekki ástæðu til að ætla að slík tilvik sem talin eru upp í greininni gætu komið til og leggur því til að henni verði breytt á þann veg að fanga verði heimilt að tilkynna áðurgreindum einstaklingum um afplánunina eins fljótt og auðið er eftir upphaf hennar.

Ákvæði 27.–31. gr. frumvarpsins um samfélagsþjónustu fengu töluverða umræðu í nefndinni með hliðsjón af afstöðu Fangelsismálastofnunar annars vegar og dómstólaráðs hins vegar, en dómstólaráð hefur gert verulegar athugasemdir við núgildandi fyrirkomulag samfélagsþjónustu og telur að ákvæði um hana eigi heima í almennum hegningarlögum frekar en lögum um fangelsi og fangavist. Þannig telur dómstólaráð það vera hlutverk dómstóla en ekki Fangelsismálastofnunar sem stjórnvalds að taka ákvörðun um það hverjir séu hæfir til að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu að uppfylltum öðrum nánar tilteknum lögmæltum skilyrðum. Fangelsismálastofnun telur hins vegar að það fyrirkomulag sem tíðkast hafi allt frá árinu 1995 hafi gefist vel og að heimild til að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu hafi nýst sem mikilvægt stýritæki í fangelsismálum. Nefndin telur ljóst að vel hafi tekist til með fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu, en sjónarmið dómstólaráðs fengu engu að síður nokkurn hljómgrunn meðal nefndarmanna. Nefndin telur þó að forsenda þess að ráðist verði í grundvallarbreytingar af því tagi sem dómstólaráð leggur til sé fagleg úttekt á kostum og göllum hvors kerfis um sig og framkvæmdinni hingað til, sem og því hvort núgildandi fyrirkomulag stangist á einhvern hátt á við meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um þrískiptingu ríkisvaldsins. Af þessum sökum beinir nefndin þeim eindregnu tilmælum til dómsmálaráðuneytis að slík úttekt verði gerð sem allra fyrst. Með hliðsjón af framangreindu telja nefndarmenn ekki tímabært að ráðast að svo stöddu í þá útvíkkun sem lögð er til á samfélagsþjónustukerfinu í frumvarpinu, þannig að heimilt verði að fullnusta allt að níu mánaða langan dóm eða dóma með samfélagsþjónustu, sé um fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi að ræða eða hluti fangelsisrefsingar skilorðsbundinn. Því leggur nefndin til breytingu á ákvæði 27. gr. frumvarpsins þess efnis að enn um sinn verði það skilyrði þess að

menn séu hæfir til samfélagsþjónustu að þeir hafi ekki hlotið meira en sex mánaða dóm, jafnvel þótt hluti refsingar sé skilorðsbundinn eða um fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi sé að ræða, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Í framkvæmd hefur fullnusta refsingar með samfélagsþjónustu aðeins falið í sér að mönnum sé gert að stunda fyrir fram ákveðna vinnu. Samkvæmt ábendingu frá Fangelsismálastofnun telur nefndin hins vegar rétt að í ákveðnum tilvikum sé sá möguleiki fyrir hendi að menn geti tekið samfélagsþjónustuna út í meðferð, svo sem viðtalsmeðferð hjá áfengisráðgjafa eða sálfræðingi. Því leggur nefndin til breytingu á ákvæði 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins þess efnis. Sá hluti sem fullnustaður er með slíkri meðferð má þó aldrei nema meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.

Þegar dómþoli mætir í fangelsi til afplánunar fangelsisrefsingar að frádreginni gæsluvarðhaldsvist er helmingur og tveir þriðju hlutar refsitímans reiknaðir út að gæsluvarðhaldsdögunum meðtöldum, en það eru þau tímamörk sem reynslulausn miðast við. Því þykir mega kveða skýrar á um það í 5. mgr. 31. gr. frumvarpsins að aðeins sé um óafplánaðar eftirstöðvar að ræða við rof á samfélagsþjónustu þegar reiknað er hlutfall afplánunar eftirstöðva og leggur nefndin til breytingu þess efnis.

Í 33. gr. frumvarpsins er ákvæði sem fjallar um heimsóknir til fanga. Með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis frá 14. október 2004 í máli nr. 4138/2004 í tilefni af synjun um heimsókn í fangelsi leggur nefndin til breytingar á ákvæðinu þess efnis að forstöðumaður fangelsis geti ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis, eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða trufli ró, reglu eða öryggi í fangelsi. Þá verði forstöðumanni heimilt að banna tilteknum mönnum að heimsækja fanga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en að því tilskildu að rökstuddur grunur liggi fyrir um þær ástæður sem að framan greinir. Ákvörðun um heimsóknarbann skal rökstudd skriflega. Þá er lögð til orðalagsbreyting á lokamálsgrein 33. gr. sem leiðir af framangreindum breytingum. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun er framkvæmd þessara mála þegar komin í þann farveg sem nefndin leggur til, enda nokkur tími liðinn síðan umboðsmaður gerði athugasemd við fyrirkomulag banns við heimsóknum.

Nefndarmenn ræddu einnig almennt um heimild til leitar á gestum fanga. Slík leit getur annars vegar verið leit í ytri fötum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki gestur það. Ef gestur veitir ekki samþykki sitt má synja um heimsóknina eða láta hana fara fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga. Nokkrar athugasemdir bárust við þetta ákvæði sem hníga að því að hér sé um að ræða íþyngjandi aðgerð sem geti fælt gesti frá heimsóknum til fanga, auk þess sem um sé að ræða skerðingu á persónurétti gestanna. Nefndin bendir á að ákvæði þetta hefur verið mildað til muna frá sambærilegu ákvæði núgildandi laga og reglugerðar og telur að með því hafi verið komið til móts við framangreind sjónarmið að miklu leyti.

Í 36. og 37. gr. frumvarpsins eru ákvæði um símtöl og bréfaskipti fanga. Athugasemdir komu fram í umsögnum um að möguleikinn á því að setja það skilyrði að símtal eða bréfaskipti færu fram á tungumáli sem fangavörður skildi takmarkaði um of rétt þeirra fanga sem hefðu annað móðurmál en íslensku. Samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum skal hins vegar kalla til túlk fari samskiptin ekki fram á tungumáli sem fangavörður skilur. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að hér sé um að ræða úrræði sem sé eingöngu beitt í undantekningartilvikum, en engu að síður mikilvægt að sé til staðar. Nefndin leggur áherslu á að þessum ákvæðum verði ekki beitt í sparnaðarskyni eða vegna þess að fangelsi geti ekki sinnt eftirliti sínu nægjanlega og telur því ekki ástæðu til breytinga hvað þetta varðar. Til að taka af allan

vafa um að ákvörðun um að hlusta á símtal skuli tilkynnt fanga áður en símtalið fer fram leggur nefndin þó til að ákvæði 3. mgr. 36. gr. verði breytt á þann veg að þetta komi afdráttarlaust fram.

Í 40. gr. er að finna sérákvæði um erlenda fanga og túlkaþjónustu við þá. Nefndin telur rétt að bæta við greinina ákvæði um rétt erlends fanga til að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um að sýna skuli sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi ef hann á ólokið máli í refsivörslukerfinu sem telst sérlega gróft. Nefndin telur eðlilegt að slíkt ákvæði verði lögfest og leggur til breytingar á 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins þess efnis. Tillaga nefndarinnar samræmist þeirri framkvæmd sem verið hefur hvað þetta varðar, en í 1. mgr. 3. gr. núgildandi reglugerðar um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis segir að leyfi til dvalar utan fangelsis skuli ekki veitt ef hætta sé á að fangi muni misnota það. Í 2. mgr. eru síðan tilgreind þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á hættunni, en sú grein er nánast samhljóða þeirri sem nefndin leggur til að verði tekin upp í 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að í þessum efnum er ekki hægt að notast við eitt algilt viðmið, alltaf þarf að fara fram einstaklingsbundið mat á því hvort réttlætanlegt sé að veita fanga dagsleyfi. Því telur nefndin eðlilegt að Fangelsismálastofnun hafi möguleika á að synja mönnum um dagsleyfi á þessum forsendum, en bendir jafnframt á að slík synjun sætir kæru til dómsmálaráðuneytis.

Í 51. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um afturköllun leyfis til dvalar utan fangelsis og rof á skilyrðum þess. Þar eru taldar upp mögulegar ástæður þess að slíkt leyfi kunni að vera afturkallað, svo sem hegðun fanga eða önnur atvik sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Síðan er tekið fram að sömu ástæður eigi við ef ástæða sé til að ætla að fangi muni misfara með leyfið. Nefndin telur rétt að taka skýrt fram að hér þurfi að vera um rökstudda ástæðu að ræða og leggur til breytingu á greininni þess efnis.

Nefndin leggur til þá breytingu á 52. gr. frumvarpsins að í stað þess að meginreglan verði að fangi skuli ekki vera viðstaddur leit í klefa sínum skuli hann að jafnaði viðstaddur slíka leit. Fyrirhugað er að nýjar evrópskar fangelsisreglur verði samþykktar í desember 2005 og fyrirséð að í þeim verði meginreglan í þessum efnum sú að fangi skuli að jafnaði viðstaddur leit í klefa sínum. Því telur nefndin rétt að stíga skrefið strax til fulls við setningu heildarlaga um fullnustu refsinga.

Í 57. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um agaviðurlög. Í 2. tölul. 1. mgr. er að finna heimild til að svipta fanga helmingi dagpeninga um ákveðinn tíma sem viðurlög við agabrotum fanga. Nefndin tekur undir það sem fram kom í umsögnum að dagpeningum sé ætlað að standa straum af kostnaði fanga við persónulega umhirðu sína svo sem við kaup á sápu og tannkremi, og telur rétt að fella brott framangreinda heimild. Þá segir í 4. tölul. 1. mgr. að einangrun í allt að 30 daga sé ein tegund þeirra agaviðurlaga sem notast megi við í fangelsum. Nefndin bendir á að einangrun er einungis beitt í undantekningartilvikum og telur það ekki samrýmast nútímaviðhorfum í fangelsismálum að hafa heimild sem þessa of víðtæka. Sams konar heimild er að finna í núgildandi lögum, en samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér hefur hún ekki verið nýtt til fulls um langt skeið. Með hliðsjón af þessu telur nefndin rétt að takmarka heimild til að setja fanga í einangrun við 15 daga í stað 30 daga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 2. mgr. 59. gr. er fjallað um þau tæki sem nota má við vistun fanga í öryggisklefa. Eftir að hafa aflað upplýsinga um þörf á þessum búnaði telur nefndin rétt að fót- eða handjárn

verði felld brott úr upptalningu á þeim tækjum sem heimil eru við slíka vistun og leggur til breytingu á ákvæðinu þess efnis.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að veita mönnum sem afplána refsingu fyrir alvarleg afbrot reynslulausn að liðnum helmingi tímans. Í framkvæmd er slíkt sjaldan gert, en samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun hefur í algjörum undantekningartilvikum verið vikið frá reglunni, svo sem þegar um mjög alvarleg veikindi fanga er að ræða. Því þykir rétt að lögfesta undanþágu í 2. mgr. 63. gr. um heimild til þessa að því gefnu að mjög sérstakar persónulegar ástæður fanga mæli með því og framkoma hans og hegðun í refsivistinni hafi verið með ágætum. Þá hefur erlendum föngum sem afplána refsingu fyrir alvarleg afbrot að jafnaði verið veitt reynslulausn að liðnum helmingi refsitímans að því gefnu að fyrir liggi ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun þeirra úr landi að afplánun lokinni. Nefndin telur nauðsynlegt að slík undanþága verði jafnframt lögfest í 2. mgr. 63. gr.

Í 4. mgr. 63. gr. frumvarpsins kemur fram að synja megi fanga um reynslulausn á þeim forsendum að hann hafi ekki vísan samastað eða vinna eða önnur kjör nægi honum ekki til framfærslu. Nefndin telur að ekki sé rétt að synja fanga um reynslulausn á þessum grundvelli og leggur því til að þessi forsenda verði felld brott úr frumvarpinu. Nefndin bendir þó á mikilvægi þess að Fangelsismálastofnun og viðkomandi sveitarfélög hafi gott samráð um úrræði fyrir þá einstaklinga sem engan samastað eiga. Þá getur í einhverjum tilvikum verið um að ræða fanga sem telja verður óráðlegt að veita reynslulausn, t.d. fanga sem afplána fangelsisrefsingu fyrir alvarleg brot og hafa sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun, svo sem ofbeldishneigð, eða eru að öðru leyti taldir hættulegir öðrum. Lagt er til að slík ákvörðun verði ekki tekin nema fyrir liggi áhættumat sálfræðings eða önnur gögn sem styðji slíka ákvörðun. Þá þurfi að kynna fanga um leið og honum er tilkynnt um synjunina hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla svo hægt sé að endurskoða ákvörðunina. Nefndin bendir á að hér er um mjög íþyngjandi ákvörðun að ræða og því eðlilegt að hún verði lögfest með skýrari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin leggur til að regla 7. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma verði lögfest, en þar kemur fram að hafi dómþoli ekki hafið afplánun refsingar megi veita honum reynslulausn af henni að því tilskildu að hann hafi áður afplánað a.m.k. jafnlanga refsingu. Refsingin sem reynslulausnin er þá veitt af má einvörðungu vera vegna afbrota sem framin eru fyrir fyrri afplánun og viðkomandi má ekki hafa verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk, auk þess sem öðrum skilyrðum um veitingu reynslulausnar þarf að vera fullnægt. Fangelsismálastofnun hefur stuðst töluvert við þessa heimild, en orðalag greinarinnar er hins vegar óljóst og tekur samkvæmt orðanna hljóðan ekki til þeirra tilvika þegar menn hafa þegar hafið afplánun. Nefndin leggur til að reglan verði lögfest með nýrri málsgrein sem bætist við 63. gr., en með breyttu orðalagi sem taki jafnframt til þeirra sem hafi þegar hafið afplánun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Einar Karl Haraldsson.

1231. Breytingartillögur [336. mál]

við frv. til l. um fullnustu refsinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ríkissjóður skal bæta fangavörðum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.
2. Við 12. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Fangi sem lagður er á sjúkrahús telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.
3. Við 16. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Læknir skal skoða fanga við upphaf afplánunar og ef þörf krefur meðan á afplánun stendur.
4. Við 17. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Við upphaf afplánunar skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og auðið er.
5. Við 27. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð, enda nemi hún aldrei meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.
   b. 2. mgr. verði 3. mgr. og orðist svo:
      Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.
   c. 3. mgr. verði 2. mgr. og orðist svo:
      Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.
6. Við 31. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum skv. 63. gr. þannig að helmingur og tveir þriðju hlutar reiknist af óafplánuðum eftirstöðvum refsitímans.

7. Við 33. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis, sbr. 34. og 35. gr., eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða trufli ró, reglu eða öryggi í fangelsi.
   b. Við bætist ný málsgrein sem verði 4. mgr. og orðist svo:
      Forstöðumaður getur bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um þær ástæður sem í 3. mgr. greinir. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.
   c. Lokamálsliður 5. mgr., sem verður 6. mgr., orðist svo: Samþykki hann það ekki má láta heimsóknina fara fram með öðrum hætti, sbr. 3. mgr., eða synja um hana, sbr. 4. mgr.
8. Við 36. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Ákvörðun um að hlusta á símtal skal tilkynnt fanga fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.
9. Við 40. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.
10. Við 45. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Sama gildir ef mál þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákæruvaldi og einnig ef fangi telst síbrotamaður eða hætta er á að hann muni misnota leyfi eða reyna að komast úr landi.
11. Við 51. gr. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Sama á við ef rökstudd ástæða er til að ætla að fangi muni misfara með leyfið.
12. Við 52. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Fangi skal að jafnaði vera viðstaddur leit í klefa.
13. Við 57. gr.
   1. Orðin „og dagpeninga“ í 2. tölul. 1. mgr. falli brott.
   2. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo: Einangrun í allt að 15 daga.
14. Við 59. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þegar fangi er vistaður í öryggisklefa má nota belti, hanska og fót- og handreimar.
15. Við 63. gr.
   a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að veita þeim fanga, sem ekki afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, lausn til reynslu þegar helmingur refsitímans er liðinn. Þá er heimilt að veita fanga lausn til reynslu þegar helmingur refsitímans er liðinn, þrátt fyrir að hann afpláni refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, ef mjög sérstakar persónulegar ástæður mæla með því og framkoma og hegðun fanga í refsivistinni hefur verið með ágætum. Sama gildir liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að fanga verði vísað úr landi að afplánun lokinni.
   b. Í stað 2. málsl. 4. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir þegar reynslulausn telst óráðleg vegna haga fangans eða með tilliti til almannahagsmuna, svo sem þegar hann hefur sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun eða er talinn hættulegur öðrum samkvæmt mati fagaðila. Nú er fanga synjað um reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein og skal þá kynna honum hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla svo unnt sé að endurskoða ákvörðunina.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur dómþoli ekki hafið afplánun og er þá heimilt að veita honum reynslulausn af refsingunni, ef hann hefur áður afplánað a.m.k. jafnlanga refsingu, og refsingin er einvörðungu vegna afbrota sem framin eru fyrir þá afplánun og hann hefur ekki verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk. Sama gildir ef dómþoli hefur þegar hafið afplánun.

1232. Svar [642. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um kostnað við viðgerðir á varðskipunum Ægi og Týr.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarkostnaður við viðgerðir og endurbætur á varðskipunum Ægi og Týr í Póllandi árið 2001?*
2. *Hvert var heildarsamningsverð verksamnings við pólsku skipasmíðastöðina sem tók verkið að sér?*
3. *Voru einhver aukaverk unnin og ef svo er, hvaða verk voru það og hver var kostnaður við þau?*
4. *Hvaða kostnaður annar féll til vegna viðgerðanna í Póllandi sundurliðað eftir:*
   a. *ferðakostnaði starfsmanna Landhelgisgæslunnar,*
   b. *ferðakostnaði annarra, og þá hverra,*
   c. *dagpeningagreiðslum, og þá til hverra,*
   d. *kostnaði við siglingar skipanna til og frá Póllandi,*
   e. *öðrum kostnaði, sem sundurliðast hvernig?*
5. *Höfðu breytingar á gengi krónunnar einhver áhrif á heildarkostnað við verkið?*
6. *Ef þessar viðgerðir og endurbætur á varðskipunum hefðu farið fram á Íslandi, hverjar hefðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna verksins þá orðið?*
7. *Hverjir buðu í verkið í upphafi og hversu há voru tilboðin?*

Óskað er eftir því að fjárhæðir séu gefnar upp í íslenskum krónum á verðlagi ársins 2001 og jafnframt á verðlagi febrúarmánaðar 2005.

1. Kostnaður við viðgerðir og endurbætur á varðskipunum Ægi og Týr í Póllandi 2001.

Heildarkostnaður við viðgerðir og endurbætur.

Skip	Heildarkostnaður, DEM	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	1.247.829	69.658.237	78.755.603
Týr	1.060.636	61.338.998	69.349.871
Samtals	**2.308.465**	**130.997.235**	**148.105.474**

2. Heildarsamningsverð verksamnings við skipasmíðastöðina.

Samningsverð verksamnings.

Skip	Samningsverð, DEM	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	743.071	41.480.857	46.898.256
Týr	750.898	43.426.143	49.097.598
Samtals	**1.493.969**	**84.907.000**	**95.995.854**

3. Unnin aukaverk og kostnaður við þau.

Kostnaður við aukaverk.

Skip	Samningsverð, DEM	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	504.758	28.177.380	31.857.346
Týr	309.738	17.912.855	20.252.274
Samtals	**814.496**	**46.090.235**	**52.109.620**

Varðskipið Týr, uppgjör verka 2001.

Verk	DM
Aukaverk, tankur, stafnhylki samkvæmt kröfum Lloyd´s	18.232
Aukaverk, tankur nr. 17 (2) Samkvæmt kröfum Lloyd´s	22.964
Aukaverk, skrúfuás stjórnborðs tekinn út vegna leka	13.080
Aukaverk, sandblástur á yfirbyggingu	31.857
Aukaverk, breyting á lögnum í slökkvikerfi utan á þyrluskýli	2.106
Aukaverk, yfirfarin og lagfærð rúlluhurð á þyrluskýli	3.477
Aukaverk, upptekt á stjórnborðsaðalvél og búnaði	40.507
Aukaverk, nýjar grindur á þyrluþilfar	25.782
Aukaverk, tveir nýir pollar á framskip	4.683
Aukaverk, hreinsun á olíutönkum, dæling í land og um borð	14.824
Aukaverk, breyting á stjórnborði í brú vegna stýrisbúnaðar	57.628
Aukaverk, hreinsun á aðalvélarúmsbotni	4.452
Aukaverk, hreinsun á ljósavélarúmsbotni	3.856
Aukaverk, færsla í þili milli stýrisvélar og lestar	15.935
Aukaverk, salernistankur í sónarrúm	8.700
Aukaverk, opnanlegir gluggar í brú og turni	15.919
Aukaverk, endurnýjun tækja í eldhúsi (vinna)	3.563
Aukastál vegna stýra (breyting frá upphaflegri teikningu)	4.249
Aukaverk, rúllur fyrir landfestar á afturþilfari	4.280
Aukaverk, viðgerð á dráttarspili	1.729
Aukaverk, ljós í stýrisvél og útleiðsla í 220 volta kerfi	1.748
Aukaverk, endurnýjun á gólfi í blásaraklefum aðalvélarúms	5.166
Aukaverk, lækkun á dýptarmælisbotnstykki	1.451
Aukaverk, viðbótarsandblástur á bol	3.452
Aukaverk, færsla á dælustöð og upps. hitara í sónarrými	5.828
Aukaverk, sveigjumæling aðalvéla og skrúfuása	2.448
Aukaverk, breyting á loftstokkum fyrir gangablásara	2.683
Aukaverk, nýtt gólf úr álplötum í stýrisvél (efni)	1.708
Aukaverk, tankur nr. 7, sandblástur og málun	5.421
Aukaverk, akkeriskeðjur og keðjukassi	2.448
Aukaverk, smíða og setja lúgu á tank nr. 7	3.750
Önnur smáverk í vélarúmi, samtals	1.386
Afsláttur af aukaverkum, Ægir og Týr	*- 25.574*
Samtals	**309.738**

Varðskipið Ægir, uppgjör verka unnin í Póllandi 2001.

Verk	DM
Aukaverk, tankur, stafnhylki samkvæmt kröfum Lloyd´s	24.698
Aukaverk, tankur nr. 17 (2) samkvæmt kröfum Lloyd´s	44.184
Aukaverk, tankur nr. 8, stálvinna, hreinsun og prófun	11.068
Aukaverk, skrúfur og skrúfásar stjórnborðs og bakborðs	50.688
Aukaverk, sandblástur á yfirbyggingu	44.008
Aukaverk, færsla á hraðamæli á botni skipsins	1.512
Aukaverk, nýir reykháfshattar	2.300
Aukaverk, nýjar útihurðir	21.300
Aukaverk, nýjar grindur á þyrluþilfar	25.782
Aukaverk, 2 nýir pollar á framskip	3.852
Aukaverk, hreinsun á olíutönkum, dæling í land og um borð	14.852
Aukaverk, breyting á stjórnborði í brú vegna stýrisbúnaðar	62.543
Aukaverk, hreinsun á aðalvélarúmsbotni	5.312
Aukaverk, hreinsun á ljósavélarúmsbotni	5.108
Aukaverk, færsla í þili milli stýrisvélar og lestar	15.935
Aukaverk, salernistankur í sónarrúm	8.700
Aukaverk, opnanlegir gluggar í brú og turni	17.536
Aukaverk, endurnýjun tækja í eldhúsi (vinna)	4.413
Aukastál vegna stýra (breyting frá upphaflegri teikningu)	4.249
Aukaverk, breyting á sjólögnum í sónarrými	3.000
Aukaverk, ný rafgeymageymsla	17.533
Aukaverk, ný ferskvatnsdæla aðalvéla (vinna)	4.188
Aukaverk, breyting á stjórnborði í brú	12.211
Aukaverk, tankur nr. 8, sandblástur og málun	17.065
Aukaverk, skera burtu þil í stýrisvélarými að aftan	1.608
Aukaverk, hreinsun á tönkum nr. 5, 11, 14, 18 og19	2.648
Aukaverk, að setja flangsa á vatnstank fyrir nýtt mælikerfi	3.728
Aukaverk, viðbótarsandblástur á bol	4.153
Aukaverk, skrúfur og skrúfuásar (legur, öxlar, haus og tengi)	43.886
Aukaverk, sveigjumæling aðalvélar og milliása	2.448
Aukaverk, breyting á loftstokkum fyrir gangablásara	2.683
Aukaverk, nýtt gólf úr álplötum í stýrisvél (efni)	1.708
Aukaverk, tankur nr. 7, sandblástur og málun	6.691
Aukaverk, akkeriskeðjur og keðjukassi	6.766
Önnur smáverk í vélarúmi, samtals	3.567
Smurolía og vökvakerfisolía keypt í gegnum Morzka	2.835
Samtals	**504.758**

4. Annar kostnaður sem féll til vegna viðgerðanna í Póllandi.

Ferðakostnaður starfsmanna Landhelgisgæslunnar.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	1.438.629	1.626.514
Týr	1.481.538	1.675.027
Samtals	**2.920.167**	**3.301.541**

Ekki var greiddur ferðakostnaður fyrir aðra en starfsmenn Landhelgisgæslunnar vegna þessa verkefnis.

Dagpeningagreiðslur.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	2.180.529	2.465.306
Týr	2.472.950	2.795.917
Samtals	**4.653.479**	**5.261.223**

Dagpeningar voru greiddir til starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Ekki voru greiddir dagpeningar fyrir aðra vegna þessa verkefnis.

Kostnaður við siglingar skipanna til og frá Póllandi.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	1.670.000	1.888.102
Týr	1.670.000	1.888.102
Samtals	**3.340.000**	**3.776.204**

Annar kostnaður.

	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir		
Málning keypt á Íslandi	4.983.320	5.634.142
Ríkiskaup	376.248	425.386
Aukabúnaður fyrir stýri	2.063.544	2.333.043
Lloyd´s flokkunarfélag	750.000	847.950
Vatn	135.500	153.196
Flutningskostnaður varahluta milli landa	315.120	356.275
Prufusigling – lóðs	49.400	55.852
Umboðslaun	108.160	122.286
Samtals	**8.673.132**	**9.805.843**
Týr		
Málning keypt á Íslandi	4.212.056	4.762.151
Ríkiskaup	652.132	737.300
Aukabúnaður fyrir stýri	2.063.544	2.333.043
Lloyd´s flokkunarfélag	890.000	1.006.234
Vatn	140.400	158.736
Flutningskostnaður varahluta milli landa	240.240	271.615
Prufusigling – lóðs	42.120	47.621
Umboðslaun	112.008	126.636
Bankakostnaður	19.032	21.518
Samtals	**8.371.532**	**9.464.854**

5. Áhrif breytinga á gengi krónunnar á heildarkostnað.

Heildarkostnaður.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	3.567.107	4.032.971
Týr	4.066.335	4.597.398
Samtals	**7.633.442**	**8.630.370**

6. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs ef viðgerðir og endurbætur hefðu farið fram á Íslandi.

Í tilboðum ekki greint hlutfall milli vinnu og efnis, því er með þeim upplýsingum sem fyrir liggja ekki unnt fyrir ráðuneytið að reikna tekjur ríkissjóðs af verkinu ef unnið hefði

verið hér á landi. Sérþekking að því er tekjuöflun ríkissjóðs varðar er auk þess ekki innan ráðuneytisins.

7. Upphafleg tilboð.

Óskað var eftir tilboðum í fjóra verkþætti, þ.e. A brú, B skrokk, C stýri, D salerniskerfi.

Samið var við skipasmíðastöðina Morzka í Póllandi um verkþætti B og C fyrir bæði skipin.

Upphafleg tilboð.

	Ath.	Heildartilboð, kr. Verðlag 2001	Heildartilboð, kr. Verðlag 2005	Tekin tilboð, kr. Verðlag 2001	Tekin tilboð, kr. Verðlag 2005
Ægir					
Centomore	ógilt	57.505.560	65.015.786	32.260.680	36.473.925
Pasaie		60.223.597	68.088.799	39.260.922	44.388.398
Nauta		77.191.800	87.273.049	43.192.800	48.833.780
Morzka		*82.794.945*	*93.607.965*	*34.753.146*	*39.291.907*
Ormur og Víglundur	ógilt	77.513.000	87.636.198	41.284.000	46.675.690
Stáltak		89.900.000	101.640.940	55.800.000	63.087.480
Skála		96.562.399	109.173.448	46.552.574	52.632.340
Týr					
Centomore	ógilt	57.181.320	64.649.200	31.823.400	35.979.536
Pasaie		59.352.695	67.104.157	38.155.888	43.139.047
Nauta		77.119.560	87.191.375	43.120.560	48.752.105
Morzka		*83.114.756*	*93.969.543*	*35.072.958*	*39.653.486*
Ormur og Víglundur	ógilt	79.413.000	89.784.338	43.184.000	48.823.830
Stáltak		89.600.000	101.301.760	55.800.000	63.087.480
Skála		95.479.322	107.948.921	45.336.857	51.257.851

Þess ber að geta að gengisskráningu þýska marksins hefur verið hætt og því eru allir útreikningar miðaðir við gengisskráningu þess tíma þegar viðskiptin fóru fram. Við framreikning á verðlagi var stuðst við meðalvísitölu neysluverðs ársins 2001 og vísitölu febrúarmánaðar 2005. Vísitala neysluverðs mælir einungis innlenda verðalagsþróun og tekur ekki til breytinga á verðlagi í öðrum löndum.

1233. Svar [634. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um veiðikortasjóð.

1. Hverjar voru tekjur veiðikortasjóðs árin 2002–2004, sundurliðað eftir árum?

Heildartekjur sjóðsins árin 2002–2004 voru 55,6 millj. kr. og skiptast tekjurnar þannig eftir árum að 2002 voru tekjur sjóðsins 20,2 millj. kr., 2003 18,7 millj. kr. og árið 2004 námu tekjurnar 16,7 millj. kr.

2. Hver var rekstrarkostnaður sjóðsins árin 2002–2004, sundurliðað eftir árum?

Rekstrarkostnaður veiðikortasjóðs árin 2002–2004 var 20,6 millj. kr. sem skiptist þannig eftir árum að 2002 nam kostnaðurinn 5,8 millj. kr., árið 2003 var hann 6,7 millj. kr. og árið 2004 fór rekstrarkostnaður sjóðsins í 8,1 millj. kr.

3. *Hverjir hafa hingað til fengið úthlutun úr veiðikortasjóði, hversu háir hafa þeir styrkir verið og til hvaða verkefna?*

Heildarúthlutun styrkja úr veiðikortasjóði, frá því honum var komið á fót með lögum nr. 64/1994, nemur um 118 millj. kr. Alls hafa 10 aðilar fengi styrki úr veiðikortasjóði til 19 mismunandi verkefna. Flestir styrkirnir hafa verið til eins eða tveggja ára rannsóknarverkefna en hæstu styrkir hafa verið veittir til langtímarannsókna. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fengið styrki til fjögurra verkefna. Til rannsókna á rjúpu, sem staðið hafa yfir óslitið frá því að úthlutun úr sjóðnum hófst árið 1995, hafa verið veittar um 64 millj. kr., í rannsóknir á öndum og gæsum hafa verið veittar rúmlega 12 millj. kr. á fjórum árum og stofnunin hefur fengið 1,2 millj. kr. til rannsókna á áhrifum veiða á hrafnastofninn og dauða fugla af völdum raflína. Líffræðistofnun Háskóla Íslands hefur frá 1995 fengið úthlutað ríflega 12 millj. kr. til vöktunar refastofnsins auk þess sem stofnunin hefur fengið um 15 millj. kr. til rannsókna á refum og minkum og um 2 millj. kr. til rannsókna á félagskerfi gráanda að vetrarlagi og stofnbreytinga hjá dílaskarfi.

Verkefni	Styrktaraðili	Upphæð
Rjúpnarannsóknir	Náttúrufræðistofnun Íslands	64.000.000
Sníkjudýr í rjúpu	Keldur, Rannsóknarstofa HÍ	200.000
Endur og gæsir	Náttúrufræðistofnun Íslands	24.300.000
Minkarannsóknir	Líffræðistofnun HÍ	5.000.000
Vöktun refastofnsins	Líffræðistofnun HÍ	12.300.000
Rannsókn á ferðum melrakka á 1. vetri	Líffræðistofnun HÍ	4.500.000
Rannsókn á íslenska villiminknum	Líffræðistofnun HÍ	6.000.000
Áhrif netja á fugladauða	RAMÝ	200.000
Fuglar og raflínur	Náttúrufræðistofnun Íslands	600.000
Áhrif veiða á hrafnastofninn	Náttúrufræðistofnun Íslands	600.000
Athugun á viðkomu og afföllum hjá grágæsum	Halldór W. Stefánsson	330.000
Vortalningar á gæsum og álftum á Héraði	Halldór W. Stefánsson	128.000
Áhrif veiða á lundastofninn á afmörkuðu svæði og veiðiþoli	Gísli J. Óskarsson	300.000
Félagskerfi gráanda að vetrarlagi	Líffræðistofnun HÍ	1.642.000
Stofnbreytingar dílaskarfs og orsakir þeirra	Líffræðistofnun HÍ	400.000
Hreindýrarannsóknir	CAFF	900.000
Staðsetning refagrenja á Hornströndum með GPS	Líffræðistofnun HÍ	240.000
Skotvís-námsefni	Skotvís	750.000
Könnun á áreiðanleika veiðitalna	Veiðistjóri	1.500.000

4. *Hver er staða sjóðsins nú?*

Um 1,5 millj. kr. voru í sjóðnum í lok árs 2004. Tekjur hans eru af árlegri útgáfu veiðikorta og árið 2005 er reiknað með að tekjur sjóðsins verði á bilinu 17–20 millj. kr. Það ræðst m.a. af því hvort rjúpnaveiðar verða heimilaðar í haust.

5. *Hefur verið tekin ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á þessu ári? Ef svo er, til hverra verður þeim fjármunum úthlutað og hvernig skiptist heildarupphæðin á einstaka aðila og verkefni?*

Ljóst er að til rjúpnarannsókna Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf að verja um 5 millj. kr. á þessu ári úr sjóðnum. Gerður var samningur við Háskólann í Umeå í Svíþjóð um yfirferð og úttekt á fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum Náttúrufræðistofnunar að fengnum tillögum rjúpnanefndar umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Niðurstöður voru

kynntar 17. apríl sl. á opnum fundi sem rjúpnanefndin hélt. Kostnaður við verkefnið er um 1,3 millj. kr. og er ákveðið að greitt verði fyrir úttektina úr sjóðnum.

6. *Hafa verið mótaðar sérstakar reglur um úthlutanir úr veiðikortasjóði umfram það sem segir í 11. gr. laga nr. 64/1994? Ef svo er, hverjar eru þær reglur?*

Slíkar reglur hafa ekki verið settar en málið er til athugunar í ráðuneytinu og hjá Umhverfisstofnun.

1234. Svar [754. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um greiningar- og ráðgjafarstöðvar.

1. *Hvernig skiptist búseta barna á biðlista eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eftir kjördæmum?*

Í skráningarkerfi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er skráð auðkenni sveitarfélags hvers barns eins og það er í þjóðskrá. Skipting barna á biðlista samkvæmt því er sem hér segir:

- Búsett í Reykjavík eru 116 börn.
- Búsett í Kópavogi, Garðabæ, á Seltjarnarnesi, í Hafnarfirði, Kjósarsýslu, Sveitarfélaginu Álftanesi, Mosfellsbæ og Kjósarhreppi eru 56 börn.
- Búsett í Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Gullbringusýslu, Sandgerði, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi eru 16 börn.
- Búsett á Vesturlandi eru 14 börn.
- Búsett á Vestfjörðum eru 8 börn.
- Búsett á Norðurlandi vestra eru 8 börn.
- Búsett á Norðurlandi eystra eru 14 börn.
- Búsett á Austfjörðum eru 12 börn.
- Búsett á Suðurlandi eru 25 börn.

2. *Telur ráðherra vera grundvöll fyrir stofnun greiningar- og ráðgjafarstöðvar til að þjónusta fötluð börn og fjölskyldur þeirra á landsbyggðinni, t.d. Akureyri?*

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eru unnin mjög sérhæfð störf. Þangað er börnum vísað með ýmiss konar þroskaraskanir og fötlun til frekari greiningar og sérhæfðrar ráðgjafar um eðli fötlunarinnar, framtíðarhorfur og helstu leiðir til íhlutunar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunarinnar á líf barnsins og fjölskyldunnar í nútíð og framtíð. Á stofnuninni starfa hátt í 40 sérfræðingar og er stór hluti þeirra með framhaldsmenntun og sérfræðiviðurkenningu á sviði fötlunar.

Áður en barni er vísað á Greiningar- og ráðgjafarstöðina hefur farið fram frumgreining á heimaslóðum barnsins. Aðeins þegar frumgreining hefur bent til alvarlegrar röskunar til framtíðar fær barnið tilvísun á Greiningar- og ráðgjafarstöðina. Af þessu leiðir að umtalsvert starf við greiningu og ráðgjöf barna með þroskaraskanir fer þegar fram á landsbyggðinni og aðeins hluta barnanna er vísað áfram til frekari þjónustu á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni.

Þegar skoðaður er sá fjöldi sem vísað er á stofnunina að lokinni frumgreiningu frá hinum ýmsu landsvæðum á hverju ári kemur eftirfarandi í ljós, miðað við meðalfjölda tilvísana síðustu sex árin:

- Frá Reykjavík var 84 börnum vísað árlega.
- Frá nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur var 45 börnum vísað árlega.
- Frá Reykjanesi var 20 börnum vísað árlega.
- Frá Vesturlandi var 11 börnum vísað árlega.
- Frá Vestfjörðum var 4 börnum vísað árlega.
- Frá Norðurlandi vestra var 5 börnum vísað árlega.
- Frá Norðurlandi eystra var 19 börnum vísað árlega.
- Frá Austfjörðum var 8 börnum vísað árlega.
- Af Suðurlandi var 22 börnum vísað árlega.

Þegar reiknaður er út fjöldi tilvísana frá hverju svæði, miðað við hverja þúsund íbúa, kemur í ljós nokkuð jöfn dreifing yfir landið eða um eitt barn á hverja þúsund íbúa, að öðru leyti en því að hlutfallið er nokkuð lægra fyrir Norðurland vestra, þ.e. 0,67 á hverja þúsund íbúa, og Norðurland eystra, 0,74 á hverja þúsund íbúa.

Samanlagður meðalfjöldi tilvísana þessi ár frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum er 36 börn á ári eða 17% af heildartilvísunum. Innan þessa 36 barna hóps eru börn með mismunandi fötlun og þar með mismunandi þarfir fyrir sérfræðiþekkingu.

Stór hluti þeirrar fötlunar sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fæst við eru sjaldgæf tilfelli þannig að oft eru fá börn með ákveðna fötlun á hverjum tíma, jafnvel þegar horft er til alls landsins. Á sama tíma er þekking á eðli og meðferð mismunandi fötlunar á alþjóðavettvangi sífellt að aukast. Það er því ekki við því að búast að unnt verði að koma upp nægri alhliða þekkingu á fötlun nema með því að hafa öfluga landsstofnun sem sé í stakk búin að fylgjast með framförum á sínu sviði á alþjóðavettvangi og tryggja að fötluð börn á Íslandi fái notið bestu umönnunar hverju sinni.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga verður að telja að ekki sé þörf fyrir aðra greiningar- og ráðgjafarstöð á landsbyggðinni. Hins vegar er stefnt að því að fella starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að heildarþjónustu við börn með þroskaraskanir um allt land. Með því verða betri forsendur fyrir nánara samstarfi stöðvarinnar við greiningar- og ráðgjafarteymi á landsbyggðinni. Þannig geti greiningar- og ráðgjafarteymi á landsbyggðinni með stuðningi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sinnt sérhæfðari verkefnum en þau gera í dag.

1235. Svar [749. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um þróun fjárframlaga til lögreglunnar á Akureyri.

1. *Hvernig hafa fjárframlög til lögreglunnar á Akureyri þróast árin 1995–2004, sundurliðað eftir framlögum til löggæslu, tollgæslu og rannsóknarlögreglu, og hvernig hefur fjöldi lögreglu- og rannsóknarlögreglumanna þróast miðað við fólksfjölda?*

Eftirfarandi tafla hefur að geyma yfirlit um fjárframlög til lögreglu og tollgæslu hjá embætti sýslumanns á Akureyri á verðlagi hvers árs, ásamt upplýsingum um fjölda lögreglumanna. Í fjárlögum er ekki frekari sundurgreining á fjármunum embættisins.

Ár	Lögregla	Tollgæsla	Alls fjöldi lögreglumanna	Rannsóknar-lögreglumenn
1995	107.800	6.800	30	4
1996	107.000	6.700	29	3
1997	110.000	7.000	31	4
1998	130.140	7.880	31	4
1999	154.580	8.000	32	5
2000	154.600	10.200	31	5
2001	168.200	10.900	31	5
2002	187.700	12.150	30	5
2003	194.000	12.200	30	5
2004	198.100	12.150	30	5

2. *Hve mörg afbrotamál komu upp á Akureyri árin 1995–2004 og hvernig skiptast þau milli ára og tegunda brota?*

Í eftirfarandi töflum eru upplýsingar frá árunum 1997–2004 annars vegar og fyrir árin 1995–1996 hins vegar. Ástæða þessa er að fyrir 1997 var flokkun brota með öðrum hætti og í heild ekki sambærileg.

		1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
0000	Almenn hegningarlög		2						
0300	Brot gegn valdstjórninni	20	14	7	9	3	7	21	11
0400	Brot á almannafriði og allsherjarreglu	6	6	2	2	1	2	2	
0500	Brot í opinberu starfi	3				1	1		
0600	Rangur framburður og rangar sakargiftir	1		1	3			1	2
0700	Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil	2	2	1	3	2	2	2	1
0800	Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn	8	34	14	38	33	32	16	39
0900	Brot sem hafa í för með sér almannahættu		1				1	1	
1200	Brot á reglum um framfærslu og atvinnuhætti						2	17	5
1400	Kynferðisbrot	18	11	16	12	15	33	19	17
1500	Manndráp og líkamsmeiðingar	109	106	70	86	55	61	71	84
1600	Brot gegn frjálsræði manna		1			1	2		1
1700	Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	12	30	44	49	45	44	60	55
1800	Auðgunarbrot	494	423	452	527	416	382	497	471
2100	Ýmis brot er varða fjárréttindi	312	259	229	305	228	211	291	264
	Hegningarlagabrot	**985**	**889**	**836**	**1.034**	**800**	**780**	**998**	**950**
3000	Sérrefsilög				1		3		
3100	Stjórnarskipun				2				
3400	Stjórnarfar, fjárhagsmálefni			1					
3500	Stjórnarfar, skattar og gjöld	81	134	6	31	2	1	2	
3530	Tollalög	14	10	11	11	3	7	2	8

		1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
3600	Stjórnarfar, félagsmálefni	1			6	1	1		2
3800	Stjórnarfar, menntamál	35	41	42	29	32	49	119	59
3850	Fíkniefni	43	44	95	64	56	43	53	113
3900	Stjórnarfar, heilbrigðismál	5	12	12	6	1	6	7	13
4000	Stjórnarfar, samgöngur	1		2	1		1	1	4
4100	Stjórnarfar, tryggingar	2	4	3			2	1	1
4200	Stjórnarfar, lögreglumálefni	82	152	104	39	36	38	46	46
4300	Stjórnarfar, umhverfismál	9	1	9	10	8	8	3	1
4500	Héraðsstjórn, kaupstaðir og kauptún		1	1	1		4	1	2
4700	Atvinnuvegir, fiskveiðar og sjávarútvegur	1	1			2	1		
4800	Atvinnuvegir, landbúnaður			4	2	1	4	3	
4900	Atvinnuvegir, verslun	1	1		1				1
5000	Atvinnuvegir, siglingar og útgerð	6	5	8	17	2	7	2	6
5100	Atvinnuvegir, iðnaður					1	1	1	
5200	Atvinnuvegir, vatnsréttindi og orkumál				1		2		
5300	Atvinnuvegir, veitingar og samkomuhús	7	3	3	1	4		1	
5400	Atvinnuvegir, veiði og friðun	3	6		2		2	5	3
5700	Atvinnuvegir, almenn ákvæði								1
5900	Einkamálaréttur, persónuréttindi	1							
6200	Einkamálaréttur, kröfuréttindi		2	5	4	3	1	4	
6500	Einkamálaréttur, einkaréttindi		1		1			1	1
6600	Refsilög	3							
6650	Áfengislög	429	347	225	156	144	117	152	129
6700	Dómstólar og réttarfar	2	1			2	1	2	
	Ýmis sérrefsilagabrot	**726**	**766**	**531**	**386**	**298**	**299**	**406**	**390**
7000	Umferðarlög, stöðvunarskylda ekki virt, 5. gr.		14	76	20	18	26	11	26
7010	Reglur fyrir alla umferð	252	222	201	177	140	147	122	181
7060	Umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur			1				1	
7100	Umferðarreglur fyrir ökumenn	451	361	250	263	122	106	47	55
7300	Ökuhraði	1.516	1.622	1.783	1.692	1.306	1.539	894	1.250
7320	Sérreglur um reiðhjól, bifhjól og torfærutæki	20	25	3	1	2	1	3	3
7400	Um ökumenn	2.221	1.402	1.966	2.384	1.545	1.525	1.124	1.024
7550	Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar	671	396	443	476	323	384	129	468
7600	X. kafli (73.–76. gr.), flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja	149	159	112	125	55	50	67	49
7700	Reglugerð um gerð og búnað ökutækja	147	79	80	59	52	104	49	67
7750	Reglugerð um tengingu og drátt ökutækja	2	4	5	1		2	3	1
7780	XI. kafli (77.–78. gr.), óhreinkun vegar o.fl.	3	5	2	1	2	2	1	
7800	XII. kafli (79.–87. gr.), umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.	5	1	1	1		1		
7830	Um fébætur og vátryggingu	68	59	63	57	37	46	30	28
7900	Viðauki II, reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna		32	34	61	20	22	27	37

		1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
7950	Viðauki III, reglugerð um flutning á hættulegum farmi					8			
7990	Umferðaróhapp	379	363	398	396	348	302	320	348
	Umferðarlagabrot	**5.884**	**4.744**	**5.418**	**5.714**	**3.978**	**4.257**	**2.828**	**3.537**
8000	Rannsóknarverkefni								1
8100	Rannsóknarbeiðnir		2	3	3	2	3		
8200	Mannslát, slys	218	192	222	208	190	186	176	172
8300	Brunar	35	30	32	31	42	32	30	25
8900	Sjóslys	7	7	3	6	17	6	6	4
8910	Flugslys	1	1	1		1	2		3
9000	Ýmis verkefni	298	220	145	155	129	556	669	176
9100	Aðstoð	224	241	99	117	90	87	92	92
9200	Eftirlit	38	14	17	10	11	13	14	18
9300	Tilkynningar	216	180	102	172	147	88	158	264
9400	Ágreiningur	13	11	16	10	8	6	10	20
9500	Heimilisófriður	20	29	6	26	30	30	27	24
9600	Leit, eftirgrennslan, eftirlýsingar, handtaka	11	7	5	5	4	15	71	83
9700	Náttúruhamfarir	3		1		1	1		
9800	Dýr	23	25	23	22	16	28	21	14
9900	Munir, tapað-fundið	265	153	106	98	38	10	30	29
9950	Neyðarbjöllur	3	1	2	3	1		1	1
	Ýmis mál	**1.375**	**1.113**	**783**	**866**	**727**	**1.063**	**1.305**	**926**
	Samtals:	**8.970**	**7.512**	**7.568**	**8.000**	**5.803**	**6.399**	**5.537**	**5.803**

		1995	1996
7300	Ökuhraði	374	427
7015	Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.)	15	23
7023	Stöðvunarskylda ekki virt	5	24
7410	Ölvun við akstur (45. gr.)	88	174
7428	Ökuskírteini ekki meðferðis (48. gr.)	0	0
7497+7498	Vanrækslá á skoðun og endurskoðun	56	299
7550	Notkun öryggis- og verndarbúnaðar	56	299
7990	Umferðaróhapp	231	237
	Fjöldi lögregluskýrslna	**1.723**	**3.370**

1236. Svar [750. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um örbylgjusamband við Raufarhöfn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður nýju örbylgjusambandi milli Snartarstaðanúps og Raufarhafnar og hvernig er ætlunin að nýta það?

Samkvæmt upplýsingum frá Símanum var á síðasta ári lagður ljósleiðarastrengur frá Kópaskeri upp á Snartarstaðanúp. Í framhaldi af honum á að vera örbylgjusamband til Raufarhafnar og er reiknað með að það verði tekið í notkun í næsta mánuði.

Þetta samband þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vera öryggissamband fyrir Raufarhöfn og Kópasker. Fjarskiptasamband við Raufarhöfn hefur verið eingöngu um örbylgju frá Viðarfjalli þannig að bilun á því hefur getað valdið sambandsleysi.

Með þessu opnast ný leið fyrir sambönd til Raufarhafnar um Kópasker og þaðan til Húsavíkur en samband milli þeirra staða var stækkað í þeim tilgangi. Kópasker mun á sama hátt geta nýtt samband til Raufarhafnar sem varasamband.

1237. Svar [671. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um lyfjanotkun barna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skýrir ráðherra stóraukna notkun geðlyfja við athyglisbresti og ofvirkni hjá börnum?*
2. *Telur ráðherra eðlilegt að á annað þúsund barna á aldrinum 1–14 ára, þ.e. um 2% barna á þeim aldri, taki þessi lyf að staðaldri?*
3. *Hyggst ráðherra bregðast við þessu á einhvern hátt?*

1. Athyglisbrestur með ofvirkni (AMO) er þýðing á enska hugtakinu Attention Deficit/Hyperactivity Disorder (ADHD) sem vísar til sjúkdóms sem rannsóknir benda til að eigi sér meinafræðilegar rætur í heila. Sjúkdómurinn er erfanlegur, sem m.a. kemur fram í rannsóknum á eineggja tvíburum sem alast upp við mismunandi aðstæður. Sjúkdómurinn er oftast greindur á forskólaaldri. Talið er að um 2–5% barna hafi sjúkdóminn, en hann er þrisvar til fjórum sinnum algengari hjá drengjum. Hjá um 30% barnanna halda einkenni áfram fram á fullorðinsár í þeim mæli að það veldur verulegum truflunum á venjulegu lífi.

Umtalsverð aukning hefur orðið á notkun methylphenidats við athyglisbresti með ofvirkni á undanförnum árum og enn meiri aukning á kostnaði samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Fjöldi DDD og útgjöld TR, 2002–2004.

	Fjöldi DDD			Lyfjaútgjöld TR		
Aldursbil	**2002**	**2003**	**2004**	**2002**	**2003**	**2004**
0-19 ára	267.050	373.298	487.633	16.584.785	63.825.079	112.678.616
>19 ára	109.334	145.699	175.250	6.305.135	13.701.437	16.178.672
Samtals	**376.384**	**518.998**	**662.883**	**22.889.920**	**77.526.516**	**128.857.288**
Aukning frá fyrra ári		142.614	143.885		54.636.596	51.330.772
Hlutfallsleg aukning		38%	28%		239%	66%

Samkvæmt upplýsingum frá Eftirlitsstofnun Sameinuðu þjóðanna með ávana- og fíkniefnum (INCB)[1] var notkun methylphenidats hvergi meiri en á Íslandi árið 2003. Það ár mældist notkunin 5,27 DDD (skilgreindir dagskammtar) á 1.000 íbúa og hafði þá aukist gríðarlega frá árinu 1999 þegar notkunin mældist 1,21 DDD. Næstmesta notkunin var í Bandaríkjunum árið 2003, eða 5,21 DDD en þar í landi var notkunin hins vegar mest í heiminum árið 1999, eða 4,32 DDD. Í norrænum samanburði hafði Ísland algjöra sérstöðu árið 2003 en þá var notkunin 0,40 DDD í Danmörku, 0,29 DDD í Finnlandi, 2,13 DDD í Noregi og 0,35 DDD í Svíþjóð. Samkvæmt upplýsingum frá INCB var um 70% af heildarnotkun methylpheniadts í heiminum í Bandaríkjunum árið 2003. Samkvæmt sömu heimild hafa áhyggjur vaknað í Bandaríkjunum vegna hugsanlegra ofgreininga á athyglisbresti með ofvirkni og ofnotkunar methylphenidats sem aðallega er þar talin stafa af auglýsingaherferðum sem m.a. hafa beinst beint að sjúklingum og almenningi.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan hefur kostnaður á undanförnum árum vaxið umtalsvert umfram það sem notkunin segir til um. Ástæðan er rakin til þess að á miðju ári 2003 kom á markaðinn nýtt langvirkt form methylphenidats sem var mun dýrara en það sem fyrir var en notkunin færðist að mestu yfir á það form, auk þess sem hún jókst til muna. Langvirk methylphenydatlyf (Ritalin Uno, Concerta) eru talin hafa ótvíræða kosti umfram Ritalín, annars vegar vegna þess að þau lyf þarf ekki að taka nema einu sinni á dag og hins vegar vegna þess að talið er að það sé mun erfiðara að misnota þau, þar sem um forðatöflur er að ræða. Fíklar sækjast því mun síður í nýju lyfin. Áður kvörtuðu kennarar oft yfir því að börnin tækju með sér lyf í skólann, en þess er ekki talin þörf lengur með hinum nýju forðalyfjum. Þetta kann að hafa valdið einhverri aukningu á heildarnotkun af methylphenydati, auk þess sem ótti lækna við að einhver í umhverfi barnsins kynni að misnota lyfið hefur e.t.v. minnkað við þetta.

Hér á landi hefur engin könnun verið gerð á því hvort um ofgreiningar á athyglisbresti með ofvirkni eða ofnotkun methylphenidats sé að ræða eða hvort auglýsingar lyfjafyrirtækja hafa óeðlileg áhrif á notkunina.

Rannsóknir sem benda til gagnsemi lyfjameðferðarinnar eru taldar afgerandi og má telja líklegt að það sé helsta orsök aukningar á notkun lyfsins, a.m.k. að því gefnu að ekki ráði önnur sjónarmið en fagleg lyfjaávísunum.

2. Hegðun barnanna er eina greiningartækið sem hægt er að nota. Rannsóknir sýna að erfiðar heimilisaðstæður eða uppeldisskilyrði valda ekki sjúkdómnum. Um er að ræða alvar-

---

[1] International Narcotics Control Board 2004; Psychotropic Substances; Statistics for 2003; Assessment of Annual Medical and Scientific Requiremnets, Sameinuðu þjóðirnar, New York 2005.

legan sjúkdóm, ekki minniháttar hegðunarvandamál. Hann greinist oftast um forskólaaldur. Helstu einkenni eru ofvirkni, hvatvísi og athyglisbrestur, en mismunandi er hjá einstaklingum hvaða einkenni eru mest áberandi.

Hér á landi eru það nánast eingöngu barna- og unglingageðlæknar og örfáir barnalæknar með sérfræðiréttindi á þröngum sérsviðum, svo sem taugalækningum barna og þroskaröskunum barna, sem hefja slíka lyfjameðferð. Heimilislæknar skrifa hins vegar oft upp á lyfið eftir að greining hefur verið gerð og meðferðin hafin.

3. Þegar fjallað er um vanda þeirra barna og unglinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða verður að hafa í huga að lyfjameðferð er aðeins ein þeirra leiða er til greina koma. Með það í huga að tryggja aðgang þessa hóps að sem fjölbreyttastri heilbrigðisþjónustu og stuðningi hafa framlög til þessa málaflokks verið stóraukin á undanförnum árum.

Verið er að gera tilraunir með aukna þjónustu innan heilsugæslunnar, og eru bundnar vonir við að árangursríkt reynist að takast á við geðraskanir með þverfaglegu teymi í heilsugæslunni.

Verkefnisstjóri var ráðinn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til þess að gera tillögur um samþættingu þjónustukerfa sem þjóna þessum einstaklingum.

Nefnd er starfandi sem mun væntanlega skila ráðherra tillögum nú í vor, en hún skoðar m.a. hvernig best megi tryggja þessa þjónustu á landsbyggðinni.

Þá er verið að endurskoða skólahjúkrun og miðstöð fyrir þá þjónustu er nú á Heilsuverndarstöðinni.

Kvartanir berast mjög sjaldan til landlæknisembættisins vegna lyfjameðferðar við ofvirkni. Landlæknir hefur engu að síður haldið fundi með barna- og unglingageðlæknum til að ræða sérstaklega notkun methylphenidats. Í samráði við barna- og unglingageðlækna er ætlunin að skipa starfshóp á næstunni til þess að gera klínískar leiðbeiningar fyrir meðhöndlun athyglisbrests með ofvirkni með líkum hætti og gerðar hafa verið fyrir ýmsa aðra meðferð. Þær munu styðjast við væntanlegar leiðbeiningar frá National Institute of Clinical Excellence (NICE) í Bretlandi, en margar klínískar leiðbeiningar um meðferð annarra sjúkdóma hér á landi hafa byggst á leiðbeiningum frá þeirri stofnun. Leiðbeiningar NICE varðandi athyglisbrest með ofvirkni komu síðast út árið 2000 en nýjar leiðbeiningar eru væntanlegar innan fárra mánaða.

Áhyggjur fyrirspyrjandans af aukningu þessara umræddu lyfja á undanförnum árum eru skiljanlegar og er tekið undir þær.

Ráðherra mun óska eftir því við landlækni og Miðstöð heilsuverndar barna að skoða á breiðari grundvelli í samráði við sálfræðiþjónustu skóla og félagsþjónustu sveitarfélaga hvernig best verði brugðist við þeirri miklu aukningu á athyglisbresti og ofvirkni barna sem hér virðist hafa átt sér stað að undanförnu.

Þá mun ég einnig beina því til landlæknis og Lyfjastofnunar að kanna sérstaklega hvort eitthvað óeðlilegt sé á seyði varðandi kynningar, ávísanir og notkun methylphenidats. Notkunin borin saman við notkun annarra þjóða vekur áleitnar spurningar sem svara verður.

1238. Frumvarp til laga [794. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stjórnsýslukæra og frestir.

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til samgönguráðuneytis, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun stofnunarinnar. Um málskot til dómstóla fer eftir almennum reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Að frumvarpi þessu hefur verið unnið á vegum samgönguráðuneytisins. Breytingin miðar að því að leggja niður úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Fyrstu ákvæði um úrskurðarnefndina voru sett með lögum nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun. Með þeim lögum varð Póst- og fjarskiptastofnun sjálfstæð og óháð ráðuneytinu í daglegum störfum sínum þrátt fyrir að hún heyrði undir það stjórnskipulega. Kveðið er á um að stjórnsýsluákvarðanir stofnunarinnar yrðu ekki kærðar til ráðuneytisins heldur til sérstakrar úrskurðarnefndar, til endanlegrar úrlausnar á stjórnsýslustigi. Höfð var hliðsjón af sérstakri áfrýjunarnefnd um samkeppnismál en lögð var áhersla á sjálfstæði nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum (ráðherra), sbr. almennar athugasemdir í frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun (149. mál 121. löggjafarþings) og athugasemdir við 10. gr. frumvarps til laga um Póst- og fjarskiptastofnun (240. mál 125. löggjafarþings).

Úrskurðarnefndin starfar nú skv. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, sem tóku gildi 25. júlí 2003. Áður starfaði hún samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 110/1999 og, eins og áður sagði, í upphafi skv. 8. gr. laga 147/1996, um sama efni. Samkvæmt núgildandi lögum verða ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar kærðar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi en þeim má síðan skjóta til dómstóla. Óheimilt er að bera ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndarinnar liggur fyrir.

Þegar ákvæðin um úrskurðarnefndina voru fyrst sett 1996 var megintilgangurinn að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans gagnvart stjórnvöldum sem voru og eru stærsti eignaraðilinn að hlutabréfum í Landssímanum hf. Eignarhaldið er enn að mestu í höndum stjórnvalda en hefur nú verið fært frá samgönguráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Stefnt er að sölu fyrirtækisins síðar á þessu ári. Ljóst er að ekki eru jafnríkar ástæður til sérstakrar sjálfstæðrar úrskurðarnefndar við þær aðstæður. Í gildistökuákvæðinu er gert ráð fyrir að ákvæði taki gildi 1. janúar 2006 en miðað er við að eignarhaldið verði þá ekki lengur í höndum stjórnvalda.

II. Tvö stjórnsýslustig og ábyrgð á stefnumörkun.

Í réttarríki er leitast við að tryggja öryggi borgaranna með því að skapa aðgengilega og ódýra leið til að fá faglega og hlutlæga endurskoðun stjórnvaldsákvarðana. Í því efni eru einkum þrjár leiðir tiltækar, ákvörðun stjórnvalds er skotið til æðra setts stjórnvalds, til sérstaklega skipaðrar úrskurðarnefndar eða til stjórnsýsludómstóls. Þar sem stjórnsýsludómstól er ekki til að dreifa hér á landi stendur val löggjafans um tvær fyrstnefndu leiðirnar. Fjölmargar úrskurðarnefndir starfa samkvæmt lögum, hver á þröngu sviði. Reynslan hefur leitt í ljós að slíkt fyrirkomulag þykir heppilegast á sviðum þar sem mikill fjöldi mála er til úrlausnar, sbr. yfirskattanefnd og úrskurðarnefnd almannatrygginga.

Úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála hefur, eins og áður segir, starfað í átta ár. Á síðustu þremur árum hefur hún kveðið upp samtals tólf úrskurði. Ef miðað er við hvernig aðilar málanna hafa unað úrskurðunum er reynslan góð af starfi nefndarinnar, en ráðuneytinu er ekki kunnugt um að neinn þeirra hafi farið fyrir almenna dómstóla. Aftur á móti er ráðuneytið reiðubúið til að axla sjálft ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði og mundi með því byggjast upp innan ráðuneytisins frekari þekking en nú er á póst- og fjarskiptamálum. Úrskurðarnefnd hefur ekki með höndum hlutverk við almenna stefnumörkun og hefur ekki stöðu til að fylgja með þeim hætti úrskurðum sínum eftir.

III. Framkvæmd í öðrum ríkjum.

Fyrirkomulag málskots er með ýmsum hætti í Evrópu en ekki um samræmda framkvæmd að ræða. Í flestum ríkjum verður niðurstöðu stjórnvalda (fjarskiptaeftirlitsstofnana) skotið beint til dómstóla eða stjórnsýsludómstóls. Má þar nefna Ítalíu, Sviss, Spán, Finnland, Lúxemborg, Ungverjaland, Kýpur, Holland, Svíþjóð, Þýskaland, Austurríki og Tékkland. Þetta er með svipuðum hætti í Portúgal, Frakklandi og Póllandi, en þar ræðst það af eðli ákvarðana hvort þeim verður skotið til stjórnsýsludómstóls eða almennra dómstóla. Í Danmörku verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar skotið til stjórnarnefndar um kvartanir vegna fjarskiptamála (upplýsingar úr skýrsludrögum um samanburð á framkvæmd þessara mála innan IRG). Í Noregi verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar skotið til æðra stjórnvalds með svipuðum hætti og lagt er til hér.

IV. Kostnaður o.fl.

Ekki er reiknað með auknum heildarkostnaði af breytingunni. Ráða þarf sérfræðing á þessu sviði í ráðuneytið en á móti fellur niður kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingu sem lögð er til á greininni er úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála lögð niður. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar verða kæranlegar til samgönguráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga. Kærufrestur er fjórar vikur sem er sami frestur og ætlaður var vegna kæru til úrskurðarnefndarinnar. Ástæða þykir til að hafa hann styttri en stjórnsýslulögin kveða almennt á um m.a. til að tryggja tilvist fjarskiptagagna sem og að aðili sem vilji kæra geri það án ástæðulauss dráttar. Um málskot til dómstóla fer eftir almennum reglum og ekki er lengur gert ráð fyrir að stjórnsýslukæra sé forsenda málshöfðunar fyrir almennum dómstólum. Stjórnsýslukæra er hins vegar skjótvirkara úrræði sem borgararnir eiga rétt á.

Um 2. gr.

Um skýringar vísast til almennra athugasemda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja niður úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar verða kæranlegar til samgönguráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1239. Skýrsla [795. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar Íslands og starfsemi flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður. Ný lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, tóku gildi 1. september 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa er stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin lýtur forstöðu forstöðumanns sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rannsóknarverkefnum hennar og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar. Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn flugslysa, flugatvika og flugumferðaratvika samkvæmt framangreindum lögum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir miða að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyss auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir: Geirþrúður Alfreðsdóttir, vélaverkfræðingur og flugstjóri, formaður, Ólafur Haraldsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar Guðmundsson flugvélaverkfræðingur.

Varamenn eru: Bryndís Lára Torfadóttir flugstjóri, Hörður Arilíusson flugumferðarstjóri og Páll Valdimarsson, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.

Starfsmenn rannsóknarnefndar flugslysa eru: Þormóður Þormóðsson, B.S. í flugrekstrar- og tæknistjórnun, forstöðumaður/rannsóknarstjóri, og Þorkell Ágústsson, verkfræðingur M.Sc., aðstoðarforstöðumaður/aðstoðarrannsóknarstjóri.

Fjárheimildir og kostnaður.

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2004 samtals 24,7 millj. kr. og greinast þannig: Framlag í fjárlögum er 25,4 millj. kr. Frá dregst skuld frá fyrra ári sem var 0,7 millj. kr. Heildarkostnaður við starfsemina var 30,1 millj. kr. og því færast 5,4 millj. kr. sem skuld til næsta árs.

Nokkur ófyrirséður kostnaður hlaust vegna rannsóknarverkefna á árinu 2004. Má þar helst nefna rannsókn á flugslysi TF-ARR í Sameinuðu arabísku furstadæmunum 7. nóvember 2004 og rannsókn á flugslysi TF-ELH á flugvellinum á Siglufirði 23. júní 2004.

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2004.

Á árinu 2004 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í 10 málum sem ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 15 öðrum málum frá árinu 2003 með bókun.

Árið 2004 skráði rannsóknarnefnd flugslysa 527 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Rannsóknarnefndin skoðaði 93 þessara frávika nánar og af þeim tók nefndin samtals 41 atvik, sem skilgreint var sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsóknar.

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2004.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka 36 málum frá árinu 2004 en rannsókn þeirra var langt komin og mun þeim að öllum líkindum verða lokið með rannsóknarskýrslum eða bókunum á árinu 2005.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti töluvert samstarf við erlenda rannsakendur vegna rannsóknarverkefna sinna. Nokkur atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu og jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á 13 atvikum er hentu íslensk-skráðar flugvélar erlendis. Fjórum þessara rannsókna var lokið á árinu en það voru rannsókn rannsóknarnefndar flugumferðaratvika í Bretlandi (UK Airprox Board) á flugumferðaratviki er B 737 flugvél Íslandsflugs hf. átti hlut að við Prestwick í Skotlandi 30. júlí 2003, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Portúgal á flugatviki B 757 flugvél Icelandair hf. við Faro í Portúgal 28. júlí 2003, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku (Havarikommissionen for Civil Luftfart) á alvarlegu flugatviki er henti B 757 flugvél Flugleiða hf. á Kastrup-flugvelli 28. júní 2001 og rannsókn rannsóknarnefndar flugumferðaratvika í Frakklandi (Commission Nationale de Securite de la Circulation Aerienne) á flugumferðaratviki er B 767 flugvél Air Atlanta hf. átti hlut að við París 1. ágúst 2003.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 16 tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2004. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var flestum beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, sbr. 10. gr. laga nr. 35/2004, er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndar flugslysa séu teknar til formlegrar afgreiðslu.

1240. Skýrsla [796. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árið 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000. Nefndarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til fjögurra ára í senn.

Hinn 31. ágúst 2004 lauk skipunartíma nefndarinnar og voru sömu menn skipaðir til fjögurra ára.

Nefndin var í byrjun árs þannig skipuð: Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður, Agnar Erlingsson skipaverkfræðingur, Hilmar Snorrason, skipstjóri og skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, Pétur Ágústsson skipstjóri og Pálmi K. Jónsson vélfræðingur.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir varamenn fyrir sama tímabil: Lárentsínus Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður, Karl Lúðvíksson skipatæknifræðingur, Júlíus Skúlason skipstjóri, Rúnar Pétursson vélfræðingur og Símon Már Sturluson, skipstjóri og útgerðarmaður.

Starfsmenn eru Jón A. Ingólfsson, sem er framkvæmdastjóri nefndarinnar, og Guðmundur Lárusson fulltrúi.

Fjárveiting til nefndarinnar í fjárlögum ársins 2004 var 31,9 millj. kr. Á árunum 1995–2004 var kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar sem hér segir – tölur eru á verðlagi hvers árs en sambærilegar þar eð á árinu 2002 hefur verið tekið tillit til óreglulegs 8,4 millj. kr. kostnaðar vegna flutnings á starfsemi nefndarinnar út á land.

1995	8.707.209 kr.
1996	8.756.513 kr.
1997	11.555.170 kr.
1998	16.204.272 kr.
1999	14.914.467 kr.
2000	17.659.880 kr.
2001	20.662.317 kr.
2002	24.791.935 kr.
2003	32.367.836 kr.
2004	31.794.084 kr.

Vefsíða rannsóknarnefndar sjóslysa, rns.is, var formlega opnuð á starfsstöð nefndarinnar í Stykkishólmi 23. september 2004. Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, opnaði síðuna að viðstöddum um 50 manns enda um merkilegan áfanga að ræða í starfi rannsóknarnefndar sjóslysa. Menn binda miklar vonir við að hin nýja vefsíða eigi eftir að koma að miklu gagni í starfi nefndarinnar. Lokaskýrslur nefndarinnar birtast nú á vefnum jafnóðum og þær eru afgreiddar, auk þess sem hægt er að sjá hvaða mál hafa verið skráð og eru óafgreidd.

Tilkynningar og skráning á málum hafa ekki verið fleiri frá upphafi starfsemi nefndarinnar. Árið 2004 voru 152 mál skráð hjá nefndinni, en meðaltal sl. tíu ára er um 117 mál á ári. Það merkir þó ekki að slys hafi verið fleiri heldur er um að ræða betri og skilvirkari tilkynningar frá ýmsum aðilum til nefndarinnar og má þar nefna lögregluembættin, Landhelgisgæslu Íslands og vaktstöð siglinga. Nefndin hefur undanfarin ár verið með sérstakt kynningarátak sem greinilega hefur skilað árangri. Á árinu var vinna hafin við að gera kynningarbækling um rannsóknarnefnd sjóslysa og verður hann gefinn út á árinu 2005.

Eins og fram kemur í töflu I fjölgar málum nefndarinnar á milli áranna 2003 og 2004 úr 136 í 151, um rúmlega 10%.

Þrjú dauðsföll voru á árinu, eitt þegar bátsverji fór útbyrðis með veiðarfærum og drukknaði og annað þegar maður fannst látinn í sjó, drukknaður, við bát sinn í höfn. Þá lést annar skipverja á kanadískri skútu sem sökk á Faxaflóa vegna leka af ókunnum orsökum, hinum var bjargað. Það mál er ekki í töflu I.

Tafla I. Yfirlit um mál sem komið hafa til RNS 1995 - 2004

Eðli mála	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Skip sekkur	17	6	7	8	4	10	6	4	7	11
Skip strandar	19	17	10	14	7	14	10	11	7	17
Árekstur	7	11	4	2	8	6	11	7	4	3
Eldur um borð	12	11	7	6	3	8	15	5	3	5
Leki að skipi	1	1	1	0	0	3	1	5	8	11
Annað	3	12	6	10	7	8	8	12	20	9
Slys á fólki	56	65	55	63	56	64	63	103	85	93
Dauðaslys	2	9	5	3	1	3	7	2	2	2
Samtals:	**117**	**132**	**95**	**106**	**86**	**116**	**121**	**149**	**136**	**151**

Eins og fram kemur í töflunni er talsverð fjölgun á málum þegar skip sökkva, stranda eða leki kemur að skipum. Í sex tilfellum af ellefu þegar bátar hafa sokkið var um að ræða óvæntan leka í vélarúmi. Önnur tilfelli þegar skip hafa sokkið eru vegna strands, elds eða annarra ástæðna. Nefndin hefur haft sérstakar áhyggjur af tíðum lekavandamálum í skipum sem menn verða oft ekki varir við fyrr en allt er um seinan. Nefndin hefur því gert tillögu í öryggisátt um lekaaðvörun í öll skip og er Siglingastofnun Íslands með það mál til úrvinnslu.

Á árinu hafa verið haldnir átta fundir og 116 mál hafa verið afgreidd með lokaskýrslu (nefndaráliti), ekki ályktað í 74 málum og skilað inn til Siglingastofnunar 16 tillögum í öryggisátt. Um áramótin 2004/2005 var eftir að vinna um 30 mál sem skráð hafa verið hjá nefndinni.

Á árinu var gefin út prentuð skýrsla rannsóknarnefndarinnar fyrir árin 2000 og 2001. Hingað til hafa skýrslurnar verið gefnar út þegar öll mál frá viðkomandi ári hafa verið afgreidd, þannig að ávallt hafa þær verið að koma út nokkrum árum eftir að slys verður og tekið til slysa hvers árs fyrir sig. En áform eru uppi um að breyta því sem fyrst og gefa þær út árlega og þær taki þá til þeirra mála sem hafa verið afgreidd á viðkomandi ári, en miðist ekki við tilkynnt slys á árinu. Skýrslurnar fyrir 2000 og 2001 voru að þessu sinni gefnar út í einni bók, en í nýju broti og með breyttu sniði. Í fyrsta skipti voru þær gefnar út í stækkuðu broti og er það von nefndarinnar að það mælist vel fyrir. Skýrslur fyrir árin 2002 og 2003 hafa verið í vinnslu og verða gefnar út á árinu 2005 með sama sniði. Á árinu 2006 verði skýrslur fyrir 2004 og 2005 gefnar út saman og eftir það, þ.e. frá og með árinu 2007, verði svo komið að ársskýrslur verði gefnar út fyrir hvert ár fyrir sig.

Dagana 4.–8. október 2004 sótti framkvæmdastjóri árlegan fund hjá MAIIF (Marine Accident Investigators International Forum) í Höfðaborg í Afríku. Fundinn sóttu í þetta sinn 56 aðilar frá 35 löndum. Mikil umræða var um mikilvægi góðra og persónulegra tengsla rannsóknaraðila í rannsóknum sjóslysa á tímum þar sem umhverfis- og öryggismál eru alltaf að verða flóknari. Með þessum félagsskap er rutt úr vegi mörgum hindrunum rannsóknaraðila í alþjóðaumhverfi siglinga. Á fundinum kynntu allir aðilar stöðu mála í sínum löndum

á síðasta ári, auk þess að segja frá atvikum sem voru talin eiga sérstakt erindi til ráðstefnu gesta. Ýmis vandamál voru rædd, t.d. rannsóknir á atvikum þar sem fánaríki skips er annað en viðkomandi strandríki. Þar kemur helst til traust almennings á erlendri rannsókn, kostnaður við rannsóknir eftir að ákvörðun er tekin um hver stjórni rannsókn o.s.frv.

Á árinu var hafin vinna við tengingu nefndarinnar við gæða- og boðunarkerfi 112 (Neyðarlínuna) og vaktstöð siglinga vegna atvika sem tengjast bátum, skipum (laus för) og köfun í sjó eða vötnum.

Eins og á undanförnum árum kemur aðeins hluti þeirra mála er varða slys á sjómönnum til nefndarinnar miðað við tilkynnt slys til Tryggingastofnunar ríkisins (TR). En eins og áður hefur komið fram hefur hlutfall tilkynntra slysa til hennar verið að hækka og á árinu 2004 fékk nefndin til sín um 30% af tilkynntum slysum til TR. Á tíu ára tímabili á undan var meðaltalið um 17%. Markmið nefndarinnar er að ná til sín og skrá öll atvik enda skylda allra aðila að tilkynna öll óhöpp og slys á sjó til nefndarinnar.

Tafla II sýnir fjölda bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til TR frá árinu 1995 til 2004. Eins og þar sést voru tilkynnt slys á sjómönnum til stofnunarinnar 311 á árinu 2004 og eru það talsvert færri slys en á árinu áður en þá voru þau 350. Meðaltal tilkynntra slysa til TR undanfarin tíu ár eru 397.

Tafla II. Fjöldi tilkynninga um slys á sjómönnum til TR 1995 - 2004

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
417	436	388	378	381	361	348	413	379	311

1241. Fyrirspurn [797. mál]

til heilbrigðisráðherra um spilafíkn.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margir hafa farið í meðferð vegna spilafíknar á sl. þremur árum, annars vegar hjá SÁÁ og hins vegar á geðdeild Landspítalans?
2. Hvernig er skiptingin eftir kynjum og hvernig er aldurssamsetningin?
3. Hver hafa úrræðin verið og hvað varir meðferð að jafnaði lengi?
4. Hvers konar spilamennska er helsta orsök spilafíknar?
5. Hve margir hafa náð bata á fyrrnefndu tímabili?

1242. Fyrirspurn [798. mál]

til fjármálaráðherra um gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Er fyrirhugað að kaupa eða leigja tæki fyrir tollgæsluna til að gegnumlýsa gáma, farartæki, pallavöru o.fl. til að herða eftirlit með innflutningi fíkniefna?

1243. Fyrirspurn [799. mál]

til umhverfisráðherra um efnisnámur.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margar efnisnámur eru í landinu, hversu margar þeirra teljast virkar og hversu mikið efni er tekið úr þeim á ári hverju?
2. Hversu margar námur teljast „ófrágengnar“?
3. Áformar ráðherra að beita sér fyrir því að eigendur eða notendur gangi frá slíkum námum og ef svo er, hyggst hann grípa til viðurlaga ef því verður ekki sinnt?

Skriflegt svar óskast.

1244. Fyrirspurn [800. mál]

til umhverfisráðherra um tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver voru tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans til íslensku ríkisstjórnarinnar í desember 2004?
2. Hefur verið brugðist við tilmælunum? Ef ekki, hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við þeim?

1245. Svar [719. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um framlög til nýframkvæmda í vegagerð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru framlög til nýframkvæmda í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1990–2004:

a. á verðlagi í apríl 2005,

b. sem hlutfall af framlagi til allra nýframkvæmda á landinu að jarðgöngum meðtöldum?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Framlög til nýframkvæmda í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu 1990–2004.

1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	*2005	*2006	*2007	*2008
Stofn- og tengivegir í millj. kr. á febrúarverðlagi 2005 (vegagerðarvísitala 7630)																		
515	482	685	1.160	862	1.665	1.193	1.193	1.126	1.173	1.397	1.389	1.341	2.339	1.320	1.210	1.202	1.777	2.245
Sem hlutfall af framlagi til nýframkvæmda á landinu																		
14	13	16	19	17	33	30	29	30	21	23	25	22	24	20	22	25	21	26
Framkvæmdir á landinu öllu																		
3.569	3.853	4.207	5.972	5.222	5.051	3.978	4.053	3.809	5.551	6.106	5.539	6.156	9.785	6.537	5.415	4.794	8.425	8.680

Höfuðborgarsvæðið samtals á tímabilinu 1990–2008: 24.274 millj. kr.

Allar nýframkvæmdir á landinu 1990–2008, höfuðborgarsvæðið meðtalið: 106.702 millj. kr.

Höfuðborgarsvæðið sem hlutfall af landinu öllu árin 1990–2008: 22,75%.

*ATH! Framlög áranna 2005–2008 eru samkvæmt tillögu að samgönguáætlun.

1246. Nefndarálit [732. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglur um það hvernig meta skuli meðafla við löndun á uppsjávarfiski. Þá er í ákvæðinu með beinum hætti kveðið á um að meðafli skuli reiknast til aflamarks viðkomandi skips. Hingað til virðist lögum um umgengni um nytjastofna sjávar ekki hafa verið beitt með sama hætti um veiðar á uppsjávarfiski og gert hefur verið við veiðar á öðrum tegundum á Íslandsmiðum. Meðafli við veiðar á kolmunna, síld og loðnu hefur í raun ekki reiknast til aflamarks þeirra skipa sem uppsjávarveiði stunda hvort sem hann hefur komið í flotvörpu eða nót. Hvatinn til að forðast veiðar á öðrum tegundum en uppsjávartegundum hefur því einungis verið siðferðislegur en ekki efnahagslegur við þessar veiðar.

Í 9. gr. þeirra laga sem hér er verið að breyta segir:

„Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið. Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns."

Af ákvæði þessu er ljóst að skip sem stundað hafa veiðar á uppsjávarfiski hafa ekki farið að þessu ákvæði með því halda afla aðskildum, hvorki um borð í skipunum né við löndun hans. Miklar kröfur eru hins vegar gerðar til annarra sem stunda hefðbundnar veiðar á Íslandsmiðum um að farið sé að lögum og reglum um flokkun og vigtun sjávarafla og eru ströng viðurlög við brotum á því. Einhverra hluta vegna hefur það sama ekki gilt um meðferð og vigtun meðafla við uppsjávarveiðar og hefur meðafli því í flestum tilvikum runnið til bræðslu án þess að tilraun hafi verið gerð til að flokka hann frá og vigta. Hefur þetta leitt til þess að veiddar hafa verið þúsundir tonna af bolfiski án þess að útgerðir sem þessar veiðar hafa stundað hafi þurft að leggja til aflamark í viðkomandi tegund á móti. Slíkur meðafli sem samanstendur aðallega af ufsa og þorski hefur því verið veginn og skráður sem kolmunni, loðna eða síld og lítt virðist hafa verið við því amast af hálfu stjórnvalda þó að um skýrt brot á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, hafi verið að ræða.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig sýnatöku eða útreikningi á meðafla eftir tegundum verður háttað nú við afgreiðslu þessa frumvarps og er það miður. Upplýst var á fundum nefndarinnar að líklega yrðu tekin 500 kg í sýni úr hverjum 100 tonnum af afla eða 0,5%. Þetta þýðir að úr 1.000 tonna kolmunnafarmi yrðu tekin 5 tonn til skoðunar til að meta magn og tegund meðafla og má ætla að skekkja í magni geti orðið mikil við svo knappa sýnatöku.

Umfang meðafla við þessar veiðar er afar mismunandi og kom fram í svari sjávarútvegsráðherra um þetta efni á yfirstandandi þingi, sbr. þskj. 426, að á árinu 2004 megi ætla, út frá mælingum sem gerðar voru af Fiskistofu, að meðafli við kolmunnaveiðar frá mars til október hafi verið 2.094 tonn af ufsa og 1.686 tonn af þorski. Þá kom fram á fundum nefndarinnar að til viðbótar þessu megi ætla að u.þ.b. 1.000 tonn af öðrum tegundum hafi verið í meðafla á sama tíma.

Á árinu 2004 voru einungis skráð rúm 25 tonn af karfa til aflamarks af kolmunnaveiðiskipum allt árið og miðað við þær upplýsingar er alveg ljóst að ekki hefur verið lagður kvóti á móti þeim 4.000 tonnum af meðafla sem um ræðir nema í afskaplega litlum mæli. Ekki hefur verið reynt að meta magn eða tegundir meðafla við síld- og loðnuveiðar, þannig að sá afli kemur til viðbótar þeim afla sem áætlaður hefur verið.

Í ljósi þess hvernig staðið hefur verið að flokkun og vigtun meðafla uppsjávarskipa má segja að verið sé að setja skarpari reglur um veiðar og umgengni þessara skipa og um leið er verið að viðurkenna að ekki hafi verið farið að lögum sem um þetta gilda. Það er því til bóta að mati 1. minni hluta að eyða öllum vafa um að kvóta þurfi á móti þessum meðafla, þótt það verði ekki séð að það hafi verið vafi um það hingað til, og einnig að nú skuli settar samræmdar reglur um sýnatöku og útreikning meðaflans.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu mun hvetja skipstjórnarmenn frekar en áður var til að forðast eins og frekast er unnt hættuna á því að fá meðafla í miklum mæli, því það er ákaflega kostnaðarsamt og óhagkvæmt að þurfa að leggja kvóta á móti fiski sem hefur að mestu verið eyðilagður við dælingu og hefur við löndun ekkert verð umfram bræðsluverði. Það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál allra að forðast eins og unnt er að skemma hráefni með þeim hætti sem hlýtur jafnframt að vekja spurningar um notkun flottrolls við veiðar á uppsjávarfiski en meðafli virðist meira vandamál við veiðar með slíkum veiðarfærum en við hinar hefðbundnu nótaveiðar.

Í 2. gr. eru lagðar til breytingar sem snúa að framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir. 1. minni hluti tekur undir hugmyndir um að heimilt sé að senda aðvaranir um umframveiði með öðrum hætti en með símskeytum og að þannig sé dregið úr kostnaði sem fellur á útgerðina þess vegna.

Fyrsti minni hluti leggst ekki gegn samþykkt frumvarpsins þar sem efni þess er til bóta og mun bæta núverandi umgengni við veiðar á uppsjávarfiski, en telur að leggja þurfi alla áherslu á að þróa þessar veiðar með þeim hætti að magn meðafla minnki verulega frá því sem nú er og tryggja að sá meðafli sem þó fæst reiknist til aflamarks.

Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Jón Gunnarsson, frsm. Jóhann Ársælsson.

1247. Svar [740. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um hunda og sóttvarnir.

1. *Hefur verið skoðað hvort óhætt sé að breyta sóttvarnalögum þannig að unnt verði að flytja hunda hingað til lands annars staðar að af Norðurlöndum án þess að þeir þurfi að fara í sex vikna sóttkví?*

Í júlí 2001 var að beiðni landbúnaðarráðuneytisins settur á fót starfshópur á vegum embættis yfirdýralæknis til að gera áhættugreiningu á innflutningi á gæludýrum til Íslands með tilliti til sjúkdómavarna. Metin var áhætta vegna 54 þekktra sjúkdóma sem taldir eru geta borist til landsins með gæludýrum. Að mati hópsins var ekki talið tilefni til að fella

niður kröfu um einangrun að fullu frá nokkru landi. Með reglugerð nr. 431/2003 (og breytingarreglugerð nr. 935/2004) um innflutning gæludýra og hundasæðis, sem landbúnaðarráðuneytið setti með stoð í lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, og byggðist að miklu leyti á niðurstöðum framangreinds áhættumats, var tíminn sem sóttkvíin skal standa hins vegar styttur úr sex til átta vikum í fjórar vikur fyrir öll gæludýr, sama hvaðan þau koma. Þetta byggðist m.a. á því að kröfur um bólusetningar, mótefnamælingar og prófanir voru hertar. Bent skal á að sóttvarnalög, nr. 19/1997, kveða ekki á um innflutning hunda og katta (sjá einnig svar við 2. spurningu).

2. *Hvaða breytingar þyrfti að gera á sóttvarnalögum í þessu skyni?*

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra, en landbúnaðarráðherra getur að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá þessu banni, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum sem lögin kveða á um og reglugerða settra samkvæmt þeim. Einnig kveða lögin á um að einangra skuli öll dýr og erfðaefni á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á (sjá svar við 1. spurningu). Þessum ákvæðum þyrfti að breyta ef undanskilja ætti einhver ákveðin lönd.

3. *Eru íslensk lög og reglugerðir um hundahald og innflutning hunda ólík því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?*

Íslensk lög og reglugerðir eru strangari en löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Þetta helgast m.a. af legu landsins og stöðu þekktra sjúkdóma í gæludýrum hér á landi. Annars staðar á Norðurlöndum að Noregi meðtöldum hafa löndin gert löggjöf ESB að sinni í þessum málaflokki, og verða því ekki aðskilin frá öðrum aðildarlöndum ESB. Þetta táknar í raun að allir hundar og kettir innan aðildarlanda ESB eru í tiltölulega frjálsu flæði milli allra hluta ESB, að því tilskildu að dýrin séu bólusett gegn hundaæði. Við innflutning hunda og katta hingað til lands eru gerðar mun strangari kröfur um bólusetningar, mótefnamælingar og meðhöndlun gegn sníkjudýrum en gerðar eru annars staðar á Norðurlöndum, í samræmi við niðurstöður áðurnefndrar áhættugreiningar á innflutningi á hundum og köttum til Íslands. Varðandi reglur um hundahald vísast til Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna.

4. *Eru gerðar aðrar kröfur hérlendis um heilbrigðisvottorð hunda en gerðar eru annars staðar á Norðurlöndum?*

Hér á landi eru notuð sérískensk vottorð þar sem rakin eru öll þau sérstöku skilyrði er uppfylla þarf áður en heimilt er að flytja hundinn/köttinn hingað til lands til vistar í einangrun í fjórar vikur. Annars staðar á Norðurlöndum eru notuð stöðluð vottorð sem eru eins fyrir öll aðildarríki ESB. Noregur gefur hins vegar út sérstök vottorð.

1248. Frumvarp til laga [801. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Lögin taka einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú fær annar en rannsóknarleyfishafi leyfi til að nýta viðkomandi auðlind og getur þá sá sem kostaði rannsóknir krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna, enda geti þær nýst nýtingarleyfishafa. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 5. gr.“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 3. mgr. 5. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006.

Jafnframt skal iðnaðarráðherra skipa starfshóp sérfróðra manna er skal vera nefnd skv. 1. mgr. til aðstoðar við greiningu á atriðum sem máli skipta við val á umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara. Við úrlausn verkefnis síns skal starfshópurinn m.a. líta til þess hvaða leiðir hafa verið farnar í þessu sambandi í öðrum löndum.

Greinargerð.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að iðnaðarnefnd hefur á yfirstandandi þingi haft til meðferðar frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Var því frumvarpi m.a. ætlað að leysa af hólmi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, auk þess sem því var m.a. ætlað að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum. Þar sem nefndin hefur nú ákveðið að fresta afgreiðslu þessa frumvarps er talið nauðsynlegt, þar til

nýtt frumvarp um jarðrænar auðlindir hefur verið lagt fram og samþykkt, að gera þær breytingar á lögum nr. 57/1998 sem hér eru lagðar til.

Við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003, var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist. Er því talið nauðsynlegt að tryggja að aðeins einn aðili fái rannsóknarleyfi á hverju svæði og jafnframt að hann geti fengið rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan sé nýtingar- eða virkjunarleyfi veitt öðrum aðila. Einnig verður að ætla að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að fleiri en einn aðili kosti sams konar rannsóknir á sömu stöðum þegar ljóst er að aðeins einu virkjunarleyfi verður úthlutað.

Í samræmi við framangreint leggur iðnaðarnefnd til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu:

Lagt er til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, sbr. einkum ákvæði III. kafla laganna um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á. Samhliða þessu er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Dæmi eru um slíkt varðandi jarðhita og líklegt talið að slíkt geti komið upp varðandi rannsóknir á vatnsorku. Er því talið rétt að taka af tvímæli um að heimilt sé að veita rannsóknarleyfi sameiginlega til fleiri en eins aðila standi þeir saman að umsókn og hafi áður gert samkomulag sín á milli um kostnaðarskiptingu.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða beri sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu. Í 7. gr. gildandi laga er einungis kveðið á um að landeigandi geti krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað sem landeigandi eða aðilar á hans vegum hafa haft af rannsóknum á auðlindum á eignarlandi hans. Að mati nefndarinnar er rétt að slíkur endurkröfuréttur eigi við um alla þá sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað á grundvelli þess enda geti rannsóknarniðurstöður nýst nýtingarleyfishafa.

Loks er með ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu mælt fyrir um skipun nefndar sem skal hafa það hlutverk að gera tillögu um það með hvaða hætti verði valið á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi samkvæmt lögunum og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Ákvæði sama efnis er í framangreindu frumvarpi um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og er það skoðun nefndarinnar að rétt sé að þessi nefnd taki til starfa og ljúki vinnu sinni áður en nýtt frumvarp um jarðrænar auðlindir verður lagt fram en nefndinni ber að skila tillögum sínum til iðnaðarráðherra í síðasta lagi 15. september 2006.

1249. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson og Bryndísi Kristjánsdóttur frá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, Pál Gunnar Pálsson, Ragnar Hafliðason og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirliti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Lilju Steinþórsdóttur frá Seðlabanka Íslands, Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur og Bryndísi Ösp Valsdóttur frá Kauphöll Íslands og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda ásamt Vigni Rafni Gíslasyni og Albert Ólafssyni frá reikningsskilaráði.

Málið var afgreitt samhliða máli 480, frumvarpi til laga um breyting á lögum um ársreikninga. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um bókhald til samræmis við þær breytingar sem verið er að gera á lögum um ársreikninga en ákvæði bókhaldslaga taka til annarra félaga en þeirra sem falla undir lög um ársreikninga.

Í frumvarpinu er lagt til að félögum, sjóðum og stofnunum, flestum sameignarfélögum og samlögum, svo og bókhaldsskyldum einstaklingum, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði annarra laga um reikningsskil, verði heimilað að fara eftir ákvæðum laga um ársreikninga sem eru öllu ítarlegri og kröfuharðari en III. kafli í lögum um bókhald.

Umsagnir sem bárust nefndinni um málið voru jákvæðar enda eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eðlilegar að teknu tilliti til máls 480.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „þessari málsgrein“ í efnismálsgrein b-liðar 16. gr. komi: 1. mgr.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Helgi Hjörvar og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Una María Óskarsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Helgi Hjörvar, með fyrirvara.

1250. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson og Bryndísi Kristjánsdóttur frá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, Pál Gunnar Pálsson, Ragnar Hafliðason og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirliti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Lilju Steinþórsdóttur frá Seðlabanka Íslands, Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur og Bryndísi Ösp Valsdóttur frá Kauphöll Íslands og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, ásamt Vigni Rafni Gíslasyni og Albert Ólafssyni frá reikningsskilaráði.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og reglugerðar nr. 1606/2002/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningsskil þeirra.

Í samræmi við reglugerðina sem verið er að innleiða eru í frumvarpinu ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem verða sérstakur kafli í lögum um ársreikninga. Við innleiðingu reglugerðarinnar hér á landi öðlast texti hennar lagagildi í heild sinni. Af bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið leiðir að reglugerð nr. 1606/2002/EB tekur til allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er í þessu sambandi átt við þá reikningsskilastaðla sem IASC hefur þróað og gefið út og þá reikningsskilastaðla sem síðar verða gefnir út af IASB og framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt með formlegum hætti og birt.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að við samningu þess hafi þrjú meginmarkmið verið höfð í huga:

1. Að reglugerð Evrópuráðsins og þingsins (EB) nr. 1606/2002, frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verði veitt lagagildi hér á landi.
2. Að taka upp ákvæði tilskipunar nr. 2003/51/ESB, en markmið hennar er að nútímavæða reikningsskil annarra félaga en þeirra sem taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla.
3. Að færa ársreikningalögin til nútímalegs horfs, á sama hátt og Danir gerðu við endurútgáfu ársreikningalaga sinna, sbr. dönsk lög nr. 448/2001.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1606/2002/EB, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Í frumvarpinu er valin sú leið að ganga öllu lengra en lágmarkskröfur reglugerðarinnar gera ráð fyrir varðandi skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) og gerir nefndin ekki athugasemdir við það eða sjónarmið sem þar liggja að baki.

Eftirlit með notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla er mikilvægur þáttur en í umsögnum og í máli gesta kom fram mikil gagnrýni á hvernig því er háttað í frumvarpinu. Samþykkti nefndin því að skoða þann þátt sérstaklega.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Orðið „ársreikningur“ verði notað í stað „reikningur“ í 8. tölul. 2. gr. eins og annars staðar í lögunum.

2. Skilgreiningu á hugtakinu „settar reikningsskilareglur“ verði bætt inn í frumvarpið frekar en að hún standi aðeins í athugasemdum við frumvarpið.
3. Að orðalag 14. gr. verði gert nákvæmara um við hvaða kringumstæður skuli eignfæra óefnisleg réttindi.
4. Felld verði brott heimild skv. 15. gr. frumvarpsins til að skuldfæra tillögur stjórnar um greiðslu arðs og er það í samræmi við viðteknar venjur. Upplýsingar um tillögur stjórnar geta komið fram sem skýringar við eigið fé og hvaða áhrif það hefur á eigið fé í árslok.
5. 16. gr. laganna falli brott en efni hennar hefur verið tekið upp í ákvæði frumvarpsins.
6. Það verði valkvætt hjá félögum sem eignfært hafa óefnisleg réttindi í samræmi við efni 14. gr. frumvarpsins hvort þessar eignir verða afskrifaðar kerfisbundið í allt að 20 ár eða hvort þær verða metnar árlegar í samræmi við settar reikningsskilareglur alþjóðlega reikingsskilaráðins.
7. Orðalagi 23. gr. verði breytt og „bókfært verð“ notað í stað „kostnaðarverðs“ og „framreiknaðs kostnaðarverðs“ og það megi hækka til markaðsverðs við þær aðstæður sem tilteknar eru í greininni.
8. Fallið verði frá tvískiptu eftirliti með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Nefndin leggur til að ársreikningaskrá hafi eftirlit með öllum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J. Ársreikningaskrá geti krafist upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, eins og vinnuskjöl sem varða reikningsskilin frá stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins. Lagt er til að ársreikningaskrá geti kallað til aðila með sérfræðiþekkingu til aðstoðar við eftirlit og jafnframt í einstökum tilvikum falið sérfróðum aðilum eftirlit sem ársreikningaskrá er falið samkvæmt lögum þessum. Það gildir t.d. um Fjármálaeftirlitið að því er varðar þau félög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Um slíka framkvæmd yrði þá gerður sérstakur samningur sem m.a. miðaði að því að tryggja samræmi varðandi framkvæmd eftirlits á þessu sviði. Það er einnig lagt til að ársreikningaskrá skuli birta niðurstöður hvers eftirlits sem framkvæmt hefur verið samkvæmt greininni. Lagt er til að innheimt skuli umsýslu- og eftirlitsgjald og skal það gjald vera föst fjárhæð á hvert móðurfélag og föst fjárhæð á hvert dótturfélag innan samstæðu. Gjaldið skal standa straum af kostnaði, m.a. við skráningu félaga sem er skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til þess, sbr. 56. gr. J, kostnaði vegna utanumhalds með ársreikningum og lista yfir félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, kostnaði við eftirlit með þeim félögum sem nýta sér heimild, sbr. 56. gr. J, að þau beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í fimm ár samfleytt hið minnsta og kostnaði við að veita upplýsingar og þjónusta almenning vegna þessara félaga.
9. Fjöldi ársverka sem miða skal við skv. 59. gr. laganna verði 50 ársverk en ekki 25.
10. Tenging endurskoðunar við samningu ársreiknings samkvæmt frumvarpinu verði felld brott þar sem það tvennt þarf ekki að fara saman.
11. Orðið „endurskoðunarreglur“ verði notað í stað „endurskoðunarstaðla“ þar sem slíkir staðlar hafa ekki verið innleiddir ólíkt reikningsskilastöðlum.
12. Fjármálaráðherra verði heimilað að gefa út alþjóðlega reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt að verði innleiddir í reikningsskil fyrirtækja sem fara eiga eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum Alþjóðareikningsskilaráðsins. Verður það gert með birtingu þeirra með reglugerð sem ráðherra setur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson og Helgi Hjörvar skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Una María Óskarsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Helgi Hjörvar, með fyrirvara.

1251. Breytingartillögur [480. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „reikningar“ í 8. tölul. komi: ársreikningar.
   b. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: *settar reikningsskilareglur:* reglur sem reikningsskilaráð gefur út, sbr. 80. gr., og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sbr. 12. tölul.
2. Við 7. gr.
   a. Orðin „sbr. þó 2. mgr.“ í efnismálsgrein a-liðar falli brott.
   b. B-liður orðist svo: 2. mgr. fellur brott.
3. Við 14. gr. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna er varðar framtíðarmöguleika til tekjuöflunar.
4. 15. gr. orðist svo:
   16. gr. laganna fellur brott.
5. Við 20. gr.
   a. 1. mgr. e-liðar (21. gr. C) orðist svo:
      Kostnaður sem eignfærður er, sbr. 15. gr., vegna óefnislegra réttinda eða þróunar skal afskrifaður með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.
   b. 1. málsl. 2. mgr. i-liðar (22. gr.) orðist svo: Yfirlitið skal greina frá sjóðstreymi á tilteknu tímabili og skal það flokkað í rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar.

6. Efnismálsgrein 23. gr. orðist svo:
   Ef markaðsverð fastafjármuna, annarra en þeirra sem um ræðir í 29. gr. og 29. gr. C, er talið verulega hærra en bókfært verð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi til markaðsverðs.
7. 31. gr. orðist svo:
   30.–34. gr. laganna falla brott.
8. Við 33. gr.
   a. Orðin „endurmeta og“ í 2. málsl. 2. mgr. a-liðar (35. gr. A) falli brott.
   b. 3. málsl. 2. mgr. a-liðar (35. gr. A) orðist svo: Ef mismunurinn telst viðskiptavild skal hún afskrifuð með kerfisbundum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar, þó ekki lengri tíma en 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 21. gr. C.
9. Við bætist ný grein er verði 50. gr. og orðist svo:
   3. málsl. 3. mgr. 55. gr. A laganna orðast svo: Viðskiptavild skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar, þó að hámarki á 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 21. gr. C.
10. Við 51. gr.
   a. G-liður (56. gr. L) orðist svo:
      Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
      Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með öllum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J. Eftirlitið nær jafnframt til árshlutareikninga sem félög semja og birta almenningi.
      Ársreikningaskrá getur krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, þ.m.t. vinnuskjöl sem varða reikningsskil frá stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins.
      Ársreikningaskrá er heimilt að kalla aðila með sérfræðiþekkingu til aðstoðar við eftirlit. Jafnframt er ársreikningaskrá í einstökum tilvikum heimilt að fela sérfróðum aðilum það eftirlit sem ársreikningaskrá er falið samkvæmt lögum þessum.
      Ársreikningaskrá skal birta með rafrænum og aðgengilegum hætti niðurstöður hvers eftirlits sem framkvæmt hefur verið samkvæmt þessari grein.
   b. H-liður (56. gr. M) orðist svo:
      Umsýslu- og eftirlitsgjald.
      Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu greiða árlegt umsýslu- og eftirlitsgjald. Skal gjaldið vera 100.000 kr. á hvert móðurfélag og 50.000 kr. á hvert dótturfélag innan samstæðu.
      Ársreikningaskrá sér um innheimtu gjaldsins og renna tekjur af gjaldinu í ríkissjóð.
      Gjalddagi umsýslu- og eftirlitsgjalds er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar. Sé gjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.
11. 3. tölul. 1. efnismgr. 54. gr. orðist svo: fjöldi ársverka á reikningsári er 50.
12. Við 59. gr.
   a. Orðin „við endurskoðunina“ í 1. tölul. 1. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „þeir endurskoðunarstaðlar sem notaðir voru“ í 2. tölul. 1. efnismgr. komi: þær endurskoðunarreglur sem notaðar voru.

13. Við 70. gr. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: 1. mgr. 89. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið skv. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 og um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga, óstyttra og samandreginna, svo og um skil á þeim og birtingu þeirra hjá ársreikningaskrá.

1252. Nefndarálit [675. mál]

um frv. til l. um happdrætti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur, Fanneyju Óskarsdóttur og Hjalta Zophoníasson frá dómsmálaráðuneyti, Magnús Snæbjörnsson frá Íslandsspilum, Pétur Bjarnason frá Happdrætti SÍBS, Brynjólf Sigurðsson frá Happdrætti Háskóla Íslands, Ellert B. Schram frá Íslenskri getspá, Bergsvein Sampsted frá Íslenskum getraunum og Íslenskri getspá, Sigurð Á. Sigurðsson frá Happdrætti DAS, Sigtrygg Jónsson frá Samtökum áhugafólks um aðgerðir gegn spilafíkn, Kristin Jón Björnsson frá Félagi heyrnarlausra, Guðrúnu Agnarsdóttur frá Krabbameinsfélagi Íslands, Guðlaugu B. Guðjónsdóttur frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, Emil Thoroddsen frá Gigtarfélagi Íslands, Þóru Þórarinsdóttur frá Styrktarfélagi vangefinna, Vilmund Gíslason frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Þorstein Sigurðsson frá Bandalagi íslenskra skáta, Guðnýju Guðnadóttur frá Húsnæðisfélagi SEM og Sigurjón Einarsson frá Blindrafélaginu. Umsagnir bárust um málið frá Happdrætti SÍBS, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Íslandsspilum (Íslenskum söfnunarkössum), Samtökum áhugafólks um aðgerðir gegn spilafíkn, Happdrætti Háskóla Íslands, Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Íslenskum getraunum, Íslenskri getspá sf. og Félagi heyrnarlausra. Þá barst sameiginleg umsögn frá Happdrætti Bandalags íslenskra skáta, Happdrætti Blindrafélagsins, Happdrætti Gigtarfélagsins, Happdrætti Húsnæðisfélags SEM, Happdrætti Krabbameinsfélagsins, Happdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Happdrætti Styrktarfélags vangefinna og Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um happdrætti. Lengi hefur verið rætt um endurskoðun núgildandi laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, og styrkingu lagagrundvallar happdrættisrekstrar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur m.a. gagnrýnt það fyrirkomulag að hér skuli happdrættisstarfsemi bundin við íslensk fyrirtæki. Með frumvarpinu er komið til móts við þessar athugasemdir og í 3. gr. þess segir að leyfi til að reka happdrætti eða hlutaveltu megi einungis veita félagi, samtökum eða stofnun sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, að öðrum nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Ekki er þó hróflað við þeirri meginreglu að happdrættisstarfsemi sé háð leyfi dómsmálaráðuneytisins og áfram er gert ráð fyrir sérlögum um peningahappdrætti og vöruhappdrætti, svo sem lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, lögum nr. 16/1973, um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, lögum nr. 18/1959, um Happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, lögum nr. 59/1972, um getraunir, lögum nr. 26/1986, um talnagetraunir, og lögum nr. 73/1994, um söfnunarkassa.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

Í 2. gr. sem fjallar um starfrækslu happdrætta segir að óheimilt sé að reka happdrætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir í lögunum. Nefndin telur rétt að mælt sé fyrir um í lögunum sjálfum hver sé tilgangur þeirrar meginreglu að banna happdrættisstarfsemi, en ráða má bæði af frumvarpsákvæðum og greinargerð með frumvarpinu að hann sé að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning.

Í 3. gr. er að finna ákvæði um leyfisveitingar til reksturs happdrættis og segir í 2. mgr. að leyfi fyrir happdrætti megi ekki veita sama aðila oftar en tvisvar sinnum á hverju almanaksári. Nefndin leggur hins vegar til að heimilt verði að veita sama aðila happdrættisleyfi allt að þrisvar sinnum á sama almanaksári. Þótt það hafi ekki komið fram hjá umsagnaraðilum að með því að takmarka leyfisveitingu við tvö skipti árlega taldi nefndin rétt að ráðherra hefði svigrúm til að veita þriðja leyfið þar sem þær aðstæður gætu komið upp að það gæti komið sér vel. Nefndin bendir jafnframt á að hér er um heimildarákvæði að ræða og leyfisveitingar fara eftir mati hverju sinni.

Nefndin leggur til tvær breytingar á 5. gr. frumvarpsins. Annars vegar leggur nefndin til að ákvæði 1. mgr. um að happdrættisleyfi sé heimilt að binda því skilyrði að útgjöld til auglýsinga verði ekki umfram ákveðið mark verði fellt brott. Með hliðsjón af því að frumvarpið tekur einkum til smærri happdrættanna sem ekki verja miklu fé til auglýsinga telur nefndin óþarft að hafa ákvæði sem þetta í lögunum. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að þetta verði aftur tekið til athugunar við endurskoðun sérlaga um peningahappdrætti sem boðað hefur verið að verði tekin til endurskoðunar næsta haust. Hins vegar leggur nefndin til að sölutímabil happdrættis megi að hámarki vera þrír mánuðir í stað tveggja mánaða áður. Á móti verður felld brott heimild til að framlengja sölutímann um einn mánuð ef sérstakar ástæður mæla með því. Þetta er gert með hagsmuni smærri happdrættanna í huga sem selja einkum miða með því að ganga í hús, en slíkt ferli getur tekið nokkurn tíma. Með breytingunni er því eytt óvissu um það hvort leyfi til sölu fyrir þriðja mánuðinn fáist. Þá bendir nefndin á að hjá umsagnaraðilum kom almennt fram að þriggja mánaða sölutímabil væri nægilega langt.

Í 7. gr. frumvarpsins er ákvæði um að hlutfall verðmætis vinninga af heildarsöluverði útgefinna miða í hverjum einstökum happdrættisflokki skuli að lágmarki vera 35%. Athygli nefndarinnar var vakin á því að þessi breyting gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá fjáröflun sem smærri happdrættin standa fyrir og jafnframt fyrir þá aðila sem vegna sérstöðu sinnar eru meira háðir auglýsingum um sína starfsemi en aðrir. Því telur nefndin rétt að þetta hlutfall verði lækkað niður í það sem tíðkast hefur til langs tíma, eða 16,67%.

Nefndin áréttar að ákvæði 10. gr. frumvarpsins varðandi sérstakan kostnað sem stofnað er til vegna eftirlits er heimildarákvæði og ljóst að kostnaði við eftirlit verður ekki velt yfir á leyfishafa nema að gefnu tilefni.

Þá leggur nefndin áherslu á að við endurskoðun sérlaga um peningahappdrætti sem boðuð er í greinargerð með frumvarpinu verði sérstaklega tekið til skoðunar hverjir skuli bera ábyrgð á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spilafíkn og hvernig þeirri ábyrgð verði háttað.

Loks beinir nefndin því til dómsmálaráðuneytis að æskilegt sé að í reglugerð sem fyrirhugað er að sett verði samkvæmt lögunum verði það gert að skilyrði að vinningshlutfall í hverju happdrætti fyrir sig komi fram á öllum útgefnum miðum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Einar Karl Haraldsson.

1253. Breytingartillögur [675. mál]

við frv. til l. um happdrætti.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Til þess að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning er óheimilt að reka happdrætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „tvisvar sinnum“ í 2. mgr. komi: þrisvar sinnum.
3. Við 5. gr.
   a. Orðin „að útgjöld til auglýsinga verði ekki umfram ákveðið mark og einnig“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „tveir mánuðir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: þrír mánuðir.
   c. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr. 2. málsl. orðist svo: Skal hlutfallið þó vera að lágmarki 16,67%.

1254. Nefndarálit [698. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti, Pál E. Winkel frá Landssambandi lögreglumanna, Magnús Ásgeirsson frá Olíufélaginu hf., Árna Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Baldvin Sigurpálsson og Jón Hjartarson frá Landssambandi sendibifreiðastjóra, Hjálmar Björgvinsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Þorleif Þór Jónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Gest Guðjónsson og Hörð Gunnarsson frá Olíudreifingu, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins og Jón Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem fyrst og fremst miða að því að einfalda og skýra ákvæði laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Vandamál hafa komið upp við framkvæmd laganna og var af þeirri sök farið í þá vinnu að einfalda lögin. Lagt er til að fallið verði frá aðskilnaði í lögunum á milli efnisflutninga og vöruflutninga og orðið farmflutningur tekið upp í staðinn. Samkvæmt gildandi lögum er farmflutningur í eigin þágu ekki leyfisskyldur en aðeins ef hann er takmarkaður hluti af rekstri. Í frumvarpinu er lagt til að það skilyrði verði fellt niður og í staðinn miðað við hvort flutningur er í eigin þágu eða stundaður í atvinnuskyni fyrir aðra gegn gjaldi. Þá er í frumvarpinu lagt til að eftirlit með leyfum verði breytt og fært í það form að Vegagerðin taki við ábendingum um brot á leyfisreglum laganna og geti brugðist við með því að leita upplýsinga um þá flutninga sem ökutæki er notað í. Loks er refsiákvæði laganna gert skýrar. Nefndin telur mikilvægt að þeir starfsmenn Vegagerðarinnar sem munu annast eftirlitið fái fræðslu m.a. um hvernig það skuli framkvæmt og valdmörk.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Að leyfishafa verði gert skylt að festa leyfismerki, sem gefið skal út af Vegagerðinni, í framrúðu eða á númeraplötu bifreiðar sinnar.

10. gr. laganna verði breytt og að leyfisskylt verði að reka bifreiðar sem sérútbúnar eru í sérstakar eðalferðir sem boðnar eru ferðamönnum líkt og nú er með bifreiðar sem sérútbúnar eru til fjallaferða. Með eðalferðum vill nefndin ná yfir það sem ýmsir kalla „lúxusferðir“ þar sem boðnar eru til lengri ferða ríkulega búnar bifreiðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Una María Óskarsdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Guðjón Hjörleifsson.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.

1255. Breytingartillaga [698. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

5. efnismgr. 3. gr. orðist svo:

Leyfisbréf og leyfismerki skulu gefin út af Vegagerðinni. Leyfishafi skal hafa leyfisbréfið sýnilegt í bifreið sinni og leyfismerki fest í vinstri kant framrúðu eða á númeraplötu bifreiðarinnar. Leyfi skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

1256. Nefndarálit [493. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur, Jónu Björk Guðnadóttur og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu ásamt Lilju Jónasdóttur hrl. og Einari Baldvin Axelssyni hrl., Óttar Pálsson hrl. frá Lögmannafélagi Íslands, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Ernu Guðmundsdóttur frá BSRB og Hörð Daníelsson frá Tollvarðafélagi Íslands. Auk þess að funda með gestum fór nefndin ítarlega yfir umsagnir sem bárust um málið.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að nýjum tollalögum en gildandi tollalög eru frá 1987. Mikil framþróun hefur orðið á þessu tímabili, t.d. hvað varðar rafræna tollafgreiðslu og aukna þjónustu tollmiðlara. Það er því eðlilegt að lögin séu endurskoðuð í þessu tilliti.

Á árinu 2001 fól fjármálaráðherra nefnd að vinna drög að nýjum tollalögum. Undir lok 130. löggjafarþings lagði hann svo fram til kynningar frumvarp til tollalaga. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessu máli frá því að frumvarpið var kynnt á síðasta þingi og m.a. verið tekið tillit til ýmissa ábendinga hagsmunaaðila.

Frumvarpið telur 198 greinar auk ákvæðis til bráðabirgða og tollskrár sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Tollskrá kom ekki til athugunar í nefndinni að þessu sinni heldur var sjónum beint að efnisákvæðum frumvarpsins. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru talin upp í 27 liðum í athugasemdum við frumvarpið. Efni frumvarpsins er nokkuð víðtækt þar sem það tekur ekki aðeins til tollafgreiðslu á vöru heldur einnig atriða eins og skipan tollvarða, verkaskiptingar milli lögreglu og tollstjóra og heimilda tollyfirvalda til að afla upplýsinga.

Í umsögnum og máli gesta kom fram gagnrýni á nokkur atriði. Má þar nefna heimild tollstjóra til að endurákvarða tolla og gjöld, að ekki væri gengið enn lengra í rafvæðingu tollskjala, skyldu tollmiðlara til að geyma afrit skriflegra gagna, að tollumdæmum sé ekki fækkað í eitt, saknæmisskilyrði og þyngd refsinga. Þessi atriði hefur nefndin skoðað vandlega en getur aðeins tekið undir gagnrýni að nokkru leyti, svo sem um þrengingu saknæmisskilyrða sem hún leggur til að verði færð þar sem við á úr venjulegu gáleysi í stórfellt gáleysi. Þá gerir nefndin einnig að tillögu sinni að ákvæðum um vexti á tolla og gjöld sem endurákvörðuð eru verði breytt.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Skilgreint verði hver er ábyrgðaraðili fars samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sem útgerðarmaður eða flugrekandi þess.
2. 7. gr. verði breytt. Annars vegar verði fellt brott skilyrði um erlent lögheimili þess sem flytur inn vöru tímabundið og fær lækkun eða niðurfellingu tolla af þeim sökum. Er m.a. mælt með þessu með hagsmuni íslenskra stúdenta erlendis í huga. Hins vegar verði bætt við nýrri málsgrein er heimili tímabundinn innflutning tengivagna, sem skráðir eru erlendis. Þarna er helst um að ræða vagna sem fluttir eru inn tímabundið til vöruflutninga, svo sem á fiski.
3. Smásendingum verði bætt við upptalningu 1. mgr. 26. gr. en ýmis smávara er gjarnan send stök, t.d. með hraðsendingu.
4. Ákvæði 2. mgr. 30. gr. verði breytt og það gert skýrara og fyllra. Mælir nefndin m.a. með að bætt verði inn skyldu til að láta í té upplýsingar um farþega fars en samkvæmt

upplýsingum nefndarinnar er þessara upplýsinga nú krafist m.a. í tengslum við fíkniefnaeftirlit.
5. Ákvæði 2. mgr. 125. gr. verði breytt og það fært að hluta til samræmis við sambærilegt ákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt.
6. 182. og 183. gr. um upptöku farartækja o.fl. falli brott.
7. Saknæmisskilyrðum verði breytt þannig að miðað sé við ásetning eða stórfellt gáleysi í stað einfalds gáleysis.
8. Leiðréttar verði nokkrar tilvísanir í frumvarpinu og orðalag nokkurra greina lagfært.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Una María Óskarsdóttir.	Gunnar Birgisson.	

1257. Breytingartillögur [493. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, UMÓ, GunnB).

1. Við 1. gr.
   a. Við greinina bætist nýr töluliður sem verði 3. tölul., svohljóðandi: *Ábyrgðaraðili fars:* Útgerðarmaður eða flugrekandi.
   b. Í stað „6. gr.“ í 17. tölul. komi: 5. gr.
2. Við 7. gr.
   a. Orðin „og hafa ekki lögheimili hér á landi“ í 1. mgr. 4. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. Á undan lokamálsgrein 4. tölul. 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði þessa töluliðar gilda með sama hætti um tengivagna, skrásetta erlendis, sem eru ætlaðir til flutnings á vörum til og frá landinu.
3. Við 21. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ef óskað er bindandi álits um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjórans í Reykjavík. Ákvörðun tollstjórans um bindandi tollflokkun vöru er bindandi gagnvart fyrirspyrjanda og tollyfirvöldum, nema hún sé afturkölluð af tollstjóranum eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Komi til afturköllunar ákvörðunar um bindandi tollflokkun vöru gildir ákvörðunin uns afturköllunin hefur verið tilkynnt álitsbeiðanda.
4. Við 26. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Ráðherra getur í reglugerð heimilað einfaldaðar skýrslugjafir vegna póstsendinga, smásendinga og vara sem ekki eru á farmskrá.
5. Við 30. gr. 2. mgr. verði 3. mgr. og orðist svo:

Öllum öðrum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tollstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn, til nota við almennt tolleftirlit og áhættugreiningu, er hann fer fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar sem og flutning farþega til og frá landinu. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

6. Við 33. gr. Í stað „29. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: 28. gr.
7. Við 40. gr. Í stað orðanna „lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði“ komi lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.
8. Við 43. gr. Á eftir orðinu „farmflytjendur“ í 2. tölul. komi: tollmiðlara.
9. Við 46. gr. Í stað „3. mgr.“ í 3. mgr. komi: 2. mgr.
10. Við 57. gr. Í stað „169. gr.“ í 3. mgr. komi: 164. gr.
11. Við 78. gr. Í stað „73. gr.“ í 1. mgr. komi: 69. gr.
12. Við 81. gr. Í stað „85. og 86. gr.“ í 2. mgr. komi: 82. og 83. gr.
13. Við 86. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Komi fram vöntun í vörusendingu, sem ekki var sýnileg við affermingu fars, í heild eða að hluta, sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 69. gr. eða geymd er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr. er leyfishafa skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni sem vantar miðað við skráningu skv. 76. gr., að viðbættu 20% álagi á toll og önnur aðflutningsgjöld, nema leyfishafi geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en sendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins.
14. Við 87. gr. Á eftir orðunum „greiða toll“ í 2. mgr. komi: og önnur aðflutningsgjöld.
15. Við 101. gr. Í stað „1. mgr. 95. gr.“ komi: 1. mgr. 91. gr.
16. Við 103. gr. Í stað „6. tölul. 1. mgr. 7. gr.“ í 2. tölul. komi: 7. tölul. 1. mgr. 7. gr.
17. Við 105. gr. Orðin „laga þessara“ í 1. mgr. falli brott.
18. Við 110. gr. Í stað „123. gr.“ í 3. mgr. komi: 115. gr.
19. Við 120. gr. Í stað „3. mgr. 73. gr.“ í fyrri málslið 6. mgr. komi: 3. mgr. 69. gr.
20. Við 125. gr. Greinin orðist svo:

    Dráttarvextir skulu reiknast á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Þó verða dráttarvextir einungis ákvarðaðir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 111. gr. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

    Nú verður ljóst þegar álagningu aðflutningsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að meira hefur verið greitt en sem nemur endanlegum álögðum aðflutningsgjöldum og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslum ríkissjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

    Sé kæra til meðferðar hjá ríkistollanefnd og nefndin kveður ekki upp úrskurð innan lögboðins frests skv. 9. mgr. 118. gr. skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sem ríkistollanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til þess að kveða upp úrskurð leið.

    Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu aðflutningsgjalda.
21. Við 138. gr. Í stað orðsins „tollbindingu“ í 1. mgr. komi: tollabindingu.

22. Við 139. Í stað orðanna „annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá“ í 2. mgr. komi: ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókana við þá.
23. Við 163. gr. Í stað „191.–193. gr.“ í 2. mgr. komi: 183.–185. gr.
24. Við 172. gr. Á eftir orðunum „Hver sem“ í 1. og 2. mgr. og orðunum „Tollmiðlari sem“ í 3. mgr. komi: af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
25. Við 173. gr. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Hafi einstaklingi, félagi eða stofnun verið veitt leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í 1. mgr., en ekki hefur verið sannað hver hafi undirritað þau, má gera viðkomandi leyfishafa sekt ef hann er einstaklingur og hefur ekki sýnt nægilega varkárni við meðferð eða vörslu skjalanna.
26. Við 174. gr. Á eftir orðunum „lás eða innsigli tollgæslunnar“ í 2. mgr. komi: eða annað tolleinkenni.
27. Við 178. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Brot skv. 1. mgr. varða refsingu ef þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
28. 182. og 183. gr. falli brott.
29. Við 184. gr. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Svipta má þann leyfinu sem öðlast hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum til þess að vera tollmiðlari, reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur eða stunda önnur sambærileg störf ef hann hefur brotið gegn refsiákvæðum þessa kafla eða með öðrum hætti sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi sínu.
30. Við 191. gr. Í stað orðsins „númeri“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: sendingarnúmeri.
31. Við 197. gr.
    a. Í stað „3. tölul. 8. gr.“ í 8. tölul. 1. mgr. komi: 3. tölul. 7. gr.
    b. Í stað orðsins „tollstjóra“ í 9. tölul. 1. mgr. komi: tollyfirvalda.
    c. Í stað orðanna „um borð í“ í 11. tölul. 1. mgr. komi: með.

1258. Frumvarp til laga [364. mál]

um skattskyldu orkufyrirtækja.

(Eftir 2. umr., 2. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreining.

1. gr.
Gildissvið.

Orkufyrirtæki skv. 2. gr. skulu skattskyld skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, með síðari breytingum. Skattskyldan tekur til allra orkufyrirtækja þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. laga nr. 90/2003. Skattlagning orkufyrirtækja skal vera í samræmi við ákvæði þessara laga og laga nr. 90/2003 eftir því sem við á.

Sé rekstur orkufyrirtækis hluti af starfsemi opinbers aðila skal bæði rekstur og efnahagur hins skattskylda hluta að fullu aðgreindur bókhaldslega frá annarri starfsemi.

2. gr.

Skilgreining.

Í lögum þessum merkir orkufyrirtæki fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

II. KAFLI
Endurmat eigna og fyrningar.

3. gr.

Um endurmat eigna.

Á árinu 2006 skal endurmeta þær fyrnanlegu eignir, sbr. 33. gr. laga nr. 90/2003, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs og aflað var fyrir árslok 2001, samkvæmt ársreikningi 2001, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár fram til ársins 2001. Kostnaðarverð þannig framreiknað myndar nýjan fyrningargrunn. Til frádráttar framreiknuðu kostnaðarverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af kostnaðarverðinu sem um getur í 4. gr. fyrir hvert ár frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2005. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu kostnaðarverði, sbr. 42. gr. laga nr. 90/2003. Mismunur framreiknaðs kostnaðarverðs og framreiknaðra fyrninga telst eftirstöðvar fyrningarverðs og skal færður til eignar.

Heimilt er skattaðila að falla frá endurmati eigna sem þegar eru komnar í niðurlagsverð í árslok 2005 skv. 2. mgr. og færa þær til eignar á matsverði þeirra í ársreikningi 2005.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2005 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast fram til 2001 á sama grunni og verðbreytingarstuðull var reiknaður á árunum 1980 til 2001.

Skattaðilar skv. 1. gr., sem eiga eignir í ársbyrjun 2006 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra með skattframtali 2007 greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Heimilt er að endurmeta eignir sem eru í notkun í ársbyrjun 2006 þótt þær hafi verið gjaldfærðar í undangengnum reikningsskilum ef skattaðili hefði haft rétt til að eignfæra þær og eftir atvikum afskrifa í skattalegu uppgjöri samkvæmt lögum nr. 90/2003, enda eigi ákvæði 4. mgr. ekki við.

Endurmatsbreyting samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til tekna en færist með öðru eigin fé.

Í stað endurmats skv. 2.–4. mgr. er á grundvelli samþykkis ríkisskattstjóra heimilt að nota framreiknað verð eins og það var bókfært í árslok 2001, enda hafi endurmat fyrirtækis á eignum sínum verið sambærilegt endurmati skattalaga. Til frádráttar þannig ákvörðuðu endurmetnu verði reiknast sá hundraðshluti fyrninga sem um getur í 4. gr. ár hvert frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2005. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð.

4. gr.

Fyrningarhlutföll við endurmat.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal við endurmat vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Hitaréttindi, vatnsréttindi, orkuver og virkjanir, þ.m.t. stöðvarhús, stíflur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr og þrýstivatnspípur, 1%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituæðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar 2%.
3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun 4%.
4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum 5%.
5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi 10%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja við endurmat skulu gilda lágmarksfyrningarhlutföll ákvæðis 37. gr. laga nr. 90/2003 eftir því sem við á.

III. KAFLI
Fyrningar og söluhagnaður.

5. gr.
Fyrningar.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Hitaréttindi, vatnsréttindi, orkuver og virkjanir, þ.m.t. stöðvarhús, stíflur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr og þrýstivatnspípur, að lágmarki 1%, að hámarki 3%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituæðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar að lágmarki 2%, að hámarki 4%.
3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun að lágmarki 4%, að hámarki 6%.
4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum að lágmarki 5%, að hámarki 7%.
5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi að lágmarki 10%, að hámarki 12%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja skulu gilda ákvæði III. kafla laga nr. 90/2003 eftir því sem við á.

Fyrningargrunnur eigna samkvæmt þessari grein telst stofnverð þeirra að teknu tilliti til endurmats skv. 3. gr. laga þessara.

6. gr.
Söluhagnaður.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem hafa verið endurmetnar skv. II. kafla, skal framreikna stofnverð þeirra og fyrningar eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og við endurmat skv. 3. gr. eftir því sem við á.

Þegar eignir sem ekki hafa verið endurmetnar skv. II. kafla eru seldar er heimilt að framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til ársins 2001 með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

7. gr.
Reglugerð.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006 og eigna í lok þess árs.

1259. Lög [495. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 940 með þessari breytingu:

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Bann við sölu á veiðifangi.

Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar.

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.

Sölubann sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra fugla og fuglaafurða þeirra tegunda sem bannið tekur til. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar fuglategundir og afurðir þeirra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.

1260. Lög [159. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1214.

1261. Lög [503. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1217.

1262. Lög [551. mál]

um miðlun vátrygginga.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1215 (sbr. 832).

1263. Lög [482. mál]

um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1216.

1264. Lög [246. mál]

um græðara.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1213.

1265. Lög [686. mál]

um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1044.

1266. Svar [682. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um útgjöld til jafnréttismála.

1. *Hver var heildarupphæð fjárveitinga til jafnréttismála hér á landi, eins og þau eru tilgreind í jafnréttisáætlunum ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004, sundurliðað eftir árum?*

Leitað var upplýsinga hjá öllum ráðuneytum um útgjöld til jafnréttismála vegna verkefna í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998–2001 og 2002–2004. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytin hafa látið í té var sérgreindur kostnaður við verkefni framkvæmdaáætlunar samtals 162.631.396 kr. á umræddu tímabili. Skipting milli ára er eftirfarandi:

1998	17.924.071 kr.
1999	22.832.663 kr.
2000	18.245.492 kr.
2001	18.660.793 kr.
2002	32.247.349 kr.
2003	27.862.619 kr.
2004	24.858.407 kr.

2. *Hvernig skiptast þessar fjárveitingar milli ráðuneyta sömu ár?*

Forsætisráðuneytið vill ítreka að eins og áður hefur verið bent á er í mörgum tilfellum ekki unnt að tilgreina sérstaklega kostnað við verkefnin, vísast hér til svara ráðuneytanna við fyrirspurnum á 130. löggjafarþingi um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna (sjá 654.–667. mál). Ýmsar ástæður geta legið að baki þess að ekki er unnt að tilgreina þennan kostnað. Sem dæmi má nefna að í sumum tilfellum eru verkefnin í framkvæmdaáætlun hluti af stærra verkefni. Einnig er það oft svo að stofnanir ráðuneytanna hafa fengið það hlutverk að vinna að ýmsum rannsóknum og skýrslugerð í tengslum við verkefnin og er þá ekki innheimt sérstaklega fyrir slíka vinnu heldur litið svo á að skýrslugerð af þessu tagi sé eðlilegur hluti af starfsemi stofnunarinnar. Algengasta ástæðan fyrir því að ekki er hægt að tilgreina kostnað sérstaklega er sú að verkefnin eru unnin af starfsmönnum ráðuneytanna, auk þess sem mörg verkefna í framkvæmdaáætlun er þess eðlis að áhersla hefur verið lögð á að laga þau að reglubundinni starfsemi ráðuneytisins frekar en að halda þeim aðgreindum. Niðurstöðutölur í svari þessu gefa því ekki endilega rétta mynd af því fjármagni sem lagt hefur verið í jafnréttismál innan Stjórnarráðsins.

Eftirfarandi eru svör einstakra ráðuneyta og í eftirfarandi töflu er samantekt á svörum, sundurliðuð eftir árum og ráðuneytum.

Forsætisráðuneyti.

Svar forsætisráðuneytis um útgjöld til verkefna framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004, sundurliðuð eftir árum, má sjá í töflunni.

Fjárveitingar til jafnréttismála, skipt eftir ráðuneytum og árum.

Ráðuneyti	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Forsætisráðuneyti	100.000		713.000	474.400	1.441.003	400.633	194.400	**3.323.436**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	500.000	2.730.525	330.000	2.874.885	2.320.419	3.319.008	210.000	**12.284.837**
Félagsmálaráðuneyti	10.943.671	16.922.244	14.702.492	11.277.758	13.876.877	13.181.039	12.732.291	**93.636.372**
Fjármálaráðuneyti						137.000		**137.000**
Hagstofa Íslands						214.789		**214.789**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	500.000	500.000	500.000	500.000	6.150.000	550.000	100.000	**8.800.000**
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	5.221.650	2.179.894	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000		**15.401.544**
Landbúnaðarráðuneyti					500.000	1.774.453	500.000	**2.774.453**
Menntamálaráðuneyti	658.750			1.233.750	5.410.000	5.764.149	11.086.716	**24.153.365**
Samgönguráðuneyti						61.692		**61.692**
Sjávarútvegsráðuneyti		500.000		300.000	450.000	64.000		**1.314.000**
Utanríkisráðuneyti						228.851		**228.851**
Umhverfisráðuneyti					99.050	167.005	35.000	**301.055**
Samtals	**17.924.071**	**22.832.663**	**18.245.492**	**18.660.793**	**32.247.349**	**27.862.619**	**24.858.407**	**162.631.394**

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Útgjöld vegna jafnréttismála, eins og þau eru tilgreind í jafnréttisáætlunum ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004, sundurliðuð eftir árum eru eftirfarandi:

1998	500.000 kr.
1999	2.730.525 kr.
2000	330.000 kr.
2001	2.874.885 kr.
2002	2.320.419 kr.
2003	3.319.008 kr.
2004	210.000 kr.

Útgjöld við verkefni á árunum 2000–2004 sem snúa að jafnrétti kynjanna en falla utan verkefna dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í framkvæmdaáætlun, námu samtals 7.606.030 kr., þar af voru 1.600 þús. kr. árið 2004. Af þessum verkefnum má nefna styrki til V-dagssamtakanna, Rannsóknarstofu í kvennafræðum og verkefnisins „Stöðvum barnaklám á netinu“, svo eitthvað sé nefnt.

Forsjárnefnd sem skilaði dómsmálaráðherra áfangaskýrslu í júní 1999 lagði fram tillögu um sáttaþjónustu sem hefur leitt til viðvarandi útgjalda fyrir ríkissjóð, árið 2003 nam sá kostnaður 6.193.000 kr. (sbr. 2. kafla 8. gr. í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, þskj. 1452 í 376. máli 122. löggjafarþings).

Félagsmálaráðuneyti.

Heildarútgjöld ráðuneytisins vegna framkvæmdaáætlunarinnar eru eftirfarandi:

1998	10.943.671 kr.
1999	16.922.244 kr.
2000	14.702.492 kr.
2001	11.277.758 kr.
2002	13.876.877 kr.
2003	13.181.039 kr.
2004	12.732.291 kr.
Alls	93.636.372 kr.

Sé óskað nánari upplýsinga um skiptingu útgjalda mun ráðuneytið fúslega veita þær.

Fjármálaráðuneyti.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 1998–2001 voru átta verkefni á ábyrgðasviði ráðuneytisins. Ekki hafa verið sérstakar fjárveitingar til þessara verkefna en sá kostnaður sem hefur fallið til vegna þeirra, sem er einkum launakostnaður, hefur verið greiddur af fjárhagsramma ráðuneytisins. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2002–2004 voru fimm verkefni á ábyrgðasviði ráðuneytisins. Af þessum verkefnum voru fjögur þar sem kostnaðurinn var einkum launagreiðslur til starfsmanna ráðuneytisins. Við eitt verkefnanna, viðhorfskönnun í jafnréttismálum sem var sameiginlegt verkefni allra ráðuneytanna, var kostnaður fjármálaráðuneytisins árið 2003 tæplega 137.000 kr.

Þessu til viðbótar tók ráðuneytið þátt í samnorrænu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Kostnaður vegna þess var í formi fargjalda og dagpeninga fyrir einn starfsmann ráðuneytisins þegar sækja þurfti fundi í tengsl-

um við verkefnið. Verkefnið hófst 1998 og er hluti af verkefni fjármálaráðuneytisins í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum árin 2004–2006.

Hagstofa Íslands.

Á 130. löggjafarþingi kom fram fyrirspurn til ráðherra Hagstofu frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í svari ráðherra (þskj. 1159 í 659. máli) kom m.a. fram eftirfarandi:

„Verkefni Hagstofu Íslands í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar [í jafnréttismálum] fyrir tímabilið 1998– 2001 og þau sem héldu áfram í framkvæmdaáætlun tímabilið 2002–2004 hafa verið löguð að reglubundinni starfsemi Hagstofunnar. Kostnaður vegna þeirra er því ekki sérgreindur. Hins vegar má nefna að einn starfsmaður fer sérstaklega með málefni sem varða kyngreinda tölfræði og ver að jafnaði sem nemur einum þriðja til hálfu stöðugildi til þess verkefnis."

Auk þessa stóðu ráðuneytin sameiginlega að „Könnun á innra starfsumhverfi og stöðu jafnréttismála meðal starfsmanna" í desember 2003. IMG-Gallup framkvæmdi könnunina en heildarkostnaður Hagstofu Íslands nam 214.789 kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Sundurliðun fjárveitinga ráðuneytisins til jafnréttismála hér á landi eins og þau eru tilgreind í jafnréttisáætlunum ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004 er eftirfarandi:

1998	500.000 kr.
1999	500.000 kr.
2000	500.000 kr.
2001	500.000 kr.
2002	6.150.000 kr.
2003	550.000 kr.
2004	100.000 kr.

Mörg verkefna heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytisins í jafnréttisáætlun eru inni í öðrum verkefnum ráðuneytisins og stofnana þess, unnin af starfsmönnum þess og kostnaður verður ekki sérgreindur. Má sem dæmi nefna starf tóbaksvarnaráðs innan Lýðheilsustöðvar að herferð sem beinist að reykingum kvenna, endurskoðun á framsetningu heilbrigðisupplýsinga hjá landlæknisembættinu og ráðuneytinu, áhættuhegðun karla hjá landlæknisembættinu, verkefnisstjórn um heilsufar kvenna o.fl.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Eftirfarandi eru heildarframlög ráðuneytisins til jafnréttismála hér á landi, eins og þau eru tilgreind í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004, sundurliðuð eftir verkefnum, árum og upphæðum:

Verkefni	Ár	Kr.
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og upplýsingasamfélagið, Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna	1998	800.000
Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna, Félag kvenna í atvinnurekstri	1998	2.421.650
Lánatryggingasjóður kvenna	1998	2.000.000

Verkefni	Ár	Kr.
Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna, Félag kvenna í atvinnurekstri	1999	179.894
Lánatryggingasjóður kvenna	1999	2.000.000
Lánatryggingasjóður kvenna	2000	2.000.000
Lánatryggingasjóður kvenna	2001	2.000.000
Lánatryggingasjóður kvenna	2002	2.000.000
Lánatryggingasjóður kvenna	2003	2.000.000
	2004	0
Samtals kr.		**15.401.544**

Hér að framan eru aðeins tilgreind bein fjárframlög ráðuneytisins til umræddra málaflokka. Hins vegar er rétt að geta þess að á síðasta ári var sett á laggirnar nefnd á vegum ráðuneytisins um tækifæri kvenna í stjórnum fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til þeirrar nefndar muni nema 1.500.000 kr. á ári frá og með árinu 2005. Þá er rétt að geta þess að ráðuneytið og Byggðastofnun hafa tekið þátt í Evrópuverkefni þar sem fjallað er um konur í atvinnurekstri og landbúnaði. Þetta verkefni er styrkt af ESB þannig að ekki er um bein fjárframlög af hálfu ráðuneytisins að ræða og má því segja að framlag ráðuneytisins til þess verkefnis felist í vinnu starfsmanna ráðuneytis og Byggðastofnunar við umrætt verkefni.

Landbúnaðarráðuneyti.

Á árunum 1998–2004 hafa greiðslur ráðuneytisins vegna jafnréttismála verið í formi framlaga til grasrótarhreyfingarinnar Lifandi landbúnaður. Framlag ársins 2002 var 500.000 kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Árið 2003 var upphæðin 1.700 þús. kr. af sama fjárlagalið. Á árunum 2004 og 2005 var upphæðin 500.000 kr. hvort árið af liðnum ýmis verkefni. Hlutur ráðuneytisins af sameiginlegri viðhorfskönnum um stöðu jafnréttismála meðal starfsmanna stjórnarráðsins árið 2003 var 74.453 kr. Alls nema framlögin á þessum fjórum árum 3,2 millj. kr.

Menntamálaráðuneyti.

Svar menntamálaráðuneytis við fyrirspurn um útgjöld til jafnréttismála, sundurliðað eftir einstökum verkefnum, er í fylgiskjali en eftirfarandi eru samanteknar niðurstöður.

Mörg verkefnanna eru unnin af starfsfólki ráðuneytisins eða samhliða öðrum verkefnum, svo sem námskrárgerð. Í þeim tilvikum er kostnaður ekki sérstaklega tilgreindur.

1998	658.750
1999	
2000	
2001	1.233.750
2002	5.410.000
2003	5.764.149
2004	11.086.716
Alls	24.153.365

Samgönguráðuneyti.

Samgönguráðuneytið hefur farið yfir svar við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna frá 130. löggjafarþingi, sjá þskj. 1163 í 664. máli, og hefur komist að raun um að sá kostnaður sem fallið hefur á þessi verkefni hefur ekki verið sérgreindur og því ekki unnt að tilgreina hann sérstaklega. Ýmist hefur verið um að ræða að starfsmenn ráðuneytisins hafa unnið verkefnin eða að þau hafa verið hluti af stærri verkefnum þar sem ekki hefur verið sérstaklega haldið utan um kostnað vegna þess hluta sem telja mætti til jafnréttismála. Þá hefur ekki verið um neinar sérgreindar fjárveitingar að ræða. Hlutur ráðuneytisins af sameiginlegri viðhorfskönnun um stöðu jafnréttismála meðal starfsmanna stjórnarráðsins árið 2003 var 61.692 kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Ráðuneytið vill taka fram að nokkrar breytingar hafa orðið á þeim verkefnum sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni, auk þess sem þær tölur sem hér koma fram gefa ekki rétta mynd af þeirri vinnu og fjármunum sem varið er til jafnréttismála. Mörg verkefni eru unnin af starfsmönnum ráðuneytisins og kostnaður við þau ekki sérstaklega tilgreindur. Þá er einnig ótalinn kostnaður við menntun fiskvinnslufólks, ferðakostnaðar starfsmanna vegna fræðslu um jafnréttismál, sem og styrkir sem veittir hafa verið til ýmissa jafnréttisverkefna.

Eftirfarandi verkefni hafa farið fram á vegum sjávarútvegsráðuneytisins í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á tímabilinu 1998–2004:

Framkvæmdaáætlun 1998–2001.

Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður. Kostnaður við þennan hluta verkefnisins var 500.000 kr. (1999).

Nefnd um konur í fiskvinnslu. Kostnaður vegna nefndarinnar nam alls um 300.000 kr. árið 2001 og 450.000 kr. árið 2002.

Framkvæmdaáætlun 2002–2004.

Könnun á stöðu jafnréttismála í stjórnarráðinu. Kostnaður ráðuneytisins var 64.000 kr.

Umhverfisráðuneyti.

Kostnaður ráðuneytisins árið 2003 var 90.000 kr. vegna námskeiðahalds í gerð jafnréttisáætlana, Skref fyrir skref. Kostnaður 2002 var 99.050 kr. vegna samráðs og umræðufundar forstöðumanna í Hvalfirði og fjármálaráðuneyti. Hlutur ráðuneytisins af sameiginlegri viðhorfskönnum um stöðu jafnréttismála meðal starfsmanna stjórnarráðsins árið 2003 og kostnaður við fræðslufund í ráðuneytinu sem tengdist niðurstöðum könnunarinnar var samtals 112.005 kr.

Utanríkisráðuneyti.

Í tilefni af fyrirspurninni um útgjöld til jafnréttismála hér á landi, eins og þau eru tilgreind í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1998–2004 má vísa til svars við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar frá því á síðasta vorþingi, sjá þskj. 1128 í 667. máli. Þar er vísað til skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna og svarað svo:

„Að því er varðar það sem fram kemur í fyrirspurninni um hversu miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna er því til að svara að viðkomandi verkefni hafa verið unnin af starfs-

mönnum ráðuneytisins. Þar af leiðandi hefur enginn kostnaður verið tilgreindur sérstaklega við að hrinda þeim í framkvæmd."

Hlutur ráðuneytisins af sameiginlegri viðhorfskönnun um stöðu jafnréttismála meðal starfsmanna stjórnarráðsins árið 2003 var 228.851 kr.

Við þetta má síðan bæta að ráðuneytið veitti UNIFEM á Íslandi eftirfarandi stuðning á þeim árum sem fyrirspurnin nær til:

1998 2,5 millj. kr.
1999 2,5 millj. kr.
2000 2,5 millj. kr.
2001 2,5 millj. kr.
2002 3,1 millj. kr.
2003 2,8 millj. kr.
2004 2,5 millj. kr.

Fylgiskjal.

Svar menntamálaráðuneytis um útgjöld til jafnréttismála, sundurliðað eftir einstökum verkefnum.

Hér verður gerð grein fyrir einstökum verkefnum sem fram koma í framkvæmdaáætlunum menntamálaráðuneytisins frá árunum 1998 og 2002 ásamt kostnaði. Mörg verkefnanna eru unnin af starfsfólki ráðuneytisins eða samhliða öðrum verkefnum, svo sem námskrárgerð. Í þeim tilvikum er kostnaður ekki sérstaklega tilgreindur.

1. Námskrárgerð (kafli 9.1. úr framkvæmdaáætlun 1998–2001).

Í maí 1997 skipaði menntamálaráðherra jafnréttisnefnd. Nefndin skilaði tillögum sínum varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og tillögum um stefnumörkun í jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla í nóvember 1998. Í framhaldi af störfum nefndarinnar var gefinn út bæklingurinn *Jafnrétti til menntunar* og ætlunin með honum að vekja kennara og annað skólafólk til umhugsunar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar og í bæklingnum er bent á leiðir til að stuðla að jafnrétti í skólastarfi. Þáverandi menntamálaráðherra kynnti niðurstöður nefndarinnar á opnum fundi hinn 18. mars 1999. Einnig var bæklingurinn sendur til allra framhaldsskóla og fór ráðuneytið fram á að efni hans yrði kynnt í viðkomandi skóla, auk þess sem óskað var eftir því að efni hans yrði haft til hliðsjónar við gerð skólanámskráa. Kostnaður við nefndarstarfið var 258.750 kr.

Í stefnuriti ráðuneytisins, *Enn betri skóli*, frá 1998 sem lagt var til grundvallar við endurskoðun aðalnámskráa endurspeglast meginjafnréttisstefna ráðuneytisins. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram: „Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali."

Ný aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla tók gildi í júní 1999. Fræðsla um jafnrétti kynjanna er samofin markmiðum í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá beggja skólastiga er sérstök námskrá í lífsleikni þar sem að finna eru jafnréttismiðuð markmið í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa.

Þess má geta að í endurskoðaðri aðalnámskrá framhaldsskóla frá janúar 2004 var aukin áhersla lögð á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til

náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Sérstök áhersla er lögð á jafnréttismarkmið í áfangalýsingum félagsfræði, uppeldisfræði og sálarfræði, auk lífsleikninnar. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra.“ Í kafla um skólanámskrá við sömu endurskoðun er lagt til að skólar geri grein fyrir stefnu skólans í jafnréttismálum og hvernig hún birtist í daglegu starfi hans.

Við úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara 1999 og 2000 var sérstök áhersla lögð á endurmenntunarnámskeið í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrá, þar á meðal námskrá í lífsleikni. Einnig lagði Þróunarsjóður grunnskóla við úthlutun styrkja árin 2000 og 2001 sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

2. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu (kafli 9.2. úr jafnréttisáætlun 1998—2001 og 9.1 í áætlun 2002–2004).

Ráðuneytið gaf út árið 1998 stefnuritið *Menntun – menning – forsenda framtíðar.* Í ritinu er m.a. yfirlýsing um að skólar skuli vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, vinna gegn því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og styrkja sjálfsmat nemenda. Við gerð aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla var farið eftir þessari skýru stefnu varðandi stöðu kynja í skólum, svo og í nefndum á vegum ráðuneytisins.

Árið 2000 gaf menntamálaráðuneytið út bæklinginn *Ábyrgð – frelsi – jafnrétti – val.* Í ritinu geta nemendur og foreldrar kynnt sér þá kosti sem blasa við nemendum að loknu grunnskólanámi. Í ritinu er aukið valfrelsi undirstrikað og sú ábyrgð sem því fylgir og í nýrri skólastefnu ættu allir að geta fundið nám við sitt hæfi.

Menntamálaráðuneytið var meðal samráðsaðila vegna ráðstefnunnar *Konur og upplýsingatækni* sem haldin var 14. apríl 2000 á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið sem heyrir undir forsætisráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið ásamt fleirum styrkti verkefnið *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* um 400.000 kr. á ári í tvö ár. Verkefnið var sameiginlegt jafnréttisverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs. Verkefnið var unnið á árunum 2000–2002. Markmið verkefnisins var annars vegar að undirbúa stúlkur sem ljúka námi frá Háskóla Íslands undir forystustörf á þeirra framtíðarstarfsvettvangi og hins vegar að fjölga konum í raunvísindum, verk- og tölvunarfræði. Með þessu vildi Háskóli Íslands, með stuðningi samstarfsaðila að verkefninu, leggja sitt af mörkum til að jafna hlutdeild kynjanna í þekkingar- og upplýsingasamfélagi nýrrar aldar og til að jafna kynjaskiptingu í náms- og starfsvali karla og kvenna.

Menntamálaráðuneytið styrkti ráðstefnu um kvenna- og kynjarannsóknir sem Rannsóknastofa í kvennafræðum stóð fyrir í október 2002 um 150 þús. kr. Um 60 manns tóku þátt í ráðstefnunni.

3. Jafnréttiskennsla í skólum verði efld (kafli 9.3. úr framkvæmdaáætlun 1998–2001 og 9.2. í áætlun 2002–2004).

Ráðuneytið átti aðild að norrænu samstarfsverkefni, *Nord-lilia*, um jafna stöðu kynja í starfsháttum og inntaki kennaramenntunar á árunum 1993–1997. Verkefnið var á vegum nor-

rænu ráðherranefndarinnar og byggðist á þróunarverkefnum í hverju landi. Í tengslum við verkefnið voru gefin út tvö rit, nokkur fréttabréf og fjöldi skýrslna um þróunarverkefnin.

Í námskrá í lífsleikni fyrir grunnskóla er að finna jafnréttismiðuð markmið í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa. Í námskrá framhaldsskóla í lífsleikni eru einnig sett fram jafnréttismiðuð markmið.

4. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar (úr kafla 9.4 í framkvæmdaáætlun 1998-2001 og kafla 9.3 áætlun 2002–2004).

Menntamálaráðuneytið styrkti rannsókn Félagsvísindastofnunar um 2.320.000 kr. þar sem fjallað er um nám, viðhorf og námsferil fólks í framhaldsskóla sem fætt er 1975. Rannsóknin nær til eins árgangs og gefur miklar upplýsingar um menntun ungs fólks að grunnskóla loknum. Í rannsókninni eru m.a. könnuð tengsl sálfræðiþátta og námsárangurs við náms- og starfsval einstaklinga og hvort munur er á tengslum þessara þátta við náms- og starfsval karla og kvenna.

Menntamálaráðherra skipaði í september 2002 nefnd til að gera úttekt á mikilvægi félags- og tómstundastarfs ungs fólks á Íslandi. Nefndin skilaði í maí 2003 skýrslunni *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi: skýrsla nefndar og tillögur* þar sem m.a. er fjallað ítarlega um mikilvægi æskulýðsrannsókna og finna má tölulegar upplýsingar um þátttöku unglinga í félags- og tómstundastarfi. Kostnaður við nefnd þessa var 554.149 kr.

Í framhaldi af tillögum nefndarinnar gerði menntamálaráðuneytið samning við Rannsóknir og greiningu ehf. vegna æskulýðsrannsóknanna *Ungt fólk 2003* og *Ungt fólk 2004*. Í mars 2003 var lagður fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins spurningalisti á vegum Rannsóknar og greiningar ehf, var það gert samhliða evrópskri könnun á vímuefnaneyslu unglinga, Espat 2003. Espat-könnunin er samevrópsk könnun á vegum Evrópuráðsins í Strassborg og er hún gerð í um þrjátíu aðildarlöndum Evrópuráðsins. Espat-könnunin var lögð fyrir árin 1995 og 1999 og nú 2003 þar sem m.a. er borið saman neyslumynstur grunnskólanema í Evrópulöndunum. Samhliða Espat var tækifærið notað til að leggja fyrir nemendur könnunina *Ungt fólk 2003*. Spurt var m.a. um þátttöku í félags-, tómstunda- og íþróttastarfi, um líðan, einelti, ástundun, viðhorf til heimabyggðar, netnotkun, bókalestur, leikhúsferðir, bókasöfn, klassíska tónleika, kaffihús, söfn, myndlistasýningar, listsýningar og bíó svo nokkuð sé nefnt. Í rannsókn sem þessari er mikilvægt að geta síðan greint kynjamun fyrir hvern og einn þátt fyrir sig. Samkvæmt samningnum voru veittar 1.500.000 kr. til verkefnisins.

5. Tímabundin aðgreining kynjanna (úr kafla 9.4 í áætlun 2002–2004).

Fyrir nokkrum árum vann Inga Dóra Sigfúsdóttir rannsókn á kynjamun sem síðar var notuð sem grunnur að stefnu ráðuneytisins um jafnan rétt kynja í skólastarfi. Sú mynd sem dregin var upp í umræddri rannsókn var lýsandi en þörf var á frekari gögnum til að unnt væri að greina nánar þær vísbendingar sem fyrir lágu. Menntamálaráðuneytið styrkti árið 2002 verkefni Rannsóknar og greiningar um 400 þús. kr. vegna frumúrvinnslu gagna á Borgarskjalasafni um einkunnir barna sem nauðsynlegt var til að fullgera rannsóknina.

6. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt (kaflar 9.5 í áætlun 1998–2001 og 2002–2004).

Stefnt er að því að efla íþróttauppeldi stúlkna. Í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla um íþróttir eru markmið sett fram með það í huga að þau nái til allra nemenda og höfði jafnt til áhugasviðs og þroska þeirra og að verkefnin höfði til beggja kynja. Í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi árið 1996, var skipuð nefnd til að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin skilaði í október 1997 ítarlegri greinargerð og tillögum

um leiðir til þess að auka þátt kvenna í íþróttum. Í kjölfar skýrslunnar var íþróttahreyfingin hvött til þess að taka á þessum málum, auk þess sem ýmis verkefni voru styrkt sem sérstaklega stuðla að því að minnka brottfall stúlkna úr íþróttum og efla sjálfsímynd þeirra. Má þar m.a. nefna 400.000 kr. styrk til útgáfu á myndbandi, veggspjöldum og bæklingum sem báru yfirskriftina *Afrekskonur í íþróttum*. Einnig voru 200.000 kr. veittar til verkefnis sem ætla má að geti mest haft áhrif á jafnrétti innan íþróttafélaga en það er gæðaverkefnið *Fyrirmyndarfélag ÍSÍ* á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Til að öðlast viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ þarf félag að uppfylla ákveðnar kröfur, m.a. um jafnrétti og tekið er fram að gæta þurfi að jafnrétti varðandi aðstöðu, fjármagn og þjálfun, og aðskilið sé í bókhaldi hve mikið fé renni til stúlkna og hve mikið til drengja. Íþróttahreyfingin hefur jafnframt staðið að útgáfu á fræðsluefni sem m.a. hvetur til jafnréttis í íþróttum.

Í aðalnámskrá grunnskóla um íþróttir, líkams- og heilsurækt er tekið fram að markmiðið með íþróttakennslu sé „að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og þroskagetu“. Jafnframt er tekið fram að markmið eru sett með það í huga „að þau höfði til beggja kynja“.

Íþróttasjóður styrkti um 200.000 kr. ráðstefnuna *Konur og íþróttir árið 2001* og þess má geta að menntamálaráðuneytið styrkti einnig ráðstefnu með sama yfirheiti um 400.000 kr. sem fram fór í febrúar 2004 á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og íþróttaskorar Kennaraháskóla Íslands.

7. Tölvur og upplýsingatækni (kafli 9.6 í áætlunum 1998–2001 og 2002–2004).

Upplýsinga- og tæknimennt er ný námsgrein aðalnámskrár frá árinu 1999 en þar er bent á að verkefnin skuli höfða jafnt til drengja og stúlkna. Á árlegum UT-ráðstefnum um upplýsingatækni í skólastarfi sem menntamálaráðuneytið stendur fyrir hefur m.a. verið fjallað um kynbundna tölvunotkun. UT-2003 var haldin í Verkmenntaskólanum á Akureyri dagana 28. febrúar til 1. mars sl. undir slagorðinu „Er ekki kominn tími til ...“. Á ráðstefnunni var einnig fjallað um jafnrétti til náms í byggðum landsins og framtíðarsýn sem byggist á fenginni reynslu við notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.

8. Stærðfræði og raungreinar (kafli 9.7 í áætlun 1998–2001 og 2002–2004).

Miðað er við að öll markmið námskrárinnar í stærðfræði fyrir grunnskóla nái til allra nemenda og verkefni höfði til beggja kynja. Vísað er til jafnréttismarkmiða sem fram koma í almennum hluta aðalnámskrár. Í námskrá í náttúrufræði fyrir grunnskóla er sérstaklega á það bent að athugað skuli að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

9. Styrkir til jafnréttisfræðslu (kafli 9.8 í báðum áætlunum).

Veittir hafa verið styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla til ýmiss konar þróunarverkefna er sérstaklega varða jafnréttisfræðslu. Þess má geta að við úthlutun árin 2000 og 2001 lagði Þróunarsjóður grunnskóla sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

Vorið 2003 hlaut Ármúlaskóli 350.000 kr. styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til að gera jafnréttisáætlun, einnig 300.000 kr. fyrir aðlögun námsefnis í heilbrigðisgreinum að þörfum fullorðins fólks, með það að markmiði að fjölga körlum í heilbrigðisnámi.

Verkmenntaskólinn á Akureyri fékk 400.000 kr. styrk vegna verkefnis um konur og tækninám.

Ráðuneytið hefur einnig styrkt jafnréttisátak Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og Rannsóknastofu í kvennafræðum um 500.000 kr. vegna þýðingar á bæklingnum *Young women's guide to equality between women and men in Europe* sem fyrst var gefinn út af European Women's Lobby undir forsæti Portúgala í ráðherraráði ESB árið 1999. Bæklingurinn, sem er eins konar leiðarvísir fyrir ungt fólk (15–25 ára), sérstaklega konur, hefur verið þýddur á fjölda tungumála. Markmiðið með útgáfu hans er að auka vitund ungra kvenna um jafnrétti. Þar er tekið á ýmsum málum, svo sem réttarstöðu, tvöföldu vinnuálagi, mismunun kvenna, heilbrigði, fóstureyðingum, ofbeldi o.s.frv. Einnig er að finna tölulegar upplýsingar um stöðu kynjanna og hugmyndir ungra kvenna í Evrópu um hvernig megi vinna að auknu jafnrétti. Í íslensku útgáfunni er gert ráð fyrir að fjallað verði sérstaklega um hvernig efni bæklingsins kemur strákum líka við og verður höfðað sérstaklega til þeirra m.a. með því að fá stráka til að kynna hann. Hugmyndin er að dreifa bæklingnum í framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum.

10. Nefndir og ráð (kafli 9.9. í áætlun 1998–2001 og 9.12 í áætlun 2002–2004).

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins er leitast við að gæta jafnræðis milli kynja. Þegar aðilar utan ráðuneytisins eru beðnir um tilnefningar í nefndir á vegum þess er ávallt vísað í 20. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000.

11. Kvennasögusafnið (kafli 9.10 í áætlun 1998–2001).

Um 2,1 millj. kr. voru veittar árið 1998 vegna reksturs Kvennasögusafns.

12. Konur og fjölmiðlar – ímyndir kvenna og karla (kafli 9.11 í áætlun 1998–2001 og 9.9 í áætlun 2002–2004).

Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála (nú Jafnréttisstofa) höfðu með sér samstarf um skipan nefndar um konur og fjölmiðla – ímyndir kvenna og karla. Nefndin skilaði skýrslu í febrúar 2001 þar sem bent er á leiðir til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum. Ein af tillögum nefndarinnar var að koma upp gagnabanka fyrir fjölmiðlafólk með upplýsingum um konur með sérþekkingu á ýmsum sviðum. Ráðuneytið styrkti með 300.000 kr. verkefni um kvennagagnabanka, *Kvennaslóðir.is,* sem unnið hefur verið á Rannsóknastofu í kvennafræðum, ásamt átaksverkinu *Konur til forystu*, Jafnréttisnefnd HÍ, Kvennasögusafni Íslands og Jafnréttisstofu. Hugmyndin með gagnabankanum er að færðar verði inn grunnupplýsingar um konur í vísindum hérlendis, um stöður, trúnaðarstörf, vísindagreinar o.fl. Þessi aðferð tryggir að þær konur sem hafa áhuga á að gera sig gildandi í umræðu um vísindi og tækni munu viðhalda upplýsingum um sig. Sams konar tilraun er gerð í Noregi og hefur einkum verið horft þangað um fyrirmynd. Það er trú aðstandenda kvennagagnabankans að hann verði mikilvægt tæki til þess að auka hlut kvenna í fjölmiðlum, nefndum, ráðum og stjórnum fyrirtækja og hins opinbera. Kostnaður vegna nefndarstarfsins var 433.750. kr.

13. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis (kafli 9.12 í áætlun 1998–2001 og 9.10 í áætlun 2002–2004).

Í desember 1999 stóð menntamálaráðuneytið ásamt samtökum kennara og skólastjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanni barna og landssamtökunum Heimili og skóli fyrir málþingi um skólareglur og aga. Í framhaldi af málþinginu var kennaramenntunarstofnunum sent bréf þar sem bent var á mikilvægi þess að fjalla um þessi málefni í tengslum við menntun kennara. Gefin var út endurskoðuð reglugerð um skólareglur í grunnskólum í apríl 2000. Hverjum skóla ber að setja sér skólareglur þar sem kveðið skal á um almenna um-

gengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Í reglugerðinni er m.a. ákvæði um að leita skuli til sérfræðiþjónustu skóla ef ekki tekst að leysa mál er varða hegðun nemenda innan skóla.

Einnig hefur verið stofnuð samstarfsnefnd sömu aðila til að móta stefnu hvað varðar verklag og viðbrögð skóla gagnvart einelti. Nefndin stóð fyrir málþingi um einelti haustið 2001 og í kjölfarið var unnið að því að styðja skóla til að koma á aðgerðaáætlun gegn einelti.

Verkefni kennt við Norðmanninn Dan Olweus hóf göngu sína haustið 2002 með þátttöku 43 grunnskóla um allt land, en það eru um 30% allra grunnskóla á landinu. Verkefnið er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla. Markmiðið er að styrkja og fræða skólasamfélagið á grundvelli Olweusarkerfisins til að geta betur komið í veg fyrir og tekist á við einelti. Í verkefninu taka allir starfsmenn skóla þátt og gert er ráð fyrir að haustið 2004 hafi bæst það margir grunnskólar við að verkefnið nái til helmings allra grunnskólabarna á Íslandi. Markmiðið er að skólar verði í stakk búnir til að takast á við einelti en jafnframt má líta á verkefnið sem alhliða forvarnarverkefni í grunnskólum. Ráðuneytið styrkti verkefnið um alls 12 millj. kr. á árunum 2000–2004.

14. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess (kafli 9.13. í báðum áætlunum).

Hinn 7. janúar 2003 var skipuð jafnréttisnefnd menntamálaráðuneytisins. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að fylgjast með stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess, móta stefnu og áætlanir ráðuneytisins í jafnréttismálum og vera ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra. Hún er ólaunuð.

Í desember 2003 var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna ráðuneytisins um jafnréttismál þar sem spurt var um afstöðu til launajafnréttis, starfsframa og stöðuveitingar, starfsþjálfunar og endurmenntunar, samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs, kynferðislegrar áreitni og þátttöku í nefndum og ráðum. Við samningu spurninga var unnið út frá III. kafla laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þ.e. aðallega 13.–17. og 20. gr. Könnunin var gerð fyrir stjórnarráðið í heild. Með þessu móti fengust niðurstöður sem eru sambærilegar milli ráðuneyta og auk þess fékkst yfirlit yfir stöðu jafnréttismála hjá öllu stjórnarráðinu. Kostnaður ráðuneytisins við könnun þessa var 186.716. kr.

15. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni (kafli 9.11. í áætlun 2001–2004).

Í tengslum við Olweusarverkefnið er gerð könnun á hverju ári innan þátttökuskóla um líðan nemenda í skólanum. Þar er m.a. spurt um kynferðislega áreitni og aðra þætti sem tengjast jafnrétti drengja og stúlkna í skóla. Þar kemur fram mikið magn upplýsinga um almenna líðan nemenda í skólanum sem hægt er að vinna úr. Verkefnið felst fyrst og fremst í að aðstoða skóla við að byggja upp viðvarandi kerfi gegn einelti með markvissri fræðslu og samvinnu í öllu skólasamfélaginu.

Starfsfólki menntamálaráðuneytisins var árið 2003 boðið upp á fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustað.

1267. Svar [760. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um stuðning við íbúa á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi.

1. *Hvaða stuðning og framlög hafa opinberir aðilar veitt íbúum hertekinna svæða í Palestínu og Sýrlandi á sviði heilbrigðis- og mannúðarmála frá árinu 1993:*
   a. *til opinberra verkefna,*
   b. *til samstarfsverkefna,*
   c. *til verkefna eða starfa á vegum hjálparstofnana?*

Stuðningur og framlög opinberra aðila til íbúa hertekinna svæða í Palestínu á sviði heilbrigðis- og mannúðarmála hafa verið frá árinu 1993:

a. 73.560.110 kr. hafa verið veittar til opinberra verkefna.
b. 18.500.000 kr. hafa verið veittar til samstarfsverkefna. Ber þar helst að nefna framlög til íslensk-palestínskrar verkfræðistofu.
c. 19.000.000 kr. hafa verið veittar til verkefna eða starfa á vegum Rauða krossins og Hjálparstarfs kirkjunnar.

2. *Hafa stjórnvöld beitt sér á alþjóðavettvangi fyrir eftirliti og/eða aðgerðum gegn ofbeldis- og mannréttindabrotum á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi? Ef svo er, hvernig hefur sú afstaða Íslands komið fram?*

Afstaða Íslands er að vopnahléslínan frá 1949 (Græna línan) liggi til grundvallar áætlunum sem leiða til þess að tvö ríki, Ísrael og Palestína, búi hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra. Ríkisstjórnin styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna á hernumdu svæðunum og hefur lagt fram fjármagn til mannréttindavaktar á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Ísland hefur innan sameinuðu Sameinuðu þjóðanna, sem og víðar, fordæmt ofbeldisverk beggja aðila og krafist þess að þeir hefji friðarviðræður á grundvelli fyrri samningaviðræðna og Vegvísins svonefnda. Það hefur verið afstaða íslenskra stjórnvalda að styðja tillögur þar sem fyllsta jafnræðis hefur verið gætt í útlistun á skyldum og ábyrgð deilandi aðila.

1268. Svar [762. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um ræktun á erfðabreyttu byggi.

1. *Hver eru viðbrögð ráðherra við áformum um umfangsmikla ræktun á erfðabreyttu byggi í sveitum landsins á næstu árum? Telur ráðherra rétt að leyfa hana samhliða annarri ræktun og búskap?*

Framfarir í líftækni hafa verið mjög miklar á síðustu áratugum og hafa meðal annars opnað nýja möguleika í kynbótum með því að gera mönnum fært að færa gagnlega erfðavísa milli tegunda sem iðulega reyndist erfitt eða jafnvel ómögulegt með eldri tækni. Margar nytjategundir mannsins eru þó afrakstur margvíslegrar erfðablöndunar tegunda, oftast skyldra, svo sem hveiti, sem á uppruna sinn í þremur tegundum, og gulrófan, sem á uppruna sinn í tveimur tegundum að viðbættri tvöföldun í litningamengi. Rétt er og að nefna miklar framfarir í ræktun nytjaplantna með notkun efnameðferðar og geislavirkni til að örva stökkbreytingar í erfðamengi nytjaplantna. Hefur þessi starfsemi skilað betri yrkjum til ræktunar

í landbúnaði sem gefa meiri og betri uppskeru auk þess að auka ræktunaröryggi. Byggyrkið Mari sem var aðalyrkið í árdaga nútímakornræktar á Íslandi var framleitt með stökkbreytimeðferð þar sem geislavirkni var beitt. Sú tækni sem þá var notuð í kynbótastarfinu er reyndar notuð enn, en er mun meiri óvissu háð og tilviljanakenndari með tilliti til árangurs en erfðatæknin sem hér um ræðir; með geislavirkni er hundruðum, jafnvel þúsundum erfðavísa breytt í einu, og nánast engin leið að finna út hvaða erfðavísar urðu fyrir stökkbreytingum auk þess sem litþræðir geta brenglast að fjölda og gerð. Í búfjárkynbótum gerir erfðatæknin einnig fært að vinna með mun meiri nákvæmni og öryggi en áður var og hugsanlega forðast sum mistök sem gerð voru þegar stíft val fyrir tilteknum eiginleika leiddi samtímis af sér ómeðvitað neikvætt úrval gagnvart öðrum eiginleika, svo dæmi sé tekið. Nútímaerfðatækni gerir mönnum fært að færa t.d. mótstöðu, oft einn skilgreindan erfðavísi, við skordýraplágum og plöntusjúkdómum inn í erfðamengi nytjaplantna og bæta með þeim hætti magn og gæði uppskerunnar, auk þess að draga úr þörfinni fyrir margvísleg varnarefni, eins og skordýraeitur, sem menn vilja síður hafa í náttúrunni eða fæðunni. Þessi not tækninnar leiðir vanalega til yrkja sem flokkast undir þá skilgreiningu að kallast erfðabreytt eða erfðabætt (eins og kynbætt). Vísast til heimasíðunnar erfðabreytt.is um aðgengilegar upplýsingar varðandi tækni þessa. Á Íslandi væri sérstaklega áhugavert hvernig hægt væri að bæta þol nytjategunda gagnvart erfiðum ræktarskilyrðum, svo sem síðsumarfrostum og vorfrostum, sem gætu orðið vaxandi vandamál ef veðurfar fer almennt hlýnandi eins og spár gera ráð fyrir. Íslendingar eiga því verulegra hagsmuna að gæta varðandi þróun þessarar tækni sem nauðsynlegt er að huga að.

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið að því að efla byggkynbætur með hinni nýju erfðatækni þótt ekki sé enn stefnt að framleiðslu erfðabreyttra yrkja. Í húsakynnum háskólans á Keldnaholti hefur frá árinu 2000 á vegum sprotafyrirtækisins ORF líftækni verið unnið að framgangi áætlunar um ræktun á erfðabreyttu byggi til framleiðslu á verðmætum lífefnum, einkum fyrir rannsóknarstofur, sjúkrahús og lyfjaiðnaðinn. Felast í þessu verkefni mjög áhugaverðir möguleikar fyrir landbúnaðinn og uppbyggingu innlendrar hátækni.

Landbúnaðarráðuneyti hefur fylgst með þessum áætlunum frá upphafi og veitt þeim stuðning. Rétt að huga vel að þeim möguleikum sem í þessari nýju tækni felast til framdráttar atvinnulífinu og vegna byggðaþróunar.

2. *Telur ráðherra öryggi matvælaframleiðslu tryggt með tilliti til þess að erfðaefni berast í jarðveg og dreifast með vatni og lofti?*

Þó að það komi ekki fram í spurningunni er í þessu svari gengið út frá því að hún beinist að áætlunum um ræktun á erfðabættu byggi en ekki almenna nýtingu á erfðabreyttum plöntum. Erfðaefni í þeim skilningi sem felst í spurningunni dreifast hvorki né safnast fyrir í jarðvegi og vatni, enda ekki právirk efni, heldur lífræn efni er brotna hratt niður. Byggið er sjálffrjóvga tegund, þ.e. frjóvgun fer fram inni í blóminu, og frjó tegundarinnar dreifist almennt ekki við íslenskar aðstæður. Engin tegund vex í íslenskri náttúru sem hugsanlegt frjó frá hinu erfðabreytta byggi gæti víxlast við. Jafnvel þegar mismunandi byggyrki sem blómgast á sama tíma eru ræktuð hlið við hlið verður ekki vart við víxlfrjóvgun. Nægir hér að vísa til niðurstaðna umfangsmikilla tilrauna Landbúnaðarháskóla Íslands í Gunnarsholti er birtust í Rannsóknarriti Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 1 2005. Það er mat helstu sérfræðinga landsins á sviði kynbóta og erfðatækni að þær áætlanir sem þekktar eru um ræktun erfðabreyttra nytjaplantna ógni með engum hætti öryggi íslenskrar matvælaframleiðslu, hvorki beint né óbeint. Rétt er að benda á að þekktar áætlanir tengjast á engan hátt framleiðslu fóðurs eða matvæla. Landbúnaðarráðuneyti tekur undir þetta álit.

3. *Er ráðherra kunnugt um hvar á landinu og við hvaða aðstæður erfðabreyttar plöntur eru ræktaðar nú og hvaða ræktunaráætlanir eru uppi á þessu ári og því næsta?*

Landbúnaðarráðuneytinu hafa verið kynnt áform um ræktun erfðabreytts byggs á þessu ári, staðsetningu og ræktunarskilyrði. Landbúnaðarráðuneyti er ekki kunnugt um aðra ræktun erfðabreyttra nytjaplantna.

4. *Telur ráðherra rétt að setja takmarkandi ákvæði um ræktun á erfðabreyttu byggi eða öðrum erfðabreyttum tegundum í ljósi þeirrar óvissu sem er um áhrif slíkrar ræktunar á lífríkið?*

Helstu sérfræðingar á sviði plöntukynbóta og erfðatækni innan landbúnaðargeirans telja enga óvissu ríkja varðandi áhrif slíkrar ræktunar á lífríkið umfram það sem kann að vera um almenn áhrif aukinnar ræktunar hefðbundinnna byggyrkja. Aukin ræktun korns er með bestu sóknarfærum íslensks landbúnaðar nú um stundir. Ræktun erfðabættra plantna er þegar háð ströngu leyfisveitingaferli samkvæmt lögum.

5. *Hvaða áhrif telur ráðherra að ræktun erfðabreyttra jurta geti haft á ímynd íslenskrar matvælaframleiðslu, útflutning og sölu, t.d. í verslunum Whole Foods í Bandaríkjunum?*

Ræktun erfðabreyttra nytjaplanta er ekki hafin á Íslandi en margt mælir með því að slík ræktun kunni að verða mjög áhugaverð. Eina ræktunin sem nú er fyrirhuguð lýtur að ræktun byggs til framleiðslu á verðmætum lífefnum þar sem fyllstu afmörkunar gagnvart annarri ræktun verður gætt. Erfitt er svara því hvort slík ræktun kunni að hafa slæm áhrif á verslunarsamband við eina tiltekna verslunarkeðju í Bandaríkjunum. Rétt er að ítreka að ströng löggjöf stýrir leyfisveitingum fyrir ræktun erfðabreyttra plantna.

6. *Telur ráðherra að útiræktun erfðabreyttra plantna geti skert möguleika bænda til að fá vottun fyrir lífrænar afurðir?*

Hér verður að vísa til svars við 5. lið fyrirspurnarinnar. Ef fyllstu afmörkunar verður gætt og framkvæmd ræktunar verður samkvæmt ríkjandi lögum er engin ástæða til að ætla að slík ræktun orki með neikvæðum hætti á möguleika þeirra sem stunda ræktun sem vottuð er samkvæmt stöðlum um lífræna ræktun. Má í þessu tilliti benda á að stunduð er vottuð framleiðsla lífrænna afurða í Bandaríkjunum og Kanada þar sem víðtæk útiræktun erfðabreyttra nytjaplantna á sér stað.

7. *Telur ráðherra rétt að friða ákveðin svæði eða landshluta fyrir ræktun erfðabreyttra plantna eins og gert er víða í Evrópu? Ef svo er, mun ráðherra þá beita sér fyrir slíkum friðunaraðgerðum?*

Landbúnaðarráðuneytinu er ekki kunnugt um víðtækar svæðisbundnar hömlur við ræktun erfðabreyttra nytjaplantna sem vitnað er til í fyrirspurninnni eða hvernig slíkar hömlur eru rökstuddar. Ekki er tímabært á þessu stigi að huga að slíkri friðun á Íslandi.

8. *Hvaða opinberar stofnanir sinna rannsóknum og ræktun erfðabreyttra plantna og hvert er hlutverk hverrar um sig?*

Innan vébanda landbúnaðarráðuneytis vinnur Landbúnaðarháskóli Íslands að rannsóknum og þróun á möguleikum erfðatækninnar innan plöntukynbóta en engar tilraunir fara fram með framleiðslu eða ræktun erfðabreyttra plantna.

9. *Hvaða verkefni sem fela í sér ræktun á erfðabreyttum plöntum hafa fengið opinbera styrki umfram bein framlög í fjárlögum undanfarin fimm ár? Hvaðan hafa slíkir styrkir komið?*

Landbúnaðarráðuneyti er ekki kunnugt um að aðrir aðilar en ORF líftækni, sem er hlutafélag, hafi hlotið styrki til þróunarstarfa á þessu sviði. Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður hafa styrkt verkefni sem fyrirtækið vinnur að, m.a. í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þessir styrkir hafa verið veittir á grundvelli faglegra úttekta hjá dómnefndum viðkomandi rannsóknarsjóða. Verkefni um framleiðslu efna til rannsókna á sumarexemi í hrossum í samstarfi við tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, verkefni um þróun græðandi lífefna fyrir sárameðferð, t.d. fyrir sykursjúka með þrálát sár, framleiðsla á lífefni sem auðveldar mergskipti í bráðahvítblæði, og uppbygging kerfa til framleiðslu lífvirkra efna í plöntum eru helstu viðfangsefni sem ORF líftækni hefur notið styrkja til að vinna að.

1269. Tillaga til þingsályktunar [802. mál]

um stofnun háskólaseturs á Akranesi.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Akranesi með áherslu á iðn- og tæknigreinar auk almennra grunngreina háskólanáms. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Akranesi fyrir 1. nóvember 2005.

Greinargerð.

Efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið er eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, á Bifröst og á Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika fyllilega staðist þær kröfur sem gerðar eru til háskólanáms. Fáir efast heldur um það núorðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir þar til. Íbúum Akraness fjölgaði um 500 á árunum 1997 til 2004 og voru þá um 5.650. Ef með eru taldir íbúar nærsveitanna, þ.e. Skilmannahrepps, Innri-Akraneshrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps og Leirár- og Melasveitar, er heildarfólksfjöldinn á svæðinu rúmlega 6.200 manns. Uppbygging atvinnulífs þar hefur að mestu hvílt á aukinni stóriðju. Því er afar mikilvægt að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum könnunar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi létu gera á viðhorfum fólks til búsetuskilyrða á Vesturlandi er ljóst að menntamálin eru mörgum þar ofarlega í huga. Á svæðinu sunnan Skarðsheiðar lentu möguleikar á að afla sér

háskólamenntunar í 2. sæti yfir þá þætti sem íbúarnir töldu helst ábótavant hjá sér. Sama könnun leiddi í ljós brýna þörf fyrir iðnaðarmenn með framhaldsmenntun og ákveðnar vísbendingar um að skortur á iðn- og tæknimenntuðu fólki hamlaði vexti almenns iðnaðar á Akranesi.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Akraness og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktar deildir sem bjóða upp á háskólanám í iðn- og tæknigreinum, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar. Það á einkum við fólk sem þegar er starfandi í iðnaðinum, hefur verið á vinnumarkaði um allnokkurt skeið og komið sér þar fyrir til frambúðar. Það gefur auga leið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins í stað hefðbundinnar skólasóknar sem hugsanlega hefði atvinnumissi og daglegan akstur frá heimili til skóla, ef ekki búferlaflutninga í för með sér, mundi gerbreyta aðstæðum fólks til að sækja sér slíka menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Akranesi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Vesturlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust. Eins og fram kemur í ársskýrslu Fjölbrautaskólans fyrir árið 2004 fer ásókn fólks, sem komið er af framhaldsskólaaldri, í nám við skólann stöðugt vaxandi. Þar hófust framkvæmdir við byggingu nýs kennsluhúsnæðis á síðasta ári og talið er brýnt að reisa að auki nýtt verknámshús fyrir kennslu í bygginga- og mannvirkjagreinum. Vel má hugsa sér að háskólasetur á Akranesi gæti samnýtt ýmiss konar húsnæði með Fjölbrautaskólanum og þannig mætti dreifa stofn- og rekstrarkostnaðinum á fleiri hendur. Áratuga hefð er fyrir öflugri og fjölbreyttri iðnmenntun á Akranesi. Iðnnámið hefur þó átt undir högg að sækja síðustu missiri vegna þess að það nám krefst almennt meiri kostnaðar á hvern nemanda en hefðbundið bóknám. Hefur einmitt Fjölbrautaskólinn þurft að heyja stöðuga baráttu fyrir iðnnámi sínu og þeirri sérstöðu sem hann hefur haft á því sviði.

Sókn er besta vörnin og áðurnefnd könnun sýnir mjög sterka þrá íbúanna eftir auknu framboði á háskólamenntun í heimabyggð. Háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri hafa náð sterkri stöðu á sínum sviðum. Háskólasetur með kennslu og rannsóknir á þeim sviðum sem hér er lagt til mun auka enn fjölbreytni í tækni- og háskólanámi í héraðinu. Háskólasetur á Akranesi mun styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna í þessu ört vaxandi byggðarlagi. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun Háskólaseturs á Akranesi og skili hún áliti 1. nóvember í haust svo að hægt sé að taka tillögur hennar inn í gerð fjárlaga fyrir árið 2006.

1270. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til vatnalaga.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný vatnalög sem ætlað er að hluta að leysa af hólmi núgildandi vatnalög frá árinu 1923. Gildandi vatnalög, nr. 15/1923, sem voru í raun heildarlög um vatnsréttindi eru afar merkileg og hafa staðist tímans tönn furðu vel. Það er hins vegar ljóst að margs konar breytingar á lagaumhverfi og stjórnsýslu kalla á endurskoðun þeirra í

náinni framtíð. Þó kom mjög skýrt fram á fundum nefndarinnar með umsagnaraðilum og sérfræðingum að ekki væru uppi sérstök vandamál sem gerðu það að verkum að ljúka þyrfti endurskoðun laganna á þessu þingi. Þvert á móti töldu margir sem á fund nefndarinnar komu að best væri að fara sér hægt í málinu og vanda þeim mun betur til verka. Rétt er að minna á að það tók Alþingi sex ár á sínum tíma að fjalla um lagabálkinn sem upphaflega var 155 greinar.

Sjá má af framlögðum gögnum og greinargerð með þessu máli að frumvarpinu ásamt frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum (374. mál), sem einnig liggur fyrir iðnaðarnefnd Alþingis, er ætlað að koma í stað vatnalaga. Einnig er greint frá því í gögnum málsins að í umhverfisráðuneytinu hafi verið gerð drög að frumvarpi til laga um vatnsvernd. Því frumvarpi er ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um þetta efni og mun efni þess augljóslega koma í stað mikilvægra ákvæða vatnalaga frá 1923. Þá er einnig rétt að geta þess að ýmis lög, t.d. á sviði umhverfisréttar, taka nú til mengunar vatna og einnig hafa verið sett sérlög, m.a. um vatnsveitur sveitarfélaga. Þróun lagasetningar á þessu sviði er því augljós. Þau mörgu og víðtæku ákvæði um vatn og rétt almennings og einstaklinga til að nýta það, sem fram að þessu hafa flest verið í hinum mikla lagabálki frá 1923, verða í nokkrum lagabálkum. Alþingi er sá mikli vandi á höndum að sjá til þess að þessi þróun geti orðið án þess að vandræði skapist. Það verður best tryggt með því að heildarendurskoðun vatnalaga fari saman við setningu allra þeirra laga sem eiga að taka við hlutverki þeirra. Um þetta ættu ekki að þurfa að vera deilur. En ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér ekki að standa þannig að málum. Alþingi er nú ætlað að ljúka umfjöllun um vatnalagafrumvarpið eitt og sér og fella vatnalögin úr gildi með samþykkt þess. Sú umfjöllun er þar með slitin úr tengslum við aðra lagasetningu sem afnám vatnalaga frá 1923 kallar á. Þar er fyrst að nefna frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem nú er ljóst að verður frestað. Stjórnarliðar í iðnaðarnefnd lögðu aftur á móti til lítils háttar breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þær fela m.a. í sér að sett verði á laggirnar nefnd sem geri tillögur um hvernig skuli velja þá sem fá að nýta jarðrænar auðlindir og stefnt að því að nýtt frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum feli í sér slíkar tillögur en þær voru ekki í því frumvarpi sem fyrir liggur.

Þessu ber að fagna en það er óneitanlega undarlegt að menn skuli sjá þessa galla og fallast á að bæta úr þeim en átti sig ekki á sama tíma á heildarsamhengi þeirra mála sem hér um ræðir. Auðvitað liggur í augum uppi að frumvarp til vatnalaga ætti að bíða þess að hægt verði að ljúka umfjöllun frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum og boðaðs frumvarps til laga um vatnsvernd.

Minni hlutinn telur að Alþingi eigi að taka sér nauðsynlegan tíma til að skoða hvaða breytingar er skynsamlegt að gera og að breytingarnar þurfi að fylgjast að. Þegar fyrirætlanir ríkisstjórnarmeirihlutans um að fella hinn mikla bálk vatnalaga úr gildi verða að veruleika verður að vera öruggt að önnur lög hafi tekið við hlutverki hans.

Þau vinnubrögð sem hér er ætlunin að viðhafa eru þess vegna fráleit að mati minni hlutans, þ.e. afnám vatnalaga og setning nýrra laga sem þó koma ekki að fullu í þeirra stað. Þessum sjónarmiðum hefur minni hlutinn komið á framfæri í nefndarstarfinu en meiri hlutinn hefur ekki viljað taka tillit til þeirra og ákvað að taka málið til afgreiðslu án þess að það fengi nauðsynlega umfjöllun. Það er í raun nóg að benda á viðamiklar umsagnir og tillögur um breytingar á lagatextanum frá ýmsum umsagnaraðilum til að sanna að hér er illa að málum staðið. Undirstofnanir umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, hafa fjölmargt við málið að athuga og leggjast gegn því. Þetta er sérstaklega athyglisvert og sannar með öðru sem hér hefur verið á bent að málið hefur ekki hlotið nægja umfjöllun í

stjórnkerfinu. Í frumvarpinu eru vatnsréttindi skilgreind með neikvæðum hætti, þ.e. með almennri skilgreiningu, í stað þess að talin séu upp öll réttindi fasteignareigenda eins og gert er í núgildandi vatnalögum en það kallast jákvæð skilgreining réttinda. Í þessu gæti falist meiri breyting en ætla mætti af skýringum með málinu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir. „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni.“ Það verður að telja vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum felist í raun meginatriði frumvarpsins en þó er sérstaklega áréttað að hér sé „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða. Meginatriði frumvarpsins er sem sagt formbreyting samkvæmt þeim skilningi sem fram kemur í athugasemdum með því. Í athugasemdum frá laganefnd Lögmannafélags Íslands er sérstaklega fjallað um þetta orðalag og sagt að það sé til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og að mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér sé einungis um formbreytingu að ræða.

Í sérstakri viðbótarumsögn Orkustofnunar sem nefndinni barst er tekið sérstaklega undir þessa athugasemd laganefndar Lögmannafélagsins.

Meiri hluti nefndarinnar hefur þessar athugasemdir að engu. Það hlýtur að vekja tortryggni. Kalla verður eftir nánari útskýringum meiri hlutans á því hvers vegna hann heldur sig við fyrra orðalag.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd og nefnir fyrir því tvær aðalástæður. Hin fyrri snýr að skertum möguleikum sveitarfélaga til eignarnáms en til móts við þær athugasemdir hefur meiri hlutinn komið að hluta með breytingartillögu. Þó virðast ákvæði frumvarpsins skerða verulega rétt sveitarfélaga til að nálgast vatn í löndum annarra sveitarfélaga eða um þau. Fyrrnefnd breytingartillaga er reyndar eina breytingartillaga meiri hlutans og hlýtur að vekja sérstaka athygli að hann skuli ekki telja neitt annað í hinum fjölmörgu og ítarlegu umsögnum eiga erindi í lagatextann.

Síðari ástæðan sem Samband íslenskra sveitarfélaga nefnir er að í ákvæði 1. tölul. 43. gr. frumvarpsins felist fortakslaus skylda sveitarfélaga til að leggja fráveitur og í umsögn Kópavogsbæjar kemur það sama fram. Ef þessi skilningur umsagnaraðila er réttur eru með þessu lagðar nýjar skyldur á herðar sveitarfélaga, t.d. í frístundabyggðum og á óskipulögðum svæðum.

Ekki hefur verið komið til móts við þessar athugasemdir af hálfu meiri hlutans og hlýtur því að verða að gera þá kröfu að óvissu um þetta atriði verði eytt við afgreiðslu málsins. Sérstaka athygli vekur hið mikla hlutverk Orkustofnunar við framkvæmd og eftirlit sem spretta mun af þessari lagsmíð í ljósi þess að einungis tvær greinar frumvarpsins fjalla um orkunýtingu. Ýmsir sem komu á fund nefndarinnar gerðu athugasemdir við stjórnsýsluþátt frumvarpsins af þessum ástæðum.

Það sem hér hefur verið tilgreint er einungis tekið sem dæmi um athugasemdir og tillögur um breytingar sem bárust frá umsagnaraðilum. Þeim verða gerð nánari skil við framhald umræðu um málið. Svo lítið hefur verið unnið að þessu máli í nefndinni að minni hlutinn telur sér ekki fært að flytja breytingartillögur við það nú og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. maí 2005.

Jóhann Ársælsson, frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Sigurjón Þórðarson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:
I. Umsögn frá Umhverfisstofnun. (21. mars 2005.)
II. Umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. (2. mars 2005.)
III. Umsögn frá Landvernd. (18. mars 2005.)
IV. Umsögn frá Veiðimálastjóra. (3. mars 2005.)
V. Umsögn frá Landssambandi veiðifélaga. (30. mars 2005.)
VI. Umsögn frá Bændasamtökum Íslands. (11. mars 2005.)
VII. Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. (3. mars 2005.)
VIII. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (28. febrúar 2005.)
IX. Umsögn frá Kópavogsbæ. (22. febrúar 2005.)
X. Umsögn frá Orkustofnun. (2. mars 2005.)
XI. Erindi frá Orkustofnun. (22. apríl 2005.)

1271. Nefndarálit [735. mál]

um frv. til l. um skipan ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Helgu Haraldsdóttur frá samgönguráðuneyti, Jón Karl Ólafsson og Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði Íslands, Pétur Rafnsson frá Ferðamálasamtökum Íslands, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum, Ólaf Örn Haraldsson frá Ferðafélagi Íslands, Árna Jóhannsson frá Útivist, Ástu Óla Halldórsdóttur frá Félagi leiðsögumanna og Drífu Magnúsdóttur frá Höfuðborgarstofu.

Nefndinni bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, Ferðamálaráði Íslands, Vegagerðinni, Birnu G. Bjarnleifsdóttur, Félagi leiðsögumanna, þróunarsviði Byggðastofnunar, Ferðamálasamtökum Íslands, Flugmálastjórn, Ferðamálaráði Íslands og Neytendasamtökunum.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á skipan ferðamála og er lagt til að hlutverki Ferðamálaráðs verði breytt og skrifstofu Ferðamálaráðs gert kleift að gegna hlutverki stjórnsýslustofnunar. Þá er ætlunin með frumvarpinu að einfalda leyfisveitingar og tryggingamál ferðaskrifstofa frá því sem verið hefur.

Á fundum nefndarinnar var rætt um þær breytingar sem lagðar eru til á skipun Ferðamálaráðs frá gildandi lögum en þær eru að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni ekki neinn fulltrúa í ráðið en tilnefndi áður tvo. Fellst nefndin á þau sjónarmið sambandsins að sveitarfélögin hafi stutt við uppbyggingu og grunnþætti í rekstri ferðaþjónustu í landinu, m.a. með aðkomu að rekstri upplýsingamiðstöðva. Þau hafi mikla þekkingu á stöðu ferðamála víða um land og mikla hagsmuni af því að byggja upp og efla ferðaþjónustu í sveitarfélögum. Þá kunni sjónarmið höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar að vera mismunandi og leggur því nefndin til þá breytingu á frumvarpinu að fjölgað verði í ráðinu um tvo fulltrúa sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni.

Nefndin ræddi einnig stöðu innlendra ferðafélaga á borð við Ferðafélag Íslands og Útivist en með frumvarpinu er lagt til að niður falli heimild ráðherra til að veita undanþágu frá skilyrðum laganna varðandi rekstur ferðaskrifstofu. Telur nefndin að rökin fyrir setningu þessa lagaákvæðis hafi verið þau að veita fjölmennum ferðafélögum sem byggt hefðu starf sitt á sjálfboðaliðastarfi um áratugaskeið og staðið fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á ferðamannastöðum víða um land undanþágu frá skilyrðum laganna vegna hagsmuna almennings. Þessi félög hafa reist skála á hálendinu sem eru öllum opnir, lagt brýr og vegi, ásamt því að stika gönguleiðir, sinna landvörslu og náttúruvernd. Fellst nefndin því á mikilvægi þess að áfram verði unnt að veita undanþágur frá lögunum fyrir slíka starfsemi og leggur til breytingartillögu þess efnis. Samkvæmt tillögunni verði það Ferðamálastofa sem ákveði þessar undanþágur.

Þá ræddi nefndin nokkuð skilyrði frumvarpsins til reksturs ferðaskrifstofu sem umsækjandi eða forsvarsmaður umsækjanda þarf að fullnægja. Þau eru m.a. þau að hann má ekki hafa orðið gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og lögum um bókhald og ársreikninga, á síðustu þremur árum. Það eru mun vægari kröfur en í gildandi lögum sem kveða á um að leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skuli hafnað ef umsækjandi hefur haft leyfi til slíkrar starfsemi á síðustu fimm árum og sú ferðaskrifstofa orðið gjaldþrota. Telur nefndin að með hliðsjón af neytendavernd séu ekki séu nægileg rök fyrir því að rýmka skilyrðin svo mikið og leggur til þá breytingu á frumvarpinu að miðað verði við síðustu fjögur ár í stað þriggja ára eins og frumvarpið kveður á um.

Nefndin ræddi nokkuð um einstakar starfsstéttir en í frumvarpinu er ekki fjallað sérstaklega um þær. Þó er ljóst að t.d. leiðsögumenn og landverðir hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að fræða ferðamenn um land og þjóð. Þeir eru mikilvægur hlekkur í að tryggja góða umgengni um landið. Náttúra landsins er hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu og því er starf þessara hópa greininni mikilvægt. Telur nefndin rétt að ráðuneytið hugi að setningu reglna um kröfur sem gera þarf til þessara hópa varðandi hæfni, menntun og öryggismál.

Þá ræddi nefndin nokkuð um markaðsmál ferðaþjónustunnar og hvetur til þess að Ferðamálastofa semji við Útflutningsráð og Samtök ferðaþjónustunnar um að þeir aðilar vinni í sameiningu að markaðssetningu íslenskrar ferðaþjónustu erlendis, líkt og tíðkast í öðrum atvinnugreinum.

Loks hvetur nefndin Ferðamálastofu til að efna til formlegs samstarfs við Samtök ferðaþjónustunnar með málefni atvinnugreinarinnar í huga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er ósamþykkur áliti þessu.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Una María Óskarsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson.
Guðjón Hjörleifsson.	Kristján L. Möller.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.		Magnús Stefánsson.

1272. Breytingartillögur [735. mál]

við frv. til l. um skipan ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Samtaka ferðaþjónustunnar sem tilnefna þrjá fulltrúa“ í 1. mgr. komi: Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tilnefnir tvo fulltrúa.
2. Við 8. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „á síðustu þremur árum“ í c-lið 2. mgr. komi: á síðustu fjórum árum.

1273. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Róbert Spanó frá refsiréttarnefnd og Ingibjörgu Rafnar, umboðsmann barna. Umsagnir bárust um málið frá ríkissaksóknara, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands, Samtökum um kvennaathvarf, umboðsmanni barna, Lýðheilsustöð, ríkislögreglustjóranum, Rauða krossi Íslands, réttarfarsnefnd, Mannréttindaskrifstofu Íslands, refsiréttarnefnd, Lögmannafélagi Íslands, Femínistafélagi Íslands og Fræðslusamtökum um kynlíf og barneignir. Einnig barst yfirlýsing frá áhugahópi gegn limlestingu á kynfærum kvenna.

Í frumvarpinu er lagt til að í almenn hegningarlög verði fest ákvæði sem banni limlestingu á kynfærum kvenna og að fyrningarfrestur slíkra brota byrji ekki að líða fyrr en brotaþoli hefur náð 14 ára aldri. Þá er lagt til að refsilögsagan verði víkkuð hvað slík brot varðar þannig að gerð verði undantekning frá þeirri meginreglu að ekki verði refsað fyrir háttsemi sem framin er af íslenskum ríkisborgurum eða mönnum búsettum á Íslandi utan íslenska ríkisins nema háttsemin hafi einnig verið refsiverð eftir lögum þess ríkis þar sem hún er framin. Með því á að koma í veg fyrir að ferðast verði með stúlkubörn til landa þar sem limlestingin er refsilaus í því skyni að láta framkvæma hana þar.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 1. og 3. gr. frumvarpsins með hliðsjón af umsögn refsiréttarnefndar, en þær eru einkum lagatæknilegs eðlis.

Vegna skýrleikakrafna telur nefndin eðlilegt að í 1. gr. frumvarpsins verði gert ráð fyrir nýrri og sjálfstæðri 3. mgr. 5. gr. þar sem nánar er lýst að heimilt sé að refsa hér á landi íslenskum ríkisborgara eða manni búsettum á Íslandi fyrir brot framið erlendis er varðar við hið nýja ákvæði 3. gr. frumvarpsins, án þess að það sé áskilið að það sé jafnframt refsivert eftir lögum þess ríkis. Þessi leið á sér t.d. stoð í þeirri aðferð sem notuð var við rýmkun sambærilegs ákvæðis dönsku hegningarlaganna. Þá telur nefndin ástæðulaust að vísa í greininni

til 218. gr. b, en í ljósi 4. gr. frumvarpsins sést að númeri núgildandi 218. gr. a, þar sem ekki er að finna sjálfstætt refsiákvæði, verður breytt í 218. gr. b.

Nefndin leggur einnig til breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi telur nefndin að í ljósi meginreglu 18. gr. hegningarlaga, og eðlis þess brots sem hér um ræðir, sé óþarfi að orða þá tegund saknæmis, þ.e. ásetning og/eða gáleysi, sem refsiákvæðið áskilur. Jafnvel þótt tæpast verði séð að háttsemi af þessu tagi verði framin af gáleysi telur nefndin þó rétt að bæta við 219. gr. almennra hegningarlaga tilvísun til hinnar nýju greinar, 218. gr. a, en í 219. gr. segir nú að ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. getur, hljótist af gáleysi annars manns, varði það sektum eða fangelsi allt að 4 árum. Með þessu er tekinn af allur vafi um að brot sem varðar við hið nýja ákvæði 218. gr. a sé refsivert á grundvelli gáleysis.

Í öðru lagi bendir nefndin á að núgildandi 2. mgr. 218. gr. a gerir ráð fyrir að samþykki til líkamsárásar, sem fellur undir 218. gr., geti ekki leitt til refsileysis en kunni að koma til álita til refsilækkunar. Í ljósi þessa og vegna grófleika þess líkamstjóns sem 3. gr. frumvarpsins fjallar um er því að mati nefndarinnar óþarfi að tiltaka það í ákvæðinu að refsiábyrgð stofnist hvort sem samþykki liggur fyrir eður ei. Hafa verður þó í huga að vegna eðlis þess brots sem lýst er í frumvarpsgreininni verður að telja að dómstólar muni aðeins í undantekningartilvikum leggja til grundvallar að fullgilt samþykki þess, sem fyrir verknaði af þessu tagi verður, liggi fyrir. Þar sem ákvæðinu er m.a. ætlað að vernda stúlkubörn gegn alvarlegri líkamsárás mundi samþykki barnsins ekki teljast gilt. Þá mundi samþykki foreldra eða annarra forráðamanna stúlkubarns til þess verknaðar sem frumvarpsgreinin fjallar um ekki teljast samþykki í refsiréttarlegri merkingu. Því leggur nefndin til að orðin „með eða án samþykkis“ verði felld brott úr 1. málsl. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, en leggur jafnframt áherslu á að með þessari breytingu sé með engu móti gengið út frá því að samþykki leiði að jafnaði til refsilækkunar fyrir þau brot sem frumvarpið gerir refsivert, enda eingöngu um að ræða heimildarákvæði til refsilækkunar í núgildandi 2. mgr. 218. gr. a.

Í þriðja lagi ræddi nefndin töluvert um hugtakanotkun, en í frumvarpinu og greinargerð með því er notað hugtakið „limlesting á kynfærum kvenna“ yfir þann verknað sem frumvarpið gerir refsivert. Þetta hugtak nefnist á ensku „female genital mutilation“, skammstafað FGM, og hefur unnið sér fastan sess í alþjóðlegum umræðum um verknaðinn. Nefndin telur hins vegar ljóst út frá samhengi frumvarpsins og greinargerðar með því að átt sé við verknað sem fellur undir þetta hugtak. Út frá því grunnsjónarmiði við mótun verknaðarlýsinga refsiákvæða að ávallt skuli leitast við að móta skýran og glöggan lagatexta sem lýsir aðeins nauðsynlegum efnisskilyrðum refsiábyrgðar og að fenginni ábendingu refsiréttarnefndar telur nefndin rétt að fella brott úr texta fyrri málsliðar 3. gr. frumvarpsins orðin „með limlestingu á kynfærum hennar“ enda bætir sú sjálfstæða lýsing engu við það grundvallarefnisskilyrði ákvæðisins að maður hafi fjarlægt kynfæri stúlkubarns að hluta eða að öllu leyti. Á hinn bóginn telur nefndin rétt eftir vandlega athugun og í samræmi við eðli þessa brots og orðalag í ákvæðum 217. og 218. gr. hegningarlaga að hugtakið „líkamsárás“ komi fram í upphafi fyrri málsliðar 3. gr. frumvarpsins. Er þá einnig horft til orðalags 245. gr. a dönsku hegningarlaganna. Um síðari málslið 3. gr. frumvarpsins leggur nefndin til orðalagsbreytingar og tekur að nokkru leyti mið af orðalagi því sem notað er í 246. gr. dönsku hegningarlaganna og hugtakanotkun í öðrum ákvæðum íslensku hegningarlaganna, sbr. einkum 2. mgr. 218. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Einar Karl Haraldsson.

1274. Breytingartillögur [67. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Í þeim tilvikum sem greinir í 2. tölul. 1. mgr. skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot manns, sem var íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi á verknaðarstundu, er fellur undir 218. gr. a og framið er erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn teljist ekki refsiverður eftir lögum þess ríkis.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, svohljóðandi:
   Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með því að fjarlægja kynfæri hennar að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Nú hefur árás í för með sér stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlýst af, eða hún telst sérstaklega vítaverð vegna þeirrar aðferðar sem notuð er, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   219. gr. laganna orðast svo:
   Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. eða 218. gr. a getur, hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

1275. Nefndarálit [699. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneyti, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Kristján Þorbergsson hrl., Steinar Adolfsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Þórhall Ólafsson frá Neyðarlínunni, Jóhann R. Benediktsson, sýslumann á Keflavíkurflugvelli, Jens Bjarnason frá Icelandair, Jón E. Böðvarsson frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Halldór Þ. Sigurðsson og Kjartan Norðdahl frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um loftferðir sem miða að eflingu flugverndar og samræmingu flugreglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Flugvernd hefur verið efld gríðarmikið eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september 2001 bæði hjá einstökum ríkjum og á alþjóðavísu.

Meðal þess sem lagt er til í frumvarpinu er að ráðherra verði heimilt að veita leyfi fyrir því að vopnaður vörður verði um borð í flugvél komi ósk um slíkt frá flugrekanda. Það kom fram í umfjöllun í nefndinni að flugmenn og flugrekendur telja ólíklegt að þessi heimild verði nýtt við þær aðstæður sem ríkja í dag. Flestir gestir nefndarinnar voru þó þeirrar skoðunar að vegna breyttra öryggiskrafna í millilandaflugi sé nauðsynlegt að slík gæsla sé heimiluð samkvæmt lögum og að þar sé kveðið á um hvernig slík heimild skuli veitt. Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að slíkur vörður verði aðeins heimilaður af samgönguráðherra að fram kominni beiðni flugrekanda sem um það biður að fram kominni kröfu erlends ríkis og að leita verði meðmæla dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Nefndin telur þessa leið góða þar sem hún tryggir tiltekið samráð.

Þá er lagt til að öll smærri flugatvik, þ.e. þau sem ekki á að tilkynna til rannsóknarnefndar flugslysa, eigi að tilkynna til Flugmálastjórnar. Nefndin ræddi þetta ákvæði nokkuð og m.a. hvort ruglingur gæti myndast um hvaða atvik skuli tilkynna til hvors aðila. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á 5. gr. frumvarpsins til að takmarka slíkan rugling. Söfnun upplýsinga um flugatvik og úrvinnsla þeirra er mikilvægur þáttur í eflingu flugöryggis. Því er mikilvægt að allir sem að þeirri vinnu koma starfi í sátt að settu markmiði og að gagnkvæmt traust sé á milli aðila. Ákvæði um nafnleynd og refsileysi hafa þann tilgang að vernda þá sem tilkynna um flugatvik og þar með að auka líkur á að atvik verði tilkynnt. Í nefndinni var rætt hvort gera ætti tillögur um ítarlegri ákvæði í þessum efnum, m.a. um meðferð Flugmálastjórnar á tilkynningum, en frá því var fallið þar sem réttara var talið að þeir aðilar sem þessi mál snerta mest, flugmenn, flugrekendur og flugmálayfirvöld, ynnu að mótun reglna á grundvelli laganna sem sátt væri um.

Nefndin leggur eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Gildissvið 57. gr. laganna taki einnig til skólastarfs á sviði flugleiðsöguþjónustunnar.

Ráðherra setji í reglugerð reglur um miðlun upplýsinga til eigenda farms um hvað flytja má inn á haftasvæði flugverndar líkt og til flugfarþega samkvæmt frumvarpinu.

Nýtt ákvæði bætist við þar sem lagt er til að orðin „og laga þessara“ verði felld brott úr 2. mgr. 101. gr. laganna þar sem ekki er rétt að binda gerðardóm að þessu leyti.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins verði gert almennara og rýmkað hvað sé refsilaust samkvæmt ákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristján L. Möller og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari Guðjóns A. Kristjánssonar lýtur fyrst og fremst að 9. gr. frumvarpsins.

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 28. apríl 2005.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Birgir Ármannsson.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.
Una María Óskarsdóttir.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.

1276. Breytingartillögur [699. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ein ný málsgrein, svohljóðandi:
      Öll flugslys, flug- eða flugumferðaratvik önnur en þau sem tilkynna ber til rannsóknarnefndar flugslysa, sbr. lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, skulu tilkynnt til Flugmálastjórnar Íslands. Á þetta m.a. við um flug- eða flugumferðaratvik eða önnur þau atvik sem, ef ekki leiðrétt, hefðu valdið hættu fyrir loftfar, farþega þess og farm eða aðra utan þess eða ef hætta hefur vofað yfir flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.
   b. Í stað „1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 1. mgr.
   c. Lokamálsgreinin orðist svo:
      Samgönguráðherra er einnig heimilt að setja reglur um að þeir aðilar sem tilkynningarskyldir eru skv. 2. mgr. geti tilkynnt hvers kyns truflanir á starfsemi, rekstri, stjórn eða viðhaldi loftfars eða flugleiðsöguþjónustu sem áhrif gætu haft á flugöryggi án þess að það hafi leitt til tilkynningarskylds atviks.
2. Við 7. gr. Lokamálsgrein a-liðar (57. gr. a) orðist svo:
   Ákvæði greinarinnar gilda einnig um skólastarfsemi á sviði flugleiðsöguþjónustunnar eftir því sem við á.
3. Við efnismálsgrein a-liðar 8. gr. bætist: og eigenda farms.

4. Á eftir 11. gr. frumvarpsins komi ný grein, svohljóðandi:
   Orðin „og lögum þessum“ í 2. mgr. 101. gr. laganna falla brott.
5. Efnisákvæði 12. gr. orðist svo:
   Aðila sem tilkynnir, í samræmi við ákvæði 47. gr., innan 72 klst. um atvik sem ekki hafa leitt til flugslyss eða alvarlegs flug- eða flugumferðaratviks, verður ekki refsað eða hann beittur viðurlögum þótt um sé að ræða brot á ákvæðum laga þessara eða á reglum settum á grundvelli heimilda í lögum þessum, nema ásetningi, stórfelldu gáleysi, neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja sé til að dreifa.
   Tilkynningu um atvik sem ekki verður refsað fyrir, sbr. 2. mgr., skal ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

1277. Nefndarálit [677. mál]

um frv. til l. um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Lengi hefur verið beðið eftir endurskoðun á lögum nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Þau lög voru sett þegar uppboðsmarkaðir fyrir fisk voru að hefja starfsemi sína og bera þess glögg merki að ekki var vitað á þeim tíma hvernig starfsemi slíkra markaða mundi þróast og hvort sú tilraun að setja upp uppboðsmarkaði fyrir fisk mundi takast.

Fiskmarkaðir hafa fest sig í sessi frá þeim tíma sem þeir voru fyrst settir á laggirnar og hefur tækni við uppboð og aðferðir sem notaðar eru mikið breyst frá fyrstu dögum fiskmarkaðanna. Lagaumhverfið hefur ekki þróast með þeim breytingum sem orðið hafa á starfsaðferðum og hafa eigendur og viðskiptaaðilar markaðanna lengi kallað eftir nýrri lagasetningu um starfsemi þeirra.

Það vakti því nokkra furðu þegar nýtt lagafrumvarp var lagt fram á Alþingi hversu líkt það var gildandi lögum og hve lítill metnaður eða vinna virtist lögð í að sníða ný lög að þeim aðstæðum sem uppi eru. Frumvarpið virðist samið án mikils samráðs við hagsmunaaðila, enda komu fram ábendingar frá þeim sem sýndu svo ekki var um villst að þetta nýja frumvarp uppfyllti á engan hátt væntingar sem til þess höfðu verið gerðar og að nauðsynlegt væri að gera á því umtalsverðar breytingar þannig að unnt yrði að starfa eftir því. Verulegar breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu í meðförum sjávarútvegsnefndar sýna svo að ekki verður um villst að ekki var vandað nægjanlega til gerðar frumvarpsins í upphafi. Meiri hluti nefndarinnar lagði fram breytingartillögur við efni frumvarpsins strax og það var tekið til umræðu í nefndinni þar sem tekið er að nokkru leyti tillit til athugasemda markaðanna sjálfra og einnig til gagnrýni sem kom fram í umræðum á Alþingi við 1. umræðu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra veiti leyfi til reksturs uppboðsmarkaða og verða leyfin ótímabundin sem er breyting til bóta frá núgildandi lögum þar sem endurnýja þarf leyfi árlega. Í fyrri lögum var lögð sú skylda á ráðherra að við veitingu leyfa skuli ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða. Þetta orðalag er tekið óbreytt upp í frumvarpinu nú og er orðið algjörlega úrelt að mati minni hlutans. Uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla eru orðnir fjölmargir á landinu og er markaðssvæði hvers um sig landið allt. Kaupendur sem staðsettir eru á einum

stað kaupa fisk á mörkuðum í öðrum landsfjórðungum og óskiljanlegt að við lagasetningu nú skuli 16 ára gamall lagatexti, sem ber keim af varkárni gagnvart nýju formi við ákvörðun á fiskverði, tekinn upp óbreyttur í nýtt frumvarp. Það er engin leið og engin þörf fyrir ráðherra að leggja mat á skilyrði fyrir frjálsri verðmyndun með tilliti til fiskframboðs, fjölda fiskvinnslustöðva á starfssvæði og starfsemi annarra markaða. Nær væri að setja almenn hæfisskilyrði fyrir markaði og að þeim uppfylltum fengju þeir leyfi.

Í 2. gr. frumvarpsins er skýrð merking hugtaka og hefur skilgreining þeirra tekið breytingum í meðferð sjávarútvegsnefndar í þá veru að færa skilgreiningu þeirra nær þeim raunveruleika sem er á íslenskum fiskmörkuðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur afli sé sýnilegur á uppboðsstað og aðilar geti kynnt sér hann þar. Núverandi fyrirkomulag er hins vegar meira í þá veru að fiskur er boðinn upp óséður af kaupanda og er aflinn oft enn um borð í veiðiskipi við sölu. Breytingartillögur í nefndinni taka á þessum ágalla frumvarpsins.

Breytingartillögur sem nú eru komnar fram taka einnig til þeirra aðstæðna sem eru í rekstri fiskmarkaða varðandi miðlægan uppboðsstað og tilveru Reiknistofu fiskmarkaðanna. Í upprunalegu frumvarpi ráðuneytisins var á engan hátt tekið tillit til þeirrar þróunar sem hefur orðið í uppboðsmálum sjávarafla og ef þær skilgreiningar sem þar koma fram á starfsemi uppboðsmarkaðanna yrðu að lögum væri fiskmörkuðum gert ókleift að starfa í þeirri mynd sem þeir hafa þróast í undanfarin ár.

Minni hlutinn gerði athugasemdir við umfjöllun málsins varðandi efni 3. gr. sem fjallar um hverjir geti fengið leyfi til reksturs uppboðsmarkaða. Í greininni er á engan hátt tekið nægjanlega skýrt á eignarhaldi markaðanna og verði hún óbreytt að lögum getur sami aðili verið seljandi afla, eigandi og rekstraraðili uppboðsmarkaðar og kaupandi sama afla. Slíkar aðstæður kalla á tortryggni þeirra sem við markaðinn skipta og benti Fiskistofa meðal annars á þessa hættu í umsögn sinni um frumvarpið. Uppboðsmarkaður hefur milligöngu um sölu mikilla verðmæta og nauðsynlegt að bæði kaupendur og seljendur á markaðnum geti treyst því að hagsmunir annars séu ekki teknir fram yfir hins.

Samkvæmt frumvarpinu sem fyrir liggur skal ráðherra setja reglur um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig þær reglur verða, en það mun skipta miklu varðandi starfsemi uppboðsmarkaðanna. Betra hefði verið að nú við umræðuna hefðu legið fyrir drög að þessum reglum þannig að unnt væri að leggja mat á áhrif þeirra á starfsumhverfi markaðanna. Lítið samráð við hagsmunaaðila við gerð þessa frumvarps leiddi til þess að við framlagningu stangaðist það í veigamiklum atriðum á við þann raunveruleika sem uppboðsmarkaðir starfa við. Gæta þarf þess að hið sama endurtaki sig ekki við gerð reglna á grundvelli þeirra laga sem hér er verið að setja.

Gert er ráð fyrir því í 8. gr. að rekstraraðili uppboðsmarkaðar hafi í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs. Þessi starfsmaður er kallaður uppboðsstjóri og skal hann hafa löggildingu til starfans sem sjávarútvegsráðherra veitir. Í greininni eða í skýringum við hana kemur ekki fram í hverju löggilding ráðherra er fólgin, hvaða menntun, reynslu eða önnur hæfisskilyrði uppboðsstjóri þarf að hafa þrátt fyrir að hann eigi að stjórna uppboðum á miklum verðmætum. Uppboðsmarkaður sem felur miðlægum uppboðsstjóra að sjá um öll uppboð markaðarins þarf eftir sem áður að ráða til sín uppboðsstjóra og verður ekki séð hvaða þörf er á því við slíkar aðstæður.

Minni hlutinn telur að þrátt fyrir að nægur tími hafi gefist til að endurskoða eða setja ný lög um uppboðsmarkaði, þá hafi sá tími verið illa nýttur. Frumvarpið sem lagt var fram á Alþingi bar öll merki þess að kastað hefði verið til höndum við samningu þess, eða að höfundar frumvarpsins hafi ekki fengið nægjanlegt ráðrúm til að eiga samráð við þá aðila sem að greininni koma. Fram kom á fundum nefndarinnar að forsvarsmenn markaðanna vildu

frekar að nægjanlegur tími gæfist til að vanda þessa vinnu betur en gert hafði verið heldur en að sett yrðu ófullnægjandi lög um starfsemi uppboðsmarkaða. Meiri hluta sjávarútvegsnefndar lá mikið á að afgreiða málið út úr nefndinni þrátt fyrir ábendingar um alvarlega ágalla á frumvarpinu. Minni hlutinn telur að vinna þurfi málið betur en gert hefur verið og bersýnilegt að taka þurfi lögin fljótlega til endurskoðunar aftur, vegna ágalla sem á þeim verða verði frumvarpið samþykkt og leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Jón Bjarnason, áheyrnarfulltrúi, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 2005.

Jón Gunnarsson, frsm.	Jóhann Ársælsson.	Kristján L. Möller.

Guðjón A. Kristjánsson.

1278. Nefndarálit [732. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið lögfestir að útgerðum fiskiskipa verði skylt að telja meðafla við uppsjávarveiðar til frádráttar aflamarks. Meðafla skal meta út frá niðurstöðum sýnatöku úr afla skipanna við löndun.

Frumvarp þetta er bæði illa og hroðvirknislega unnið. Það var lagt fram 4. apríl og sjávarútvegsráðherra mælti fyrir því 10 dögum síðar. Þrátt fyrir mótmæli 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar voru einungis tveir kallaðir á fund nefndarinnar, þeir Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Hrafnkell Eiríksson frá Hafrannsóknastofnuninni. Hvorugur þeirra hefur neina reynslu af veiðum og löndun á kolmunna. Einungis bárust umsagnir um málið frá Félagi kvótabátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi smábátaeigenda og Hafrannsóknastofnuninni. Ekki var orðið við tilmælum 2. minni hluta um að nefndarmenn svokallaðrar umgengnisnefndar sjávarútvegsráðuneytis, fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna eða skipstjórar uppsjávarveiðiskipa yrðu kallaðir á fund sjávarútvegsnefndar áður en málið yrði hugsanlega afgreitt út úr nefndinni.

Undanfarin ár hefur notkun flotvörpu til veiða á loðnu, síld og kolmunna færst mjög í vöxt. Komið hefur fram að meðafli af öðrum tegundum gæti verið vandamál við þessar veiðar. Af þessum sökum hefur undirritaður lagt fyrirspurnir um málið fyrir sjávarútvegsráðherra bæði á 130. og 131. löggjafarþingi. Svör ráðherra gefa til kynna að meðafli hafi einkum mælst í afla skipa sem veiða kolmunna, þó að einnig megi finna dæmi um meðafla á síldveiðum.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt, og það með réttu, að uppsjávarveiðiskip skuli ekki þurfa að leggja til aflaheimildir fyrir meðafla kvótabundinna fisktegunda en skip sem stundi bolfiskveiðar þurfi ávallt að gera slíkt, og séu undir ströngu eftirliti og útgerðir þeirra sæti

hörðum refsingum ef lög um þetta eru brotin. Hér er réttmætt að huga frekar að því að losa um allt of ströng lög varðandi meðafla í bolfiskveiðum þannig að mönnum verði gert kleift að koma með slíkan meðafla að landi í staðinn fyrir að þurfa að leggja fram kvóta fyrir þeim afla. Það er ekki réttmætt að setja illa ígrunduð og óvönduð lög um meðafla hjá uppsjávarveiðiskipum, eingöngu með skírskotun til þess að aðrir búi við vond lög og því sé rétt að svipuð ólög gangi yfir alla.

Kolmunnaveiðar hafa skilað þjóðarbúinu miklum verðmætum frá því að þær hófust af alvöru árið 1997. Stór hluti aflans hefur verið veiddur af skipum frá austanverðu landinu, og hafa þau að langmestu leyti landað afla sínum í fiskmjölsverksmiðjur á Austurlandi. Enginn vafi leikur á að þessar veiðar hafa skilað miklum umsvifum og virðisauka í landi og á sjó, á árstíma sem áður var daufur með tilliti til verkefna hjá mikilvægum hluta fiskiskipaflotans. Erlend skip hafa einnig landað kolmunna hér á landi, sem að hluta til hefur verið veiddur innan íslenskrar lögsögu af Færeyingum. Síðustu fjögur árin hafa fiskmjölsverksmiðjur hér á landi tekið á móti rúmlega 1,6 millj. tonna af kolmunna.

Móttaka íslenskra fiskmjölsverksmiðja á kolmunna 2001–2004.

Ár	Þúsundir tonna
2001	348.240
2002	283.152
2003	521.348
2004	478.706
Samtals	**1.631.446**

Heimild: Samtök fiskvinnslustöðva.

Við lagasetningu af því tagi sem hér um ræðir er mikilvægt að löggjafinn hafi við höndina viðurkennd gögn sem sýna umfang þeirra atriða sem hugsanleg lög skulu ná yfir. Ekki eru til margar rannsóknir á meðafla í flotvörpu, sem sýna umfang þessa vanda. Fiskistofa hóf þó vorið 2003 skipulegar mælingar á meðafla við flotvörpuveiðar uppsjávartegunda. Áherslan hefur fyrst og fremst beinst að mælingu meðafla við kolmunnaveiðar þar sem hætta á meðafla er metin mest. Niðurstöður mælinga árið 2003 koma fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar (fjölrit nr. 103). Helstu niðurstöður samantektar um mældan og metinn meðafla við kolmunnaveiðar árið 2004 og samanburður við árið 2003 koma fram í eftirfarandi töflu:

Áætlaður meðafli í kolmunnaveiðum íslenskra skipa 2003 og 2004.

	Hlutfall meðafla (%)	Meðalfjöldi fiska/sýni	Uppreiknaður meðafli (tonn)
Ufsi 2003	0,32	0,64	1.605
Ufsi 2004*	0,56	1,1	2.094
Þorskur 2003	0,03	0,05	156
Þorskur 2004*	0,45	0,9	1.686
* Miðað við veiðarnar mars – október.			

Heimild: Þingskjal 426 á 131. löggjafarþingi.

Eins og sjá má á framangreindri töflu var uppreiknaður meðafli af þorski og ufsa alls 1.761 tonn árið 2003. Árið eftir var hann 3.780 tonn. Þetta er meðafli úr um hálfri milljón tonna af kolmunna hvort árið um sig. Segja verður að þetta er mjög óverulegur meðafli þegar

litið er til heildaraflans af kolmunna, eða vel innan við eitt prósent af heildarafla bæði árin. Þrátt fyrir þá staðreynd að meðafli hefur verið lítill þegar litið er til heildarafla við kolmunnaveiðarnar, þá hafa menn brugðist við þessum vanda eftir því sem reynslan hefur aukist við veiðarnar og þar með þekking manna á því hvar og hvenær er mest hætta á meðafla. Þetta er auðvitað vandamál sem þeir sem veiðarnar stunda vilja vera lausir við og hafa reynt að leysa. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að stórum veiðisvæðum hefur verið lokað fyrir flotvörpuveiðum. Í gildi er reglugerð nr. 576/2004, um togveiðar á kolmunna 2004, þar sem veiðisvæðið er skilgreint (frá Vestmannaeyjum austur með og síðan norður með Austurlandi, að mestu utan landgrunnskantsins). Í gildi er reglugerð nr. 794/2004, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka (svæði úti fyrir Suðausturlandi). Í gildi er reglugerð nr. 830/2002, um síldveiðar í vörpu, þar sem allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar innan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu. Enn fremur eru allar síldveiðar með vörpu bannaðar á svæðum þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar með reglugerðum eða skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju. Undanskilin eru þrjú svæði: fyrir Vestfjörðum, á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa og austan við Hvalbak, en á þessum svæðum er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á svokölluðum skiljusvæðum, þó einungis utan 12 sjómílna.

Einnig hafa staðið yfir tilraunir með að þróa notkun skilju sem sett yrði fyrir framan pokann í flotvörpunum sem mundi þá skilja bolfisk sem hugsanlega slæddist með, lifandi og heilan út úr veiðarfærinu.

Á fundum sínum hefur sjávarútvegsnefnd hvergi fengið upplýst með óyggjandi hætti, hvernig sýnatöku skuli háttað úr förmum uppsjávarveiðiskipa til að meta hve mikill meðafli leynist hugsanlega um borð. Þó má ljóst vera að gera þarf strangar vísindalegar kröfur um slíka sýnatöku. Niðurstöður sýnatöku þurfa að vera trúverðugar, ekki síst í ljósi þess að um getur verið að ræða verulegar fjárhæðir sem leggjast á útgerð ef meðafli finnst í einhverjum mæli. Ekki er að sjá að stjórnvöld hafi með neinum hætti hugleitt hvernig framkvæma eigi þetta eftirlit. Finna má lýsingu á slíkum aðferðum í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar: *Meðafli í kolmunnaveiðum 2003 – Fjölrit númer 103*. Þar segir á bls. 27–28:

„Ákveðinn fjöldi sýna var tekinn úr hverjum farmi til að mæla meðafla og var hvert sýni 400-600 kg. Fjöldi sýna réðst af veiðiferðinni þannig að úr fyrstu 1.000 tonnum var tekið eitt sýni per 100 tonn að jafnaði eða 10 sýni að hámarki en þó ekki færri en þrjú sýni. Úr afla umfram 1.000 tonn var tekið eitt sýni per 200 tonn eða 5 sýni alls að hámarki. Heildarfjöldi sýna var því 15 að hámarki. Sýnum var dreift á aflann með tilviljunarkenndum hætti. T.d. voru 12 sýni úr áætluðum 1.400 tonna farmi valin með því að draga út slembitölur á bilinu 1 til 1400. Sýni voru síðan tekin úr aflanum þegar löndun í tonnum sýndi útdregnar slembitölur. Á öllum löndunarstöðunum var aflanum dælt í land og hann vigtaður jafnharðan með fullkomnum tölvustýrðum vogum. Hvert sýni var meðhöndlað með sambærilegum hætti. Fyrst var heildarþyngd sýnis ákvarðað. Næst voru meðaflategundir flokkaðar, fiskarnir taldir og vigtaðir. Loks var kolmunni og meðaflategundir lengdarmældar. Magn kolmunna var ákvarðað með því að draga þyngd meðafla frá heildarþyngd sýnis. Meðalafli var reiknaður sem fjöldi fiska og þyngd í staðalsýni (500 kg). Hlutfall meðafla var reiknað sem þyngd meðafla í 100 kg afla, þ.e. í fimmtungi staðalsýnis. Þá var meðafli umreiknaður á veiðiferð eða í heild með tilliti til afla í veiðiferð eða heildarafla. Einfalt t-próf var notað til að reikna öryggismörk meðalfjölda eða meðalþyngdar meðafla."

Trauðla verður annað séð, að ef gæta á jafnræðis, þá verði að viðhafa svona aðferðir við löndun á hverjum einasta farmi uppsjávarfisks sem berst á land til vinnslu í íslenskum fiskmjölsverksmiðjum, verði þessi lög að veruleika. Stjórnvöldum getur varla orðið stætt á því að einungis sum skip sem lenda í eftirliti verði látin sæta því að útvega kvóta fyrir uppreikn-

uðum meðafla, á meðan önnur skip sem kannski eru að veiðum á sömu svæðum á sama tíma geta sloppið við slíkt. Hvernig ætla menn einnig að kvótareikna meðafla Færeyinga sem veiða innan okkar lögsögu? Aðrar hugsanlegar útfærslur á þessu munu einnig vafalítið valda deilum. Einnig er ljóst að eftirlit með meðafla við löndun verður kostnaðarsamt. Greiða þarf mönnum laun fyrir það tímafreka starf að fara yfir aflann með viðlíka aðferðum og þeim sem að ofan er lýst. Leiða má einnig líkur að því að þetta geti tafið fyrir löndun úr skipunum. Sjávarútvegsnefnd hefur hvergi fengið upplýst hver eigi að borga þann eftirlitskostnað sem af öllu þessu mun hljótast. Trauðla verður reikningum fyrir þessa vinnu vel tekið af útgerðum uppsjávarveiðiskipa eða öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem fyrirtækin hafa flest ef ekki öll fengið sig fullsödd á gífurlegum kostnaði vegna stöðugt umfangsmeiri eftirlitsiðnaðar sem þrífst í skjóli kvótalaga stjórnvalda.

Fleiri meinbugi má nefna á frumvarpi þessu. Mörg skip landa kolmunnaförmum sem þau fá í íslenskri lögsögu til vinnslu í Færeyjum. Því þykir sýnt að senda verði eftirlitsmenn þangað frá Íslandi til að meta meðafla upp úr þeim. Ekki liggur fyrir hvernig greiða skuli kostnað við það. Færeysk fiskiskip hafa leyfi til að stunda kolmunnaveiðar í lögsögu Íslands, samkvæmt fiskveiðisamningi sem í gildi er á milli landanna. Eigi að gæta jafnræðis hljóta þessi skip að verða að útvega kvóta fyrir hugsanlegum meðafla sem þau fá af bolfiski. Það yrði að draga frá bolfiskkvótum Færeyinga í íslenskri landhelgi. Þetta getur kallað á vandkvæði fyrir Færeyinga, þar sem útgerðir færeyskra kolmunnaskipa ráða ekki yfir bolfiskveiðiheimildum við Ísland. Fróðlegt væri að fá upplýst hvernig aðrar þjóðir fara með þann meðafla sem þar veiðst, t.d. í færeysku lögsögunni. Einnig hvort samræmi eigi að gilda um meðafla úr okkar skipum ef aflinn er veiddur rétt utan lögsögu okkar, til að mynda hvernig farið skuli með tiltekna farma sem hugsanlega hafi verið veiddir innan og utan íslenskrar lögsögu?

Ákvæði í 1. gr. þessa lagafrumvarps hljóðar meðal annars svo: „Komi til gjaldtöku á grundvelli laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, vegna fisktegunda sem veiðast sem meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal gjaldið þó aldrei vera lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku.“

Ætli stjórnvöld að lögfesta þetta ákvæði kemur að sjálfsögðu fram sú réttlætis- og jafnræðiskrafa að meðafli sem kemur með öðrum veiðum, bæði sérveiðum og almennum botnfiskveiðum verði skilgreindur sem meðafli og verðmæti þess meðafla verði metið eftir ástandi þess afla sem oft getur verið verðlítill líkt og í kolmunnaveiðum. Má sem dæmi nefna karfa- og humarveiðar þar sem meðaflinn er oft skemmdur svo að dæmi sé tekið. Hvað sem öðru líður verðum við að gæta jafnræðisreglu sem leiðir af 70 prósenta verðmætamati ráðuneytis eða Fiskistofu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins öðlast lögin þegar gildi og koma til framkvæmda 1. júní 2005. Hér er rétt að benda á að kolmunnaveiðar miðast við almanaksár og því rétt að slíkar reglur séu teknar upp, ef af verður, miðað við 1. janúar 2006 en ekki á miðri vertíð þegar útgerðir eru mislangt komnar með veiðar á úthlutuðum kolmunnakvótum sínum.

Aðalatriði málsins eru þessi:

1. Mat á umfangi meðafla við uppsjávarveiðar er byggt á litlum rannsóknum sem þó benda til að vandamálið sé hverfandi miðað við heildarafla kolmunna.
2. Brugðist hefur verið við meðafla með lokun veiðisvæða, og verið er að þróa nýja veiðarfæratækni til að losna við meðafla í framtíðinni.
3. Sjávarútvegsnefnd hefur ekki fengið neinar upplýsingar um hvernig útfæra eigi reglur um framkvæmd þessara laga. Sýnt þykir að eftirlit og mælingar á meðafla í förmum

uppsjávarskipa getur orðið gríðarlega kostnaðarsamt. Ekki liggur fyrir hverjir greiða eigi þann kostnað. Annar minni hluti hafnar auknum álögum á sjávarútveginn.

4. Lögin geta valdið miklum vandræðum hjá færeyskum skipum sem hafa veiðiréttindi hér við land samkvæmt gildandi samningi. Raunar má draga í efa að það frumvarp sem hér er fjallað um standist ákvæði þess milliríkjasamnings.

Í ljósi framangreindra atriða telur 2. minni hluti rétt að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 2005.

Magnús Þór Hafsteinsson.

1279. Þingsályktun [435. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 641.

1280. Þingsályktun [678. mál]

um ferðamál.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2006–2015 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka:

1. Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
2. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
3. Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

Enn fremur verði unnið að eftirfarandi markmiðum:

1. Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.
2. Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.
3. Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.

4. Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.

Til að ná markmiðum í ferðamálum verði m.a. beitt eftirfarandi aðgerðum:

I. Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar.

1. Opinber gjöld af aðföngum og búnaði til ferðaþjónustu verði sambærileg við gjöld í samkeppnislöndum.
2. Leitast verði við að fé til sameiginlegrar markaðssetningar verði tryggt til lengri tíma.
3. Unnið verði markvisst gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum.
4. Opinberir aðilar raski ekki samkeppnisstöðu einkarekinnar ferðaþjónustu.
5. Opinbert eftirlit með ferðaþjónustufyrirtækjum verði lágmarkað og einfaldað og eftirlit á vegum einstakra aðila sameinað þar sem hægt er.

II. Kynningarmál.

1. Áfram verði unnið að uppbyggingu ímyndar Íslands og hún varin með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar:
   a. einstaka og fjölbreytta náttúru,
   b. umhverfisvernd,
   c. menninguna og þjóðina,
   d. fagmennsku,
   e. gæði og öryggi,
   f. heilsu og hreinleika,
   g. gestrisni,
   h. myndræn auðkenni (lógó),
   i. slagorð.
2. Megináhersla í öllum kynningarmálum verði áfram lögð á Ísland, Norður-Ameríku, Bretland, norræn lönd og meginland Evrópu.
3. Aðgengi einkaaðila að opinberum framlögum til kynningar- og markaðsmála verði háð eigin framlögum þeirra til vel skilgreindra og vænlegra verkefna.
4. Samræmis verði gætt í allri kynningu á landinu í heild, sem og í aðlögun kynningarefnis og skilaboða fyrir einstaka markhópa eða markaðssvæði.
5. Aðferðafræðin sem notuð hefur verið við „Iceland Naturally“ í Norður-Ameríku (þ.e. sameiginleg kynning vöru og þjónustu) verði notuð við aðkomu opinberra aðila að kynningu Íslands á öðrum markaðssvæðum.

III. Nýsköpun og þróun.

Stjórnvöld taki virkan þátt í nýsköpunar- og vöruþróunarstarfi ferðaþjónustunnar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

IV. Menntun.

1. Aukið tillit verði tekið til kostnaðar fyrirtækja í tengslum við starfsnám.
2. Námsbrautir framhaldsskóla og sérskóla tengist svo sem kostur er þannig að ekki myndist blindgötur eða óþörf skörun námsbrauta og skólastiga.
3. Háskólanám í ferðamálum byggist í vaxandi mæli á þeim grunni sem lagður er á framhaldsskólastigi þannig að við inntöku nemenda verði tekið tillit til menntunar og/eða reynslu á sviði ferðamála.
4. Tryggt verði aðgengi að háhraðaneti við fjarnám.

V. Rannsóknir.

1. Starfrækt verði gagnamiðstöð er vinni að söfnun, úrvinnslu og túlkun gagna til hagnýtingar bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila innan greinarinnar.
2. Hlúð verði að hvers kyns grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum í ferðamálafræði.

VI. Grunngerð.

1. Umferðarmiðstöðvar verði nýttar til að tengja og samræma allar tegundir almenningssamgangna og bættrar þjónustu við ferðamenn.
2. Upplýsingar um löggæslu, heilsugæslu, almenningssamgöngur og almannavarnir verði aðgengilegar á erlendum tungumálum auk íslensku.
3. Við gerð almannavarnaáætlana sé tryggt að upplýsingar um hættuástand og viðbrögð nái til fólks á ferð um landið.
4. Merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og þess gætt að þær séu auðskiljanlegar fyrir erlenda ferðamenn.
5. Aðgengi að skilgreindum „seglum“ verði tryggt allt árið, sbr. skýrsluna *Auðlindin Ísland*.
6. Skilgreindar verði lágmarkskröfur til upplýsingamiðstöðva sem lúta opinberu eftirliti.
7. Upplýsingamiðstöðvar sem lúta opinberu eftirliti verði auðkenndar sérstaklega.

VII. Fjölþjóðasamstarf.

1. Alþjóðlegt samstarf beinist sérstaklega að vestnorræna svæðinu öðrum norrænum löndum, meginlandi Evrópu og OECD-löndum.
2. Áfram verði haldið sérstöku samstarfi við önnur norræn lönd.
3. Kynning og aðstoð verði veitt við aðgang að fjármagni erlendis til verkefna í ferðaþjónustu.
4. Samstarf við erlenda ferðaþjónustuaðila verði aukið og því viðhaldið.
5. Þátttaka í fjölþjóðlegu tengslaneti verði aukin og því haldið við.

VIII. Gæða- og öryggismál.

1. Rekstrarleyfi verði höfð sýnileg, bæði á íslensku og fleiri tungumálum og útlit þeirra verði samræmt.
2. Áfram verði unnið að eflingu flokkunarkerfis gististaða og það kynnt frekar fyrir rekstraraðilum og neytendum.
3. Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi ráðstefnuaðstöðu.
4. Unnið verði að því að koma á flokkunarkerfi fólksflutningabifreiða.
5. Ferðamönnum sem ferðast um Ísland verði gert ljóst að þeir beri fulla ábyrgð á eigin gjörðum og þeim beri að fylgja leiðbeiningum sem þeir fá eða eru settar fram á viðkomustöðum þeirra.

IX. Umhverfismál.

1. Ferðamönnum verði gerð betur grein fyrir ábyrgð sinni varðandi verndun umhverfisins.
2. Skilgreindum „seglum“ til að dreifa álagi á landið verði fjölgað og þeir gerðir aðgengilegir árið um kring.

1281. Frumvarp til laga [648. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. samningsviðauki).

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins, ásamt viðauka, og með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 14 frá 13. maí 2004 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um breytingu á eftirlitskerfi samningsins.

b. 2. mgr. orðast svo:

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukar nr. 1, 4, 6, 7 og 13, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, og með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 14, eru birtir sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

b. falbýður án heimildar happdrættisleyfishafa hvers konar happdrættisgögn.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

12. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Gildistökuákvæði og brottfall eldri laga.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 6 15. júní 1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), með síðari breytingum, lög nr. 23 30. janúar 1945, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, lög nr. 15 31. janúar 1952, um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis, og lög nr. 89 28. desember 1957, um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

1284. Svar [747. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

1. *Hver voru meginatriði álits eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá janúar 2003?*
2. *Hvað taldi nefndin að helst mætti bæta í framkvæmd sáttmálans hérlendis?*

Önnur skýrsla Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var tekin fyrir af nefnd um réttindi barnsins í Genf hinn 28. janúar 2003. Sendinefnd Íslands var skipuð fulltrúum utanríkisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Skýrslan var samin í umsjón dómsmálaráðuneytis, en öll fyrrnefnd ráðuneyti komu að samningu hennar með einum eða öðrum hætti.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins birti niðurstöður sínar 31. janúar 2003. Lýsti nefndin yfir ánægju sinni með skýrslu Íslands og svör þau sem veitt voru í fyrirtökunni. Nefndin kvað einnig ánægjuefni þær ráðstafanir sem Ísland hefur gert í tilefni af fyrri tilmælum nefndarinnar. Auk þess var fagnað:

- fullgildingu á bókunum við samning gegn þátttöku barna í vopnaviðskiptum, barnasölu, barnavændi og barnaklámi,
- samþykkt barnaverndarlaga 2002,
- stofnun miðstöðvar til barnaheilsuverndar, og
- samþykkt heilbrigðisáætlunar (m.a. varnir gegn tóbaks- og áfengisneyslu, áætlun um geðheilbrigðisþjónustu og að draga úr meiðslum og dauðsföllum vegna slysa).

Einnig var fagnað mótun fjölskyldustefnu, stofnun Fjölskylduráðs, undirbúningi barnastefnu og að í barnaverndarlögum sé gert ráð fyrir fjögurra ára aðgerðaáætlunum félagsmálaráðuneytis og allra sveitarstjórna á sviði barnaverndar. Þá var fagnað stefnu yfirvalda í málefnum langveikra barna. Nefndin lýsti yfir ánægju sinni með herferð gegn einelti og að lífsleikni væri meðal námsgreina. Þá var fagnað nýlegum lögum gegn barnaklámi.

Í niðurstöðum nefndarinnar er auk framangreinds að finna lýsingu á áhyggjuefnum og tilmælum nefndarinnar. Verða helstu atriði reifuð hér á eftir, en ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Lagasetning, fjárveitingar: Fullnægjandi ráðstafanir verði gerðar svo að lög, stjórnvaldsfyrirmæli og aðgerðaráætlanir varðandi börn komi til framkvæmda, svo sem með fjárframlögum. Fjárveitingar verði auknar til að fylgja eftir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum barna.

Samræming í málefnum barna: Íhugað verði að veita Fjölskylduráði eða annarri stofnun umboð til að samræma störf hinna mismunandi aðila við framkvæmd barnasáttmálans.

Upplýsingar: Hvatt er til þess að áfram verði safnað tölfræðilegum upplýsingum á þeim sviðum er samningurinn tekur til.

Umboðsmaður barna: Embættinu verði tryggð aðstaða, mannafli og fé, til að það geti sinnt hlutverki sínu á árangursríkan hátt.

Fræðsla og kynning á samningnum: Yfirvöld eru hvött til að efla dreifingu upplýsinga um samninginn og framkvæmd hans og standa að kerfisbundinni og varanlegri fræðslu um mannréttindi fyrir alla sem starfa fyrir börn og með börnum.

Skilgreining á hugtakinu barn: Mælst er til þess að löggjöf verði endurskoðuð í því skyni að tryggja samræmi á aldursmörkum í ýmsum lögum.

Bann við mismunun: Frekari ráðstafanir verði gerðar til að bregðast við þeim möguleika að vandamál vegna kynþáttafordóma rísi í kjölfarið á fjölgun útlendinga í landinu.

Barnavernd: Foreldrar og aðrir sem sinna börnum verði vaktir til vitundar um bann við líkamlegum refsingum, haldið verði áfram að styrkja þær hugmyndir sem Barnahús byggist á og að kynningarstarf verði á afleiðingum slæmrar meðferðar á börnum.

Fjölskyldustefna: Sveitarfélög verði hvött til að móta opinbera fjölskyldustefnu, aukin verði aðstoð við einstæða foreldra og að Fjölskylduráði verði veitt nægilegt fé.

Heilbrigðismál: Aukinn verði stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna og haldið verði áfram og aukin viðleitni um að mæta öllum þörfum fatlaðra barna. Haldið verði áfram að kanna og meta eðli og umfang heilsufarsvandamála ungmenna.

Menntun: Mannréttindafræðsla verði felld inn í námskrár allra grunnskóla og framhaldsskóla, einkum hvað varðar virðingu fyrir mannréttindum og umburðarlyndi, svo og jafnrétti kynjanna og trúarlegra og þjóðernislegra minnihlutahópa. Styrktar verði ráðstafanir til að bregðast við tíðu brotthvarfi innflytjendabarna frá námi.

Vernd gegn kynferðislegri misnotkun: Mælst er til þess að börnum eldri en 14 ára verði í löggjöf tryggð full vernd gegn kynferðislegri misnotkun. Mótuð verði áætlun um aðgerðir gegn kynferðislegri misneytingu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Ungmenni sem sakamenn: Komið verði á sérstöku réttarfarskerfi í sakamálum ungmenna með alþjóðlegar viðmiðunarkröfur að leiðarljósi.

Kynning á skýrslunni: Skýrslan og skrifleg viðbótarsvör verði gerð almenningi sem víðast aðgengileg og skýrslan ásamt viðeigandi fylgigögnum verði birt. Þessu skjali verði dreift sem víðast svo að efna megi til umræðna um samninginn og framkvæmd hans.

3. *Til hvaða aðgerða hefur ríkisstjórnin gripið til að koma til móts við athugasemdir nefndarinnar?*

Dómsmálaráðuneytið hefur farið með samræmingarhlutverk þegar kemur að framkvæmd samningsins um réttindi barnsins. Úrvinnsla og greining á niðurstöðum nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er á sviði þeirra ráðuneyta sem þær snerta.

Dómsmálaráðuneytið boðaði fulltrúa félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis til tveggja funda árið 2003 til að fara yfir niðurstöður nefndarinnar, annars vegar í maí og hins vegar í september. Jafnframt voru þessum ráðuneytum sendar umræddar niðurstöður nefndarinnar í íslenskri þýðingu.

Í apríl 2005 skilaði nefnd um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga skýrslu til forsætisráðherra um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga. Nefndin var skipuð árið 2001 í framhaldi af þingsályktun um undirbúning heildstæðrar og samræmdrar opinberrar stefnu í málefnum barna og unglinga. Í skýrslu nefndarinnar er tekið fram að mið sé tekið af sáttmálanum um réttindi barnsins og þeim ábendingum sem eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna kom á framfæri við íslensk stjórnvöld. Nefndarstarfið fólst m.a. í viðræðum við börn um þarfir þeirra og var það byggt á ábendingum fyrrgreindrar nefndar Sameinuðu þjóðanna.

Nefnd um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga setti fram tillögur að níu markmiðum og má nálgast þær og skýrsluna í heild á heimasíðu forsætisráðuneytis. Forsætisráðherra hefur ákveðið að fela nefnd, sem hann skipaði til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar, að fara yfir þær tillögur sem fram koma í skýrslunni. Er nefndinni ætlað að fella þær að öðrum tillögum sem miða að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar og huga að gerð framkvæmdaáætlunar sem kveðið er á um í fyrrnefndri þingsályktun um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Auk þeirrar vinnu, sem farið hefur fram í framangreindri nefnd, hafa fjölmörg atriði komið til skoðunar á sviði einstakra ráðuneyta síðan niðurstöður nefndar um réttindi barnsins voru birtar. Skal nú talið upp það helsta á málefnasviði hvers ráðuneytis fyrir sig:

Dómsmálaráðuneyti.

Niðurstöður nefndarinnar lutu einkum að aðgerðum gegn kynferðislegri misnotkun barna og að komið yrði á sérstöku réttarfarskerfi í sakamálum ungmenna, þar á meðal ungmennadómstólum.

Töluvert hefur verið fjallað þá staðreynd að kynferðismök við 14 ára ungling eru refsilaus ef þau eru með hans vilja og samþykki, og ekki er hægt að sýna fram á að hann hafi verið tældur til þeirra (þ.e. svonefndur „kynferðislegur lögaldur"). Dómsmálaráðherra bað um álit refsiréttarnefndar á þessu atriði; hvort ástæða væri til að breyta 202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, með það fyrir augum að hækka lágmarksaldur til kynmaka, þ.e. kynmaka sem færu fram þvingunar- og blekkingarlaust að vilja beggja. Niðurstaða nefndarinnar var í stuttu máli sú að í fyrsta lagi verði lagareglur um kynferðislegan lögaldur að taka mið af íslenskum raunveruleika og upplýsingum um kynhegðun unglinga. Refsiréttarnefnd byggir í því atriði á skýrslu nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis frá árinu 2002, en hún er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins, en í skýrslunni segir m.a.: „Með því að hækka kynferðislegan lögaldur í hegningarlögum væri því verið að gera stóran hóp unglinga að afbrotamönnum."

Í öðru lagi kemru fram að hækkun á kynferðislegum lögaldri hafi í för með sér að rýmkað sé gildissvið refsiábyrgðar í tilviki tveggja einstaklinga sem hafa samræði af fúsum og frjálsum vilja. Það gangi óþarflega langt. Þegar um er að ræða að eldri einstaklingur leitast við að misnota sér vanþroska og trúgirni ungs fólks í kynferðislegum tilgangi er vakin athygli á því að refsilöggjöfin gerir nú þegar ráð fyrir refsiábyrgð í þessum tilvikum.

Í þriðja lagi bendir refsiréttarnefnd á að hækkun kynferðislegs lögaldurs mundi leiða til verulegra erfiðleika við rannsókn og saksókn mála af þessu tagi með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um kynhegðun ungmenna á aldrinum 14–15 ára hér á landi.

Í ljósi þessa hefur dómsmálaráðherra ákveðið að leggja ekki til lagabreytingar er varða breytingu á kynferðislegum lögaldri.

Hvað varðar tilmæli um að koma á sérstöku réttarkerfi í sakamálum ungmenna, þar á meðal ungmennadómstólum, er vert að upplýsa að skoðuð hafa verið úrræði vegna afbrota ósakhæfra ungmenna. Á síðasta ári skilaði nefnd, sem falið var að fara yfir og fylgjast með tilraunaverkefninu *Hringnum, um nýjar leiðir vegna afbrota ósakhæfra ungmenna,* dómsmálaráðherra skýrslu þar sem lagt var til að tekið yrði upp í íslenskt viðurlagakerfi sambærilegt úrræði fyrir sakhæf ungmenni, svokölluð sáttaumleitun. Með sáttaumleitun í sakamálum er átt við þá aðferð að leiða brotamann og brotaþola saman í því skyni að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft, fá hann til að friðmælast við brotaþola og skapa þar með grundvöll fyrir þá að komast að samkomulagi um málalok. Úrræði þetta byggist á hugmyndafræði um uppbyggilega réttvísi (restorative justice) sem hefur náð mikilli útbreiðslu víða um heim. Með hliðsjón af reynslu annarra þjóða á notkun þessa úrræðis taldi nefndin einsýnt að úrræðið sé sérstaklega vel til þess fallið að hafa uppeldisleg áhrif á unga brotamenn og leiða þá af braut afbrota. Á grundvelli tillagna nefndarinnar ákvað dómsmálaráðherra að hefja undirbúning á því að innleiða sáttaumleitun í íslenskt réttarkerfi og er sú vinna í fullum gangi í ráðuneytinu.

Auk þess má geta þess að nú þegar eru ýmis sérákvæði í lögum um meðferð opinberra mála sem taka sérstaklega á réttarstöðu ungra brotamanna, og því vart þörf á að koma á fót

sérstöku réttarfari að því er varðar ungmenni umfram það sem nú er. Hugmyndir um sérstaka ungmennadómstóla eru í algerri andstöðu við þá réttarþróun sem hefur orðið hér á landi undanfarin ár, þ.e. að fækka öllum sérdómstólum. Að setja á fót sérdómstól í málefnum ungmenna væri að þessu leyti afturför og yrði einungis til að gera kerfið þyngra, seinvirkara og dýrara. Nú eru þegar í lögum þeim er gilda um dómskipun og meðferð dómsmála ýmis úrræði fyrir dómstóla til að kalla til kunnáttumenn í málum er snerta ungmenni, sbr. m.a. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála og 2. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneyti.

i. Barnaverndarlög.

Setning barnaverndarlaga, nr. 80/2002, var mikið framfaraspor í málefnum barna. Með því voru reglur og allt verkferli barnaverndarmála gert ítarlegra og skýrara. Haldið hefur verið áfram að vinna að þessu og í samvinnu við Barnaverndarstofu hafa verið settar fjórar nýjar reglugerðir. Reglugerðirnar eru settar til nánari skýringar barnaverndarlögunum og ætlaðar að vera Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndum sveitarfélaganna til leiðbeiningar.

Reglugerðirnar eru þessar:

- Reglugerð um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.), nr. 366/2005. Endurskoða þurfti reglur á þessu sviði þar sem aðlaga þurfti reglurnar að þeirri flokkun sem barnaverndarlögin frá árinu 2002 gera ráð fyrir. Gildissvið reglugerðarinnar eru leyfisveitingar og fleiri atriði er varða vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda á einkaheimilum eða öðrum heimilum.
- Reglugerð um fóstur, nr. 804/2004. Í reglugerðinni er að finna skilgreiningar á mismunandi tegundum fósturs, þ.e. tímabundnu fóstri, styrktu fóstri, reynslufóstri og varanlegu fóstri. Þá er gerð grein fyrir því hvernig sótt er um og veitt leyfi til að gerast fósturforeldri. Samkvæmt reglugerðinni ber umsækjanda að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Í reglugerðinni er einnig fjallað um ráðstöfun barns í fóstur, fóstursamninga, lok fósturs, eftirlit og ábyrgð.
- Reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 652/2004. Reglugerðin fjallar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Í nýju reglugerðinni er fjallað um almenn stuðningsúrræði, sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda, tilsjónarmann og persónulegan ráðgjafa, stuðningsfjölskyldur og heimili og önnur úrræði. Í reglugerðinni kemur m.a. fram hvaða kröfur skal gera til þeirra sem taka að sér að veita þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga, svo sem um skyldu til að sækja um leyfi, skilyrði fyrir því að veita leyfi og endurnýjun leyfa.
- Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, nr. 56/2004. Í reglugerðinni er fjallað um fjölmörg atriði sem tengjast málsmeðferð, svo sem skráningu tilkynninga til barnaverndarnefndar, könnun barnaverndarmáls, gerð áætlana, hlutverk talsmanns og skráningu og meðferð persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd.

Barnaverndarlögin hafa reynst vel þann tíma sem liðinn er frá gildistöku þeirra í júní 2002. Í félagsmálaráðuneytinu er unnið að hugsanlegum breytingum á barnaverndarlögum með það að markmiði að tryggja samræmda og vandaða meðferð barnaverndarmála. Með þessu móti hefur ráðuneytið reynt að halda áfram að vinna að framgangi þessara mála hér á landi og tryggja þannig réttindi barna. Enn fremur styrkir félagsmálaráðuneytið samtök eins og Vímulaus æska og rekstur Barnahúss í samvinnu við Barnaverndarstofu o.fl. Auk þess

hafa verið til skoðunar ný úrræði á sviði barnaverndarmála með það að markmiði að ná til sem flestra barna sem eru í áhættuhópi.

ii. Fjölskylduráð.

Fjölskylduráð hefur styrkt verkefni á vegum Miðstöðvar barnaverndar, *Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar*, þar sem Miðstöð barnaverndar hefur staðið fyrir námskeiðum er beinast fyrst og fremst að foreldrum barna frá fæðingu til 18 mánaða. Fjölskylduráð hefur einnig átt frumkvæði að gerð svokallaðrar fjölskylduvogar sem er enn í smíðum, þar sem markmiðið er að geta mælt í mismunandi landshlutum og frá einum tíma til annars aðstæður íslenskra fjölskyldna og þá sérstaklega barnafjölskyldna. Mun slík vinna án efa gagnast til að mynda sveitarfélögum í að móta eigin fjölskyldustefnu.

iii. Fjölskylduvefur (www.fjolskylda.is).

Í maí 2004 opnaði félagsmálaráðherra fjölskylduvefinn. Meginhugmyndin að baki fjölskylduvefnum er að búa til upplýsingavef er geymi upplýsingar um helstu málefni er snerta líf fjölskyldna í landinu og auðvelda þannig fjölskyldum að átta sig á réttindum sínum og skyldum, og hvert eigi að sækja þá þjónustu sem í boði er. Þar er að finna upplýsingar varðandi atvinnu, íbúðarhúsnæði, barneignir, giftingu og sambúð, foreldrafræðslu, félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd svo eitthvað sé nefnt. Á fjölskylduvefnum er að finna safn upplýsinga er félagsmálaráðuneytið hefur umsjón með og tengingar við aðrar vefsíður er varða málefni fjölskyldna.

iv. Fjölskyldunefnd.

Áður hefur verið minnst á nefnd er forsætisráðherra skipaði til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar. Félagsmálaráðherra veitir verkefni nefndarinnar stuðning með skipun fulltrúa í nefndinni, sem og starfskröftum deildarsérfræðings skrifstofu fjölskyldumála félagsmálaráðuneytis, sem er annar starfsmaður nefndar forsætisráðherra. Sá hinn sami er jafnframt starfsmaður Fjölskylduráðs er án vafa styrkir bæði starf nefndarinnar og ráðsins.

v. Langveik börn.

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd 29. janúar 2001 sem hafði það hlutverk að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna langvarandi veikinda barns. Nefndin lagði fram tillögur sínar nú í byrjun ársins og miðast þar að því að bæði ríkið og sjúkra- og styrktasjóðir stéttarfélaga komi til móts við aðstæður foreldra langveikra og fatlaðra barna. Nefndin leggur til að framlag ríkisins komi fram í greiðslum til foreldra langveikra barna í allt að þrjá mánuði sem ætlað er að komi til móts við sannanlegt tekjutap þeirra.

vi. Málefni innflytjenda.

Í niðurstöðum eftirlitsnefndar er því beint til íslenskra stjórnvalda að frekari ráðstafanir verði gerðar til að bregðast við þeim möguleika að vandamál vegna kynþáttafordóma rísi í kjölfar fjölgunar útlendinga.

Félagsmálaráðuneytið hefur látið vinna skýrslu með tillögum að aðgerðum sem eiga að auðvelda innflytjendum aðlögun hér á landi. Tillögurnar voru nýlega kynntar í ríkisstjórn og miða að því að tryggja betur en nú er gert farsæla þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi. Börnin eru þar innanborðs og skiptir verulegu máli að þau fái sérstaka aðstoð og viðmót í leik- og grunnskóla, njóti öflugrar íslenskukennslu og samfélagið taki á móti þeim með við-

eigandi hætti. Þetta á einnig við um framhaldsskólann. Í tillögunum er lagt til að stofnað verði sérstakt innflytjendaráð og verkefni þess verði m.a. gerð þjónustusamninga um eftirfarandi:

a. Aðstoð við fyrstu skrefin á Íslandi. Innflytjendaráði er ætlað í samvinnu við Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun að tryggja að hverjum þeim sem fær dvalarleyfi á Íslandi bjóðist leiðsögn um íslenskt samfélag.
b. Öflun og umsýsla tölfræðilegra upplýsinga á sviði innflytjendamála í samvinnu við Hagstofu Íslands.
c. Samræming og miðlun upplýsinga til útlendinga á Íslandi og efling fræðslu um mannréttindi fyrir alla, sérstaklega með tilliti til ólíks uppruna, menningar, tungumáls og trúarbragða. Byggt verði á vinnu sem nú þegar liggur fyrir hjá ýmsum aðilum og bætt við þar sem þörf krefur.
d. Túlkaþjónusta sem nái til landsins alls. Byggður verði upp upplýsingagrunnur þar sem þörf á fjölda túlka verði metin. Lögð verði sérstök áhersla á fljótvirkt kerfi við túlkaþjónustu sem standist gæðakröfur.
e. Þjónusta við sveitarfélög: Innflytjendaráð skal markvisst kynna sveitarfélögunum þarfir og aðstæður innflytjenda. Áhersla skal lögð á heildræna þjónustu við fjölskyldur og gagnkvæma aðlögun.
f. Rannsóknir og þróunarstarf: Innflytjendaráð skal beita sér fyrir að gerðar séu rannsóknir og unnið að þróunarstarfi á þessu sviði og skal fylgjast reglubundið með viðhorfum innfæddra og innflytjenda til fjölmenningarsamfélagsins.

Allt eru þetta atriði sem, ef vel tekst til, munu hafa þau áhrif að draga úr fordómum og efla stöðu innflytjenda í landinu, þ.m.t. barnanna.

Þá má geta þess að Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Alþjóðahúsið, Rauði Krossinn og Velferðarsjóður barna standa saman að verkefninu *Framtíð í nýju landi* sem vinnur að því að styðja ungt fólk af víetnömskum uppruna til að afla sér menntunar við hæfi og starfsþjálfunar.

Fjölmenningarsetrið á Ísafirði, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið, hefur m.a. beitt sér fyrir því að kynna skólareglur á myndmáli sem ætlaðar eru grunnskólabörnum og foreldrum þeirra.

Enn fremur má nefna fjölmörg verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem lúta að því að tryggja gagnkvæma aðlögun og samþættingu innfæddra barna og innflytjendabarna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur unnið að ýmsum úrbótum í samræmi við ábendingar eftirlitsnefndarinnar frá því þær voru birtar. Ábendingar um heilbrigðisþjónustu barna og ungmenna lutu aðallega að gagnaöflun um heilsufar barna og samræmingu ýmissa þjónustuþátta, og svo þjónustu við fötluð börn, sem hér á landi er fyrst og fremst á starfssviði félagsmálaráðuneytis.

Söfnun tölfræðilegra heilbrigðisupplýsinga um börn hefur aukist og ábyrgð er skýrari í málaflokknum en verið hefur. Landlæknisembættið vinnur úr heilsufarsgögnum um börn og unglinga sem aflað er með skráningakerfi heilsugæslunnar í landinu, svonefndu Sögukerfi, en þróun þess gefur kost á mikilli gagnavinnu. Uppbygging heilbrigðistölfræðisviðs landlæknisembættisins mun auka möguleika á úrvinnslu og söfnun þessara gagna á komandi missirum. Hin nýja Lýðheilsustöð hefur nýverið gert samning við Háskólann á Akureyri um söfnun heilsufarsgagna um ungmenni, og verða þær upplýsingar unnar í samræmi við leiðbeiningar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Ísland hefur tekið virkan þátt í gerð við-

miða fyrir gagnasöfnun um heilsu barna á vegum Evrópusambandsins (CHILD verkefnið) og verða þau viðmið væntanlega notuð til að auðvelda samanburð á heilsu barna í Evrópulöndunum. Þá hafa margar kannanir hafa verið gerðar, m.a. á reykingum og neyslu áfengis og vímuefna, og er fylgst vel með þróuninni af hálfu Lýðheilsustöðvar.

Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna fjallar í raun bæði um langveik og fötluð börn, og er í stefnunni hugað að samræmingu á réttindum og kjörum þessara barna. Stefnan tekur til þátta á sviði heilbrigðis-, tryggingа-, félags- og menntamála. Heilbrigðisráðuneytið hefur haft formennsku í nefnd þessrara fjögurra ráðuneyta sem hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnumótun ríkisstjórnarinnar, sjá um að samræma aðgerðir sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og vera tengiliður hlutaðeigandi aðila. Á sviði heilbrigðismála hefur stórum hluta markmiða þegar verið náð og unnið er markvisst að þeim atriðum sem eftir standa. Nýlegt svar heilbrigðisráðherra (sjá þskj. 882 í 231. máli) við fyrirspurn um málefni langveikra barna varpar ljósi á stöðu þessara mála.

Miðstöð heilsuverndar barna, sem er hluti af Heilsugæslunni í Reykjavík, hefur fengið ráðgjafahlutverk á sviði heilsuverndar barna á landsvísu og fjallar nú um börn og unglinga allt að 19 ára aldri. Eru bundnar vonir við að þessi breyting efli þjónustu við grunnskólabörn og unglinga. og auki samræmi í þjónustu við þennan aldurshóp. Þá eru unglingamóttökur að hasla sér völl á heilsugæslustöðvum.

Í áliti eftirlitsnefndarinnar er vikið að þekkingu heilbrigðisstarfsfólks og annarra á viðbrögðum við ofbeldi og misnotkun. Er rétt í því sambandi að minna á munnlegt svar heilbrigðisráðherra á yfirstandandi löggjafarþingi við fyrirspurn frá Björgvini G. Sigurðssyni um fræðslu um meðferð kynferðisafbrota (105. mál).

Enn fremur má geta þess að í heilbrigðisráðuneytinu hefur verið unnið að fleiri breytingum á högum barna sem eru í samræmi við ábendingar eftirlitsnefndarinnar. Má nefna fyrirhugaða uppbyggingu á BUGL, þar sem stefnt er að fjölgun legurýma en þó fyrst og fremst auknum stuðningi við skjólstæðinga sem ekki eru lagðir inn. Um sjö mánaða skeið starfaði í heilbrigðisráðuneytinu verkefnisstjóri sem hafði það hlutverk að skila til ráðherra tillögum um samræmingu þjónustu heilbrigðis-, félags- og menntakerfis við börn og ungmenni með geðraskanir.

Loks má geta þess að Ísland var valið sem svokallað „pilot"-land alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar við undirbúning stefnumótunar fyrir Evrópu í heilbrigðismálum barna og ungmenna og tekur virkan þátt í mótun þeirrar stefnu. Þar er gert ráð fyrir þónokkurri gagnaöflun aðildarríkjanna um börn og unglinga.

Menntamálaráðuneyti.

Gildandi aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla er frá 1999. Almennur hluti aðalnámskrár framhaldsskóla kom út í endurskoðaðri útgáfu árið 2004 og í nýjustu útgáfunni er lögð aukin áhersla á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Sérstök áhersla er lögð á jafnréttismarkmið í áfangalýsingum félagsfræði, uppeldisfræði og sálarfræði, auk lífsleikninnar. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra." Í kafla um skólanámskrá er lagt til í aðalnámskránni að skólar geri grein fyrir stefnu skólans í jafnréttismálum og hvernig hún birtist í daglegu starfi hans.

Í endurskoðaðri aðalnámskrá framhaldsskóla segir á bls. 5: „Skólar skulu leitast við að koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með öflugri íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu svo og annarri aðstoð eftir mætti. Miklu máli skiptir að allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum. Skólar skulu leitast við að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi með skýrum námskröfum, fjölbreyttu námsframboði, upplýsingamiðlun, ráðgjöf, góðri leiðsögn og samstarfi við forráðamenn eftir því sem kostur er."

Í tengslum við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum hefur menntamálaráðuneytið unnið að ýmsum verkefnum á sviði jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Í aðalnámskrá í náttúrufræði frá 1999 fyrir grunnskóla er sérstaklega á það bent að athugað skuli að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri. Þróunarsjóður framhaldsskóla auglýsti sérstaklega í vetur eftir verkefnum á sviði jafnréttisfræðslu og Þróunarsjóður grunnskóla mun einnig auglýsa eftir jafnréttisfræðsluverkefnum við næstu úthlutun.

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförnum árum styrkt ýmis verkefni úr Þróunarsjóði grunnskóla og framhaldsskóla til þess að þróa kennsluhætti og námsskipulag og námsefnisgerð í tengslum við kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Einnig hefur Námsgagnastofnun og aðrir aðilar gefið út námsefni fyrir þennan hóp nemenda. Unnin hafa verið tilraunaverkefni við einstaka framhaldsskóla til að skipuleggja nám við hæfi fyrir nemendur af erlendum uppruna með það að markmiði að draga úr brottfalli þessa nemendahóps.

Hafin er endurskoðun á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla í tengslum við áform menntamálaráðuneytisins um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Í tengslum við þá endurskoðun verður m.a. farið yfir þá þætti sem gagnrýndir voru af barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og athugað með hvaða hætti best sé að skipa þeim málum.

4. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að kynna álit eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna?

Niðurstöðurnar voru þýddar á íslensku og sendar félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti í maí 2003. Þær hafa nú verið birtar á heimasíðu dómsmálaráðuneytis.

1285. Svar [768. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um matvöruverð.

1. Hefur verið kannað í ráðuneytinu að hvaða marki verð innfluttrar matvöru til neytenda hefur lækkað með hækkuðu gengi krónunnar?

Viðskiptaráðuneytinu er kunnugt um að Alþýðusamband Íslands og Neytendasamtökin hafa birt samanburð á þróun gengis og verðlags nokkurra flokka neysluvara, þar með talið matvara. Hins vegar hefur ráðuneytið ekki framkvæmt könnun á áhrifum hækkunar gengis krónunnar síðustu missiri á verð innfluttrar matvöru.

Í greinargerð ASÍ frá 24. janúar 2005 segir m.a.: „Vísitala á innfluttum mat- og drykkjarvörum hefur fylgt nokkuð vel eftir þróun gengisvísitölunnar. Mikil hækkun varð á þessum lið samfara gengislækkuninni frá janúar 2000 til janúar 2002, þegar vísitalan hækkaði um tæp 27%, en upp úr því tók hún að lækka, lækkaði um 12,6% á árinu 2002, og hefur síðan verið nokkuð stöðug og lækkaði um 0,9% frá desember 2003 til desember 2004."

Í frétt Neytendasamtakanna frá 22. mars 2005 segir m.a.: „Strax í byrjun árs 2002 tók krónan að styrkjast og hefur aldrei verið jafn sterk og nú. Eins og sjá má í töflu 1 hefur dollarinn lækkað um rúm 42% á tímabilinu desember 2001 til febrúar 2005, evran um 15,5% og gengisvísitalan um rúm 25%. Á sama tímabili hefur verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum aðeins lækkað um 10,5%."

Þessi tvö dæmi sýna glöggt að niðurstaða slíks samanburðar er mjög háð því hvaða tímabil eru valin og við hvaða gjaldmiðla er miðað. Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til framangreindra úttekta og telur að ítarlegri rannsókn þurfi til að varpa skýru ljósi á efni spurningarinnar en það hefur tök á að svo stöddu. Í þessu samhengi bendir ráðuneytið á að verð á innfluttum vörum er ekki nema að hluta til tengt gengisþróun og ræðst það meðal annars af hlutdeild og þróun innlends kostnaðar í heildarvöruverði. Ýmsar ástæður má hér nefna, svo sem þróun launakostnaðar og tímasetningar kjarasamninga, umfang birgða og notkun gengisvarna við innkaup.

Alþjóðlegar rannsóknir sýna að útflytjendur eru tregir til að breyta útflutningsverði í takt við þróun gengis í innflutningslandi. Tvær kenningar eru helst nefndar til skýringar, þ.e. að gengislækkun sé ekki mætt með verðhækkun að fullu í því skyni að auka markaðshlutdeild – og öfugt í tilfelli gengishækkunar – og að kostnaður við að breyta verði leiði til þess litlar gengisbreytingar endurspeglist ekki í verðlagi.

2. *Hvernig er eftirliti með slíkum breytingum háttað og því að gengisbreytingar skili sér til neytenda þegar gengi krónunnar hækkar?*

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Með aðgerðum sínum við að ná þessu markmiði laganna reyna samkeppnisyfirvöld að stuðla að sem lægstu verði fyrir neytendur. Samkeppnisstofnun gerir reglulega verðkannanir í því skyni að efla verðskyn neytenda og auka þrýsting á samkeppni. Þess er vænst að virk samkeppni leiði til þess að verð á vöru og þjónustu til neytenda sé sem lægst. Ef lækkandi kostnaðarverð á innfluttri vöru kemur ekki fram í lækkuðu verði til neytenda getur það verið vísbending um ónóga samkeppni. Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar hefur stofnunin ekki rannsakað hvort breytingar á gengi krónunnar hafa endurspeglast í smásöluverði innfluttrar vöru.

Ekkert opinbert verðlagseftirlit er starfrækt hér á landi og því er ekkert opinbert eftirlit með því að breytingar á söluverði innfluttra vara endurspegli gengisþróun íslensku krónunnar. Að einhverju marki má þó lesa þessa þróun út úr breytingum á einstökum liðum í vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands mælir.

3. *Er ástæða til að kanna hvers vegna kaffi, te og kakó er mun dýrara hér en annars staðar?*

Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar gerði stofnunin samanburð á verði matvöru hér á landi og erlendis haustið 2000. Sá samanburður sem þá var gerður og miðaðist við nokkrar borgir á Norðurlöndum birtist í skýrslu stofnunarinnar um matvörumarkaðinn vorið 2001. Samanburðurinn sýndi að matvöruverð í Reykjavík var almennt allnokkru hærra en í samanburðarborgunum. Kaffi, te og kakó skar sig ekki úr í þeim samanburði. Var verð á te reyndar svipað þá í hinum erlendu borgum og það var í Reykjavík. Niðurstaðan gaf ekki sérstakt tilefni til að rannsaka verðmyndun á kaffi, te og kakói.

4. *Hefur verið skoðað hvort fákeppni á matvörumarkaði hefur áhrif á vöruverð, sbr. það álit Samkeppnisstofnunar, sem fram kemur í skýrslu 2001, að skýra megi hækkandi verslunarálagningu með minnkandi samkeppni?*

Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar hefur ekki farið fram sérstök almenn athugun á íslenska matvörumarkaðnum frá því framangreind skýrsla var samin. Hins vegar stendur nú yfir rannsókn sem samkeppnisyfirvöld alls staðar á Norðurlöndum taka þátt í. Markmiðið með henni er að leiða í ljós ástæður þess að matvöruverð er almennt hærra á Norðurlöndum en í öðrum löndum hins Evrópska efnahagssvæðis. Er stefnt að því að niðurstöður úr rannsókninni geti legið fyrir næsta haust.

Í þessu samhengi vill ráðuneytið benda á að undanfarið hefur geisað mikið verðstríð hjá verslunum á íslenska matvörumarkaðnum, einkum á milli stórra verslunarkeðja. Slíkt verðstríð gefur vissulega vísbendingar um virka samkeppni. Hins vegar kunna hugsanleg langtímaáhrif slíks verðstríðs að valda áhyggjum um stöðu smærri verslana sem borið hafa sig aumlega yfir meintri undirverðlagningu stórverslanakeðja. Möguleg gjaldþrot veikari aðila á þessum markaði geta hugsanlega ýtt undir frekari samþjöppun á matvörumarkaði.

1286. Nefndarálit [493. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín gesti.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar frá gildandi tollalögum en ljóst er eftir umfjöllun nefndarinnar að þar þarf að skoða margt betur. Tollalög eru þess eðlis og varða slík réttindi að mikilvægt er að til þeirra sé vandað svo sem frekast er unnt. Ýmsir gestir nefndarinnar og umsagnaraðilar, þar á meðal Samtök verslunar og þjónustu, Tollvarðafélagið, BSRB og embætti skattrannsóknarstjóra gagnrýndu ákvæði frumvarpsins.

Verkaskipting milli tolls og lögreglu.

Meðal veigamikilla atriða sem minni hlutinn telur þarfnast mun meiri íhugunar en liggur að baki frumvarpinu er verkaskipting og valdmörk milli lögreglu og tollstjóra. Af umsögnum að dæma er augljóst að ákvæði er þetta varða, þar á meðal 185. gr., eru ekki nægilega skýr. Afar mikilvægt er að öllum sé ljóst frá frumstigi hver eigi að fara með mál og dugar að benda á þau vandkvæði sem upp komu vegna rannsókna á samkeppnislagabrotum fyrir nokkrum missirum. Oft er erfitt að ákvarða alvarleika og eðli tollalagabrota og æskilegt að lagatexti sé sem allra skýrastur um hvaða brot skuli rannsökuð af lögreglu og hver af tollstjórum. Ákvæði frumvarpsins um þetta hafa sýslumenn m.a. gagnrýnt. Því er ólíklegt að mikið samráð hafi verið haft við þá við gerð frumvarpsins eða það ítarlega rannsakað áður en frumvarpið var lagt fram hvernig best væri að haga þessari verkaskiptingu. Fyrir dyrum hefur staðið heildarendurskoðun á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og telur minni hlutinn að eðilegra væri að skoða verkaskiptingu milli lögreglu og tollyfirvalda í tengslum við þá endurskoðun frekar en að binda nú í lög umdeilda verkaskiptingu sem líklegt er að verði að breyta innan fárra ára, hvort sem það verður vegna endurskoðunar á lögum um meðferð opinberra mála eða fækkunar tollumdæma.

Sakarskilyrði.

Í frumvarpinu er refsiábyrgð tollmiðlara, farmflytjenda og annarra sem koma að innflutningi hert frá gildandi rétti og miðað við að venjulegt gáleysi sé nægjanlegt til að fella sakarábyrgð á einstaklinga, sbr. 1.–3. mgr. 172. gr. Þetta gagnrýndu umsagnaraðilar eins og Samtök verslunar og þjónustu harðlega. Skattrannsóknarstjóri færði aftur á móti í umsögn sinni rök fyrir því að rétt væri að breyta refsiskilyrðum, t.d. 4. mgr. 172. gr., til samræmis við skilyrði laga um tekjuskatt og eignarskatt þannig að ekki þurfi að sanna ásetning svo að brot geti varðað fangelsisrefsingu, sérstaklega ef brot er stórfellt.

Minni hlutinn telur sakarskilyrði laganna þarfnast verulegrar endurskoðunar og að ekki sé mögulegt fyrir nefndina að endurskoða þau ákvæði svo vel sé nema fyrst fari fram samanburður við ákvæði annarra laga á sviði skattaréttar og refsiréttar.

Heimild tollstjóra til endurálagningar tolla og gjalda.

Minni hlutinn telur að ákvæði frumvarpsins um endurálagningu tolla og gjalda verði að rannsaka nánar. Ýmsir umsagnaraðilar gagnrýndu þessi ákvæði og hvöttu til þess að frumvarpið yrði ekki afgreitt á þessu þingi heldur yrði unnið milli þinga að ásættanlegri lausn fyrir bæði ríki og innflytjendur enda ljóst að endurálagning allt upp í sex ár aftur í tímann getur valdið innflytjendum verulegum rekstrarvanda. Hefði verið rétt að skoða þessar heimildir nánar í samhengi við lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Vextir.

Minni hlutinn telur að rétt hefði verið að ræða mun ítarlegar þann mun sem er á milli vaxta sem einstaklingar verða að greiða til ríkis vegna vangreiddra gjalda og svo skyldu ríkisins þegar það þarf að endurgreiða oftekin gjöld. Þennan mismun þarf að skoða í samhengi við önnur lög á skattasviðinu

Tollembætti.

Minni hlutinn vill líka benda á að umsagnaraðilar leggja til að tollumdæmum verði fækkað frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Slík breyting hefur lengi verið til umræðu og af mörgum talin nauðsynleg, m.a. til að ná fram samræmi í framkvæmd laganna. Í upphaflegu frumvarpi til tollalaga, sem dreift var til kynningar undir lok 130. þings, var gert ráð fyrir töluvert ólíku skipulagi tollyfirvalda en því sem nú er lagt til. Í frumvarpinu sem lagt var fram á 130. þingi var gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík færi með tollamálefni í umboði ráðherra og tollumdæmum yrði fækkað úr 26 í níu.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram að fallið hefði verið frá fækkun tollumdæma m.a. vegna þess að til stæði að skoða mögulegar breytingar í þessum efnum á næstunni í samhengi við endurskoðun annarra stjórnsýslusviða, svo sem lögreglu og sýslumanna.

Minni hlutinn telur að gera þurfi ítarlega úttekt á kostum þess og göllum ef fækka á tollumdæmum og meta sérstaklega áhrifin á landsbyggðina, m.a. hvort færa mætti einhver verk tollgæslunnar sem nú eru unnin í Reykjavík út á land þó að umdæmum hennar verði fækkað.

Tollverðir.

Þá telur minni hlutinn að rétt hefði verið að að taka tillit til ábendinga Tollvarðafélagsins og BSRB um skilgreiningu á tollvarðastarfinu og á hvaða forsendum heimilt er að fela öðrum en tollvörðum tollgæsluvald.

Niðurstaða.

Við meðferð frumvarpsins gafst nefndinni ekki nokkur kostur að vinna í og fara yfir tollskrá sem er fylgiskjal með frumvarpinu en bæði Neytendasamtökin og nokkrir innflytjendur hvöttu til ítarlegrar endurskoðunar á henni.

Minni hlutinn telur rétt að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað og nefndin vinni að því í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila og framkvæmdarvaldsins að bæta frumvarpið og samræma það betur öðrum lögum þannig að það geti orðið sá grundvöllur að innflutningsviðskiptum sem því er ætlað að vera.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Helgi Hjörvar.

Ögmundur Jónasson.

1287. Breytingartillaga [698. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við 9. gr.

a. Lokamálsliður 2. efnismgr. orðist svo: Vegagerðin skal leita aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutæki í þessum tilvikum.
b. Orðin „eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar“ í 3. efnismgr. falli brott.

1288. Breytingartillaga [699. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við 9. gr.

a. 1. og 2. efnismgr. orðist svo:
   Hergögn má ekki flytja með íslenskum loftförum. Bann þetta á ekki við um loftför Landhelgisgæslu Íslands eða íslenskra lögregluyfirvalda. Samgönguráðherra setur fyrirmæli um hvað telst hergögn.
   Eiturefni hættuleg fólki má ekki flytja með íslenskum loftförum sem eru í farþegaflugi.
b. 3. efnismgr. falli brott.

1289. Nefndarálit [590. mál]

um frv. til samkeppnislaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Áslaugu Árnadóttur, Benedikt Árnason og Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti, Stefán Má Stefánsson prófessor, Sigurð Tómas Magnússon frá dómstólaráði og Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jóhannes Gunnarsson og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Tryggva Axelsson og Snæbjörn Kristjánsson frá Löggildingarstofu og Georg Ólafsson, Guðmund Sigurðsson, Önnu Birnu Halldórsdóttur, Steingrím Ægisson, Arnar Óðin Arnþórsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnisstofnun.

Fjallað var um málið samhliða máli nr. 591, frumvarpi til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, og máli 592, frumvarpi til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Í þessum þremur frumvörpum er lögð til breyting á skipulagi opinbers eftirlits með samkeppni og markaðsmálum hér á landi. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er klofið frá eftirliti með samkeppnishamlandi aðgerðum og tengslum aðila á markaði og það falið nýrri stofnun, Neytendastofu. Neytendastofa tekur við þessu eftirliti ásamt núverandi verkefnum Löggildingarstofu auk þess sem þar verður hýst nýtt embætti talsmanns neytenda. Löggildingarstofa verður lögð niður. Samkeppniseftirliti sem stjórnað er af forstjóra og stjórn verður falið allt annað eftirlit með samkeppnismálum á grundvelli samkeppnislaga og Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð verða lögð niður. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins munu sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Tillögur að breyttu skipulagi eftirlitsins byggjast m.a. á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og miða að því að einfalda stjórnsýslu á sviði samkeppnismála. Nefndin var skipuð af viðskiptaráðherra í janúar 2004 og skilaði hún áliti sínu í ágúst sama ár.

Í frumvarpinu eru Samkeppniseftirliti veittar heimildir sem Samkeppnisstofnun hefur ekki í dag. Þar má nefna að stofnunin fær skýrar lagaheimildir til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu en c-liður 17. gr. gildandi samkeppnislaga, sem veitir samkeppnisráði heimild til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, er ekki tekinn upp í frumvarpinu. Þá er Samkeppniseftirliti gert að birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Einnig eru lagðar til nokkrar efnislegar breytingar frá gildandi samkeppnislögum um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans og vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðin).

Það er álit meiri hlutans að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og framangreindum fylgifrumvörpum þess sé verið að efla hlut samkeppnismála og neytendaverndar bæði með bættum reglum og eflingu stofnana.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni hlaut VIII. kafli þess, um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, mikla umfjöllun og þá sérstaklega 27. gr. Þar er kveðið á um að þegar dómstóll fellir úrskurð eða kveður upp dóm um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrskurður hans eða dómur ekki brjóta í bága við þá ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin hefur tekið. Hann skal enn fremur forðast að fella úrskurði eða kveða upp dóma sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin kann að taka í máli sem hún hefur tekið til meðferðar. Þetta byggist m.a. á markmiði aðildarríkja EES-samningsins um samræmda framkvæmd samkeppnisreglna.

Með þessu ákvæði er lagt til að innleidd verði skuldbinding er leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 og samningi EFTA-ríkjanna um breytingu á framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins. Nefndin hefur ákveðið að leggja til að ákvæðið verði lögfest óbreytt og bendir á eftirfarandi í því sambandi:

Það er meginmarkmið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 um breytingar á framkvæmd samkeppnisreglna Evrópusambandsins að draga úr miðstýringu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á þessu sviði og auka hlutdeild dómstóla í aðildarríkjunum í beitingu þeirra samkeppnisreglna, sem hingað til hefur eingöngu verið á færi framkvæmdastjórnarinnar að beita. Á sama hátt miðar upptaka þessarar gerðar með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 og viðeigandi breytingu á samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að því að færa lögsögu í sömu málum til samkeppnisyfirvalda og dómstóla í EFTA-ríkjunum, en hingað til hefur Eftirlitsstofnun EFTA ein fjallað um þau mál. Í því felst að innlendum dómstólum er í reynd fært vald sem að gildandi rétti hefur eingöngu verið á hendi Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Að þessu leyti er því gengið töluvert skemur í framsali ríkisvalds en nú gildir. Þó er eftir sem áður gert ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA geti áfram tekið ákvörðun í slíkum málum. Því er sá möguleiki fræðilega fyrir hendi að sama mál reki bæði á fjörur Eftirlitsstofnunar EFTA annars vegar og innlendra samkeppnisyfirvalda og dómstóla hins vegar. Ákvæði 1. mgr. 16. gr. EB-reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samnings EFTA-ríkjanna og 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins, er ætlað að koma í veg fyrir að þessir aðilar, þ.e. innlendir dómstólar annars vegar og Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar, komist að ólíkum niðurstöðum í slíkum tilvikum.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. hefur takmarkað gildissvið. Í fyrsta lagi takmarkast gildissvið hennar af því að innlendir dómstólar þurfa einungis að fara eftir ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA þegar hún hefur tekið ákvörðun í sama máli og er fyrir innlendum dómstólum. Hafi Eftirlitsstofnunin ekki lokið meðferð máls þegar því er stefnt fyrir innlendan dómstól ber honum á sama hátt að forðast að leysa úr því á annan hátt en Eftirlitsstofnunin mundi gera. Líklegra er þó að dómstóll fresti frekar meðferð málsins. Með sama máli er átt við að málsaðilar séu þeir sömu og að það varði sama sakarefni. Í öðru lagi takmarkar það gildissvið ákvæðisins að á það reynir einungis í málum er varða 53. og 54. gr. EES-samningsins, þ.e. þegar fjallað er um brot á samkeppnisreglum EES-samningsins sem hafa áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu. Má við þetta bæta að á þeim rúma áratug sem liðinn er frá gildistöku EES-samningsins hefur Eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið neina ákvörðun sem beinist að meintum brotum íslenskra fyrirtækja á þessum tilteknu ákvæðum EES-samningsins. Innlendum dómstólum er færð lögsaga í þessum afmörkuðu samkeppnismálum þó hún sé áfram takmörkuð hvað varðar mál sem Eftirlitsstofnun EFTA eða dómstóllinn hafa haft til meðferðar.

Fyrirliggjandi er lögfræðiálit Davíðs Þórs Björgvinssonar, fyrrv. prófessors, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að það „framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins, sem

í 27. gr. frumvarpsins verður talið felast, geti rúmast innan þeirra heimilda sem löggjafinn hefur samkvæmt þeirri reglu sem talin er gilda hér á landi". Í álitinu er lagt til grundvallar að til sé að íslenskum rétti regla er heimilar löggjafanum framsal ríkisvalds til alþjóðastofnunar í takmörkuðum mæli og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á hinn bóginn er ekki dregin dul á að vafi ríki um inntak slíkrar reglu og að ytri mörk heimildarinnar séu alls ekki skýr. Sé hins vegar tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar fela þau í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta. Ef þessi sjónarmið eru lögð til grundvallar telur nefndin að færa megi fyrir því veigamikil rök að löggjafanum sé játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem lagt er til í frumvarpinu. Samkvæmt því hlýtur það að vera Alþingis sem æðsta handhafa löggjafarvalds og valdamestu stofnunar ríkisins að áskilja sér svigrúm til að móta inntak samskipta við aðrar þjóðir og fjölþjóðlegar stofnanir í framkvæmd og beita þeirri reglu sem hér hefur verið talin gilda um framsal ríkisvalds á þann hátt að íslenska ríkið geti áfram verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Orðalagi 10. tölul. 4. gr. verði verði breytt til samræmis við ákvæði gildandi samkeppnislaga og fyrirliggjandi frumvarps um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins.
2. Ákvæði 5. gr. um hlutverk stjórnar verði breytt og það gert skýrara að aðeins þurfi að bera undir stjórn meiri háttar efnislegar ákvarðanir í einstökum málum eins og niðurstöður mála en ekki ákvarðanir varðandi framkvæmd í einstökum málum, svo sem hvort hefja eigi rannsókn einstakra mála eða ráðast í rannsóknaraðgerð. Einnig er lagt til að stjórn verði gert að setja sér starfsreglur sem skuli birtar en með því vill nefndin tryggja að fylgt verði góðum stjórnsýsluháttum í störfum hennar.
3. Stjórn setji forstjóra starfslýsingu m.a. í þeim tilgangi að tryggja forstjóra ákveðið sjálfstæði og eðlileg samskipti milli hans og stjórnarinnar. Ljóst er að undir stjórn forstjóra munu oft vera vandasöm og viðkvæm mál og þá nauðsynlegt að staða hans og valdmörk séu skýr.
4. Málshöfðun fresti réttaráhrifum ákvörðunar um breytingu á skipulagi en ljóst er að verði slík ákvörðun dæmd ógild er vandasamt eða ómögulegt að leiðrétta hana og vandkvæðum bundið að ákvarða bætur. Því telur nefndin rétt að málshöfðun fresti áhrifum slíkrar ákvörðunar.
5. Ráðherra verði heimilað að skipa stjórn Samkeppniseftirlitsins fyrir 1. júlí þegar sú stofnun tekur til starfa, m.a. svo að stjórn gefist tími til að ráða fólk frá Samkeppnisstofnun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.		Una María Óskarsdóttir.

1290. Breytingartillögur [590. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, GunnB, UMÓ).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „keppinauta“ í c-lið komi: samkeppnisaðila.
2. Við 4. gr. 10. tölul. 1. mgr. orðist svo: *Verð* er andvirði vöru og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.
3. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „Meiri háttar“ í síðari málslið 3. mgr. komi: efnislegar.
   b. Við 3. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórnin skal setja sér starfsreglur, þar sem m.a. skal kveðið á um hvað teljist til meiri háttar ákvarðana. Reglurnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Við 6. gr. Við lokamálslið 1. mgr. bætist: og setur honum starfslýsingu.
5. Við 14. gr. Í stað orðanna „einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi“ í lokamálslið komi: starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.
6. Við 1. mgr. 22. gr.
   a. Í stað orðanna „hjá íslenskum aðilum“ komi: hér á landi.
   b. Í stað orðsins „starfsreglum“ komi: reglum.
7. Við 41. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal málshöfðun fyrir dómstólum fresta réttaráhrifum úrskurðar áfrýjunarnefndar um breytingar á skipulagi, sbr. 2. mgr. 16. gr.
8. Við 44. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.
9. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

   Starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skal boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar 1. júlí 2005, þ.e. Samkeppniseftirliti og Neytendastofu. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

   Viðskiptaráðherra er heimilt að skipa þegar stjórn Samkeppniseftirlitsins og skal stjórnin hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Samkeppnisstofnunar annað starf hjá Samkeppniseftirlitinu, sbr. 1. mgr., eftir 1. júlí 2005.

1291. Nefndarálit [591. mál]

um frv. til l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið fengið á sinn fund Jónínu Lárusdóttur, Áslaugu Árnadóttur, Benedikt Árnason og Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti, Stefán Má Stefánsson prófessor, Sigurð Tómas Magnússon frá dómstólaráði og Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtök-

um atvinnulífsins, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jóhannes Gunnarsson og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Tryggva Axelsson og Snæbjörn Kristjánsson frá Löggildingarstofu og Georg Ólafsson, Guðmund Sigurðsson, Önnu Birnu Halldórsdóttur, Steingrím Ægisson, Arnar Óðin Arnþórsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnisstofnun.

Málið var rætt í nefndinni samhliða umfjöllun um mál 590, frumvarp til samkeppnislaga, og mál 592, frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Það er sá hluti gildandi samkeppnislaga sem klofinn er frá öðru samkeppniseftirliti samkvæmt framangreindum frumvörpum sem byggjast á niðurstöðum nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi. Megintilgangur frumvarpsins er sá að efla neytendavernd með því gera ákvæði laga skýrari og efla eftirlit. Flest ákvæði frumvarpsins er nú að finna í VI. og VII. kafla samkeppnislaga og því er fáar nýjungar að finna í efnisákvæðum þess. Þar eru aftur á móti lagðar til breytingar varðandi eftirlit og stjórnsýslu, en eftirlit er falið Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála.

Meiri hlutinn leggur til að orðunum „reglum og“ verði bætt inn í d-lið 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins um við hvaða brotum megi leggja á sektir og að við frumvarpið bætist ný grein þar sem kveðið verði á um að ákvörðun Neytendastofu verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Er það til samræmis við gildandi rétt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Una María Óskarsdóttir.		Gunnar Birgisson.

1292. Breytingartillögur [591. mál]

við frv. til l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, UMÓ, GunnB).

1. Við 22. gr. Á undan orðunum „fyrirmælum Neytendastofu“ í d-lið 1. mgr. komi: reglum og.
2. Á eftir 24. gr. komi ný grein, 25. gr., svohljóðandi:
   Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

1293. Nefndarálit [592. mál]

um frv. til l. um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu Lárusdóttur, Áslaugu Árnadóttur, Benedikt Árnason og Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti, Stefán Má Stefánsson prófessor, Sigurð Tómas Magnússon frá dómstólaráði og Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jóhannes Gunnarsson og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Tryggva Axelsson og Snæbjörn Kristjánsson frá Löggildingarstofu og Georg Ólafsson, Guðmund Sigurðsson, Önnu Birnu Halldórsdóttur, Steingrím Ægisson, Arnar Óðin Arnþórsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnisstofnun.

Fjallað var um málið samhliða máli nr. 590, frumvarpi til samkeppnislaga, og máli 591, frumvarpi til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að stofnsett verði ný stofnun, Neytendastofa, til að taka við eftirliti Samkeppnisstofnunar með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, og þeim verkefnum sem nú eru unnin hjá Löggildingarstofu. Hins vegar er lagt til að komið verði á fót embætti talsmanns neytenda. Löggildingarstofa verður lögð niður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Verkefnasvið Neytendastofu verður samkvæmt frumvarpinu rúmt og tekur til fjölbreyttra þátta opinberrar neytendaverndar. Auk þess að vera falið að hafa auga með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins mun stofnunin fara með verk Löggildingarstofu sem eru eftirlit með öryggi vöru, mælifræði og rafmagnsöryggi. Þótt verkefnin séu af mismunandi toga varða þau öll neytendur og eftirlit með þeim fer vel saman á einni hendi.

Neytendastofu verða einnig falin ýmis önnur verkefni en að framan eru talin og heyra nú undir Samkeppnisstofnun eða Löggildingarstofu samkvæmt ákvæðum annarra laga. Þau lög sem um ræðir eru lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, lög um neytendalán, nr. 121/1994, lög um alferðir, nr. 80/1994, lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994, lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, og lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994.

Talsmanni neytenda er ætlað að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og efla neytendavernd. Ráðherra mun skipa talsmann neytenda til fimm ára og á hann að vera öðrum óháður í störfum sínum. Í frumvarpinu er lagt til að embættið verði tengt starfsemi Neytendastofu á þann hátt að þar hafi hann aðsetur og njóti liðsstyrks starfsmanna Neytendastofu í daglegum störfum. Talsmaður neytenda mun geta tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði en honum er ekki ætlað að taka stjórnvaldsákvarðanir í verkefnum sem falin eru stjórnvöldum samkvæmt lögum né heldur er honum ætlað að leysa úr ágreiningi kaupanda og seljanda um einstök atriði eða tiltekin kaup. Talsmanni neytenda er frekar ætlað að taka við erindum frá neytendum, gefa út álitsgerðir og hafa frumkvæði að úrbótum og annast þannig hagsmunagæslu fyrir neytendur.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Krafa um að forstjóri Neytendastofu og talsmaður neytenda hafi háskólapróf verði felld brott.
2. Kveðið verði á um rétt talsmanns neytenda til að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið.
3. Ráðherra verði heimilað að skipa tveggja manna undirbúningsnefnd til að undirbúa stofnun Neytendastofu í tengslum við niðurlagningu Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Birgir Ármannsson.

Una María Óskarsdóttir. | Gunnar Birgisson.

1294. Breytingartillögur [592. mál]

við frv. til l. um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, UMÓ, GunnB).

1. Við 3. gr. Orðin „hafa menntun á háskólastigi og“ í 2. mgr. falli brott.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „sem heyra undir“ í c-lið 2. mgr. komi: á málefnasviði.
   b. Í stað orðsins „ákvörðunina“ í 3. mgr. komi: ákvörðun skv. 2. mgr.
3. Við 5. gr.
   a. Orðin „hafa lokið háskólaprófi og“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Talsmanni neytenda er heimilt að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið.
4. Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Talsmaður neytenda tekur ekki til meðferðar ágreining milli neytenda og seljenda, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um hvaða leiðir eru færar, m.a. innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum.
5. Við 12. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast ákvæði til bráðabirgða gildi nú þegar
6. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Við samþykkt laga þessara skipar viðskiptaráðherra tveggja manna undirbúningsnefnd sem hafa skal heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar, eftir því sem við á, annað starf hjá Neytendastofu.

1295. Breytingartillaga [295. mál]

við frv. til l. um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Á eftir orðunum „hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu“ í 3. mgr. 3. gr. komi: m.a. stundað skógrækt.

1296. Nefndarálit [587. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Þ. Hauksdóttur, Jón Sæmund Sigurjónsson og Helgu Ágústsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reyni Jónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Arnþór Helgason og Báru Snæfeld frá Öryrkjabandalagi Íslands, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara og Stefaníu Björnsdóttur frá Félagi eldri borgara.

Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Félagi eldri borgara, umboðsmanni barna, Tannlæknafélagi Íslands, landlæknisembættinu, Öryrkjabandalagi Íslands, Lýðheilsustöð, Samtökum heilbrigðisstétta og Peter Holbrook.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem varðar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu og felur í sér að ákvæðið um að sjúkratryggingar greiði ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr elli- og örorkulífeyrisþega verði fellt niður og að nánari reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga verði settar í reglugerð. Þá er enn fremur lagt til að aldursviðmið greiðsluþátttöku sjúkratrygginga barna verði hækkað og miðist við börn yngri en 18 ára.

Nefndin ræddi nokkuð þá breytingu sem frumvarpið felur í sér um að framvegis verði kveðið á um kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í reglugerð. Kom fram á fundum nefndarinnar að gildandi lagaákvæði hefðu komið í veg fyrir sveigjanleika og að bann 37. gr. við greiðsluþátttöku í gullfyllingum, krónum eða brúm elli- og örorkulífeyrisþega hefði staðið í vegi fyrir því að unnt yrði að ná þeim markmiðum varðandi tannheilsu sem að var stefnt í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem Alþingi samþykkti 20. maí 2001. Markmið heilbrigðisáætlunar er að yfir helmingur fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.

Þá kom einnig fram að í framkvæmd hefði greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði barna miðast við börn yngri en 18 ára þrátt fyrir að ákvæði 37. gr. miðist við börn yngri en 15 og 16 ára. Hefði sú framkvæmd byggst á heimild í lokamálsgrein 36. gr. almannatryggingalaga en hún heimilar frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í 37. gr. Hið sama ætti við um greiðsluhlutfall langsjúkra aldraða og öryrkja sem dvelja á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum en það hefur í framkvæmd verið 100% af gjaldskrá ráðherra samkvæmt reglugerð.

Meiri hlutinn fellst á að tilhögun sú að kostnaðarþátttakan verði útfærð í reglugerð verði til þess fallin að auka sveigjanleika og geri ráðherra betur kleift að framfylgja stefnumörkun heilbrigðisáætlunar, tryggja að reglurnar séu í samræmi við þróun nútímatannlækninga, halda útgjöldum innan áætlana og ramma fjárlaga og enn fremur að nýta til fulls og sem best það fjármagn sem ráðherra hefur til framkvæmda í samræmi við markaða stefnu í málaflokknum. Þá telur meiri hlutinn þá tilhögun eðlilegri þegar litið er til ákvæða almannatryggingalaga um aðra heilbrigðisþjónustu, svo sem sérfræðilæknaþjónustunnar, en umfang hennar og réttur sjúklinga ræðst alfarið af samningum Tryggingastofnunar ríkisins við sérfræðilækna en ekki af nákvæmri sundurliðun í lögunum, en kostnaðarhlutdeild sjúklinga er ákveðin með reglugerð og gjaldskrá.

Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að hlutfall greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði verði ekki lægra en nú er og gilt hefur í framkvæmd.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 2. maí 2005.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Þuríður Backman, með fyrirvara.	Bjarni Benediktsson.	Una María Óskarsdóttir.
	Guðrún Ögmunsdóttir, með fyrirvara.	

1297. Nefndarálit [649. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Magnússon, Hólmfríði Grímsdóttur og Ingolf J. Petersen frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Fjólu Pétursdóttur frá ráðuneytinu og Lyfjastofnun, Rannveigu Guðmundsdóttur og Guðmund H. Pétursson frá Lyfjastofnun, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Hrund Rúdolfsdóttur frá Lyfjum og heilsu, Pál Pétursson frá lyfjagreiðslunefnd, Andrés Magnússon og Ernu J. Sigmundsdóttur frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttur og Guðrúnu S. Eyjólfsdóttur frá Actavis Group og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá landlæknisembættinu, Samtökum verslunar og þjónustu, lyfjagreiðslunefnd, yfirdýralækni, Vistor hf., Félagi íslenskra stórkaupmanna, Lyfjaveri ehf., Lyfjafræðingafélagi Íslands, Blóðbankanum í Reykjavík, Samtökum iðnaðarins, Actavis Group hf. og Persónuvernd.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lyfjalögum sem eru tvíþættar, annars vegar vegna nokkurra nýrra tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins og hins vegar eru lagðar til breytingar á álagningu lyfjaeftirlitsgjalda. Helstu breytingar vegna tilskipananna varða eftirlit Lyfjastofnunar með þeirri starfsemi blóðbanka sem varðar m.a. meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða, nýja og víðari skilgreiningu á lyfjahugtakinu, ákvæði um gildistíma markaðsleyfa og endurnýjun þeirra auk skyldu til að tilkynna fyrirhugaðan samhliða innflutning lyfs til markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnunar. Breytingarnar sem lagðar eru til á álagningu lyfjaeftirlitsgjalds eru þær að eftirlitsgjaldið er lagt á heildarsölu framleiðenda hér á landi en ekki sölu utan hins innlenda markaðar. Þá er bætt við gjaldtökuheimildum til að standa straum af kostnaði við útgáfu vottorða af ýmsu tagi fyrir lyfjafyrirtæki og við vísindalega ráðgjöf sem felur í sér tímafreka og umfangsmikla tæknilega aðstoð.

Loks eru lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu þess efnis að bætt verði við sérstöku ákvæði um blóðbanka og er ákvæðið komið til vegna innleiðingar á tilskipun um blóð og blóðhluta.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þau ákvæði frumvarpsins sem snerta skyldu heildsala/dreifingaraðila til að tilkynna Lyfjastofnun og markaðsleyfishafa um allan fyrirhugaðan samhliða innflutning. Kom fram á fundum nefndarinnar að að baki tilkynningarskyldunni búi öryggissjónarmið og hagsmunir sjúklinga hvort sem um tilkynningu til Lyfjastofnunar eða markaðsleyfishafa sé að ræða. Lyfjastofnun sé þannig nauðsynlegt vegna eftirlitsskyldu sinnar og á grundvelli öryggissjónarmiða að fá tilkynningar um allan innflutning til þess að hún hafi ávallt upplýsingar um hvaða lyf eru flutt inn. Nauðsyn markaðsleyfishafa til þess að fá upplýsingarnar helgast af því að hann ber ábyrgð á framleiðslu sinni og þarf á grundvelli þeirrar ábyrgðar að hafa vitneskju um hvar framleiðsla hans er á markaði. Þannig sé tryggt að rekjanleiki sé fyrir hendi þurfi af einhverjum ástæðum að innkalla tiltekna framleiðslulotu og minnka þá einnig líkur á því að fölsuð lyf komist inn í dreifingarkeðjuna. Þá hefur sú skylda samhliða innflytjanda að tilkynna handhafa vörumerkis fyrir fram um umpökkun vörunnar verið staðfest með dómi Evrópudómstólsins frá 23. apríl 2002 í svokölluðu Boehringer-máli C-143/00.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til að kveða í reglugerð nánar á um skilyrði samhliða innflutnings og málsmeðferð Lyfjastofnunar við veitingu leyfis til slíks innflutnings. Nefndin ræddi nokkuð hvaða upplýsingar innflytjandi þyrfti að veita markaðsleyfishafa og telur mikilvægt vegna samkeppnissjónarmiða að honum verði einungis gert að veita þær upplýsingar um innflutninginn sem nauðsynlegar eru vegna öryggis. Kom fram á fundum nefndarinnar að ekki væri ætlunin að innflytjandi þyrfti að tilkynna hvaðan hann flytti vöruna eða hversu mikið magn væri keypt. Nefndin fellst á það sjónarmið og leggur jafnframt áherslu á að mikilvægt sé að tilkynningin eigi sér stað með eðlilegum fyrirvara sem sé sanngjarn fyrir báða aðila.

Þá ræddi nefndin ákvæði 7. gr. frumvarpsins sem heimilar ráðherra að gefa út tímabundin og takmörkuð framleiðsluleyfi og kveða nánar á um skilyrði slíkra leyfa í reglugerð um framleiðslu lyfja. Kom fram á fundum nefndarinnar að framkvæmdin hefði verið sú að í framleiðsluleyfinu kæmi fram til hvaða framleiðslu það tæki auk gildistíma þess, en að talið hefði verið rétt að skjóta lagastoðum undir framkvæmdina og bæta einnig við skilgreiningu á orðinu framleiðslu þar sem lögin eru fáorð um þessar leyfisveitingar. Kom fram að rökin fyrir þessari heimild ráðherra væru þau að þegar nýr framleiðandi hefur vinnslu færi fram úttekt Lyfjastofnunar. Þá væri hugsanlegt að framleiðandi þyrfti að uppfylla einhver atriði, sem ekki snertu framleiðsluna með tilliti til gæða og öryggis, og að Lyfjastofnun teldi það ekki hafa þau áhrif á starfsemina að hún gæti ekki hafist. Í slíkum tilvikum gæti stofnunin mælst

til að út yrði gefið bráðabirgðastarfsleyfi til skamms tíma, þannig að framleiðanda gæfist kostur á að lagfæra viðkomandi atriði án þess að það kæmi niður á framleiðsluferlinu og fellst nefndin á þau rök.

Nefndin ræddi einnig bráðabirgðaákvæði 9. gr. frumvarpsins og kom fram að ákvæðinu væri ætlað að koma í veg fyrir réttaróvissu. Samkvæmt tilskipun 2004/27/EB er gert ráð fyrir að markaðsleyfi lyfs verði endurnýjað í eitt skipti eftir að löggjöfin tekur gildi í nóvember 2005. Með tilvísun í bréf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dags. 18. febrúar 2005, verður umsókn um endurnýjun að innihalda uppfærð gögn um gæði, öryggi og verkun lyfja, þ.m.t. allar breytingar sem gerðar hafa verið frá því að markaðsleyfi var veitt. Þá verður samkvæmt tilskipuninni að fara fram mat á ábata og/eða áhættu vegna notkunar lyfsins.

Kom fram á fundum að það sé sameiginlegur skilningur innan Evrópusambandsins að lyf með miðlægt markaðsleyfi og með markaðsleyfi veitt með gagnkvæmri viðurkenningu verði endurnýjuð í eitt skipti eftir nóvember 2005. Framkvæmdastjórnin leggi það síðan í hendur hvers aðildarríkis að útfæra hvernig endurnýjun landsmarkaðsleyfis verði háttað að uppfylltum framangreindum skilyrðum. Vitað er að aðildarríkin hafa nú mismunandi reglur um framkvæmd endurnýjunar markaðsleyfis. Hér á landi er t.d. ekki gerð krafa um mat á ábata og/eða áhættu við endurnýjun markaðsleyfis eða krafist lista yfir allar breytingar sem átt hafa sér stað á því og er því þörf á að endurnýja öll útgefin markaðsleyfi einu sinni eftir nóvember 2005 til að uppfylla kröfur tilskipunarinnar. Leggur nefndin til smávægilega breytingu á bráðabirgðaákvæði í 9. gr. sem varðar einungis orðalag.

Nefndin fjallaði um þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um heilbrigðisþjónustu og varða blóðbankastarfsemi. Telur nefndin æskilegt í ljósi sérstöðu blóðbankastarfsemi að skoðað verði hvort um þá starfsemi skuli fjallað í sérstökum lögum og jafnframt rök og ástæður fyrir rekstrarlega og/eða fjárhagslega sjálfstæðri starfsemi blóðbanka, m.a. með hliðsjón af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Í frumvarpinu er ekki sérstaklega kveðið á um meðferð persónuupplýsinga í starfsemi blóðbanka. Hinn almenni lagarammi á þessu sviði eru lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er þar kveðið á um ákveðnar grundvallarreglur sem gilda við meðferð slíkra upplýsinga, sem og í lögum um réttindi sjúklinga. Telur nefndin þrátt fyrir það rétt, þegar litið er til sérstöðu blóðbanka, sbr. ákvæði tilskipunarinnar, og þess að um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, að kveða sérstaklega á um það í frumvarpinu að meðferð persónuupplýsinga í blóðbankanum skuli vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglugerðir með stoð í þeim, svo og lög um réttindi sjúklinga. Leggur nefndin í samræmi við það til breytingu á 10. gr. frumvarpsins. Auk þess áréttar nefndin það sem fram kom á fundum hennar að enn er eftir að fullmóta reglur um rekjanleika hjá Evrópusambandinu, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. tilskipunar nr. 2002/98/EB, sem rennir enn frekari stoðum undir þá framkvæmd að útfæra sérstök ákvæði á þessu sviði um blóðbanka í reglugerð.

Loks leggur nefndin til að bætt verði sérstöku ákvæði við frumvarpið þar sem fram kemur að verið sé að innleiða nýjar gerðir Evrópusambandsins.

Á fundum nefndarinnar kom fram að á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er starfandi nefnd um heildarendurskoðun lyfjalaga og enn fremur að endurskoða þurfi fjölmargar reglugerðir til að tryggja fulla innleiðingu tilskipananna fyrir 30. október 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2005.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.	Bjarni Benediktsson.
Una María Óskarsdóttir.		Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

1298. Breytingartillögur [649. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Markaðsleyfi lyfja sem gefin hafa verið út eða endurnýjuð fyrir 30. október 2005 skal endurnýja einu sinni til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laganna.
2. Við 2. efnismgr. 10. gr. bætist: auk þess sem Persónuvernd hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Um meðferð upplýsinganna fer eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um réttindi sjúklinga.
3. Við bætist ný grein sem verði 11. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum, tilskipun 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 sem breytir tilskipun 2001/83/EB um lyf sem ætluð eru mönnum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/28/EB frá 31. mars 2004 sem breytir tilskipun 2001/82/EB um lyf sem ætluð eru dýrum.

1299. Nefndarálit [720. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Þorleif Þór Jónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóra, Árna Jóhannsson frá Samtökum atvinnulífsins og Ásu Ögmundsdóttur frá embætti ríkisskattstjóra.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um hvernig hátta skuli uppgjöri þungaskatts þegar tekin verður upp innheimta olíugjalds og kílómetragjalds. Þá er einnig kveðið á um hvernig farið skuli með olíubirgðir sem verða í landinu 1. júlí nk. þegar lög um olíugjald og kílómetragjald taka gildi.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að bifreiðum ætluðum til fólksflutninga verði bætt við í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins en í því er aðeins gert ráð fyrir ökutækjum undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., eru bifreiðar ætlaðar til fólksflutninga undanþegnar kílómetragjaldi og verða því ekki lengur ökumælaskyldar. Þarf því að kveða á um hvernig uppgjöri þungaskatts vegna þeirra skuli háttað 1. júlí 2005 á sama hátt og uppgjöri þungaskatts ökutækja undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd.
2. Að það magn olíu sem hver má eiga samkvæmt frumvarpinu verði aukið í 5.000 lítra.
3. Að ákvæði til bráðabirgða I sem bætt var við lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með lögum nr. 59/1994, haldi gildi sínu til 1. janúar 2006. Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum ef ákvörðun er tekin um að hætta að miða innheimtu þungaskatts við ekna kílómetra samkvæmt ökumælum. Er ráðherra heimilað að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð. Til þess að slík reglugerð hafi lagagrundvöll er nauðsynlegt að ákvæðið haldi gildi til loka ársins 2005 en að öllu óbreyttu fellur það úr gildi með gildistöku laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Birgir Ármannsson.

Una María Óskarsdóttir. | Sigurrós Þorgrímsdóttir.

1300. Breytingartillaga [720. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, DJ, BÁ, UMÓ, SÞorg).

Við 1. gr.

a. 1. málsl. 3. mgr. a-liðar orðist svo: Sé lesið af ökumæli ökutækis sem er undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, eða ökumæli bifreiðar sem ætluð er til fólksflutninga, á tímabilinu 15. til og með 29. júní skal akstur ökutækisins áætlaður frá álestrardegi til loka álestrartímabils.
b. Í stað „1.500“ í 2. mgr. b-liðar komi: 5.000.
c. Við greinina bætist nýr stafliður, c. (XI), svohljóðandi:
Þrátt fyrir 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skal ákvæði til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 59/1994, gilda til 1. janúar 2006.

1301. Frumvarp til laga [336. mál]

um fullnustu refsinga.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

I. KAFLI

Stjórn og skipulag fangelsismála.

1. gr.

Yfirstjórn fangelsismála.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.

Hlutverk fangelsismálastofnunar.

Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa.

3. gr.

Vistun í fangelsi.

Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi.

Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilvikum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu.

Heimilt er, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Forstjóri fangelsismálastofnunar.

Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

5. gr.

Forstöðumaður fangelsis.

Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

6. gr.

Fangaverðir.

Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangavörður er skipaður skal hann hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Ríkissjóður skal bæta fangavörðum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Heimild til valdbeitingar.

Starfsmönnum fangelsa er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til:

1. að koma í veg fyrir strok,
2. að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra og til að koma í veg fyrir skemmdarverk,
3. að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um.

Valdbeiting getur falist í líkamlegum tökum eða beitingu viðeigandi varnartækja.

Kalla skal til lækni eftir valdbeitingu ef grunur er um að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóma er að ræða eða ef fangi óskar sjálfur læknisaðstoðar.

8. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmönnum fangelsismálastofnunar, fangavörðum og öðrum sem starfa í fangelsum ber þagnarskylda um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga og þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða öryggi fangelsa og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

II. KAFLI

Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga o.fl.

9. gr.

Almennt.

Fangelsismálastofnun tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara.

10. gr.

Tilkynning um afplánun.

Óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal fullnusta þegar eftir að dómur berst fangelsismálastofnun.

Nú er dómþoli ekki þegar í fangelsi og skal fangelsismálastofnun þá tilkynna honum bréflega, með sannanlegum hætti, og að minnsta kosti með þriggja vikna fyrirvara hvenær og hvar honum ber að mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi. Komi dómþoli sér hjá því að mæta til afplánunar kann það að hafa áhrif á framgang afplánunar.

Nú er dómþoli í gæsluvarðhaldi og skal hann þá þegar hefja afplánun refsingarinnar nema rannsóknarhagsmunir bjóði annað. Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skal síðari fangelsisrefsingin afplánuð í beinu framhaldi.

Heimilt er að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji hann refsiverðan verknað á ný, hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða almannahagsmunir mæla með því.

Nú óskar dómþoli eftir að hefja afplánun refsingar fyrr en áætlað er og skal þá orðið við slíkri beiðni ef unnt er.

11. gr.

Frestun afplánunar og náðun.

Nú leitar dómþoli eftir því að afplánun verði frestað og er fangelsismálastofnun þá heimilt að veita stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur getur ekki orðið lengri en þrír mánuðir í heild. Við mat á því hvort fresta skuli afplánun skal taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli, persónulegum högum hans, hversu langt er um liðið síðan afbrot var framið og öðrum þáttum er máli kunna að skipta. Synja skal um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Nú fer dómþoli fram á náðun af refsingunni og skal þá fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin þar til slík beiðni er afgreidd, enda hafi beiðnin komið fram eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Beiðni um náðun frestar ekki fullnustu sé dómþoli þegar í afplánun samkvæmt annarri refsingu.

Ekki skal fresta fullnustu vegna ítrekaðrar beiðni um náðun nema í nýju beiðninni komi fram veigamiklar upplýsingar sem ekki var unnt að koma á framfæri áður og sérstakar ástæður mæli með að afplánun verði frestað.

Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að dómþoli fremji ekki refsiverðan verknað. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir veitingu frests.

Nú rýfur dómþoli skilyrði fyrir fresti og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að hann skuli hefja afplánun án fyrirvara. Sama gildir ef dómþoli gefur rangar upplýsingar í beiðni um frestun.

12. gr.

Hlé á afplánun.

Afplánun skal vera samfelld. Þó er heimilt að gera hlé á afplánun ef sérstakar ástæður mæla með því. Hléið skal bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur.

Fangi sem lagður er á sjúkrahús telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

13. gr.
Strok.

Strjúki fangi úr afplánun refsivistar telst tími frá stroki, og þar til fangi er settur í fangelsi á ný, ekki til refsitímans.

14. gr.
Ákvörðun um vistunarstað.

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

Fangelsismálastofnun getur látið færa fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Við slíkan flutning skal, eftir því sem aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans. Fanga skal tilkynnt fyrir fram um slíkan flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi, hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggi rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmæt lyf undir höndum. Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

Forstöðumaður fangelsis getur í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki er skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin en gæta skal hagsmuna fangans í því sambandi.

15. gr.
Vistun á sjúkrahúsi o.fl.

Nú er fangi vistaður á sjúkrahúsi um stundarsakir eða allan refsitímann og getur fangelsismálastofnun þá leitað sérfræðiálits um nauðsyn og tilhögun slíkrar vistunar.

Fangelsismálastofnun getur leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Fangelsismálastofnun getur sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

16. gr.
Upphaf fullnustu í fangelsi.

Þegar fangi hefur afplánun skal skrá upphafs- og lokadag afplánunar.

Læknir skal skoða fanga við upphaf afplánunar og ef þörf krefur meðan á afplánun stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og upplýsingar um persónulega hagi fanga og hverja fangi óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa þykir vegna hagsmuna hans. Þá skal taka andlitsmyndir af fanga.

17. gr.
Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.

Við upphaf afplánunar skal afhenda fanga og kynna, á því tungumáli sem hann skilur, samantekt um þær reglur sem um afplánun gilda, um réttindi og skyldur fanga, vinnu og nám sem föngum stendur til boða, reglur viðkomandi fangelsis, hvaða háttsemi varðar agaviðurlögum, um meðferð slíkra mála, upplýsingar um hvert fangi geti skotið ákvörðunum er varða fullnustu refsingarinnar og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis, svo og rétt fanga til að hafa samband við lögmann.

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skal endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur.

Við upphaf afplánunar skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og auðið er. Þá skal fanga gerð grein fyrir lokum afplánunar og reglum um reynslulausn.

18. gr.

Vinna í fangelsi.

Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.

Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 2. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.

Fangi skal vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skal að jafnaði innt af hendi frá kl. 8 til kl. 17, þó þannig að daglegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en átta klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsis má inna af hendi utan dagvinnutíma.

19. gr.

Nám og starfsþjálfun.

Fangi skal eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða taka þátt í annarri starfsemi sem fram fer í fangelsi eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur skólameistari, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsis.

20. gr.

Þóknun og dagpeningar.

Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða neitar að vinna án gildrar ástæðu.

21. gr.

Greiðsla skaðabóta.

Þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms í fangelsi og dagpeninga fanga má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal fyrir skuldum sem hann hefur stofnað til við fangelsi. Þó skal ekki heimilt að taka meira en helming af þóknun fanga eða fjórðung af dagpeningum til slíkra greiðslna.

22. gr.

Heilbrigðisþjónusta í fangelsum.

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

23. gr.

Dvöl ungbarna í fangelsum.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar, eða fæði hún barn í afplánun, má heimila henni í samráði við barnaverndarnefnd að hafa það hjá sér í fangelsi.

24. gr.

Fullnusta utan fangelsis.

Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný, búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti.

Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar. Skal fangi samþykkja skriflega skilyrði fyrir vistuninni.

Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum.

25. gr.

Rof á skilyrðum vistunar utan fangelsis.

Þegar fangi stundar ekki þá vinnu eða nám sem var forsenda vistunar utan fangelsis, eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, brjóti reglur þess eða rjúfi skilyrði fyrir vistun, getur fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar.

Gefa skal fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann í fangelsi á ný nema brotið sé þess eðlis að flutningur þoli enga bið.

26. gr.

Lok afplánunar.

Fangi sem afplánar óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal látinn laus kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur. Heimilt er að láta fanga lausan á öðrum tíma þegar um brottvísun úr landi er að ræða.

Fangi sem afplánar vararefsingu fésekta skal látinn laus á sama tíma sólarhrings og afplánun hófst.

27. gr.

Samfélagsþjónusta.

Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð, enda nemi hún aldrei meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.

28. gr.

Skilyrði samfélagsþjónustu.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun fangelsisrefsingar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.
4. Að dómþoli afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og þ.m.t. hvort líklegt sé að hann geti innt samfélagsþjónustuna af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans. Mæti dómþoli ekki til viðtals í þessu skyni skal almennt synja beiðni um samfélagsþjónustu.

Þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar fangelsisrefsingu skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

29. gr.

Ákvörðun um samfélagsþjónustu.

Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu fangelsisrefsingar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

30. gr.

Skilyrði í samfélagsþjónustu.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónusta er innt af hendi.

Auk þess má ákveða að samfélagsþjónusta verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
2. Að dómþoli neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Heimilt er að krefjast þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrði 2. tölul. Synjun dómþola á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

31. gr.

Rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, hvort tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsing skuli afplánuð í fangelsi.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eða telst ekki lengur hæfur til að gegna samfélagsþjónustu, eftir að ákveðið er að fullnusta fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu, og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsinguna í fangelsi.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er hvorki alvarlegt né ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi.

Þegar ákveðið er skv. 1. eða 2. mgr. að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum skv. 63. gr. þannig að helmingur og tveir þriðju hlutar reiknist af óafplánuðum eftirstöðvum refsitímans.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur fanga.

32. gr.

Vistun í klefa.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal fangaklefi vera læstur að næturlagi svo sem nánar er tilgreint í reglum fangelsis. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

33. gr.

Heimsóknir.

Fangi getur fengið heimsóknir í fangelsi, eigi sjaldnar en vikulega eftir aðstæðum í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft frekari heimsóknir og hvort fleiri en einn mega heimsækja fanga hverju sinni.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis, sbr. 34. og 35. gr., eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða trufli ró, reglu eða öryggi í fangelsi.

Forstöðumaður getur bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, enda liggi fyrir

rökstuddur grunur um þær ástæður sem í 3. mgr. greinir. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir annarra en þeirra sem eiga við hann opinber erindi. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skulu vera í vörslum fangelsis meðan á heimsókn stendur.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga. Leit getur annars vegar verið í ytri fötum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki má láta heimsóknina fara fram með öðrum hætti, sbr. 3. mgr., eða synja um hana, sbr. 4. mgr.

34. gr.

Fyrirkomulag heimsókna.

Fangi tekur á móti heimsóknum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi til staðar, eða í klefa sínum.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið í sérstökum tilvikum að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsis. Ákvörðun um það skal bókuð og ástæða tilgreind.

Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.

35. gr.

Eftirlit með heimsóknum.

Heimsóknir til fanga skulu almennt fara fram án eftirlits.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsókn skuli fara fram undir eftirliti ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Slík ákvörðun skal bókuð og rökstudd.

Sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geta óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn.

Heimsókn lögmanns til fanga skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

36. gr.
Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur. Við upphaf eða lok rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en fimmtán mánuðir.

Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

8. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Á efnahagsreikning eru færðar á kerfisbundinn hátt eignir, skuldir, þ.m.t. skuldbindingar, og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda.

Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Skuld skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Efnahagsreikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við lög þessi og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á.

9. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Allar tekjur og öll gjöld reikningsársins skulu koma fram á rekstrarreikningi nema lög þessi eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við lög þessi og settar reikningsskilareglur eftir því sem við á.

10. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

Texti ársreiknings skal vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

11. gr.

3. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Ef birgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum. Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra. Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru. Dreifingarkostnað má ekki telja til kostnaðarverðs birgða.

12. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Ef markaðsverð fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt.

13. gr.

30. gr. laganna orðast svo með fyrirsögn:

Beiting reikningsskilareglna.

Bókhaldsskyldum aðilum sem falla ekki undir ákvæði annarra laga um samningu ársreikninga er heimilt að beita settum reikningsskilareglum við samningu ársreikninga sinna. Í skýringum skal gera grein fyrir beitingu slíkra reglna.

14. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Félagsmenn í félögum skv. 7. tölul. 1. gr., sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða í félagi, geta á fundi krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi, endurskoðunarfélag eða skoðunarmaður.

Skoðunarmenn skv. 1. mgr. skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Hæfisskilyrði 9. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

Uppfylli endurskoðandi eða skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ákvæði laga um endurskoðendur gilda um starf endurskoðanda sem kosinn er skv. 1. mgr.

15. gr.

Í stað orðsins „Skoðunarmenn“ í 33. gr. laganna kemur: Endurskoðendur og skoðunarmenn.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef kosinn er skoðunarmaður, eða skoðunarmenn, úr hópi félagsmanna jafnframt endurskoðanda eða skoðunarmanni skv. 1. mgr. 32. gr. í samræmi við samþykktir félagsins, skulu þeir árita ársreikninginn.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:
   Skoðunarmenn skv. 1. mgr. mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Skoðunarmenn“ í 1. mgr. kemur: Endurskoðendur og skoðunarmenn.
b. Í stað orðsins „Skoðunarmönnum“ í 2. mgr. kemur: Endurskoðendum og skoðunarmönnum.

18. gr.

Í stað orðanna „góða reikningsskilavenju“ í 5. tölul. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: lög þessi og settar reikningsskilareglur.

19. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknarlögregla ríkisins“ í 1. mgr. 41. gr. laganna kemur: Ríkislögreglustjóri.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um færslu bókhalds og samningu ársreikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

1305. Frumvarp til tollalaga. [493. mál]

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

1. *Aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld:* Tollur og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru við inn- eða útflutning.
2. *Aðkomufar:* Far sem kemur frá útlöndum og hefur ekki fengið fyrstu tollafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum.
3. *Ábyrgðaraðili fars:* Útgerðarmaður eða flugrekandi.
4. *Far:* Skip eða flugfar.
5. *Far í utanlandsferðum:* Far sem kemur frá útlöndum eða ferð þess er gerð til útlanda.
6. *Farartæki:* Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.
7. *Farmenn:* Skipverjar og flugverjar sem eru í áhöfn skipa eða flugfara.
8. *Ferðamenn:* Farþegar sem koma til landsins frá útlöndum eða fara til útlanda með skipum eða flugförum.
9. *Flugfar:* Sérhvert fljúgandi farartæki.
10. *Rafræn tollafgreiðsla:* SMT- og VEF-tollafgreiðsla.
11. *Ráðherra:* Fjármálaráðherra, nema annað sé tekið fram.
12. *Skip:* Sérhvert fljótandi farartæki.
13. *Skjalasending milli tölva (SMT):* Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.
14. *SMT-tollafgreiðsla:* Rafræn tollafgreiðsla með skjalasendingum milli gagnavinnslukerfa tölva sem fylgja ákveðnum stöðlum.
15. *Tollabinding:* Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undirritaður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.
16. *Tollafgreiðsla vöru:* Þegar tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru til nota innan lands eða til útflutnings.

17. *Tollgæsla:* Handhafar tollgæsluvalds, sbr. 147. gr.
18. *Tollkvóti:* Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 5. gr.
19. *Tollmiðlari:* Lögaðili sem hefur leyfi tollstjórans í Reykjavík til að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda.
20. *Tollskjöl:* Tollskýrsla og önnur skjöl sem láta ber í té við tollafgreiðslu eftir því sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.
21. *Tollur:* Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.
22. *Tollverð:* Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.
23. *Tölvukerfi tollyfirvalda:* Vél- og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu, m.a. álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.
24. *Umflutningur:* Flutningur vöru innan lands undir tolleftirliti frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.
25. *Vara eða sending:* Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.
26. *VEF-tollafgreiðsla:* Rafræn tollafgreiðsla í gegnum veftengingu við vefsetur tollyfirvalda.
27. *Vörsluábyrgð:* Ábyrgð á vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.
28. *Vörsluhafi:* Einstaklingur eða lögaðili sem fer með vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. KAFLI
Tollsvæði ríkisins.

2. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf mílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

III. KAFLI
Tollskyldir aðilar.

3. gr.
Almenn tollskylda.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 4. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

4. gr.
Takmörkuð tollskylda.

Eftirtaldir aðilar skulu ekki greiða toll af innfluttum vörum með þeim takmörkunum þó sem að neðan greinir:

1. Sendiráð, sendiræðismannsskrifstofur, sendierindrekar og sendiræðismenn erlendra ríkja.
2. Kjörræðismenn erlendra ríkja að því er varðar tilteknar skrifstofuvörur, sbr. 2. mgr.
3. Aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu með sérstökum lögum.

Ráðherra setur nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein og má binda tollfrelsi þeirra aðila sem um ræðir í 1. og 2. tölul. 1. mgr. því skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, sbr. lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978, um

aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, eða íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

IV. KAFLI
Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

5. gr.
Tollskyldar vörur og tollskrá.

Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 14.–16. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá samkvæmt viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 139. gr. laga þessara eða 84. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmist slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum IIA, IIB og IIC með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 133.–137. gr. og viðbótartolla skv. 138. gr. laga þessara, sbr. 86. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

6. gr.
Tollfrjálsar vörur.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:

1. Eftirtaldar vörur um borð í förum sem koma hingað til lands frá útlöndum:
   a. Fylgifé fars sem er að mati tollyfirvalda ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgifé ekki flutt úr viðkomandi fari.
   b. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
   c. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Varningur sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum sem hér segir:
   a. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða. Jafnframt venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
   b. Varningur, þ.m.t. áfengi og tóbak, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, að tilteknu hámarki sem ráðherra ákveður í reglugerð.
3. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
4. Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta

búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.

5. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollyfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollyfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.
8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:
   a. Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 10.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti. Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.
   b. Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra.
   c. Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.
9. Vísindatæki og vísindabúnaður sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
10. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki.
11. Sendingar vegna markaðssetningar og vöruþróunar sem hér segir:
   a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.
   b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
   c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls.

Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims, samkvæmt skilgreiningu nefndar Sameinuðu þjóðanna um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál (UNCTAD/Committee on Enterprise, Business Facilitation and Development), skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:
   a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.
   b. Af tækjum, verkfærum og öðrum búnaði sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verktakar, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.
   c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
   d. Af vörum sem fluttar eru tímabundið hingað til lands til að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.
   e. Af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda.

   Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarkstíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulið tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.
3. Af landbúnaðarvörum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og sendar eru tímabundið hingað til lands til aðvinnslu samkvæmt nánari skilyrðum þessa töluliðar. Vörurnar skulu endursendar úr landi að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

   Landbúnaðarráðherra getur veitt lögaðilum, sem stunda umfangsmikla fullvinnslu í atvinnuskyni á innfluttum landbúnaðarvörum til endurútflutnings, heimild til tímabundins innflutnings landbúnaðarvara samkvæmt þessum tölulið.

   Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal innflytjandi greiða toll af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I við lög þessi.

   Leyfishafi skal greiða kostnað við tolleftirlit með vörum sem fluttar eru tímabundið til landsins samkvæmt þessum tölulið.

   Landbúnaðarráðherra skal afturkalla heimild skv. 2. mgr. þessa töluliðar fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmdina.

   Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings til aðvinnslu samkvæmt þessum tölulið, m.a. um það hverjir geti sótt um undanþágu, aðgreiningu innflutts hráefnis til vinnslu fullunninna vara fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings, nýtingarhlutfall hráefnis við vinnslu, lágmarkskröfur um bókhald leyfishafa og upplýsingagjöf leyfishafa til landbúnaðarráðherra og tollyfirvalda. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.
4. Af bifreiðum, bifhjólum og tengivögnum sem skráðir eru erlendis og fluttir til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis. Undanþága þessi gildir í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

   Tollstjóri getur framlengt tímabundinn innflutning skv. 1. mgr. þessa töluliðar um allt að þrjá mánuði í senn, í allt að tólf mánuði alls, enda sýni viðkomandi fram á að

hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki, að hann hafi ekki búsetu hér á landi og hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Uppfylli innflytjandi ekki skilyrði 2. mgr. þessa töluliðar, þess efnis að hann hafi ekki launaða atvinnu og reki ekki fyrirtæki hér á landi, getur tollstjóri þó eigi að síður framlengt tímabilið í samræmi við ákvæði 2. mgr. gegn greiðslu tolls af sem nemur 1/60 hluta af tollverði viðkomandi ökutækis fyrir hvern byrjaðan mánuð sem leyfi er framlengt. Tollstjóri getur heimilað greiðslu gjalda með skuldaviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð.

Ákvæði þessa töluliðar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og uppfylla frekari skilyrði sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

Ákvæði þessa töluliðar gilda með sama hætti um tengivagna, skrásetta erlendis, sem eru ætlaðir til flutnings á vörum til og frá landinu.

Þegar leyfi er veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt þessum tölulið skal heimilt að flytja eldsneyti með ökutæki í innbyggðum eldsneytisgeymum þess án greiðslu aðflutningsgjalda. Jafnframt skal eiganda eða umráðamanni heimilt, ef ökutæki bilar eða verður fyrir tjóni, að flytja inn varahluti í ökutækið tollfrjálst.

5. Af bifreiðum, bifhjólum og tengivögnum sem skráð eru erlendis og eru í eigu, eða leigu, erlends fyrirtækis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og flutt eru til landsins af starfsmanni þess fyrirtækis. Undanþága þessi gildir í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

   Tollstjóri getur framlengt tímabundinn innflutning skv. 1. mgr. þessa töluliðar um allt að þrjá mánuði í senn, í allt að tólf mánuði alls, að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 4. tölul. þessarar málsgreinar.
6. Af stærri tækjum, þ.m.t. ökutækjum sem send eru hingað til lands til notkunar um stuttan tíma, þó ekki lengur en í tólf mánuði, og endursend eru þegar að notkun lokinni. Tollur skal í slíkum tilvikum reiknaður af leiguverði fyrir tækin í stað tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir má reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem 1/60 hluti tollverðs eins og það er ákveðið skv. V. kafla laga þessara fyrir hvern byrjaðan mánuð sem tækið er hér á landi.
7. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.
8. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands áður en þær eru afhentar viðtakanda.
9. Af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.
10. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa

töluliðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til vara sem magntollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.

11. Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.
12. Af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita.
13. Af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum.
14. Af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar.
15. Af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

8. gr.

Vara send til útlanda til aðvinnslu.

Nú er vara send til útlanda til aðvinnslu og hún breytir ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af aðvinnslukostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Breyti vara sem send er utan til aðvinnslu svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýr hlutur skal greiða af henni toll eftir tollskrá eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

9. gr.

Vara send til útlanda til viðgerðar.

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar og hún breytir ekki svo eðli sínu við viðgerðina að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af viðgerðarkostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Komi ný vara í stað vöru sem send er utan til viðgerðar skal greiða af henni toll eftir tollskrá.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu notaðir hlutar í vöru, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar erlendis, tollafgreiddir með þeim hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar, hann flokkist í sama tollskrárnúmer, hafi sams konar viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegum eiginleikum og sá hlutur sem sendur var til viðgerðar, auk þess sem gætt skal að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

10. gr.

Vara send til útlanda til viðgerðar á ábyrgðartíma.

Vara sem á ábyrgðartíma er send utan til viðgerðar vegna galla skal við innflutning undanþegin tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur fyrir að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Ákveði erlendur seljandi gallaðrar vöru að afhenda nýja vöru í stað þess að framkvæma viðgerð á gallaðri vöru skal tollur falla niður af hinni nýju vöru að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hin gallaða vara skal vera í ábyrgð samkvæmt lögbundinni eða samningsbundinni skyldu seljanda á þeim tíma sem hún er send utan eða henni fargað undir tolleftirliti. Ekki skal farga gallaðri vöru fyrr en að fenginni skriflegri staðfestingu seljanda um að hann muni afhenda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu og óski ekki eftir að fá hina gölluðu vöru í hendur.
2. Seljandi staðfesti að vöruskipti fari fram vegna lögbundinnar eða samningsbundinnar ábyrgðar sinnar á galla og hann kjósi að senda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu, kaupanda að kostnaðarlausu, á ábyrgðartíma.
3. Ný vara flokkist í sama tollskrárnúmer og hin gallaða vara sem hún kemur í staðinn fyrir, hafi sama viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegu eiginleikum og hin gallaða vara hafði við innflutning.

Tollstjóri getur heimilað innflutning vöru skv. 2. mgr., án greiðslu aðflutningsgjalda, áður en hin gallaða vara hefur verið flutt úr landi eða henni fargað undir tolleftirliti, sbr. 1. tölul. 2. mgr., að því tilskildu að innflytjandi leggi fram fjártryggingu til greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sbr. 36. gr. laganna. Hin gallaða vara skal flutt úr landi eða henni fargað undir tolleftirliti innan 60 daga frá tollafgreiðslu vöru sem kemur í stað gallaðrar vöru. Að öðrum kosti skal gengið að fjártryggingu.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls skv. 9. og 10. gr. laga þessara.

12. gr.

Tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar.

Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert áranna 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 65. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærri en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fóðurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skuli vera 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90 hundraðshlutar af þeim verð- og/eða magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum. Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vöru á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri fram-

leiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

13. gr.

Tollkvótar sem fjármálaráðherra úthlutar.

Fjármálaráðherra úthlutar tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum að því leyti sem vörur falla ekki undir viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela nefnd skv. 87. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum að gera tillögu um úthlutun tollkvóta skv. 1. mgr.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að:

1. láta hlutkesti ráða úthlutun eða
2. miða úthlutun tollkvóta við hlutfall innflutnings viðkomandi umsækjanda miðað við heildarinnflutning allra umsækjenda af viðkomandi vörutegund á næstliðnu ári.

Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun á tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XXII. kafla. Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

V. KAFLI
Tollverð og tollverðsákvörðun.

14. gr.

Tollverð.

Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 15. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem
   a. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
   b. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörurnar eða
   c. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.
2. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.

3. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 15. gr.
4. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 16. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila, háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvor annars.
2. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.
3. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.
4. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórni eða hafi umráð yfir fimm hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.
5. Annar þeirra stjórni beint eða óbeint hinum.
6. Þriðji aðili stjórni beint eða óbeint báðum.
7. Báðir saman stjórni beint eða óbeint þriðja aðila.
8. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar, persónur eða lögaðilar, sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

15. gr.

Tollverðsákvörðun.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 14. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur:

1. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:
   a. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
   b. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.
   c. Pökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
2. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
   a. Efnivara, hluta, parta og þess háttar sem notað hefur verið í hinar innfluttu vörur.
   b. Verkfæra, forma, móta og þess háttar sem notað hefur verið við framleiðslu hinna innfluttu vara.
   c. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu vara.
   d. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdrátta sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.
3. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslurétt á vörunni hér á landi.
4. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

1. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
2. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
3. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 14. gr. og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 14. gr. og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

17. gr.

Skipting kostnaðar.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 15. gr., sem til verða þegar vörur eru sendar í einu farmskrárnúmeri sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, sem unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

18. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema innflytjandi láti tollyfirvöldum í té upplýsingar sem þau meta fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingu.

19. gr.

Tollafgreiðslugengi.

Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands 28. hvers mánaðar. Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík á sama degi að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Við tollafgreiðslu sendinga í sérhverjum almanaksmánuði skal ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið skv. 1. mgr. á 28. degi undanfarandi mánaðar.

Ráðherra skal kveða nánar á um ákvörðun tollafgreiðslugengis sem nota skal við umreikning tollverðs vöru eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Jafnframt skal kveðið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu, tollafgreiðslu þegar engrar skráningar gengis nýtur við og annað er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu.

VI. KAFLI
Tollflokkun.

20. gr.
Tollflokkun vöru.

Inn- og útflytjendur skulu færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar í viðauka I við lög þessi.

Leiki vafi á um tollflokkun vöru eða óski inn- eða útflytjandi eftir staðfestingu tollstjóra á tollflokkun vöru getur hann leitað eftir bindandi áliti tollstjóra á tollflokkun vörunnar, sbr. 21. gr.

21. gr.
Bindandi álit um tollflokkun.

Ef óskað er bindandi álits um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjórans í Reykjavík. Ákvörðun tollstjórans um bindandi tollflokkun vöru er bindandi gagnvart fyrirspyrjanda og tollyfirvöldum, nema hún sé afturkölluð af tollstjóranum eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Komi til afturköllunar ákvörðunar um bindandi tollflokkun vöru gildir ákvörðunin uns afturköllunin hefur verið tilkynnt álitsbeiðanda.

Tollstjóranum er ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. ef hún reynist augljóslega vera tilefnislaus.

Með beiðni um bindandi álit skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati tollstjórans getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en tekin er ákvörðun um tollflokkun.

Tollstjórinn skal svara beiðni skriflega innan 30 daga frá því að hún berst. Í svari tollstjórans skal í meginatriðum koma fram á hvaða rökum niðurstaða er byggð. Telji tollstjórinn að beiðni hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun skal hann tilkynna viðkomandi hvaða upplýsingar eða gögn vanti. Þegar úr því hefur verið bætt skal tollstjórinn svara beiðni innan 30 daga.

VII. KAFLI
Skýrslugjafir.
Aðflutningsskýrsla og önnur tollskjöl.

22. gr.
Skilafrestur aðflutningsskjala.

Innflytjandi skal láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru, sbr. 23. og 25. gr., áður en vara er afhent til notkunar innan lands eða sett í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu. Tollskjöl skulu þó látin tollstjóra í té ekki síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars vöru til landsins nema vöru hafi verið ráðstafað í tollvörugeymslu eða á frísvæði.

23. gr.

Rafrænar aðflutningsskýrslur.

Tollmiðlarar skulu senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum á milli tölva þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara (SMT-tollafgreiðsla).

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur tollstjórinn í Reykjavík gefið fyrirmæli um að skriflegar aðflutningsskýrslur skuli látnar tollstjórum í té vegna vara sem þarfnast sérstaks eftirlits.

Innflytjendur, sem stunda innflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu senda viðkomandi tollstjóra þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðsla) eða í gegnum veftengingu við vefsetur tollyfirvalda (VEF-tollafgreiðsla).

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal ráðherra ákveða með reglugerð að þeir sem ná ekki tilteknum lágmarksfjölda innfluttra sendinga á ári geti látið tollyfirvöldum í té skriflegar aðflutningsskýrslur skv. 25. gr.

Innflytjendum samkvæmt þessari grein er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðslu).

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form rammaskeytis fyrir aðflutningsskýrslu.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig tæknilegri útfærslu SMT- og VEF-tollafgreiðslu skuli háttað.

24. gr.

Leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

SMT- og VEF-tollafgreiðsla er háð leyfi frá tollstjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili.

Leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er veitt þeim aðilum sem um getur í 1. og 3. mgr. 23. gr., enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1. Þeir hafi tilskilin leyfi eða skráningu til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem leyfi til þess að vera tollmiðlari skv. XI. kafla laga þessara, skráða verslun, sbr. lög nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög, nr. 42/1978, vinnsluleyfi, sbr. lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eða önnur leyfi sem krafist er.
2. Þeir hafi tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína og séu á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Ef um einstaklinga er að ræða sem stunda atvinnurekstur skulu þeir að minnsta kosti hafa framkvæmt þann lágmarksfjölda tollafgreiðslna sem tilgreindur er í reglugerð, sbr. 4. mgr. 23. gr.
3. Þeir hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína og verið skráðir skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og fyrirmælum settum samkvæmt þeim.
4. Þeir séu ekki í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
5. Tollstjórinn í Reykjavík hafi samþykkt þann hugbúnað sem umsækjandi hyggst nota til samskipta við tollyfirvöld, nema þegar sótt er um VEF-tollafgreiðslu.
6. Þeir hafi á að skipa starfsliði með fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um tollmeðferð vara.

25. gr.

Skriflegar aðflutningsskýrslur.

Aðrir en þeir sem um getur í 1. og 3. mgr. 23. gr., sbr. 4. mgr. sömu greinar, skulu afhenda viðkomandi tollstjóra skriflegar aðflutningsskýrslur.

Innflytjendum skv. 1. mgr. er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum með rafrænum skjalasendingum á milli tölva.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form skriflegra aðflutningsskýrslna.

Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði sem sett eru skv. 3. mgr. um form þeirra.

26. gr.

Einfaldaðar aðflutningsskýrslur.

Ráðherra getur í reglugerð heimilað einfaldaðar skýrslugjafir vegna póstsendinga, smásendinga og vara sem ekki eru á farmskrá. Ráðherra getur jafnframt heimilað einfaldari skýrslugjafir vegna vara sem njóta tollfríðinda við innflutning skv. 4., 6. og 7. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form aðflutningsskýrslna skv. 1. mgr.

27. gr.

Skýrslugjafir ferðamanna og farmanna.

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Sama gildir um varning sem er háður sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins.

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum eða fara frá landinu til útlanda, skulu ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sem þeir hafa meðferðis í reiðufé.

Þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilin tollafgreiðsluhlið, annars vegar fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafa engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skulu þá sjálfir velja sér tollafgreiðsluhlið og teljast þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslu grein fyrir.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

28. gr.

Fylgiskjöl með aðflutningsskýrslum.

Eftirtalin skjöl skulu liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu skv. 23. og 25. gr. eftir því sem við á. Þegar um SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er að ræða skulu fylgigögn varðveitt með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 29. gr. Viðeigandi fylgiskjöl skulu afhent tollstjóra í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er skrifleg:

1. *Vörureikningur:* Frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er tollstjóra heimilt að taka gildan pro forma reikning eða viðskiptareikning í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún er augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, t.d. þegar um persónulega muni er að ræða.
2. *Farmbréf og önnur staðfestingarskjöl:* Farmbréf eða undirfarmbréf, reikningur fyrir flutningskostnað, reikningur fyrir umbúðakostnað, pökkunarlisti, niðurstaða efnagreiningar og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu, magn og verð hennar. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf

sé afhent í fleiri en einu eintaki og tollstjóra er heimilt að halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollstjóra er heimilt að taka afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

3. *Tollverðsskýrsla:* Tollverðsskýrsla í þeim tilvikum þegar það verð sem tilgreint er í vöru- eða sölureikningi er ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 14. gr. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé látin í té með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum. Tollverðsskýrslu skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað.
4. *Upprunasannanir:* Frumrit viðeigandi upprunasönnunar í þeim tilvikum þegar sett er fram krafa um fríðindameðferð innfluttrar vöru með vísan til fríverslunarsamnings sem Ísland á aðild að.
5. *Önnur fylgiskjöl:* Önnur gögn sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um efni aðflutningsskýrslu og fylgiskjala.

29. gr.

Varðveisla aðflutningsskýrslna og fylgiskjala vegna rafrænnar tollafgreiðslu.

Innflytjandi, sem er bókhaldsskyldur samkvæmt ákvæðum laga um bókhald, skal varðveita öll tollskjöl í samræmi við ákvæði laga um bókhald og fyrirmæli sett samkvæmt þeim. Þá skal innflytjandi, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu, varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Hann skal halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem hann sendir tollstjóra eða tekur á móti frá tollstjóra. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau og prenta á læsilegan hátt ef þess er óskað. Innflytjandi, sem hefur leyfi til VEF-tollafgreiðslu, skal varðveita útprentun af tollskýrslu og rafrænni tilkynningu tollstjóra um tollafgreiðslu og skuldfærslu aðflutningsgjalda.

Tollmiðlari skal varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Tollmiðlari skal að auki varðveita afrit af viðeigandi skriflegum gögnum, sbr. 28. gr., sem liggja til grundvallar rafrænni aðflutningsskýrslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi.

Tollstjóri varðveitir öll tollskjöl vegna tollafgreiðslu sendinga sem aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir, flytja til landsins.

30. gr.

Upplýsingaskylda.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollstjóra leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind. Tollstjóri hefur aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum sem annast gjaldeyrisviðskipti er skylt að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur sem þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

Sá sem rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða fjarlægja það.

Sé lás eða innsigli tollgæslunnar eða annað tolleinkenni rofið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, skal vörsluhafi vörunnar eða annar ábyrgðarmaður hennar sæta sektum ef kenna má vanrækslu hans eða starfsfólks hans um brotið. Sama gildir ef vörsluhafi hefur látið undir höfuð leggjast að tilkynna tollyfirvöldum um brotið strax og hann varð þess var eða hefur vanrækt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara yrði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

175. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum.

Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja þær vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu refsingu varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja vörur út af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu ef hann hefur sýnt af sér gáleysi við vöruflutninginn.

176. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, hafi maður misnotað leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í 7. eða 8. gr. eða öðrum reglum settum samkvæmt lögum þessum.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verður rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

177. gr.

Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum svo sem skylt er eða skjölin eru ekki gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða öðrum reglum settum samkvæmt þeim, eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

Sömu refsingu varðar það stjórnanda fars ef við komu þess frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða ekki er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af því.

178. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra. Sömu refsingu varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

Brot skv. 1. mgr. varða refsingu ef þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

179. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða, aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálsa í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

180. gr.

Ef maður tálmar tollvörðum í því að sinna skyldustörfum sínum við tollgæslu eða óhlýðnast fyrirmælum sem tollverðir gefa við framkvæmd tollgæslustarfa varðar það sektum nema brotið varði þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Önnur viðurlög.

181. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem flutt hefur verið ólöglega til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, eða á annan hátt farið með vöruna andstætt ákvæðum þessa kafla, óháð því hver eigandi vörunnar er og án tillits til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörsluhafi vörunnar hafi komist yfir hana á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Verði ekki upplýst hver hinn seki er skal varan að liðnum 30 dögum frá því að hún var flutt inn eða fannst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

Eignaupptöku er heimilt að beita þótt refsiábyrgð verði ekki komið fram.

182. gr.

Heimilt er að svipta mann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða ítrekað brot á ákvæðum þessa kafla.

Svipta má þann leyfinu sem öðlast hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum til þess að vera tollmiðlari, reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur eða stunda önnur sambærileg störf ef hann hefur brotið gegn refsiákvæðum þessa kafla eða með öðrum hætti sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi sínu. Um tímalengd sviptingar og endurskoðun ákvörðunar fer eftir ákvæðum 68. gr. og 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Rannsókn, málsmeðferð og fyrning.

183. gr.

Tollstjórar annast rannsókn brota gegn refsiákvæðum þessa kafla að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. Skulu þeir hvenær sem þess gerist þörf hefja rannsókn út af rökstuddum grun eða vitneskju um refsivert brot. Hafi tollstjóri utan Reykjavíkur rökstuddan grun um að stórfellt brot gegn lögunum hafi verið framið skal hann þegar tilkynna það til tollstjórans í Reykjavík sem veitir þá aðstoð við rannsóknina er þurfa þykir.

Lögreglu er skylt að veita tollstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar með því að færa mann til skýrslugjafar hjá tollstjóra ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

Um heimildir tollgæslu til valdbeitingar, handtöku, leitar, haldlagningar og innsiglunar gilda ákvæði 151. gr. og 154.–164. gr.

Um rannsókn, yfirheyrslu grunaðra manna og aðrar skýrslutökur fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

184. gr.

Ef ætlað brot gegn refsiákvæðum þessa kafla varðar einnig við almenn hegningarlög eða önnur sérrefsilög eða tengist brotum gegn almennum hegningarlögum eða öðrum sérrefsilögum, þar á meðal lögum um ávana- og fíkniefni, skal tollstjóri þegar tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra sem tekur ákvörðun um framhald rannsóknarinnar.

Beiðni erlendra tollyfirvalda um aðstoð við rannsókn mála sem hlutaðeigandi yfirvöld annast skal senda til tollstjórans í Reykjavík. Telji tollstjórinn í Reykjavík að íslenskum tollyfirvöldum beri samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum að veita umbeðna aðstoð annast hann rannsókn málsins nema rannsókn þess heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein.

Tollstjóra ber að hafa samvinnu við lögreglu og ákæruvald um rannsókn mála þegar tilefni er til þess eða eftir því er óskað af hálfu lögreglustjóra. Á sama hátt ber lögreglustjóra að hafa samvinnu við tollyfirvöld um rannsókn mála ef sérstaklega reynir á sérþekkingu tollgæslu eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tollamálum. Heimilt er að kveða nánar á um samskiptin með reglugerð.

185. gr.

Um saksókn og málsmeðferð vegna brota gegn refsiákvæðum þessa kafla skal farið að hætti opinberra mála.

Tollstjóra er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning eða önnur brot gegn ákvæðum þessa kafla ef brot er skýlaust sannað og ætla má að það varði ekki hærri sekt en 300.000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stuttlega, frá því broti sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollstjóri undir því skilorði er nú var sagt eða 4. mgr. 181. gr. ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti þess sem gera á upptækt eigi fram úr 300.000 kr.

Sektir allt að 300.000 kr. fyrir helstu brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint til hvaða tegunda brota hún tekur og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein skulu ákveðnar af tollstjóra, löglærðum fulltrúa hans eða tollvörðum. Þó skulu skulu sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein ákveðnar af tollstjóra eða löglærðum fulltrúa hans ef mál varðar brot sem ekki er tilgreint í reglugerð ráðherra, sbr. 3. mgr.

Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem dómsmálaráðherra setur, en m.a. skulu ákvæði 19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda um færslu á sakaskrá og leiðbeiningu ríkissaksóknara um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brota.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

186. gr.

Sektir fyrir brot á refsiákvæðum þessa kafla og andvirði upptækrar vöru skulu renna í ríkissjóð.

187. gr.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum tollstjóra eða lögreglustjóra enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar. Um upphaf og stöðvun fyrningarfrests fer að öðru leyti eftir ákvæðum 82. gr. almennra hegningarlaga.

XXIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

188. gr.
Þagnarskylda.

Starfsmönnum tollstjóra ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja, þ.m.t. hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir. Einnig tekur þagnarskylda til upplýsinga er varða starfshætti tollstjóra, þ.m.t. fyrirhugaða tollrannsókn, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum tollstjóra eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi.

189. gr.

Samþykki Alþjóðatollastofnunin breytingar á tollnafnaskrá stofnunarinnar eða skýringum við tollnafnaskrána, úrskurði eða gefi út túlkun um tollflokkun eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá er ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Ráðherra er jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer ef þess gerist þörf, t.d. til að afla megi nauðsynlegra upplýsinga til hagskýrslugerðar.

Breytingar á tollskrá skv. 1. mgr. skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda og hafa ekki afturvirkt gildi. Breytingarnar skulu ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og annað sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur sem koma til landsins eða fara frá landinu með hraðsendingum eða póstsendingum í einu sendingarnúmeri og eru að tollverðmæti 25.000 kr. eða minna. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á fjárhæð tolls af viðkomandi vörum.

190. gr.

Ráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollstjóri getur heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

191. gr.

Ráðherra setur reglur um skil tollstjóra á upplýsingum til Hagstofu Íslands úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum, að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

192. gr.

Ráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð vegna gagnkvæmra upplýsingaskipta og innheimtu vangreiddra gjalda og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

193. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

194. gr.

Ákvæði laga þessara um flokkun vara, álagningu, innheimtu, lögveð, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

XXIV. KAFLI
Gjaldtökuheimildir.

195. gr.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld vegna þjónustu tollstjóra í eftirfarandi tilvikum:

1. Tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan almenns afgreiðslutíma. Gjald þetta skal standa undir launakostnaði vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma.
2. Tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan tollhafna skv. 53. gr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði til og frá tollafgreiðslustað.
3. Bráðabirgðatollafgreiðslugjald sem skal standa straum af kostnaði við tolleftirlit vegna bráðabirgðatollafgreiðslu skv. 36. gr. Gjald þetta skal miðast við kostnað af útgáfu leyfis til bráðabirgðatollafgreiðslu og aksturskostnað í tengslum við skoðun vöru.
4. Neyðarleyfisgjald sem skal standa straum af kostnaði við tolleftirlit vegna útgáfu neyðarleyfis skv. 37. gr. Gjald þetta skal miðast við kostnað af útgáfu neyðarleyfis og aksturskostnað í tengslum við skoðun vöru.
5. Tjónamatsgjald vegna mats tollstjóra á vörum sem orðið hafa fyrir skemmdum, vöntun eða rýrnun. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar matsins.
6. Förgunargjald vegna eyðileggingar vöru að beiðni eiganda vörunnar, farmflytjanda eða leyfishafa geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við förgun vöru og aksturskostnaði vegna förgunar.
7. Fylgdargjald vegna kostnaðar af tollgæslu við flutning á ótollafgreiddum vörum. Gjaldtaka þessi er heimil þegar tollstjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka gæslu eða þegar þess er sérstaklega óskað að tollgæsla sé viðstödd flutning ótollafgreiddra vara, affermingu eða fermingu fara, innsetningu ótollafgreidds varnings á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur o.fl. Gjaldið skal standa straum af aksturskostnaði og launakostnaði vegna fylgdar.
8. Eftirlitsgjald vegna tolleftirlits með fullvinnslu á landbúnaðarvörum sem fluttar eru til landsins tímabundið til fullvinnslu og endurútflutnings skv. 3. tölul. 7. gr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði og ferðakostnaði starfsmanna tollstjóra vegna tolleftirlits og kostnaði af aðkeyptri sérfræðiþjónustu við tolleftirlit.
9. Tollalínugjald vegna upplýsinga- og gagnamiðlunar úr tölvukerfi tollyfirvalda (tollalínu). Gjald þetta skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu, m.a. úrvinnslu gagna og flutning þeirra um upplýsingaveitur.
10. Innsiglisgjald vegna vinnu við að innsigla vörur eða rjúfa innsigli skv. 164. gr. Gjaldið

skal standa straum af aksturskostnaði til og frá þeim stað þar sem innsiglun eða rof innsiglis fer fram.

11. Eftirlitsgjald vegna tolleftirlits með skemmtiferðaskipum hafi þau verið undanþegin ákvæðum um innsiglun forða, sbr. 5. mgr. 57. gr.
12. Eftirlitsgjald vegna tolleftirlits með tollfrjálsum forðageymslum, tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra og frísvæðum.

Ákvæði 1. og 2. tölul. taka hvorki til erlendra herskipa eða herflugvéla né skipa eða flugfara í opinberri eigu sem ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja hvorki vörur né farþega gegn greiðslu. Sama gildir ef far leitar hafnar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda, vegna neyðar, slysa, sjúkdóma manna um borð eða annars ófarnaðar.

Gjaldtaka tollstjóra skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Tollstjóra er heimilt að gera langtímasamning skv. 1. mgr. fyrir notkun þjónustu.

196. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra. Frá sama tíma falla úr gildi tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Viðaukar II–IV við þau lög, með áorðnum breytingum, verða þó viðaukar II–IV við lög þessi.

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987, skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar sem hafa fengið viðurkenningu tollstjóra til reksturs geymslu- og afgreiðslustaðar fyrir ótollafgreiddar vörur eða leyfi ráðherra til reksturs almennrar tollvörugeymslu, tollfrjálsrar forðageymslu, tollfrjálsrar verslunar eða frísvæðis fyrir gildistöku laga þessara skulu innan eins árs frá gildistöku laganna senda ráðherra eða tollstjóra eftir atvikum umsókn um starfsleyfi.

Hafi umsókn frá aðilum sem um getur í 1. mgr. ekki borist innan eins árs frá gildistöku laganna skal viðurkenning þeirra eða leyfi falla úr gildi.

Viðauki I, tollskrá, er samhljóða viðauka I í þskj. 753.

1306. Fyrirspurn [803. mál]

til félagsmálaráðherra um leyfi til að starfrækja sumardvalarheimili fyrir fatlaða.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Þurfa þeir sem starfrækja sumardvalarheimili fyrir fatlaða að sækja um leyfi fyrir rekstrinum? Ef svo er, hvert? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því?

Skriflegt svar óskast.

1307. Svar [767. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um stærð verslunarhúsnæðis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Liggja fyrir upplýsingar um heildarstærð verslunarhúsnæðis hér á landi og ef svo er, hve margir fermetrar eru á hvern mann?*
2. *Hvernig er þessu háttað í nálægum löndum?*
3. *Er meira fjárfest í verslunarhúsnæði hér á landi en í grannlöndunum?*

Ráðuneytið fór þess á leit við fjármálaráðuneytið að umbeðnum upplýsingum yrði komið til ráðuneytisins og leitaði fjármálaráðuneytið liðsinnis Fasteignamats ríkisins við öflun umræddra upplýsinga.

Í svari fjármálaráðuneytisins til ráðuneytisins kemur fram að í Landskrá fasteigna sé ekki gerður greinarmunur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eftir tegund húsnæðis. Hins vegar sé notkun húsnæðis (óháð tegund) skráð í ákveðna flokka, þar á meðal verslun. Í svarinu kemur fram að samkvæmt notkunarskráningu í Landskrá fasteigna sé verslunarhúsnæði á Íslandi samtals um 1.150.000 m^2 en það er um 4 m^2 á hvern Íslending.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig þessu er háttað í nálægum löndum né hvort meira sé fjárfest í verslunarhúsnæði hér á landi en í grannlöndunum. Þar af leiðandi er ráðuneytinu því miður ekki unnt að veita svar við þeim spurningum.

1308. Lög [667. mál]

um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1282.

1309. Lög [676. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1029.

1310. Lög [675. mál]

um happdrætti.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1283.

1311. Lög [336. mál]

um fullnustu refsinga.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1301.

1312. Lög [479. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1302.

1313. Lög [480. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1303.

1314. Lög [478. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1304.

1315. Lög [696. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1054.

1316. Lög [648. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. samningsviðauki) .

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1281.

1317. Nefndarálit [727. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis.

Þá bárust umsagnir frá embætti yfirdýralæknis, Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni A-Skaftafellsumdæmis, héraðsdýralækni Suðurlandsumdæmis, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis, héraðsdýralækni Dalaumdæmis, Sigríði Björnsdóttur dýralækni hrossasjúkdóma, Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður ákvæði um hámarksaldur hrossa sem leyfilegt er að flytja úr landi. Ákvæðið þykir ekki hafa neina þýðingu lengur þar sem að ítarleg skoðun fer fram á öllum hrossum fyrir útflutning sem framkvæmd er af eftirlitsdýralækni.

Samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að flytja út hross nema embættisdýralæknir meti það hæft til útflutnings m.a. með tilliti til dýraverndar og smitsjúkdóma. Nefndin telur með vísan til umsagna sem borist hafa að nauðsynlegt sé að sjónarmið dýraverndar séu tryggð og leggur því til þá breytingu að héraðsdýralækni verði falið að meta sérstaklega ástand útflutningshrossa þegar um eldri hross er að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Á eftir orðunum „hæft til útflutnings með tilliti til“ í 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: aldurs.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Jón Bjarnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Dagný Jónsdóttir.

1318. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um gæðamat á æðardúni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson, Harald Benediktsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands, Sigtrygg Eyþórsson frá XCO, Jónas Helgason frá Æðarræktarfélagi Íslands, Pál Ólafsson og Jón Sveinsson.

Umsagnir bárust frá Gunnlaugi S. Stefánssyni, Jóni Sveinssyni, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Æðarræktarfélagi Íslands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Páli Ólafssyni, Bændasamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Æðarræktarfélagi Íslands, Verslunarráði Íslands, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Umhverfisstofnun og Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að allur æðardúnn skuli veginn og metinn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun hvort sem hann er ætlaður til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings. Þá er einnig lagt til að landbúnaðarráðherra gefi út starfsleyfi til dúnmatsmanna, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna, í stað lögreglustjóra áður.

Á fundum nefndarinnar kom fram að íslenskur æðardúnn er einstök vara og þekkt vörumerki erlendis og undanþeginn t.d. þýskum gæðastöðlum. Hlutdeild íslensks æðardúns á heimsmarkaði er um 80%. Á fundum nefndarinnar og í umsögnum kom fram að hagsmunasamtök telja nauðsynlegt að halda úti því gæðaeftirliti sem verið hefur til þess að tryggja orðspor vörunnar og viðhalda verðmæti hennar og gæðum.

Telur nefndin brýnt að ráðuneytið hugi að markaðsmálum greinarinnar en æðardúnninn er takmörkuð náttúruauðlind og því þarf að viðhalda gæðastaðli og auka verðmæti vörunnar, þannig að virðisaukinn verði meiri hjá æðardúnsbændum.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Jón Bjarnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Dagný Jónsdóttir.

1319. Nefndarálit [725. mál]

um frv. til l. um breyt. á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis. Þá bárust umsagnir frá embætti yfirdýralæknis og Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði úr gildi heimild búnaðarsambanda til þess að innheimta sérstakt gjald hjá mjólkurframleiðendum af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið er nú 1,7% og er lagt á alla framleiðendur án tillits til þess hvort þeir nýta sér þjónustuna.

Telur nefndin mun heppilegra að þeir framleiðendur sem nýta sér þjónustuna greiði fyrir hana enda er séð fyrir framlagi til kynbóta og þróunarverkefna í nautgriparækt í nýgerðum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðenda sem tekur gildi 1. september 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Jón Bjarnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Dagný Jónsdóttir.

1320. Breytingartillaga [587. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Við 1. gr. A-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 100%: Vegna þeirra sem eru eldri en 67 ára, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um sjómenn 60 ára og eldri sem uppfylla framangreind skilyrði.
2. 100%: Vegna þeirra sem fengið hafa 75% örorkumat skv. 12. gr., eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um endurhæfingarlífeyrisþega sem uppfylla framangreind skilyrði.
3. 100%: Vegna andlega þroskahamlaðra einstaklinga 18 ára og eldri.
4. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
5. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra.
6. 50%: Vegna öryrkja og þeirra sem eru 67 ára og eldri sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari ákvæði í reglugerð ráðherra.

Endurgreiðsluhlutfall vegna annarra þátta en almennra tannlækninga skal vera það sama en ráðherra skal útfæra það nánar í reglugerð.

1321. Breytingartillaga [587. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:
1. 100%: Vegna þeirra sem eru eldri en 67 ára, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um sjómenn 60 ára og eldri sem uppfylla framangreind skilyrði.
2. 100%: Vegna þeirra sem fengið hafa 75% örorkumat skv. 12. gr., eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um endurhæfingarlífeyrisþega sem uppfylla framangreind skilyrði.

3. 100%: Vegna barna og unglinga, yngri en 20 ára. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 100%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra.
5. 75%: Vegna öryrkja og þeirra sem eru 67 ára og eldri sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari ákvæði í reglugerð ráðherra.

Endurgreiðsluhlutfall vegna annarra þátta en almennra tannlækninga skal vera það sama en ráðherra skal útfæra það nánar í reglugerð.

b. 3. og 4. mgr. falla brott.

1322. Nefndarálit [705. mál]

um till. til þál. um fullgildingu viðbótarsamnings nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda viðbótarsamning nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans, sem gerður var í Strassborg 13. maí 2004.

Meginmarkmiðið með viðbótarsamningnum er að auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu svo að markmiðum sáttmálans um vernd mannréttinda í Evrópu verði náð. Kærumálum hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár, aðallega vegna fjölgunar aðildarríkja, en þau eru nú orðin 45 talsins með rúmlega 800 milljónir íbúa. Með breytingunum er m.a. stefnt að því að gera dómstólnum betur kleift að einbeita sér að raunverulegum og mikilvægum álitaefnum án þess þó að raska rétti sérhvers einstaklings til að kæra meint mannréttindabrot til Mannréttindadómstólsins.

Viðbótarsamningurinn, sem samþykktur var 13. maí 2004, öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er öll aðildarríki mannréttindasáttmálans hafa fullgilt samninginn og er stefnt að því að fullgildingarferlinu verði lokið innan tveggja ára frá undirritunardegi.

Dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um lögfestingu viðbótarsamningsins (þskj. 980, 648. mál) og er það nú til meðferðar á Alþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 3. maí 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnar Birgisson.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1323. Nefndarálit [722. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004.

Í samningnum er kveðið á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum sjávarafurðum. Að því er EFTA-ríkin varðar er gert ráð fyrir að þau afnemi tolla á þeim vörum sem samningurinn nær til frá gildistöku hans en Líbanon fái aðlögunartíma á tímabilinu 2008–2015. Þó munu tollar á sjávarafurðum falla niður að langmestu leyti árið 2008. Í samningnum er einnig að finna ákvæði um vernd hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála en gerður var sérstakur tvíhliða samningur um vernd fjárfestinga.

Einnig var gerður sérstakur samningur um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Líbanons og mun þar kveðið á um sambærilegar tollalækkanir og réttindi og í öðrum landbúnaðarsamningum í tengslum við fríverslun.

Viðskipti Íslands og Líbanons eru frekar lítil en með gerð fríverslunarsamningsins hafa verið sköpuð tækifæri til eflingar viðskipta.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 3. maí 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnar Birgisson.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1324. Nefndarálit [704. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. janúar og 15. febrúar 2005.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2005/2006 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2005 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2005 auk ákvæðis um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila. Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2005. Samningurinn kveður því á um allar veiðar á uppsjávarfiski í lögsögu hvors aðila fyrir komandi veiðitímabil.

Nefndin vekur athygli á því að áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2005, en þar er um óbreyttar veiðiheimildir að ræða frá fyrra ári.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 3. maí 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnar Birgisson.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1325. Nefndarálit [786. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eystein Jónsson frá landbúnaðarráðueyti, Guðmund Stefánsson frá Lánasjóði landbúnaðarins, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Harald Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árna V. Kristjánsson frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda, Ólaf Pál Gunnarsson frá Lífeyrissjóði bænda, Þórólf Sveinsson frá Landssambandi kúabænda, Jóhannes Sigfússon frá Landssambandi sauðfjárbænda, Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Aðalstein Þorsteinsson og Herdísi Á. Sæmundsdóttur frá Byggðastofnun og Rögnvald Ólafsson, formann kjaranefndar á búnaðarþingi 2005.

Þá barst umsögn frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins verði lögð niður frá og með 31. desember 2005 og að landbúnaðarráðherra verði heimilt að selja allar eignir sjóðsins og gera upp skuldir hans. Lagt er til að söluandvirðið að frádregnum kostnaði við sölu og niðurlagningu sjóðsins renni til Lífeyrissjóðs bænda.

Meiri hlutinn telur að í ljósi breytts rekstrarumhverfis fjármálastofnana sé nauðsynlegt að bregðast við þeim breytingum sem hafa orðið á rekstri sjóðsins. Fram kom á fundum að langtímarekstrarlán sjóðsins bera hærri vexti en lán á almennum markaði og að útlán sjóðsins hafa minnkað og uppgreiðslur lána aukist mikið síðustu mánuði, enda ætíð heimilt að greiða lánin upp án uppgreiðslugjalds. Sýnt þykir að bændur telja hagsmunum sínum betur borgið á almennum lánamarkaði.

Telur meiri hlutinn mikilvægt að tryggja þeim bændum fyrirgreiðslu sem vegna búsetu eða búgreinar bjóðast ekki kjör á við þau sem tíðkast á almennum lánamarkaði, t.d. hjá Byggðastofnun. Þá telur meiri hlutinn rétt að hugað verði að lánamöguleikum óðalsbænda sem eftir breytinguna geta einungis sótt um lán hjá Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem einungis varða uppsetningu frumvarpsins og er gerð tillaga um þær á sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. | Birkir J. Jónsson.

Guðmundur Hallvarðsson. | Dagný Jónsdóttir.

1326. Breytingartillögur [786. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, AKG, BJJ, GHall, DJ).

1. Í stað orðanna „falla brott“ í 2. og 4. málsl. 2. gr. komi: falla úr gildi.
2. 3. gr. orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara verði eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:
   a. Orðin „Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands)“ í 43. gr. og „Lánasjóði landbúnaðarins“ í 47. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, falla brott.
   b. 100. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, fellur brott.
   c. Lokamálsliður 28. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, orðast svo: Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Lífeyrissjóður bænda reiknar af lánum hverju sinni.
3. 4. og 5. gr. falli brott.

1327. Nefndarálit [590. mál]

um frv. til samkeppnislaga.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt athugasemdum sem fylgja frumvarpi viðskiptaráðherra til samkeppnislaga, byggist frumvarpið á vinnu nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði til þess að móta stefnu um íslenskt viðskiptaumhverfi. Var nefndinni ætlað að meta hvernig bregðast ætti við aukinni samþjöppun og fákeppni í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts, eins og segir í athugasemdunum.

Áður en nefndin hóf störf hafði mikið verið rætt hvort völd í efnahagslífinu væru smám saman að færast á fáar hendur. Nefndinni var ætlað að fjalla um þessa þróun og hvernig bregðast mætti við henni með setningu almennra reglna. Í ljósi þeirra markmiða sem nefndin lagði upp með lýsir 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar yfir mikilli furðu á frumvarpi því til samkeppnislaga sem liggur fyrir Alþingi, en öllum sem hafa sett sig inn í þetta mál er ljóst að verði frumvarpið að lögum er um mikla afturför frá gildandi lögum að ræða. Á það jafnt við um stjórnsýsluna og skipulag hennar og tæki sem lögin veita til að hafa eftirlit með virkri samkeppni.

Vegna þess að sagt er að frumvarpið sé byggt á tillögum nefndar um mótun stefnu fyrir íslenskt viðskiptalíf verður að hafa í huga að við vinnslu þess í viðskiptaráðuneytinu hefur mörgu því verið kastað fyrir róða sem nefndin setti frá sér. Í því sambandi skiptir mestu að í frumvarpinu felst veiking á samkeppnislögum, þvert á markmið og tillögur nefndar viðskiptaráðherra. Að engu er höfð tillaga nefndarinnar um aukin rannsóknarúrræði samkeppnisyfirvalda. Þá eru í frumvarpinu gerðar mun minni hæfiskröfur til þeirra sem skipa fyrirhugaða stjórn Samkeppniseftirlitsins en gert var ráð fyrir í drögum sem kynnt voru 1. október sl. Einnig er bagalegt að í frumvarpinu hefur verið felld brott mikilvæg tillaga um að samkeppnisyfirvöld geti skotið málum til dómstóla.

Í umsögnum aðila sem komið hafa fyrir nefndina hefur á sannfærandi hátt verið sýnt fram á að allar forsendur sem gefnar hafa verið fyrir stjórnsýslubreytingunum standast ekki nánari skoðun, eins og vandlega er rakið í umsögn Samkeppnisstofnunar. Þessi staðreynd dregur athyglina að þeirri spurningu hvers vegna ekki var leitað til helstu sérfræðinga þjóðarinnar í samkeppnismálum þegar málið var unnið og nýtt frumvarp til samkeppnislaga mótað? Það vekur mikla furðu þegar málsmeðferðin og vinnubrögðin eru skoðuð að ekki hafi verið leitað eftir áliti og ráðgjöf þess fólks sem best þekkir til.

Eftir stendur því spurningin: Hvers vegna var lagt af stað með það markmið að styrkja ákvæði samkeppnislaga til að halda uppi eftirliti með virkri samkeppni? Niðurstaða þeirrar vinnu birtist okkur í því að sjálfstæði eftirlitsstofnunarinnar er skert, lögin verða mun veikari en áður og hvergi að finna ákvæði sem gera eftirlitsaðilum kleift að takast á við hringamyndun og fákeppni í íslensku viðskiptalífi. Þessi niðurstaða er í hrópandi ósamræmi við upphaflegar hugmyndir. Því stendur upp á viðskiptaráðherra að koma með viðunandi skýringar á því hvers vegna hugmyndir af þessum toga eru lagðar fyrir þingið til samþykktar. Hvergi er að finna nein haldbær rök fyrir þeim hugmyndum sem hér er ætlað að lögfesta.

Helstu niðurstöður 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru í samræmi við álit margra sem veitt hafa nefndinni umsögn. Þær eru eftirfarandi:

- Forsendur fyrir tillögum frumvarpa sem lögð hafa verið fram um breytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum fá ekki staðist. Engin rök hafa komið fram sem sýna að nú-

verandi stjórnsýsla samkeppnismála sé óeðlileg og þunglamaleg enda hefur engin úttekt verið gerð á stjórnsýslunni. Þá kemur ekkert fram í frumvarpinu sem styður það að tillögur um breytta stjórnsýslu efli skilvirkni eða geri samkeppnisyfirvöldum betur kleift að sinna verkefnum sínum. Þvert á móti geta þessar tillögur veikt samkeppnisyfirvöld.
- Hætta er á að skilgreind verkefni og hlutverk stjórnar Samkeppniseftirlitsins og minni hæfiskröfur til stjórnarmanna þess en nú gilda um þá sem skipa samkeppnisráð dragi úr sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins og veiki það sem stjórnsýslustofnun.
- Í 16. gr. frumvarps til samkeppnislaga, sem er sambærileg 17. gr. gildandi laga, hefur verið felldur brott c-liður 1. mgr. 17. gr., þar sem segir að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þetta er í hróplegri mótsögn við yfirlýstan tilgang endurskoðunar samkeppnislaganna. Ef þetta nær fram að ganga felur það í sér ótvíræða veikingu á samkeppnislögum og takmörkun á möguleikum samkeppnisyfirvalda til þess að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum, sem m.a. stafa af aukinni samþjöppun í viðskiptalífinu. Samkeppnisstofnun leggur til að þetta ákvæði gildandi 17. gr. verði styrkt enn frekar og samkeppnislög þar með gerð að öflugra tæki en þau eru nú til þess að berjast gegn óæskilegri samþjöppun, hringamyndun og skaðlegri fákeppni í íslensku viðskiptalífi.
- Í 8. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga er lögð til breyting þess efnis að Samkeppniseftirlitið skuli birta skýrslur um athuganir sínar á hringamyndun og samþjöppun og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Viðbúið er að samkeppnishömlur sem stafað geta af hringamyndun og samþjöppun eigi ekki rót sína að rekja til brota á bannreglum samkeppnislaga heldur til skaðlegra aðstæðna í skilningi c-liðar 17. gr. gildandi samkeppnislaga. Með því að fella á brott það ákvæði samkeppnislaga er unnið gegn markmiði þeirra breytinga sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni væri samkeppnislögum breytt þannig að samkeppnisyfirvöldum bæri að fylgjast með hringamyndun og samþjöppun og grípa til aðgerða gegn þessu. Í 16. gr. frumvarpsins hefur hins vegar eitt helsta tækið til að vinna gegn þessum hömlum á samkeppni verið fellt brott úr lögunum.
- Í frumvarpinu gætir nokkurs rökræns ósamræmis. Áðurnefnd veiking á gildandi 17. gr. samkeppnislaga er gerð með vísan til þess að með því ákvæði sem fellt verður brott hafi íslensk samkeppnisyfirvöld haft víðtækari heimildir til íhlutunar en önnur tilgreind evrópsk samkeppnisyfirvöld. Þar sem heimildir eru rýrari í íslenskum samkeppnislögum en í EES-reglum er röksemdum sem lúta að samræmingu íslenskra og evrópskra reglna ekki beitt til að efla heimildir samkvæmt íslenskum reglum.
- Fyrsti minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur eðlilegt að við setningu nýrra samkeppnislaga verði lögfest ákvæði þar sem samkeppnisyfirvöldum á Íslandi yrði veitt heimild til vettvangsrannsókna á heimilum, landsvæðum og í flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis.
- Í umræðu í nefndinni hefur komið fram að EES-samningurinn gerir ekki ráð fyrir því að dómsvald sé framselt til eftirlitsaðila eða dómstóla innan Evrópusambandsins. Það kom skýrt fram að hugmyndin um EES-samninginn byggist á því að Ísland nái markmiðum um einsleitni markaðarins eftir öðrum leiðum en Evrópusambandið. Ísland er því ekki skuldbundið að þjóðarrétti til að taka upp ákvæði sem skyldar íslenska dómstóla til að fara eftir niðurstöðum erlendra aðila, eins og gert er ráð fyrir í 27. gr. frumvarpsins. Fyrsti minni hluti telur mikinn vafa leika á að þetta framsal dómsvaldsins standist ákvæði stjórnarskrár.

- Til samræmis við það sem ráð var fyrir gert í drögum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins að samkeppnislögum frá 1. október sl. og til að tryggja betur almannahagsmuni í samkeppnismálum leggur Samkeppnisstofnun til að Samkeppniseftirlitið fái heimild í 41. gr. frumvarpsins til að leita til dómstóla telji það úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála ekki samræmast markmiði og ákvæðum samkeppnislaga.
- Ljóst er að staða forstjóra Samkeppniseftirlitsins verður veikari en staða núverandi forstjóra Samkeppnisstofnunar. Hann nýtur ekki þeirrar réttarverndar sem núverandi forstjóri hefur sem embættismaður. Hann nýtur því ekki sama starfsöryggis og sá sem nú gegnir starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar. Hann er því ekki eins vel varinn fyrir pólitískum afskiptum og núverandi forstjóri.
- Samkeppniseftirlitið sem ætlunin er að koma á fót nýtur ekki sama sjálfstæðis í daglegum störfum sínum og Samkeppnisstofnun gerir nú, því nái þessar breytingar fram að ganga verður að bera allar meiri háttar aðgerðir undir þriggja manna stjórn, sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar, áður en ráðist er í þær. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að hlutverk stjórnarinnar sé að tryggja að Samkeppniseftirlitið gæti meðalhófs í aðgerðum sínum. Það er því ekki nema von að athygli manna hafi beinst að því hvað hefði gerst ef þetta frumvarp hefði verið orðið að lögum þegar ráðist var til inngöngu í olíufélögin á sínum tíma. Hefði sú aðgerð verið talin í andstöðu við meðalhóf?
- Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að eðlilegt hefði verið að viðurlög við brotum gegn samkeppnislögum væru þannig úr garði gerð að ólögmætur ávinningur yrði allur gerður upptækur, þegar það ætti við.

Eins og áður hefur verið vakin athygli á var markmið þeirrar vinnu, sem hófst með skipun nefndar um stefnumótun fyrir íslenskt viðskiptalíf, að móta stefnu og setja reglur sem tækju á fákeppni og óeðlilegum eignatengslum í íslensku viðskiptaumhverfi en það markmið virðist hafa gufað upp á leiðinni. Niðurstaðan er sú að gera stjórnsýslubreytingar á Samkeppnisstofnun sem draga úr afli stofnunarinar og draga úr möguleikum á að hafa eftirlit með íslensku viðskiptalífi.

Um þetta segir í áliti Samkeppnisstofnunnar: „...frumvarpið leggur til grundvallarbreytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum. Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum.

Þar sem helstu forsendur fyrir framangreindum tillögum fá ekki staðist varar Samkeppnisstofnun við því að þær verði lögfestar.“

Fyrsti minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps og lýsir mikilli andstöðu við að gildandi samkeppnislög séu milduð og stjórnsýslunni breytt eins og ætlunin er, sökum þess að forsendur breytinganna standast ekki.

Alþingi, 4. maí 2005.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Helgi Hjörvar.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (11. apríl 2005.)
II. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. (22. apríl 2005.)
III. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál. (22. apríl 2005.)
IV. Umsögn frá Neytendasamtökunum. (7. apríl 2005.)
V. Umsögn frá Samkeppnisstofnun. (11. apríl 2005.)
VI. Umsögn frá Lögmannafélagi Íslands. (25. apríl 2005.)
VII. Umsögn frá Réttarfarsnefnd. (7. apríl 2005.)

1328. Nefndarálit [591. mál]

um frv. til l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Það frumvarp sem hér um ræðir er að hluta til afsprengi þeirra hugmynda viðskiptaráðherra að skipta upp stjórnsýslu Samkeppnisstofnunar og koma hluta eftirlitsins fyrir hjá nýrri stofnun, Neytendastofu. Fyrsti minni hluti hefur lýst sig andvígan þessari uppskiptingu og telur hana ekki skynsamlega, eins og frekar er rakið í áliti hans um frumvarp til samkeppnislaga (590. mál).

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem flest er nú að finna í VI. og VII. kafla samkeppnislaga en í því er lagt til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til Neytendastofu. Rökin sem fram hafa verið borin fyrir réttmæti þessarar aðgerðar byggjast fyrst og fremst á því að samnýta megi starfsfólk til þess að sinna verkefnum, sem nú heyra undir Löggildingarstofu og verða færð til Neytendastofu, en nokkrir starfsmenn samkeppnisyfirvalda verða fluttir yfir á Neytendastofu. Hvernig sá flutningur fer fram liggur ekki fyrir. Ýmsir hafa bent á að hefðbundin starfsemi Löggildingarstofu eigi fátt sameiginlegt með neytendavernd og eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum. Um þá gagnrýni vísast til umsagnar Samkeppnisstofnunar sem fylgir áliti þessu.

Fyrsti minni hluti leggst gegn samþykkt frumvarpsins þar sem hann telur að sú breyting á stjórnsýslu samkeppnismála sem það felur í sér veiki mjög eftirlit með virkri samkeppni.

Alþingi, 4. maí 2005.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Helgi Hjörvar.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Umsögn frá Samkeppnisstofnun. (11. apríl 2005.)

1329. Nefndarálit [592. mál]

um frv. til l. um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er tvíþætt. Í fyrsta lagi felur það í sér tillögur um að ný stofnun, Neytendastofa, verði sett á fót til að taka við hluta verkefna Samkeppnisstofnunar, sem snúa að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og þeim verkefnum sem eru unnin hjá Löggildingarstofu. Í öðru lagi er lagt til í frumvarpinu að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda. Jafnframt er gert ráð fyrir að Samkeppnisstofnun verði lögð niður.

Eins og fram kemur í áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til samkeppnislaga telur 1. minni hluti breytingarnar á stjórnsýslu samkeppnismála lítt ígrundaðar, byggjast á röngum forsendum og ekki til þess fallnar að styrkja eftirlit með samkeppnismálum. Sú skoðun er rökstudd í áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til samkeppnislaga og vísast til þess álits um þann þátt málsins, en 1. minni hluti telur að breytingarnar geri eftirlit með samkeppnis- og neytendamálum ómarkvissara og veikara en það er nú.

Síðari hluti frumvarpsins fjallar um stofnun embættis talsmanns neytenda og hlutverk hans. Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að markmið viðskiptaráðherra með þessari breytingu sé að efla starf að neytendamálum og auka neytendavernd. Fyrsti minni hluti tekur undir mikilvægi þessa markmiðs enda telur hann afar brýnt að stjórnvöld leggi mikla rækt við samkeppnis- og neytendamál nú um stundir þegar samfélagið er á hraðri leið til aukinnar markaðsvæðingar.

Fyrsta minni hluta er því nokkur vandi á höndum þegar taka á afstöðu til síðari hluta frumvarpsins – þ.e. stofnunar embættis talsmanns neytenda. Fyrsti minni hluti telur mikilvægt að stjórnvöld láti meira að sér kveða í neytendamálum en þau hafa gert og auki til muna fjárframlög til málaflokksins. Því ber að fagna þeirri ákvörðun stjórnvalda að koma þessu embætti á laggirnar, enda ætti markmiðið að vera að efla neytendavernd. Fyrirmyndir embættis af þessu tagi er að finna annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn er þó sá að þar eru embætti talsmanns neytenda sjálfstæð og óháð, með sjálfstæðan fjárhag og mannaforráð sem tryggja að þau séu engum háð við umfjöllun um neytendamál og meðferð mála. Það embætti sem hér er ætlunin að setja á laggirnar hefur ekki það sjálfstæði sem nauðsynlegt er. Embættið mun eiga allt sitt undir starfsemi Neytendastofu og verkefnum sem þar falla til og verða unnin frá degi til dags. Staðsetning embættisins gerir það að verkum að starfsemi þess verður algerlega háð fjárframlögum til Neytendastofu á fjárlögum, en jafnframt því að fara með neytendamál er Neytendastofu ætlað samkvæmt frumvarpinu að fara með mál er varða óréttmæta viðskiptahætti og málefni sem nú heyra undir Löggildingarstofu. Alþýðusamband Íslands telur að vegna annarra verkefna sem Neytendastofu verða falin, þar má nefna rafmagnsöryggismál, öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði auk umsjónar með framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu, sé mikil hætta á því að nýja stofnunin hafi ekki nægilegt bolmagn til að efla neytendamál og auka neytendavernd í samræmi við markmið laganna. Nægilegt fjármagn er forsenda þess að þessi skipulagsbreyting nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar kom fram að Löggildingarstofa á í erfiðleikum með að sinna verkefnum sínum vegna fjárskorts, auk þess sem fram kemur í frumvarpinu að ætlunin er að lítið fé fylgi þeim sex starfsmönnum sem ætlunin er að flytja frá Samkeppnisstofnun yfir á nýju stofnunina, Neytendastofu. Flest bendir því til þess að háleit markmið sem greint er frá í athugasemdum með frumvarpinu verði aldrei annað en innihaldslitlar yfirlýsingar og í besta falli skraut í afrekaskrár Framsóknarflokksins fyrir næstu alþingiskosningar – því miður.

Starfsemi embættisins mun augljóslega ráðast af öðrum störfum Neytendastofu og hvernig verkefni starfsmanna verða ákveðin. Samkvæmt þessum hugmyndum verða yfirmenn Neytendastofu tveir, forstjóri og talsmaður neytenda. Forstjóri stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Afar óljóst er hvert hlutverk hins yfirmannsins, talsmanns neytenda, verður innan stofnunarinnar. Flest virðist því benda til þess að embættið verði ekki eins öflugt og umboðsmaður eða talsmaður neytenda á að vera. Þá er hvorki gert ráð fyrir því að talsmaðurinn geti höfðað mál fyrir dómstólum né að hann hafi neitt með almenna stefnumótun í neytendamálum að gera. Því má segja að í besta falli megi leggja þetta

mál upp með þeim hætti að um örlítið skref sé að ræða og óljóst til hvers það leiðir. Í Danmörku var í upphafi lagt af stað með svipað skipulag, en fallið hefur verið frá því þar sem það gekk ekki upp.

Í mörgum umsögnum um frumvarpið hefur verið bent á þessa hluti, auk þess sem athugasemdir hafa verið gerðar við nafngiftina. Í ljósi þess að málið er hluti af framangreindum stjórnsýslubreytingum sem varða eftirlit með samkeppnismálum styður fyrsti minni hluti ekki frumvarpið.

Alþingi, 4. maí 2005.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir. Helgi Hjörvar.

1330. Nefndarálit [700. mál]

um frv. til l. um Landbúnaðarstofnun.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Eystein Jónsson, Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis, Guðmund Stefánsson frá Lánasjóði landbúnaðarins, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Harald Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Árna Ísaksson frá embætti veiðimálastjóra, Stefán Vilhjálmsson frá Yfirkjötmati ríkisins, Ólaf Guðmundsson frá aðfangaeftirlitinu og Sigurgeir Ólafsson frá plöntueftirliti.

Nefndinni bárust umsagnir frá Vottunarstofunni Túni hf., Félagi kjúklingabænda, yfirdýralækni, tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Veiðimálastofnun, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitinu, héraðsdýralækni A-Skaftafellsumdæmis, Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra, héraðsdýralækni Suðurlandsumdæmis, Landssambandi veiðifélaga, Félagi íslenskra búfræðikandídata, Neytendasamtökunum, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis nyrðra, Eyþingi, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, héraðsdýralækni Dalaumdæmis, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi háskólamanna, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Hagþjónustu landbúnaðarins og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði ný ríkisstofnun, Landbúnaðarstofnun, sem taki við verkefnum aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, kjötmatsformanns, plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands og ýmsum eftirlits- og stjórnsýsluverkefnum hjá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtökum Íslands. Þá verði aðfangaeftirlitið, embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóri og staða kjötmatsformanns lögð niður.

Meiri hlutinn telur mjög þarft að sameina stofnanir sem þessar, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina öfluga eftirlits- og stjórnsýslustofnun, enda mikilvægt að stefnt verði að skilvirkari og betri stjórnsýslu og einfaldara og sam-

hæfðara eftirliti. Á fundum nefndarinnar kom fram að verkefni þessara stofnana skarast þónokkuð og að með sameiningu nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Fyrsta varðar staðsetningu höfuðstöðva stofnunarinnar en meiri hlutinn telur mikilvægt að starfsemi hennar verði sem næst þeim er nýta þjónustu hennar, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins en leggur til að ráðherra verði falið að ákveða hvar aðsetur hennar verði.

Þá er lagt til að við 2. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um hlutverk Landbúnaðarstofnunar, verði bætt þeim verkefnum sem Landbúnaðarstofnun er falið að annast samkvæmt lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu og getið er í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar og lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð fjallað um þær hæfiskröfur sem gerðar eru til forstjóra stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Telur meiri hlutinn nauðsynlegt, þegar litið er til þess hversu víðfeðmt starf stofnunarinnar muni verða eftir sameiningu, að leggja til að í stað þess að gera kröfur um að forstjóri skuli vera menntaður dýralæknir með æðri prófgráðu þurfi hann að hafa háskólamenntun og æðri menntun, þ.e. meistaraprófsgráðu eða doktorsgráðu.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar er varða skipulag stofnunarinnar, þ.e. að stofnuninni verði skipt í mismunandi fagsvið í stað skrifstofa eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og telur að sú breyting sé til þess fallin að skýra að sviðsstjórar eru ráðnir en ekki skipaðir eins og t.d. skrifstofustjórar í ráðuneytum. Meiri hlutinn leggur auk þess til að gert verði ráð fyrir sérstöku sviði sem fer með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og skal sviðsstjóri þess vera dýralæknir og nefnist þá yfirdýralæknir.

Loks leggur meiri hlutinn áherslu á að hugað verði að því að stjórnsýsla dýraverndarmála verði sameinuð á einum stað í ljósi athugasemda sem nefndinni bárust m.a. varðandi flutning búfjár.

Loks getur meiri hlutinn ekki látið hjá líða að gagnrýna það hversu seint frumvarpið er fram komið, sérstaklega þegar litið er til þeirra breytinga sem nauðsynlegt er að leggja til að gerðar verði á frumvarpinu og því frumvarpi sem lagt er fram samhliða og varðar breytingar á lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, til þess að unnt sé að ljúka málinu.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Guðmundur Hallvarðsson.		Dagný Jónsdóttir.

1331. Breytingartillögur [700. mál]

við frv. til l. um Landbúnaðarstofnun.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, AKG, BJJ, GHall, DJ).

1. Við 1. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Aðsetur stofnunarinnar er þar sem ráðherra ákveður.
2. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast verkefni sem landbúnaðarráðherra eru falin skv. 4. og 5. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.
3. 2. málsl. 3. gr. orðist svo: Skal forstjóri hafa háskólamenntun og æðri prófgráðu.
4. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
   Landbúnaðarstofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum og skal sviðsstjóri vera yfir hverju sviði. Sviðsstjórar skulu hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Einn sviðsstjóranna er staðgengill forstjóra. Sérstakt svið skal fara með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sviðsstjóri þess skal vera dýralæknir og nefnast yfirdýralæknir. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

1332. Nefndarálit [701. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Eystein Jónsson, Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis, Guðmund Stefánsson frá Lánasjóði landbúnaðarins, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Harald Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Árna Ísaksson frá embætti veiðimálastjóra, Stefán Vilhjálmsson frá Yfirkjötmati ríkisins, Ólaf Guðmundsson frá aðfangaeftirlitinu og Sigurgeir Ólafsson frá plöntueftirliti.

Nefndinni bárust umsagnir frá Vottunarstofunni Túni hf., Félagi kjúklingabænda, yfirdýralækni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitinu, Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra, Landssambandi veiðifélaga, Neytendasamtökunum, Eyþingi, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bandalagi háskólamanna.

Með frumvarpinu er lagt til að aðfangaeftirlitið, embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóra og kjötmatsformanns verði lögð niður og að verkefni þeirra, ásamt plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands og ýmsum eftirlits- og stjórnsýsluverkefnum hjá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtökum Íslands verði færð til Landbúnaðarstofnunar sem lagt er til að stofnuð verði með frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Meiri hlutinn leggur til þær breytingar á frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun að ekki verði gerð krafa um að forstjóri stofnunarinnar verði dýralæknir heldur gerðar almennar

hæfiskröfur og krafa um háskólamenntun og æðri menntun. Telur meiri hlutinn því nauðsynlegt til að tryggja faglegt mat við innflutning dýra og afurða þeirra að leggja til að titilinn yfirdýralæknir haldist í lögum og enn fremur að dýralæknir veiti forstöðu því sviði sem fer með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þá leggur meiri hlutinn einnig til fjölmargar breytingar sem varða málfar og lagfæringar á tilvísunum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Anna Kristín Gunnarsdóttir. | Birkir J. Jónsson.

Guðmundur Hallvarðsson. | Dagný Jónsdóttir.

1333. Breytingartillögur [701. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, AKG, BJJ, GHall, DJ).

1. 1. gr. falli brott.
2. Í stað orðsins „þeirra“ í c-lið 2. efnismgr. 3. gr. komi: þess.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   2. málsl. 5. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Hann skal tafarlaust tilkynna Landbúnaðarstofnun um sjúkdóminn og gera í samráði við stofnunina ráðstafanir sem þurfa þykir.
4. 4. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
   a. 2. mgr. orðast svo:
      Ráða skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert þeirra skal ráða tvo héraðsdýralækna.
   b. 6. mgr. orðast svo:
      Forstjóri Landbúnaðarstofnunar ræður héraðsdýralækna og setur þeim erindisbréf. Í erindisbréfinu skal kveðið á um starfsskyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralæknastarfa. Héraðsdýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
   c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 8. mgr. kemur: Landbúnaðarstofnun.
5. 5. og 6. gr. falli brott.
6. 7. gr. verði 6. gr. og 8. gr. verði 5. gr.
7. Á eftir 8. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:
   Verði Landbúnaðarstofnun þess vör að dýralæknir, sem hefur starfsleyfi, vanræki

skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber Landbúnaðarstofnun að áminna hann um að bæta ráð sitt.

8. 9. gr. orðist svo:
   Í stað orðsins „Yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 3. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum að undanskilinni 10. gr., og orðanna „embætti yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
9. Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (9. gr.)
      Í stað orðsins „hann“ í 6. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: stofnunin.
   b. (10. gr.)
      2. málsl. 24. gr. laganna orðast svo: Þá getur Landbúnaðarstofnun bannað hvers konar litamerkingar á búfé á ákveðnum svæðum.
10. Á eftir 12. gr. komi ný grein sem orðist svo:
    Í stað orðsins „hann“ í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: stofnunin.
11. 14. gr. orðist svo:
    Í stað orðsins „kjötmatsformanni“ í 2. mgr. og orðsins „kjötmatsformanns“ 3. mgr. 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
12. 19. gr. orðist svo:
    Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarháskóli Íslands.
13. Á eftir 20. gr. komi ný grein sem orðist svo:
    Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Landbúnaðarstofnun.**
14. 23. gr. orðist svo:
    Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. gr. og orðsins „yfirdýralæknir“ í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
15. 24. gr. orðist svo:
    Í stað orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna og orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna í 6.–10. gr., 15.–16. gr. og 19. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
16. Á eftir 24. gr. komi ný grein sem orðist svo:
    Í stað orðanna „yfirdýralæknir eða fulltrúi hans“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun eða fulltrúi hennar.
17. Á undan 26. gr. komi ný grein sem orðist svo:
    3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Landbúnaðarstofnun og skal stofnunin halda heildarskrá fyrir allt landið.
18. 26. gr. orðist svo:
    Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 11. gr. og tvívegis í 1. mgr. 13. gr. laganna, og orðsins „Bændasamtökin“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
19. 28. gr. orðist svo:
    Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 1. og 5. mgr. 16. gr. og 3. tölul. 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
20. Á undan 29. gr. komi ný grein sem orðist svo:
    Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands skulu“ í 1. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun skal.

21. 29. gr. orðist svo:
Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands“ í 2. mgr. 38. gr. laganna og sömu orða í 4. mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 1. málsl. 2. mgr. 44. gr., 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
22. Á eftir 29. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands tilkynna“ í 3. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun tilkynnir.
23. 32. gr. orðist svo:
Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 3. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, og orðanna „embættis veiðimálastjóra“ í 11. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 72. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
24. Á eftir 32. gr. komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
a. (40. gr.)
2. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Öllum veiðieigendum er skylt að gefa henni þær skýrslur sem óskað er eftir um þau atriði sem skrásetja þarf.
b. (41. gr.)
1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd er Landbúnaðarstofnun setur og skal hún sjá um að þeir aðilar sem skýrslur eiga að gefa geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis.
c. (42. gr.)
Í stað orðsins „hann“ í 2. mgr. 19. gr. laganna og sama orðs í 20. gr., 21. gr., 9. mgr. 23. gr., 3. mgr. 27. gr., 2. og 4. mgr. 30. gr., 1. mgr. 39. gr., 3. málsl. 1. mgr. 41. gr., 1. málsl. 4. mgr. 62. gr., 1. og 2. mgr. 97. gr. og tvisvar í 1. mgr. 99. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: hún.
25. Á eftir 34. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
a. (45. gr.)
1., 2. og 3. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:
1. Landbúnaðarstofnun veitir eftirlitsmönnum starfsleyfi til að fylgjast með veiði þar sem þurfa þykir enda æski veiðifélag þess, eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt veitir Landbúnaðarstofnun eftirlitsmanni með klaköflun starfsleyfi þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.
2. Rétt er Landbúnaðarstofnun að veita eftirlitsmönnum starfsleyfi til að fylgjast með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.
3. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í starfsleyfi.
b. (46. gr.)
2. málsl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarstofnun og faggiltir eftirlitsaðilar skulu bundin þagnarskyldu um upplýsingar sem þau fá við framkvæmd eftirlits.

26. 39. gr. orðist svo:
    Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
27. Á eftir 39. gr. komi ný grein sem orðist svo:
    3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Auk þeirra á Landbúnaðarstofnun fulltrúa í nefndinni og er hann formaður hennar.
28. 40. gr. orðist svo:
    Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna og orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

1334. Nefndarálit [786. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Hinn 18. apríl sl. var útbýtt hér í þinginu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Frumvarpið felur í sér að heimila landbúnaðarráðherra að selja eignir sjóðsins og leggja hann niður.

Skilafrestur þingmála til að komast á dagskrá þessa þings var 1. apríl. Þurfti því að veita afbrigði til að taka málið á dagskrá. Málið kom á dagskrá 19. apríl og þurfti þá að veita sérstakt afbrigði vegna þess hve skammur tími var liðinn frá útbýtingu þess. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var andvígur því að þetta afbrigði yrði veitt þar sem ekki var brýnt tilefni til að keyra þetta mál áfram á svo miklum hraða.

Lánasjóðurinn á sér áratuga sögu. Ef landbúnaðarráðherra var umhugað um að leggja fram frumvarp viðvíkjandi sjóðnum og það fengi vandaða þinglega meðferð átti honum ekki að vera neitt að vanbúnaði að gera það innan tilskilins frests.

Á fundi landbúnaðarnefndar 26. apríl kom frumvarpið um sölu Lánasjóðsins á dagskrá nefndarinnar. Undirritaður óskaði eftir að leitað yrði skriflegra umsagna um málið til þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta varðandi sjóðinn eða vilja láta málefni hans sig varða. Það kom því mjög á óvart að formaður nefndarinnar hafnaði þeirri beiðni og tilkynnti að meiri hlutinn ætlaði sér að keyra málið út úr nefndinni án skriflegra umsagna hagsmunaaðila. Þessum vinnubrögðum meiri hlutans var harðlega mótmælt.

Víðtækt hlutverk Lánasjóðs landbúnaðarins.

Lánasjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum árið 1998 og var hann framhald af Stofnlánadeild landbúnaðarins sem starfaði við hlið Búnaðarbankans. Lánasjóður landbúnaðarins er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir landbúnaðarráðherra.

Við einkavæðingu og sölu atvinnuvegasjóðanna og ríkisbankanna tókst að forða atvinnuvegasjóði bænda frá hremmingum og stofnaður var Lánasjóður landbúnaðarins. Hlutverk hans er skv. 2. gr. laganna „að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Sjóðurinn veitir lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Samkvæmt 7. gr. laganna veitir hann lán m.a. til eftirtalinna verkefna: til jarðakaupa, ræktunar, bygginga er varða landbúnað, vatns og varmaveitna, bústofns- og vélakaupa, hagræðingarverkefna og til ýmiss annars atvinnustarfs og nýsköpunar í sveitum.

Lánareglur hans hafa verið fullkomlega gagnsæjar og með starfsemi sjóðsins hefur verið reynt að stuðla að „æskilegri þróun atvinnuvegarins“. Sjóðurinn gegnir því mikilvægu hlutverki í byggðamálum með því að veita lán til landbúnaðar á jafnræðisgrunni óháð búsetu.

Hver á að taka við byggðahlutverki Lánasjóðsins?

Fulltrúar Bændasamtakanna og Byggðastofnunar sem komu fyrir landbúnaðarnefnd viðurkenndu byggðahlutverk sjóðsins og töldu ólíklegt að viðskiptabankar mundu lána bændum á jafnræðisgrunni óháð búsetu. Yrði sjóðurinn lagður niður töldu þessir gestir að til þyrfti að koma annar sjóður eða félagslegar aðgerðir til að tryggja þeim bændum fjármálaþjónustu sem viðskiptabankar höfnuðu viðskiptum við eða byðu afarkosti. Fulltrúar Byggðastofnunar töldu eðlilegt að þeirri stofnun yrði fengið það hlutverk en þá yrði ríkisvaldið að koma með aukið fjármagn inn í stofnunina ef hún ætti að geta sinnt því hlutverki. Er þá spurning hvað er unnið við að leggja niður Lánasjóðinn sem ríkisvaldið ber nú þegar ábyrgð á. Ekki er kveðið á um í frumvarpinu hvernig á þessu hlutverki sjóðsins verður tekið og er það harðlega gagnrýnt að byggðahlutverk sjóðsins skuli skilið eftir í fullkomnu uppnámi.

Að selja áratuga viðskiptasamninga heillar atvinnugreinar.

Lánasjóður landbúnaðarins, áður Stofnlánadeildin, hefur átt ríkan þátt í að byggja upp og þróa íslenskan landbúnað. Hann hefur aftur og aftur tekið þátt í aðgerðum til að verja einstakar búgreinar og bændur áföllum og hefur lagt drjúgt af mörkum í að tryggja dreifðan sjálfseignarbúskap vítt og breitt um landið. Lánareglur sjóðsins eru fullkomlega gagnsæjar og bændur hafa haft jafnan aðgang að sjóðnum óháð búsetu. Útlánatöp sjóðsins hafa verið hverfandi. Í gegnum áratugina hefur byggst upp ákveðið munstur í fjármögnun búskapar bænda, grunnlán frá Lánasjóðnum og viðbótarfjármögnun frá næsta héraðssparisjóði, bankaútibúi og afurðastöð.

Þótt einstaka bóndi velji nú að segja upp við sjóðinn viðskiptum vegna þess að hann metur aðra möguleika betri á það ekki við um meginþorra bænda. Og framtíð einstakra peningastofnana er mörgum duttlungum háð. Hafa verður þessa sérstöðu í huga við ákvörðun ríkisvaldsins um sölu á Lánasjóðnum. Hér er um að ræða 1. veðrétt í nánast öllum jörðum á Íslandi. Í flestum tilvikum er íbúðarhúsið og allt land veðsett fyrir hverju einstöku láni. Engar leiðbeiningar eru í frumvarpinu til einkavæðingarnefndar um skilmála við sölu sjóðsins. Engar leiðbeiningar eru tilgreindar um hver skuli vera réttur skuldara, viðskiptavina sem í góðri trú hafa bundið áratuga viðskipti sín við sjóðinn. Verða þeir bundnir átthagaböndum við væntanlegan kaupanda?

Að mati minni hlutans er það fullkomið ábyrgðarleysi að afgreiða svo opna heimild til sölu á Lánasjóði landbúnaðarins eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Einkavæðingarspor þessarar ríkisstjórnar hræða.

Einkavæðingarfíkn ríkisstjórnarinnar ræður för.

Í skýrslu sem sérstök nefnd vann á vegum landbúnaðarráðherra um stöðu Lánasjóðsins er rakinn vandi sjóðsins, m.a. vegna breytts fjármálumhverfis og erfiðrar rekstrarstöðu. Ekki skal hér gert lítið úr því að taka þarf á stöðu sjóðsins. Þessi verkefnisstjórn landbúnaðarráðherra leggur hins vegar til þá einu leið að leggja niður sjóðinn og selja eignir hans og skuldbindingar.

Að mati minni hlutans hefði verkefnisstjórnin átt að leggja upp valkosti í framtíðarrekstri sjóðsins sem ríkisvaldið og samtök bænda hefðu getað kynnt sér og tekið afstöðu til. Að mati minni hlutans virðist sem tekin hafi verið ákvörðun um að leggja niður sjóðinn fyrir allnokkru og síðan settur í gang ferill sem leiddi til þessarar niðurstöðu. Þarf sú aðferðafræði ekki að koma á óvart í þeirri einkavæðingarfíkn sem heltekið hefur ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Leita má annarra leiða í framtíð sjóðsins.

Vissulega eru ástæður til að endurmeta verkefni og stöðu Lánasjóð landbúnaðarins og þar með einnig svonefnt búnaðargjald sem bændur greiða til sjóðsins. En það framlag er bundið í lögum og mun því væntanlega gilda út þetta ár.

Þingmenn Vintri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt til að skoðaðar verði ýmsar leiðir í rekstri sjóðsins, svo sem að afmarka lánaflokka hans og skera niður stjórnunarkostnað eða að sjóðurinn verði rekinn sem deild i öðrum fjármálstofnunum, t.d. með eða í samstarfi við Lífeyrissjóð bænda. Vegna hins mikla hraða og þjösnaskapar meiri hlutans í afgreiðslu þessa máls hefur nefndinni ekki gefist tóm til að kanna neinar þessara leiða í rekstri sjóðsins.

Nú standa yfir alþjóðasamningar um skipan á opinberum stuðningi við landbúnað og verslun með landbúnaðarafurðir. Niðurstaða þeirra viðræðna getur haft víðtæk áhrif á búsetumunstur til sveita og rekstrargrundvöll hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er því mjög óvarlegt að hlaupa nú til og leggja niður Lánasjóð landbúnaðarins í þessari viðkvæmu stöðu sem nú er á innlendum peningamarkaði og einnig í alþjóðasamningum um stöðu landbúnaðarins. (Sjá fskj. II.)

Alþingi skipi nefnd um atvinnu- og búsetumál í sveitum.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. (Þskj. 251 – 240. mál.) Þar er kveðið á um að Alþingi kjósi „nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis."

Þessi tillaga okkar liggur nú fyrir landbúnaðarnefnd og væri nær að Alþingi afgreiddi hana í stað þess að höggva niður félagslegar grunnstoðir landbúnaðarins eins og verið er að gera með því að einkavæða og selja Lánasjóð landbúnaðarins og það nánast skilyrðalaust.

Mikilvægt er að skoða málefni landbúnaðarins heildstætt og þar með framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins. Minni hlutinn leggur því til að þessu frumvarpi um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir

til að treysta byggð í sveitum. Eitt af verkefnum nefndarinnar verði að gera tillögur um framtíðarhlutverk og stöðu Lánasjóðs landbúnaðarins.

Alþingi, 6. maí 2005.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Stöndum saman og verjum Lánasjóðinn. Jón Bjarnason. (Bændablaðið 12. apríl 2005.)
II. Erna Bjarnadóttir. WTO viðræðurnar – staða og horfur. (Bændablaðið 26. apríl 2005.)
III. Jón Bjarnason. Sjálfseignarbóndi eða réttlaus leiguliði. (Morgunblaðið 3. nóvember 2004.)
IV. Steingrímur J. Sigfússon. Búsetutengdur grunnstuðningur. (Bændablaðið 11. febrúar 2003.)

1335. Nefndarálit [700. mál]

um frv. til l. um Landbúnaðarstofnun.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að sameina ýmsar stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun. Þau rök eru færð fyrir þessari stofnun að „með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til og grundvöllur lagður að bættri, skilvirkari stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti“.

Hægt er í nokkru að taka undir þær áherslur sem frumvarpið felur í sér og þó sérstaklega það að þau verkefni sem hér um ræðir verði áfram á opinberri ábyrgð en ekki einkavædd eða framseld á markaði.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði heimili stofnunarinnar. Ljóst er af umsögnum frá sveitarstjórnum og búnaðarsamböndum á landsbyggðinni að mikill áhugi er á að hin nýja stofnun verði utan núverandi þenslusvæða á Suður- og Suðvesturlandi. Er eindregið tekið undir þau sjónarmið. Hér er um tugi starfsmanna að ræða og þó að störfin séu dreifð vítt og breitt um landið og verði svo að einhverju leyti áfram er ljóst að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar munu þykja hvalreki á þeim stöðum á landinu þar sem henni yrði valinn staður. Því er eðlilegt að Alþingi velji henni stað en ekki ráðherra.

Það skal hér gagnrýnt hversu seint frumvarpið er komið fram og hefur því gefist takmarkað tóm til að vinna það sem skyldi í landbúnaðarnefnd.

Mörg af þeim embættum og verkefnum sem frumvarpið tekur til hafa gegnt mikilvægum sértækum hlutverkum í alþjóðlegu samstarfi, eftirliti og vottorðagjöf. Óvænt breytt skipan mála getur skapað óvissu, ekki síst í alþjóðlegum samskiptum, og þannig skaðað beint og óbeint dýrmæta gagnkvæma viðskiptahagsmuni. Má þar nefna yfirdýralæknisembættið,

veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitið og plöntueftirlitið svo að nokkuð sé nefnt. Er þetta rækilega undirstrikað í umsögnum þessara aðila.

Það er hins vegar dregið mjög í efa að sameining þessara embætta og verkefna undir eina nýja stofnun leiði til sparnaðar eða aukinnar skilvirkni. Almenn reynsla á slíkum tilfæringum hefur verið þveröfug. Með þessum breytingum er teygt á stjórnsýslunni og vegalengdin frá þeim sem vinnur verkin og ber faglega ábyrgð á þeim eykst til æðsta stigs stjórnsýslunnar, ráðherrans. Slíkt leiðir almennt ekki til aukinnar skilvirkni. Flest þau embætti sem nú er verið að leggja inn í Landbúnaðarstofnun heyra beint undir ráðherra, en boðleiðin lengist nú um einn millilið sem hlýtur að auka kostnað og skriffinnsku.

Enda kemur berlega í ljós í umsögn fjármálaráðuneytisins að ekkert raunverulegt mat hefur verið lagt á stofn- eða rekstrarkostnað hinnar nýju stofnunar. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar í landbúnaðarnefnd hafa ekki fengist nein viðhlítandi svör um áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað hinnar nýju stofnunar. Eru þessi vinnubrögð harðlega gagnrýnd.

Í umsögn Bændasamtakanna eru rakin þau stjórnsýslulegu verkefni sem þau annast fyrir ríkisvaldið. Þó velta megi því fyrir sér hvort rétt sé að hagsmunasamtök annist svo viðamikil stjórnsýsluverkefni sem raun ber vitni er afar ólíklegt að kostnaður hins opinbera minnki við að færa þau undir hina nýju ríkisstofnun. Hjá Bændasamtökunum liggur gríðarmikil fagþekking og staðkunnugleiki á þessum sviðum og áratuga trúnaður gagnvart atvinnuveginum sem mun taka hina nýju stofnun langan tíma að vinna upp með sama hætti.

Samband sveitarfélaga bendir á að verið er að leggja aukna ábyrgð, kostnað og vinnu á búfjáreftirlitsmenn, sbr. lög nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Kostnaður við búfjáreftirlitsmenn greiðist af sveitarfélögunum.

Að óbreyttu „er um að ræða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á sér stað án viðræðna þeirra á milli og án þess að sveitarfélögin fái tekjur til að sinna nýjum lögskyldum. Slík vinnubrögð eru óásættanleg“ segir í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nánast allar umsagnir sem bárust bentu á hversu frumvarpið væri illa unnið og markmiðin óskýr. Vandséð er raunveruleg hagræðing, sparnaður eða aukin skilvirkni við þessa breytingu. Minni hlutinn telur því að vinna þurfi þetta mál miklu betur áður en Alþingi getur samþykkt lögin um þessa nýju ríkisstofnun. Er því lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi 6. maí 2005.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (25. apríl 2005.)
II. Umsögn frá Bandalagi háskólamanna. (28. apríl 2005.)
III. Umsögn frá Bændasamtökum Íslands. (18. apríl 2005.)
IV. Bréf til landbúnaðarráðherra frá Bændasamtökum Íslands. (21. mars 2005.)

1336. Svar [734. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda (eignar- eða rekstrarleigu) á núvirði um síðustu áramót, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Samkvæmt reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, með síðari breytingum, ber sveitarfélögum að senda ársreikninga sína til félagsmálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands strax að lokinni samþykkt þeirra, en þó eigi síðar en 15. júní ár hvert. Ársreikningar 2004 hafa ekki enn borist ráðuneytinu og því var ekki unnt að taka saman upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda um síðustu áramót. Upplýsingar í eftirfarandi töflu eru því úr ársreikningum 2003 og eru á verðlagi marsmánaðar 2005. Í töflunni koma fram upplýsingar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda.

Skuldbindingar vegna eigna- eða rekstrarleigusamninga.

Svfnr.	Nafn	Þús. kr.
0	Reykjavíkurborg	2.817.083
1000	Kópavogsbær	53.235
1100	Seltjarnarnesbær	1.995
1400	Hafnarfjarðarbær	3.499.405
1604	Mosfellsbær	0[1]
2000	Reykjanesbær	4.200.214
2300	Grindavíkurbær	0[2]
3000	Akraneskaupstaður	24.255
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	9.975
5609	Höfðahreppur	735
7502	Vopnafjarðarhreppur	12.390
8716	Hveragerðisbær	0[3]
	Samtals	**10.619.287**

1. Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir tónlistarskóla til ársins 2015, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi 2003 en á árinu 2003 voru greiddar um 7,9 millj. kr. samkvæmt samningnum.
2. Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir leikskóla sem gildir út árið 2029, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi 2003 en á árinu 2003 voru greiddar um 6,8 millj. kr. samkvæmt. samningnum.
3. Í ársreikningi sveitarfélagsins 2003 eru tíundaðar greiðslur vegna rekstrarleigusamninga af tækjum en ekki kemur fram hve há skuldbindingin er vegna þeirra.

1337. Svar [763. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um rekstur vínveitingastaða.

1. *Hvaða leyfa, vottorða og trygginga þurfa eigendur vínveitingastaða að afla sér áður en þeir hefja starfsemi og til hvaða aðila þurfa þeir að leita í þessu sambandi?*

Þau leyfi sem þarf til að reka vínveitingastað og heyra undir málaflokka dómsmálaráðuneytisins eru leyfi til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, og til þess að hafa viðkomandi veitingastað opinn lengur en til kl. 23.30 þarf skemmtanaleyfi samkvæmt reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum.

Í 13.–14. gr. áfengislaga og 7.–8. gr. reglugerðar nr. 177/1999, um smásölu og veitingar áfengis, eru talin upp þau skilyrði sem umsækjendur um leyfi til áfengisveitinga þurfa að uppfylla. Sækja skal um leyfi til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi og verður leyfi einungis veitt þeim sem hefur gilt veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985. Áður en leyfi er veitt skal sveitarstjórn afla umsagnar heilbrigðisnefndar sem metur innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar.

Einnig skal sveitarstjórn leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda og lögreglustjóra. Þá skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar kemur. Upphæð og skilmálar tryggingarinnar eru ákveðin í reglugerð nr. 177/1999. Trygging getur verið fólgin í ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs, eða öðrum sambærilegum tryggingum. Vátryggingarfjárhæðir eru 500.000 kr. fyrir veitingastað með leyfðan fjölda gesta 100 eða færri, en getur verið að hámarki 3.000.000 kr. fyrir veitingastað með fjölda gesta 1.001 eða fleiri.

Önnur leyfi ótalin eru:

Starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, en heilbrigðisnefndir gefa út slík leyfi til framleiðslu og dreifingar á matvælum.

Hafi veitingamaður í hyggju að selja tóbak þarf tóbakssöluleyfi, sem heilbrigðisnefnd gefur út skv. 8. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Samkvæmt 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þarf byggingarleyfi sveitarstjórnar, er byggja á húsnæði sem hýsa á veitingarekstur, breyta því, formi þess, svipmóti eða notkun.

2. *Eru hugmyndir uppi innan dómsmálaráðuneytisins um að einfalda skilyrði til starfrækslu vínveitingastaða?*

Starfshópi á vegum umhverfisráðuneytisins hefur verið falið að gera tillögur um hvernig leyfisútgáfu fyrir veitingahús og áfengisveitingahús verði best háttað. Af hálfu dómsmálaráðuneytis er þar lögð áhersla á einföldun slíkrar leyfisútgáfu í eitt leyfi, sem innihéldi starfsleyfi, sem nú er gefið út af heilbrigðiseftirliti, veitingaleyfi sem lögreglustjóri gefur út og áfengisveitingaleyfi sem sveitarstjórn gefur út. Utan þessa er skemmtanaleyfi gefið út af lögreglustjóra.

Í starfshópnum eru fulltrúar þriggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytis vegna heilbrigðiseftirlits og starfsleyfa samkvæmt ákvæðum laga um matvæli, samgönguráðuneytis vegna laga um veitinga- og gististaði og leyfa samkvæmt þeim lögum og dómsmálaráðuneytis vegna áfengislaga og leyfa til áfengisveitinga. Tillögur liggja ekki fyrir en vinna starfshópsins mun vera langt komin.

1338. Nefndarálit [309. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um aðför, nr. 90/1989 (sektarinnheimta o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur, Ásgerði Ragnarsdóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Sigurð Tómas Magnússon frá dómstólaráði, Þóreyju Aðalsteinsdóttur frá Vinnumálastofnun, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Þ. Hauksson og Þorleif Pálsson frá Sýslumannafélagi Íslands og Ingimund Einarsson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Umsagnir bárust um málið frá Lögmönnum Borgartúni 18, Vinnumálastofnun, lögreglustjóranum í Reykjavík, dómstólaráði, Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, réttarfarsnefnd, Fangelsismálastofnun og refsiréttarnefnd. Auk þess bárust viðbótargögn frá dómsmálaráðuneytinu og Vinnumálastofnun.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta að sektarinnheimtu og birtingu sektardóma annars vegar og heimild til útivistarfjárnáma hins vegar. Sektarinnheimta getur haft í för með sér mikla vinnu lögreglu við margs konar birtingar og frumvarpið er lagt fram m.a. í því skyni að leysa lögreglulið landsins undan hluta þeirra verkefna sem í henni felast, bæði með því að einfalda sektarinnheimtuna og fela öðrum aðilum tilteknar birtingar. Með hliðsjón af réttaröryggi er þó gert ráð fyrir að fyrirkomulaginu verði einungis breytt í einföldustu málum, vegna lágra sekta og þegar sektarþoli gengst skýlaust við broti sínu. Eðli málsins samkvæmt munu þær breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér í þessum efnum einkum eiga við um umferðarlagabrot. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að heimilt verði að ljúka fjárnámi án árangurs á skrifstofu sýslumanns án nærveru gerðarþola að vissum skilyrðum uppfylltum. Þar með verður óþarft að lögregla handtaki menn og færi til sýslumanns í tengslum við árangurslaust fjárnám.

Nefndin ræddi ítarlega ákvæði frumvarpsins. Þau atriði sem hvað mesta umræðu fengu lúta að heimild lögreglu til að ákveða viðurlög við broti þegar maður er staðinn að broti sem hann gengst skýlaust við og sekt fer ekki fram úr ákveðinni fjárhæð að uppfylltum öðrum nánar tilgreindum skilyrðum, fullnægjandi birtingu dóma og því hvort árangurslaust fjárnám geti verið grundvöllur gjaldþrotaskipta.

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að lögregla geti ákveðið viðurlög við broti sem maður er staðinn að og gengst skýlaust við, skilyrði séu til að ljúka máli samkvæmt ákvæði 115. gr. laga um meðferð opinberra mála og hæfileg viðurlög fari að mati lögreglu ekki fram úr 50.000 kr. Í þessu sambandi bendir nefndin á að hér er eingöngu um heimildarákvæði í hagræðingarskyni til handa lögreglu að ræða, en ekki skyldu til að ljúka málum með þessum hætti. Þau embætti sem kjósa að ljúka málum með þeim hætti sem hingað til hefur tíðkast geta eftir sem áður gert það. Með þessu fyrirkomulagi er hins vegar gert ráð fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkni í vinnu lögreglumanna þar sem ekki þarf að senda sérstaklega sekt eða sektarboð til hins brotlega. Varðandi punktakerfi lögreglunnar í tengslum við umferðarlagabrot bendir nefndin á að lögreglumenn geta og munu líklega ávallt hringja inn á lögreglustöð til að fá uppgefna punktastöðu viðkomandi ökumanns og geta þar með svipt menn ökuréttindum á staðnum sé punktafjöldi þeirra kominn yfir tilskilið hámark. Til að hnykkja á því að hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða telur nefndin rétt að orðalagi 2. málsl. 1. efnismgr. 3. gr. verði breytt á þann veg að í stað þess að notað verði orðalagið

„Ákveður þá lögregla viðurlög“ komi „Getur þá lögregla ákveðið viðurlög“. Þá þykir rétt að breyta viðmiðunarfjárhæð 3. gr. frumvarpsins úr 50.000 kr. í 60.000 kr. Þetta er einkum gert til samræmingar við frumvarp til laga um fullnustu refsinga sem nefndin hefur nýverið afgreitt, en í 1. mgr. 72. gr. þess frumvarps er lagt til að sett verði í lögin ákvæði um að 60.000 kr. verði lágmarksfjárhæð fésektar sem fullnusta megi með samfélagsþjónustu. Vararefsing verði því ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu undir þessari fjárhæð. Fjárhæðin tekur jafnframt mið af 1. mgr. 83. gr. a almennra hegningarlaga um fyrningarfrest, en í ákvæðinu segir m.a. að fésekt undir 60.000 kr. sem ákveðin sé með dómi, úrskurði eða sátt fyrnist þegar liðin séu þrjú ár frá því að unnt var að hefja fullnustu sektarinnar.

Í 4. gr. frumvarpsins segir í 2. málsl. efnismálsgreinar að sæki ákærði eða verjandi hans eða talsmaður samkvæmt umboði þing teljist dómur þá birtur fyrir ákærða. Nefndin telur að með þessari heimild gæti verið gengið töluvert nærri réttaröryggi sakborninga, en birting dóms hefur þær lögfylgjur að marka upphaf fjögurra vikna áfrýjunarfrests. Í dómum Hæstaréttar hefur áfrýjunarfrestur verið túlkaður mjög þröngt og því hæpið að nokkurt svigrúm gæfist til að taka tillit til þess ef illa gengi að ná til dómfellds manns. Með þeirri breytingu sem felst í ákvæði 4. gr. frumvarpsins yrði í raun lagt á lögmann að taka ákvörðun um áfrýjun dóms án samráðs við dómfellda náist ekki til hans. Nefndin telur óráðlegt að samsama lögmann skjólstæðingi sínum með þessum hætti og leggur því til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að ef dómur verður ekki birtur fyrir ákærða á dómþingi og honum gerð þar önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar skuli ákærandi láta birta dóm skv. 20. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ella þurfi ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans. Viðurlög sem felast í sektum og upptöku eigna sæta ekki áfrýjun til Hæstaréttar og með þessari breytingu er því komið í veg fyrir að lögmaður verði ábyrgur fyrir ákvörðun um áfrýjun dóms. Þá leggur nefndin til breytingu á 3. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins sem leiðir af framangreindri breytingu.

Nefndin ræddi ítarlega II. kafla frumvarpsins sem fjallar um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989. Við athugun málsins í nefndinni kom í ljós að mikið álag er á sýslumannsembættum landsins vegna fjárnáma, en á árinu 2004 fóru fram 28.000 fjárnám á landinu öllu og þar af um 13.000 hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík. Töluverðum hluta þessara fjárnáma lýkur sem árangurslausum, þ.e. ekki finnast eignir hjá gerðarþola til tryggingar skuldum hans. Við meðferð málsins í nefndinni komu jafnframt fram fjölmörg misvísandi sjónarmið um hvernig ætti að taka á þeim breytingum sem lagðar eru til í kaflanum. Þær hugmyndir voru nefndar að fara ætti aðrar leiðir til að ná fram því hagræði sem breytingin gengur út á, þ.e. leysa málið með breytingum á framkvæmd en ekki með lagabreytingu. Réttarfarsnefnd lagði til að tekið yrði upp svokallað fjárnám án tryggingar til að leysa málið, a.m.k. að hluta til. Þannig yrðu ekki til tvær tegundir af árangurslausum fjárnámum, þ.e. annars vegar þar sem ekki væri mætt af hálfu skuldara, en sú gerð gæti ekki orðið grundvöllur gjaldþrotaskipta, og hins vegar árangurslaust fjárnám samkvæmt gildandi lögum. Með því að ljúka fjárnámi án tryggingar væri máli lokið með ákveðnum hætti og unnt yrði að færa slík fjárnám inn á vanskilaskrá. Einnig hlaut sú skoðun nokkurn hljómgrunn meðal nefndarmanna að reglum um fjárnám samkvæmt frumvarpinu og önnur árangurslaus fjárnám yrði breytt þannig að öll fjárnám gætu verið undanfari gjaldþrotaskipta, hvort sem skuldari mætti við fyrirtöku máls síns eða ekki. Í störfum sínum reyndist nefndinni erfitt að fá nauðsynlegar upplýsingar til að vinna málið til enda. Til þess að hindra ekki framgang annarra atriða frumvarpsins sem snúa að hagræði við sektarinnheimtu á vettvangi telur nefndin engu síður nauðsynlegt að afgreiða það, en með þeirri breytingu að ákvæði II. kafla um breytingu á aðfararlögum verði

felld brott. Nefndin vísar því til dómsmálaráðuneytis að vinna málið frekar og leggja það að nýju fyrir þingið á komandi haustþingi þar sem hér er um brýnt úrlausnarefni að ræða sem niðurstaða þarf að fást í sem fyrst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara sem þau munu gera grein fyrir við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 6. maí 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.

1339. Breytingartillögur [309. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um aðför, nr. 90/1989 (sektarinnheimta o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   3. Þegar birta þarf dóm skv. 3. mgr. 133. gr. skal hann birtur á dómþingi. Ef svo stendur á sem í 2. mgr. segir má þó birta dóm í Lögbirtingablaði.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: 60.000 kr.
   b. Í stað orðanna „Ákveður þá lögregla viðurlög“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: Getur þá lögregla ákveðið viðurlög.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:
   3. Ákæruði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki ákæruði þing telst dómur birtur fyrir honum. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar og skal þá ákærandi birta honum dóm skv. 20. gr. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.
4. II. kafli (7., 8. og 9. gr.) falli brott.
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (sektarinnheimta).

1340. Nefndarálit [590. mál]

um frv. til samkeppnislaga.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til samkeppnislaga er hluti af grundvallarbreytingum sem ríkisstjórnin áformar að gera á skipulagi opinbers eftirlits með samkeppni og markaðsmálum. Í þessu skyni hafa verið lögð fram þrjú lagafrumvörp. Í fyrsta lagi er um að ræða þetta frumvarp um Samkeppniseftirlit sem að uppistöðu til á að taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð kæmu hins vegar til með að heyra sögunni til. Annað lagafrumvarpið í þessari spyrðu varðar Neytendastofu og talsmann neytenda, en lagt er til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá núverandi Samkeppnisstofnun og sameinuð starfsemi sem nú er á vegum Löggildingarstofu. Þriðja þingmálið er frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ætla skyldi að leitað hefði verið eftir mjög víðtæku samráði um jafnumfangsmiklar breytingar og þessi lagafrumvörp fela í sér. Svo er ekki. Fram kemur í umsögnum frá helstu almannasamtökum í landinu, sem láta til sín taka málefni á þessu sviði, ASÍ, BSRB og Neytendasamtökunum, að þau hafi farið sameiginlega yfir fyrirhugaðar breytingar á lagaramma um samkeppni og neytendavernd áður en þau sendu frá sér umsagnir. Niðurstaða þeirra er sú (sjá fylgiskjöl) að þótt ekki væri nema fyrir þá sök eina að frumvörpin væru óljós um margt væri nauðsynlegt að gefa þeim meiri tíma. Auk þess gagnrýna samtökin harðlega einstaka efnisþætti og telja margt til óþurftar og í sumum tilvikum skref aftur á bak.

Stjórnarmeirihlutinn ber það fyrir sig að með fyrirhuguðum lagabreytingum, nýjum stofnunum og tilflutningi á verkefnum sé verið að efla neytendavernd og eftirlit með samkeppnismarkaði í þágu neytenda. Mesta þekkingu á þessu sviði er óumdeilanlega að finna hjá því starfsfólki sem hefur sinnt þessum málum, það er að segja starfsfólki Samkeppnisstofnunar. *Það veit hvar skórinn kreppir og þar af leiðandi hvar helst er úrbóta þörf.* Athyglisvert er hve afdráttarlaus gagnrýni kemur úr þessari átt á lagafrumvörp ríkisstjórnarinnar.

Í umsögn Samkeppnisstofnunar er fjallað um þau markmið sem ríkisstjórnin segist vilja ná með lagabreytingunum. Um þær leiðir sem ríkisstjórnin vill fara til að ná þeim markmiðum sem hún setur segir m.a. eftirfarandi í álitsgerð Samkeppnisstofnunar:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum.“

Önnur varð reyndin því þessi fyrirheit voru svikin. Dagsins ljós litu nú frumvörp sem stokka laga- og stofnanaumhverfið nánast allt saman upp og eru þau í engu samræmi við þær tillögur sem Samkeppnisstofnun höfðu verið kynntar sl. haust. Það sem verra er, hin nýju frumvörp, sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að verði nú samþykkt, eru ekki til þess fallin að efla og bæta lögin eins og látið hafði verið í veðri vaka. Um þetta segir í umsögn Samkeppnisstofnunar:

„Í því sambandi skiptir mestu að frumvarp til nýrra samkeppnislaga felur í sér veikingu á samkeppnislögum, þvert á markmið og tillögur nefndarinnar. Kastað hefur verið fyrir róða tillögu nefndar viðskiptaráðherra um aukin rannsóknarúrræði samkeppnisyfirvalda. Þá eru í frumvarpinu gerð mun minni hæfisskilyrði til þeirra sem skipa munu fyrirhugaða stjórn Samkeppniseftirlitsins en gert var ráð fyrir í drögunum sem kynnt voru 1. október sl. Einnig er bagalegt að í frumvarpinu hefur verið felld niður mikilvæg tillaga um að samkeppnisyfirvöld geti skotið málum til dómstóla. Nánari grein verður gerð fyrir þessu síðar í umsögn þessari.

Þó að í orði kveðnu virðist stefnt að því með frumvarpi til samkeppnislaga að efla samkeppniseftirlit og styrkja samkeppnisyfirvöld með auknum fjárframlögum þá er það mat Samkeppnisstofnunar að efnisleg breytingarákvæði geri það ekki. Þetta er rökstutt nánar í þessari umsögn. það er ótti stofnunarinnar að þær viðamiklu breytingar á stjórnskipulagi samkeppnismála sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu séu ekki til bóta þar sem forsendur fyrir þessum breytingum fá vart staðist. Aukin fjárframlög til málaflokksins og fjölgun starfsmanna munu að sjálfsögðu styrkja samkeppnisyfirvöld og auka afköst þeirra og skilvirkni. Það er hins vegar veruleg hætta á því að lítt undirbúnar tillögur um skipulagsbreytingar og veikingu samkeppnislaga dragi úr þessum jákvæðu áhrifum."

Umsögn Samkeppnisstofnunar er mjög ítarleg Nú kann einhver að álíta að starfsfólkið kunni að hafa hagsmuna að gæta sjálft og sé ósátt við breytingar af þeim sökum. Slíkt ætti væntanlega að koma í ljós þegar málin eru rædd og reifuð á málefnalegum grunni. Hér að framan kom fram að ekki var leitað eftir samvinnu við Samkeppnisstofnun, hvorki forsvarsmenn stofnunarinnar né annað starfsfólk, við smíði frumvarpsins. Þegar þessir aðilar fengu að sjá drög að lagabreytingum sl. haust voru athugasemdir þeirra að engu hafðar og þess í stað samin frumvörp með áherslum sem ganga í þveröfuga átt. Sá sem er í aðstöðu til að breyta landslögum og hefur um það forgöngu hlýtur að þurfa að sýna fram á það á málefnalegan og rökstuddan hátt að sú gagnrýni sem fram kemur standist ekki. Í þessu ljósi er rétt að leggja áherslu á að röksemdum Samkeppnisstofnunar sem fram eru settar í ítarlegu máli, sbr. fylgiskjal VI, hefur annað hvort ekki verið svarað eða á öldungis ófullnægjandi hátt við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd.

Á meðal efnisatriða sem ástæða er til að vekja sértaka athygli á eru:

- Lagaheimildir samkeppnisyfirvalda til eftirlits og aðgerða eru þrengdar (sjá sérstaklega 16. frumvarpsins en í henni hefur verið fellt brott ákvæði sem nú er að finna í 17. grein samkeppnislaga þar sem segir að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.)
- Vald til að skipa í stjórn Samkeppniseftirlits er hjá ráðherra einum samkvæmt frumvarpinu en nauðsynlegt er að tilnefningarvaldið verði hjá fleiri aðilum.
- Eðlilegt væri að gera þá kröfu að stjórnarmenn hafi engin eigna- og viðskiptatengsl sem orkað gætu tvímælis. Í þessu efni er slakað á kröfum frá fyrra fyrirkomulagi.
- Þá er ástæða til að gera alvarlega athugasemd við 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að stjórn Samkeppniseftirlitsins, sem einhliða er skipuð af ráðherra, ákvarði forstjóranum kjör. Hvers vegna skyldi þessi einstaklingur ekki falla inn í kjaraumhverfi opin-

berra starfsmanna almennt? Er það til þess að hægt sé að greiða honum hærri laun en almennt gerist? Eða er það til þess að auðveldara sé að reka hann án tillits til réttinda sem embættismenn í sambærilegri stöðu hafa?

- Samkeppniseftirlitið kæmi ekki til með að njóta sama sjálfstæðis og Samkeppnisstofnun gerir nú. Forstöðumaðurinn yrði settur í vasa pólitískt skipaðrar stjórnar og stofnunin þyrfti auk þess að bera allar meiriháttar ákvarðanir undir stjórnina. Stjórninni er síðan ætlað að gæta þess að meðalhófs sé gætt í hvívetna, nokkuð sem forstjórar olíufélaganna og neytendur hefðu án efa skilgreint með mismunandi hætti þegar samráðssvindlið kom upp nú nýlega. Hver skyldi vera ástæðan fyrir því að nú vilja ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti festa ákvæði þessa efnis í lög. Hræða dæmin? Og ef svo er, þá hvernig og hvern?

Annar minni hluti vill vekja sérstaka athygli á 27. gr. frumvarpsins. Hún er svohljóðandi:

„Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar. Dómstóllinn getur í þessu skyni frestað meðferð málsins. Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á heimild dómstóls til að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA- dómstólsins skv. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls."

Með þessu lagaákvæði yrðu íslenskir dómstólar skyldaðir til að fara eftir niðurstöðum erlendra aðila. Verður ekki annað séð en að með samþykkt frumvarpsins felist framsal dómsvalds úr landi. Um þetta segir m.a. í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands: „Laganefndin bendir á að í tilvitnaðri grein felst að íslenskir dómstólar verði bundnir af ákvörðun alþjóðastofnana í máli sem þeir annars eiga lögsögu í. Hér er því um að ræða framsal dómsvalds sem kann að höggva nærri stjórnarskrá. Það er ekki á færi nefndarinnar að gefa álit sitt á þessu álitaefni í ljósi þess skamma tíma sem gafst til að veita umsögn þessa. Verður látið við það sitja að benda á mikilvægi þess að álitaefnið verði gaumgæfilega íhugað í meðferð þingsins."

Í áliti Stefán Más Stefánssonar fyrir hönd réttarfarsnefndar segir um þetta sama efni:

„Telja verður að álitamál varðandi stjórnarskrána sem hér er við að glíma beri að leysa á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem nefnd sem utanríkisráðherra skipaði 14. apríl 1992 setti fram um það hvort EES-samningurinn eða fylgisamningar hans brytu á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög, en nefndin skilaði áliti 6. júlí 1992. Þá ber einnig að hafa í huga tvær fyrrgreindar álitsgerðir um samning milli Íslands og Evrópubandalagsins um Schengen-samstarfið sem einnig fjalla um stjórnskipulegt gildi þess samnings. Samkvæmt þessu verður að telja að fyrrgreind 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins fái vart staðist þar sem:

- Farið er inn á nýja braut sem ekki var til áður í EES-samningnum, þ.e. að *íslenskir dómstólar* verða *bundnir* við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum við tilteknar aðstæður.
- Fullveldisframsal það sem hér er gert ráð fyrir verður að skoða í heild og miða við allan EES-samninginn en hann reyndi í upphafi mjög á íslenska stjórnarskrá eins og kunnugt er. Það er með öðrum orðum ekki unnt að líta á fullveldisframsalið varðandi dómstólana nú sem einangrað fyrirbæri. Þetta skiptir máli þegar metið er hvort framsal teljist smávægilegt.
- Varhugavert er að rökstyðja umrætt fullveldisframsal með því að það sé takmarkað við tilteknar aðstæður eins og gert er í fyrirliggjandi álitsgerð. Sé haldið áfram á þeirri braut

má segja nákvæmlega það sama um flesta hluta EES-samningsins. Hann má greina í sundur í afmarkaða þætti og draga þannig smám saman vald frá íslenskum dómstólum.

Að áliti undirritaðs getur hugsanlegur fjöldi tilvika sem 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins kynni að taka til ekki skipt máli þegar stjórnskipulegt gildi ákvæðisins er metið.“

Í ljósi framangreinds leggst 2. minni hluti gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 6. maí 2005.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (11. apríl 2005.)
II. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. (22. apríl 2005.)
III. Umsögn frá Neytendasamtökunum. (7. apríl 2005.)
IV. Umsögn frá Lögmannafélagi Íslands. (25. apríl 2005.)
V. Umsögn frá Réttarfarsnefnd. (7. apríl 2005.)
VI. Umsögn frá Samkeppnisstofnun. (11. apríl 2005.)

1341. Nefndarálit [591. mál]

um frv. til l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ákvæðin sem þetta lagafrumvarp hefur að geyma er flest að finna í VI. og VII. kafla gildandi samkeppnislaga. Í frumvarpinu er lagt til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til Neytendastofu. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram tvö önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til nýrra samkeppnislaga og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Gagnrýni 2. minni hluta á þetta frumvarp lýtur fyrst og fremst að hinu stærra samhengi og er vísað í umfjöllun 2. minni hluta um frumvarp til samkeppnislaga hvað þetta snertir. Annar minni hluti vill vekja athygli á athugasemdum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd frá samtökum launafólks og lúta sérstaklega að mikilvægi þess að vernda börn fyrir óæskilegu áreiti af auglýsingum.

Full ástæða er til að huga alvarlega að því hvernig hægt er að bæta „auglýsingamenninguna“ í landinu. Í lögum er að finna ýmis ákvæði um auglýsingar og er að sjálfsögðu mikilvægt að eftir þeim sé farið. Það kann ekki góðri lukku að stýra að setja lög sem síðan eru hunsuð af óprúttnum aðilum eins og þekkist nú varðandi auglýsingar á áfengi. Eflaust ræðst auglýsingasiðferði aðeins að hluta til af lögum en fyrst og fremst af vilja manna til að virða þau og vilja framkvæmdarvaldsins til þess að sjá til þess að lögunum sé framfylgt.

Gagnvart einum hópi þarf löggjafinn að standa sérstakan vörð, með skýrum lögum sem síðan þarf að fylgja vel eftir í framkvæmd. Þessi hópur eru börnin. Að þeim er auglýsingum

beint í sívaxandi mæli og börn eru einnig í sívaxandi mæli notuð í auglýsingum. Umboðsmaður barna hefur sett fram það sjónarmið að mikilvægt sé að lögfesta skýrari ákvæði um auglýsingar sem beinast að börnum en þau sem er að finna í núverandi löggjöf. Ákvæði þessa efnis er að finna í 22. gr. gildandi samkeppnislaga og er 8. gr. þessa frumvarps samhljóða henni. Umboðsmaður barna vill að hert sé á þessu lagaákvæði og það gert skýrara. Bæði ASÍ og BSRB taka undir ábendingar umboðsmanns barna hvað þetta varðar í umsögnum sínum um frumvarpið og eru þær birtar sem fylgiskjal með þessu áliti.

Alþingi, 6. maí 2005.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:
I. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (11. apríl 2005.)
II. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. (22. apríl 2005.)

1342. Nefndarálit [592. mál]

um frv. til l. um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp er hluti af umfangsmiklum breytingum á stofnunum sem sinna eftirliti með viðskiptum og markaðsmálum og þeim stofnunum sem sinna því eftirliti. Þessar kerfisbreytingar hafa sætt mikilli gagnrýni af hálfu þeirra sem starfa við þessi mál og skiptist gagnrýnin í tvö horn. Annars vegar telja margir þær kerfisbreytingar sem verið er að ráðast í vera til óþurftar, þær veiki eftirlitskerfið og geri það óskilvirkara. Gagnrýnin gengur einnig í þá átt að lagabreytingarnar séu ekki nægilega grundaðar, þar sé margt óljóst og margir endar óbundnir. Varðandi þetta frumvarp skal sérstaklega undir hið síðara tekið. Með lagabreytingunni stendur til að sameina Löggildingarstofu og nýtt embætti talsmanns neytenda. Varla er bætandi á raunir Löggildingarstofu með því að gera henni að taka að sér verkefni án nægilegs fjármagns og skilgreindra verkefna. Þegar rafmagnseftirlit var einkavætt á síðasta áratug hófst mikil þrautaganga þeirra aðila sem gengist höfðu fyrir breyttu eftirliti með rafmagni. Raunir þeirra fólust í því að sannfæra landsmenn um að breytingarnar hefðu verið til góðs, þrátt fyrir að dregið hefði úr eftirliti og það orðið hlutfallslega dýrara í framkvæmd en áður var. Hlutverk Löggildingarstofu á þessu sviði var að setja staðla og fela svokölluðum skoðunarstofum að gera úrtakskannanir á því hvort farið væri að settum reglum. Löggildingarstofa hefur reynt að gera sitt besta við erfiðar aðstæður og tekist að rækja sitt hlutverk miðað við þá löggjöf og fjármuni sem hún býr við. Reynslan af illa ígrunduðum kerfisbreytingum í rafmagnseftirlitinu ætti að vera víti til varnaðar að því leyti að ekki sé ráðist í umfangsmiklar kerfisbreytingar án þess að þær séu hugsaðar til enda. Margt bendir til þess að enn eigi að hrapa að ákvörðunum um kerfisbreytingar. Þetta frumvarp bendir því miður til þess að svo sé. Sérstaklega er ástæða til að vara við því að talsmanni neytenda muni hvorki búin

aðstaða né fjármagn sem geri honum kleift að rísa undir væntingum sem til þessa embættis yrðu gerðar ef kerfisbreytingarnar ná fram að ganga. Þá er verksvið hans illa skilgreint. Skal í þessu sambandi vísað í umsagnir sem birtar eru sem fylgigögn með þessu áliti.

Annar minni hluti hvetur til þess að afgreiðslu lagafrumvarpanna þriggja sem fjalla um lög og reglur á sviði viðskipta og neytendaverndar og nú liggja fyrir Alþingi verði frestað og þess í stað verði reynt að ná víðtækri sátt og samstöðu um þær lagabreytingar og breytingar í stjórnsýslu sem þörf kann að vera á að gera.

Alþingi, 6. maí 2005.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (11. apríl 2005.)
II. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. (22. apríl 2005.)
III. Umsögn frá Neytendasamtökunum. (7. apríl 2005.)

1343. Svar [765. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um tolla á innfluttar búvörur og matvöruverð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er afstaða ráðherra til þess að teknar verði upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings landbúnaði í stað tolla á innfluttar búvörur í því skyni að lækka matvöruverð?*
2. *Hvaða vinna fer fram í ráðuneytinu með það að markmiði að lækka eða fella niður tolla á innfluttar búvörur?*

Eins og kunnugt er standa nú yfir viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um ákveðið umbótaferli í landbúnaðarviðskiptum með það að langtímamarkmiði að koma á viðskiptakerfi fyrir landbúnaðarvörur sem er sanngjarnt og miðast við þarfir markaðarins. Stefnt er að því að minnka verulega stuðning og vernd í landbúnaði og koma í veg fyrir takmarkanir og raskanir á heimsmarkaði fyrir landbúnaðarvörur. Í þessu samhengi er brýnt að horfa á mikilvægi annars vegar tollverndar fyrir afkomu íslenskra framleiðenda og hins vegar heimildir íslenskra stjórnvalda til að styðja við bakið á landbúnaðinum með styrkjum og þróun reglna hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis í því sambandi. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvernig samningar á vettvangi WTO þróast og því of snemmt fyrir íslensk stjórnvöld að taka afstöðu til beinna greiðslna úr ríkissjóði til stuðnings landbúnaði í stað tolla á innfluttar búvörur í því skyni að lækka matvöruverð.

Á undanförnum árum hafa starfsmenn ráðuneytisins tekið þátt í fríverslunarviðræðum ásamt utanríkisráðuneytinu á vettvangi EFTA. Samningar um aukinn markaðsaðgang í formi lækkunar og/eða niðurfellingar tolla á ýmsum landbúnaðarvörum hafa verið gerðir við mörg lönd, svo sem Chile, Mexíkó, Singapúr og Líbanon og nú er verið að ljúka samningum við

fimm ríki í sunnanverðri Afríku. Þá standa nú yfir viðræður við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og standa vonir til þess að þeim viðræðum ljúki á þessu ári.

1344. Svar [715. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um nýjar hitaveitur.

1. *Hve mikið fé hefur verið veitt í styrki til nýrra hitaveitna sl. 10 ár, greint eftir árum og á núvirði?*

Beinir styrkir til nýrra hitaveitna hófust ekki fyrr en á árinu 1999 og sundurliðast eftir árum eins og sýnt er hér að neðan. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs og á verðlagi í ársbyrjun 2005.

Ár	Verðlag hvers árs	Verðlag 2005
1999	16.078.337	20.521.928
2000	44.767.707	54.413.778
2001	50.400.763	57.424.598
2002	8.206.343	8.921.541
2003	27.567.675	29.350.538
2004	44.288.732	45.685.734
Samtals	**191.309.557**	**216.318.127**

2. *Hvað er áætlað að sparast hafi í niðurgreiðslum vegna hitunar íbúðarhúsnæðis á sama tímabili, greint eftir árum og á núvirði?*

Sparnaður vegna stofnstyrkja til nýrra hitaveitna er sem hér segir miðað við ætlaðan ávinning við veitingu þeirra:

Ár	Verðlag hvers árs	Verðlag 2005
1999	1.607.834	2.052.193
2000	7.692.438	9.349.925
2001	17.209.285	19.607.566
2002	23.069.996	25.080.588
2003	26.647.398	28.370.744
2004	33.833.038	34.900.235
Samtals	**110.059.988**	**119.361.252**

3. *Hvað hefur verið greitt í styrki vegna niðurgreiðslu húshitunar sl. 10 ár, á núvirði, greint eftir árum?*

Í eftirfarandi töflu eru sundurliðaðar styrkupphæðir á verðlagi hvers árs annars vegar og hins vegar miðað við verðlag í upphafi árs 2005.

Ár	Upphæð niðurgreiðslustyrkja Verðlag hvers árs	Á verðlagi 2005
1995	455.383.682	636.275.122
1996	404.922.963	553.310.881
1997	496.476.488	666.374.432
1998	514.670.409	679.488.483
1999	559.040.901	713.543.766
2000	766.023.841	931.078.702
2001	716.836.495	816.734.613
2002	826.065.401	898.058.522
2003	777.007.644	827.258.468
2004	766.542.639	790.721.733
Samtals	**6.282.970.463**	**7.512.844.722**

4. Hvað er áætlað í niðurgreiðslu vegna hitunar íbúðarhúsnæðis á árinu 2005?

Fjárlagaliðurinn til niðurgreiðslu á hitunarkostnaði og tengdra verkefna nemur um 998 millj. kr. Áætlað er að hann skiptist eins og hér segir:

1.	Til niðurgreiðslu rafhitunar	904 millj. kr.
2.	Niðurgreiðsla olíuhitunar og einkarafstöðva	8 millj. kr.
3.	Til orkusparnaðarátaks og varmadælna	14 millj. kr.
4.	Jarðhitaleitarátak	15 millj. kr.
5.	Stofnstyrkir til hitaveitna	45 millj. kr.
6.	Til eftirlits og umsjónar með niðurgreiðslu	12 millj. kr.
	Samtals	**998 millj. kr.**

1345. Frumvarp til laga [804. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alina Marin Hjaltason, f. 15. september 1979 í Rúmeníu.
2. Bambir, Lana, f. 1. febrúar 1976 í Króatíu.
3. Blanco, Belkys Rodriguez, f. 28. september 1968 á Kúbu.
4. Gokoryan, Roman, f. 12. janúar 1970 í Georgíu.
5. Hernandez, Marjorie Paola, f. 29. júní 1979 í Níkaragva.
6. Ho, Lilia Valeriano, f. 15. nóvember 1951 á Filippseyjum.
7. Johnson, Paul Sveinbjörn, f. 20. nóvember 1921 í Bandaríkjunum.
8. Lim, Resden O., f. 16. ágúst 1973 á Filippseyjum.
9. Mavropulo, Aleksandrs Viktorovich, f. 10. febrúar 1977 í Lettlandi.
10. Parasri, Krittima, f. 28. desember 1970 í Taílandi.
11. Pradin, Henri, f. 30. maí 1956 í Frakklandi.

12. Prince, Clemsford Royston, f. 3. október 1967 í Gvæjana.
13. Rubiano, Andrés Camilo Ramon, f. 7. september 1978 í Kólumbíu.
14. Thea Louisa Elvarsdóttir, f. 1. júlí 1993 í Noregi.
15. Valdés, Aldo Miguel Lozano, f. 15. apríl 1951 á Kúbu.
16. Valgy, Afifa Suleimane, f. 7. júní 1958 í Mósambík.
17. Özcan, Muammer, f. 10. ágúst 1979 í Tyrklandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 54 umsóknir um ríkisborgararétt á 131. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 17 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1346. Skýrsla [805. mál]

heilbrigðisráðherra um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Formáli.

Vorið 2002 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar var Einar K. Guðfinnsson og meðflutningsmenn voru Ásta Möller, Hjálmar Árnason, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir. Tillagan var samþykkt óbreytt af þinginu. Í kjölfar þessa fól ríkisstjórnin heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að undirbúa mótun slíkrar stefnu og í því skyni var skipaður starfshópur haustið 2002 sem vann skýrsluna sem hér er lögð fyrir Alþingi.

Í upphafi varð ljóst að ekki lægju fyrir nægileg traust gögn um þjónustu við áfengis- og vímuefnaneytendur hér á landi. Var því aflað viðamikilla gagna með könnunum og samantekt ýmissa upplýsinga. Var m.a. leitað í smiðju til erlendra og innlendra ráðgjafa við þá vinnu. Skýrslan varpar ljósi á hve umfangsmikil þjónustan er hér á landi, hve framboð og aðgengi að þjónustu er gott og fjölbreytt og samstarf ríkis og áhugamannasamtaka víðtækt. Bent er á að lagasetning, fjármögnun, árangursmat og gæðakröfur þarfnist endurskoðunar. Þá sé of mikil áhersla lögð á innlagnir á stofnanir, en of lítil að sama skapi á vægari meðferðarúrræði, heilsugæslu og göngudeildarþjónustu, svo dæmi séu tekin. Þá er ályktað að starfsemi sé um of bundin við höfuðborgarsvæðið og að sveitarfélög gætu komið öflugar að málaflokknum. Skýrsluhöfundar kusu að setja fram í sínu nafni ellefu tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurbætur og eru þær til skoðunar og kostnaðarmats í ráðuneytinu. Þörf er á umræðum og ítarlegri skoðun þeirra tillagna sem hér eru settar fram áður en heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tekur endanlega afstöðu til þeirra. Mestu skiptir að skýrslan, hugmyndirnar og umræðurnar um málefnið verði til þess að skapa forsendur til að ná á

Alþingi sem víðtækastri sátt um stefnumótun í málaflokknum. Því er farin sú leið að leggja skýrsluna fyrir Alþingi til kynningar og umræðu.

Í framhaldi af umræðum á Alþingi og frekari úrvinnslu í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í kjölfarið verða lagðar fyrir ríkisstjórn mótaðar tillögur um endurskoðaða stefnu í málaflokknum.

Helstu tillögur.

Skýrslan sem hér birtist byggist á starfi starfshóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur frá hausti 2003 til hausts 2004. Starfshópurinn gerir eftirfarandi tillögur á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar:

1. Endurskoðun laga – lög um heilbrigðisþjónustu.

Lagt er til að samstarfsnefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar endurskoði lög sem varða þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur og leggi til breytingar. Markmið endurskoðunarinnar væri að auka samstarf, skilvirkni og einstaklingshæfða þjónustu neytendunum í hag. Til að svo megi verða þarf að skýra ábyrgð, hlutverk og samstarf milli heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

2. Fjárveitingar meira í samræmi við starfsemi.

Lagt er til að fjárveitingar til áfengis- og vímuefnameðferðar verði bundnar við málaflokkinn en ekki stofnanir. Ráðuneytin skipti síðan fjármagninu niður á einstök verkefni. Jafnframt er lagt til að verkaskipting milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis verði endurskoðuð og samstarf þeirra á milli eflt formlega.

3. Rekstrarleyfi.

Lagt er til að ákveðnum skilyrðum um aðbúnað, hollustuhætti og mat á þörf fyrir meðferðarúrræði verði fylgt betur eftir en nú er gert. Stuðningur ríkisins sé háður því að skilyrðin séu uppfyllt. Stuðningur ríkisins byggist á gagnkvæmum samningi þar sem þátttaka ríkisins í rekstri og stofnkostnaði er skilgreindur.

4. Samræmt árangursmat.

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur á vegum landlæknisembættisins sem hafi það hlutverk að koma á samræmdu árangursmati fyrir meðferð áfengis- og vímuefnaneytenda. Landlæknisembættið hefur gæðaeftirlit með heilbrigðisþjónustu í landinu.

5. Miðlæg innlögn.

Lagt er til að kostir við að koma á fót miðlægri innlagnarmiðstöð og skráningu verði gaumgæfðir. Það mundi gefa betri yfirsýn yfir þann hóp sem þarf á sérhæfðri áfengis- og vímuefnameðferð að halda, nýtingu þeirra úrræða sem fyrir hendi eru og hugsanlega gefa möguleika á stýringu í úrræði við hæfi hverju sinni. Fyrirmynd að slíku kerfi má finna í vistunarmati aldraðra (sjá reglugerð um vistunarmat aldraðra, nr. 660/1995).

6. Þjónusta um allt land.

Lagt er til að grundvöllur fyrir auknu framboði meðferðar víðar um landið verði kannaður, t.d. hvað varðar göngudeildarúrræði. Sem stendur þarf fólk víða á landinu að sækja áfengis- og vímuefnameðferð um langan veg. Í grunnþjónustu heilsugæslunnar er þessum málaflokki

sinnt að vissu marki og hugsanlega má bæta þann þjónustuþátt heilsugæslunnar með því að gera hann skilvirkari og sýnilegri, t.d. með menntun starfsmanna og kynningum. Einnig kæmi til greina að kanna grundvöll fyrir heimaþjónustu við afeitrun og stofnun lítilla meðferðarheimila í landshlutum þar sem fólki gæfist tækifæri til að ljúka meðferð í heimabyggð sinni. Kanna mætti möguleika á að auka og efla þjónustu á vegum sveitarfélaga á slíkum heimilum.

7. Forvarnir, fjölskylduþjónusta.

Lagt er til að heilsugæslan verði efld með tilliti til sérþekkingar og mannafla til að geta sinnt forvarna- og stuðningshlutverki við fjölskyldur áfengis- og vímuefnaneytenda betur en nú er gert, t.d. með því að bjóða námskeið fyrir starfsfólk í greiningu áfengis- og vímuefnavanda og viðbrögðum við honum. Heilsugæslan veitir nú þegar mikilvæga og fjölbreytta þjónustu fyrir fjölskyldur í landinu. Rannsóknir sýna að með markvissu starfi getur starfsfólk heilsugæslu haft veruleg áhrif til að draga úr skaðsemi af völdum áfengis- og vímuefnaneyslu í samfélaginu.

8. Aukin göngudeildarþjónusta.

Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á göngudeildarmeðferð fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Göngudeildarþjónusta nægir sumum neytendum og styttir þann tíma sem þeir eru frá fjölskyldu og vinnu vegna meðferðar. Árangursrík göngudeildarmeðferð er ódýrari og hagkvæmari kostur en innlögn bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn. Einnig er áhugavert að auka framboð fjölbreyttari úrræða sem hægt er að bjóða með göngudeildarformi, t.d. hugræna atferlismeðferð með viðtölum og námskeið til endurmenntunar eða sjálfstyrkingar.

9. Fjölbreyttari úrræði.

Lagt er til að athugaðir verði möguleikar á að auka fjölbreytni meðferðarúrræða með tilliti til þarfa mismunandi hópa. Þarfir fólks geta verið mismunandi eftir aldri, búsetu, kyni, starfi o.s.frv. Úrval meðferðarúrræða er fremur einhæft og flest úrræði krefjast innlagnar á meðferðarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi eru um tilraunaverkefni fyrir börn og unglinga sem snúast um að veita aðstoð í þeirra eigin umhverfi og á þeirra eigin forsendum á vegum Barnaverndarstofu (MST), Hafnarfjarðarbæjar (PMT) og Nýrrar leiðar – ráðgjafar (PSD).

10. Rannsóknir.

Lagt er til að með rannsóknum sé varpað ljósi á þörf fyrir meðferð, hópinn sem leitar meðferðar og hópinn sem ekki leitar meðferðar og samsetningu starfsfólks sem sinnir þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Niðurstöðurnar verði notaðar til frekari stefnumótunar á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar.

11. Fíkn í morfín og skyld efni.

Lagt er til að vegna fjölgunar fíkla sem sækjast eftir morfíni og skyldum efnum verði Sjúkrahúsinu Vogi falið að þróa sérhæfða meðferð við fíkn í þessi efni. Þróun í þessum efnum er mjög hröð og á Vogi er fyrir hendi mest þekking hér á landi á þessu sviði.

1. Inngangur og markmið.

Skýrsla þessi var unnin af starfshópi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veturinn 2003–2004. Starfshópurinn var skipaður í kjölfar þingsályktunar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana sem samþykkt var á Alþingi 3. maí

2002. Fyrsti flutningsmaður tillögunnar var Einar K. Guðfinnsson og meðflutningsmenn voru Ásta Möller, Hjálmar Árnason, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir. Starfshópinn skipuðu eftirtaldir starfsmenn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins: Sigurður Gils Björgvinsson, deildarstjóri og formaður starfshópsins, Hrafn Pálsson deildarstjóri, Magnús Skúlason deildarstjóri, Margrét Erlendsdóttir deildarstjóri, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri, Sólveig Guðmundsdóttir yfirlögfræðingur og Sveinn Magnússon skrifstofustjóri. Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur var starfsmaður hópsins.

Markmið með skýrslunni er að gefa stutt yfirlit yfir:

- Helstu skilgreiningar á misnotkun og ofneyslu áfengis og vímuefna.
- Lýsing á þeirri þjónustu sem stendur áfengis- og vímuefnaneytendum til boða.
- Stjórnsýslulega ábyrgðarskiptingu málaflokksins.
- Hugmyndir um árangursmat á þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.
- Tillögur um heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

1.1. Ályktun Alþingis.

Alþingi samþykkti eftirfarandi þingsályktun um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana 3. maí 2002 (þskj. 1484 á 127. löggjafarþingi):

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd er hafi það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana. Jafnframt verði gert árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til þess að tryggja sjúklingum sem mestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins.“

Heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, kallaði til starfshóp á haustdögum 2003 til að afla upplýsinga um framboð á meðferð og annarri þjónustu sem áfengis- og vímuefnaneytendum stendur til boða og sem nýtur styrkja eða er rekin af opinberu fé. Hugmyndin var að upplýsingar sem starfshópurinn aflaði nýttust við mótun heildarstefnu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar á vegum ríkisins.

1.2. Vinnulag starfshópsins.

Starfshópurinn valdi að afla upplýsinga með því að gera könnun hjá meðferðarstofnunum, áfangaheimilum og öðrum stöðum sem á einhvern hátt veita fólki sem á í erfiðleikum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu aðstoð. Sent var út bréf til yfirmanna stofnananna til að skýra tilgang gagnaöflunarinnar. Með bréfinu fylgdi eyðublað þar sem óskað var eftir upplýsingum um starfsemi þessara staða árin 2001 og 2002. Á eyðublaðinu var óskað eftir upplýsingum um rekstur, fjármögnun, efnahag, húsnæði, starfsemi, svo sem fjölda meðferðarrýma og innlagna, göngudeildarstarfsemi, stöðugildi og skiptingu starfsmanna eftir starfsstéttum, aldursdreifingu skjólstæðinga og endurtekna meðferð. Aftan á eyðublaðinu voru opnar spurningar um rekstrarform stofnunarinnar og stjórnskipulag, tilgang rekstursins og hugmyndagrundvöll, kröfur stofnunarinnar um sí- og endurmenntun starfsmanna, þjónustu stofnunarinnar, þ.m.t. vaktþjónustu, eftirfylgd, skilgreiningu á árangri og loks árangursmælingar og niðurstöður þeirra (sjá viðauka).

Eftirfarandi staðir fengu sendar fyrirspurnir: Samtök áhugamanna um áfengisvandann (SÁÁ: Sjúkrahúsið Vogur, meðferðarheimilin Vík og Staðarfell, göngudeild í Reykjavík og á Akureyri, áfangaheimili að Miklubraut 1 og Eskihlíð 3), Landspítali – háskólasjúkrahús (deild 33A, Teigur (deild 16) og göngudeild 32E), Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Samhjálp – Hlaðgerðarkot, Krýsuvíkursamtökin, Götusmiðjan, Barnaverndarstofa (Stuðlar,

Torfastaðir, Háholt, Hvítárbakki og Laugaland), Byrgið – kristilegt líknarfélag, Krossgötur, áfangaheimilin Dyngjan, Risið, Takmarkið og Líknarfélagið Skjöldur (12 spora húsið), félagasamtökin Vernd, Félagsþjónustan í Reykjavík (Gistiskýlið Þingholtsstræti, Miklabraut 18, Miklabraut 20), Fjölskyldumiðstöðin, Vímulaus æska og Ný leið – ráðgjöf. Svör bárust frá öllum nema Vernd og upplýsingar frá meðferðarheimilum Barnaverndarstofu utan Reykjavíkur voru takmarkaðar. Þá var send fyrirspurn til Heilsugæslunnar í Reykjavík um fjölda áfengis- og vímuefnagreininga árin 2001 og 2002. Öllum þeim sem svöruðu fyrirspurnum eða veittu upplýsingar á annan hátt er þakkað fyrir þeirra mikilvæga framlag til þessarar skýrslugerðar.

Eins og áður segir ná upplýsingarnar sem skýrslan byggist á til áranna 2001 og 2002 og í niðurstöðum er einungis stuðst við svör frá stöðum sem störfuðu á þessu tímabili. Við gerð skýrslunnar var einnig ákveðið að sleppa stöðum sem fyrst og fremst veita ráðgjöf. Af þessum orsökum koma svör frá Vímulausri æsku, Líknarfélaginu Skildi, sem hóf rekstur áfangaheimilisins 12 spora hússins í desember 2002 með 22 rými, Nýrri leið – ráðgjöf, sem hóf störf í maí 2003, ekki fram í skýrslunni.

Eftirfarandi aðilum sem lásu yfir drög að skýrslunni, gerðu athugasemdir og komu með ábendingar og ráð meðan hún var á vinnslustigi eru færðar sérstakar þakkir: Dr. Harvey Milkman, prófessor við Metropolitan State College of Denver, Colorado í Bandaríkjunum, Óttari Guðmundsyni geðlækni, dr. Kristni Tómassyni, yfirlækni hjá Vinnueftirliti ríkisins, Eyjólfi Guðmundsyni heilsugæslulækni, dr. Sigurlínu Davíðsdóttur, lektor við HÍ, dr. Ómari H. Kristmundssyni, lektor við HÍ, Þórarni Tyrfingssyni, yfirlækni á Vogi, Þór G. Þórarinssyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, og dr. Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðingi.

2. Misnotkun áfengis og vímuefna.

Í þessum kafla er annars vegar leitast við að lýsa útbreiðslu áfengis- og vímuefnaneyslu á Íslandi og hins vegar að skilgreina mismunandi stig neyslutengdra vandamála.

2.1. Áfengis- og vímuefnaneysla á Íslandi.

Áfengissala reiknuð á hvern íbúa 15 ára og eldri nam 6,52 alkóhóllítrum árið 2003. Hún jókst stöðugt úr 4,45 l árið 1993 í 6,5 l árið 2002 en stóð í stað á milli áranna 2002 og 2003 (Hagstofa Íslands, 2003).[1] Á mynd 1 sést hvernig áfengisneysla hefur breyst samkvæmt upplýsingum um gjaldlagt áfengi frá Hagstofu Íslands. Neysla bjórs og léttvíns hefur aukist en neysla sterkra drykkja dregist saman. Heildarneyslan jókst jafnt og þétt frá árinu 1993 til 2002 en stóð nokkurn veginn í stað á milli ára 2002 og 2003. Sambærilegar tölur eru til fyrir Norðurlandaþjóðirnar árið 2002. Þá nam neysla á hvern íbúa 15 ára og eldri 6,3 l á Íslandi, 11,3 l í Danmörku, 5,9 l í Noregi og 6,9 l í Svíþjóð. Í þessum sölutölum er ekki meðtalið það áfengi sem ferðamenn eða áhafnir skipa og flugvéla flytja með sér inn í landið. Ýmsir hafa reynt að áætla óskráð áfengi sem er í umferð í mismunandi löndum.[2,3] Vegna samninga Evrópusambandsins mega ferðamenn flytja með sér nær ótakmarkað magn áfengis til Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar og þessi innflutningur skiptir sífellt meira máli þegar leitast er við að áætla magn þess áfengis sem er í umferð í löndunum. Áætlað hefur verið að bæta megi 2 l við skráða sölu í Danmörku og Svíþjóð, 1,8 l í Noregi og 0,5–1 l á Íslandi.[2]

Samkvæmt nýlegri skýrslu Evrópusambandsins um samræmdar aðgerðir til að sporna við skaðsemi af völdum áfengisneyslu[56] er áætlað að 50% af dauðsföllum af völdum slysa á Evrópusvæðinu séu af völdum áfengisneyslu. Enn fremur segir í skýrslunni að kostnaður heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, og löggæslu af völdum skaðsemi áfengis sé hár og að fólk dragist ótímabært út úr vinnumarkaðnum vegna vandamála sem rekja má til áfengis-

neyslu. Vaxandi neysla ungmenna og kvenna í Evrópu er áhyggjuefni vegna þess að þessir samfélagshópar eru viðkvæmir fyrir skaðsamlegum áhrifum af áfengisneyslu. Á vegum Evrópusambandsins er nú unnið að samræmdum aðgerðum til að draga úr skaðsemi af völdum áfengisneyslu í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Þær hugmyndir sem unnið er með byggja á rannsóknarniðurstöðum um árangursríkar aðgerðir og taka að verulegu leyti mið af heilbrigðissjónarmiðum.



Mynd 2.1. Áfengisneysla 15 ára og eldri á Íslandi 1985–2003, gjaldlagt áfengi.

IMG-Gallup[4] framkvæmdi könnun á áfengisneyslu meðal Íslendinga fyrir áfengis- og vímuvarnaráð síðla árs 2001. Úrtakið var 4000 manns í aldurshópnum 18–75 ára og var helmingnum sendur spurningalisti í pósti en hinn helmingurinn spurður í síma. Heimtur voru að meðaltali um 64%, þar af 71% (1.347) úr símahluta könnunarinnar en 56,3% (1.092) úr pósthlutanum. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar neyttu 88% svarenda áfengis oftar en einu sinni síðustu 12 mánuði fyrir framkvæmd könnunar og 94% svarenda höfðu einhvern tímann á ævinni neytt áfengis. Meðalaldur aðspurðra við upphaf drykkju var 17,5 ár. 55% svarenda sögðust neyta áfengis tvisvar í mánuði eða oftar. Meðalneysla þeirra í hvert sinn sem áfengis var neytt var 3,4 drykkir en einn drykkur var skilgreindur sem lítil dós af bjór, glas af léttu víni eða einn einfaldur sterkur drykkur (einn sterkur sjúss eða blanda með 4 cl vínanda). Meðaltalið var hæst í aldurshópnum 18–24 ára eða 5,6 drykkir í hvert skipti. Karlar drukku að meðaltali 3,9 drykki í hvert sinn en konur 2,9 drykki. Af svarendum höfðu 6,6% leitað aðstoðar vegna áfengisneyslu, 3,8% töldu áfengisneyslu vera sér vandamál þegar

könnuninni var svarað og meðalaldur þegar áfengisneysla þeirra varð vandamál var 22,5 ár.

Í könnun IMG-Gallup fyrir áfengis- og vímuvarnaráð var spurt um neyslu nokkurra ólöglegra vímuefna undanfarna 12 mánuði fyrir framkvæmd könnunarinnar. Af þeim 2.429 sem tóku afstöðu höfðu 23,5% (572) einhvern tímann prófað hass eða marijúana og af þeim höfðu 17% (97) gert það undanfarna 12 mánuði fyrir framkvæmd könnunarinnar. Þá höfðu 2,3% (55 af 2426 sem svöruðu spurningunni) prófað e-töflu en neysla annarra efna var óalgengari.

Í sömu könnun var einnig spurt um ýmis skaðleg áhrif af og vísbendingar um vandamál vegna áfengisneyslu. Í töflu 2.1 er yfirlit yfir jákvæð svör við þessum spurningum.

Tafla 2.1. Skaðleg áhrif af og vísbendingar um vandamál vegna áfengisneyslu undanfarna 12 mánuði.

	Fjöldi svarenda sem tóku afstöðu	Hlutfall jákvæðra svara
Skaðleg áhrif á vinnu, nám eða atvinnutækifæri	1.880	5,8%
Skaðleg áhrif á hjónaband eða náið samband	1.885	8,8%
Slagsmál eftir neyslu áfengis	1.891	3,7%
Áfengi til að komast yfir eftirköst drykkju (afréttari)	1.889	6,4%
Gat ekki hætt að drekka þegar drykkja var hafin	1.884	11,2%
Eftirsjá eða sektarkennd vegna drykkju	1.882	4,2%
Minnisleysi vegna drykkju áfengis	1.884	2,6%
Ekki gert það sem venjulega er ætlast til af mér	1.879	1,4%
Neytt meira en 6 drykkja oftar en mánaðarlega	1.877	10,9%
Maki reynt að fá mig til að drekka minna eða hætta áfengisneyslu	1.642	7,1%
Barn eða aðrir fjölskyldumeðlimir hafa reynt að fá mig til að hætta áfengisneyslu	1.752	5,1%
Ölvunarakstur	1.882	9,6%
Afskipti lögreglu vegna ölvunar á almannafæri	1.889	1,6%

Könnun IMG-Gallup á áfengis- og vímuefnaneyslu fyrir áfengis- og vímuvarnaráð 2001.

Vaxandi áfengisneyslu fylgja almennt fleiri áfengistengd vandamál og misnotkun.[5] Undanfarin ár hafa áhyggjur manna af vaxandi neyslu ólöglegra vímugjafa og örvandi og róandi lyfja einnig farið vaxandi.[6] Eins og fram hefur komið er erfitt að áætla heildarneyslu þessara efna og spá fyrir um hvaða áhrif vaxandi neysla þeirra mun hafa í fyrirsjáanlegri framtíð. Þó er óhætt að fullyrða að þessi þróun mun frekar auka en minnka þörf fyrir fjölbreytilegar forvarnaaðgerðir og úrræði til meðferðar og stuðnings fyrir þá sem rata í ógöngur vegna neyslu áfengis- og vímuefna.

Tíðni alkóhólisma á Íslandi hefur mælst á bilinu 3,5–6,3%.[7,8] Rannsóknum víða að ber saman um að um ⅔ þeirra sem leita sér meðferðar séu karlmenn en um þriðjungur konur.[9,10] Stórar bandarískar rannsóknir sýna að u.þ.b. 10–15 % karlmanna og 5% kvenna búi við langvarandi áfengisfíkn. Af þeim er u.þ.b. fjórðungur virkir fíklar en fíkn í önnur vímuefni er óalgengari enda almenn neysla þeirra minni.[11,12] Hafa ber í huga að tíðni misnotkunar og sækni í meðferð eru sitt hvort hugtakið. Eftirspurn og sækni í meðferð er m.a. háð framboði og aðgengi að meðferð.[13] Samkvæmt upplýsingum frá sjúkrahúsi SÁÁ á Vogi[10] leituðu 0,6% íbúa landsins meðferðar þar árið 2001 (1.791 einstaklingur af 290.000 íbúum). Samkvæmt nýrri skýrslu frá Ástralíu[9] leituðu að meðaltali 0,25% þarlendra íbúa áfengis- og vímuefna-

meðferðar á ári árin 2001–2002 samkvæmt þarlendri skráningu (tæplega 50.000 einstaklingar af 20 milljón íbúum).

Við sjúkdómsgreiningu á áfengis- og vímuefnafíkn og afleiddum heilbrigðisvandamálum, eins og við aðra sjúkdóma, er hér á landi stuðst við 10. útgáfu alþjóðlegrar tölfræðiflokkunar sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, ICD-10[14]. Flokkunarnúmer kerfisins á vandamálum tengdum áfengis- og vímuefnafíkn eru F10–F19. Annað bandarískt flokkunarkerfi, svo kallað DSM IV-kerfi (Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders)[15] er m.a. notað í Svíþjóð.[11] Geðlæknar og aðrir sem vinna við áfengis- og vímuefnameðferð hafa það gjarnan einnig til hliðsjónar í starfi. DSM IV-kerfið inniheldur skilgreiningar á mismunandi stigum áfengismisnotkunar og er stuðst við þær hér á eftir.

2.2. Fíkn.

Greining áfengis- eða vímuefnafíknar samkvæmt DSM IV-kerfinu[15] inniheldur eftirfarandi sjö skilyrði og þrjú þeirra verða að vera uppfyllt til að vandamálið sé greint sem fíkn:

1. Þörf fyrir sífellt stærri skammta til að finna fyrir áhrifum.
2. Fráhvarfseinkenni þegar neyslu er hætt.
3. Inntaka stærri skammta eða neysla yfir lengri tíma en áður.
4. Misheppnaðar tilraunir til að hætta neyslu.
5. Verulegur tími fer í að útvega efni, neyta þess og jafna sig eftir neyslu áfengis eða annarra vímuefna.
6. Veruleg vandamál í félagslífi og vinnu.
7. Stöðug neysla þrátt fyrir líkamlegan og andlegan skaða.

2.3. Misnotkun.

Samkvæmt DSM IV-kerfinu[15] nægir að eitt af fjórum eftirgreindum skilyrðum sé uppfyllt fyrir greiningu misnotkunar:

1. Endurtekin neysla áfengis eða annarra vímuefna sem leiðir til mistaka við að uppfylla skyldur í vinnu, skóla eða á heimili.
2. Endurtekin neysla áfengis eða annarra vímuefna í áhættuaðstæðum, t.d. við akstur eða í vinnu.
3. Endurteknir árekstrar við löggæslu og dómskerfi vegna neyslunnar.
4. Áframhaldandi neysla þrátt fyrir endurtekin vandamál.

2.4. Áhættuneysla.

Engin vísindaleg skilgreining liggur fyrir greiningu áhættuneyslu en sameiginlegur skilningur ríkir innan vísindasamfélagsins um við hvað er átt.[11] Einn áfengur drykkur á dag (innihald samsvarar 4 cl vínanda) fyrir konur og tveir fyrir karla telst ekki skaðleg neysla og getur haft viss verndandi áhrif gegn hjarta- og æðasjúkdómum. Í ýmsum rannsóknum hefur verið miðað við neðangreind mörk fyrir áhættuneyslu:

1. Þrjár flöskur af víni, eða 9–12 dósir af sterkum bjór, eða 75 cl af sterku áfengi á viku fyrir karlmenn.
2. Tvær flöskur af víni, eða 6–9 dósir af sterkum bjór eða 50 cl af sterku áfengi á viku fyrir konur.

2.5. Fjölkvilli (comorbidity).

Ekki er óalgengt að vímuefnasjúklingar séu einnig greindir með aðra geðsjúkdóma.[7,16,17] Sjúkdómarnir geta haft áhrif á gang hvers annars. Í skýrslu sem vinnuhópur á vegum félags-

og heilbrigðisráðuneytisins í Noregi vann eru sjúklingar með geðgreiningu og vímuefnagreiningu flokkaðir á eftirfarandi hátt:[18]

- Geðsjúklinga sem misnota áfengi eða vímuefni þegar þeir komast yfir slík efni.
- Fíkla sem þjást af geðrænum einkennum, sérstaklega kvíða og þunglyndi.
- Sjúklinga með alvarlega fíkn með alvarlegum geðrænum vanda eins og geðklofa, persónuleikabrenglun eða lyndisraskanir (affektiv sinnslidelse).

Í Noregi er gert ráð fyrir að fyrsti hópurinn fái þjónustu í geðheilbrigðiskerfinu en annar hópurinn vímumeðferðarkerfinu og að þar þurfi að vera fyrir hendi þekking á geðrænum vanda fíkla. Þar er reynslan að vímuefnafíklar með geðræn vandamál endi oftar á stofnunum fyrir vímuefnaneytendur en sérhæfðum stofnunum fyrir geðsjúklinga.

3. Stuðningur og íhlutun.

Þessi kafli inniheldur greiningu á mismunandi stigum þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur og fjölbreytni hennar. Rétt er að taka fram að hægt er að greina þjónustu af þessu tagi á ýmsa vegu og að merking sumra hugtaka getur verið misvísandi. Í skýrslunni nær til dæmis hugtakið „meðferð“ yfir ferlið frá greiningu hjá lækni, afeitrun við viðurkenndar aðstæður, endurhæfingu (rehabilitation) á meðferðarheimili og loks eftirfylgni að henni lokinni. Þótt greiningin sé einföld og hvorki einhlít né tæmandi gefur hún vonandi hugmynd um ýmiss konar þjónustu sem áfengis- og vímuefnaneytendum getur staðið til boða.

Mikilvægt er að greina á milli þeirrar þjónustu sem heilbrigðisyfirvöld og félagsmálayfirvöld standa að og veitt er af viðurkenndum fagstéttum annars vegar og hins vegar þjónustu sem ýmis líknarfélög efna til á grunni góðgerðarstarfsemi. Þjónusta líknarfélaga getur notið ráðgjafar viðurkenndra fagmanna og opinberra fjárstyrkja en býr ekki alltaf við sama eftirlit og stofnanir á vegum hins opinbera.

Vert er að benda á að í Noregi hefur verið unnið að endurbótum á þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendum. Breytingarnar sem gerðar hafa verið og ganga undir nafninu „Rusreformen“ gengu í gildi 2004. Samkvæmt þeim voru öll úrræði sem í boði eru samkvæmt lögum um félagsþjónustu færð frá sveitarstjórnum til ríkis. Markmiðið með breytingunum er að veita áfengis- og vímuefnaneytendum þverfaglega, einstaklingshæfða og heildstæða sérfræðiþjónustu þar sem bæði félagsleg og heilbrigðisleg sjónarmið í hverju tilfelli eru vegin og metin.[19]

Þarfir þeirra sem njóta þjónustu vegna áfengis- og vímuefnafíknar eru mjög misjafnar. Hópinn fylla allt frá börnum og unglingum, sem eru að byrja að þróa misnotkunarmynstur, upp í fullorðna karla og konur sem hafa misst stjórn á neyslu sinni og hafa misst vinnu, húsnæði og fjölskyldu. Sumum nægir göngudeildarþjónusta eða stutt innlögn til að koma sínum málum í lag. Öðrum nægir það ekki og fyrir þá þarf að meta fjölbreyttari úrræði og stundum langvarandi aðstoð við að fóta sig í samfélaginu. Fyrir suma vímuefnaneytendur þarf að skapa aðstæður svo þeir hafi raunhæfan möguleika á að koma undir sig fótunum með endurhæfingu. Fyrir aðra er markmiðið einungis að bjóða aðbúnað og umönnun þannig að þeir geti eftir því sem unnt er lifað mannsæmandi lífi.

3.1. Þjónusta fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Þjónusta sem áfengis- og vímuefnaneytendum býðst er margvísleg, allt frá því að felast fyrst og fremst í stuðningi við athafnir daglegs lífs og upp í virka íhlutandi meðferð inni á sjúkrahúsi eða á göngudeild. Þjónustuna má flokka gróft í einstaklingsmiðaðar forvarnir, meðferð og stoðþjónustu. Innan þessara grófu flokka felast einstaklingsmiðaðar forvarnir í greiningu, fyrirbyggjandi viðtöl og grunnþjónustu í heilsugæslu eða á vegum sjálfstæðra fag-

ráðgjafa. Meðferð felst í nánari greiningu, afeitrun, endurhæfingu á göngudeild eða á sjúkrahúsi og öðrum meðferðarstofnunum og eftirfylgd. Greina verður á milli meðferðar sem veitt er af fagfólki á sjúkrahúsum eða öðrum viðurkenndum meðferðarstofnunum og ýmiss konar meðferðar sem áhugahópar standa að með mismikla fagþekkingu að baki. Með stoðþjónustu er átt við vistun á áfangaheimili eftir meðferð og ýmiss konar félagslegan stuðning fyrir langveika og virka neytendur.

Samkvæmt norskri greiningu á ástæðum þess að inngrips heilbrigðisþjónustu vegna áfengis- og vímuefnaneyslu er þörf, þá eru ástæðurnar margvíslegar.[18] Þær geta verið:

- *Vímuefnin sjálf;* hreinleiki, styrkleiki og neyslumynstur hvað varðar magn og blöndu (allt frá óverulegri neyslu upp í lífshættulega neyslu).
- *Inntaka vímuefna,* þar sem óhreinar sprautur eru háskalegastar.
- *Heilbrigðisástand,* hvort sem það er óháð neyslunni eða afleiðingar hennar, t.d. geðraskanir, sykursýki, astmi, krabbamein, hjarta- og æðasjúkdómar.
- *Aðrar ástæður,* s.s. heimilisaðstæður, næringarskortur eða óþrif.
- *Skortur á eftirfylgd* hjá heilbrigðiskerfinu hvað varðar læknisþjónustu og aðra meðferð og samvinnuerfiðleikar við sjúkling um meðferð.

Mynd 3.1 gefur yfirlit yfir þá möguleika á þjónustu sem blasa við einstaklingum sem af einhverri ofangreindra ástæðna leita sér aðstoðar vegna áfengis- og vímuefnaneyslu.

Minni íhlutun/stuðningur	***Þjónustustig***	**Meiri íhlutun/stuðningur**	
Heilsugæsla	*Grunngreining*	Sjálfstætt starfandi læknar og fagráðgjafar	**FORVARNIR**
	Fyrirbyggjandi viðtöl og ráðgjöf		
Sjálfstætt starfandi sérfræðingar	*Nákvæm greining*	Sérfræðingar innan sjúkrahúsa	**MEÐFERÐ**
Utan stofnana með eða án aðstoðar og e.t.v. lyfjum	*Afeitrun*	Innan stofnana með aðstoð og lyfjum	
Göngudeild meðferðarstofnunar	*Endurhæfing*	Innlögn á meðferðarstofnun með aðstoð og lyfjum	
Heilsugæsla	*Eftirfylgni*	Göngudeild meðferðarstofnunar	
Félagsráðgjöf, iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun o.s.frv.	*Stoðþjónusta*	Áfangaheimili og stoðbýli	**STOÐ**
Fæði	*Önnur þjónusta*	Gistiskýli	

Þ.R., 2004

Mynd 3.1. Meginþættir og ferli þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

3.2. Einstaklingsbundnar forvarnir.

Með einstaklingsbundnum forvörnum er átt við grunnþjónustu sem fólk fær þegar það leitar til heilbrigðis- eða félagsmálakerfisins vegna heilsubrests eða félagslegra vandkvæða sem greina má að áfengis- og vímuefnavandi á þátt í. Á þessu þjónustustigi fer fram frumgreining vandans og ráðgjöf um helstu úrræði við þær aðstæður sem hver og einn býr við.

3.2.1. Greining.

Allir sem leita til heilbrigðiskerfisins vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu ganga í gegnum greiningu þar sem metið er hvers konar aðstoð þeir þurfa. Niðurstaðan er háð neyslumynstri viðkomandi, heilsufarssögu, lífsstíl, einstaklingsbundnu viðhorfi, félagslegum aðstæðum og úrvali meðferðartilboða. Greiningin sjálf er ekki meðferð en forsenda þess að hægt sé að veita aðstoð við hæfi og mæta þörfum þeirra sem eru hjálparþurfi.[9]

3.2.2. Fyrirbyggjandi viðtöl og grunnþjónusta í heilsugæslu.

Margar rannsóknir benda til að markviss en stutt viðtöl eða markíhlutun (brief intervention) í heilsugæslu flýti greiningu á áfengis- og vímuefnavanda og hafi fyrirbyggjandi áhrif með því að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu og þar með líkum á að hún leiði til alvarlegri, neyslutengdra vandamála.[11,12,14,20–23] Markmið markíhlutunar í heilsugæslu er tvíþætt:

1. Að greina áhættuneyslu snemma með því að spyrja einfaldra en markvissra spurninga, t.d. AUDIT- eða DESA-spurninga[a] (AUDIT-spurningalistann má skoða í íslenskri þýðingu á heimasíðu SÁÁ: http://www.saa.is).
2. Að veita þeim sem greinast í áhættuhópi upplýsingar um áhættu, hvetja þá til að draga úr eða hætta áfengisneyslu og loks að ráðleggja þeim um hvar þeir geta leitað sér frekari aðstoðar ef þess gerist þörf.

Sýnt hefur verið fram á að þessar aðferðir hafa áhrif hvort sem þær eru framkvæmdar af lækni, hjúkrunarfræðingi eða öðru starfsfólki grunnheilsuverndar sem hefur fengið stutta þjálfun í að beita þeim. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur vakið athygli á þessum einföldu aðferðum og hvatt til þess að þeim sé beitt en víða hefur reynst erfitt að vekja áhuga starfsfólks í heilsugæslu á að tileinka sér þær.[24,25] Sýnt hefur verið fram á að einn af hverjum tíu einstaklingum sem fær ráð og hvatningu frá heilsugæslustarfsfólki til að minnka áfengisneyslu sína hættir neyslunni eða minnkar hana niður fyrir áhættumörk. Í samanburði við árangur af fyrirbyggjandi íhlutun vegna annarra langvinnra sjúkdóma er þetta verulegur árangur.

Á vegum landlæknisembættisins starfar vinnuhópur að þróun klínískra leiðbeininga um viðbrögð við áfengismisnotkun til notkunar í heilsugæslu. Verkefni hópsins er að yfirfara faglega, þýða og staðfæra nýlegar leiðbeiningar unnar á vegum SIGN (Scottish Intercol-

---

[a] *DESA-próf*ið (íslensk þýðing á CAGE-prófi, Olga Håkonsen, 1995).[16]
D: Hefur þér fundist þú þurfa að *draga* úr áfengisneyslu þinni?
E: Verður þú *ergileg(ur)* þegar áfengisneysla þín er gagnrýnd?
S: Hefur þú fengið *sektarkennd* vegna áfengisneyslu?
A: Hefur þú einhvern tímann fengið þér *afréttara?*

legiate Guideline Network) sem nefnast „The management of harmful drinking and alcohol dependence in primary care“[26].[b]

Stundum hafa komið til tals hugmyndir um að skapa aðstæður til að hafa miðlæga yfirsýn yfir meðferðartilboð og meðferðarrými á hverjum tíma og möguleika á að greina einstaklingsbundið hvers konar úrræði hentar hverju sinni (matching). Tillögur um slíkt komu m.a. fram í skýrslunni „Mat á áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi: stefnumörkun“ sem doktor Howard J. Schaffers vann fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1997.[27]

3.3. Meðferð.

Meðferð er skipulögð og einstaklingsbundin áætlun sem fylgt er undir handleiðslu fagmenntaðs fólks. Meðferð fer oftast fram á eða í tengslum við viðurkennd sjúkrahús eða meðferðarstofnanir. Lykilatriði er að til þess að meðferðin sé viðurkennd af heilbrigðisyfirvöldum þarf hún að fara fram undir handleiðslu sérfræðinga sem hafa viðurkennda faglega þekkingu og reynslu til að veita hana. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að sérfræðingar meðhöndli fólk vegna áfengis- og vímuefnavanda á stofu eða göngudeild í tengslum við viðurkenndar sjúkra- eða meðferðarstofnanir. Slík meðhöndlun nýtist sumum þó aðrir þurfi á innlögn að halda.

3.3.1. Afeitrun, greining og bráðaþjónusta.

Með afeitrun er átt við hreinsun vímugjafa úr líkamanum. Sumum tekst að ganga í gegnum afeitrun án stuðnings faglærðs fólks en venjulega er afeitrun ferli sem krefst handleiðslu sérþjálfaðra ráðgjafa og tekur tíma, allt frá dögum upp í vikur. Háð því hve neyslan er á alvarlegu stigi getur verið þörf á mismunandi aðferð við afeitrun. Margir ganga í gegnum þetta ástand án aukaverkana en í sumum tilfellum er það alvarlegt, jafnvel lífshættulegt og krefst bráðaþjónustu á sjúkrahúsi. Afeitrun sem krefst læknisaðstoðar og lyfjameðferðar fer ávallt fram undir handleiðslu lækna, yfirleitt inni á sjúkrahúsum en getur einnig farið fram annars staðar jafnvel inni á heimilum.[9] Fráhvarfseinkenni eftir að neyslu áfengis- eða vímuefna er hætt er ein af forsendum sjúkdómsgreiningar á fíkn. Afeitrun getur verið meðferð í sjálfu sér en afeitrun getur einnig verið forstig frekari meðferðar.[14,11,18] Að afeitrun lokinni er fyrst hægt að greina vanda hvers einstaklings nánar svo hægt sé að meta þörf fyrir og gera áætlun um áframhaldandi meðferð og stuðning.

3.3.2. Endurhæfing.

Endurhæfing hefst með nákvæmri greiningu að afeitrun lokinni. Út frá því er gerð áætlun í samvinnu við neytandann sem hann þarf síðan að fylgja, annað hvort með innlögn á meðferðarstofnun eða með reglulegum viðtölum á göngudeild. Meðferðin getur falist í ráðgjöf, hóp- og/eða fjölskyldufundum, lyfjameðferð, hugrænni atferlismeðferð sem felur í sér nám í aðferðum við að ná og viðhalda bata, líkamsþjálfun, slökun, félagslegri aðstoð við að stunda vinnu, styrkja fjölskyldutengsl og eignast samastað eða heimili. Endurhæfing með innlögn á meðferðarstofnun getur verið skammvinn (4–6 vikur) eða langvinn (2–6 mánuðir). Hve löng meðferðin þarf að vera er einstaklingsbundið. Markmið með endurhæfingu, fyrir utan að hætta neyslu, eru margvísleg, s.s. að draga úr hættu á neyslutengdum smitsjúkdóm-

---

[b] Nánari upplýsingar um vinnuhóp landlæknis um þróun klínískra leiðbeininga um viðbrögð við áfengismisnotkun til notkunar í heilsugæslu er að finna á vef landlæknisembættisins www.landlaeknir.is.

um, að bæta líkamlega og andlega heilsu, að draga úr afbrotum og bæta félagslegar aðstæður.[9]

Hér á landi hefur endurhæfing áfengis- og vímuefnaneytenda fyrst og fremst byggst á úrræðum læknisfræðilegrar þekkingar og 12 spora kerfi AA-samtakanna[c] með ívafi af hugrænni atferlismeðferð. Í nýlegri skýrslu frá Svíþjóð kemur fram að þar í landi eru félagsfærniþjálfun, hugræn atferlismeðferð og sjálfstyrkjandi/styðjandi meðferð algengustu meðferðarformin.[55] Til eru fjölmargar útfærslur af áfengismeðferð sem byggja á mismunandi hugmyndafræðilegum grunni og er of flókið að gera skil í þessari skýrslu. Það sem þær eiga þó flestar sameiginlegt er:[28]

- Mikilvægi breyttrar hegðunar við upphaf meðferðar.
- Ákveðinni áætlun er fylgt.
- Áhersla á athafnir sem geta komið í staðinn fyrir og eru ósamrýmanlegar vímuefnaneyslu.
- Aðstoð við að greina áhættusamar og neysluhvetjandi aðstæður og áhersla á meðvitund um að vímuefnaneysla sé óheppilegt bjargráð í erfiðleikum.
- Áhersla á að vissar hugsanir geta grafið undan staðfestu við bindindi og mikilvægi þess að þekkja þessar hugsanir og að geta tekist á við þær.
- Áhersla á að forðast neikvætt látæði og að viðurkenna neikvætt látæði sem áhættuþátt fyrir að hefja neyslu.
- Áhersla á mikilvægi félagslegs nets til að viðhalda bata.

Meðal sérfræðinga í áfengis- og vímuefnameðferð hefur farið fram töluverð umræða um hvers konar meðferð henti hvaða sjúklingahópi. Rætt er um hvort sama nálgun henti fyrir bæði kyn, mismunandi aldurs- og sjúklingahópa og hvort meðferð á göngudeild gerir sama gagn og stofnanavistun.[7,29–31] Víða fer meðferð áfengis- og vímuefnaneytenda að verulegu leyti fram á göngudeild. Samkvæmt úttektum á sænska meðferðarkerfinu fær mikill meiri hluti meðferð á göngudeild.[11,55] Í Noregi hefur aukin áhersla verið lögð á þjónustu á göngudeild á undanförnum áratugum og margar göngudeildir bjóða sérfræðiþjónustu fyrir vímuefnaneytendur.[18] Samkvæmt nýrri skýrslu frá Ástralíu með tölum frá 2001–2002 áttu 67%

---

[c] **Tólf reynsluspor AA-samtakanna** (www.aa.is):

1. Við viðurkenndum vanmátt okkar gegn áfengi og að okkur var orðið um megn að stjórna lífi okkar.
2. Við fórum að trúa að æðri kraftur máttugri okkar eigin vilja gæti gert okkur heilbrigð að nýju.
3. Við tókum þá ákvörðun að láta líf okkar og vilja lúta handleiðslu Guðs *samkvæmt skilningi okkar* á honum.
4. Við gerðum rækilega og óttalaust siðferðileg reikningsskil í lífi okkar.
5. Við játuðum afdráttarlaust fyrir Guði sjálfum okkur og trúnaðarmanni yfirsjónir okkar.
6. Við vorum þess albúin að láta Guð lækna allar okkar skapgerðarveilur.
7. Við báðum Guð í auðmýkt að losa okkur við brestina.
8. Við skráðum misgjörðir okkar gegn náunganum og vorum fús til að bæta fyrir þær.
9. Við bættum fyrir brot okkar milliliðalaust svo framarlega sem það særði engan.
10. Við iðkuðum stöðuga sjálfsrannsókn og þegar út af bar viðurkenndum við yfirsjónir okkar undanbragðalaust og vorum fús til að bæta fyrir þær.
11. Við leituðumst við með bæn og hugleiðslu að bæta vitundarsamband okkar við Guð *samkvæmt skilningi okkar á honum* og báðum um skilning á því sem okkur var fyrir bestu og mátt til að framkvæma það.
12. Við fundum að sá árangur sem náðist með hjálp reynslusporanna var andleg vakning og þess vegna reyndum við að flytja öðrum alkóhólistum þennan boðskap og fylgja þessum meginreglum í lífi okkar og starfi.

meðferðartilvika sér stað án innlagnar á meðferðarstofnun, 22% tilvikanna voru innlagnir á stofnun og 6% þáðu þjónustu sem veitt var úr húsbíl sem ferðaðist á milli staða.[9]

3.3.3. Handleiðsla og ráðgjöf.

Áfengis- og vímuefnaráðgjöf felur í sér handleiðslu og stuðning sem neytandi í vanda fær frá fagráðgjafa, eða öðrum sem hefur fengið til þess sérstaka þjálfun, á reglulegum fundum. Ráðgjöfin getur farið fram í einstaklingsviðtölum eða á hópfundum í tengslum við viðurkenndar meðferðarstofnanir. Umræðuefnin geta snúist um neysluhegðun, skólagöngu, vinnu, áhugamál og samskipti við fjölskyldu og vini. Markmið ráðgjafarinnar er að hvetja neytandann og styðja hann í viðleitni sinni til að breyta viðhorfi sínu og hegðun. Stutt er við aðlögun að nýjum lifnaðarháttum með því að þróa aðferðir sem neytandinn getur tileinkað sér til að bregðast uppbyggilega við aðstæðum sem fela í sér hættu á að hann leiti aftur í vímugjafann. Til eru ýmsar útfærslur ráðgjafar sem byggjast á mismunandi fræðilegum hugmyndum sem ekki verður farið nánar út í hér.[9]

3.3.4. Eftirfylgni.

Hugtakið eftirfylgni er yfirleitt notað yfir tímabil endurhæfingar sem tekur við eftir vistun á stofnun. Þar sem meðferð getur verið fjölbreytt og t.d. farið fram á göngudeild getur verið erfitt að skilja á milli meðferðar og eftirfylgni. Áætlun um hvað tekur við eftir dvöl á sólarhringsstofnun eða aðra formlega meðferð er mikilvæg. Eftirfylgni fer oftast fram á vegum þeirra stofnana sem veita eiginlega meðferð en gæti einnig verið á vegum almennrar heilbrigðis- og félagslegrar grunnþjónustu með því að treysta mannafla og faglega færni á sviði sérþjónustu fyrir vímuefnaneytendur innan þessara kerfa.[18]

3.3.5. Meðferð við fíkn í morfín og skyld efni.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu SÁÁ (www.saa.is) voru 173 sprautufíklar sem sprauta sig reglulega lagðir inn á Sjúkrahúsið Vog árið 2002. Í þessum tölum er ekki tiltekin skipting eftir þeim efnum sem sprautufíklar nota. Hins vegar kemur fram að af þeim voru 22 smitaðir af lifrarbólgu B og 104 af lifrarbólgu C. Á heimasíðunni kemur auk þess fram að samkvæmt tölum frá 2001 hefur morfínfíklum fjölgað hratt. Sumir þeirra hafa misnotað morfínforðatöflur sem íslenskir læknar hafa ávísað á. Sjúkrahúsið Vogur hefur annast meðferð þessara einstaklinga hér á landi.

Þekking á meðferð við fíkn í morfín og skyld efni þróast hratt um þessar mundir. Metadon hefur verið mest notaða lyfið við fíkn í þessi efni en í seinni tíð hefur lyfið buprenorfín gefið góða raun.[54]

3.4. Stoðþjónusta.

Með stoðþjónustu er átt við ýmis félagsleg úrræði til að hjálpa fólki að takast á við lífið utan stofnana. Að lokinni áfengis- og vímuefnameðferð eiga margir erfitt með að finna sér farveg í lífinu og viss hætta er á að þeir leiti í gamla vinahópinn og lífsstílinn sem snerist um neysluna. Sumir eiga í fá hús að venda eftir langan neysluferil og þurfa að endurvinna traust aðstandenda og vina. Þeir geta þurft aðstoð við að brúa bilið á milli meðferðarumhverfis og lífs með tilgangi án vímuefna. Öðrum tekst ekki að lifa án vímuefna þrátt fyrir endurtekna meðferð en eiga samt, eins og aðrir þjóðfélagsþegnar, rétt á að fá grunnþörfum sínum fyrir húsaskjól, klæði og næringu fullnægt. Stoðþjónusta getur falist í húsaskjóli, fæði, aðstoð við atvinnuleit og fjármálaráðgjöf svo eitthvað sé nefnt. Þessi þjónusta getur verið á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga, sem ber lögum samkvæmt að veita hana, en er gjarnan veitt af

áhugasamtökum og líknarfélögum sem mörg hver þiggja styrki frá ríki eða sveitarfélögum til starfseminnar.

3.4.1. Áfangaheimili.

Áfangaheimili (halfway house) veita tímabundið húsnæði til að leysa bráðan húsnæðisvanda þeirra sem eru í virkri endurhæfingu eftir meðferð.[18] Áfangaheimili er eins og nafnið bendir til hugsað sem millibilsástand á milli meðferðar og sjálfstæðs lífs utan stofnunar. Yfirleitt er um að ræða fullt fæði og húsnæði með nokkrum einstaklingsherbergjum og sameiginlegri stofu, eldhúsi, snyrtingu og þvottahúsi. Að öðru leyti er þjónusta í lágmarki. Vistmenn greiða lágmarksleigu fyrir dvölina en ætlast er til að þeir sjái um þrif á herbergjunum sínum sjálfir og taki þátt í öðrum heimilisstörfum eftir þörfum og mætti.

3.4.2. Stoðbýli.

Stoðbýli eru heimili með sólarhringsþjónustu þar sem áhersla er lögð á mannúð og aðhlynningu fyrir króníska vímuefnaneytendur sem ekki virðast geta lifað sjálfstæðu og virku lífi. Stoðbýli geta nýst sumum þeirra sem hafa misnotað vímuefni árum saman og sem eru svo illa farnir að þurfa stöðugan stuðning og ná ekki að lifa án vímuefna. Eftir dvöl á stoðbýli er ekki útilokað að einhverjir sjái tilgang í að reyna að temja sér annað líferni. Slík stoðbýli geta því hugsanlega nýst sem fyrsta stig endurhæfingar.[18]

3.4.3. Gistiskýli.

Gistiskýli eins og það sem rekið er af Reykjavíkurborg í Þingholtsstræti veitir húsaskjól til einnar nætur í einu með hreinlætisaðstöðu og morgunverði en lágmarksþjónustu að öðru leyti. Slík þjónusta getur verið á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga eða frjálsra félagasamtaka.

4. Árangursmat.

Í þessum kafla er tilgangur árangursmats á þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur reifaður og varpað fram hugmyndum um þrjár víddir árangursmats, þ.e. í fyrsta lagi starfsemisviðmið og þjónustukannanir, í öðru lagi áhrifamælingar og í þriðja lagi kostnaðarmat. Við árangursmat er gjarnan blandað saman eigindlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum í viðleitni til að spegla sem flesta þætti þeirrar starfsemi sem verið er að meta.

Rétt er að benda á að þó hugmyndum um árangursmat ýmiss konar hafi verið haldið mjög á lofti undanfarin ár hafa aðferðir við árangursmat einnig sætt gagnrýni. Vanda þarf til slíks mats til að það skili tilætluðum árangri og mæli það sem það á í rauninni að mæla.[32] Aðrir vara við draumnum um að hlutlaus þekking, vísindalegar aðferðir og köld greining á starfsaðstæðum bæti almenna þjónustu. Of mikil áhersla á slíkar aðferðir sé í andstöðu við lýðræðislegar hugmyndir um skoðanaskipti, almenningsþátttöku, tjáningarfrelsi og sérstöðu minnihlutahópa og geti greitt leið fyrir ópersónulegar og vélrænar starfsaðferðir.[33]

4.1. Tilgangur árangursmats.

Tilgangurinn með því að meta árangur af veittri þjónustu (outcome analysis) er að tryggja besta og hagkvæmasta framboð hverju sinni.[34,35] Þjónusta fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur er þar engin undantekning.

Sé litið á þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur sem vöru á markaði þá er almennt gert ráð fyrir að kaupendur vörunnar fylgist með því að gæði vörunnar svari kröfum hans fyrir það verð sem greitt er fyrir. Yfirleitt er gengið út frá því að neytandinn hafi styrk til að

meta gæði þjónustunnar og til að bregðast við ef þjónustan uppfyllir ekki gæðakröfur sem kveðið er á um í lögum.[36,37] Þeir sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart heilbrigðis- og félagsþjónustu eru fyrst og fremst þeir sem njóta þjónustunnar og aðstandendur þeirra en einnig ríki og sveitarfélög sem greiða fyrir þjónustuna í flestum tilfellum. Áfengis- og vímuefnafíklar, sem neytendur þjónustu, geta þó verið þannig settir að þeir séu ófærir um að rökstyðja þarfir sínar og kröfur. Því þurfa aðrir hagsmunaaðilar að tryggja að þeir fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum og í samræmi við almennt siðgæðismat samfélagsins sem þeir búa í.

Þegar drög eru lögð að mati á árangri þjónustu sem veitt er þarf að huga að þeim kröfum sem hagsmunaaðilar gera um hana *almennt* hvað varðar aðbúnað, fæði og viðmót og *sértækt* hvað varðar eðli og umgjörð meðferðar og faglegrar þjónustu. Almennar kröfur sem starfseminni er gert að uppfylla geta komið fram í lögum, reglugerðum eða samningum um starfsemina.[38–40] Sértækar kröfur eru gjarnan mældar með þjónustukönnunum meðal þeirra sem veita þjónustuna og neytenda. Slíkar mælingar hafa verið gerðar frá árinu 2000 hjá Rusmiddeletaten í Ósló með svo kallaðri ISIT-neytendakönnun og eru í stöðugri þróun.[41–43] Þá þarf að meta *hagkvæmni* mismunandi úrræða miðað við það fjármagn sem fyrir hendi er. Markmiðið með slíku mati er að bæta þjónustuna og leita hagkvæmustu lausna hverju sinni.[34,44] Loks þarf að huga að því hvaða *áhrif* þjónustan hefur á einstaklinginn og samfélagið. Til marks um áhrif áfengis- og vímuefnameðferðar er oft miðað við hve lengi einstaklingar sem hafa lokið meðferð ná að halda sig frá efnunum eftir að meðferð lýkur. Bent hefur verið á að þetta viðmið sé of þröngt.[11,12,18,28,29,45] Ýmislegt fleira getur bent til áhrifa, t.d. fleiri virkir dagar í vinnu eftir meðferð en fyrir og bætt félagsleg staða. Mælingar á áhrifum byggja aðallega á skráningu þeirra sem veita þjónustuna á ákveðnum þáttum sem sátt er um að skipti máli. Mælingar á hagkvæmni snúast um að meta hve mikil og góð þjónusta fæst fyrir hverja krónu.

Starfsemiskröfur og þjónustukannanir, kostnaðarmat og áhrifamælingar gefa á endanum heildarmynd af árangri og hagkvæmni þjónustunnar sem í boði er. Hægt er að hugsa sér þessar mismunandi mælingar í þrívíðu líkani (mynd 4.1). Æskilegast væri að finna þær nálganir sem eru í senn ódýrar, áhrifaríkar og sem hagsmunaaðilar eru ánægðir með.



Mynd 4.1. Árangur þjónustu – uppfyllir kröfur hagsmunaaðila, er árangursrík og ódýr.

4.2. Starfsemisviðmið – Þjónustukannanir.

Áður hefur komið fram að þjónusta fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur getur verið æði mismunandi. Það er háð eðli og stigi þjónustunnar hvaða kröfur eða viðmið hún þarf að uppfylla. Augljóslega þarf t.d. að gera aðrar kröfur til aðbúnaðar og aðstöðu á stað sem býður sólarhringsvistun en á göngudeild. Sömuleiðis þarf að gera ólíkar kröfur til þekkingar og færni starfsfólks sem starfar á sjúkrahúsi þar sem lyfjum er beitt við afeitrun sjúklinga annars vegar og hins vegar starfsfólks sem aðstoðar vistmenn fyrst og fremst við athafnir daglegs lífs. Loks er viðhorf hagsmunaaðila og notenda þjónustunnar mikilvægur mælikvarði á hvort hún svarar væntingum sem gerðar eru til hennar.

4.2.1. Starfsemisviðmið.

Eðlilegt er að þeir sem standa að eða greiða fyrir þjónustuna móti einhvers konar staðla eða viðmið (standards) til að fara eftir til að meta hvort skilyrði til starfseminnar séu viðunandi.[18,38,42] Kröfur eða viðmið eru sett fram í lögum, reglum og stefnumarkandi áætlunum. Annars vegar er um að ræða *almennar* kröfur eða viðmið, svo sem um aðbúnað, næringu og bráðaviðbrögð við t.d. bruna, slysum, ágreiningi, ofbeldi, sjálfsvígum eða veikindum. Hins vegar eru *sértækar* kröfur eða viðmið vegna þjónustu fyrir vímuefnaneytendur svo sem þjónustustig, menntunarstig og samsetning starfsliðs, dagskrá og í hverju meðferðin felst. Eftirlit með því að settar kröfur eða viðmið séu uppfyllt byggist á kerfisbundinni skráningu á því sem gert er til að uppfylla þær og hvernig frávik frá þeim eru leiðrétt.

Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til þjónustu við vímuefnaneytendur. Ríkisstofnanir í þessum geira lúta eftirliti opinberrar stjórnsýslu, ýmist á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og landlæknisembættisins eða félagsmálaráðuneytisins. Eftirlit með starfsemi sem styrkt er af ríkinu eða sem rekin er með þjónustusamningi við ríkið er erfiðari. Ríkið ber ekki síður ábyrgð á að slík þjónusta sé sómasamlega innt af hendi en hefur takmarkaðri möguleika á að fylgjast með starfseminni umfram það sem rekstraraðilar gefa upp. Til að auðvelda eftirlit og gera samanburð á ríkisrekinni þjónustu og þjónustu sem rekin er með öðrum hætti hafa sums staðar verið skilgreindar lágmarkskröfur sem uppfylla þarf til að starfsemi fái opinbera viðurkenningu. Sem dæmi um slíkan gátlista fylgir hér listi sem vinnuhópur á vegum norska félags- og heilbrigðisráðuneytisins[18] lagði til um lágmarkskröfur og sérkröfur sem gera mætti til mismunandi úrræða (dæmi 4.1).

Dæmi 4.1. Norsk tillaga að gátlista yfir kröfur til þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur sem hið opinbera styrkir eða skjólstæðingar greiða sjálfir fyrir.

Lágmarkskröfur:

- Þjónustan er skilgreind út frá faglegum forsendum.
- Starfsemin er í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Starfsemin hefur ábyrgðarmann og fyrir liggur skipurit þar sem ábyrgðarsvið starfsmanna er skýrt.
- Ábyrgðarmaður starfseminnar hefur hreint sakavottorð.
- Mönnun er fullnægjandi bæði hvað varðar faglega færni og fjölda.
- Fyrir liggur áætlun um hvernig þjálfun nýrra starfsmanna er háttað.
- Gætt er að réttarstöðu skjólstæðinga/sjúklinga t.d. hvað varðar meðferð persónuupplýsinga og reglur um hugsanlega notkun þvagprufa til að staðfesta bindindi.
- Lögð er áhersla á að starfsemin ögri ekki ráðvendni (integrity), lífssýn og siðferðisvitund þeirra sem þiggja hana.

- Skjólstæðingar hafa möguleika á að leggja fram málefnalega kvörtun undan ákvörðunum sem varða þá persónulega.
- Fyrir liggur áætlun um hvernig starfsemin tekur á hættulegum atvikum svo sem alvarlegum ógnunum og valdbeitingu, neyslu vímuefna innan vébanda hennar, alvarlegum læknisfræðilegum atvikum eins og ofskynjunum og of stórum skömmtum.
- Starfsemin er í samvinnu við félags- og heilbrigðisþjónustu sveitarfélaga, aðstandendur o.s.frv.
- Félags- og heilbrigðisþjónusta sveitarfélaga hefur innsýn í starfsemina.
- Það gilda skýrar reglur um hvernig staðið er að útskriftum/höfnun meðferðar sem ekki er samkomulag um.
- Fyrir liggja verkferlar og áætlanir fyrir innra gæðaeftirlit og endurskoðun, t.d. þarf að gefa út ársskýrslu um starfsemina.
- Tekinn er virkur þáttur í öllum atriðum opinbers skráningarkerfis.
- Unnið með gildum eftirlitsaðilum og orðið er við hugsanlegum ábendingum þeirra.
- Starfsemin er opin fyrir utanaðkomandi mati.

Sérkröfur fyrir staði sem veita bráðaþjónustu og afeitrun:

- Áætlanir um hvernig standa skal að afeitrun eru skýrar og þeim fylgt.
- Læknisþjónusta, hjúkrunarfræðingar á sólarhringsvakt, fagþekking á sviði félagsráðgjafar er fyrir hendi.
- Skoðunarherbergi fyrir læknisskoðanir með nauðsynlegum búnaði og viðunandi viðtalsherbergi á staðnum.
- Formleg samvinna við almenna sjúkrastofnun og geðsjúkrahús ef þörf er á innlögn.

Sérkröfur fyrir meðferðarúrræði:

- Að geta sýnt fram á samsvörun milli hugmyndafræðilegrar nálgunar og raunverulegrar meðferðar sem veitt er.
- Fullnægjandi fagþekking til að hafa umsjón með meðferðinni er fyrir hendi.
- Ásættanlegt læknisefirlit er fyrir hendi.
- Aðbúnaður er í samræmi við þann markhóp sem starfsemin beinist að. T.d. verða staðir fyrir fjölskyldur/mæður með börn að vera búnir þannig að tekið sé tillit til þarfa barna.
- Starfsemi sem tekur á móti fjölskyldum/pörum fylgir áætlun um hvernig tekið er á skilnaðartilfellum. (Eiga báðir að halda áfram að dvelja á staðnum? Eru aðskilin herbergi í boði?)

Sérkröfur fyrir staði sem veita umönnun eða skjól:

- Ásættanlegt læknisefirlit eftir þörfum.

Det kongelige sosial- og helsedepartement, 1999

4.2.2. Þjónustukannanir.

Þjónustukannanir (client surveys) eru huglægur mælikvarði sem segir til um viðhorf þeirra sem veita og nota tiltekna þjónustu. Viðhorf notenda þjónustunnar fer ekki alltaf saman við það sem sá sem veitir þjónustuna álítur boðlegt eða gott. Viðhorf notenda mótast af samspili þeirra sem þiggja þjónustuna og þeirra sem veita hana.[35,42] Hvað þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur varðar reynir á hæfni starfsfólks til að sinna starfi sínu í samskiptum og á færni stjórnenda til að skapa gott og hvetjandi vinnuumhverfi. Það er því summan af viðhorfum þeirra sem njóta þjónustunnar og þeirra sem veita hana sem er hinn raunverulegi mælikvarði á gæði þjónustunnar.

Hjá Rusmiddeletaten í Ósló, borgarstofnun sem annast þjónustu við vímuefnaneytendur í Ósló, er í þróun kerfi til að mæla gæði þeirrar þjónustu sem veitt er í því skyni að bæta

hana. Nokkurra ára reynsla er þar komin á að nota þjónustukannanir sem þátt í heildarmati.[41–43] Til að gefa hugmynd um eftir hverju er leitað fylgir hér dæmi 4.2 um opnar spurningar úr þjónustukönnun sem inniheldur einnig lokaðar spurningar þar sem þátttakendur eru beðnir um að taka afstöðu til vissra þátta þjónustunnar með því að svara á mælistikunni „Mjög ánægð(ur)“ (4), „Frekar ánægð(ur)“ (3), „Frekar óánægð(ur)“ (2), „Mjög óánægð(ur)“ (1).

Dæmi 4.2. Dæmi um spurningar í þjónustukönnun.

Spurningar til þeirra sem veita þjónustuna:
- Gefið stutta lýsingu á aðferð/aðferðum við vinnuna. Lýsið sérstaklega nokkrum mikilvægum þáttum í starfi þínu með vímuefnaneytendum.
- Lýsið mótun meðferðaráætlunar, innihaldi hennar og hversu oft hún er endurskoðuð.
- Gerið grein fyrir formlegri hæfni starfsmanna, reynslu, starfssviði og stöðu.
- Hvert er markmið starfseminnar?

Spurningar fyrir þjónustuþega:
Hve ánægður ertu með:
- þátt þinn í að móta meðferðaráætlun?
- getu starfsfólksins til að skilja vandamál þín?
- undirbúning útskriftar þinnar?
- vilja stofnunarinnar til að draga fjölskyldu/aðstandendur/vini inn í meðferðina ef þú hefur farið fram á það?

Persson, 2001

4.3. Áhrifamælingar.

Með áhrifum af veittri þjónustu (effect evaluation) er átt við hvernig þeim sem þiggja þjónustuna reiðir af miðað við þau markmið sem sett eru í upphafi.[42] Almennt hefur reynst erfitt að finna raunhæfa, tölulega mælikvarða á áhrif félags- og heilbrigðisþjónustu og að útiloka aðra áhrifaþætti sem geta skipt máli fyrir heildarútkomu.[34,44] Á undanförnum árum hafa þó ýmis mælitæki verið í þróun m.a. fyrir þjónustu sem áfengis- og vímuefnaneytendum býðst. Til að gefa hugmynd um við hvað er að etja má í fyrsta lagi nefna að markmiðin sem keppt er geta verið æði mismunandi, allt frá því að bæta félagslegar aðstæður og til þess að ná að lifa virku og innihaldsríku lífi án vímugjafa. Í öðru lagi skiptir máli hvaða hópi er verið að sinna og við hvaða félagslegu aðstæður einstaklingarnir sem sinnt er búa. Sama meðferð getur reynst áhrifarík fyrir suma en jafnvel haft neikvæð áhrif á aðra. Í þriðja lagi getur hugmyndafræði og inntak meðferðar eða þjónustu skipt máli, hvort hún er veitt inni á stofnun eða á göngudeild og hve lengi hún varir. Í fjórða lagi er ekki hægt að einangra meðferðina frá öðrum þáttum í lífinu, t.d. getur reynsla af ást eða trúarlegri hugljómun orðið vendipunktur í lífi fólks.[41] Þannig getur útkoman verið misjöfn eftir því hvort um karla, konur, unglinga, fullorðna, áfengisfíkla, lyfjafíkla eða fólk með fleiri sjúkdómsgreiningar er að ræða. Innan sama hóps geta félagslegar aðstæður og tegund meðferðar skipt máli. Til dæmis getur verið raunhæft markmið að næra, klæða og hvíla mann sem hefur lifað sem utangarðsmaður árum saman en óraunhæft að ætla að hann ráði við langt bindindi og endingu í starfi eða fjölskyldulífi. Unglingur sem hefur villst inn á braut vímuefnaneyslu og afbrota getur þurft fasta ramma og stuðning sterkra einstaklinga til að ná áttum en samneyti við langt gengna fíkla inni á meðferðarstofnun getur haft skaðleg áhrif á hann. Einstæð móðir getur

átt erfitt með að halda út margra vikna meðferð inni á sjúkrahúsi ef hún er ekki örugg um börnin sín. Hugsanlegt er að annars konar meðferð henti henni betur.

Töluvert er til af rannsóknum þar sem leitast er við að bera saman áhrif meðferðar eftir mismunandi hugmyndafræði[12,28,45] og mismunandi meðferðarstöðum.[29] Í sumum þessara rannsókna er gerð tilraun til að meta áhrif meðferðarinnar eftir hópum. Þannig var niðurstaða rannsóknar Kristins Tómassonar[23] að ungir, giftir, fullvinnandi einstaklingar sem höfðu ekki aðrar geðgreiningar en áfengissýki náðu bestum árangri sjúklinga á Vogi og meðferðardeildum Landspítalans 1991–1992. Dæmi 4.3 sýnir hvaða þætti er gerð tilraun til að mæla í ofangreindum heimildum. Eins og sjá má af dæmunum getur bæði verið um huglægar og hlutlægar mælingar að ræða.

Erlendis hefur ýmsum mælitækjum verið beitt til að meta áhrif meðferðar. Greiningartækið Addiction Severity Index (ASI)[46] hefur verið notað við komuviðtöl hjá Krýsuvíkursamtökunum frá áramótum 2003–2004 í íslenskri þýðingu Sigurlínu Davíðsdóttur.[17] Frekari leiðbeiningar er að finna á vefsíðunni www.niaaa.nih.gov. Samtök bandarískra lækna sem annast meðferð vímuefnaneytenda, American Association of Addiction Medicine (ASAM),[47] mæla með stöðlun mælikvarða fyrir áfengis- og vímuefnameðferð og á vegum þess er einnig verið að þróa slíka mælikvarða í samstarfi við sambærileg félög annars staðar í heiminum. Hér á landi hefur SÁÁ verið í samstarfi við ASAM á þessu sviði.

Dæmi 4.3. Mælingar á áhrifum meðferðar.

Bakgrunnsþættir – upplýsinga aflað við upphaf meðferðar:
- Kyn.
- Aldur við komu.
- Aldur við upphaf áfengissýki.
- Aðrar geðgreiningar; þunglyndi, kvíði, persónuleikaraskanir.
- Hjúskaparstaða.
- Ættarsaga.
- Búseta, staðsetning í hús eða húsnæðisleysi.
- Hvöt til að hefja meðferð.
- Hversu oft farið í meðferð áður.
- Neysla fyrir meðferð, magn og samsetning.
- Afleidd vandamál, s.s. ölvunarakstur, slagsmál, slys, fjármál, afbrot.
- Almennt heilsufar.
- Virkar vinnuvikur.

Mælt til að sýna áhrif meðferðar – upplýsinga aflað að ákveðnum tíma liðnum eftir meðferð:
- Bindindi haldið.
- Neysla eftir meðferð samanborin við fyrir meðferð.
- Hæfni til að ráða við aðstæður sem virka neysluhvetjandi.
- Þátttaka í AA.
- Endurkomur.
- Geðgreiningar, þunglyndi, kvíði.
- Almennt heilsufar.
- Samskipti, betri samskipti t.d. innan hjónabands, fjölskyldu, meðferðar-, stuðningsnets.
- Búseta, staðsetning í hús eða húsnæðisleysi.
- Afleidd vandamál, s.s. ölvunarakstur, slagsmál, slys, fjármál, afbrot.
- Virkar vinnuvikur.
- Hugarfar.

Af þeim fáu rannsóknum sem hafa verið gerðar á árangri vímuefnameðferðar á Íslandi er rannsókn Kristins Tómassonar frá 1998[7] á árangri af meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga heildstæðust. Rannsókn hans náði til 351 sjúklings á geðdeild Landspítalans 33A og Vogi frá desember 1991 til september 1992. Sjúklingarnir á 33A voru marktækt eldri, höfðu oftar gengið í gegnum meðferð og þjáðust oftar af heilabilunareinkennum en á Vogi. Hins vegar var ekki marktækur munur á öðrum geðgreiningum hópanna tveggja. Um 75% þeirra sem leituðu meðferðar höfðu aðrar geðgreiningar. Það eru svipaðar niðurstöður og erlendar rannsóknir hafa sýnt, þar sem ekki er um valinn sjúklingahóp í meðferð að ræða heldur allir sem leita meðferðar eru teknir með. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar héldu 50% bindindi í 12 mánuði frá lokum tímabilsins en 16% í 28 mánuði. Félagsleg vandamál voru áfram tíð í hópnum og árangur mældur í fjölda unninna vinnuvikna var enginn. Meginniðurstaða Kristins er að ekki sé vænlegt að aðskilja vímuefnameðferð og geðmeðferð sjúklinga með fjölkvilla (comorbidity) sjúkdómsgreiningu því að vímuefnameðferðin leysi út af fyrir sig ekki vanda þessara sjúklinga.

Einnig er vert að minnast á árangursmat Páls Biering (1996) á meðferðarstarfi á meðferðarheimili fyrir unglinga á Tindum á Kjalarnesi.[48] Mat hans byggðist á tvíþættri póstlista- og símaviðtalskönnun sem náði til 120 unglinga, sem dvöldu á Tindum á tímabilinu frá janúar 1991 til febrúar 1994, og foreldra þeirra. Af þeim 58 sem luku meðferð neytti rúmur helmingur engra vímuefna fyrsta árið eftir meðferð. Þegar árangur var metinn á grundvelli breytinga á líðan, hegðun og samskiptum við fjölskyldu náðu 76% þeirra sem luku meðferð góðum árangri.

4.4. Kostnaðarmat.

Kostnaðarmat (cost analysis) vísar til úttektar á kostnaði við þjónustu sem í boði er. Tilgangur kostnaðarmats er að leggja heildarmat á hagkvæmni og þar með endanlegan árangur þjónustunnar. Það er nauðsynlegt til að gera áætlanir í samræmi við þá þróun sem spáð er með hliðsjón af efnahag og til að bera saman mögulega valkosti. Markmið þeirra sem bjóða þjónustuna er væntanlega að sýna fram á að hún sé hagkvæmur kostur í samanburði við aðra kosti sem í boði eru. Með öðrum orðum að þjónustan sé áhrifarík, svari kröfum og væntingum sem eru til hennar gerðar og sé ekki dýrari en svo að hægt sé að réttlæta að hún sé valin fram yfir aðra kosti.[34]

Kostnað er tiltölulega auðvelt að leggja mat á miðað við aðra þætti þjónustu. Sé reksturinn í lagi þá liggja tölulegar upplýsingar fyrir í bókhaldi. Fjárhagsrammi sá sem lagt er upp með segir til um hvort tekist hefur að halda rekstrinum inna ramma eða ekki.

5. Lagaumhverfi meðferðarstofnana.

Helstu lög sem fjalla um meðferðarstofnanir eru eftirfarandi:

1. Lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.
2. Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964.
3. Lög um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003.
4. Lög um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.
5. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
6. Barnaverndarlög, nr. 80/2002.

Samkvæmt framangreindum lögum skiptist rekstur meðferðarstofnana á ríkið, sveitarfélög og frjáls félagasamtök eftir nánari ákvæðum í lögunum og því sem ákveðið er í fjárlögum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga hverju sinni. Auk þess ákvarðast framlög af einstökum styrkjum ríkisins úr Forvarnasjóði.

Meginábyrgð á rekstri meðferðarstofnana fyrir fullorðna einstaklinga er hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu en fyrir börn yngri en 18 ára hjá félagsmálaráðuneytinu. Sveitarfélögin skulu samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, einnig hlutast til um að áfengissjúklingar fái viðeigandi meðferð og aðstoð við áfengissýki sinni, einnig að meðferð lokinni.

Verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir skiptingu ábyrgðar samkvæmt lögum.

5.1. Meðferðarstofnanir reknar af ríkinu og á ábyrgð þess.

5.1.1. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

Samkvæmt lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, starfrækir ríkið sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem gert er ráð fyrir að reki áfengis- og meðferðarþjónustu, sbr. 8. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964. Skv. 6. gr. þeirra laga segir að kostnaður af slíkri dvöl á sjúkrahúsi greiðist á sama hátt og annar sjúkrahússkostnaður. Þær stofnanir sem veita slíka þjónustu eru geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og FSA.

5.1.2. Meðferðarstofnanir barna samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

Um meðferðarúrræði einstaklinga yngri en 18 ár gilda sérstakar reglur samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Ríkið ber ábyrgð á því að heimili til að annast meðferð barna yngri en 18 ára séu fyrir hendi og hvílir sú ábyrgð á félagsmálaráðuneytinu. Skv. 79. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um að Barnaverndarstofa annist uppbyggingu og rekstur slíkra heimila og stofnana í umboði ráðuneytisins. Barnaverndarstofa getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings.

5.1.3. Meðferðarstofnanir sem fá fjárframlög á fjárlögum frá ríkinu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, er gert ráð fyrir að sérstakar stofnanir sem hafa til þess leyfi reki meðferðarstofnanir á kostnað ríkisins. Slíkar stofnanir fá framlag á fjárlögum en eru oft einnig reknar að hluta af söfnunarfé. Slíkar stofnanir eru nú Vogur og Hlaðgerðarkot.

5.1.4. Meðferðarstofnanir sem njóta styrkja frá ríki, sveitarfélögum og félagasamtökum.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 39/1964 er ríkinu heimilt að veita styrki til bæjarfélaga og samtaka sem starfa að bindindis og líknarmálum og reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlynningar og lækninga á drykkjusjúku fólki. Til slíkra stofnana eru m.a. veittir styrkir úr Forvarnasjóði (áður gæsluvistarsjóður) skv. 6. gr. laga nr. 56/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Áfangaheimili líknarfélaga eru dæmi um slíkar stofnanir.

5.1.5. Ábyrgð sveitarfélaga á rekstri meðferðarstofnana/heimila með styrk frá ríkinu.

Samkvæmt 2. gr., sbr. 50. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu þau veita aðstoð við áfengissjúka og annast vímuefnavarnir. Félagsmálanefndir skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi fái viðeigandi meðferð og aðstoð og einnig að nauðsynleg aðstoð og meðferð sé veitt að meðferð lokinni. Vilji sveitarfélag setja á laggirnar meðferðarheimili eða aðra starfsemi til aðhlynningar eða lækningar drykkjusjúku fólki getur ríkið, skv. 10. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, veitt styrk úr Forvarnasjóði. Utan Reykjavíkur hafa fæst sveitarfélög bolmagn til slíks rekstrar. Reykjavíkurborg rekur hins vegar áfangaheimili og stoðbýli að Miklubraut 18 og Gistiskýlið að Þingholtsstræti 25 án þess að ríkisstyrkur komi á móti.

5.2. Fyrirkomulag í stjórnkerfi erlendis.

Í löndum sem Íslendingar vilja gjarnan bera sig saman við er mismunandi hvernig félags- og heilbrigðisþjónustu er fyrirkomið innan stjórnkerfisins. Það er því að sama skapi mismunandi hvernig stöðum sem bjóða þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur er komið fyrir í stjórnkerfinu. Í Svíþjóð[11] og Noregi[18] sjá sjúkrahús um bráðaþjónustu og afeitrun. Meðferðarstöðvar, göngudeildir, áfangaheimili og stoðbýli eru ýmist rekin af hinu opinbera eða af einkaaðilum. Fyrirkomulag fjármögnunar er þannig að ríki eða sveitarfélög gera beina samninga eða þjónustusamninga við þá sem veita þjónustuna, kaupa rými af einkaaðilum eða styrkja þá á annan hátt. Samningum er ýmist náð með beinum samningum, opnu samkeppnisútboði eða lokuðu útboði. Í þessum löndum hvílir hins vegar meiri ábyrgð á sveitarstjórnarstiginu en hér enda samfélögin fjölmennari og sveitarfélög því burðugri til að taka að sér þjónustu af þessu tagi. Bæði heilbrigðis- og félagsmál heyra undir sama ráðuneyti í þessum löndum, Det kongelige sosial- og helsedepartement í Noregi og Socialdepartementet í Svíþjóð.

5.3. Fyrirkomulag í stjórnkerfi á Íslandi.

Ábyrgð á meðferð, aðhlynningu og annarri þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á vegum ríkisins heyrir undir starfssvið þriggja ráðuneyta, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Hvaða ráðuneyti er ábyrgt hverju sinni fer í megindráttum annars vegar eftir aldri þeirra sem njóta þjónustunnar og hins vegar eftir eðli vandans. Öll þjónusta sem krefst aðkomu lækna er á könnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Öll þjónusta fyrir börn og unglinga undir 18 ára aldri, nema afvötnun, telst til félagslegra úrræða og heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Þjónusta við aðra aldurshópa utan sjúkrahúsa telst til félagslegra úrræða, sem oftast eru rekin af sveitarfélögum eða félagasamtökum þó að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið styrki einnig úrræði eins og áfangaheimili. Lögreglan sinnir útigangsmönnum og stundum um stundarsakir þeim sem eru í virkri neyslu að bíða eftir úrlausn sinna mála.

6. Þjónusta fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi.

Upplýsingar um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur sem koma fram í þessum kafla eru fengnar úr könnun sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendi út haustið 2003. Í könnuninni var óskað eftir upplýsingum frá árunum 2001 og 2002. Upplýsingar sem aflað var með opnum spurningum koma fram í töflum eins og þau komu fyrir í svörunum. Í sumum svörum var mjög fjölbreytileg þjónusta talin upp. Víst er að sums staðar, t.d. á sjúkrahúsunum, er mun meiri þjónusta veitt en svörin segja til um.

6.1. Rekstrarform.

Af svörum við spurningum um rekstrarform í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003 sést að ríkið kemur með einhverjum hætti að fjármögnun flestra úrræðanna (tafla 6.1). Flokkunin í töflunni fer eftir því hvort um beinan ríkisrekstur er að ræða, þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök eða styrki á móti framlögum og greiðslum frá öðrum, oftast Reykjavíkurborg, félagasamtökum eða beinum greiðslum þeirra sem njóta þjónustunnar. Reykjavíkurborg greiðir allan kostnað af rekstri sumra þessara úrræða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eins og kemur fram í töflunni.

Tafla 6.1. Rekstrarfyrirkomulag þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur 2001–2002.

Fjármögnun/ Rekstur	Fjárlög	Þjónustusamningur við ríkið	Styrkur frá ríki	Annað óháð fjármögnun frá ríki
Ríki	• Heilsugæsla • Landspítali – háskólasjúkrahús • Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri • Barnaverndarstofa – Stuðlar			
Sjálfseignarsamtök og/eða félagasamtök	• Samhjálp – Hlaðgerðarkot	• Götusmiðjan, Árvellir • SÁÁ – Vogur, Vík, Staðarfell, göngudeildir (í Reykjavík og á Akureyri)	• Meðferðarheimilið Krýsuvík • Byrgið • Krossgötur • Dyngjan • Takmarkið • Risið • 12 spora hús	
Annað				• Félagsþjónustan í Reykjavík – Miklabraut 19 og 20 og Gistiskýlið Þingholtsstræti

6.2. Framboð á vistrýmum og fjöldi innlagna.

Samkvæmt svörum við könnun heilbrigðisráðuneytisins haustið 2003 voru árin 2001 og 2002 skilgreind 75 innlagnarrými í landinu til afeitrunar á sjúkrahúsum og 18 á meðferðarheimilunum Hlaðgerðarkoti hjá Samhjálp og Byrginu (tafla 6.2). Fjöldi innlagna til afeitrunar á sjúkrahúsum var 2.526 árið 2001 og 2.812 árið 2002. Miðað við uppgefinn fólksfjölda Hagstofu Íslands 31. desember 2002 sem var 288.471 hefur liðlega 1% landsmanna verið lagt inn til afeitrunar á sjúkrahúsum það ár. Hjá meðferðarheimilum Samhjálpar í Hlaðgerðarkoti og Byrginu voru 705 lagðir inn til afeitrunar árið 2002. Samtals liggja því fyrir upplýsingar um 3.220 innlagnir til afeitrunar árið 2002 eða sem svarar 1,1% landsmanna.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA), sem er stærsta sjúkrahús landsins utan Reykjavíkur, eru engin skilgreind rými til afeitrunar eða meðferðar fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Hins vegar er bráðatilfellum sinnt þar í nokkra daga uns hægt er að taka við þeim á Vogi eða Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH). Slík tilfelli á FSA voru 62 árið 2001 en 47 árið 2002. Vænta má að sambærileg þjónusta sé veitt á öðrum heilbrigðisstofnunum annars staðar á landinu.

Meðalmeðferðartími í afeitrun, talinn í dögum, hjá sjúkrahúsunum styttist úr tæpum 11 dögum árið 2001 í tæpa 9 daga árið 2002. Meðalmeðferðartími til afeitrunar hjá Byrginu var 7 dagar árið 2002 en Samhjálp – Hlaðgerðarkot aðgreindi ekki tíma til afeitrunar frá tíma til endurhæfingar.

Tafla 6.2. Rými til afeitrunar og fjöldi innlagna í afeitrun 2001 og 2002.

Staður	Rými		Innlagnir		Meðalmeðferðar-tími/dagar	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002
Sjúkrahús:						
SÁÁ – Vogur	60	60	2.243	2.340	10,1	10
LSH, 33A	15	15	221	425	14,2	11,2
FSA	0	0	62	47	8	5
Meðferðarheimili:						
Samhjálp – Hlaðgerðarkot*	6	6	349	408		
Byrgið**		12		297		7
Samtals		**93**	**2.875 + ?**	**3.220**		

* Samhjálp – Hlaðgerðarkot: Spurningu um fjölda innlagna var ekki svarað.
** Byrgið 2001: Gögn Byrgisins frá árinu 2001 eru í geymslu og ekki aðgengileg.

Af innlagnarrýmum til endurhæfingar voru 149 á sjúkrahúsi eða sjúkrahústengdum stofnunum en 140 til meðferðar eða vistunar á meðferðarheimilum, þar af 38 fyrir unglinga undir 18 ára aldri hjá SÁÁ – Vogi, Barnaverndarstofu – Stuðlum og hjá Götusmiðjunni – Árvöllum (tafla 6.3). Innlögnum hjá sjúkrahúsum og stofnanir á þeirra vegum fækkaði úr 1.391 árið 2001 í 1.349 árið 2002. Innlagnir á meðferðarheimili voru 1.024 árið 2002 en upplýsingar frá Byrginu vantar fyrir árið 2001. Samtals voru því innlagnir til endurhæfingar 2.373 árið 2002 eða sem svarar 0,8% af mannfjölda. Sé Byrginu sleppt bæði árin fjölgaði rýmum um 8 hjá Krýsuvíkursamtökunum á milli ára 2001 og 2002 eða alls úr 213 í 221. Með sömu reikniaðferð fjölgaði innlögnum úr 2.100 árið 2001 í 2.134 árið 2002 eða um 34. Innlögnum fækkaði um 50 hjá sjúkrahúsunum en fjölgaði um 22 hjá Barnaverndarstofu – Stuðlum og um 59 hjá Samhjálp – Hlaðgerðarkoti.

Uppgefinn meðaldvalartími til endurhæfingar á vegum sjúkrahúsanna var frá tæpum 19 dögum og upp í 29 daga en hjá meðferðarheimilunum frá 23 dögum upp í 90 daga eins og sjá má í töflu 6.3.

Tafla 6.3. Fjöldi rýma og innlagna til endurhæfingar fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur árin 2001 og 2002.

Staður	Rými		Innlagnir		Meðaldvalartími í dögum	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002
Sjúkrahús:						
SÁÁ – Vík	30	30	521	402	19,7	23,4
SÁÁ – Staðarfell	32	32	282	356	25	29,4
LSH – D16 dagdeild	45	45	325	334		21,3
LSH – D16 innlagnir	12	12	189	170		19
Gunnarsholt	30	30	74	87		
Meðferðarheimili:						
Barnavst. – Stuðlar	8	8	40	50	71	
Barnavst. – Stuðlar, neyðarv.*	4	4	184	196	< 14	< 14
Götusmiðjan	15	15	90	90	52	61
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	25	25	349	408	26,4	22,9
Krýsuvíkursamtökin	12	20	46	41	90	90
Samtals (Byrgið undanskilið)	**213**	**221**	**2.100**	**2.134**		
Byrgið**		68		239		89
Samtals		**233**		**2.373**		

* Markmið neyðarvistunar er gæsla í hámark 14 daga á meðan barnaverndarnefnd undirbýr frekari úrræði á grundvelli barnaverndarlaga. Rekið af Stuðlum en barnaverndarnefnd ráðstafar rýmum.
** Gögn Byrgisins frá árinu 2001 eru í geymslu og ekki aðgengileg.

Vistrými á áfangaheimilum voru 118 árið 2001 og 126 árið 2002. Gistirými í gistiskýlinu að Þingholtsstræti 25 voru 15 bæði árin (tafla 6.4). Eins og sjá má af töflu 6.4 fengust takmarkaðar upplýsingar um fjölda innlagna hjá áfangaheimilunum en meðaldvalartími samkvæmt uppgefnum upplýsingum var 105 dagar. Gistinóttum í gistiskýli fjölgaði úr 130 í 139 á milli ára.

Eins og sjá má af töflunni er uppgefinn meðaldvalartími á áfangaheimilum frá 90 til 210 dagar. Á sumum áfangaheimilunum eru einstaklingar heimilisfastir til langs tíma.

Tafla 6.4. Stoðþjónusta: Fjöldi rýma og vistana á áfangaheimilum árin 2001 og 2002.

Staður	Rými		Innlagnir		Meðaldvalartími í dögum	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002
Áfangaheimili:						
Krossgötur – konur og karlar	33	33	108	113	96	93
Dyngjan – konur	15	15	36	33	90–210	90–210
Takmarkið – karlar	16	16				90–180
Risið – karlar	19	19	2	2		
SÁÁ – Miklabraut 1 – karlar	24	24		130		90
SÁÁ – Eskihlíð 3 – karlar	11	11				> 90
Félagsþjónustan í Rvík – Miklabraut 20 – karlar*	–	8	–	10		164
Samtals	**118**	**126**				
Annað:						
Þingholtsstræti 25 – gistiskýli	15	15	130	139	60**	50**

* Rekstur hófst um miðjan apríl 2002.
** 2001: Alls næturgistingar 4.462 og dagvistanir 3.306, samtals 7.768.
2002: Alls næturgistingar 3.939 og dagvistanir 2.937, samtals 6.874.

Af framangreindum upplýsingum má greina að árið 2002 gátu 517 manns (0,2% landsmanna) samtímis verið inni á sjúkrahúsi, stofnun eða heimili vegna áfengis- og vímuefnaneyslu í jafnmörgum rýmum á sama sólarhringnum. Heildarfjöldi innlagna til meðferðar (greining, afeitrun, endurhæfing, eftirfylgni) og vistunar á stoðbýlum árið 2002 var 5.477 eða að meðaltali 15 á dag. Þess ber að gæta að í innlagnartölunum getur sami einstaklingurinn verið tvítalinn, t.d. fyrst í afeitrun á Vogi og síðan í meðferð á Staðarfelli eða í Vík. Einnig ber að hafa í huga að í þessum tölum eru ekki taldir með þeir áfengis- og vímuefnaneytendur sem leggjast inn á almennar deildir sjúkrahúsa til meðhöndlunar ýmissa sjúkdóma sem eru afleiddir af neysluvenjum þeirra og lífsstíl.

Mest af sérhæfðri þjónustu sem áfengis- og vímuefnaneytendum stendur til boða er á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Mynd 6.1 sýnir staðsetningu sjúkrahúsa, meðferðarheimila, áfangaheimila, göngudeilda utan Reykjavíkur og gistiskýlis fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur fyrir árið 2002.



Mynd 6.2. Dreifing innlagnar- og vistunarúrræða fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur um Ísland 2002. Staðir sem veita sérhæfða þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins eru sérstaklega merktir (Byrgið síðar flutt á Efri-Brú í Grímsnesi og Götusmiðjan í Gunnarsholt).

6.3. Tilgangur rekstursins og hugmyndagrundvöllur.

Meðal þess sem spurt var um í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003 var tilgangur með rekstri þjónustunnar á hverjum stað. Spurningin var opin og í töflu 6.5 sjást svörin frá stöðum sem bjóða meðferð, þ.e. afeitrun og endurhæfingu með innlögn eða á göngudeild, og áfanga- og stuðningsheimilum sem veita stoðþjónustu. Svörin segja því að einhverju leyti til um hugmyndir þjónustuveitenda um þjónustuna sem þeir standa fyrir en gefa ekki tæmandi eða samræmda lýsingu. Hjá SÁÁ er t.d. ekki minnst á 12 spora kerfi AA-samtakanna þótt meðferðin þar sé vissulega grundvölluð á þeim hugmyndum.

Af svörum sjúkrahúsanna að dæma eru ýmsar fræðilegar hugmyndir auk 12 spora kerfis AA-samtakanna lögð til grundvallar meðferðinni. Sumir hinna meðferðarstaðanna byggja einnig á hugmyndafræði AA-samtakanna í bland við trúarlegar forsendur og uppeldisfræðilega þætti, s.s. tómstundir, útivist og lífsleikni. Athyglisvert er að einungis sjúkrahúsin minnast á sálfræði og félagsvísindi sem bendir til meiri sveigjanleika í meðferð en annars staðar. Svör um stoðþjónustu gefa ekki hugmynd um sérstaka hugmyndafræði að baki starfseminni nema hjá Krossgötum sem nefna 12 spor AA-samtakanna.

Tilgangur eða markmið með rekstri meðferðar og stoðþjónustu eru margvísleg eins og sjá má af svörunum í töflunni, allt frá því að snúast um það að leysa úr bráðri nauð til skamms tíma með húsaskjóli upp í metnaðarfullar hugmyndir um að veita úrvalsmeðferð fyrir vímuefnafíkla og aðstandendur þeirra. Markmiðin eru einnig af ólíkum toga. Sum eru einstak-

lingsmiðuð fyrir neytendurna, t.d. að kunna árangursríkar aðferðir til að takast á við lífið án áfengis- og vímuefna en önnur eru meira stjórnsýslulegs eðlis, t.d. að uppfylla lagalega skyldu.

Tafla 6.5. Tilgangur reksturs og hugmyndagrundvöllur við meðferð.
(Könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003.)

Þjónusta	Staður	Hugmyndagrunnur	Tilgangur/markmið
Meðferð: *Afeitrun og endurhæfing með innlögn eða á göngudeild*	Landspítali – háskólasjúkrahús	• Bráðaþjónusta byggð á læknisfræðilegum grunni. • Heildræn nálgun: Bio-psycho-social-model. • Hugmyndafræði AA.	• Koma sjúklingum í gegnum „bráðafasann". • Kunna árangursríkar aðferðir til að takast á við lífið án áfengis og vímuefna.
	SÁÁ – Vogur, Vík og Staðarfell	• Læknisfræði, sálarfræði og félagsvísindi. • Fíkn sem sjúkdómur.	• Afeitra fólk og greina. • Berjast fyrir því að í landinu sé besta fáanlega meðferð fyrir vímuefnafíkla og aðstandendur þeirra.
	Samhjálp – Hlaðgerðarkot	• Kristin trú. • 12 spor AA.	• Endurhæfing/sjálfsbjörg: Líkamleg, andleg og félagsleg.
	Byrgið		• Rekstur aðhlynningardeildar. • Rekstur eftirmeðferðarsambýlis.
	Barnaverndarstofa		• Uppfylla skyldu félagsmálaráðuneytisins. • Bráðaþjónusta, greining og sérhæfð meðferð fyrir börn.
	Götusmiðjan – Árvellir	• AA. • Tómstundir og útivist.	• Koma lífinu í jákvæðan farveg, sjálfsábyrgð.
	Krýsuvík	• Hugmyndafræði AA. • Lífsleikni.	• Meðferðarsamfélag fyrir vímufíkla sem hafa átt erfitt með að ná bata.
Stoðþjónusta: *Stuðnings- eða áfangaheimili.*	Krossgötur	• 12 spor AA.	• Forvarnastarf.
	Takmarkið		• Hæfni til að lifa edrú.
	Risið		• Koma mönnum til betra lífs.
	Byrgið		• Rekstur áfangaheimilis í Reykjavík.
	Félagsþjónustan í Reykjavík: Miklabraut 20		• Búsetuúrræði fyrir heimilislausa Reykvíkinga.
	Félagsþjónustan í Reykjavík: Gistiskýlið Þingholtsstræti		• Skammtímanæturgisting og samastaður.

6.4. Starfsfólk.

Meðal þess sem óskað var upplýsinga um í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003 var fjöldi og samsetning stöðugilda þeirra sem starfa við þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Ekki bárust svör við þessari spurningu frá öllum sem fengu könnunina senda en þau svör sem bárust gefa innsýn í samsetningu starfsfólks í þessum geira. Í þessum kafla er yfirlit yfir þau svör sem bárust.

Fjöldi stöðugilda starfsfólks með formlega fagmenntun sem starfar við áfengis- og vímuefnameðferð kemur fram í töflu 6.6. Á milli áranna 2001 og 2002 fækkaði stöðugildum faglærðs starfsfólks yfir heildina um 2,5. Þegar grannt er skoðað sést að stöðugildum á vegum SÁÁ fækkaði um 5,7 á samanburðartímanum en fjölgaði svolítið víðast hvar annars staðar.

Hjá sjúkrahúsunum eru flest stöðugildin í umönnun og læknisþjónustu en á meðferðarheimilunum fylla fagráðgjafar flest stöðugildin.

Tafla 6.6. Stöðugildi fagmenntaðs starfsfólks sem starfar við áfengis- og vímuefnameðferð og skylda þjónustu.

Staður	Læknar		Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar		Fagráðgjafar*		Alls	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002	2001	2002
SÁÁ: Vogur, göngudeildir, Vík og Staðarfell	4	3,7	17,4	15,0	2,5	0	24	19
LSH**	5,1	6,7	16,3	16,2	0,9	1,0	22,3	23,9
Sjúkrahús og tengd starfsemi samtals:	*10*	*10*	*33,7*	*31,2*	*3,4*	*1,4*	*47*	*43*
Krýsuvíkursamtökin	0,2	0,2			2,0	2,2	2,2	2,4
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	0,4	0,4	1,4	2,0		0,3	1,8	2
Barnaverndarstofa – Stuðlar					3,0	3,0	3,0	3,0
Götusmiðjan					2,0	2,8	2,0	2,8
Meðferðarheimili samtals:	*0,6*	*0,6*	*1,4*	*2,0*	*7,0*	*8,3*	*9,0*	*10,9*
Samtals alls	***10,6***	***11,0***	***35,1***	***33,2***	***11,4***	***9,7***	***56,1***	***53,9***

* Sálfræðingur félagsráðgjafi, afbrotafræðingur, uppeldisfræðingur, kennari, leikhúsþerapisti, tónlistarráðgjafi, iðjuþjálfi, fjölskylduráðgjafi.

** Samantekt yfir allar deildir á vímuefnaþætti og stoðþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH).

Innan áfengis- og vímuefnageirans hefur hópur fólks hlotið sérstaka þjálfun til að starfa við áfengis- og vímuefnaráðgjöf á vegum SÁÁ, vímuefnasviðs Landspítalans eða erlendis. Nám áfengisráðgjafa er töluvert umfangsmikið og tekur til læknisfræði, sálfræði, lögfræði og félagsfræði. Flestir áfengisráðgjafar á Íslandi byggja á eigin reynslu af vímufikn. Þeir sem vilja verða áfengisráðgjafar þurfa að geta sýnt fram á að þeir hafi spjarað sig án vímuefna í ákveðinn tíma. Í töflu 6.7 er yfirlit yfir stöðugildi ófaglærðs starfsfólks sem starfar við áfengis- og vímuefnameðferð eða aðra þjónustu við áfengis- og vímuefnaneytendur. Áfengisráðgjafar eru flokkaðir þar með til hagræðis þó að færa megi rök fyrir að þá ætti fremur að flokka með faglærðu starfsfólki. Í töflunni er einnig yfirlit yfir stöðugildi þeirra sem starfa við rekstur starfsemi fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Tafla 6.7. Stöðugildi ófaglærðra sem starfa við áfengis- og vímuefnameðferð og skylda þjónustu og stöðugildi við rekstur slíkrar starfsemi.

Staður	Áfengisráðgjafar		Ófaglærðir		Aðrir*		Alls	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002	2001	2002
SÁÁ: Vogur, göngudeildir, Vík og Staðarfell	35,4	35,5	20,3	19,3	16,2	16,3	71,9	71,1
LSH**	9,3	10,6	17,9	18,6	10,0	6,9	37,2	36,1
Sjúkrahús og tengd starfsemi samtals:	*44,7*	*46,1*	*38,2*	*37,9*	*26,2*	*23,2*	*109,1*	*107,2*
Krýsuvíkursamtökin	3,0	4,0	1,5	1,5	3,0	3,0	7,5	8,5
Samhjálp-Hlaðgerðarkot	4,2	4,5	4,0	4,0	2,0	2,0	10,2	10,5
Barnaverndarstofa-Stuðlar	7,0	8,0	7,0	7,0	10,0	9,5	24,0	24,5
Götusmiðjan	3,0	3,0	6,0	6,0	6,1	5,5	15,1	14,5
Meðferðarheimili samtals:	*17,2*	*19,5*	*18,5*	*18,5*	*21,1*	*20,0*	*56,8*	*58,0*

Staður	Áfengisráðgjafar		Ófaglærðir		Aðrir*		Alls	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002	2001	2002
SÁÁ: áfangaheimili					1,2	1,2	1,2	1,2
Krossgötur	1,0	1,0	2,0	2,0	0,5	0,5	3,5	3,5
Dyngjan	0,1	0,1			1,0	1,0	1,1	1,1
Takmarkið	2,0	2,0	1,0	1,0	2,0	2,0	5,0	5,0
Risið			2,0	2,0	1,0	1,0	3,0	3,0
Áfangaheimili samtals	*3,1*	*3,1*	*5,0*	*5,0*	*5,7*	*5,7*	*13,8*	*13,8*
Samtals alls	***65,0***	***68,7***	***61,7***	***61,4***	***53,0***	***48,9***	***179,7***	***179,0***

* Starfsfólk á skrifstofu, móttökuritari, kokkur, matsveinn, bryti, staðarhaldari, forstöðumaður, deildarstjóri, hópstjóri, hestaþjálfari.

Í töflunni má sjá fjölda stöðugilda á sjúkrahúsum, meðferðarheimilum og áfangaheimilum árin 2001 og 2002. Litlar breytingar hafa orðið á milli ára. Helst má nefna að í hópnum „aðrir" sem starfa á skrifstofu eða við rekstur heimilanna hefur fækkað um rúm fjögur stöðugildi. Hins vegar hefur stöðugildum áfengisráðgjafa fjölgað um nærri fjögur.

Samkvæmt svörum sem bárust við spurningu um starfsmannahald í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er misjafnt hvaða kröfur eru gerðar um menntun og reynslu ófaglærðra starfsmanna. Í töflu 6.8 er yfirlit yfir mismunandi atriði sem tekið var fram að litið væri til hvað þetta varðar og benda svörin til þess að víðast hvar sæki starfsmenn einhvers konar endurmenntun. Aðrar kröfur sem nefndar voru í þeim svörum sem bárust voru hæfni til mannlegra samskipta og almennt heilbrigði.

Tafla 6.8. Kröfur stofnunarinnar til ófaglærðra starfsmanna og endurmenntun.

Staður	Formlegt nám í áfengisráðgjöf	Persónuleg reynsla af fíkn – árangur án vímuefna	Reynsla og þekking úr starfi	Námskeið og ráðstefnur	Annað, fyrirlestrar, starfsdagar
SÁÁ	x			x	x
LSH	x				
Barnaverndarstofa			x		
Götusmiðjan					x
Samhjálp			x	x	x
Krýsuvíkursamtökin		x		x	
Byrgið		x			
Krossgötur			x		
Dyngjan					
Risið					
Vímulaus æska				x	

6.5. Þjónusta stofnunarinnar.

Tafla 6.9 sýnir yfirlit yfir þá þjónustu sem er í boði á hverjum stað. Upplýsingarnar sem fram koma eru í samræmi við þau svör sem bárust við opnum spurningum í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003. Magn og gæði þjónustunnar geta verið misjöfn og það getur verið misjafnt hvað þeir sem svöruðu könnuninni líta á sem svo sjálfsagða þjónustu að óþarfi sé að taka hana fram. Yfirlitið gefur því frekar yfirlit yfir hugmyndir svarenda um þá þjónustu sem veitt er á stöðum sem þeir svara fyrir frekar en tæmandi yfirlit yfir þá þjónustu sem stendur til boða.

Landspítali og SÁÁ á Vogi bjóða bráðaþjónustu á sólarhringsvöktum og Barnaverndarstofa – Stuðlar tekur við börnum undir 18 ára aldri í bráðatilfellum en afeitrun þeirra fer fram á sjúkrahúsi, oftast Vogi. Á sjúkrahúsunum Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) og Vogi felst bráðaþjónustan í að veita fólki bráðaþjónustu með því að meðhöndla fráhvarfseinkenni, líkamlega kvilla eins og lungnabólgu og geðræn einkenni. Hjá Samhjálp – Hlaðgerðarkoti og Byrginu fer einnig fram afeitrun en með minni læknisþjónustu en á sjúkrahúsunum. Læknisfræðileg greining er veitt á LSH og Vogi og á hjá Barnaverndarstofu – Stuðlum fer fram greining á vanda þeirra barna sem þar fá hjálp. Sú eftirfylgd sem er í boði felst í hópfundum, AA-fundum, símasambandi og endurkomu á göngudeild. Flestir staðir eru með sólarhringsvakt af einhverju tagi. Þjónusta sem nefnd er í svörum stofnananna fyrir utan bráðaþjónustu, afeitrun, greiningu, meðferð, eftirfylgd, göngudeildarþjónustu og sólarhringsvakt er aðallega ýmiss konar ráðgjöf, t.d. fjölskyldu- og fjármálaráðgjöf, stuðningur, námskeið, starfsþjálfun og menntun (Menntaskólinn í Kópavogi, Krýsuvíkursamtökin).

Tafla 6.9. Svör við opinni spurningu um þjónustu stofnana, þ.m.t. vaktþjónustu, í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003.

Staður	Meðferð	Göngudeild	Eftirfylgd	Vaktþjónusta	Annað
SÁÁ: Vogur, Vík og Staðarfell	Bráðaþjónusta, afeitrun, greining, endurhæfing.	Rekur göngudeild.	Göngudeild eftir þörfum en þó minnst vikulega í 3 mán. eftir meðferð.	Sameiginleg vaktþjónusta á öllum sjúkrastofnunum SÁÁ. **Vogur:** Hjúkrunarfræðingur á sólarhringsvakt. Læknir á bakvakt utan dagvinnutíma. **Meðferðarheimili:** Áfengisráðgjafi.	Læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta.
Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH)	Bráðaþjónusta, afeitrun, greining, endurhæfing.	Opin kl. 8–16. Læknavakt frá kl. 9–13. Deildarlæknir sinnir bráðaþjónustu utan dagvinnutíma.	Göngudeild. Vikulega í 3 mán. eftir meðf. Sérstakir stuðningshópar fyrir konur.	**Landspítali:** Hjúkrunarfræðingur og starfsmenn á vakt. Deildarlæknir í húsinu. Geðlæknir á bakvakt. **Teigur:** Áfengisfulltrúar kl. 8–23. Hjúkrunarfræðingur á bakvakt. Læknisþjónusta utan dagvinnutíma sótt til LSH.	Læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Fjölskylduviðtöl. Stuðningshópar.
Barnaverndarstofa – Stuðlar	Bráðaþjónusta, greining, endurhæfing.			Sólarhringsvakt.	Sólarhringsþjónusta.
Götusmiðjan	Endurhæfing.		Tilboð um að koma vikulega í eftirmeðferð. Stuðningur ráðgjafa.	Meðferðarfulltrúar á sólarhringsvakt, ráðgjafar á bakvakt	Foreldraráðgjöf og símaráðgjöf. Vikulegir stuðningsfundir fyrir foreldra.

Staður	Meðferð	Göngudeild	Eftirfylgd	Vaktþjónusta	Annað
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	Afeitrun, endurhæfing.	Rekur göngudeild.	Viðtöl á göngudeild. Félagsmiðstöð opin a.m.k. 4 kvöld í viku.	Umsjónarmaður á sólarhringsvakt alla daga ársins. Ráðgjafar eftir atvikum um helgar og á helgidögum.	Ráðgjöf frá kl. 9–21 og eftir atvikum um helgar og á helgidögum. Læknir og heilbrigðisþjónusta 1–2svar í viku og eftir þörfum.
Krýsuvíkur-samtökin	Endurhæfing.	Rekur göngudeild.	Mæting vikulega í Krýsuvík og vikulega á göngudeild. Auk þess símasamband.	Sólarhringsbakvakt.	Almenn ráðgjöf. Starfsþjálfun, menntun (MK).
Byrgið	Bráðaþjónusta, afeitrun, endurhæfing.		Heimsóknir til skjólstæðinga.	Vaktþjónusta allan sólarhringinn.	Læknisþjónusta, sálfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, lyfjagjöf, ráðgjafaþjónusta í hópvinnu og einkaviðtölum, stofnanasamsk. og almenn þjónusta, t.d. akstur.

6.6. Eftirfylgni.

Samkvæmt svörum við könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003 býðst þeim sem ljúka meðferð víðast hvar einhvers konar eftirfylgni. Tafla 6.10 sýnir yfirlit yfir svörin sem gefa hugmynd um hvers konar eftirfylgni er í boði þó að þau gefi engan veginn tæmandi lýsingu. Ef göngudeild er rekin í tengslum við þjónustuna er það einstaklingsbundið hve oft og hve lengi hver og einn kemur til viðtals. Sumir hafa mikinn stuðning af fjölskyldu og vinum og þurfa sjaldan að koma en aðrir eru viðloðandi göngudeildirnar mun lengur. Fundir AA-samtakanna koma að gagni fyrir marga, bæði fyrir neytendur og aðstandendur þeirra, og skipa raunar sérstakan sess í íslensku samfélagi eins og lesa má um í doktorsritgerð Hildigunnar Ólafsdóttur um AA-samtökin á Íslandi.[49] Þrátt fyrir það að hér á landi hafi sölutölur áfengis sýnt minnstu áfengisneyslu í Evrópu um árabil eru hvergi starfandi fleiri AA-hópar. Fleiri meðferðarstaðir en svörin í töflunni segja til um benda skjólstæðingum sínum á AA-fundi til að sækja sér stuðning að meðferð lokinni.

Tafla 6.10. Svör við opinni spurningu um eftirfylgni í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003.

Staður	Göngudeild, viðtöl	Félagsmiðstöð	Hópfundir	Sími	Annað
Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH)	Fjöldi og tíðni viðtala einstaklingsbundið		Daglegir stuðningshópar á göngudeild. Sérstakir stuðningshópar fyrir konur. AA-fundir.		
SÁÁ	1–4 sinnum í viku háð meðferð.		Daglegir stuðningshópar.		Meiri eftirfylgni fyrir konur
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	Viðtöl á göngudeild.	Opin fjögur kvöld í viku.			Útskriftaráætlun.

Staður	Göngudeild, viðtöl	Félagsmiðstöð	Hópfundir	Sími	Annað
Krýsuvíkursamtökin	Vikulega.			Ráðgjafar hafa samband um síma.	Vikuleg mæting til Krýsuvíkur.
Barnaverndarstofa – Stuðlar			Eftirmeðferð – hópastarf.		Í endurskoðun. Langtímameðferð.
Götusmiðjan			Eftirmeðferð einu sinni í viku.		Ráðgjafar halda sambandi.
Krossgötur				Haft samband e. ákveðinn tíma.	
Byrgið				Skjólstæðingar geta leitað ráðgjafar um síma.	Heimsóknir til skjólstæðinga viku- eða hálfsmánaðarlega.
Dyngjan			Þrír húsfundir í viku. AA-fundir.		Reynt að fylgja eftir. Margar halda sambandi.
Risið			AA-fundir.		
Takmarkið	Bent á göngudeild meðferðarstofnunar.				Skrifað eftir upplýsingum.

6.7. Skilgreining á árangri og árangursmælingar.

Árangur vímuefnameðferðar er erfitt að skilgreina. Í svörum við könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003 kemur fram að árangur er einstaklingsbundinn og getur verið allt frá því að einstaklingurinn sé tilbúinn að horfast í augu við greiningu á vandanum og ljúka afeitrun upp í algjört bindindi og fulla líkamlega, andlega og félagslega færni. Æðsta markmiðið víðast hvar er þó að þeir sem ljúka meðferð nái að fóta sig í lífinu án vímuefna. Þá er nauðsynlegt að taka með í reikninginn að margir sem koma í vímuefnameðferð glíma við flóknari vanda auk vímuefnaneyslunnar, t.d. geðsjúkdóma. Hjá Barnaverndarstofu er undirliggjandi vandi gjarnan af félagslegum toga eða geðrænum.

Á sjúkrahúsi SÁÁ á Vogi hefur verið haldið vel utan um tölfræðilegar upplýsingar um margra ára skeið og þar hefur árangur verið metinn nokkrum sinnum. Í svari Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, við könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins segir um þær athuganir:

„Það er mjög vandasamt að meta árangur áfengis- og vímuefnameðferðar sem miðar að bindindi og félagslegri færni og ekki sanngjarnt að nota einungis mælikvarðann um vímuefnaneyslu til að meta árangurinn. SÁÁ hefur því hafið samvinnuverkefni með ASAM (American Society of Addiction Medicine) til að gera með þeim árangurskannanir á mismunandi meðferðarúrræðum. Við mat á árangri verður litið til ýmissa þátta eins og vímuefnaneyslu, hversu oft menn þurfa að nota heilbrigðisþjónustu, metin er geðheilsa þeirra og félagsleg færni og staða. Þetta samvinnuverkefni er nú komið á fót og vonandi verður hægt að gera mat á árangri meðferðarinnar í þessu alþjóðlega samvinnuverkefni innan fárra ára."

Í nýútkominni skýrslu Þórarins Tyrfingssonar „Endurkomufólkið á Vogi"[50] kemur fram að á árunum 1977–2003 komu 16.965 einstaklingar á Sjúkrahúsið Vog. Af þeim komu 13.492 eða um 80% þrisvar sinnum eða sjaldnar til meðferðar en 622 eða 3,6% þeirra hafa innritast 10 sinnum eða oftar á Vog á þessu árabili. Af endurkomusjúklingunum sem komu 10 sinnum eða oftar komu 213 einstaklingar á Vog árið 2003 og að minnsta kosti 80% þeirra áttu við einhvers konar geðræna vanheilsu að stríða.

Tafla 6.11 sýnir yfirlit yfir þau svör sem bárust frá meðferðarstöðum við opinni spurningu um skilgreiningar á árangri og árangursmælingar í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003. Svörin gefa til kynna hugmyndir og viðhorf aðstandenda þjón-

ustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur um árangur af meðferð, skilgreiningar á árangri og hvaða aðferðum hefur við árangursmælingar. Eins og sjá má af svörunum eru viðmiðanir mismunandi og umdeilanlegt að hvaða marki þær mælingar sem hingað til hefur verið beitt mæla árangur. Sumir fylgjast grannt með afdrifum fólks við lok meðferðar, aðrir reyna að halda sambandi bréflega eða með síma. Algengast er að reikna hlutfall þeirra sem eru vímuefnalausir að einhverjum tíma liðnum frá meðferðarlokum.

Tafla 6.11. Svör við opinni spurningu um skilgreiningar á árangri og árangursmælingar í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003.

Staður	Skilgreining	Árangursmælingar
Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH)	Einstaklingsbundið. Afeitrun lokið. Færni til að vinna að langtímabata. Áfengis- og vímuefnalaust líf. Bati og félagsleg færni. Dæmi: Að halda húsnæði.	Reglubundnar mælingar hafa ekki farið fram.
SÁÁ	Afeitrun lokið. Útskriftir í samráði við starfsfólk. Áframhaldandi meðferð skv. ráðleggingum. Bindindi. Líkamleg, andleg og félagsleg heilsa.	Marktölur 2002: Í endurhæfingu á Staðarfell eða Vík: 779 34,3% Í endurhæfingu á göngudeild: 158 7,0% Frekari meðferð á göngudeild: 204 9,0% Heim í samráði, engin frekari meðferð ráðlögð: 279 12,3% Á aðra stofnun: 72 3,2% Luku meðferð á Vogi, frekari meðferð ekki ráðlögð: 317 14,0% Luku ekki meðferð: 460 20,2%
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	Algert bindindi. Þátttaka í þjóðfélaginu háð líkamlegri og andlegri getu.	Frá 1999/2000 til 2000/2001 voru 66% edrú sem luku meðferð og höfðu innritast á áfangaheimilinu. Sama niðurstaða frá 1999/2000 til 2002/2003 miðað við sama viðmiðunarhóp (15 pláss eru í áfangaheimilinu).
Krýsuvíkursamtökin	Vímuefnaleysi mælt í mánuðum. Aukin lífsleikni. Geta til að standa á eigin fótum. Þátttaka í þjóðfélaginu.	Áform um að hafa símasamband við skjólstæðinga. Ekki hægt að ljúka mælingum vegna fjárskorts.
Byrgið	Bindindi.	Miðast við skjólstæðinga sem hafa verið allsgáðir í 3 mánuði eða lengur. Mælingar 1.10.1999: 27–30% allsgáðir eftir meðferð og af þeim eru 47–50% í vinnu.
Barnaverndarstofa – Stuðlar	Greining og áætlun um framhald liggur fyrir. Unglingur jákvæður fyrir meðferð. Bætt samband við foreldra. Einstaklingsbundið.	Unnið að því að finna leiðir til að meta árangur. Skjólstæðingar sundurleitir með margvíslegan vanda.
Götusmiðjan		Mælingar hafnar en tölur ekki fyrirliggjandi fyrir árin 2001 og 2002.
Krossgötur	Tími án vímuefna frá útskrift.	4 mán. síðar: 71% 6 mán. síðar: 65% 12 mán. síðar 60% 18 mán. síðar 59%
Risið		50% edrú, 25% allgóð, 25% skiptast í virkni (eða 6 fetin).
Félagsþjónustan í Reykjavík	Einstaklingsbundið samkomulag um markmið.	

6.8. Rekstur.

Til að fá hugmynd um kostnað ríkisins af meðferð og annarri þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur var spurt um tekjur stofnana og félagasamtaka sem reka slíka starfsemi í könnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 2003. Í töflu 6.12 er yfirlit yfir þau svör sem bárust og hlutfall ríkisframlaga af heildartekjum.

Tafla 6.12. Tekjur stofnana og félagasamtaka til rekstrar þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur í þús. kr.

Stofnun	Framlag ríkis	Framlag sveitar-félaga	Sjálfsafla-fé og aðrar tekjur	Samtals	Hlutfall ríkis-framlaga
Árið 2001					
SÁÁ	390.299	2.300	40.471	433.070	90,1%
LSH	307.945	0	0	307.945	100,0%
FSA	50.630			50.630	100,0%
Krýsuvíkursamtökin	19.600	0	10.980	30.580	64,1%
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	57.864	0	0	57.864	100,0%
Byrgið	19.400	0	0	19.400	100,0%
Götusmiðjan	49.876	3.093	26.093	79.062	63,1%
Barnaverndarstofa – Stuðlar	116.824	0	369	117.193	99,7%
Krossgötur	13.400	1.600	10.732	25.732	52,1%
Dyngjan	2.500	1.500	2.975	6.975	35,8%
Takmarkið	1.000	1.000	7.009	9.009	11,1%
Risið	2.500	4.200	6.469	13.169	19,0%
Samtals 2001	**1.031.838**	**13.693**	**105.098**	**1.150.629**	**89,7%**
Árið 2002					
SÁÁ	427.401	5.480	53.499	486.380	87,9%
LSH	362.682	0	0	362.682	100,0%
FSA	27.740			27.740	100,0%
Krýsuvíkursamtökin	26.500	0	16.600	43.100	61,5%
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	62.000	0	49	62.049	99,9%
Byrgið	13.094	4.400	27.749	45.243	28,9%
Götusmiðjan	62.408	2.602	24.845	89.855	69,5%
Barnaverndarstofa – Stuðlar	137.860	0	270	138.130	99,8%
Krossgötur	19.600	4.030	10.669	34.299	57,1%
Dyngjan	2.500	1.700	3.615	7.815	32,0%
Takmarkið	1.000	1.760	7.010	9.770	10,2%
Risið	2.500	4.200	6.530	13.230	18,9%
Samtals 2002	**1.145.285**	**24.172**	**150.836**	**1.320.293**	**86,7%**
Breyting milli áranna 2002 og 2001	11,0%	76,5%	43,5%	14,7%	

Eins og fram kemur af töflu 6.12 var heildarkostnaður við framangreinda starfsemi 1.320 millj. kr., þar af nam framlag ríkisins 86,7% eða 1.145 millj. kr. Framlag sveitarfélaganna var um 24 millj. kr. eða 1,8% og önnur fjármögnun nam 150 millj. kr. eða 11,4%. Hlutur ríkisframlaga sem hlutfall af heildartekjum stofnana og félagasamtaka sem reka starfsemi fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur lækkaði lítillega á milli áranna 2001 og 2002 eða úr 89% í tæp 88%.

Ríkið greiðir kostnað við meðferð áfengissjúklinga á sjúkrahúsum og meðferðarheimilum að mestu og eins kostnað við meðferð barna á vegum Barnaverndarstofu.

Þegar horft er á ráðstöfun fjármagnsins þá er kostnaðurinn við meðferð á vegum SÁÁ og LSH um 850 millj. kr. og kostnaður við Stuðla 138 millj. kr. Hlaðgerðarkot sem Samhjálp rekur er einnig á föstum fjárlögum. Þessar stofnanir ásamt FSA eru með yfir 82% af heildarfjármagni sem rennur til málaflokksins og um 89% af framlagi ríkisins.

Framlög ríkisins greiða rúm 60% af rekstrargjöldum Krýsuvíkursamtakanna en mismunurinn greiðist af sjálfsaflafé, m.a. vegna erlendra vistmanna.

Sveitarfélög hafa styrkt áfangaheimili en ekki eru ákveðnar reglur um slíkar styrkveitingar. Það sama gildir um styrk ríkisins til áfangaheimila sem hefur leitt til mismunandi framlags frá ríki og sveitarfélögum til þessara aðila. Einnig má sjá að hlutfallslegt framlag ríkisins til mismunandi staða er mismikið eða frá 10% og upp í 100%. Athyglisvert er að áfangaheimili sem reka sambærilega starfsemi hljóta hlutfallslega mishá framlög frá ríki.

Tafla 6.13 sýnir rekstraryfirlit meðferðarstofnana á árinu 2002 samkvæmt upplýsingum frá stofnunum. Þar sem um samþætta starfsemi er að ræða eins og á LSH og FSA verður að byggja á skiptingu kostnaðar sem getur verið ónákvæm vegna þess að kostnaðurinn er ekki sérstaklega færður á þennan málaflokk heldur á geðdeildir sjúkrahúsanna.

Hér kemur fram að tekjur stofnananna námu samtals 1.364 millj. kr. og vantaði 92 millj. kr. upp á að endar næðu saman. Mestur hallinn er á SÁÁ en samtökin hafa lagt sjúkrastofnuninni til fé ef um hallarekstur hefur verið að ræða og nýtt aðrar fjáröflunarleiðir í þessum tilgangi.

Vinnulaun námu samtals 900 millj. kr. en eins og vitað er þá er algengt að ýmis félagasamtök leggja fram umtalsverða sjálfboðavinnu sem ekki kemur fram í þessum tölum.

Tafla 6.13. Rekstraryfirlit meðferðarstofnana árið 2002 (í þús. kr.).

Stofnun	Tekjur	Vinnulaun	Húsnæði	Annar kostnaður	Kostnaður	Afkoma
SAA	486.382	337.848	69.747	154.509	562.104	-75.722
Landspítali – háskólasjúkrahús	362.682	245.568	56.529	60.585	362.682	0
FSA	27.740	20.361	0	7.379	27.740	0
Samhjálp – Hlaðgerðarkot	62.049	37.741	3.323	23.936	65.000	-2.951
Krýsuvíkursamtökin	43.100	29.651	5.600	12.720	47.971	-4.871
Götusmiðjan	89.855	56.605	2.003	19.447	78.055	11.800
Byrgið	45.243	11.952	3.000	55.366	70.318	-25.075
Barnaverndarstofa – Stuðlar	138.130	108.551	6.787	21.792	137.130	1.000
Krossgötur	34.299	5.246	3.558	19.607	28.411	5.888
Dyngjan	7.815	3.460	0	0	3.460	4.355
Líknarfélagið Takmarkið	13.230	4.291	3.668	2.945	10.904	2.326
Risið	9.770	3.210	2.046	8.196	13.452	-3.682
Fjölskyldumiðstöðin	7.610	7.340	360	460	8.160	-550
Miklubraut 20	17.962	13.747	2.637	1.578	17.962	0
Þingholtsstræti		16.230	0	135	16.365	-16.365
Vímulaus æska	18.445	3.377	1.852	1.917	7.146	11.299
Samtals	**1.364.312**	**905.178**	**161.110**	**390.572**	**1.456.860**	**-92.548**

Fjárveitingar til málaflokksins í dag eru þríþættar:

- Föst fjárlög: LSH, FSA, Barnaverndarstofa, Hlaðgerðarkot m.m.
- Þjónustusamningur: SÁÁ.
- Fjárveitingar/styrkir: Áfangaheimili, meðferðarstarfsemi á vegum sjálfstæðra félagasamtaka.

Aðeins þjónustusamningurinn við SÁÁ er afkastatengdur. Fjárframlög til sjúkrahúsa sem eru með fjölþætta starfsemi eru ekki skilgreind á verkefni og því er það stofnana að ráðstafa fjárheimildum í samræmi við forgangsröðun eins og hún er á hverjum tíma. Unnið er að

kostnaðargreiningu hjá LSH og FSA sem mun gefa möguleika á að stýra fjárveitingum í samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Æskilegt væri að setja ákveðnar reglur um framlög til annarra stofnana sem eru reknar af sjálfstæðum aðilum og jafnframt að skilgreina þær kröfur, sem gerðar eru til þjónustunnar.

6.9. Heilsugæsla.

Eins og fram kemur í kafla 1.2 var send fyrirspurn til Heilsugæslunnar í Reykjavík um fjölda áfengis- og vímuefnagreininga í flokkunum F10–F19 samkvæmt ICD-10 greiningarkerfinu og skráð er í skráningarkerfið Sögu. Fjöldi greininga í þessum flokkum gefur vísbendingu um það hve margir sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að etja leita aðstoðar hjá heilsugæslunni.

Upplýsingar bárust frá níu af tíu heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu sem heyra undir Heilsugæsluna í Reykjavík. Tíunda heilsugæslustöðin styðst við annað skráningarkerfi og upplýsingar þaðan eru ekki sambærilegar við hinar. Heildarniðurstöðurnar koma fram í töflu 6.14. Miðað við heildarmannfjölda árin 2001 (286.575) og 2002 (288.471) þjónuðu heilsugæslustöðvarnar níu sem upplýsingar bárust frá 49% landsmanna þessi ár eða 141.361 árið 2001 og 142.178 árið 2002. Erfitt er að skýra sveiflur milli ára á einstökum stöðvum og mismunandi hlutfall áfengisgreininga af heildarfjölda greininga með samanburði tveggja ára. Samanburður fleiri ára gæfi hugsanlega betri skýringar.

Tafla 6.14. Fjöldi sjúkdómsgreininga vegna áfengis og/eða vímuefnafíknar í sjúkraskrám heilsugæslunnar í Reykjavík 2001 og 2002 (ICD-10: F10–F19, tóbaksfíkn F17 undanskilin).

Upplýsingar frá níu heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu	Allar greiningar		Þar af áfengis-greiningar (F10)		Hlutfall áfengis-greininga af öllum vímuefnagreiningum	
	2001	2002	2001	2002	2001	2002
Fjöldi	**592**	**609**	**354**	**361**	**60%**	**59%**

7. Ályktun.

Niðurstöður þessarar skýrslu byggjast á upplýsingum sem starfshópur á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins aflaði annars vegar með öflun upplýsinga frá öðrum löndum og hins vegar á könnun sem ráðuneytið sendi út haustið 2003 til sjúkrahúsa, stofnana og félagasamtaka sem veita áfengis- og vímuefnaneytendum þjónustu á mismunandi stigum. Í könnuninni var óskað eftir upplýsingum fyrir árin 2001 og 2002. Þessar upplýsingar eru hvergi nærri tæmandi en gefa þokkalegt yfirlit yfir þá þjónustu sem stendur þessum samfélagshópi til boða og því lagaumhverfi sem afmarkar þjónustuna. Af niðurstöðunum má ráða að ýmislegt er vert að endurskoða með það að markmiði að auka og bæta þjónustuna. Niðurstöðurnar veita ekki yfirlit yfir fjölda einstaklinga sem þurfa á áfengis- og vímuefnameðferð að halda enda krefst það aðgangs að persónugreinanlegum upplýsingum sem starfshópurinn hafði ekki og sóttist ekki eftir að fá. Niðurstöðurnar veita ekki heldur innsýn í þann fjölda einstaklinga sem á við áfengis- og vímuefnavanda að etja en leggst inn á sjúkrahús vegna annarra orsaka.

Ekki er hér gerð tilraun til að meta heildarkostnað þjóðfélagsins af áfengis- og vímuefnaneyslu heldur er fyrst og fremst litið á kostnað vegna meðferðar þeirra einstaklinga sem njóta opinberrar þjónustu. Kostnaður við forvarnastarf er ekki talinn með. Í þessu sambandi er rétt

að benda á að samkvæmt ríkisreikningum hefur ríkið verulegar tekjur af áfengisgjaldi eða samtals 5.925 millj. kr. árið 2002 og 5.872 millj. kr. árið 2001.

7.1. Helstu kostir.

Helstu kostir þjónustunnar eins og hún er núna eru:

- **Þjónustan er aðgengileg.** Þeir sem óska eftir aðstoð frá heilbrigðiskerfinu vegna áfengis- og vímuefnaneyslu geta nálgast hana auðveldlega hjá heilsugæslunni, læknum á stofu, á göngudeild geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss eða hjá SÁÁ á Vogi. Auk þess eru ýmis aðgengileg úrræði á vegum frjálsra félagasamtaka. Hafa ber þó í huga að sumir búa við þannig aðstæður að þeir eiga erfitt með að notfæra sér þjónustuna. Sumir eiga ekki heimangengt, t.d. mæður ungra barna, og bændur geta átt erfitt með að fá einhvern til að annast búin á meðan þeir fara í meðferð. Aðrir vilja fá bót á ýmsum fylgikvillum en eru ekki tilbúnir til að hætta neyslunni.
- **Framboð þjónustunnar er gott.** Árið 2002 var liðlega 1% landsmanna lagt inn til afeitrunar, 1% til endurhæfingar og 0,2% gátu samtímis dvalið á stofnun eða heimili sem ætlað er áfengis- og vímuefnaneytendum til afeitrunar, endurhæfingar eða stuðnings eftir meðferð.
- **Þjónustan er á mörgum þjónustustigum.** Meðferð getur falist í viðtölum við lækna og aðra sérfræðinga á heilsugæslustöðvum og stofum eða langtímainnlögn á sjúkrahús með lyfjameðferð og viðtölum við sérfræðinga. Á vegum félagsþjónustu og líknarfélaga er grunnþörfum áfengis- og vímuefnaneytenda, jafnt þeirra sem eru í virkri neyslu og þeirra sem eru í afturbata, sinnt af fagþekkingu, reynslu og mannúð. Með grunnþörfum er átt við fæði, klæði og húsaskjól.
- **Áhugamannasamtök leggja mikið af mörkum til uppbyggingar þjónustunnar.** Kostnaður við málaflokkinn nemur um 1,5 milljörðum kr. á ári en erfitt er að meta hvort hér sé um hagkvæmari rekstur að ræða en annars staðar. Þó ríkið beri mestan hluta kostnaðarins leggja áhugamannasamtök mikið af mörkum til uppbyggingar þjónustunnar. Má þar nefna fjárfestingar í húsnæði og margþættri aðstöðu og eins hafa félagar í áhugamannasamtökum lagt fram mikla og óeigingjarna vinnu sem ekki er metin til fjár í þessari skýrslu.

7.2. Helstu gallar.

Helstu gallar núverandi fyrirkomulags eru:

- **Gömul lög.** Sum þeirra laga sem fjalla um málefni áfengis- og vímuefnaneytenda eru komin til ára sinna og tákn þess tíma þegar þau voru samin, t.d. lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964. Ábyrgðarsvið félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins annars vegar og sveitarstjórnarstigsins er á reiki.
- **Fjármögnun.** Það er fyrst og fremst ríkið sem fjármagnar þennan málaflokk eða 1.145 millj. kr. á árinu 2002 eins og sjá má í töflu 6.12. Framlag sveitarfélaganna sem var nýtt til reksturs áfangaheimila í Reykjavík er óverulegt. Aftur á móti hafa ýmis félagasamtök og einstaklingar lagt fram töluvert fjármagn til að reka meðferðarstofnanir. Fjárveitingar eru bundnar stofnunum en ekki málaflokki en gerður hefur verið þjónustusamningur við SÁÁ um kaup á skilgreindri þjónustu. Reglur um fjármögnun áfangaheimila virðast vera óljósar. Framlag ríkisins til áfangaheimila sem áður hét Gæsluvistarsjóður en er nú hluti af Forvarnasjóði hefur verið óbreytt svo árum skiptir.
- **Árangur óljós.** Þar sem ekki liggur fyrir samkomulag um hvernig meta skal árangur af áfengis- og vímuefnameðferð er erfitt að vita að hverju er stefnt með meðferðinni.

Erlendis er unnið að gerð samræmds árangursmats sem vert er að fylgjast með og aðlaga að íslenskum aðstæðum. Niðurstöður skýrslunnar bera með sér að aðstandendur áfengis- og vímuefnameðferðar á Íslandi þekkja þetta vandamál og lýsa áhuga á samræmdu árangursmati eða eru þegar þátttakendur í þróun þess.

- **Erfið yfirsýn.** Erfitt er að fá yfirsýn yfir raunverulegan fjölda einstaklinga sem er þjónustuþurfi. Sami einstaklingur getur flakkað á milli í kerfinu án þess að hægt sé að henda reiður á þeirri hjálp sem hann fær á gefnu tímabili. Innan opinbera sjúkrakerfisins eru samskipti við einstaklinga skráð þannig að hægt væri að nálgast þær upplýsingar miðlægt. Hins vegar eru upplýsingar úr annars ágætri skráningu á Vogi og öðrum stofnunum á vegum SÁÁ ekki aðgengilegar annars staðar í kerfinu. Skráning á vegum félagasamtaka er með misjöfnum hætti.
- **Gæðakröfur óljósar.** Meðferð fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur hjá sjúkrahúsum er samkvæmt lögum og uppfyllir sömu kröfur og almennt eru gerðar til meðferðar á sjúkrahúsum. Hins vegar eru óskilgreindar þær kröfur sem félagasamtök, og aðrir sem vilja opna endurhæfingarstöðvar eða áfangaheimili, þurfa að uppfylla til að fá rekstrarleyfi og þar með hugsanlegan fjárstyrk. Til að mynda eru kröfur til starfsmanna hvað varðar reynslu, menntun, og neyslulausan tíma fyrrverandi fíkla óljósar. Samkvæmt upplýsingum frá Hazeldenstofnuninni í Minnesota í BNA er starfsliðið þar samsett að hálfu leyti af fólki sem ekki hefur ánetjast áfengi eða öðrum vanabindandi efnum og að hálfu leyti af starfsmönnum í afturbata sem hafa verið í bindindi í a.m.k. 3 ár. Starfsmenn í afturbata mega ekki bera ábyrgð á starfseminni fyrr en eftir 5 ára bindindi. Sambærilegri reglu er ekki endilega fylgt hér á landi.
- **Lítil starfsemi utan Stór-Reykjavíkursvæðisins.** Engin rými til afeitrunar eru skilgreind utan Reykjavíkur. Öll áfangaheimilin eru í Reykjavík og nágrenni. Endurhæfingarstaðir eru nokkrir utan höfuðborgarsvæðisins á vegum SÁÁ, Krýsuvíkursamtakanna, Byrgisins og Barnaverndarstofu. Engin meðferð eða stuðningur fyrir fullorðna áfengis- og vímuefnaneytendur eru skilgreind á svæðinu frá endurhæfingarheimili SÁÁ að Staðarfelli í Dalasýslu, norður til Akureyrar þar sem SÁÁ rekur göngudeild, austur og suður um land að Efri-Brú í Grímsnesi þar sem Byrgið er. Aðgengi íbúa suðvesturhornsins að meðferð og stuðningi er því mun betra en annarra landsmanna.
- **Samstarf ríkis og sveitarfélaga gæti verið markvissara og meira.** Lög kveða að nokkru leyti á um skiptingu þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur milli félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Hins vegar eru málefnin oft á gráu svæði sem erfitt er að heimfæra. Framlag félagsþjónustu sveitarfélaga utan Reykjavíkur er óljóst enda sveitarfélögin mörg hver fámenn og hafa ekki bolmagn til að taka við verkefnum sem þeim ber að sinna samkvæmt lögum.
- **Göngudeildarþjónusta minni en í samanburðarlöndum.** Hér á landi hefur mest áhersla verið lögð á meðferð með margra vikna innlögn á endurhæfingarstofnun eða heimili. Erlendis hefur áhersla verið lögð á að auka og bæta göngudeildarþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur og reyna með því að komast hjá eða stytta innlögn. Hér virðist jafnframt fleiri dögum vera varið til afeitrunar en erlendis. Starfsemi AA- samtakanna er hins vegar útbreidd og viðurkennd og hefur e.t.v. að nokkru leyti komið í stað formlegrar göngudeildarþjónustu.
- **Þjónusta heilsugæslunnar gæti verið markvissari.** Heilsugæslustöðvar virðast vera misvirkar við að sinna áfengis- og vímuefnaneytendum og þjónusta þeirra er lítt sýnileg. Ef marka má erlendar rannsóknarniðurstöður gætu markviss og samtaka vinnubrögð

heilsugæslunnar hins vegar falið í sér mjög mikilvægt framlag til úrlausnar vanda áfengis- og vímuefnaneytenda t.d. með forvörnum og fjölskylduþjónustu.

- **Flest úrræði krefjast innlagnar.** Við flest meðferðarúrræðin er gert ráð fyrir innlögn. Vert er að gefa fjölbreyttari úrræðum sem hægt er að aðlaga að þörf mismunandi hópa betri gaum við þróun meðferðarúrræða á Íslandi. Þarfir fólks geta verið ólíkar eftir aldri, búsetu, kyni, starfi o.s.frv. Sem dæmi má nefna nokkur nýleg verkefni sem snúa að úrræðum fyrir börn og unglinga:
  1. Tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu þar sem „Multisystemic Therapy" (MST)[51] er beitt til að fást við hegðunarvanda barna og fer fram í því umhverfi sem þau lifa og hrærast í.
  2. Tilraunaverkefnið „Parent Management Training" (PMT)[52] sem snýst um að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu til að fyrirbyggja alvarlegan hegðunarvanda barna sem skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, félagsþjónusta Hafnarfjarðar og heilsugæslan í Hafnarfirði hafa haft samstarf um.
  3. Í verkefninu „Project Self Discovery" (PSD)[53] eru unglingum kynntar ýmsar listgreinar sem geta hjálpað þeim að finna nýjan tilgang í lífinu. Verkefnið hefur náð nokkurri útbreiðslu í Bandaríkjunum á undanförnum árum og ráðgjafarfyrirtækið Ný leið – ráðgjöf hefur lýst áhuga á að hrinda því í framkvæmd hér á landi.

HEIMILDIR

1 Hagstofa Íslands (2003). Sala áfengis. *Fréttir Hagstofunnar nr. 54.* www.hagstofa.is.

2 Leifman, H. (2001). Estimations of unrecorded consumption and trends in 14 European Countries. *Nordisk Alkohol och Narkotikatidskrift, English Supplementary, 18,* bls. 54–70.

3 Trolldal, B. (2001). Alcohol sales figures in 15 European countries: Corrected for consumption abroad and taxfree purchases. *Nordisk Alkohol och Narkotikatidskrift, English Supplementary, 18,* bls. 71–81.

4 IMG-Gallup (2002). Rannsókn á áfengis- og vímuefnaneysla Íslendinga, nóvember/desember 2001, unnin fyrir áfengis- og vímuvarnaráð. Reykjavík.

5 Edwards, G., Anderson, P., Babor, T.F., Casswell, S., Ferrence, R., Giesbrecht, N., Godfrey, C., Holder, H.D., Lemmens, P., Mäkelä, K., Midanik, L.T., Norström, T., Österberg, E., Romelsjö, A., Room, R., Simpura, J., Skog, O.J. (1995). *Alcohol Policy and the Public Good.* New York: Oxford University Press og WHO Europe.

6 Fagráð Landlæknisembættisins um heilsueflingu (2003). Áherslur til heilsueflingar. Reykjavík: Landlæknisembættið.

7 Kristinn Tómasson (1998). *Psychiatric Comorbidity Among Treatment Seeking Alcoholics. Importance for Course and Treatment.* Department of Behavioural Sciences in Medicine, University of Oslo and Department of Psychiatry, National University Hospital, Reykjavík.

8 Gylfi Ásmundsson. (1998). Breytingar á áfengisneyslu Íslendinga. *Geðvernd,* 27(1)34–40.

9 Australian Institute of Health and Welfare (2003). *Alcohol and other drug treatment services in Australia 2001–02. Report on the National Minimum Data Set.* Australian Institute of Health and Welfare: Canberra. www.druginfo.nsw.gov.au/publications/austral ian_publications.

10 Áfengis- og vímuvarnaráð (2003). *Áfengi og önnur vímuefni: Ýmsar tölulegar upplýsingar, 2003.* Áfengis- og vímuvarnaráð: Reykjavík. www.vimuvarnir.is.

11 Berglund, M. o.fl. (2001). *Behandling av alkohol och narkotikaproblem. En evidensbaserad kunskapssammanställning.* Vol. I og II. Stokkhólmur: SBU – Statens beredning för medicinsk utvärdering. www.sbu.se.

12 Read, J.P., Kahler, C.W. og Stevenson (2001). Bridging the Gap Between Alcoholism Treatment Research and Practice: Identifying What Works and Why. *Professional Psychology, Research and Practice, 32* (3) 227–238.

13 Tómas Helgason (1988). Læknablaðið, apríl 1988.

14 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (1992). International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems, 1989 Revision, Geneva, World Health Organization, 1992. http://www.who.int/whosis/icd10/ Alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála. www.landlaeknir.is.
15 American Psychiatric Association (2000). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders: DSM IV,* 4. útg. American Psychiatric Association: Washington.
16 Tómas Helgason, Krisinn Tómasson og Tómas Zoëga. (2003). Algengi og dreifing notkunar geðdeyfðar-, kvíða- og svefnlyfja. *Læknablaðið, 89,* 15–22.
17 Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Líðan fíkla, alkóhólista, reykingafólks og of þungra. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IV,* Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003, bls. 297–298.
18 Det kongelige sosial- og helsedepartement (1999). *Arbeidsgruppe for å gjennomgå hjelpe- og behandlingstilbudet til rusmiddelmisbrukere.* Delrapport 1: Døgnbehandlingstilbudet, 1. mars 1999. Delrapport 2: Tiltak for kvalitetssikring av hjelpe- og behandlingstilbudet til rusmiddelmisbrukere, 15. mai 1999. Delrapport 3: Tiltak for rusmiddelmisbrukere – ansvarsplassering, finseringssystem og samarbejdsforhold, 23. juni 1999. Oslo.
19 Gabrielsen, A. (2004). *Bedre behandlingstilbud til rusmiddelmisbrukere Perspektiver og strategier.* Noregur: Helsedepartementet.
20 Babor, T.F., Higgins-Biddle, J.C., Saunders, J.B. og Monteiro, M.G. (2001). *AUDIT – The Alcohol Use Disorders Identification Test: Guidelines for Use in Primary Care.* Önnur útg. Genf: WHO.
21 Babor, T.F., Higgins-Biddle, J.C. (2001). Brief intervention for Hazardous and Harmful Drinking. A Manual for Use in Primary Health Care. Genf: WHO.
22 Olga Håkonsen (1995). Hjúkrun áfengissjúklinga á bráðadeild II. *Tímarit hjúkrunarfræðinga, 71*(4), 121–125.
23 Þórarinn Gíslason, Kristinn Tómasson, Hrafnhildur Reynisdóttir, Júlíus K. Björnsson og Helgi Kristbjarnarson (1994). Heilsufarslegir áhættuþættir umferðarslysa. *Læknablaðið, 80,* 193–200.
24 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (2000). *European Alcohol Action Plan 2000–2005.* WHO, Regional Office of Europe. www.who.org.
25 Rehn, N., Room, R. og Edwards, G. (2001). *Alcohol in the European Region – consumption, harm and policies.* WHO, Regional Office of Europe. www.who.org.
26 Scottish Intercollegiate Guidelines Network. (2003). *Management of harmful drinking and alcohol dependence in primary care. Quick Reference Guide.* SIGN:Edinburgh. www.sign.ac.uk.
27 Schaffer, H. J. (1997). *Mat á áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi: stefnumörkun.* Íslensk þýðing Guðbrandur Gíslason. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
28 McCrady, B.S. (2001). Alcoholics Anonymous and behavior therapy: Can habits be treated as diseases? Can diseases be treated as habits? *Journal of Consulting and Clinical Psychology, 62*(6), 1159–1166.
29 Kristinn Tómasson (1999). Árangur áfengismeðferðar á Íslandi 28 mánuðum eftir innlögn. *Læknablaðið, 85,* 699–706.
30 Milkman, H., Wanberg, K., og Robinson, C.P. (1996). Project Self-Discovery: Artistic Alternatives for High Risk Youth. *Journal of Community Psychology, A Monograph in the Advances in Community Psychology Series.* New Jersey: Wiley & Sons.
31 Kadden, R.M. (1994). Cognitive-Behavioral approaches to alcoholism treatment. *Alcohol health and Research world, 18*(4), 279–286.
32 Minzberg, H. (1983). *Structures in Fives. Designing effective organizations.* International edition. Bandaríki Norður Ameríku: Prentice/Hall International, Inc.
33 Olsen, O, og Peters, B.G. (1996). *Lessons from Experience. Experintial Learning in Administrative Reforms in Eight Democracies.* Noregur: Scandinavian University Press.
34 Posavac, E. J. og Reymond, G. C. (1996). *Program evaluation methods and case studies.* New Jersey: Prentice Hall.
35 Bickman, L., Rog, D.J. (1998). *Handbook of applied social research methods.* London: SAGE Publications.
36 Weimer, D.L. og Vining, A.R. (1998). *Policy Analysis. Concepts and Practice.* New Jersey: Prentice Hall.
37 Varian, H. R. (2003). *Intermediate Microeconomics. A modern approach.* New York, London: W.W. Norton & Company.
38 May, P.J. (2002). Social Regulation. Í *The tools of government. A guide to the new governance,* 5. kafli. Salamon, L.M. ritstjóri. Oxford, New York: Oxford University Press.

39 Verslunarráð Íslands (2004). *Einkaframkvæmd – samkeppni á nýjum sviðum.* Reykjavík: Verslunarráð Íslands.
40 Fjármálaráðuneytið (1998). *Einkaframkvæmd. Skýrsla nefndar fjármálaráðherra.* Rit 1998 – 4. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið. www.fjarmalaraduneyti.is.
41 Oslo kommune (2002). *Veileder med retningslinjer ISIT brukerundersøkelse.* Utgave 1/2001 med revidering april 2002. Rusmiddeletaten veileder 07022001. Oslo: Oslo kommune.
42 Persson, K. (2001). Rapport. Kvalitet og kvalitetsmålinger i behandling af rusmiddelmisbrukere. Ósló: Rusmiddeletaten.
43 Oslo kommune (2000). ISIT-rapport 2000. Evalureing av Rusmiddeletatens erfaring med målingene. Rusmiddeletaten, slutrapport, 6. november 2000. Oslo: Oslokommune.
44 Yates, B. Y. (1998). Formative evaluation of costs, cost-effectiveness, and cost-benefit. Í *Handbook of applied social research methods,* bls. 285–315. Bickman, L. og Rog, D.J. ritstjórar. London: Sage Publications.
45 Ouimette, P. C., Finney, J. W., Moos, R. H. (1997). Twelve-Step and Cognitive-Behavioral treatment for substance abuse: A comparison of treatment effectiveness. *Journal of Consulting and Clinical Psychology, 65*(2), 230–240.
46 National Institute of Alcohol Abuse and Alcoholism. (2004). *Addiction Severity Index (ASI).* www.niaaa.nih.gov/publications/asi.htm.
47 American Association of Addiction Medicine (ASAM) (2004). *Principles for Outcome Evaluation in the Treatment of Substance-Related Disorders.* www.asam.org.
48 Páll Biering. (1996). Árangur af vímuefnameðferð unglinga á Tindum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga, 72*(3), 135–139.
49 Hildigunnur Ólafsdóttir (2000). *Alcoholics Anonymous in Iceland. From Marginality to Mainstream Culture.* Reykjavík: University of Iceland Press.
50 Þórarinn Tyrfingsson (2004). *Endurkomufólkið hjá SÁÁ. Sjúklingar sem komu á Sjúkrahúsið Vog 2003 og höfðu verið 10 sinnum eða oftar.* Reykjavík: SÁÁ.
51 Herdís Birgisdóttir (2003). MST, tilraunaverkefni til að fást við vanda unglinga. Frétt á heimasíðu Barnaverndarstofu 05.05.03. www.bvs.is.
52 Áfengis- og vímuvarnaráð (2003). *Ársskýrsla áfengis- og vímuvarnaráðs* 2002. www.lydheilsustod.is.
53 Milkman, H. (2001). Better than dope. *Psychology Today,* March/April 2001, 32–38.
54 Socialstyrelsen (2004). *Läkemedelassisterad behandling av heroinmissbrukare.* Stockholm: Socialstyrelsen.
55 Socialstyrelsen (2003). *Insatser og klienter i behandlingsenheter inom missbrukarvården den 1 april 2003.* Stockholm: Socialstyrelsen.
56 European Commission (2004). *First draft working paper on a coordinated approach in Europe to tackle alcohol-related harm.* European Commission, Health & Consumer Directorate General: Brussel.

VIÐAUKI

Fyrirspurnir starfshóps á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

1. **Rekstrarform stofnunarinnar og stjórnskipulag**

2. **Tilgangur rekstursins og hugmyndagrundvöllur**

3. **Kröfur stofnunarinnar til ófaglærðra starfsmanna (áfengisfulltrúa) og endurmenntun**

4. **Þjónusta stofnunarinnar þ.m.t. vaktþjónusta**

5. **Eftirfylgni**

6. **Skilgreining á árangri**

7. **Árangursmælingar og niðurstöður þeirra**

8. **Annað**

1347. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002 er hið fimmta í röðinni síðan lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi en þau komu til framkvæmda árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2002. Í þessu nefndaráliti hefur það lítinn tilgang að fjalla um stöðu einstakra stofnana eða fjárlagaliða því að frá lokum ársins 2002 hafa verið samþykkt mörg fjárlög og fjáraukalög sem breytt hafa þeirri stöðu. Auk þess liggur fyrir þinginu frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og þar segir: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum né heldur skrá um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Frumvarpið er þrjár greinar. Sú fyrsta fjallar um breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Hvergi er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins ákvæði sem heimilar að fjárheimildum stofnana sé breytt með þessum hætti. Líta verður svo á að í fjárlögum sé veitt tiltekin útgjaldaheimild og síðan sýnd áætluð fjármögnun þeirra útgjalda. Stofnunin hefur því ekki heimild til að fara út fyrir þann útgjaldaramma sem settur er í fjárlögum þótt ríkistekjur aukist. Það væri aðeins réttlætanlegt ef kostnaðarauki stofnunar stæði í réttu hlutfalli við tekjuaukann. Að mati minni hlutans þarf að lögfesta þessa framkvæmd og setja um hana skýrar reglur.

2. gr. frumvarpsins sýnir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2002 sem falla niður. Samkvæmt þessari grein eru veittar „viðbótarfjárheimildir" að fjárhæð 13,8 milljarðar kr. Stærstu liðirnir eru eins og undanfarin ár frávik vegna lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð 10,1 milljarðar kr. og afskriftir skattkrafna að fjárhæð 5,8 milljarðar kr. Engar skýringar eru gefnar á þessum frávikum eins og fjárreiðulögin gera þó ráð fyrir.

3. gr. frumvarpsins kveður á um að lögin taki þegar gildi og yrði ríkisreikningur fyrir árið 2002 þar með staðfestur. Eins og fram kemur í nefndaráliti 1. minni hluta um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2001 er víða ósamræmi milli frumvarpsins og ríkisreiknings. Þetta ósamræmi heldur áfram milli ára meðan ekki hefur verið tryggt samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga. Það þýðir að staða fjárheimilda einstakra stofnana og fjárlagaliða er röng í ríkisreikningi og gefur því ekki rétta mynd af stöðu þeirra. Þar sem ekki er fullt samræmi á milli ríkisreiknings 2002 og þessa frumvarps þarf að breyta þessari grein til samræmis við sambærilega grein í lokafjárlögum áranna 2000 og 2001.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frumvarp en bendir á ítarlegri umfjöllun um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003 þar sem fjallað er meira um efnisatriði sem snerta lokafjárlög.

Guðjón Arnar Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.

Alþingi, 4. maí 2005.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Jón Gunnarsson.

Helgi Hjörvar. Jón Bjarnason.

1348. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003 er hið sjötta í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi en þau komu til framkvæmda árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2003.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.“

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum né heldur um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Frumvarpið er fjórar greinar. Sú fyrsta fjallar um breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er í þessu sambandi byggt á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum stofnana samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjár- og fjáraukalaga leiði til jafnmikillar breytingar á fjárheimildum ársins.
2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum. Þessi regla á m.a. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgöld Ábyrgðarsjóðs launa.

3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var á Alþingi í fjár- og fjáraukalögum þótt markaðar tekjur hafi reynst vera meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband á milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað. Hér má helst nefna framlög til vegagerðar og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar.

Hvergi er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins ákvæði sem heimilar að fjárheimildum stofnana sé breytt með þessum hætti. Líta verður svo á að í fjárlögum sé veitt tiltekin útgjaldaheimild og síðan sýnd áætluð fjármögnun þessara útgjalda. Stofnanir hafa því ekki heimild til að fara út fyrir þann útgjaldaramma sem settur er í fjárlögum þótt ríkistekjur aukist. Það væri aðeins réttlætanlegt ef kostnaðarauki stofnunar stæði í réttu hlutfalli við tekjuaukann. Fram kemur í umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarpið að álitamál sé hvort þessi meðferð standist lög. Í því sambandi er bent á minnisblað frá lögfræðingi í fjármálaráðuneytinu en þar kemur fram sú skoðun að „í ljósi fjárstjórnarvalds Alþingis og með vísan til 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 21. gr. fjárreiðulaga, er ekki unnt að víkja frá þeim meginmarkmiðum sem þar koma fram um að leita skuli heimilda til greiðslna úr ríkissjóði sbr. 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna, sem stafa af því að markaðar tekjur og rekstrartekjur reynast hærri en áætlað var í fjárlögum“. Þá skal bent á að í 1. gr. er verið að afla heimilda til útgjalda sem ekki hafa átt sér stað. Slíkt er andstætt eðli lokafjárlaga og á þessi grein því ekki heima hér. Um slíkar heimildir á að fjalla um í fjárlögum. Að mati minni hluta nefndarinnar þarf að lögfesta þessa framkvæmd og setja um hana skýrar reglur.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verði felldar niður og flytjist því ekki yfir á næsta ár. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að stuðst er við þá meginreglu að í þeim tilvikum þegar útgjöld ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem útgjöld almannatrygginga, er staðan ekki flutt yfir til næsta árs heldur felld niður. Sama gildir um stöðu fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld fjárlagaliðar eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem útgjöld á sameiginlegum launa- og verðlagslið fjárlaga. Eins er lagt til að heimildir verkefna sem er lokið verði felldar niður. Töluvert skortir á að skýringar séu fullnægjandi á þeim liðum sem lagt er til að fjárheimild falli niður á. Gera verður þá kröfu að einstakir liðir séu skýrðir og flokkaðir, m.a. í þá flokkun sem lýst er hér að framan. Þá má benda á að aukning lífeyrisskuldbindinga umfram áætlun ræðst fyrst og fremst af þeim samningum sem ríkisvaldið gerir og stafa því alls ekki að öllu leyti af hagrænum aðstæðum. Nauðsynlegt er því að slík frávik fái efnislega umræðu á Alþingi, t.d. við afgreiðslu fjárlaga.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til ýmsar breytingar sem flokka má í þrennt. Í fyrsta lagi vegna endurmats á peningalegum eignum og skuldum, í öðru lagi vegna flutnings tveggja stofnana í A-hluta og í þriðja lagi vegna annarrar samræmingar á milli lokafjárlaga og ríkisreiknings. Hér er væntanlega um einskiptisaðgerðir að ræða. Þessi grein segir þó aðeins hálfa söguna. Þessi samræming er ekki aðeins í eina átt heldur liggur fyrir að gera þarf umtalsverðar breytingar á höfuðstól ýmissa fjárlagaliða í ríkisreikningi ársins 2003 til að hann sé í samræmi við þetta frumvarp til lokafjárlaga. Engar upplýsingar liggja fyrir um þetta atriði og óskar minni hlutinn eftir að slíkur listi verði lagður fram fyrir 3. umræðu.

Nokkur umræða hefur orðið um hvort samþykkja eigi lokafjárlög hvers árs á undan útgáfu ríkisreiknings eða eftir að hann hefur verið gefinn út. Af 45. gr. fjárreiðulaganna má ráða að þetta skuli gerast samtímis og að fullt samræmi eigi að vera á milli lokafjárlaga og ríkisreikn-

ings. Um þetta þarf skýrar reglur og verklag sem tryggir betri vinnubrögð í framtíðinni við gerð lokafjárlaga. Minni hlutinn telur að fjárlaganefnd eigi að hafa frumkvæði varðandi þetta ferli og leggja vinnu í að samræma ólík sjónarmið.

4. gr. frumvarpsins kveður á um að lögin taki þegar gildi og yrði ríkisreikningur fyrir árið 2003 þar með staðfestur. Þar sem ekki er fullt samræmi á milli ríkisreiknings 2003 og þessa frumvarps þarf að breyta þessari grein til samræmis við sambærilega grein í lokafjárlögum áranna 2000 og 2001.

Guðjón Arnar Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. maí 2005.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Jón Gunnarsson.

Helgi Hjörvar. Jón Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Úr umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvörp til lokafjárlaga fyrir árið 2002 og 2003.

(30. mars 2005.)

Í minnisblaði Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga 2003 segir m.a. eftirfarandi:

Frá því að lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, voru samþykkt hafa fern lokafjárlög verið samþykkt af Alþingi. Lokafjárlög fyrir árin 1998 og 1999 voru samþykkt án athugasemda 29. apríl 2002. Við samþykkt lokafjárlaga (26. maí 2004) fyrir árin 2000 og 2001 var gerð breyting á 3. gr. frumvarpsins vegna fyrirvara um samræmi á milli lokafjárlaga og ríkisreiknings. Eftir breytinguna hljóðaði greinin svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2000 (1) jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Í skýrslu sinni um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 bendir ríkisendurskoðandi m.a. á að þær fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningnum séu ekki í samræmi við þær heimildir til útgjalda sem Alþingi hefur samþykkt eða sem eru heimilar skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Sambærileg athugasemd var í áritun á ríkisreikning fyrir árið 1999.

Ákvæði fjárreiðulaga.

Um lokafjárlög er fjallað í 45. gr. fjárreiðulaganna en einnig er þeirra getið í 44. grein:

Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 44. gr. er kveðið á um að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum skuli leita heimilda í fjáraukalögum. Ef grípa þarf til slíkra ráðstafana eftir samþykkt fjáraukalaga skal heimilda leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Að undanskildu ákvæði 44. gr. er lokafjárlögum ætlað að lýsa tiltekinni stöðu ríkisfjármála og gera tillögur um hvernig fara skuli með þau frávik sem orðið hafa á rekstri annars vegar og samþykktum fjárheimildum hins vegar. Vandamál gæti hins vegar komið upp ef Alþingi breytir frumvarpi til lokafjárlaga. Þá myndast ósamræmi á milli þeirra og ríkisreiknings, sem væntanlega þyrfti að taka upp. Því sýnist það mjög mikilvægt að frumvarp til lokafjárlaga sé lagt fram í nánu samráði og samvinnu við fjárlaganefnd.

Breytingar fjárheimilda.

Eins og fram hefur komið hefur ekki náðst það markmið að leggja fram lokafjárlög á sama tíma og ríkisreikning. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Meginástæðan er sú að ekki hefur verið samræmi á milli fjárheimilda samkvæmt fjárlagakerfi fjármálaráðuneytisins og fjárheimilda samkvæmt bókhaldskerfi fjársýslunnar. Þá hafa verið gerðar ýmsar millifærslur á milli fjárlagaliða sem erfitt hefur verið að stemma af á milli þessara kerfa.

Frá árinu 1998 hafa verið gerðar ýmsar breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða án þess að leitað hafi verið eftir heimildum Alþingis. Fyrst og fremst er um svokallaðar *beinar breytingar* að ræða en í þeim felst að fjárheimild er breytt í samræmi við niðurstöðu viðkomandi fjárlagaliðar. Þetta á aðallega við um fjárlagaliði sem flokkast ekki sem stofnanir, svo sem lífeyrisskuldbindingar, afskriftir og lögbundin framlög til aðila utan ríkissjóðs. Rökin fyrir þessu eru þau að þar sem lokafjárlög hafa ekki verið tilbúin myndi ríkisreikningur sýna óeðlilegan mun á milli fjárheimilda og rauntalna.

Að lokum má nefna að frá og með árinu 2001 var framsetningu ríkisreiknings breytt á þann veg að í stað þess að reikningur einstakra fjárlagaliða sýndi eingöngu gjöld að frádregnum sértekjum sýnir hann nú allar tekjur viðkomandi fjárlagaliðs. Með öllum tekjum er átt við markaðar skatttekjur, rekstrartekjur og sértekjur. Reikningurinn sýnir nú hagnað eða tap af rekstri. Þessi framsetning hefur áhrif á höfuðstól fjárlagaliðarins og endurspeglar samsvarandi breytingu á fjárheimild.

Fjárlögum hefur hins vegar ekki verið breytt í samræmi við þessa framsetningu ríkisreiknings. Fjárlögin sýna eingöngu þann útgjaldaramma sem viðkomandi stofnun er ætlað að starfa innan og síðan er sýnd áætlun um fjármögnun þessara útgjalda sem skiptist í innheimtu ríkistekna og greiðslna úr ríkissjóði.

Frumvörp til lokafjárlaga fyrir árin 2002 og 2003.

Ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um hvort frumvarpið fyrir sig þar sem síðara frumvarpið er með þá lokastöðu sem lagt er til að verði samþykkt. Þær tölur sem birtast hér á eftir eiga því aðeins við um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Frumvarp til lokafjárlaga 2003 skiptist í fjórar greinar. Í 1. gr. eru breytingar vegna frávika ríkistekna og er þar gert ráð fyrir að fjárheimildir breytist (aukist) um 1,8 milljarða kr. Í 2. gr. er yfirlit yfir niðurfellda stöðu fjárveitinga í A-hluta. Samkvæmt frumvarpinu er staðan neikvæð sem þýðir að fjárheimildir aukast um 5,7 milljarða kr. Í 3. gr. er fjárheimildum í A-hluta breytt vegna endurmatsreikninga o.fl. og aukast fjárheimildir um tæpan 1 milljarð kr. 4. gr. fjallar síðan um samþykkt laganna og staðfestingu ríkisreiknings.

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna (1. gr.).

Hér eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika á ríkistekjum þeirra frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Í greinargerð með frumvarpinu eru tilgreindar þrjár vinnureglur í þessu sambandi:

- *Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum stofnana samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjár- og fjáraukalaga leiði til jafnmikillar breytingar á fjárheimildum ársins.*
- *Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum. Sú regla á t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa.*
- *Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjár- og fjáraukalögum þótt markaðar tekjur hafi reynst vera meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband á milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað. Þar má helst nefna framlög til vegagerðar og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar, sbr. viðskiptahreyfingar á tekjuliðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum.*

Við nánari skoðun kemur í ljós að þessar vinnureglur standast ekki og ekki er innbyrðis samræmi í túlkun á þeim. Halda má því fram að þriðja vinnureglan komist næst því að vera eðlileg túlkun á vilja Alþingis. Hér er verið að leggja til m.a. að fjárheimildir stofnana verði auknar er markaðar tekjur þeirra aukast. Í fæstum tilfellum er beint samband milli aukningar tekna og útgjalda. Útgjaldarammi þessara stofnana er ákvarðaður í fjárlögum og ef breyta á honum gerist það ekki nema með samþykki Alþingis.

Í minnisblaði Ragnheiðar Snorradóttur, lögfræðings hjá fjármálaráðuneytinu, er fjallað um álitamál sem snerta þessa grein frumvarps til lokafjárlaga. Þar er til umfjöllunar hvort hægt sé að breyta þannig framsetningu fjárlaga að markaðar tekjur og rekstrartekjur yrðu dregnar frá gjöldum eins og gert er með sértekjur og þar með þyrfti ekki að leita eftir sérstakri heimild í lokafjárlögum. Þar segir orðrétt:

Í ljósi fjárstjórnarvalds Alþingis og með vísan til 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 21. gr. fjárreiðulaga, er ekki unnt að víkja frá þeim meginmarkmiðum sem þar koma fram um að leita skuli heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna, sem stafa af því að markaðar tekjur og rekstrartekjur reynast hærri en áætlað var í fjárlögum.

Ríkisendurskoðun telur að núverandi verklag við að leita eftir heimildum vegna frávika á mörkuðum- og rekstrartekjum sé ekki rétt. Það getur t.d. ekki verið raunhæft að leitað sé eftir heimild Alþingis um að veita stofnun heimild til ráðstöfunar á umframtekjum löngu eftir að fjárhagsárinu er lokið og ef um er að ræða minni tekjur að draga saman útgjöld. Þar sem frávik tekna kemur fram í afkomu ársins og hún flyst milli ára eigi Alþingi að taka afstöðu til með hvaða hætti ráðstafa eigi afkomunni í framtíðinni annaðhvort í fjáraukalögum eða í fjárlögum.

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta (2. gr.).

Í þessari grein er lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verið felldar niður og flytjist því ekki yfir á næsta ár. Stuðst er við þá meginreglu að í þeim tilvikum þegar útgjöld ráðast með

beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem útgjöld almannatrygginga, er staðan ekki flutt yfir til næsta árs heldur felld niður. Sama gildir um stöðu fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld fjárlagaliðar eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem útgjöld á sameiginlegum launa- og verðlagslið fjárlaga. Þá má nefna afskriftir en niðurfelld staða þeirra nemur 5,4 milljörðum kr. Ríkisendurskoðun telur að sú sjálfvirka niðurfelling stöðu framangreindra fjárlagaliða eigi ekki að gerast heldur eigi sama regla um afgreiðslu og tilflutning milli ára að gilda um þessa liði eins og aðra fjárlagaliði og að þeir lúti sama aðhaldi og aðrir. (Sjá m.a. umfjöllun í frumvarpi, bls. 131, um þetta efni.) Í lokin er lagt til að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður.

Breyttar fjárheimildir í A-hluta vegna endurmatsreikninga o.fl. (3. gr.).

Hér eru lagðar til einskiptisaðgerðir til að samhæfa uppgjör lokafjárlaga og ríkisreiknings. Í fyrsta lagi er fjárheimildum stofnana breytt í samræmi við færslur af endurmatsreikningi. Í öðru lagi er lögð til breyting á höfuðstólsstöðu Þjóðleikhúss og Hafnabótasjóðs vegna flutnings í A-hluta og í þriðja lagi eru lagðar til sérstakar breytingar frá vinnuhópi sem fór yfir ríkisreikning og lokafjárlög með það að markmiði að samræma stöður fjárheimilda og höfuðstóls í árslok 2003.

Flutningur fjárheimilda á milli ára.

Á undanförnum árum hafa margar stofnanir flutt með sér skuldahala yfir mörg áramót og einnig hafa aðrar stofnanir „safnað“ fjárheimildum. Hvort tveggja er óeðlilegt nema komi til sérstakar tímabundnar skýringar. Segir m.a. í greinargerð með frumvarpinu að hafi stofnun t.d. ráðstafað meiru fé til rekstrar en ákveðið var með fjárlögum losnar hún ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður hún að vinna hana upp á komandi *árum*. Útfærslan á þessari reglu undanfarin ár hefur orðið til þess að skapa veruleg fjárhagsvandræði hjá fjölmörgum stofnunum auk þess sem margar þeirra hafa þurft að skerða lögboðna þjónustu. Í fæstum tilfellum hefur vandamálið verið leyst með hagræðingu í rekstri eða að skipt hafi verið um stjórnendur. Skuldin hefur haldið áfram að vaxa án þess að gerð sé raunhæf úttekt á vandanum, þ.e. á því hvort rekstrargrunnur sé vanmetinn eða viðkomandi stofnun illa rekin.

Í frumvarpinu er gerð grein fyrir tillögum fjármálaráðuneytisins um ráðstöfun fjárheimilda í árslok. Þær byggja á vinnureglum sem vinnuhópur á vegum fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar fjallaði um og samþykkti. Þar kemur fram að umframútgjöld liða dragist að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema til komi fjögur atriði sem talin eru upp en eiga almennt ekki við rekstur ríkisstofnana. Þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið hafi sett reglur um framkvæmd fjárlaga sem kveða á um tilteknar aðgerðir ef stofnun fer 4% fram úr fjárlögum virðast þær ekki duga til.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að flytja alls 22,8 milljarða kr. afgangsheimildir og 13,0 milljarða kr. umframgjöld einstakra viðfangsefna yfir á árið 2004. Í heild flyst því 9,9 milljarða kr. jákvæð heimildarstaða í árslok 2003 yfir á árið 2004. Þetta eru gríðarlegar fjárhæðir sem benda til veikleika, bæði í áætlanagerð fjárlaga og rekstri opinberra stofnana.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið:

Minnisblað um umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvörp til lokafjárlaga fyrir árin 2002 og 2003, dags. 30. mars 2005.
(12. apríl 2005.)

Í minnisblaði þessu verður farið yfir þær efnislegu athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerir við frumvörpin og vinnslu þeirra. Eru athugasemdirnar í sömu röð og undir sömu kaflaheitum og í umsögn Ríkisendurskoðunar.

1. Ákvæði fjárreiðulaga.

Ríkisendurskoðun telur að vandamál geti komið upp ef Alþingi breytir frumvarpi til lokafjárlaga því að þá myndist ósamræmi á milli þeirra og ríkisreiknings, sem væntanlega þyrfti að taka upp. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að efni lokafjárlaga fjallar annars vegar um stöðu fjárheimilda og hvernig skuli ráðstafa þeim og hins vegar um staðfestingu á ríkisreikningi. Alþingi getur tekið ákvörðun um að breyta stöðu heimilda frá frumvarpi til lokafjárlaga enda er frumvarpið lagt fram sem tillaga fyrir Alþingi til umfjöllunar og afgreiðslu. Kjósi Alþingi að fella niður stöðu fjárheimildar eða draga til baka niðurfellda stöðu í frumvarpinu breytir það ekki ríkisreikningi heldur hefur það áhrif á upphafsstöðu reiknings næsta árs í samræmi við lögin eins og Alþingi afgreiddi þau.

2. Breyting fjárheimilda.

Fjármálaráðuneytið og Fjársýsla ríkisins hafa nú samræmt heimildastöðu fjárlagakerfis og bókhalds þannig að upphafsstaða í ríkisreikningi fyrir árið 2004 verði í samræmi við niðurstöður lokafjárlaga 2003. Hafinn er undirbúningur þess að vinna frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004 því sem næst samhliða ríkisreikningi. Með því er stefnt að því að frumvarp til lokafjárlaga verði tilbúið sem næst framlagningu ríkisreiknings og verði til afgreiðslu á Alþingi á haustþingi.

3. Talnalegt yfirlit.

Ríkisendurskoðun segir í umsögn sinni að samkvæmt fylgiskjali 2 sem sýnir árslokastöðu viðfangsefna verði 4,1 milljarður kr. nettó fluttur á næsta ár. Það er misskilningur. Eins og skýrt kemur fram í greinargerð frumvarpsins og fyrirsögnum yfirlita sýnir fylgiskjal 2 einungis stöðu í lok ársins 2003 en segir ekki til um flutning eða niðurfellingu á stöðu til næsta árs, upphafstöðuna 2004 eftir niðurfellingar, það kemur fram í fylgiskjali 1 og sundurliðun 2.

Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt fylgiskjali 2 sé niðurstaða ríkisreiknings sögð vera 280.939 millj. kr. en samkvæmt ríkisreikningi nemi útgjöldin 280.712 millj. kr. Mismunurinn, 319 millj. kr., skýrist alfarið af mismunandi skilgreiningum á hvað teljast vera ríkistekjur annars vegar og sértekjur hins vegar. Mismunandi framsetning í vinnslugrunni reikningstalna að þessu leyti hefur þó engin áhrif á stöðu fjárheimilda í árslok, mismun fjárheimildar og nettóútgjalda, og hefur því enga þýðingu fyrir lagagreinar frumvarps til lokafjárlaga. Fjármálaráðuneytið og Fjársýsla ríkisins hafa farið yfir í hverju mismunandi skilgreiningar felast og munu samræma þær og er það óháð frumvarpi til lokafjárlaga. Í ríkisreikningi eru öll skólagjöld framhaldsskóla talin til ríkistekna en í fjárlögum eru eingöngu talin skráningargjöld og ekki meðtalin þátttaka nemenda í kostnaði við nám í öldungadeild-

um. Í öðrum tilvikum þar sem er um að ræða frávik eru leigutekjur af lóðum og löndum taldar til sértekna í fjárlögum en til ríkistekna í reikningi.

4. Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna (1. gr.).

Ábendingar Ríkisendurskoðunar um meðferð frávika í ríkistekjum eru ekki alveg skýrar. Ríkisendurskoðun telur að núverandi verklag við að leita heimilda vegna frávika á mörkuðum- og rekstrartekjum ekki rétt. Segir stofnunin það vinnulag að breyta ekki fjárheimildum til samræmis við breytingar á tekjum komist næst því að endurspegla vilja Alþingis en leggur aftur á móti til að þar sem frávik tekna komi fram í afkomu stofnana eigi að taka afstöðu til hennar (þ.e. afkomunnar). Annars vegar virðist Ríkisendurskoðun gagnrýna að fjárheimildum sé breytt vegna frávika í ríkistekjum og hins vegar virðist stofnunin leggja til að fjárheimildir breytist sjálfkrafa vegna frávikanna, án atbeina Alþingis. Lokafjárlög byggja á því sjónarmiði að fjárheimild Alþingis þurfi til allra útgjalda ríkissjóðs í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Eina undantekningin frá þessu er ráðstöfun sértekna og er þar stuðst við áratugalanga hefð. Í fjárlögum fyrir árið 2003 voru markaðar tekjur áætlaðar 45,5 milljarðar kr. og aðrar rekstrartekjur stofnana 5,7 milljarðar kr. Í frumvarpi til lokafjárlaga eru lagðar til breytingar á fjárheimildum er nemur 1,8 milljarði kr. vegna breytinga ríkistekna, eða sem nemur 3,5% af ríkistekjum og 0,7% af niðurstöðu fjárlaga 2003.

Fullyrðingar um að vinnureglur um uppgjör ríkistekna standist ekki og að ekki sé innbyrðis samræmi í túlkun þeirra eru settar fram án skýringa eða rökstuðnings og telur fjármálaráðuneytið því ekki ástæðu til að fjalla um það en vísar til skýringa í greinargerð frumvarps til lokafjárlaga.

5. Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta (2. gr.).

Fjármálaráðuneytið er sammála ábendingum Ríkisendurskoðunar um að þrengja má þá skilgreiningu sem notuð er við ákvörðun um hvaða stöður skuli falla niður í árslok. Er í því sambandi vísað til greinargerðar með frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2003, bls. 101. Eðlilegt er þó að gera áfram tillögur um að fella niður stöðu heimilda á áætlanaliðum svo sem lífeyrisskuldbindingum og vaxtagjöldum. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpanna er megintilgangurinn með því að flytja afgangsheimildir og umframgjöld á milli ára að bæta ráðstöfun opinbers fjár og hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Sé um fjárlagaliði að ræða sem eru reiknaðir, hafa ekki ákveðinn ábyrgðaraðila eða ráðast af öðrum lögum en fjárlögum er ekki til að dreifa þeim rökum að yfirfærsla fjárheimildar bæti fjármálastjórn.

6. Flutningur fjárheimilda á milli ára.

Fjármálaráðuneytið er sammála Ríkisendurskoðun um að eðlilegt sé við fjárlagagerð ár hvert að skoða stöðu fjárheimilda stofnana og verkefna og hvort fjárheimildastaða er óeðlilega há og tekin sé afstaða til langvarandi rekstrarvanda verkefna. Við fjárlagagerð ár hvert vekur fjármálaráðuneytið athygli ráðuneyta á þeim verkefnum sem hafa farið umfram fjárveitingar og safnað skuldum og lagt til að tekið verði á þeim við fjárlagagerð annaðhvort með breyttri forgangsröðun fjárveitinga eða breytingum á viðkomandi verkefnum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir ár hvert liggur fyrir tillaga ríkisstjórnarinnar um hvernig skuli tekið á málum viðkomandi verkefna og við samþykkt fjárlaga liggur afstaða löggjafans fyrir. Séu ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum felst í því ákvörðun um að breytingar verði gerðar á verkefnum. Það er á ábyrgðasviði hvers ráðuneytis að fylgja þeim ákvörðunum eftir og er vel að Alþingi og Ríkisendurskoðun framfylgja eftirlitshlutverki sínu gagnvart ráðuneytum af festu.

Í umsögn Ríkisendurskoðunar er vakin athygli á að í frumvarpinu er lagt til að fluttar afgangsheimildir verði 22,4 milljarðar kr. og umframgjöld 13,4 milljarðar kr. og því færist 9,9 milljarðar kr., nettó, á milli áranna 2004. Í umsögninni eru það taldar vera gríðarlegar fjárhæðir og til marks um veikleika í áætlanagerð fjárlaga og í rekstri stofnana. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að staða afgangsheimilda og umframgjalda ræðst að hluta til af því hvaða bókhaldslega sundurgreining er notuð. Framangreindar tölur frumvarpsins miðast við stöðuna á einstöku viðfangsefnum fjárlaga en í mörgum tilvikum er jákvæð eða neikvæð staða á einu viðfangsefni vegin upp með stöðu á öðru viðfangsefni innan sama fjárlagaliðar eða stofnunar. Almennt er raunar fremur litið til þess að staða fjárlagaliða sé í jafnvægi fremur staða einstakra viðfangsefna þeirra. Þetta kemur glögglega fram í yfirliti með umsögn Ríkisendurskoðunar þar sem afgangsheimildir eru sýndar mun lægri eða um 15 milljarðar kr. og umframgjöld 5,1 milljarður kr. því að þar er miðað við stöðu einstakra fjárlagaliða fremur en viðfangsefna. Jafnvel þótt fjárheimildirnar séu gerðar upp miðað við einstök viðfangsefni þarf eins og vikið er að á bls. 102 í greinargerð frumvarpsins að taka með í reikninginn þekkt vandamál. Það felst í því að hjá mörgum stofnunum gera fjárlög ráð fyrir því að fjárheimildir skiptist á fleiri en eitt verkefni en bókhaldi hefur síðan ekki verið hagað með þeim hætti þannig að frávik verða mikil á viðfangsefnum þótt nettóstaðan sé lægri. Dæmi um þetta eru frávik á viðfangsefnum fyrir kennslu annars vegar og rannsóknir hins vegar hjá Háskóla Íslands í fylgiskjali 1 á bls. 110 í frumvarpinu. Ef leiðrétt er lauslega fyrir slíkum tilvikum þar sem útgjöld er gjaldfærð annars staðar en fjárlög gera ráð fyrir þá lækka afgangsheimildir og umframgjöld miðað við stöðu viðfangsefna um 5 milljarða kr. Við fjárlagagerð fyrir árið 2006 verður stefnt að því að fækka viðfangsefnum þar sem í reikningshaldi hefur ekki verið notast sundurliðun fjárlaga.

Ef litið er til þess hvaða fjárheimildir er um að ræða þá kemur fram að af 15 milljarða kr. fluttum afgangi fjárlagaliða er helmingurinn eða 7,6 milljarðar kr. vegna framkvæmda, þar af er 1,1 milljarður kr. vegna menningarhúsa og 4,6 milljarðar kr. vegna samgöngufamkvæmda. Í báðum tilvikum hafa verkefni færst á milli ára. Þá má nefna að 5,1 milljarða kr. umframgjöld svara til 1,8% af fjárheimildum ársins 2003. Telji Ríkisendurskoðun óðeðlilega mikinn halla eða afgang á einstökum liðum væri til bóta að fá athugasemdir um þá liði. Þeim athugasemdum yrði þá komið á framfæri við viðkomandi ábyrgðaraðila.

Þá segir í þessum kafla umsagnar Ríkisendurskoðunar að samkvæmt fylgiskjali 1 með frumvarpinu um árslokastöður 2003 sem flytjast til ársins 2004 þurfi að breyta fluttri stöðu ríkisreiknings um 4,8 milljarða kr., sbr. talnayfirlit með umsögninni. Þetta er á misskilningi byggt. Þarna er flutt staða til ársins 2004 í frumvarpinu, þ.e. eftir niðurfellingar í árslok 2003, borin saman við heildarárslokastöðu 2003 í reikningi. Hefur því láðst að gera ráð fyrir stöðum sem eru felldar niður í lok ársins 2003 í reikningnum. Þegar tekið hefur verið tillit til þess er um að ræða 1,7 milljarða kr. sem koma til breytingar á upphafsstöðu reikningsins 2004 vegna samræmingar við lokafjárlögin. Er það ekki óeðlilegt að mati fjármálaráðuneytisins.

7. Um niðurstöðu Ríkisendurskoðunar.

Fjármálaráðuneytið gerir athugasemdir við niðurstöður Ríkisendurskoðunar þar sem þær virðast ekki í samræmi við efni umsagnarinnar og virðast settar fram án frekari rökstuðnings. Það hefur legið fyrir og verið rætt á Alþingi að það var talið lítt ásættanlegt hve frumvarp til lokafjárlaga kom seint fram eftir framlagningu ríkisreiknings. Eins og fram kemur í umsögn Ríkisendurskoðunar hefur verið bætt úr því. Fjármálaráðuneytið hafnar því að framkvæmd fjárlaga og gerð fjáraukalaga „sé með öllu óásættanleg“ eins og komist er að orði í umsögn Ríkisendurskoðunar og telur rökstuðning skorta fyrir þeirri ályktun. Fjármálaráðuneytið tekur

undir að auka þurfi aga í kerfinu og hefur unnið að því á undanförnum árum. Fjármálaráðuneytið tekur ekki undir það sjónarmið að ríkisreikningur sé ekki samanburðarhæfur við fjárlög vegna umfangs millifærslna. Óhjákvæmilegt er að millifærslur verði nokkrar ár hvert og er mest umfang þeirra vegna launa- og verðlagsmála þegar flytja þarf heimildir til stofnana vegna samninga og úrskurða kjaranefndar og Kjaradóms eftir afgreiðslu fjárlaga. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 var í greinargerð hvers ráðuneytis tilgreint hvaða liðir eru safnliðir sem heimilt er að millifæra af eða á innan ársins og hafa ekki komið athugasemdir við þá liði eða umfang þeirra. Þá hefur fjármálaráðuneytið sett reglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins til að tryggja að þær verði í samræmi við eðli og tilgang viðkomandi safnliðar. Því fer fjarri að úthlutun af liðunum fari eftir „geðþótta“ enda eru flestir þeirra í ákveðnum tilgangi, svo sem launa- og verðlagsliður, liðir vegna fjölda nemenda í framhaldsskólum, nýtingu rýma í hjúkrunarheimilum, safnliðir vegna námsleyfa og veikinda o.s.frv. Gagnlegra hefði verið að Ríkisendurskoðun rökstyddi ályktanir sínar með dæmum telji stofnunin að óeðlilega hafi verið staðið að millifærslum. Fjármálaráðuneytið tekur undir þá ábendingu Ríkisendurskoðunar að óeðlilegt sé að úthluta af safnliðum eftir að reikningsári er lokið og að gera eigi þá kröfu að fjárheimildir stofnana liggi fyrir eins fljótt og auðið er.

Fylgiskjal III.

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok (halli 10% eða meira í ársbyrjun).

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Batnað á árinu?
00	00-101	Embætti forseta Íslands	-19,5	124,7	14,3	0,5	120,0	156,8	-36,8	-15,6%	Nei
01	01-201	Fasteignir forsætisráðuneytis	-5,7	54,5	8,0	0,5	57,3	53,2	4,1	-10,5%	Já
01	01-261	Óbyggðanefnd	-5,0	48,1	22,6	0,0	65,7	62,8	2,9	-10,4%	Já
02	02-211	Tækniháskóli Íslands	-61,8	398,3	35,0	29,5	401,0	545,1	-144,1	-15,5%	Nei
02	02-223	Námsmatsstofnun	-11,1	19,7	0,0	0,1	8,7	18,0	-9,3	-56,3%	Já
02	02-235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	-23,0	95,0	0,0	0,0	72,0	93,6	-21,6	-24,2%	Já
02	02-236	Vísindasjóður	-50,1	210,1	0,0	0,0	160,0	220,7	-60,7	-23,8%	Nei
02	02-237	Tæknisjóður	-41,0	201,9	0,0	0,0	160,9	202,6	-41,7	-20,3%	Nei
02	02-239	Rannsóknarnámssjóður	-38,2	40,0	0,0	0,0	1,8	56,3	-54,5	-95,5%	Nei
02	02-303	Menntaskólinn að Laugarvatni	-19,6	108,8	0,0	6,9	96,1	129,8	-33,7	-18,0%	Nei
02	02-308	Menntaskólinn í Kópavogi	-181,2	459,0	0,0	93,3	371,1	507,1	-136,0	-39,5%	Já
02	02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-124,9	588,4	0,0	99,6	563,1	637,8	-74,7	-21,2%	Já
02	02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-74,1	313,9	0,0	121,8	361,6	433,2	-71,6	-23,6%	Já
02	02-352	Flensborgarskóli	-30,1	236,1	0,0	28,2	234,2	291,5	-57,3	-12,7%	Nei
02	02-354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-48,2	291,0	0,0	45,9	288,7	324,2	-35,5	-16,6%	Já
02	02-356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-21,6	195,1	0,0	-5,8	167,7	222,1	-54,4	-11,1%	Nei
02	02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-96,2	540,2	0,0	85,1	529,1	628,9	-99,8	-17,8%	Nei
02	02-430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-4,7	23,8	5,0	11,6	35,7	34,0	1,7	-19,7%	Já
02	02-507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-6,7	58,1	0,0	-5,7	45,7	60,1	-14,4	-11,5%	Nei
02	02-564	Listdansskólinn	-63,9	57,5	0,0	0,4	-6,0	69,7	-75,7	-111,1%	Nei
02	02-804	Kvikmyndaskoðun	-10,5	9,0	0,0	0,0	-1,5	12,2	-13,7	-116,7%	Nei
02	02-908	Kvikmyndasafn Íslands	-10,7	43,7	0,0	-14,9	18,1	19,5	-1,4	-24,5%	Já
02	02-972	Íslenski dansflokkurinn	-23,1	66,2	0,0	11,9	55,0	70,7	-15,7	-34,9%	Já
02	02-979	Húsafriðunarnefnd	-20,7	94,3	0,0	0,0	73,6	82,4	-8,8	-22,0%	Já

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Batnað á árinu?
03	03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-86,8	763,8	16,2	44,4	737,6	825,0	-87,4	-11,4%	Nei
03	03-190	Ýmis verkefni	-47,3	40,5	0,0	-10,9	-17,7	32,8	-50,5	-116,8%	Nei
03	03-302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	-14,4	47,2	0,0	0,4	33,2	62,8	-29,6	-30,5%	Nei
03	03-304	Sendiráð Íslands í Moskvu	-19,8	81,1	0,0	-8,9	52,4	70,7	-18,3	-24,4%	Já
03	03-305	Sendiráð Íslands í Ósló	-10,2	54,7	0,0	-3,6	40,9	60,4	-19,5	-18,6%	Nei
03	03-308	Sendiráð Íslands í Washington	-32,5	78,6	0,0	-9,1	37,0	85,8	-48,8	-41,3%	Nei
03	03-309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	-42,1	143,9	0,0	-17,4	84,4	153,0	-68,6	-29,3%	Nei
03	03-310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	-10,6	102,7	0,0	0,6	92,7	110,7	-18,0	-10,3%	Nei
03	03-311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	-8,6	78,0	0,0	0,6	70,0	76,4	-6,4	-11,0%	Já
03	03-315	Sendiráð Íslands í Ottawa	-17,6	56,8	0,0	20,0	59,2	57,2	2,0	-31,0%	Já
03	03-318	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	-7,8	27,4	0,0	0,3	19,9	33,2	-13,3	-28,5%	Nei
04	04-221	Veiðimálastofnun	-19,1	52,3	2,5	0,1	35,8	41,4	-5,6	-36,5%	Já
04	04-233	Yfirdýralæknir	-51,6	346,1	2,0	4,8	301,3	373,4	-72,1	-14,9%	Nei
05	05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-14,4	135,5	31,4	0,1	152,6	144,7	7,9	-10,6%	Já
06	06-102	Stjórnartíðindi	-14,3	4,2	0,0	0,0	-10,1	22,6	-32,7	-340,5%	Nei
06	06-490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	-25,2	199,4	20,0	-37,5	156,7	195,8	-39,1	-12,6%	Nei
07	07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-155,5	274,4	0,0	0,0	118,9	273,3	-154,4	-56,7%	Já
07	07-980	Vinnumálastofnun	-66,9	161,7	0,0	0,2	95,0	180,2	-85,2	-41,4%	Nei
07	07-981	Vinnumál	-6,4	28,5	3,4	-2,0	23,5	27,6	-4,1	-22,5%	Já
08	08-201	Tryggingastofnun ríkisins	-112,2	823,8	23,6	9,2	744,4	882,2	-137,8	-13,6%	Nei
08	08-326	Sjónstöð Íslands	-6,5	57,9	0,0	1,4	52,8	70,2	-17,4	-11,2%	Nei
08	08-330	Manneldisráð	-1,8	17,8	-8,8	0,5	7,7	9,7	-2,0	-10,1%	Nei
08	08-381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-109,9	306,4	266,9	-32,8	430,6	183,2	247,4	-35,9%	Já
08	08-402	Framkvæmdasjóður aldraðra	-122,8	885,0	0,0	0,0	762,2	895,2	-133,0	-13,9%	Nei
08	08-427	Jaðar, Ólafsvík	-14,2	19,8	0,0	-3,0	2,6	24,7	-22,1	-71,7%	Nei
08	08-429	Barmahlíð, Reykhólum	-6,0	48,8	0,0	-3,6	39,2	53,7	-14,5	-12,3%	Nei

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Batnað á árinu?
08	08-443	Holtsbúð, Garðabæ	-19,8	116,4	47,0	26,6	170,2	151,7	18,5	-17,0%	Já
08	08-447	Sóltún, Reykjavík	-103,9	644,4	0,0	0,0	540,5	675,7	-135,2	-16,1%	Nei
08	08-470	Vesturhlíð, Reykjavík	-2,7	9,9	0,0	0,0	7,2	9,6	-2,4	-27,3%	Já
08	08-474	MS-félag Íslands, Reykjavík	-13,5	58,6	0,0	-4,6	40,5	58,0	-17,5	-23,0%	Nei
08	08-475	Múlabær, Reykjavík	-7,7	45,5	0,0	-3,3	34,5	51,3	-16,8	-16,9%	Nei
08	08-476	Fríðuhús, Reykjavík	-2,9	24,3	0,0	-0,4	21,0	26,3	-5,3	-11,9%	Nei
08	08-505	Heilsugæsla í Reykjavík	-182,6	1.077,0	0,0	177,9	1.072,3	1.308,5	-236,2	-17,0%	Nei
08	08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-54,9	429,7	0,0	92,4	467,2	531,3	-64,1	-12,8%	Nei
08	08-524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-7,2	56,2	0,0	21,8	70,8	85,2	-14,4	-12,8%	Nei
08	08-586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-17,3	98,8	0,0	32,8	114,3	137,2	-22,9	-17,5%	Nei
08	08-735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	-19,8	92,9	1,4	13,0	87,5	107,0	-19,5	-21,3%	Já
08	08-745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	-29,3	274,8	5,8	35,5	286,8	302,8	-16,0	-10,7%	Já
08	08-761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	-99,6	575,8	11,1	82,3	569,6	657,9	-88,3	-17,3%	Já
08	08-781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	-49,9	435,6	9,7	43,0	438,4	501,0	-62,6	-11,5%	Nei
08	08-795	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-58,8	497,5	38,8	19,4	496,9	547,8	-50,9	-11,8%	Já
09	09-972	Lánasýsla ríkisins	-31,2	62,2	0,0	1,1	32,1	53,9	-21,8	-50,2%	Já
10	10-481	Rannsóknanefnd flugslysa	-4,7	24,7	5,8	0,0	25,8	26,4	-0,6	-19,0%	Já
14	14-202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-2,8	6,8	0,0	0,0	4,0	6,6	-2,6	-41,2%	Já
14	14-281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-41,6	220,0	0,0	0,0	178,4	253,7	-75,3	-18,9%	Nei
14	14-407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-3,5	18,3	0,0	0,2	15,0	11,9	3,1	-19,1%	Já
			-2.769,8	**13.883,1**	**561,7**	**1.000,4**	**12.675,4**	**15.382,0**	**-2.706,6**		

Samtals fjöldi = 70
Batnað = 30
Versnað = 40

Uppruni fjárheimilda ársins 2003, reikningsfærð gjöld og staða í árslok (innistæða 10% eða meiri í upphafi árs).

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Staða batnað?
01	01-190	Ýmis verkefni	268,1	187,9	35,0	29,5	520,5	399,3	121,2	142,7%	Nei
01	01-203	Fasteignir Stjórnarráðsins	190,4	25,0	75,0	0,0	290,4	199,3	91,1	761,6%	Nei
01	01-251	Þjóðmenningarhúsið	19,1	72,3	0,0	2,7	94,1	77,4	16,7	26,4%	Nei
01	01-253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	94,2	9,7	0,0	0,0	103,9	83,0	20,9	971,1%	Nei
01	01-303	Kristnihátíðarsjóður	53,7	100,0	0,0	0,0	153,7	96,4	57,3	53,7%	Já
01	01-996	Íslenska upplýsingasamfélagið	10,9	20,0	0,0	-16,8	14,1	0,0	14,1	54,5%	Já
02	02-199	Ráðstöfunarfé	3,0	18,0	0,0	-16,0	5,0	0,0	5,0	16,7%	Já
02	02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	27,0	124,6	0,0	0,2	151,8	128,3	23,5	21,7%	Nei
02	02-206	Orðabók Háskólans	14,4	25,2	0,0	0,0	39,6	31,2	8,4	57,1%	Nei
02	02-207	Íslensk málstöð	4,2	17,2	0,0	2,4	23,8	16,5	7,3	24,4%	Já
02	02-208	Örnefnastofnun Íslands	2,5	14,6	0,0	0,4	17,5	18,0	-0,5	17,1%	Nei
02	02-238	Bygginga- og tækjasjóður	229,3	90,0	24,0	0,0	343,3	80,4	262,9	254,8%	Já
02	02-307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	18,3	154,2	0,0	9,5	182,0	174,4	7,6	11,9%	Nei
02	02-318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	223,5	498,0	0,0	-60,9	660,6	444,7	215,9	44,9%	Nei
02	02-319	Framhaldsskólar, almennt	277,3	1.120,0	553,0	-1.300,5	649,8	488,8	161,0	24,8%	Nei
02	02-355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	18,1	118,0	0,0	11,1	147,2	133,8	13,4	15,3%	Nei
02	02-357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	54,1	357,9	0,0	36,2	448,2	422,5	25,7	15,1%	Nei
02	02-363	Framhaldsskólinn á Laugum	18,3	80,3	0,0	11,3	109,9	102,3	7,6	22,8%	Nei
02	02-571	Sjómannaskólahúsið	6,5	35,4	0,0	0,0	41,9	23,0	18,9	18,4%	Já
02	02-884	Jöfnun á námskostnaði	53,0	484,5	0,0	0,0	537,5	506,9	30,6	10,9%	Nei
02	02-901	Fornleifavernd ríkisins	4,6	34,9	0,0	1,6	41,1	41,5	-0,4	13,2%	Nei
02	02-902	Þjóðminjasafn Íslands	39,7	263,6	0,0	4,5	307,8	231,6	76,2	15,1%	Já
02	02-906	Listasafn Einars Jónssonar	8,1	10,1	0,0	0,4	18,6	9,4	9,2	80,2%	Já
02	02-907	Listasafn Íslands	15,4	88,8	0,0	2,4	106,6	78,0	28,6	17,3%	Já
02	02-918	Safnasjóður	8,2	58,0	0,0	-3,8	62,4	55,1	7,3	14,1%	Nei
02	02-919	Söfn, ýmis framlög	24,6	181,8	19,5	2,8	228,7	190,2	38,5	13,5%	Já

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Millifært	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Staða batnað?
02	02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	85,1	403,3	1.134,0	15,0	1.637,4	494,7	1.142,7	21,1%	Já
02	02-976	Menningarsjóður	2,0	13,0	0,0	0,0	15,0	15,4	-0,4	15,4%	Nei
02	02-978	Listasjóðir	42,6	254,3	0,0	0,0	296,9	235,7	61,2	16,8%	Já
02	02-984	Norræn samvinna	3,2	13,0	0,0	0,4	16,6	15,8	0,8	24,6%	Nei
02	02-995	Tungutækni	72,8	15,0	0,0	0,0	87,8	35,8	52,0	485,3%	Nei
02	02-996	Íslenska upplýsingasamfélagið	82,6	98,5	0,0	60,2	241,3	217,2	24,1	83,9%	Nei
02	02-999	Ýmislegt	10,6	92,6	9,0	18,8	131,0	107,7	23,3	11,4%	Já
03	03-211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	92,4	589,5	0,0	0,0	681,9	591,8	90,1	15,7%	Nei
03	03-313	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	5,8	47,4	0,0	0,4	53,6	56,3	-2,7	12,2%	Nei
03	03-316	Sendiráð Íslands í Tókíó	59,1	91,3	0,0	-9,3	141,1	53,9	87,2	64,7%	Já
03	03-317	Sendiráð Íslands í Helsinki	20,9	50,1	0,0	0,4	71,4	48,4	23,0	41,7%	Já
03	03-391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	93,2	185,0	306,0	-7,5	576,7	271,2	305,5	50,4%	Já
03	03-401	Alþjóðastofnanir	246,9	793,6	50,0	-32,2	1.058,3	712,3	346,0	31,1%	Já
04	04-190	Ýmis verkefni	13,2	91,7	0,0	42,7	147,6	138,0	9,6	14,4%	Nei
04	04-236	Aðfangaeftirlit ríkisins	8,6	23,9	0,0	0,7	33,2	26,5	6,7	36,0%	Nei
04	04-831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	83,9	72,0	0,0	0,0	155,9	114,9	41,0	116,5%	Nei
04	04-843	Fiskræktarsjóður	52,9	17,0	0,0	0,0	69,9	18,5	51,4	311,2%	Nei
05	05-190	Ýmis verkefni	18,2	177,8	39,0	21,2	256,2	199,8	56,4	10,2%	Já
05	05-202	Hafrannsóknastofnunin	172,7	1.007,2	0,0	3,9	1.183,8	1.184,1	-0,3	17,1%	Nei
05	05-207	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	49,1	35,0	0,0	0,0	84,1	66,7	17,4	140,3%	Nei
05	05-213	Verðlagsstofa skiptaverðs	19,3	22,5	-5,0	0,5	37,3	20,6	16,7	85,8%	Nei
05	05-272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	27,2	11,6	0,0	0,0	38,8	12,5	26,3	234,5%	Nei
05	05-901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	29,8	57,2	0,0	0,4	87,4	59,4	28,0	52,1%	Nei
06	06-105	Lögbirtingablað	32,8	26,7	0,0	0,0	59,5	31,9	27,6	122,8%	Nei
06	06-190	Ýmis verkefni	11,3	55,4	0,0	20,6	87,3	72,6	14,7	20,4%	Já
06	06-201	Hæstiréttur	9,4	70,7	0,0	0,5	80,6	68,5	12,1	13,3%	Já

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Millifært	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Staða batnað?
06	06-251	Persónuvernd	17,8	60,6	0,0	1,0	79,4	46,4	33,0	29,4%	Já
06	06-301	Ríkissaksóknari	8,6	79,7	0,0	2,5	90,8	81,7	9,1	10,8%	Já
06	06-333	Umferðarstofa	53,0	343,1	0,0	1,8	397,9	331,4	66,5	15,4%	Já
06	06-341	Áfengis- og fíkniefnamál	15,1	90,5	0,0	-91,3	14,3	0,5	13,8	16,7%	Nei
06	06-390	Ýmis löggæslu- og öryggismál	61,9	84,9	8,0	-42,6	112,2	50,2	62,0	72,9%	Já
06	06-391	Húsnæði löggæslustofnana	60,0	10,0	0,0	-7,4	62,6	42,3	20,3	600,0%	Nei
06	06-397	Schengen-samstarf	13,5	53,6	0,0	0,0	67,1	40,8	26,3	25,2%	Já
06	06-398	Útlendingastofnun	28,2	149,3	2,4	8,2	188,1	160,7	27,4	18,9%	Nei
06	06-412	Sýslumaðurinn á Akranesi	29,8	137,4	0,0	1,6	168,8	137,4	31,4	21,7%	Já
06	06-428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	24,2	137,8	8,2	3,0	173,2	136,0	37,2	17,6%	Já
06	06-491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	105,6	67,5	0,0	-2,7	170,4	64,4	106,0	156,4%	Já
06	06-591	Fangelsisbyggingar	70,2	10,0	0,0	-6,2	74,0	26,7	47,3	702,0%	Nei
06	06-707	Kristnisjóður	7,6	61,5	3,3	0,0	72,4	69,1	3,3	12,4%	Nei
06	06-996	Íslenska upplýsingasamfélagið	20,3	3,0	0,0	-0,3	23,0	0,0	23,0	676,7%	Já
07	07-190	Ýmis verkefni	16,5	48,9	0,0	4,3	69,7	40,5	29,2	33,7%	Já
07	07-313	Jafnréttisstofa	4,8	31,7	7,0	1,9	45,4	43,6	1,8	15,1%	Nei
07	07-996	Íslenska upplýsingasamfélagið	2,3	8,5	0,0	-10,8	0,0	0,0	0,0	27,1%	Nei
08	08-207	Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	7,8	31,0	0,0	-38,8	0,0	0,0	0,0	25,2%	Nei
08	08-324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	18,5	99,7	0,0	67,0	185,2	161,5	23,7	18,6%	Já
08	08-397	Lyfjastofnun	55,5	144,3	0,0	1,0	200,8	154,5	46,3	38,5%	Nei
08	08-401	Hjúkrunarheimili, almennt	163,9	602,6	-310,0	-119,3	337,2	-38,7	375,9	27,2%	Já
08	08-418	Seljahlíð, Reykjavík	41,2	122,3	0,0	-70,6	92,9	118,9	-26,0	33,7%	Nei
08	08-425	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	5,3	39,1	0,0	-3,9	40,5	39,0	1,5	13,6%	Nei
08	08-426	Fellaskjól, Grundarfirði	14,5	38,2	0,0	0,0	52,7	26,3	26,4	38,0%	Já
08	08-436	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	13,0	53,1	0,0	-11,3	54,8	52,5	2,3	24,5%	Nei
08	08-438	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	7,3	65,0	0,0	0,5	72,8	69,4	3,4	11,2%	Nei
08	08-439	Hjallatún, Vík	7,7	42,5	0,0	-9,0	41,2	50,4	-9,2	18,1%	Nei

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Millifært	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Staða batnað?
08	08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	128,3	393,6	9,2	-298,5	232,6	40,8	191,8	32,6%	Já
08	08-551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	4,5	31,3	0,0	8,4	44,2	42,6	1,6	14,4%	Nei
08	08-572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	5,5	30,2	0,0	10,4	46,1	41,2	4,9	18,2%	Nei
08	08-578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	7,1	44,8	0,0	17,9	69,8	61,1	8,7	15,8%	Já
08	08-579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	5,8	28,4	0,0	6,1	40,3	33,3	7,0	20,4%	Já
08	08-585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	26,2	154,7	0,0	7,0	187,9	151,6	36,3	16,9%	Já
09	09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	55,9	483,1	0,0	6,3	545,3	497,0	48,3	11,6%	Nei
09	09-103	Fjársýsla ríkisins	243,5	1.053,0	0,0	0,5	1.297,0	1.152,0	145,0	23,1%	Nei
09	09-199	Ráðstöfunarfé	10,6	6,0	0,0	-5,5	11,1	0,0	11,1	176,7%	Já
09	09-208	Skattstofa Suðurlands	8,3	51,6	0,0	0,5	60,4	50,6	9,8	16,1%	Já
09	09-212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	91,0	77,9	0,0	-36,6	132,3	27,1	105,2	116,8%	Já
09	09-214	Yfirskattanefnd	16,9	90,1	0,0	1,9	108,9	91,5	17,4	18,8%	Já
09	09-402	Fasteignamat ríkisins	61,8	463,8	0,0	0,5	526,1	482,5	43,6	13,3%	Nei
09	09-901	Framkvæmdasýsla ríkisins	21,6	2,7	0,0	0,0	24,3	5,4	18,9	800,0%	Nei
09	09-990	Ríkisstjórnarákvarðanir	47,6	200,0	0,0	-231,2	16,4	0,0	16,4	23,8%	Nei
09	09-996	Íslenska upplýsingasamfélagið	17,8	21,0	0,0	0,0	38,8	0,0	38,8	84,8%	Já
09	09-999	Ýmislegt	132,7	605,8	96,5	84,6	919,6	666,4	253,2	21,9%	Já
10	10-335	Siglingastofnun Íslands	959,0	1.704,9	28,4	-931,9	1.760,4	989,1	771,3	56,3%	Nei
10	10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	225,7	146,4	0,0	16,3	388,4	196,9	191,5	154,2%	Nei
11	11-102	Einkaleyfastofan	32,0	118,5	0,0	0,4	150,9	103,3	47,6	27,0%	Já
11	11-240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	3,4	14,4	13,4	4,5	35,7	35,1	0,6	23,6%	Nei
11	11-251	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	104,7	75,0	0,0	0,0	179,7	26,0	153,7	139,6%	Já
11	11-299	Iðja og iðnaður, framlög	98,4	187,9	5,0	15,1	306,4	259,1	47,3	52,4%	Nei
11	11-301	Orkustofnun	176,6	272,3	45,2	8,2	502,3	294,6	207,7	64,9%	Já
11	11-401	Byggðaáætlun	154,2	285,1	0,0	-57,0	382,3	162,1	220,2	54,1%	Já
12	12-190	Ýmis verkefni	24,5	36,9	0,0	2,0	63,4	47,4	16,0	66,4%	Nei
12	12-302	Löggildingarstofa	33,2	212,5	-9,5	0,6	236,8	192,0	44,8	15,6%	Já

			Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok	F. ár sem % af fjárl.	Staða batnað?
12	12-402	Fjármálaeftirlitið	76,0	268,6	0,0	0,0	344,6	254,2	90,4	28,3%	Já
14	14-190	Ýmis verkefni	28,3	162,8	13,5	35,7	240,3	220,0	20,3	17,4%	Nei
14	14-301	Skipulagsstofnun	28,7	123,3	0,0	0,3	152,3	135,8	16,5	23,3%	Nei
14	14-303	Skipulagsmál sveitarfélaga	132,1	82,0	0,0	0,0	214,1	89,2	124,9	161,1%	Nei
14	14-321	Brunamálastofnun ríkisins	113,5	113,3	0,0	0,3	227,1	128,6	98,5	100,2%	Nei
14	14-381	Ofanflóðasjóður	474,3	198,4	554,0	0,0	1.226,7	649,0	577,7	239,1%	Já
			7.455,9	**18.861,4**	**2.714,1**	**-2.800,9**	**26.230,5**	**17.933,2**	**8.297,3**	39,5%	Já

Samtals fjárlagaliðir = 112

1349. Nefndarálit [708. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirliti, Þórð Friðjónsson og Magnús Harðarson frá Kauphöll Íslands og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Umsagnir um málið bárust frá embætti ríkisskattstjóra, Kauphöll Íslands, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Verslunarráði, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Fjármálaeftirliti.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita verðbréfamörkuðum og fjármálafyrirtækjum leyfi til að koma á fót skipulögðum markaðstorgum þar sem fram fari viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila framangreindum fyrirtækjum að starfrækja verðbréfamarkað þar sem kröfur eru aðrar og vægari en í kauphöll og betur sniðnar að þörfum smærri fyrirtækja. Á markaðstorgi með verðbréf væri með skipulögðum hætti tekið við boðum fjármagnseigenda og verðbréfaeigenda sem t.d. auðveldar leit fyrirtækja eftir fé og kemur um leið skipulagi á verðbréfaviðskipti sem nú fara fram utan skipulagðra markaða. Getur slíkur markaður hentað vel smærri fyrirtækjum sem eru í örum vexti og í leit að fjármagni, sem og áhættufjárfestum. Með bættu skipulagi á markaði næst fram aukin skilvirkni, gagnsæi og öryggi fyrir viðskiptaaðila. Auk þess næst fram betra verðmat á óskráð hlutabréf en nú er, sem nýtist ýmsum aðilum, svo sem skattayfirvöldum, dómstólum og skiptastjórum. Það er mikilvægt að allir sem koma að starfrækslu markaðstorga geri sér vel grein fyrir skyldum sínum og upplýsi einnig viðskiptavini sína um annmarka markaðanna og um skyldur þeirra, t.d. þær sem geta myndast við það að bréf eru boðin á skipulögðum markaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti.

Nefndin telur að margt geti unnist með því að komið verði á fót slíkum markaðstorgum sem um er fjallað í frumvarpinu og að óþarft sé að setja um þau ítarlegri reglur en þar er gerð tillaga um. Réttara er að sjá fyrst hvernig þróunin verður og hvernig markaðsaðilum tekst til áður en ákveðið er hvort setja þurfi ítarlegri lagareglur um markaðstorg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Una María Óskarsdóttir.		Ögmundur Jónasson.

1350. Nefndarálit [697. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Guðrúnu Þorleifsdóttur frá ríkisskattstjóra, Jón Björn Skúlason frá Íslenskri nýorku, Björn H. Jónsson frá Metan, Ágúst Valfells og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði og Þorleif Þ. Jónsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Í frumvarpi þessu er lögð til tímabundin lækkun gjalda fyrir innflutning vetnisbifreiða og sérhæfðra varahluta. Það kom fram við umfjöllun nefndarinnar að bifreiðarnar sem um ræðir eru gríðarlega dýrar í framleiðslu og að þær munu þess vegna eingöngu nýtast til tilrauna næstu árin eða áratugina. Tilgangurinn er sá að gera skatta- og tollaumhverfi hér hagstæðara fyrir slíkar tilraunabifreiðar. Auk þess er lagt til að gildandi heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða X í lögum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005, verði framlengd til 31. desember 2006.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu:

1. Heimilt verði að fella niður eða endurgreiða að fullu virðisaukaskatt af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í stað ⅔ hluta svo sem lagt er til í frumvarpinu. Nefndin leggur þessa breytingu til þar sem hún telur mikilvægt að skattaumhverfi hérlendis verði sem hagkvæmast fyrir rannsóknir á þessu sviði svo þær eflist og styrkist. Það kom fram við umfjöllun nefndarinnar um málið að þær tilraunabifreiðar sem um ræðir eru gríðarlega dýrar og ólíklegt að nema örfáar slíkar verði fluttar hingað næstu árin. Tekjumissir ríkisins við þessa breytingu er því óverulegur.
2. Nýtt ákvæði bætist við II. kafla frumvarpsins þess efnis að lækkun vörugjalds af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum, verði 240.000 kr. en lækkunin er 120.000 kr. samkvæmt gildandi lögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Una María Óskarsdóttir.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1351. Breytingartillögur [697. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „ ⅔ hlutum“ í 1. málsl. efnismálsgreinarinnar komi: fullu.
2. Við II. kafla frumvarpsins bætist ný grein, 4. gr., svohljóðandi:
   Í stað upphæðarinnar „120.000“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögunum kemur: 240.000.

1352. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta var einnig lagt fram á síðasta þingi og þá sent út til umsagnar en fékk ekki afgreiðslu frá nefndinni.

Umboðsmaður barna lýsti yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni og Barnaverndarstofa styður það eindregið. Þá fagnaði barnaverndarnefnd Reykjavíkur frumvarpinu og telur nauðsynlegt að afnema fyrningarfrest vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Stjórn Barnaheilla fagnaði sömuleiðis frumvarpinu í sinni umsögn. Samtök um kvennaathvarf hvöttu til þess að það yrði samþykkt og Femínistafélag Íslands er sömu skoðunar. Mannréttindaskrifstofa Íslands segist í umsögn sinni telja að sterkar röksemdir séu fyrir samþykkt þessa frumvarps.

Víðtækur stuðningur fagaðila og almennings.

Átakshópurinn Blátt áfram vinnur í samvinnu við Ungmennafélag Íslands að verkefni sem felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi. Á heimasíðu hópsins, www.blattafram.is, var almenningur hvattur til að senda áskorun til þingmanna þess efnis að þeir samþykktu frumvarpið. Skemmst er frá því að segja að um 15.000 manns skrifuðu undir slíka áskorun og voru undirskriftirnar afhentar nefndinni. Ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka ályktuðu einnig til stuðnings frumvarpinu. Þing unga fólksins ályktaði sömuleiðis um að fara bæri þessa leið. Það er því ljóst að umrætt frumvarp nýtur víðtæks stuðnings, jafnt á meðal fagaðila og stjórnmálahreyfinga sem almennings.

Minni hlutinn tekur undir þau grundvallarsjónarmið sem liggja að baki frumvarpinu, þ.e. að taka beri tillit til sérstöðu kynferðisafbrota gegn börnum. Eðli málsins samkvæmt koma þessi brot oft mjög seint fram í dagsljósið. Tölfræði frá Stígamótum sýnir að allt að helmingur þeirra þolenda sem þangað leita vegna kynferðisafbrota er eldri en 30 ára. Lagabreyting sem var gerð árið 1998 þar sem fyrningarfrestur var látinn byrja að líða við 14 ára aldur þolandans mætir því ekki þessum hópi. Öll kynferðisafbrot gegn börnum eru fyrnd við 29 ára aldur samkvæmt núgildandi lögum. Dómar sýna einnig að einstaklingar sem hafa verið

fundnir sekir um kynferðisafbrot gegn börnum, jafnvel eftir játningu, sleppa ítrekað við refsingu vegna fyrningar.

Tillit til barna víða í löggjöfinni.

Víða í löggjöfinni er tekið tillit til sérstöðu barna og telur minni hlutinn að svo beri einnig að gera í þessu tilviki. Alls staðar á Norðurlöndum, nema í Finnlandi, hafa verið teknar upp sérreglur er varða fyrningu kynferðisafbrota gegn börnum. Því yrði jafnvægi eða meginreglum almennra hegningarlaga ekki raskað með nokkru móti með samþykkt þessa frumvarps. Minni hlutinn telur hins vegar að taka verði aukið tillit til barna sem þolenda kynferðisbrota svo að unnt sé að tryggja börnum tilhlýðilega refsivernd að þessu leyti.

Nú þegar til ófyrnanleg brot.

Minni hlutinn bendir einnig á að nú þegar má finna ófyrnanleg brot í íslenskri löggjöf. Má þar nefna landráð, sbr. 86. og 87. gr. almennra hegningarlaga, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, sbr. 98. og 100. gr., hryðjuverk, sbr. 100. gr. a, manndráp, sbr. 211. gr., mannrán, sbr. 226. gr., og ítrekuð rán, sbr. 255. gr. Því er ekki verið að brjóta meginreglu eða lagalega grundvallarreglu um að öll afbrot skuli fyrnast. Löggjafinn hefur nú þegar talið að tiltekin afbrot skuli ófyrnanleg. Hér er því um að ræða refsipólitískt hagsmunamat. Minni hlutinn telur að kynferðisafbrot gegn börnum séu þess eðlis að flokka eigi þau með öðrum ófyrnanlegum afbrotum. Hagsmunir barna liggja þar ekki síst til grundvallar, en núverandi fyrningarreglur eru þolendum mjög í óhag. Gerandi í slíkum málum á ekki að hagnast á þeim aðstöðumun sem er á honum og þolanda en það gerir hann óneitanlega nú. Minni hlutinn telur að með hliðsjón af þeim hagsmunum sem hér vegast á eigi hagsmunir barna ótvírætt að vega þyngra að þessu leyti en almennar röksemdir fyrir fyrningu.

Taki til kynferðisafbrota þar sem barn er snert í kynferðislegum tilgangi.

Minni hlutinn telur rétt að afnema fyrningu í öllum kynferðisbrotum gegn börnum, sakir þess að hér er um sérlegan viðkvæman hóp brotaþola að ræða. Ekki er talið rétt að gera greinarmun á kynferðisafbrotum gegn börnum eftir verknaðaraðferð þegar kemur að fyrningarreglum. Kynferðisbrot gegn börnum eru í öllum tilvikum alvarleg og fela í sér gróft brot á þeim verndarhagsmunum sem um ræðir.

Sömuleiðis hefur dómaframkvæmd leitt í ljós að gróf kynferðisafbrot gegn barni geta átt við þau ákvæði almennra hegningarlaga sem lögð er vægari refsing við og má þar nefna 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni.

Nýleg ákvæði um breytingu á 200.–202. gr. laganna frá árinu 1991 fjalla um kynferðislega áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“. Hugtakið önnur kynferðismök ber að skýra fremur þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Þar er átt við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu. Með kynferðislegri áreitni er hins vegar átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga. Í greinargerð með frumvarpinu frá árinu 1991 segir að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Vilji löggjafans stóð því til þess að minnka þann greinarmun sem var gerður á samræði og annars konar kynferðislegri áreitni gegn barni.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af framangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni, kann 209. gr. að eiga við um

þær (brot gegn blygðunarsemi). Frumvarpið tekur ekki til 209. gr. almennra hegningarlaga. Af greinargerð má gera ráð fyrir að undir ákvæði 209. gr. falli háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma. Við samþykkt frumvarpsins mundu slík brot því eftir sem áður fyrnast. Minni hlutinn telur rétt að kynferðisbrot þar sem gerandi snertir barn með kynferðislegum hætti eða ljósmyndar það í kynferðislegum tilgangi, sbr. 200.–202. gr., skuli eftir sem áður aðgreinast frá þeirri háttsemi sem fellur undir ákvæði 209. gr. hegningarlaga með tilliti til fyrningar.

Sömu verndarhagsmunir að baki kynferðislegri áreitni og kynferðismökum.

Af dómum má ráða að mörkin milli annarra kynferðismaka og kynferðislegrar áreitni eru oft óljós og verður engan veginn ætlað að á þessum brotum sé slíkur grundvallarmunur að réttlætanlegt sé að gera þar greinarmun með tilliti til fyrningar. Þannig hafa mismunandi dómar fallið í málum þar sem gerandi hefur gerst sekur um að sleikja kynfæri stúlkubarna. Sú háttsemi að sleikja kynfæri stúlkubarns utanverð hefur verið talin til kynferðislegrar áreitni en sú háttsemi að sleikja innanverð kynfæri stúlku hins vegar talin til annarra kynferðismaka. Telja verður þennan greinarmun óeðlilegan og afar óeðlilegt að aðskilja þessi brot með tilliti til fyrningar.

Ljóst er því að afar erfitt er að setja skýr mörk milli svokallaðra vægra kynferðisbrota annars vegar og grófra hins vegar. Reyndin er sú að kynferðisbrot gegn börnum brjóta gegn sömu verndarhagsmunum og eru líkleg til að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þolanda, hvort sem um samræði, önnur kynferðismök eða kynferðislega áreitni er að ræða. Í öllum tilvikum snertir hinn brotlegi barn á kynferðislegan hátt.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Minni hlutinn telur breytingartillögur meiri hlutans ekki fullnægjandi og harmar að meiri hlutinn sé ekki reiðubúinn að viðurkenna sérstöðu kynferðisafbrota gegn börnum með því að gera þau ófyrnanleg.

Ársskýrsla Stígamóta sýnir að þolendur kynferðisbrota leita sér hjálpar mjög seint á lífsleiðinni. Um 40% þeirra sem leituðu til Stígamóta á síðasta ári voru eldri en 30 ára og um fimmtungur eldri en 40 ára.

Breytingartillögur meiri hlutans lúta að því að láta fyrningarfrestinn hefjast við 18 ára aldur í stað 14 ára aldurs. Það lengir fyrningarfrest kynferðisbrota því aðeins um 4 ár. Verði breytingartillögur meiri hlutans samþykktar munu því öll kynferðisafbrot gegn börnum vera fyrnd við 33 ára aldur og mörg þeirra mun fyrr. Þannig munu mörg alvarleg kynferðisbrot gegn börnum verða fyrnd þegar þolandinn hefur náð 23 ára aldri, en af upplýsingum úr ársskýrslu Stígamóta má ráða að fjölmargir þolendur leita sér hjálpar eftir þann aldur.

Það er ljóst að breytingartillögur meiri hlutans munu ekki mæta þörfum stórs hóps þolenda. Enn munu margir þolendur ekki geta fengið dóm gegn gerendum sakir þess að brotin verða fyrnd þegar þeir leita réttar síns. Eftir sem áður munu dómstólar því sýkna gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum, jafnvel þótt sekt þeirra sé talin sönnuð. Af þessum sökum telur minni hlutinn að ekki sé unnt að styðja breytingartillögur meiri hlutans, enda næst markmið frumvarpsins ekki með tillögum hans. Breytingartillögur meiri hlutans vinna ekki gegn þeim aðstöðumun sem er á þolanda og geranda kynferðisbrota. Tillögurnar ná ekki fram markmiði frumvarpsins, sem er að auka refsivernd barna sem verða fyrir kynferðisbrotum.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kolbrún Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúi, er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. maí 2005.

Ágúst Ólafur Ágústsson, frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1353. Nefndarálit [296. mál]

um till. til þál. um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Flygenring frá utanríkisráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Hafnarborg – menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, Íslenskri tónverkamiðstöð, Íslenskri grafík, Listasafni Árnesinga, Listasafni Íslands, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Listasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar, Myndlistaskólanum í Reykjavík, Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Þjóðminjasafni Íslands.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að móta stefnu til þess að koma íslenskri list og hönnun í sem víðustum skilningi á framfæri í sendiskrifstofum Íslands erlendis enda er eitt af hlutverkum þeirra að sinna menningarmálum. Tillagan stefnir þannig að því að greiða götu íslenskrar listar og nytjalistar á erlendri grund.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hefur um allnokkurt skeið verið unnið að kynningu á íslenskri list erlendis. Nefndin telur að heildstæð stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar í kynningarmálum mundi styðja vel við það starf sem utanríkisráðuneyti hefur innt af hendi í þessum málaflokki.

Ljóst er að einhver kostnaður mun fylgja kynningarstarfinu en það verður óhjákvæmilegur hluti af stefnumótun ríkisstjórnarinnar að gera tillögur til Alþingis um fjárveitingar þegar áætlanir liggja fyrir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 3. maí 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnar Birgisson.	Jónína Bjartmarz.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1354. Tillaga til þingsályktunar [806. mál]

um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Faghópur á vegum forsætisráðuneytis verði settur á laggirnar til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Að lokinni greiningu á orsökum og afleiðingum geri hópurinn tillögur að samræmdum aðgerðum og framkvæmdaáætlun sem lagðar verði fyrir ríkisstjórnina í apríl 2006.

Við mat á afleiðingum verði m.a. horft til áhrifa á einstaklinginn, heilbrigði hans og félagslega stöðu, á atvinnulífið og á heilbrigðis- og tryggingakerfið og heildarkostnaður samfélagsins af afleiðingum vandans metinn.

Við greiningu á orsökum verði horft vítt, svo sem á áhrif mataræðis og lífsstíls nútímafjölskyldna, áherslur á hreyfingu í starfi og aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Enn fremur verði hugað að verðlagsmálum, aðstöðu almennings til íþrótta, útivistar og hreyfingar, skipulagi byggðar og samgangna og hlutverki starfsmanna skóla og heilbrigðisþjónustu við greiningu á vanda einstaklinga í forvarnaráðgjöf til foreldra og eftirfylgni aðgerða.

Við skipun faghópsins verði haft í huga hve víðtækt verkefnið er og leitast við að tryggja þátttöku sem flestra viðkomandi ráðuneyta svo og fulltrúa Lýðheilsustöðvar sem hefur veigamiklu lögbundnu hlutverki að gegna á þessu sviði.

Í starfi faghópsins verði haft til hliðsjónar markmið 11 í gildandi heilbrigðisáætlun, næringarráðleggingar manneldisráðs og samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar: „Global strategy on diet, physical activity and health".

Greinargerð.

Rannsóknir víða um heim sýna að ofeldi, óæskilegt mataræði og hreyfingarleysi er alvarleg en jafnframt vanmetin ógn við heilsu og lífsgæði, ekki aðeins á Vesturlöndum, heldur víðast hvar í veröldinni. Í skýrslu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar kemur greinilega í ljós hve næring, hreyfing og holdafar hafa mikil áhrif á heilsufar Evrópubúa. Þar er reiknað vægi mismunandi áhættu- og umhverfisþátta á heilsu eða sjúkdómsbyrði, m.a. í þeim tilgangi að hægt sé að forgangsraða forvarna- og heilsueflingarstarfi (sjá mynd 1). Það vekur athygli að næring, holdafar og hreyfingarleysi raða sér þar í fimm af sjö efstu sætum yfir þá þætti sem helst stytta líf og minnka lífsgæði. Litlar horfur eru á að vægi næringar og hreyfingar fyrir heilsu minnki á næstunni þar sem offita verður æ alvarlegri heilsufarsógn um víða veröld, svo líkja má við faraldur.

Þjóðfélagsaðstæður samfara aukinni velmegun eiga hér vafalítið stærstan hlut að máli. Fjölskyldumáltíðir eiga undir högg að sækja og tilbúin fæða og skyndibitar verða æ stærri hluti heildarneyslunnar. Stóraukið framboð á girnilegum mat, stærri matarskammtar og ágeng markaðssetning orkuríkrar fæðu hafa hvatt til ofneyslu en á sama tíma hefur dregið úr hreyfingu við athafnir daglegs lífs vegna tæknivæðingar, sjónvarps- og tölvuvæðingar og breyttra samgönguhátta. Tómstundir barna og unglinga hafa líka gjörbreyst þar sem kyrrsetur við tölvuleiki og sjónvarpsáhorf hafa að miklu leyti tekið við af útileikjum og ærslum.

Ekkert bendir til sérstöðu Íslendinga hvað þetta varðar. Þvert á móti hafa innlendar rannsóknir sýnt öra fjölgun barna jafnt sem fullorðinna sem eiga við offitu eða ofþyngd að stríða

og á sama tíma hafa átraskanir og lystarstol orðið meira áberandi, ekki síst meðal ungs fólks.

Þær breytingar sem hafa orðið á mataræði, hreyfingu og holdafari Íslendinga undanfarna áratugi eru fyrst og fremst afleiðing breyttra þjóðfélagshátta. Hér er á ferðinni brýnn samfélagslegur vandi sem hefur ómæld áhrif á heilbrigðisútgjöld og lífsgæði. Eigi að snúa þróuninni við þurfa margir að leggjast á eitt, jafnt almenningur, skóli, atvinnulíf, frjáls félagasamtök og stjórnvöld.

Hreyfing, næring og heilsa.

Hreyfing.

Aðeins um 30–40% íslenskra karla og kvenna stunda næga hreyfingu samkvæmt því sem ráðlagt er í Bandaríkjunum og í Norrænum ráðleggingum um mataræði og hreyfingu (apríl 2005). Mælt er með því að fólk hreyfi sig a.m.k. 30 mín. á dag af ákefð sem samsvarar röskri göngu. Um 53% íslenskra 15 ára stúlkna og 25% íslenskra 15 ára drengja hreyfa sig ekki heldur nægjanlega mikið en ráðlegt er að þau hreyfi sig í a.m.k. 60 mín. á dag að meðaltali.

Rannsóknir sl. átta ár benda til þess að hreyfing fullorðinna hafi staðið í stað eða heldur minnkað. Þó það skorti góðar rannsóknir á því hve mikil hreyfing var stunduð áður fyrr hníga öll rök að því að hreyfing hafi minnkað umtalsvert á síðustu áratugum. Kemur þar til fyrst og fremst aukin tækni- og tölvuvæðing á vinnustöðum og bílaeign almennings. Tölur frá Hagstofunni sýna að kyrrsetustörfum hefur fjölgað og erfiðisvinnustörfum hefur fækkað.

Kyrrseta fullorðinna eykur líkur á depurð, hjarta- og æðasjúkdómum, háþrýstingi, áunninni sykursýki, minnkaðri beinþéttni, dettni og beinbrotum hjá öldruðum, bakverkjum, ristilkrabbameini, brjóstakrabbameini og fleiri tegundum krabbameina. Rannsóknir sýna að regluleg hreyfing getur minnkað líkurnar á fyrrgreindum sjúkdómum um 20–50%. Að auki eykur hreyfing vellíðan og dregur úr streitu og kvíða.

Núorðið verja börn umtalsverðum tíma í tölvuleiki og sjónvarps- og myndbandaáhorf. Líkamleg áreynsla er börnum nauðsynleg svo þau vaxi eðlilega og öðlist nægan hreyfiþroska, styrk og fimi. Líkamleg áreynsla dregur auk þess úr líkum á geðrænum vandamálum barna og unglinga. Þá er vitað að regluleg hreyfing barna og unglinga bætir sjálfsímynd þeirra og námsárangur. Þetta hafa bæði innlendar og erlendar rannsóknir sýnt. Margar innlendar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að lítil hreyfing á stóran þátt í gríðarlegri aukningu á tíðni ofþyngdar og offitu hjá fullorðum, börnum og unglingum.

Næring.

Matarvenjur landsmanna hafa breyst mikið undanfarna áratugi og má segja að sterkustu einkenni íslensks mataræðis frá árum áður séu óðum að hverfa. Að nokkru leyti er um jákvæðar breytingar að ræða: neysla grænmetis og ávaxta hefur t.d. aukist verulega og hörð fita í fæði landsmanna minnkað, sem hefur leitt til lækkunar á kólesteróli í blóði og minnkað áhættu hjarta- og æðasjúkdóma.

Dæmi um neikvæða þróun er hins vegar stóraukin gosdrykkja- og sælgætisneysla (mynd 1), ekki síst meðal ungs fólks. Samkvæmt Landskönnun á mataræði 2002 drekka ungir drengir að jafnaði tæpan lítra af gosi á dag eða 323 lítra á ári. Stúlkurnar drekka heldur minna en strákarnir eða um hálfan lítra á dag. Sykurneyslan er jafnframt óheyrilega mikil og meiri en annars staðar á Norðurlöndum en meira en helmingur af viðbætta sykrinum í fæði drengja kemur úr gosdrykkjum einum saman. Rannsóknir á mataræði ungra barna sýna að þegar við tveggja ára aldur er sykurneyslan komin yfir ráðleggingar en ávaxta og grænmetisneysla íslenskra barna er að sama skapi óvenjulítil.

Mynd 1. Framboð á gosdrykkjum, sykri (meðtalinn sykur í matvöru, t.d. gosdrykkjum, sætindum og kexi) og sælgæti 1958–2002 (Lýðheilsustöð, 2005).



Fiskneyslan hefur hins vegar minnkað mjög mikið, eða um þriðjung frá árinu 1990 þegar við áttum Evrópumet í fiskneyslu. Segja má að pitsan hafi tekið við af fiskinum sem þjóðarréttur ungra Íslendinga sem borða tæplega fimm sinnum meira af pitsu en fiski (mynd 2). Þessi breyting á mataræðinu getur haft afdrifaríik áhrif á heilsu landsmanna í framtíðinni þar sem fiskur er mikil hollustuvara ekki síður en grænmeti og ávextir og minnkar m.a. líkur á hjarta- og æðasjúkdómum. Ofneysla og ofgnótt er þó tvímælalaust helsti og alvarlegasti vandi íslenskra neytenda nú um stundir og sá þáttur sem helst ógnar heilsu landsmanna. Það er erfitt að kunna sér hóf þegar orkuríkur og girnilegur matur er hvarvetna á boðstólum og kostaboðin eru fólgin í stærri skömmtum fyrir lægra verð. Trúlega er stór hluti vandans aukið úrval af orkuríkum mat og matvælum tilbúnum til neyslu, ásamt áleitinni sölumennsku þar sem markmiðið er fyrst og fremst meiri neysla og stærri matarskammtar.

Mynd 2. Fiskur og pitsa, neysla eftir aldri, Landskönnun 2002.



Áhrif næringar á sjúkdómabyrði er meiri en menn hafa gert sér grein fyrir. Meðal tíu helstu áhættuþátta, sem sjúkdómabyrði í þróuðum löndum er rakin til, eru næringartengdir þættir á borð við háan blóðþrýsting, hátt kólesteról, ofþyngd og lítil neysla á ávöxtum og

grænmeti. Talið er að um einn þriðji hluti af hjarta- og æðasjúkdómum og annað eins af krabbameinstilfellum tengist röngu mataræði.

Undanfarin ár hafa birst margar rannsóknir sem sýna að rífleg neysla á grænmeti og ávöxtum virðist minnka líkur á mörgum alvarlegum sjúkdómum, þar á meðal hjarta- og æðasjúkdómum, ýmsum tegundum krabbameina og offitu. Varðandi hjarta- og æðasjúkdóma virðast verndandi áhrifin meiri eftir því sem neysla á mismunandi tegundum grænmetis og ávaxta er meiri. Lítil grænmetis- og ávaxtaneysla er talin skýra um 19% af krabbameinstilfellum í meltingarfærum, 31% af hjartasjúkdómum og 11% af heilablóðfallstilfellum í heiminum. Talið er að bjarga mætti 2,7 milljónum (4,9%) mannslífa á hverju ári með því einu að auka neyslu grænmetis og ávaxta.

Offitu fylgja auknar líkur á ýmsum sjúkdómum, m.a. fullorðinssykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum, háum blóðþrýstingi, heilablóðfalli, ýmsum tegundum krabbameina (brjóstakrabbameini eftir tíðahvörf, ristilkrabbameini, nýrnakrabbameini og legkrabbameini), gallsteinum og slitgigt, auk þess sem ýmiss konar fötlun og sálræn vandamál eru nátengd umframþyngd. Ef heldur fram sem horfir er því greinilegt að búast má við holskeflu sjúkdóma í kjölfar aukinnar tíðni á ofþyngd og offitu hér á landi.

Breytingar á holdafari.

Að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar er engin lýðheilsuógn jafnvanmetin um víða veröld og offitan. Þar á bæ er talað um heimsfaraldur sem undanskilji hvorki fátæk þróunarríki né vestræn iðnríki. Ísland er þar engin undantekning en samkvæmt niðurstöðum Landskönnunar á mataræði 2002 voru um 57% karla og 40% kvenna á aldrinum 15–80 ára yfir kjörþyngd. Skilgreiningar á kjörþyngd og offitu miða við líkamsþyngdarstuðul (LÞS) sem er reiknaður út frá hæð og þyngd einstaklinga (þyngd/hæð^2). Samkvæmt skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar miðast kjörþyngd við LÞS 18,5–24,9, ofþyngd við 25–29,9 en offita við 30 eða hærra. Ofþyngd og offita verða sífellt algengari í flestum aldurshópum. Borið saman við árið 1990 er aukningin mest í yngsta hópi karla þar sem nærri þrefalt fleiri flokkast nú yfir kjörþyngd. Niðurstöður úr hóprannsókn Hjartaverndar sýndu einnig að hlutfall of feitra fullorðinna Reykvíkinga nánast tvöfaldaðist á árunum 1975–1994 og var komið í 18% meðal karla og 19% meðal kvenna í lok tímabilsins (myndir 3 og 4).

Mynd 3. Hlutfall kvenna á aldrinum 45–64 ára sem eiga við offitu (LÞS≥30) að stríða eða eru of þungar (LÞS á bilinu 25–30).



Mynd 4. Hlutfall karla á aldrinum 45–64 ára sem eiga við offitu (LÞS≥30) að stríða eða eru of þungir (LÞS á bilinu 25–30).



Breytingin á holdafari barna og unglinga er áhyggjuefni eins og fram kemur í rannsókn Brynhildar Briem á hæð og þyngd 9 ára skólabarna í Reykjavík á árunum 1938–1998. Hlutfall barna sem greinist yfir kjörþyngd hefur aukist jafnt og þétt, úr 0,7% drengja árið 1938 í 17,9% árið 1998 (mynd 5). Sama þróun hefur átt sér stað meðal stúlkna og enn eru engin merki um að aukningin sé í rénun. Þvert á móti benda fyrstu niðurstöður úr viðamikilli rannsókn Erlings Jóhannssonar og fleiri (2003) til þess að faraldurinn sé ekki í rénun og æ fleiri börn greinist of feit. Ranghugmyndir um hvað teljist eðlileg líkamsþyngd eru líka áberandi, ekki síst hjá ungum konum sem gjarnan sækjast eftir að vera enn grennri, jafnvel þótt þær séu í kjörþyngd. Nauðsynlegt er að einnig sé hugað að þessum hópi.

Mynd 5. Hlutfall 9 ára skólabarna sem eru yfir kjörþyngd 1938–1998.



Á sama tíma hafa átraskanir, bæði lystarstol og lotugræðgi, orðið meira áberandi víða á Vesturlöndum. Það getur reynst ungu fólki erfitt að standast kröfur tískuiðnaðar um örgrannan líkama þegar líkamsvöxtur fyrirmyndanna fjarlægist sífellt raunveruleikann, en fyrirsætur og kvikmyndaleikkonur verða sífellt grennri jafnframt því sem meðalþyngd ungra stúlkna eykst. Það færist jafnvel í vöxt að unglingsstúlkur svelti sig þannig að þær leiðist út í neyslu vímuefna til að deyfa hungurtilfinninguna. Öfgakennd megrun er einn helsti áhættuþáttur fyrir átraskanir, ásamt aldri og kyni. Lystarstol er tíu sinnum algengara meðal stúlkna en pilta

og sjúkdómurinn herjar helst á aldurshópinn 14–20 ára þótt átraskana verði einnig í auknum mæli vart meðal yngri barna. Í könnun Rannsóknar og greiningar (2002) meðal 16–20 ára framhaldsskólanema kom fram að um það bil helmingur stúlkna hafði farið í megrun síðustu 12 mánuði og í Landskönnun á mataræði 2002 greindust rúm 11% stúlkna á aldrinum 15–24 ára undir eðlilegri þyngd. Jafnframt kom í ljós að um þriðjungur stúlkna á þessum aldri var ósáttur við eigin líkamsþyngd og vildi vera léttari. Lystarstol er lífshættulegur sjúkdómur og hefur tíðni hans verið metin um 1% meðal ungra stúlkna en lotugræðgi er mun algengari þótt nákvæmar tölur skorti um tíðnina. Átraskanateymi geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss tók til starfa árið 2001. Fyrsta starfsárið bárust 50 tilvísanir, 45 konur og 5 karlar, og var meðalaldur 24,5 ár. Tíu reyndust með alvarlegt lystarstol sem krafðist innlagnar. Sænskar rannsóknir sýna að stúlkur sem eru of þungar og ósáttar við eigin líkama eru í aukinni hættu á að þróa með sér átraskanir, svo og ungt fólk sem stundar keppnisíþróttir í greinum þar sem örgrannur líkami er eftirsóknarverður. Það má því draga þá ályktun að sömu forvarna- og heilsueflingaraðgerðir gagnist að miklu leyti gegn ofþyngd og átröskunum meðal ungs fólks, þ.e. aðgerðir sem beinast að því að auka heilsusamlega hreyfingu og bæta mataræði.

Aðgerðir.

Víða um heim hafa stjórnvöld jafnt sem alþjóðasamtök gripið til aðgerða til að bæta næringu og auka hreyfingu í því skyni að bæta heilsu og líðan og stöðva faraldur ofþyngdar og offitu. Í maí 2004 kynnti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, ítarlega aðgerðaáætlun um næringu, hreyfingu og heilsu sem nær til allra aðildarlanda (Global strategy on diet, physical activity and health). Á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar, sem haldinn var á Akureyri í ágúst 2004, var síðan samþykkt að móta sérstaka Norræna aðgerðaáætlun til að bæta heilsu og auka lífsgæði með því að bæta næringu og auka hreyfingu. Settur var á fót norrænn vinnuhópur til að vinna að þessu verkefni. Gert er ráð fyrir að vinnu við mótun stefnunnar verði lokið um mitt ár 2006 og hún þá lögð fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Í nóvember 2004 komu Norðmenn fram með aðgerðaáætlun fyrir hreyfingu „Sammen for fysisk aktivitet". Átta ráðuneyti standa að gerð og framkvæmd norsku áætlunarinnar. Sænska ríkisstjórnin hyggst einnig leggja fram aðgerðaáætlun til að bæta næringu og auka hreyfingu meðal sænsku þjóðarinnar. Sænska matvælastofnunin (Livsmedelsverket) og Lýðheilsustöð Svíþjóðar (Statens folkhälsoinstitut) fengu það hlutverk að vinna tillögur að áætluninni og voru þær kynntar í febrúar sl.

Brýnt er að hefjast sem fyrst handa við að skipuleggja markvissar aðgerðir hér á landi sem stuðla að bættri næringu og hreyfingu og minnka líkur á frekari aukningu á offitu og átröskunum. Slíkar aðgerðir þurfa að vera unnar á víðum grundvelli þar sem allir í samfélaginu axla ábyrgð. Mikilvægt er að ríkið marki sér heilsueflingarstefnu með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði fjölskyldna í landinu. Slík vinna krefst vel skipulagðra, þverfaglegra aðgerða, samhæfðra lausna og samvinnu á flestum sviðum hins opinbera (heilbrigðis-, félags-, mennta-, umhverfis- og atvinnuvegamála), sveitarfélaga, framleiðenda, frjálsra félagasamtaka, hagsmunasamtaka, aðila vinnumarkaðarins og einstaklinga.

Færð hafa verið fyrir því rök að árangursríkara og ódýrara er að leggja áherslu á forvarnir sem hafa það að markmiði að fyrirbyggja þyngdaraukningu en aðgerðir sem miða að meðferð offitu.

Sýnt hefur verið:

- að meðferð offitu er erfið og horfur á viðvarandi þyngdartapi slæmar,
- að fjöldi þeirra sem á við offitu að stríða er svo mikill að erfitt getur reynst að finna fjármagn og/eða úrræði fyrir meðferð.

Forvarnastarf sem beinist að öllum almenningi er því tvímælalaust forgangsverkefni stjórnvalda þegar holdafar er annars vegar. Í hvers konar forvarna- og heilsueflingarstarfi er mikilvægt að tryggja heildræna nálgun og taka mið af félagslegum og menningarlegum þáttum sem hafa áhrif á næringu og hreyfingu almennings, barna jafnt sem fullorðinna. Vekja þarf fólk til umhugsunar um eigin heilsu og velferð, styrkja fólk til sjálfsábyrgðar og gera því betur kleift að taka ákvarðanir sem stuðla að bættri heilsu. Slík nálgun, sem miðar að því auka þekkingu og breyta hegðun, krefst fræðslu og áróðurs, ásamt aðgerðum á vinnustöðum, í skólum, leikskólum og tómstunda- og frístundaheimilum. Þannig miðast aðgerðir við að *holla valið verði auðvelda valið.*

Í skýrslu IOTF/WHO (2000) er mælt með því að forvarnaaðgerðir beinist fyrst og fremst að því að draga úr þeim þáttum í umhverfinu sem stuðla að þyngdaraukningu. Þar vegur þyngst framlag stjórnvalda til að auka hreyfingu og bæta gæði matvæla ásamt aðgengi að hollum mat. Þótt áherslan sé fyrst og fremst á fyrsta stigs forvarnir er engu síður mikilvægt að sinna þeim sem þegar eiga við offitu eða ofþyngd að stríða, svo og þeim hópum sem eru í sérstakri áhættu. Þar kemur m.a. til kasta heilsugæslu og annarra faghópa. Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á aukið aðgengi og meðferðarframboð þegar um átraskanir og lystarstol er að ræða. Líkur á bata eru betri en í offitu og um er að ræða fremur fágætan en jafnframt lífshættulegan sjúkdóm sem skerðir lífsgæði og heilsu bæði ungs fólks og fjölskyldna þeirra.

Brýnt er að greina vandann, orsakir hans og rætur, og vinna tillögur að aðgerðaráætlun á grundvelli slíkrar greiningar. Slíkt starf þarf að vera þverfaglegt og unnið af fulltrúum frá öllum þeim ráðuneytum sem málið varða eða undirstofnunum þeirra. Lýðheilsustöð yrði falið að leiða starfið og því fylgdi fjármagn í samræmi við þann mikla vanda sem við blasir verði ekkert að gert.

1355. Frumvarp til laga [727. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða eða fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Á eftir orðunum „hæft til útflutnings með tilliti til“ í 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: aldurs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1356. Frumvarp til laga [786. mál]

um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Söluandvirði sjóðsins, að frádregnum kostnaði við sölu og niðurlagningu hans, rennur til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, falla úr gildi frá og með 31. desember 2005. Störf starfsmanna Lánasjóðs landbúnaðarins falla niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þegar lög nr. 68/1997 falla úr gildi tekur ríkissjóður við öllum réttindum og skyldum sjóðsins gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Orðin „Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands)“ í 43. gr. og „Lánasjóði landbúnaðarins“ í 47. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, falla brott.
b. 100. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, fellur brott.
c. Lokamálsliður 28. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, orðast svo: Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Lífeyrissjóður bænda reiknar af lánum hverju sinni.

1357. Frumvarp til laga [700. mál]

um Landbúnaðarstofnun.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landbúnaðarstofnun. Aðsetur stofnunarinnar er þar sem ráðherra ákveður. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að annast starfsemi sem yfirdýralækni er falin samkvæmt lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr.

22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 15/1994, um dýravernd, sóttvarnalögum, nr. 19/1997, lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lyfjalögum, nr. 93/1994, lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa,

b. að annast starfsemi sem aðfangaeftirlitinu er falin samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr,
c. að annast starfsemi sem landbúnaðarráðherra hefur falið plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum,
d. að annast starfsemi sem kjötmatsformanni er falin samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum,
e. að annast starfsemi sem veiðimálastjóra er falin samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði,
f. að annast starfsemi sem Bændasamtök Íslands hafa annast skv. 1. og 2. mgr. 38. gr., 4. mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. og 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og 4. gr., 11. gr. og 13. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.,
g. að annast verkefni sem landbúnaðarráðherra eru falin skv. 4. og 5. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Skal forstjóri hafa háskólamenntun og æðri prófgráðu. Hann skal jafnframt hafa öðlast stjórnunarreynslu. Forstjóri fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

4. gr.

Landbúnaðarstofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum og skal sviðsstjóri vera yfir hverju sviði. Sviðsstjórar skulu hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Einn sviðsstjóranna er staðgengill forstjóra. Sérstakt svið skal fara með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sviðsstjóri þess skal vera dýralæknir og nefnast yfirdýralæknir. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 78/1935, um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs. Auk þess eru stofnanir aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis og veiðimálastjóra lagðar niður en Landbúnaðarstofnun tekur við réttindum og skyldum þessara stofnana gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Við gildistöku laga þessara renna eignir aðfangaeftirlitsins, yfirdýralæknis og

veiðimálastjóra til Landbúnaðarstofnunar. Að auki fellur skipun forstöðumanna þessara stofnana niður frá og með gildistöku laga þessara og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skipun kjötmatsformanns fellur niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur hans samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við gildistöku laga þessara renna eignir embættis kjötmatsformanns til Landbúnaðarstofnunar og tekur hún við réttindum og skyldum embættisins gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum. Eins fellur niður við gildistöku laga þessara skipun landbúnaðarráðherra í störf héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á sama tíma færist plöntueftirlit Landbúnaðarháskóla Íslands yfir til Landbúnaðarstofnunar.

Stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt lögum sem nefnd eru í 2. gr. halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ný lög þar til ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.

Leyfi sem gefin hafa verið út á grundvelli laga sem nefnd eru í 2. gr. halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út, þau uppfylla ekki lengur skilyrði laga, eða þar til ný leyfi eru útgefin.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Störf hjá aðfangaeftirlitinu, yfirdýralækni, veiðimálastjóra, kjötmatsformanni og plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Starfsfólki framangreindra skulu boðin störf hjá Landbúnaðarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

II.

Þrátt fyrir 5. gr. skal forstjóri Landbúnaðarstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2005 og skal hann frá þeim tíma undirbúa gildistöku laga þessara í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið.

1358. Frumvarp til laga [701. mál]

um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

1. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Landbúnaðarstofnun skal m.a. annast:

a. yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar,
b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra, hollustu dýrafóðurs og eftirlit þar að lútandi,
c. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur auk yfirumsjónar með heilbrigði búfjár og afurða þess,
d. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða þar að lútandi,
e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur. Stofnunin skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur og sjá um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.

3. gr.

2. málsl. 5. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Hann skal tafarlaust tilkynna Landbúnaðarstofnun um sjúkdóminn og gera í samráði við stofnunina ráðstafanir sem þurfa þykir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Ráða skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert þeirra skal ráða tvo héraðsdýralækna.
b. 6. mgr. orðast svo:

   Forstjóri Landbúnaðarstofnunar ræður héraðsdýralækna og setur þeim erindisbréf. Í erindisbréfinu skal kveðið á um starfsskyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralæknastarfa. Héraðsdýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 8. mgr. kemur: Landbúnaðarstofnun.

5. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Umdæmi héraðsdýralækna.**

6. gr.

1. og 2. málsl. 16. gr. laganna falla brott.

7. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Verði Landbúnaðarstofnun þess vör að dýralæknir, sem hefur starfsleyfi, vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber Landbúnaðarstofnun að áminna hann um að bæta ráð sitt.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.

Í stað orðsins „Yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 3. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum að undanskilinni 10. gr., og orðanna „embætti yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

9. gr.

Í stað orðsins „hann“ í 6. gr. og 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: stofnunin.

10. gr.

2. málsl. 24. gr. laganna orðast svo: Þá getur Landbúnaðarstofnun bannað hvers konar litamerkingar á búfé á ákveðnum svæðum.

11. gr.

Í stað orðanna „nema vegna fjárskipta“ í 1. málsl. 25. gr. laganna kemur: nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

12. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

13. gr.

2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarstofnun skal vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

14. gr.

Í stað orðsins „hann“ í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: stofnunin.

15. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnunar.

16. gr.

Í stað orðsins „kjötmatsformanni“ í 2. mgr. og orðsins „kjötmatsformanns“ 3. mgr. 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

17. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. Hún getur einnig, eftir því sem þörf er á, gert athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

18. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnunar.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

19. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Landbúnaðarstofnun fer með umsjón með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

20. gr.

Í stað orðsins „aðfangaeftirlitinu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

21. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarháskóli Íslands.

22. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

23. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Landbúnaðarstofnun.**

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

24. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. og 5. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

25. gr.

Í stað orðsins „embættisdýralæknir“ í 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: héraðsdýralæknir.

26. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. gr. og orðsins „yfirdýralæknir“ í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

27. gr.

Í stað orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. og orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna í 6.–10. gr., 15.–16. gr. og 19. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

28. gr.

Í stað orðanna „yfirdýralæknir eða fulltrúi hans“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun eða fulltrúi hennar.

29. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

30. gr.

3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Landbúnaðarstofnun og skal stofnunin halda heildarskrá fyrir allt landið.

31. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 11. gr. og tvívegis í 1. mgr. 13. gr. laganna, og orðsins „Bændasamtökin“ í 1. mgr. 13. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

32. gr.

2. og 3. málsl. 12. gr. laganna orðast svo: Búfjáreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár, fóðrun og merkingum og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað, fóðrun og/eða merkingar búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

33. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 1. og 5. mgr. 16. gr. og 3. tölul. 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

34. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands skulu“ í 1. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun skal.

35. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands“ í 2. mgr. 38. gr. laganna og sömu orða í 4. mgr. 39. gr., a-lið 1. mgr. 42. gr., 1. málsl. 2. mgr. 44. gr., 3. mgr. 53. gr., 2. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 82. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

36. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtök Íslands tilkynna“ í 3. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun tilkynnir.

37. gr.

2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir samkvæmt tilnefningu Landbúnaðarháskóla Íslands.

38. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 3. mgr. 67. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

39. gr.

Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 3. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, og orðanna „embættis veiðimálastjóra“ í 11. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 72. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

40. gr.

2. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Öllum veiðieigendum er skylt að gefa henni þær skýrslur sem óskað er eftir um þau atriði sem skrásetja þarf.

41. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd er Landbúnaðarstofnun setur og skal hún sjá um að þeir aðilar sem skýrslur eiga að gefa geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis.

42. gr.

Í stað orðsins „hann“ í 2. mgr. 19. gr. laganna og sama orðs í 20. gr., 21. gr., 9. mgr. 23. gr., 3. mgr. 27. gr., 2. og 4. mgr. 30. gr., 1. mgr. 39. gr., 3. málsl. 1. mgr. 41. gr., 1. málsl. 4. mgr. 62. gr., 1.–3. mgr. 97. gr. og tvisvar í 1. mgr. 99. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: hún.

43. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar Landbúnaðarstofnunar, skal annar þeirra vera forstjóri hennar og hann er jafnframt formaður nefndarinnar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

44. gr.

1. mgr. 90. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarstofnun fer með umsjón veiðimála og er ráðherra til aðstoðar um þau mál sem kveðið er á um í lögum þessum. Landbúnaðarstofnun gerir tillögur um setningu reglugerða og önnur ákvæði sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði og gefur leyfi til merkinga vatnafiska með skilyrðum sem stofnunin setur. Landbúnaðar-

stofnun ber ábyrgð á söfnun og útgáfu skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi. Landbúnaðarstofnun veitir eftirlitsmönnum starfsleyfi og setur þeim erindisbréf.

45. gr.

1., 2. og 3. mgr. 96. gr. laganna orðast svo:

1. Landbúnaðarstofnun veitir eftirlitsmönnum starfsleyfi til að fylgjast með veiði þar sem þurfa þykir enda æski veiðifélag þess, eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt veitir Landbúnaðarstofnun eftirlitsmanni með klaköflun starfsleyfi þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

2. Rétt er Landbúnaðarstofnun að veita eftirlitsmönnum starfsleyfi til að fylgjast með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í starfsleyfi.

46. gr.

2. málsl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarstofnun og faggiltir eftirlitsaðilar skulu bundin þagnarskyldu um upplýsingar sem þau fá við framkvæmd eftirlits.

XII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

47. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ þrívegis í 2. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XIII. KAFLI
Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

48. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 1. gr. laganna og sama orðs í 4. mgr. 11. gr., 6. mgr. 33. gr. og 5. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

49. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: forstjóri Landbúnaðarstofnunar.

XIV. KAFLI
Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

50. gr.

Í stað orðsins „Yfirdýralæknir“ í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 15/1994, um dýravernd.

51. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

52. gr.

3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Auk þeirra á Landbúnaðarstofnun fulltrúa í nefndinni og er hann formaður hennar.

XVI. KAFLI
Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

53. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna og orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XVII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir.

54. gr.

Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

XVIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

55. gr.

12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

XIX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

56. gr.

Í stað orðanna „embætti yfirdýralæknis“ og „yfirdýralæknis“ í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

XX. KAFLI
Gildistaka.

57. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

1359. Lög [364. mál]

um skattskyldu orkufyrirtækja.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1258.

1360. Tollalög. [493. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1305 (sbr. 753).

1361. Breytingartillaga [700. mál]

við frv. til l. um Landbúnaðarstofnun.

Frá Drífu Hjartardóttur.

2. málsl. 3. gr. orðist svo: Skal forstjóri hafa háskólamenntun.

1362. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rúnu Jónsdóttur frá Stígamótum, Svövu og Sigríði Björnsdætur frá Blátt áfram og Róbert Spanó frá refsiréttarnefnd. Umsagnir bárust um málið á 130. löggjafarþingi frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Helga Gunnlaugssyni prófessor, dómstólaráði, Kvennaathvarfinu, Femínistafélagi Íslands, umboðsmanni barna, refsiréttarnefnd, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Barnaverndarstofu og Barnaheillum. Þá barst greinargerð frá Stígamótum.

Í frumvarpinu er lagt til að fyrningarfrestur kynferðisbrota gegn börnum verði afnuminn. Samkvæmt núgildandi lögum á fimm ára fyrningarfrestur við þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi. Þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi er fyrningarfresturinn 10 ár og þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi fyrnist sök á 15 árum. Samkvæmt núgildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga telst fyrningarfrestur brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki fyrr en frá þeim degi sem brotaþoli nær 14 ára aldri.

Nefndin ræddi málið ítarlega á fundum sínum. Meiri hlutinn bendir á að þau meginsjónarmið sem frumvarpið byggir á hafi komið til skoðunar á Alþingi fyrir tiltölulega fáum árum, en á árinu 1998 var sú regla lögfest að fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum byrjar ekki að líða fyrr en brotaþoli hefur náð 14 ára aldri. Með því hefur löggjafinn nú þegar ákveðið að gilda skuli sérreglur um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum.

Þrátt fyrir hinn skamma tíma sem liðið hefur frá gildistöku ákvæðisins telur meiri hlutinn rétt að færa aldursviðmið í þessu tilliti til 18 ára aldurs. Meiri hlutinn bendir á að brotaþolar undir 18 ára aldri eru enn börn í skilningi laga og óeðlilegt að þeir þoli upphaf fyrningar við 14 ára aldur. Þessi breyting er einnig í samræmi við það sem gengur og gerist í þeim ríkjum sem íslenskt réttarkerfi tekur helst mið af.

Að öðru leyti telur meiri hlutinn að enn sé ekki komin nægileg reynsla á það hvernig ákvæðið hafi reynst til að rétt sé að afnema fyrningarfrest í kynferðisbrotum gegn börnum með öllu, enda séu mál þar sem reynir á þessa fyrningarreglu tæpast komin til kasta dómstóla sjö árum eftir að breytingin 1998 var gerð. Frumvarpið gengur auk þess gegn þeirri grundvallarreglu að einungis brot sem hámarksrefsingu varði fyrnist ekki. Í þessu sambandi gerir frumvarpið heldur ekki greinarmun á þeim brotum sem vægari refsingu sæta og þeim sem þyngri refsing liggur við. Þrátt fyrir að meiri hlutinn geti út af fyrir sig fallist á að skoða megi hvort taka þurfi enn frekara tillit til sérstöðu þessara brota í refsilöggjöf er það niðurstaða meiri hlutans að aðrar leiðir hljóti að koma til skoðunar áður en fyrning brotanna er felld niður í öllum tilvikum. Einnig er það mat meiri hlutans að rétt sé að slík skoðun fari fram samhliða almennri yfirferð kynferðisbrotakafla hegningarlaga, en við skoðun nefndarinnar á málinu kom í ljós að kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga þarfnast endurskoðunar. Meðal þeirra atriða sem meiri hlutinn telur koma til álita í stað afnáms fyrningarfrests er endurskoðun refsihámarks einstakra brota sem og lenging fyrningarfrests eftir einstökum brotategundum. Við mat á lengd fyrningarfrests er að mati meiri hlutans rétt að fylgja þeirri meginreglu að lengd fyrningar haldist í hendur við refsinæmi brota. Þó útilokar meiri hlutinn ekki þá niðurstöðu að í kynferðisbrotum gegn börnum gildi einn almennur fyrningarfrestur óháður tegund brots. Þá telur meiri hlutinn koma til álita að afnema fyrningu í alvarlegustu málunum. Að mati meiri hlutans er jafnframt eðlilegt að við þessa vinnu verði horft til lagasetningar um þessi mál í öðrum ríkjum.

Með hliðsjón af því sem fram kemur hér að framan beinir meiri hlutinn því til dómsmálaráðuneytis að endurskoðun á kynferðisbrotakafla hegningarlaga fari fram svo fljótt sem verða má. Meiri hlutinn ítrekar jafnframt að hann hefur ekki komist að þeirri niðurstöðu með óyggjandi hætti að breyta þurfi fyrningarreglum kynferðisbrota gegn börnum frekar en nú er gert, en telur rétt að ráðist verði í þessa vinnu og brugðist við niðurstöðum hennar með viðeigandi hætti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Jónína Bjartmarz skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við málið.

Alþingi, 6. maí 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Birgir Ármannsson.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

1363. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, JBjart, KÓ, BÁ, SigurjÞ, SKK).

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 18 ára aldri.

1364. Nefndarálit [614. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 og samnings EFTA-ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttir frá viðskiptaráðuneyti, Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi prófessor, og Stefán Má Stefánsson prófessor.

Með tillögunni er leitað eftir heimild Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 og samning EFTA-ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Með tillögunni er verið að innleiða nýjar reglur á EES-svæðinu um samruna fyrirtækja eða samfylkingu eins og það hefur nú verið nefnt. Eitt meginmarkmiðið er að Eftirlitsstofnun EFTA fái sömu heimildir til eftirlits með samfylkingum fyrirtækja og framkvæmdastjórn EB hefur verið veitt með samrunareglugerðinni. EFTA-ríkjunum verður heimilt að vísa samrunamálum til Eftirlitsstofnunar EFTA ef samruni hefur áhrif á viðskipti milli eins eða fleiri EB-ríkja og eins eða fleiri EFTA-ríkja svo framarlega sem hætta er á að samruni hafi umtalsverð áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði viðkomandi ríkis. Hingað til hefur EFTA-ríkjunum verið heimilt að framsenda samrunamál til Eftirlitsstofnunar EFTA en sá möguleiki mun ekki hafa verið nýttur. Nýmæli er að heimilt verður að framsenda samrunamál frá EFTA-ríki til framkvæmdastjórnar EB.

Með samrunareglugerðinni og breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er verið styrkja eftirlitsheimildir stofnana EFTA og EB en almenna reglan er sú að innlendum réttarfarsreglum verður fylgt ef rannsókn fer fram hér á landi.

Málið hefur verið ítarlega rætt á fundum nefndarinnar. Nefndin hélt sameiginlegan fund með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem farið var yfir helstu efnisatriði málsins, en fyrir þeirri nefnd liggur frumvarp til samkeppnislaga sem m.a. er ætlað að innleiða efni

þeirra EES-gerða sem hér um ræðir (þskj. 883, 590. mál). Þá hefur nefndin aflað viðbótarupplýsinga frá viðskiptaráðuneyti.

Meiri hlutinn telur rétt að vekja athygli á því að fremur ólíklegt er að ákvæði samrunareglugerðarinnar komi til framkvæmda á Íslandi vegna skilyrða um veltumörk fyrirtækja sem um ræðir. Árleg heildarvelta samstæðu þarf almennt að nema 5 milljörðum evra eða meira svo að samrunareglurnar eigi við.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 3. maí 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.
Gunnar Birgisson.	Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

1365. Frumvarp til laga [807. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2005.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er lögð til tímabundin lækkun frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 á fjárhæð olíugjalds um 4 kr., eða úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Með virðisaukaskatti má gera ráð fyrir að útsöluverð dísilolíu verði 5 kr. lægra en verið hefði. Markmiðið með þessari tímabundnu lækkun er að vega upp á móti hækkun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu á undanförnum mánuðum, en verð á dísilolíu er nú óvenjuhátt á heimsmarkaði samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni.

Í tengslum við markmið og tilgang laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., er mikilvægt að innbyrðis samræmi sé í skattlagningu á dísilolíu og bensíni þannig að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til og að sambærilegar rekstrarforsendur eigi við hvort sem bifreið er dísil- eða bensínknúin. Ætla má af þessum sökum að ástæða geti verið til að yfirfara betur innbyrðis samræmi milli olíugjalds, bensíngjalds og kílómetragjalds, þegar nokkur reynsla verður komin á hið nýja olíugjaldskerfi.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni leiða af sér 160 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til að olíugjald lækki tímabundið um 4 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu frá gildistöku laga nr. 87/2004 til ársloka. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af olíugjaldi verði um 160 m.kr. lægri en áætlað er í forsendum fjárlaga 2005.

1366. Nefndarálit [617. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttir frá viðskiptaráðuneyti, Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi prófessor, og Stefán Má Stefánsson prófessor.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, samning EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004, um breytingu á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og samning EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Framangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og samningar EFTA-ríkjanna miða að því að fella inn í regluverk EES-samningsins og fylgisamninga hans umfangsmiklar breytingar sem nýlega hafa orðið á framkvæmd samkeppnisreglna Evrópusambandsins, m.a. með það að markmiði að draga úr miðstýrðu samkeppniseftirliti og færa það í auknum mæli heim í hérað.

Með ákvörðun nr. 130/2004 eru felldar inn í viðeigandi viðauka og bókanir við EES-samninginn vísanir til reglugerðar ráðherraráðs Evrópubandalaganna nr. 1/2003, um framkvæmd samkeppnisreglna stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sem leggja bann við ólögmætu

samráði fyrirtækja og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Ákvörðun nr. 178/2004 varðar síðan nánari reglur um meðferð slíkra mála. Samhliða töku þessara ákvarðana í sameiginlegu EES-nefndinni gerðu EFTA-ríkin með sér samninga um viðeigandi breytingar á bókun 4 við samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, en sú bókun fjallar um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppnismála og tryggir henni með þessum breytingum sambærilegar valdheimildir og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gagnvart aðildarríkjum sínum samkvæmt áðurnefndum gerðum.

Þessar breytingar fela það m.a. í sér að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum fá heimild til að beita ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins að fullu, en nú hafa aðeins Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimild til að beita ákvæðunum. Á grundvelli þessara ákvæða verður íslenskum samkeppnisyfirvöldum heimilt og skylt að afgreiða ákveðin mál á grundvelli ákvæða 53. og 54. gr. EES-samningsins auk þess sem heimildir til vettvangsrannsókna eru rýmkaðar. Þannig gera þessar breytingar ráð fyrir að færa lögsögu í samkeppnismálum í auknum mæli til innlendra samkeppnisyfirvalda og dómstóla í EFTA-ríkjunum en hingað til hefur Eftirlitsstofnun EFTA ein fjallað um þau mál. Þannig verður íslenskum dómstólum í raun fært vald sem að gildandi rétti hefur eingöngu verið á hendi Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Eftirlitsstofnun EFTA mun hins vegar áfram hafa heimild til að taka ákvörðun í slíkum málum. Breytingar á framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, sem gerð er tillaga um, færa innlendum samkeppnisyfirvöldum og dómstólum því lögsögu í málum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur ein farið með áður. Breytingin á framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins mun þó ekki hrófla við verkaskiptingu milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 56. gr. EES-samningsins. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti er líklegt að framangreindum ákvæðum verði ekki oft beitt í framkvæmd hér á landi.

Til að tryggja fullt samræmi í framkvæmd þessara reglna og koma í veg fyrir að innlend yfirvöld og dómstólar annars vegar og Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar komist að ólíkum niðurstöðum gera nýju reglurnar ráð fyrir að innlend yfirvöld og dómstólar geti við meðferð þessara nýju heimilda í ákveðnum tilvikum verið bundin af ákvörðunum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur áður tekið í sama máli. Til að kanna hvort löggjafanum væri að stjórnlögum heimilt að takmarka þannig valdsvið íslenskra dómstóla vegna alþjóðlegra skuldbindinga var Davíð Þór Björgvinssyni, fyrrverandi prófessor, falið af hálfu utanríkisráðherra að rannsaka málið. Álitsgerð Davíðs Þórs, dags. 30. október 2004, var lögð fyrir utanríkismálanefnd. Meginniðurstaða lögfræðiálitsins var að slík takmörkun á ríkisvaldi væri heimil, að því gefnu að í íslenskum rétti væri í gildi venjuhelguð regla sem heimilaði löggjafanum að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og án beinnar heimildar í stjórnarskránni. Að mati álitsgjafa var talið að slík regla gilti samkvæmt íslenskum rétti.

Málið hefur verið ítarlega rætt á fundum nefndarinnar. Nefndin hélt sameiginlegan fund með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem farið var helstu efnisatriði málsins, en fyrir þeirri nefnd liggur frumvarp til samkeppnislaga sem m.a. er ætlað að innleiða efni þeirra ákvarðana og samninga sem hér um ræðir (þskj. 883, 590. mál). Þá hefur nefndin aflað viðbótarupplýsinga frá viðskiptaráðuneyti og utanríkisráðunetyi og kynnt sér lögfræðiálit Davíðs Þórs Björgvinssonar, fyrrverandi prófessors, frá 30. október 2004 auk álits réttarfarsnefndar sem sent var efnahags- og viðskiptanefnd.

Meiri hlutinn telur að þar sem hér er um að ræða sams konar mælikvarða á heimild löggjafans til takmörkunar á ríkisvaldi og áður hefur verið beitt við lögfestingu EES-samningsins árið 1993 og við undirbúning að þátttöku í Schengen-samstarfinu 1999 sé unnt að fallast

á að Alþingi, sem æðsti handhafi löggjafarvaldsins, hafi heimild til að samþykkja slíka skuldbindingu sem í umræddri ákvörðun felst. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að ákveðin óvissa ríkir um tilvist og umfang reglu um heimild löggjafans til að takmarka ríkisvaldið án heimildar í stjórnarskránni. Forsenda meiri hlutans er að til staðar sé slík venjuhelguð regla við túlkun stjórnarskrárinnar sem lýst er ítarlega í framangreindu lögfræðiáliti. Jafnframt telur meiri hlutinn að Alþingi verði einnig að líta til þess hvernig hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé best borgið á alþjóðavettvangi en samstarfið á grundvelli EES-samningsins er ákaflega mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf.

Eftir gaumgæfilega athugun málsins telur meiri hlutinn rétt að taka fram að breytingar á lögsögu innlendra samkeppnisyfirvalda og dómstóla varðandi framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins taka einvörðungu til mála sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur ein farið með, en ekki til þeirra sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur farið með á grundvelli þeirrar verkaskiptingar sem ákveðin er í 56. gr. EES-samningsins. Ástæða þess er sú að samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 er reglugerð (EB) nr. 1/2003 í heild sinni aðeins felld undir bókun 21 við EES-samninginn, en eingöngu að hluta undir XIV. viðauka samningsins. Þannig er samkeppnisyfirvöldum og dómstólum í EFTA-ríkjunum eingöngu fengin heimild til að beita samkeppnisákvæðum EES-samningsins í málum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur ein farið með skv. 56. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun hins vegar ein beita samkeppnisákvæðum EES-samningsins í málum sem falla undir valdsvið hennar skv. 56. gr. samningsins. Engin breyting verður því á meðferð svonefndra blandaðra samkeppnismála, þ.e. mála sem hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins. Slík mál munu áfram verða í höndum hinna sameiginlegu eftirlitsstofnana sem ætlað er að sjá um framkvæmd samkeppnisákvæða samkvæmt þeirri verkaskiptingu sem 56. gr. EES-samningsins mælir fyrir um. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 hróflar því ekki við þeirri verkaskiptingu.

Af þeim sökum felst í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 að EFTA-ríkin eru ekki skuldbundin til að innleiða reglugerð 1/2003 í heild sinni. Þeim er hins vegar skylt að gera nauðsynlegar breytingar á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samningsins) til að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA sé falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er falið með reglugerð 1/2003 en þær breytingar voru gerðar með samningi EFTA-ríkjanna 24. september 2004.

Með hliðsjón af framangreindu telur meiri hlutinn ekkert í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 né samningi EFTA-ríkjanna frá 24. september um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem skuldbindur EFTA-ríkin til þess að innleiða í löggjöf sína ákvæði um að dómstólum þeirra sé ekki heimilt að fella úrskurði um hvort tilteknir samningar, ákvarðanir eða aðgerðir fyrirtækja samræmist ákvæðum 53. eða 54. gr. EES-samningsins sem gengur gegn ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í sama máli. Á EFTA-ríkjunum hvílir eingöngu sú skylda að innleiða með fullnægjandi hætti ákvæði 16. gr. samnings þeirra frá 24. september 2004 og það ákvæði vísar einvörðungu til ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA í þessu samhengi.

Meiri hlutinn telur þó rétt að vekja athygli á að ekki verður með öllu útilokað að innlendur dómstóll í EFTA-ríki kunni að fá til úrlausnar mál sem varða beitingu ákvæða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum samningum, ákvörðunum eða aðgerðum fyrirtækja sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þegar úrskurðað um. Í því tilviki yrði hins vegar ekki leyst úr málinu á grundvelli endurskoðaðra ákvæða bókunar 4 við

samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls heldur er hér um að ræða sjálfstætt úrlausnarefni. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að meginmál EES-samningsins hefur verið lögfest hér á landi og kann því að reyna á beitingu framangreindra ákvæða EES-samningsins í dómsmálum fyrir íslenskum dómstólum. Í slíkum tilfellum yrði viðkomandi dómstóll að leysa úr því hvaða gildi ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur fyrir dómsniðurstöðuna varðandi beitingu ákvæða EES-samningsins um þá samninga, ákvarðanir eða aðgerðir sem fjallað er um í viðkomandi dómsmáli og framkvæmdastjórnin hefur þegar fjallað um. Þetta haggar ekki þeirri niðurstöðu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 og ákvæði samnings EFTA-ríkjanna frá 24. september um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls taka samkvæmt efni sínu ekki til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 3. maí 2005.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.
Gunnar Birgisson.	Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

1367. Nefndarálit [721. mál]

um till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttur, Ingimund Sigurbergsson og Stefán Eirík Stefánsson frá samgönguráðuneyti, Kristján Vigfússon og Sigurð Áss Grétarsson frá Siglingastofnun, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóra.

Umsagnir bárust frá fjölda sveitarfélaga og samtökum þeirra auk umsagna frá stofnunum og frjálsum félagasamtökum.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á einstökum hlutum tillögunnar:

Flugmálaáætlun: Meiri hlutinn leggur til lagfæringu á töflum undir liðnum 2.1.

Siglingaáætlun: Meiri hlutinn leggur ekki til breytingar á siglingaáætlun.

Vegáætlun: Frá því að tillagan var lögð fram á þingi hafa fulltrúar Vegagerðarinnar fundað með þingmönnum hvers kjördæmis og kynnt vegáætlun og rætt mögulegar breytingar. Fulltrúi Vegagerðarinnar kom á fund nefndarinnar 3. maí og kynnti niðurstöður funda sinna með þingmönnum og byggjast breytingartillögur meiri hlutans á vegáætlun á þeim.

Gert er ráð fyrir því að vinnuhópur um samgöngur til Vestmannaeyja ljúki störfum haustið 2005. Í kjölfar þeirra niðurstaðna þarf að taka afstöðu til samgöngukosta við Vestmannaeyjar, svo sem jarðgöng, nýja ferju, flug og hafnaraðstöðu, og ljóst að til þeirrar niðurstöðu þarf að líta á næstu missirum.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á tillögunni:

1. Lagt er til að 10 millj. kr. færist á milli verkefna á árinu 2008 undir liðnum stofnkostnaður í kafla 2.1 auk þess að töflur verði lagfærðar.
2. Lagt er til að allar áætlaðar fjárveitingar vegáætlunar á árunum 2006, 2007 og 2008 verði hækkaðar til áætlaðs verðlags ársins 2006, eða um 3,5% (vísitala Vegagerðarinnar).
3. Liðir 4.1 Fjármál og 4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða breytist þar að auki í samræmi við upplýsingar sem fulltrúar Vegagerðarinnar færðu nefndinni eftir fundi með þingmönnum kjördæma.
4. Breytingar verði gerðar á nöfnum og lýsingum einstaka vega undir lið 4.3.
   a. 214 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Kerlingardal. Í tillögunni er lagt til að hann nái aðeins að Höfðabrekku.
   b. 435 Nesjavallavegur verði 435 Nesjavallaleið en Nesjavallavegur er heitir eldri leiðar. Leiðinni verði lýst svo: Af Hafravatnsvegi sunnan við Miðdal, um Miðdalsheiði, sunnan við Eiturhól á Mosfellsheiði, um Dyrafjöll, á Grafningsveg efri norðan Nesjavalla.
   c. 365 Gjábakkavegur verði 365 Lyngdalsheiðarvegur.
   d. 862 Hólmatungnavegur verði 862 Dettifossvegur.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 2005.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.	

1368. Breytingartillögur [721. mál]

við till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2006.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Við kafla 2.1 fjármál.

a. Liðurinn viðhald og styrkir orðist svo:

Viðhald og styrkir					
Viðhaldssjóðir	131	187	140	137	595
Viðhald og styrkir samtals	131	187	140	137	595

b. Liðurinn stofnkostnaður orðist svo:

Stofnkostnaður					
Flugvellir í grunnneti	330	308	358	347	1343
Áður framkvæmt/afborganir	-166	-115	-115	-115	-511
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	17	0	0	10	27
Aðrir flugvellir utan grunnnets	16	15	23	40	94
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	139	112	92	92	435
Stofnkostnaður alls	336	320	358	374	1388

c. Aðrir samnefndir liðir aftast í kaflanum falli brott.

2. Vegáætlun, 4. kafli, orðist svo:

4. VEGÁÆTLUN

4.1 Fjármál.

Áætlun um fjáröflun.*

Fárhæðir í millj. kr.		2005	2006	2007	2008
4.1.1	**Tekjur og framlög**				
1.1	Markaðar tekjur				
	1. Bensíngjald	6.029	6.547	6.547	6.547
	2. Þungaskattur km-gjald	1.898	1.051	1.067	1.083
	3. Þungaskattur árgjald	1.245			
	4. Olíugjald	1.665	3.446	3.497	3.550
	5. Leyfisgjöld flutninga	4	4	4	4
	6. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6	6	6
	Markaðar tekjur samtals	**10.847**	**11.054**	**11.121**	**11.190**
1.2	Ríkisframlag	1.263	1.526	4.988	4.911
1.3	Framlag til jarðganga	1.200	725	1.695	1.915
	Framlag úr ríkissjóði alls	**2.463**	**2.251**	**6.683**	**6.826**
	Tekjur og framlög alls	**13.310**	**13.305**	**17.804**	**18.016**
4.1.2	**Viðskiptahreyfingar**				
	Afborganir lána til ríkissjóðs:				
	1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	-40	-40
	2. Vegna ferja	-340	-352	-274	
	3. Vegna skuldar frá 1999				-145
	Afborganir samtals	**-380**	**-392**	**-314**	**-185**
	Samtals	**12.930**	**12.913**	**17.490**	**17.831**

* Tölur ársins 2005 eru á verðlagi þessa árs (vísitala vegagerðar 7650). Tölur áranna 2006–2008 eru hækkaðar til áætlaðs verðlags 2006. Hækkun verðlags er áætluð 3,5% (vísitala vegagerðar 7920).

Skipting útgjalda.

Fjárhæðir í millj. kr.	2005		2006		2007		2008	
GJÖLD								
4.1.3 Rekstur og þjónusta								
1. Yfirstjórn		**307**		**331**		**362**		**368**
2. Umsýslugjald til ríkissjóðs		**57**		**57**		**57**		**57**
3. Upplýsingaþjónusta		**80**		**87**		**93**		**93**
4. Umferðareftirlit		**60**		**67**		**70**		**70**
5. Þjónusta		**2.643**		**2.743**		**3.075**		**3.137**
1. Þjónustusvæði	349		362		404		410	
2. Vegir og vegyfirborð	430		445		496		504	
3. Brýr og veggöng	66		74		82		83	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	466		483		537		547	
5. Þéttbýlisvegir	307		319		355		361	
6. Vetrarþjónusta	1.025		1.060		1.201		1.232	
6. Almenningssamgöngur		**1.074**		**1.138**		**1.148**		**806**
1. Ferjur og flóabátar	763		816		817		475	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs		**-340**		**-352**		**-274**		
2. Áætlunarflug	140		145		150		150	
3. Sérleyfi á landi	171		177		181		181	
7. Rannsóknir		**107**		**114**		**114**		**114**
8. Minjar og saga				**12**		**23**		**23**
Rekstur og þjónusta alls		**3.988**		**4.197**		**4.668**		**4.668**
4.1.4 Viðhald								
1. Endurnýjun bundinna slitlaga		**1.003**		**1.035**		**1.096**		**1.132**
2. Endurnýjun malarslitlaga		**224**		**226**		**233**		**238**
3. Styrkingar og endurbætur		**780**		**808**		**859**		**881**
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		**248**		**266**		**280**		**285**
5. Öryggisaðgerðir		**160**		**166**		**176**		**181**
6. Umferðaröryggisáætlun				**104**		**104**		**104**
7. Vatnaskemmdir		**152**		**157**		**171**		**171**
8. Viðhald girðinga		**58**		**64**		**64**		**65**
9. Frágangur gamalla efnisnáma						**31**		**31**
Viðhald alls		**2.625**		**2.826**		**3.014**		**3.088**
4.1.5 Stofnkostnaður								
1. Grunnnet		**4.651**		**4.174**		**7.673**		**7.988**
1. Almenn verkefni	400		414		554		554	
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.200		1.234		1.827		2.312	
3. Verkefni á landsbyggð	1.708		1.759		3.541		3.079	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs		**-40**		**-40**		**-40**		**-40**
4. Orku- og iðjuvegir	102						72	
5. Jarðgangaáætlun	1.200		725		1.694		1.914	
6. Landsvegir í grunnneti	41		42		57		57	

Fjárhæðir í millj. kr.	2005	2006	2007	2008
Samtals grunnnet:	**4.611**	**4.134**	**7.633**	**7.948**
2. Tengivegir	**555**	**570**	**621**	**621**
3. Til brúagerðar	**290**	**300**	**404**	**404**
1. Brýr 10 m og lengri	264	272	375	375
2. Smábrýr	26	28	29	29
4. Ferðamannaleiðir	**173**	**179**	**187**	**187**
5. Þjóðgarðavegir	**89**	**97**	**311**	**259**
6. Girðingar	**73**	**65**	**72**	**76**
7. Landsvegir utan grunnnets	**100**	**104**	**114**	**114**
8. Safnvegir	**314**	**325**	**342**	**342**
9. Styrkvegir	**62**	**64**	**67**	**67**
10. Reiðvegir	**50**	**52**	**57**	**57**
Samtals utan grunnnets	**1.706**	**1.756**	**2.175**	**2.127**
Stofnkostnaður alls	**6.317**	**5.890**	**9.808**	**10.075**
GJÖLD ALLS	12.930	12.913	17.490	17.831

4.2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

4.2.1. Grunnnet.

4.2.1.1 Almenn verkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
1		**Hringvegur**				
	a3	Austan Eldvatnsbotna	15			
	a6	Um Kirkjubæjarklaustur	10			
	c3	Um Hellu		7		
	d3-d5	Um Selfoss				31
	x0	Um Smyrlabjargaá			10	
	x1	Um Staðará Suðursveit			26	
30		**Hrunamannavegur**				
	06–08	Skipholt–Foss		4	86	86
35		**Biskupstungnabraut**				
	04	Um Brúará				5
45		**Garðskagavegur**				
	04	Um Sandgerði		22		
240		**Stórhöfðavegur**				
	01	Um Strandveg		32		
424		**Keflavíkurvegur**				
	01	Reykjanesbraut–Njarðarbraut				31
427		**Suðurstrandarvegur**				
	13	Um Þorlákshöfn	32	16		
429		**Sandgerðisvegur**				
	01	Lagfæring vegna Miðnesheiðarvegar	5			
1		**Hringvegur**				
	e2	Lagfæring gatnamóta				24
42		**Krýsuvíkurvegur**				
	01	Reykjanesbraut–Vatnsskarð	27	36	55	
470		**Fjarðarbraut**				
	01	Gatnamót við Arnarhraun	25			
1		**Hringvegur**				
	g5–06	Um Borgarnes	36	42	28	7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
m0	Endurbætur gegnum Blönduós				21
m2	Beygjur við Geitaskarð				41
m6	Gatnamót við Varmahlíð	20	21		
50	**Borgarfjarðarbraut**				
02–03	Vatnshamraleið	10			
54	**Snæfellsnesvegur**				
03	Um Hítará			42	
05	Um Haffjarðará				51
10	Bjarnarfoss–Egilsskarð	2			
17	Um Grishólsá		17		
60	**Vestfjarðavegur**				
03	Um Tunguá				11
07	Búðardalur–Klofningsvegur	6			
23	Um Laxá	31			
43	Um Hjarðardalsá				13
61	**Djúpvegur**				
04–36	Breikkun slitlaga og vega	17	54	69	58
36	Langeyri–Grundarstígur, lýsing		5		
72	**Hvammstangavegur**				
01	Um Hvammstanga			14	7
76	**Siglufjarðarvegur**				
06	Um Hofsá	3	4		
13	Gránugata	14			
574	**Útnesvegur**				
10	Ólafsvík, lýsing	3			
636	**Hafnarvegur Ísafirði**				
01	Djúpvegur–höfn	9			
744	**Þverárfjallsvegur**				
03	Kallá–Sauðárkrókur	20	34	56	
1	**Hringvegur**				
t6	Litla Sandfell–Skriðdalsvegur				98
u8	Ofan Þakeyrar í Hamarsfirði			32	
82	**Ólafsfjarðarvegur**				
06	Ólafsfjarðargöng, vatnsvörn	22			
83	**Grenivíkurvegur**				
	Snjóastaður	7			
85	**Norðausturvegur**				
03	Um Laxá		22	29	
14	Arnarstaðir–Klapparós			96	59
31	Brekknaheiði–Geysirófa		53		
34–35	Hölkná–Miðheiðarhryggur	19			
87	**Kísilvegur**				
03	Slitlagsendi–Geitafellsá	11	34		
837	**Hlíðarfjallsvegur**				
01	Um Borgarbraut	15			
846	**Austurhlíðarvegur**				
01	Hjá Laugum	6			
917	**Hlíðarvegur**				
01	Hjá Fossvöllum	25	1		
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi				
	Lagfæringar á þjóðvegum	10	10	11	11
	Samtals	**400**	**414**	**554**	**554**

4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Vegnr.	Vegheiti Heiti verkefnis	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
1	**Hringvegur**				
	Gatnamót við Nesbraut				103
	Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	155	67		
40	**Hafnarfjarðarvegur**				
	Gatnamót við Nýbýlaveg				223
41	**Reykjanesbraut**				
	Laugarnesvegur–Dalbraut		184	93	
	Gatnamót við Bústaðaveg				391
	Gatnamót við Stekkjarbakka	90			
	Gatnamót við Arnarnesveg			715	260
	Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	50	338		
	Gatnamót við Vífilsstaðaveg				621
	Lækjargata–Kaldárselsvegur	149			
42	**Krýsuvíkurvegur**				
	Reykjanesbraut–Ásvellir				259
49	**Nesbraut**				
	Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	556			
	Kringlumýrarbraut / Miklabraut		104	104	
409	**Hlíðarfótur**				
	Hringbraut–Samgöngumiðstöð		104	104	
411	**Arnarnesvegur**				
	Gatnamót við Fífuhvammsveg		52	41	
	Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur		91		207
412	**Vífilsstaðavegur**				
	Hafnarsvæði–Hafnarfjarðarvegur		41		
415	**Álftanesvegur**				
	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur			528	
450	**Sundabraut**				
	Sæbraut–Geldinganes	50	104	103	103
	Göngubrýr og undirgöng	**60**	**62**	**67**	**67**
	Umferðarstýring	**30**	**21**		
	Smærri verk og ófyrirséð	**60**	**66**	**72**	**78**
	Samtals	**1.200**	**1.234**	**1.827**	**2.312**

4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð.

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Almannaskarð					
1	Hringvegur				
	v5–v6 Göng undir Almannaskarð	82	15		
Hornafjarðarfljót					
1	Hringvegur				
	v7–v9 Um Hornafjarðarfljót				166
Þjórsá					
1	Hringvegur				
	c8 Um Þjórsá	46			
Hringvegur, Reykjavík–Hveragerði					
1	Hringvegur				
	d8–e1 Hellisheiði–Sandskeið			311	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Bræðratunguvegur					
359	Bræðratunguvegur				
01	Um Hvítá			83	103
Lyngdalsheiðarvegur					
365	Lyngdalsheiðarvegur				
01	Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur		103	336	
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík					
41	Reykjanesbraut				
15–18	Krýsuvíkurvegur–Víknavegur	305	207	362	414
Hvalfjarðartengingar					
1	Hringvegur				
g1	Hvalfjarðarteningar	60	62	62	62
Hringvegur um Stafholtstungur					
1	Hringvegur				
h0	Borgarfjarðarbraut–Hrauná	153	112	83	83
Hálsasveitarvegur að Húsafelli					
518	Hálsasveitarvegur				
03	Hvítársíðuvegur–Kaldadalsvegur	95			
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð					
54	Snæfellsnesvegur				
15	Kolgrafafjörður	224	52	215	
Vestfjarðavegur um Brattabrekku					
60	Vestfjarðavegur				
01–02	Um Brattabrekku	88			
Vestfjarðavegur, Svínadalur–Flókalundur					
60	Vestfjarðavegur				
08–31	Svínadalur–Flókalundur	100	207	388	383
Vegur um Arnkötludal					
605	Tröllatunguvegur				
01	Vestfjarðavegur–Djúpvegur				103
Ísafjarðardjúp					
61	Djúpvegur				
26–29	Ísafjörður–Mjóifjörður	45	207	621	673
31–32	Í Skötufirði	60			
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík					
61	Djúpvegur				
38–45	Súðavík–Bolungarvík	20	31	21	21
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði					
1	Hringvegur				
n0–n1	Norðurárdalur	200	178	176	207
Þverárfjallsvegur					
744	Þverárfjallsvegur				
01	Skagavegur–Sauðárkrókur			103	
Hringvegur um Mývatnsheiði					
1	Hringvegur				
q9	Mývatnsheiði	12			
Hringvegur um Akureyri					
p7–p8	Gatnamót			10	21
Lágheiði					
82	Ólafsfjarðarvegur				
09	Hóll–sýslumörk	14			

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn				
85 Norðausturvegur				
07–13 Breiðavík–Arnarstaðir	33			
14–22 Katastaðir–Krossavík	100	207	300	507
Kísilvegur				
87 Kísilvegur				
01–02 Slitlagsendi–Geitafellsá	37	78	36	21
Tenging Norðurland–Austurland				
1 Hringvegur				
s2–s4 Vegaskarð–Langidalur	12			
s6–s7 Arnórsstaðamúli	10	176		
Hringvegur á Austurlandi				
1 Hringvegur				
t6–t7 Skriðdalur		36		
u7 Valtýskambur–Sandbrekka				124
v1–v5 Þvottár- og Hvalnesskriður			207	
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður				
85 Norðausturvegur				
41–43 Vopnafjörður–Brunahvammsháls			104	135
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra				
1 Hringvegur				
k1 Síká (Hrútafirði)		72	107	41
Samgöngurannsóknir	**12**	**16**	**16**	**15**
Samtals	**1.708**	**1.759**	**3.541**	**3.079**

4.2.1.4 Orku- og iðjuvegir.

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
92 Norðfjarðarvegur				
06 Hjáleið Reyðarfirði	50			
07 Um Hólmaháls	52			72
Samtals	**102**			**72**

4.2.1.5 Jarðgangaáætlun.

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður	1.200	725	1.694	1.914
Samtals	**1.200**	**725**	**1.694**	**1.914**

4.2.1.6 Landsvegir í grunnneti.

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Landsvegir í grunnneti	41	42	57	57
Samtals	**41**	**42**	**57**	**57**

4.2. Utan grunnnets.
4.2.2.1 Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
25		Þykkvabæjarvegur				
	02	Hrafntóftir–Þykkvibær		17		
204		Meðallandsvegur				
	01	Ásgarður–Fossar	13		24	
246		Skálavegur				
	01	Hringvegur–Hringvegur		10		
253		Bakkavegur				
	02	Landeyjavegur–Hólmabæjavegur	38	24		
	03	Landeyjavegur–flugvöllur	15			
264		Rangárvallavegur				
	02	Hringvegur–Keldur				70
271		Árbæjarvegur				
	01	Árbæjarhjáleiga–Árbakki		29		
282		Ásmundarstaðavegur				
	01	Hringvegur–Ásmundarstaðir		8	8	5
32		Þjórsárdalsvegur				
	01	Um Kálfá				3
33		Gaulverjabæjarvegur				
	01	Gaulverjabær–Skipar			111	
304		Oddgeirshólavegur				
	01	Hringvegur–Hringvegur				42
305		Villingaholtsvegur				
	02	Urriðafossvegur–Fljótshólar		8		
314		Holtsvegur				
	01–02	Ofan Stokkseyrar	8			
324		Vorsabæjarvegur á Skeiðum				
	01	Um Vorsabæ	10			
329		Mástunguvegur				
	01	Skyggnir–Laxárdalur	5			
340		Auðsholtsvegur				
	01	Hrunamannavegur–Syðra-Langholt	21	3	20	
354		Sólheimavegur				
	01	Biskupstungnabraut–Sólheimar	36	62	23	
351		Búrfellsvegur				
	01	Þingvallavegur–Biskupstungnabraut				36
364		Eyjavegur				
	01	Laugarvatnsvegur–Útey	5			
375		Arnarbælisvegur				
	01	Hringvegur–Auðsholt	7			
3445		Hvítárholtsvegur			13	
3357		Heiðarbraut				12
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk, að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum, að Lambeyri.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi, að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ, að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil, að vegamótum vestan Geldingaholts 1.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund, að Kringlumýri.
7681 Víðimýrarvegur: Af Hringvegi, að Víðiholti í Skagafirði.
7750 Sleitustaðavegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku, að Sleitustöðum.
7794 Neðraásvegur: Af Ásavegi, að Neðraási 3.
7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum, að Barði.

Norðausturkjördæmi.

1 Hringvegur: Frá kjördæmamörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, um Biskupsháls, Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, að kjördæmamörkum við Krossanes í Hvalnesskriðum.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að kjördæmamörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni og Höfðahverfi, að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð, Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.

87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá, að verslunarhúsi.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum, um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð, að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði og ferjubryggju á Seyðisfirði, á Hánefsstaðaveg.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík, að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes, á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli, um Breiðdalsvík, á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi, um Mörk og Víkurland, að hafnarsvæði í Gleðivík.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn, að bryggju í Álaugarey.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn, að Norðurvegi.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað, um brú á Ólafsfjarðarós, með fram flugvelli, að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir, að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum, á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan, að Dæli.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi, að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi, að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi, að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi, að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli, á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga, að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan, á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, um Syðsta-Samtún, að Áslaksstöðum.
819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu, að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar, að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri, um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes, á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil, á Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.

824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá, á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla, á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Halllandi, um Veigastaði, á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi, að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá, að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum, að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár, upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut), suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli. (Þangað telst landsvegur.)
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttavöll, að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts, að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum, á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum, á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla, út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni, um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Hringvegi skammt austan Arnarvatns, að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Útkinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum, að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða, að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun, á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi, að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni, að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi, að höfn.
862 Dettifossvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli, að Tóvegg. (Þaðan er hann landsvegur suður á Hringveg hjá Austaribrekku.)

864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand, á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi, að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú, að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn að Sauðanesi.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi, að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi utan Þórshafnar, að flugvelli.
897 Svalbarðstunguvegur: Af Norðausturvegi í Þistilfirði, að Hagalandi.
912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár, að Bakkafjarðarhöfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk, að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Norðausturvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá, á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún, að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár, að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni, að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði, að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga, yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár, á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá, á Hringveg hjá Urriðavatni.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni, um Brekku, á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni, að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Fell og Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum, að býlunum.
933 Fljótsdalsvegur: Af Upphéraðsvegi hjá Hjarðarbóli, um Skriðuklaustur, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Víðivöllum ytri, um Hrafnkelsstaði, á Upphéraðsveg utan við Vallholt.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi austan Jökulsár, um brú á Kelduá, um Langhús, að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur: Af Fljótsdalsvegi austan brúar á Kelduárkvísl, að Klúku.
936 Þórdalsheiðarvegur: Frá Áreyjum, á Suðurfjarðaveg í Reyðarfjarðarbotni. (Landsvegur er yfir Þórdalsheiði, frá Hringvegi í Skriðdal, að Áreyjum.)
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú, að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal, um Öxi, á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar, að flugvelli.

943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað, að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum, um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi, á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, um brú á Fjarðará, að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum, að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi, að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Vestdalseyri, að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri, að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú, um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar, að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað, að Stóru-Breiðuvík.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár, að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði, að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi, um Hafnarbraut, að höfn.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal, um Norðurdal, að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi hjá Heydölum, yfir Breiðdalsá hjá Sveinshyl, á Hringveg hjá Ósi.
966 Suðurbyggðarvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði, á Breiðdalsveg við Skammadalsá.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá, að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi, að Miðfelli.
984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
8005 Grímseyjarvegur: Frá ferjubryggju, að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi, að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi, að Möðruvöllum 1.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi, að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi, að Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Knarrarbergsvegi, að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Syðrahóli.
8240 Ytra-Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Laugarholti.
8243 Þelamerkurvegur: Af Hringvegi við Bægisá, á Hringveg við Fossá.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi, að Halllandi 2.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi, að Mógili 2.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi, að Meyjarhóli.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi, að skógarvarðarhúsi.
8370 Villingadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt utan við Torfufell, að Villingadal.

8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi, að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi, að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi, að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi, að Bjarnarstöðum.
8490 Knarrarbergsvegur: Af Veigastaðavegi, um Leifsstaði, á Eyjafjarðarbraut eystri.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi, að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi, að Hraunkoti.
8512 Sólheimavegur: Af Hringvegi á Svalbarðsströnd, að Sólheimum.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi, að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi, að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi, að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi, að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi, að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi, að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi, að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi, að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi, að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi, að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi, að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi, að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi, að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi, að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi, að Grímsstöðum 2b.
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi, að Keldunesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Gunnarsstöðum 1.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi, að Hallgilsstöðum.
8843 Laxamýrarvegur: Af Norðausturvegi, að Laxamýri 2a.
8877 Fjallavegur: Af Norðausturvegi í Kelduhverfi, að Lóni.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi, að Hvammi.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum, að Torfastöðum 1.
9160 Refsstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi, að Refsstað.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi, að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri, að Mælivöllum 2.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi, að Hallfreðarstöðum 2.
9340 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði, að Valþjófsstað 2.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi, að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Finnsstöðum 2.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Borg.
9617 Tóarselsvegur: Af Norðurdalsvegi í Breiðdal, að vegamótum að Skarði.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi, að Grænahrauni.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi, að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi, að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi, að Hólum 2.
9765 Meðalfellsvegur: Af Hringvegi við Nesjakauptún, að götunni Hraunhóli.
9811 Stórabólsvegur: Af Hringvegi, að Klettatúni.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi, að Lækjarhúsum 1.

9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi, að Jaðri.
9860 Halavegur: Af Hringvegi, að Hala 2.
9868 Fagurhólsmýrarvegur: Af Hringvegi, að vegamótum Hemruvegar.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi, að Hnappavöllum.
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi, að Hofi 1.
9887 Hofavegur: Af Hofsvegi, að Hofi 2.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi, að Suðurbæ.

Flokkun stofn- og tengivega skv. 4.3.1 í undirflokka.

Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut–Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
50 Borgarfjarðarbraut.
51 Akrafjallsvegur.
54 Snæfellsnesvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Vatnaleið.
58 Stykkishólmsvegur.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Lyngdalsheiðarvegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur–Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.

413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut–Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Suðurstrandarvegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur–Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
453 Sundagarðar.
454 Holtavegur.
470 Fjarðarbraut.
503 Innnesvegur:
Höfði við Akranes–Akranesvegur.
509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur–Ólafsvík.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
744 Þverárfjallsvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur–Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur–Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

Tengivegir.
Aðrir vegir í upptalningu vega í 4.3.1 eru tengivegir.

4.3.2 Ferjuleiðir.

1. **Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn.**
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
3. **Ísafjörður–Æðey–Vigur.**
Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
4. **Árskógsströnd–Hrísey.**
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
5. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

6. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

4.3.3 Grunnnet.

Stofnvegir í grunnneti.

Stofnvegir teljast allir til grunnnets nema Heydalsvegur.

Tengivegir í grunnneti:

25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur–Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
253 Bakkavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur
631 Flugvallarvegur Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes

731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

Landsvegir í grunnneti:
F26 Sprengisandsleið
35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
550 Kaldadalsvegur

Ferjuleiðir í grunnneti:
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur

1369. Nefndarálit [738. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneyti, Helga Magnús Gunnarsson og Jón H. Snorrason frá embætti ríkislögreglustjóra, Sigrúnu Jóhannsdóttir frá Persónuvernd, Írisi Ösp Ingjaldsdóttur og Eirík Áka Eggertsson frá Neytendasamtökunum, Dóru Sif Tynes og Örn Orrason frá OgVodafone, Fanneyju Gísladóttur og Lárus Jónsson frá Núll-níu ehf., Pál Ásgrímsson frá Símanum, Hörð Jóhannesson frá símanefnd dómsmálaráðherra, Hrafnkel V. Gíslason og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun og Jón R. Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að helstu breytingar sem lagðar eru til í því séu:

- Ákvæði um gerð fjarskiptaáætlunar.
- Skipun fjarskiptaráðs.
- Ákvæði um vernd fjarskiptastrengja í sjó.

- Skýrari ákvæði um álagningu og innheimtu álags á jöfnunarsjóðsgjald.
- Ákvæði um mat á rétti til greiðslu vegna alþjónustu.
- Kröfur um skráningu eigenda síma (farsíma).
- Skylda fjarskiptafyrirtækja til að veita lögreglu upplýsingar.
- Skylda til varðveislu lágmarksskráningar gagna um fjarskiptaumferð í eitt ár.
- Ýmis ákvæði, m.a. um ótímabundin leyfi vegna þráðlauss sendibúnaðar, um tilkynningar um kaupendur búnaðar, um gagnsæi kostnaðar og um samræmda hugtakanotkun.

Til viðbótar þessari upptalningu má benda á undanþágu frá reikisamningsskyldu í 5. gr. frumvarpsins.

Í umsögnum um málið kom einna helst fram gagnrýni á 7.–9. gr. frumvarpsins sem fjalla um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að skrá fjarskiptaumferð og notendur síma, skyldu kaupanda farsímakorts til að framvísa skilríkjum og skyldu fjarskiptafyrirtækja til að láta lögreglu í té upplýsingar án dómsúrskurðar um hver sé skráður eigandi ákveðins símanúmers og/eða eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu) ef það er í þágu opinberrar rannsóknar. Nefndin fjallaði ítarlega um þessi ákvæði með gestum en ljóst er að hér vegast á almannahagsmunir og réttur einstaklinga til persónuverndar.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á frumvarpinu sem m.a. taka mið af athugasemdum Persónuverndar og sjónarmiðum um meðalhóf. Nefndin leggur til:

1. Að sá tími sem fjarskiptafyrirtæki er skylt að varðveita lágmarksupplýsingar í þágu lögreglurannsóknar og almannaöryggis verði styttur úr einu ári í sex mánuði.
2. Að dregið verði úr hve nákvæmlega skuli skrá fjarskipti þannig að í stað tímasetningar og tímalengdar verði aðeins krafist að skráð verði dagsetning fjarskiptanna og að í stað þess að krefjast skráningar á magni gagnaflutnings til og frá notanda verði aðeins skylt að skrá gagnaflutninga til notanda. Þessar breytingartillögur taka mið af framangreindum sjónarmiðum auk þess að ekki eru lagðar eins miklar kvaðir á símafyrirtæki og ef ákvæði frumvarpsins um þetta atriði stendur óbreytt.
3. Að felld verði brott skylda kaupenda fjarskiptakorta til að framvísa skilríkjum og Póst- og fjarskiptastofnun þess í stað veitt heimild til að setja reglur um skráningu notenda slíkra korta í samráði við Neyðarlínu, lögreglu og farsímafyrirtæki. Sjónarmið um persónuvernd og persónufrelsi verða einnig að vera virt í setningu slíkra reglna. Því kom til álita í nefndinni að hafa Persónuvernd í þeim hópi sem talinn er upp í ákvæðinu en niðurstaðan var sú að réttara væri að sú stofnun stæði sjálfstæð utan samráðsins og gæti þannig veitt hlutlausa umsögn og sérfræðiálit þegar við ætti. Telur nefndin að með þessu megi ná fram auknu öryggi við notkun farsíma, svo sem stefnt er að í frumvarpinu, en þá með lausnum sem taka meira mið af persónuvernd og eðli viðskiptanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón Hjörleifsson skrifar undir álitið með fyrirvara um 7. gr. frumvarpsins og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 6. maí 2005.

Hjálmar Árnason, form., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Einar K. Guðfinnsson.

Guðjón Hjörleifsson, með fyrirvara. | Magnús Stefánsson.

1370. Breytingartillögur [738. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (HjÁ, ArnbS, EKG, GHj, MS).

1. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „eitt ár“ í 1. málsl. efnismálsgreinar a-liðar komi: sex mánuði.
   b. 2. málsl. efnismálsgreinar a-liðar orðist svo: Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notendanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Póst- og fjarskiptastofnun setur að öðru leyti reglur um skráningu notenda sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum. Að því er varðar farsímakort, sem ekki eru skráð á nafn, er stofnuninni heimilt að setja reglur um skráningu þeirra í samstarfi við Neyðarlínu, lögreglu og farsímafyrirtæki í því skyni að stuðla að auknu öryggi við notkun farsíma.
3. Við 11. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðsins „sæstrengsins“ í 9. mgr. kemur: fjarskiptastrengsins.

1371. Nefndarálit [746. mál]

um till. til þál. um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið samhliða 738. máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, og fengið á sinn fund sömu gesti og í því máli.

Nefndin leggur til að kaflar tillögunnar verði númeraðir en að öðru leyti verði hún **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 6. maí 2005.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Kristján L. Möller.	Magnús Stefánsson.

1372. Breytingartillögur [721. mál]

við till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, og brtt. á þskj. 1368.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Við kafla 2.2.2.1 Grunnnet. Liðurinn Egilsstaðaflugvöllur hljóði svo:

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr. **Staður – verkefnaflokkur**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Egilsstaðaflugvöllur				
1. Flugbrautir og hlöð	81	77	35	32
2. Byggingar	0	0	0	0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	20	29	41
Samtals	81	97	64	73

2. Kafli 4.1.5 Stofnkostnaður á þskj. 1368 hljóði svo:

Fjárhæðir í millj. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
4.1.5 Stofnkostnaður				
1. Grunnnet	**4.001**	**5.168**	**7.514**	**7.446**
1. Almenn verkefni	400	414	554	554
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.550	2.142	2.332	2.688
3. Verkefni á landsbyggð	1.708	1.770	3.371	2.775
Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs	**-40**	**-40**	**-40**	**-40**
4. Orku- og iðjuvegir	102			72
5. Jarðgangaáætlun	200	800	1.200	1.300
6. Landsvegir í grunnneti	41	42	57	57
Samtals grunnnet:	**3.961**	**5.128**	**7.474**	**7.406**
2. Tengivegir	**555**	**570**	**621**	**621**
3. Til brúagerðar	**290**	**300**	**404**	**404**
1. Brýr 10 m og lengri	264	272	375	375
2. Smábrýr	26	28	29	29
4. Ferðamannaleiðir	**173**	**179**	**187**	**187**
5. Þjóðgarðavegir	**89**	**96**	**237**	**237**
6. Girðingar	**73**	**65**	**72**	**76**
7. Landsvegir utan grunnnets	**100**	**104**	**114**	**114**
8. Safnvegir	**314**	**325**	**342**	**342**
9. Styrkvegir	**62**	**64**	**67**	**67**
10. Reiðvegir	**50**	**52**	**57**	**57**
Samtals utan grunnnets	**1.706**	**1.755**	**2.101**	**2.105**
Stofnkostnaður alls	**5.667**	**6.883**	**9.575**	**9.511**

3. Kafli 4.2.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði á þskj. 1368 hljóði svo:

Vegnr. Vegheiti **Heiti verkefnis**	**2005** **millj. kr.**	**2006** **millj. kr.**	**2007** **millj. kr.**	**2008** **millj. kr.**
1 Hringvegur				
Gatnamót við Nesbraut			300	300
Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	155	65		
Breikkun, Skarhólabraut–Þingvallavegur		100	200	170
40 Hafnarfjarðarvegur				
Gatnamót við Nýbýlaveg		100	115	100
Hafnarfjarðarvegur–Engidalur				200

Vegnr. Vegheiti Heiti verkefnis	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
41 Reykjanesbraut				
Laugarnesvegur–Dalbraut		178	90	
Gatnamót við Bústaðaveg				378
Gatnamót við Stekkjarbakka	90			
Gatnamót við Arnarnesveg		300	642	
Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	50	327		
Gatnamót við Vífilsstaðaveg				600
Lækjargata–Kaldárselsvegur	149			
Gatnamót við Urriðaholt				300
42 Krýsuvíkurvegur				
Reykjanesbraut–Ásvellir	200	50		
49 Nesbraut				
Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	556			
Kringlumýrarbraut / Miklabraut		100	100	
409 Hlíðarfótur				
Hringbraut–Samgöngumiðstöð		100	100	
411 Arnarnesvegur				
Gatnamót við Fífuhvammsveg		50	40	
Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur		188		100
412 Vífilsstaðavegur				
Hafnarsvæði–Hafnarfjarðarvegur		40		
415 Álftanesvegur				
Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur		200	310	
432 Hallsvegur, breikkun				100
450 Sundabraut				
Sæbraut–Geldinganes	200	200	300	300
Göngubrýr og undirgöng	60	60	65	65
Umferðarstýring	30	20		
Smærri verk og ófyrirséð	60	64	70	75
Samtals	**1.550**	**2.142**	**2.332**	**2.688**

4. Kafli 4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð á þskj. 1368 hljóði svo:

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Þjórsá				
1 Hringvegur				
c8 Um Þjórsá	46			
Bræðratunguvegur				
358 Bræðratunguvegur				
01 Um Hvítá			80	100
Lyngdalsheiðarvegur				
365 Lyngdalsheiðarvegur				
01 Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur		100	325	
Hringvegur, Reykjavík – Hveragerði				
1 Hringvegur				
d8 – e1 Hellisheiði – Sandskeið			300	
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík				
41 Reykjanesbraut				
15–18 Krýsuvíkurvegur–Víknavegur	305	200	350	400
Suðurstrandarvegur				
427 Suðurstrandarvegur				
Þorlákshafnarvegur–sýslumörk		100	100	100

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Hvalfjarðartengingar					
1	Hringvegur				
	Hvalfjarðartengingar	60	60	60	60
Hringvegur um Stafholtstungur					
1	Hringvegur				
h0	Borgarfjarðarbraut–Hrauná	153	78	80	80
Hálsasveitarvegur að Húsafelli					
518	Hálsasveitarvegur				
03	Hvítársíðuvegur–Kaldadalsvegur	95			
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð					
54	Snæfellsnesvegur				
15	Kolgrafafjörður	224	50	208	
Vestfjarðavegur um Brattabrekku					
60	Vestfjarðavegur				
01–02	Um Brattabrekku	88			
Vestfjarðavegur, Svínadalur–Flókalundur					
60	Vestfjarðavegur				
08–31	Svínadalur–Flókalundur	100	200	325	270
Vegur um Arnkötludal					
605	Tröllatunguvegur				
01	Vestfjarðavegur–Djúpvegur				100
Ísafjarðardjúp					
61	Djúpvegur				
27–29	Ísafjörður–Mjóifjörður	45	200	600	650
31–32	Í Skötufirði	60			
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík					
61	Djúpvegur				
38–45	Súðavík–Bolungarvík.	20	30	20	20
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði					
1	Hringvegur				
n0–n1	Norðurárdalur	200	172	170	200
Þverárfjallsvegur					
744	Þverárfjallsvegur				
03	Skagavegur – Sauðárkrókur			0	
Hringvegur um Mývatnsheiði					
1	Hringvegur				
q9	Mývatnsheiði	12			
Hringvegur um Akureyri					
1	Hringvegur				
p7–p8	Gatnamót			10	20
Lágheiði					
82	Ólafsfjarðarvegur				
09	Lágheiði	14			
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn					
85	Norðausturvegur				
09–10	Bangstaðir–Víkingavatn	33			
14–22	Katastaðir–Krossavík	100	200	290	290
Kísilvegur					
87	Kísilvegur				
01–05	Mývatnsvegur–sæluhús	37	75	35	20
Tenging Norður–Austurland					
1	Hringvegur				
s2–s4	Vegaskarð–Langidalur	12			
s6	Um Arnórsstaðamúla	10	170		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Hringvegur á Austurlandi					
1	Hringvegur				
t6–t7	Skriðdalur		35		
u7	Valtýskambur–Sandbrekka				120
v1–v2	Þvottár- og Hvalnesskriður			200	
v6	Almannaskarð	82	15		
Hornafjarðarfljót					
1	Hringvegur				
v8	Um Hornafjarðarfljót				160
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður					
85	Norðausturvegur				
41–43	Vopnafjörður–Brunahvammsháls			100	130
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra					
1	Hringvegur				
k1	Um Síká		70	103	40
Samgöngurannsóknir		12	15	15	15
	Samtals	**1.708**	**1.770**	**3.371**	**2.775**

5. Kafli 4.2.1.5 Jarðgangaáætlun á þskj. 1368 hljóði svo:

	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
Hólsdalur – Nautadalur	200	800	900	900
Göng undir Vaðlaheiði, Hallland – Nes			300	400
Samtals	200	800	1200	1300

6. Við kafla 4.2.2.4 Þjóðgarðavegir á þskj. 1368. Liðurinn Útnesvegur hljóði svo:

	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.
574 Útnesvegur				
02-04 Um þjóðgarð		30	30	50

7. Við upptalningu á vegum í Suðvesturkjördæmi í kafla 4.3.1 Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum á þskj. 1368:
   a. Lýsingin á Elliðavatnsvegi orðist svo: Af Breiðholtsbraut um Vatnsendaveg að bæjarmörkum Garðabæjar, (þaðan í Hafnarfjörð) og síðan á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
   b. Við bætist tveir nýir vegir:
      - Kársnesbraut: Frá Hafnarfjarðarvegi um Vesturvör og að Kópavogshöfn.
      - Ásbraut: Frá Reykjanesbraut svo um Fornubúðir að Hafnarfjarðarhöfn.

1373. Svar [770. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um innleiðingu EES-gerða.

1. *Hversu margar gerðir hafa stofnanir Evrópusambandsins samþykkt og gefið út á ári hverju 1994–2004?*

Með vísan til þessarar fyrirspurnar fór utanríkisráðuneytið þess á leit við skrifstofu EFTA í Brussel að tekinn yrði saman fjöldi svokallaðra bindandi gerða, en hugtakið *gerð* vísar annars til allra formlegra ákvarðana sem teknar eru af stofnunum Evrópusambandsins, óháð því hvort þær eru bindandi eða óbindandi fyrir aðildarríki þess.

Samkvæmt upplýsingum skrifstofunnar, sem byggðar eru á lagagagnagrunni Evrópusambandsins (EUR-lex) var eftirfarandi fjöldi tilskipana, reglugerða og ákvarðana settur á umbeðnu tímabili:

Ár	Tilskipanir	Reglugerðir	Ákvarðanir
2004	111	2.157	925
2003	126	2.244	976
2002	96	2.371	980
2001	102	2.597	1.190
2000	83	2.777	1.068
1999	102	2.782	1.036
1998	100	2.849	929
1997	81	2.641	972
1996	95	2.524	798
1995	72	3.086	767
1994	79	1.292	928
	1.047	**27.320**	**10.569**

Samkvæmt þessu samþykkti Evrópusambandið 38.936 gerðir á tímabilinu. Hafa ber í huga að hér er um að ræða heildarfjölda þeirra gerða sem Evrópusambandið hefur samþykkt á tímabilinu, þ.m.t. gerðir sem felldar hafa verið brott eða hafa eingöngu tímabundið gildi.

Jafnframt skal árétta að langstærstur hluti þeirra gerða sem samþykktar eru af Evrópusambandinu varða framkvæmd sameiginlegrar landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu þess en einnig er fjöldi gerða samþykktur á ári hverju er varða framkvæmd utanríkisviðskiptastefnu þess, þ.m.t. tollamál.

2. *Hversu margar þessara gerða hafa verið teknar upp í EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, og innleiddar hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt honum?*

Inn í EES-samninginn eru aðeins teknar þær gerðir sem falla undir gildssvið samningsins. Gildissvið EES-samningsins er bundið við hið svonefnda fjórþætta frelsi (frjáls vöruviðskipti, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálsar fjármagnshreyfingar og frjálsa för launþega) og þau svið önnur sem beinlínis eru talin varða fjórþætta frelsið (samkeppni, félagsmál, umhverfismál, neytendavernd, hagskýrslugerð og félagarétt). Samkvæmt upplýsingum EFTA-skrifstofunnar hafa 2.527 tilskipanir, reglugerðir og ákvarðandir verið teknar inn í EES-samninginn á umræddu tímabili, eða um 6,5% af heildarfjölda ESB-gerða á tímabilinu, sbr. eftirfarandi töflu.

Ár	Fjöldi gerða
2004	296
2003	285
2002	310
2001	389
2000	209
1999	556
1998	161
1997	132
1996	77
1995	77
1994	35
	2.527

Rétt er að geta þess að á sviði heilbrigðiseftirlits með dýrum og plöntum er Ísland undanþegið þeim ákvæðum sem snúa að heilbrigðiseftirliti dýra að undanskildum þeim hluta gerðanna sem varða heilbrigðiseftirlit sjávarafurða. Enn fremur ber að athuga að Ísland hefur ekki innleitt sérstaklega gerðir sem fjalla um járnbrautir eða skipgengar vatnaleiðir. Fjöldi gerða sem ekki er innleiddur af þessum ástæðum er um 300 talsins.

3. *Hversu margar fyrrgreindra gerða hafa krafist lagabreytinga við innleiðingu hér á landi?*

Ef gerð sem taka á upp í EES-samninginn krefst lagabreytinga gera stjórnvöld við hana svonefndan stjórnskipulegan fyrirvara á grundvelli 103. gr. EES-samningsins. Á því tímabili sem vísað var til hér að framan hafa íslensk stjórnvöld í 101 tilviki gert slíkan fyrirvara við upptöku gerðar í EES-samninginn.

Ár	Fjöldi gerða
2004	19
2003	13
2002	17
2001	9
2000	9
1999	13
1998	5
1997	2
1996	5
1995	4
1994	5
	101

1374. Nefndarálit [738. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum og vegna málsins kallaði nefndin á fund sinn Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneyti, Helga Magnús Gunnarsson og Jón H. Snorrason frá embætti ríkislögreglustjóra, Sigrúnu Jóhannsdóttir frá Persónuvernd, Írisi Ösp Ingjaldsdóttur og Eirík Áka Eggertsson frá Neytendasamtökunum, Dóru Sif Tynes og Örn Orrason frá Og Vodafone, Fanneyju Gísladóttur og Lárus Jónsson frá Núll-níu ehf., Pál Ásgrímsson frá Símanum, Hörð Jóhannesson frá símanefnd dómsmálaráðherra, Hrafnkel V. Gíslason og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun og Jón R. Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Rétt er að vekja athygli á því að sumar greinar frumvarpsins eru þess eðlis að minni hlutinn getur stutt þær, sbr. 1. gr. Á öðrum hafa verið gerðar breytingar sem koma mjög til móts við þá gagnrýni sem fram kom á frumvarpið í upphafi og var m.a. rakin af framsögumönnum minni hlutana við 1. umræðu um málið. Þessar breytingar eru almennt til bóta en þrátt fyrir það getur minni hlutinn ekki stutt frumvarpið, allra síst 9. gr. þess.

Málsmeðferð í samgöngunefnd.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega það vinnulag sem var viðhaft í nefndinni og hversu knappan tíma hún hafði til vinnslu málsins. Fyrir það fyrsta var málið ekki rætt þar sérstaklega, heldur samhliða fjarskiptaáætlun og sent út til umsagnar samhliða því þingmáli. Það þýddi að þeir sem fengu málið til umsagnar þurftu líka á þeirri rúmu viku sem þeim gafst að gefa umsögn um fjarskiptaáætlun sem er mjög umfangsmikið þingmál. Hinn skammi umsagnartími hafði það í för með sér að fjölmargir umsagnaraðilar ýmist treystu sér ekki til að veita umsögn um málið eða lýstu yfir að vegna skamms tímafrests hafi ekki reynst unnt að kanna tiltekna þætti þess til hlítar. Frumvarpið var lagt fram á þingi 7. apríl sl., 1. umræða fór fram 19. apríl og var því vísað til samgöngunefndar 20. apríl. Tveimur dögum síðar, 22. apríl, var samþykkt að senda málið út til umsagnar og var frestur gefinn til 2. maí. Í nefndinni gafst af þessum sökum ekki mikill tími til vinnslu málsins, þar fór fram kynning af hálfu ráðuneytis 25. apríl og var tekin tæp klukkustund í þann þátt málsins á þeim fundi. Að loknum umsagnarfresti, 2. og 3. maí, var frumvarpið rætt ásamt fjarskiptaáætlun í um það bil eina klukkustund á hvorum fundi og 6. maí voru síðan breytingartillögur kynntar, afgreiðslu málsins frestað í skamman tíma en það afgreitt út úr nefndinni sama kvöld. Þannig voru aðeins notaðar örfáar klukkustundir til vinnslu málsins og á þeim skamma tíma komu einnig þeir fjölmörgu gestir sem taldir eru upp í upphafi nefndarálitsins fyrir nefndina til að skýra mál sitt. Slík vinnubrögð eru algerlega ófullnægjandi af hálfu meiri hlutans og einungis til þess fallin að rýra gæði löggjafarstarfsins og auka á óskýrleika löggjafar. Ekki síst er slík málsmeðferð ólíðandi þegar mál snertir viðkvæm stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna eins og friðhelgi einkalífs og persónuvernd, en þetta frumvarp fjallar m.a. um heimildir lögreglu til að fá tilteknar persónuupplýsingar afhentar án dómsúrskurðar. Nefndin hefði þurft mun meiri tíma til að ná til botns í þeim fjölmörgu álitamálum sem málið varðar, auk þess sem meiri hlutinn varð ekki við beiðni formanns Persónuverndar um að koma og skýra mál sitt fyrir nefndinni eftir að breytingartillögur voru lagðar fram sem þó hefði mátt vera til þess að skýra málstað Persónuverndar betur fyrir nefndinni. Málið er því að mörgu leyti vanreifað.

Aðferðafræðin.

Minni hlutinn hefur skilning á því að þörf kunni að vera á því að endurskoða úrræði lögreglu í ljósi nýrrar tækni í fjarskiptum. Bent hefur verið á til rökstuðnings í málinu að fjarskiptafyrirtæki hafi litið svo á að upplýsingar um IP-tölur og leyninúmer falli undir fjarskiptaleynd en afhending slíkra gagna krefst dómsúrskurðar. Vikið er að því að óskir um dómsúrskurð í slíkum málum hafi í för með sér mikið álag fyrir réttarkerfið, auk þess sem komið hafi fyrir að synjað hafi verið um dómsúrskurð á þeim grundvelli að brot varði ekki nægilega mikilli refsingu, þrátt fyrir það að færa mætti rök fyrir að brotið hafi verið alvarlegt. Sem dæmi um þetta hefur verið nefndur til sögunnar nýlegur úrskurður Hæstaréttar. Þar var synjun dómara á aðgangi að IP-tölu staðfestur í máli þar sem brotist var inn á heimasíðu tiltekinnar tölvuverslunar og sendur úr fjöldapóstur á 1.300 netföng af póstlista verslunarinnar. Í póstinum var tengill inn á grófa klámmynd (mál nr. 168/2005, Lögreglustjórinn í Reykjavík gegn IP-fjarskiptum) og sendandi var tilgreindur umrædd tölvuverslun sem átti heimasíðuna. Synjað var um dómsúrskurð þar sem brotið varðaði ekki þeirri refsingu sem kveðið er á um í umræddum greinum laga um meðferð opinberra mála, og ekki var fallist á að það skilyrði sömu laga um að brotið varði ríka almannahagsmuni ætti við. Minni hlutinn bendir á að sé vilji til þess hjá löggjafanum að auka heimildir lögreglu til aðgangs að persónuupplýsingum við rannsókn opinberra mála sé eðlilegt að gera það með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þannig að unnt sé að hafa yfirsýn yfir slíkar heimildir og átta sig á umfangi þeirra. Að þessu er m.a. vikið í umsögn símanefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þar er tekið fram að nefndin telur æskilegt að endurskoðun á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem snerta málefnið (86.–88. gr.) hefði farið fram samhliða endurskoðun fjarskiptalaga. Persónuvernd bendir einnig á það í sínum umsögnum að nauðsynlegt sé að samræmis sé gætt á milli laga um meðferð opinberra mála og laga um fjarskipti, og mikilvægi þess að öllum lagaákvæðum um rannsóknarúrræði lögreglu verði skipað í sama lagabálk, þ.e. lög um meðferð opinberra mála. Undir þessi rök tekur minni hlutinn.

Upplýsingar um leyninúmer og IP-tölur – 9. gr. frumvarpsins.

Minni hluti samgöngunefndar minnir á að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er vernduð af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi. Má ekki gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Þetta á einnig við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Þá er mælt fyrir um í 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta og á því er hnykkt að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn beri til í lýðræðisþjóðfélagi. Minni hlutinn telur 9. gr. frumvarpsins ekki samrýmast sjónarmiðum um meðalhóf varðandi vinnslu persónuupplýsinga og stríða gegn þeim meginreglum sem gilda um rannsókn opinberra mála, sbr. 86. og 87. gr. laga nr. 19/1991. Minni hlutinn telur að sé nauðsynlegt að rýmka heimildir lögreglu í þessum málum sé eðlilegra að endurskoða umrædd ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Þá má minna á að það tekur yfirleitt mjög stuttan tíma að fá dómsúrskurð. Þetta kom fram við meðferð allsherjarnefndar fyrir ári á frumvarpi til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, en þá stóð til að heimila símhleranir án dómsúrskurðar. Þá bendir minni hlutinn á að bið eftir dómsúrskurði skaðar á engan hátt rannsóknarhagsmuni, þar sem IP-tölur

eru skráðar og aðgengilegar og hið sama á við um leyninúmerin. Ekki hefur því verið sýnt fram á nein veigamikil rök fyrir breytingu þeirri sem lögð er til í 9. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 9. maí 2005.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Kristján L. Möller. Björgvin G. Sigurðsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1375. Nefndarálit [721. mál]

um till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Í tillögunni er lagður til verulegur niðurskurður frá gildandi samgönguáætlun. Heildarniðurskurður á árunum 2005 og 2006 er 5,4 milljarðar kr. að teknu tilliti til vísitölu Vegagerðarinnar Þessi mikli niðurskurður er umbylting frá digrum kosningavíxlum sem var veifað rétt fyrir kosningarnar 2003, þegar gera átti allt fyrir alla. Niðurskurðurinn mun koma illa niður á ýmsum svæðum. Þremur mánuðum fyrir síðustu þingkosningar kynntu oddvitar stjórnarflokkanna að ríkisstjórnin hefði samþykkt að verja 6 milljörðum kr. næsta eina og hálfa árið til aukinna samgönguframkvæmda og voru ýmis verk talin upp í því samhengi. Nú er komið í ljós að margt af þessu hefur verið slegið af.

Heildarniðurskurðurinn er fjandsamleg aðgerð fyrir alla byggð í landinu og er höfuðborgarsvæðið þá ekki undanskilið. Sundabraut sem greinilega á að leggja til hliðar er alvarlegasta málið. Ráðherra lætur ýmsum spurningum ósvarað varðandi Sundabrautina, t.d. hvenær eigi að hefja hönnun mannvirkisins, hvenær framkvæmdir eiga að hefjast, hvenær verklok eru áætluð og hvernig á að fjármagna framkvæmdina. Allt er þetta á reiki og ef ekki fást svör um tímasetningar og áætlanir er ráðherra einfaldlega að snúa baki við Sundabrautinni sem er án efa ein af mest áríðandi vegaframkvæmdum landsins og þá fyrir landsmanna allra.

Niðurskurðurinn kemur þó einnig harkalega fram gagnvart öðrum landshlutum en höfuðborgarsvæðinu og er hann í raun óásættanlegur og óskiljanlegur. Allt tal um byggðastefnu er orðin tóm þegar skera á svo mikið niður í samgöngumálum sem eru langmikilvægasta einstaka byggðamálið. Mikilvægum framkvæmdum er frestað á meðan byggðunum blæðir en hvert ár er dýrmætt sjái fólk ekki fram úr ástandinu. Samgöngur eru lykilatriði við viðhald og eflingu byggðar og því hlýtur að vera spurt: Er skynsamlegt að skera niður ríkisframlög í þessum málaflokki þegar ástandið er sem raun ber vitni. Nei, að sjálfsögðu ekki, það er fráleitt og þarfnast ítarlegra skýringa af hálfu ráðherra þegar kosningavíxlarnir eru fallnir og eftir stendur niðurskurður framlaga á árunum 2005 og 2006.

Dæmi um samdrátt ríkisins á framlögum til vegamála er að árið 1970 voru útgjöld til vegakerfisins, til vegamála beint sem hlutfall af landsframleiðslu 1,35%. Árið 2003 voru útgjöld til vegakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu 1,59%. Árið 2005 eru útgjöld til vegakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu komin niður í 0,92%, sem þýðir 60–70% niðurskurð á framlögum til vegamála sem hlutfall af landsframleiðslu á árunum 2003–2005. Um er að ræða hrun í útgjöldum til vegamála litið til síðustu ára þótt aðeins séu talin þessi tvö ár.

Þetta eru alvarlegar staðreyndir. Að mati minni hlutans á almennt að auka framlög til vegamála og leggja sérstaka áherslu á öflugar tengingar við höfuðborgarsvæðið eins og Sundabraut. Framlög til samgöngumála kalla ekki á veruleg rekstrarframlög í framtíðinni og má fullyrða að í þeim felst sparnaður þegar allt er reiknað. Má þar telja fækkun slysa og ódýrari rekstur bifreiða, minni eldsneytisnotkun með styttri vegalengdum og tímasparnað vegfarenda sem að sjálfsögðu er mikils virði. Þess vegna er það óskiljanlegt að nú séu útgjöld til vegamála og samgöngumála skorin niður um 5,4 milljarða kr. Það er af sem áður var þegar glitti í kosningarnar handan við hornið.

Minni hlutinn telur að sú lækkun sem lögð er til í tillögunni geti haft miklar afleiðingar á ýmsum svæðum á landinu sem ríkisstjórnin hlýtur að þurfa að bera ábyrgð á.

Alþingi, 9. maí 2005.

Björgvin G. Sigurðsson, frsm. Guðjón A. Kristjánsson. Bryndís Hlöðversdóttir.

Kristján L. Möller.

1376. Fyrirspurn [808. mál]

til menntamálaráðherra um sérsambönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hefur ráðherra haldið annan samráðsfund með sérsamböndum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands? Ef ekki, hyggst ráðherra halda slíkan fund og þá hvenær?
2. Telur ráðherra ástæðu til að auka fjárveitingar til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir því við næstu fjárlagagerð?

Skriflegt svar óskast.

1377. Fyrirspurn [809. mál]

til heilbrigðisráðherra um kjör umönnunarbarna í heilbrigðisþjónustu.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hefur ráðherra unnið að heildstæðri úrlausn á málefnum barna með Goldenhar-heilkenni og aðstandenda þeirra?
2. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að bæta kjör umönnunarbarna í heilbrigðisþjónustu?

Skriflegt svar óskast.

1378. Fyrirspurn [810. mál]

til heilbrigðisráðherra um barna- og unglingageðdeild.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni og Margréti Frímannsdóttur.

Hvað líður áformum ráðherra um fækkun á biðlistum og endurskipulagningu á starfsemi barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss?

Skriflegt svar óskast.

1379. Fyrirspurn [811. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni barna með Goldenhar-heilkenni.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hefur ráðherra unnið að heildstæðri úrlausn á málefnum barna með Goldenhar-heilkenni og aðstandenda þeirra?

Skriflegt svar óskast.

1380. Breytingartillaga [590. mál]

við frv. til samkeppnislaga.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur,
Ögmundi Jónassyni og Sigurjóni Þórðarsyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Núverandi forstjóra Samkeppnisstofnunar verður heimilt, kjósi hann svo, að taka við sem forstjóri nýs Samkeppniseftirlits. Ákveði hann að taka stöðuna skal hann tilkynna það nýrri stjórn Samkeppniseftirlitsins um leið og hún hefur verið skipuð.

1381. Lög [804. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1345.

1382. Beiðni um skýrslu [812. mál]

frá forsætisráðherra um fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum.

Frá Kristjáni L. Möller, Margréti Frímannsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Lúðvík Bergvinssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni og Jóni Gunnarssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum. Gerð verði grein fyrir rekstrartekjum og gjöldum ríkisins, annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan nái til áranna 2001–2004.

Eftirfarandi atriði komi m.a. fram í skýrslunni:

1. Hvernig skiptast tekjur ríkisins og hvaðan koma þær, sundurliðað eftir landshlutum?
2. Hvernig skiptast gjöld ríkisins og hvert renna þau, sundurliðað eftir landshlutum?
3. Hvernig skiptast störf hjá ríkinu í landfræðilegu tilliti og hver eru meðallaun eftir landshlutum?

Greinargerð.

Í ljósi umræðu sem margsinnis hefur komið upp á undanförnum árum um vægi ríkisins í hagvexti á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar er nauðsynlegt að fá fram staðreyndir um skiptingu tekna og gjalda ríkisins eftir landshlutum. Umræðan hefur oftar en ekki einkennst af sleggjudómum og karpi á milli fulltrúa landsbyggðar annars vegar og fulltrúa höfuðborgarsvæðis hins vegar. Með skýrslunni og þeim upplýsingum sem þar yrði að finna verður hægt að glöggva sig á því hvernig fjármunum ríkisins er varið í landfræðilegu tilliti og hvaðan ríkið hefur tekjur sínar. Oft hefur verið rætt um „sanngjarna“ skiptingu á fjármunum ríkisins eftir landsvæðum en áreiðanlegar upplýsingar um skiptinguna hefur skort.

Fyrir liggja nú þegar drög að rannsóknaráætlun og fyrsti hluti skýrslu um málefnið sem Vífill Karlsson, dósent í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, hefur unnið.

Þessi beiðni er lögð fram nú þótt skammt sé eftir af þingi og hyggjast skýrslubeiðendur leggja hana fram aftur þegar í upphafi næsta þings. Er þessi háttur hafður á í þeirri von að strax verði hafist handa við undirbúning að gerð skýrslunnar.

1383. Svar [653. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur um kaupmátt ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega þróast í samanburði við almenna kaupmáttarþróun á tímabilinu 1988–2005 annars vegar og 1995–2005 hins vegar miðað við áætlað meðalverðlag ársins 2005:

a. *hjá þeim sem eingöngu hafa greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins sér til framfærslu og búa einir,*
b. *hjá þeim sem búa ekki einir, eru því ekki með heimilisuppbót, en hafa*
   1. *47.600 kr.,*
   2. *95.200 kr.,*
   3. *144.000 kr.*

   úr lífeyrissjóði árið 2005 auk greiðslna frá almannatryggingum og sömu rauntekjur úr lífeyrissjóði árin á undan?

Forsendur þeirra útreikninga sem svarið byggist á eru eftirfarandi;

1. Reiknilíkan, sem byggist á fjárhæðum bótagreiðslna, skerðingarhlutfalli og tekjumörkum þegar bótagreiðslur byrja að skerðast og þegar bótagreiðslur falla niður, var útbúið af Tryggingastofnun ríkisins.
2. Við útreikning bótagreiðslna fyrir viðkomandi ár miðast tekjurnar sem koma til skerðingar bóta (viðmiðunartekjur) við tekjur eins og þær voru tveimur árum fyrr, þ.e. 24 mánuðum fyrr, það er gert til einföldunar. Á árunum 1995–2004 studdist Tryggingastofnun að meðaltali við 20 mánaða „gamlar“ viðmiðunartekjur í útreikningi sínum á bótagreiðslum. Viðmiðunartekjurnar í þessu dæmi eru eingöngu lífeyrissjóðsgreiðslur, sbr. fyrirspurnina.
3. Lífeyrissjóðstekjur eru eingöngu gefnar upp á verðlagi ársins 2005, þær eru færðar aftur til raungildis viðkomandi ára miðað við vísitölu neysluverðs. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið aflaði sér hækka flestir lífeyrissjóðir, aðrir en B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, greiðslur sínar árlega í takt við vísitölu neysluverðs.
4. Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um kaupmátt ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið vísar slíkri vinnu frá sér þar sem eðlilegra væri að vinna upplýsingar um ráðstöfunartekjur upp úr tekjuskrám ríkisskattstjóra en ráðuneytið hefur ekki aðgang að þeim. Niðurstaðan varð því sú að vinna með kaupmátt heildartekna (þ.e. fyrir skatta) í staðinn.
5. Forsenda 3 tölul. b-liðar fyrirspurnarinnar skapar ákveðið vandamál og gerir það að verkum að þegar reikna á út kaupmátt heildartekna ellilífeyrisþega með því að nota vísitölu neysluverðs verða áhrif lífeyrissjóðsteknanna í þeim útreikningi engin. Sjá töflur 1–4 til frekari glöggvunar. Af þessum sökum er heildartekjum skipt í greiðslur Tryggingastofnunar og greiðslur lífeyrissjóðs og einungis notast við kaupmátt greiðslna Tryggingastofnunar, sjá eftirfarandi mynd sem sýnir samanburð á kaupmætti greiðslna Tryggingastofnunar til viðkomandi ellilífeyrisþega við kaupmátt launa.
6. Gengið er út frá því að ellilífeyrisþeginn sem býr ekki einn eigi maka sem einnig er á lífeyri.

7. Gögnin sýna þróun tekna á 11 ára tímabili, frá árinu 1995 til ársins 2005. Í fyrirspurninni er óskað eftir gögnum frá árinu 1988. Ákveðið var að notast einungis við gögn frá 1995 þar sem þau lágu fyrir hjá Tryggingastofnun á aðgengilegu formi.
8. Launavísitala sem notast er við er launavísitala Hagstofu Íslands eins og hún birtist í riti fjármálaráðuneytisins, *Þjóðarbúskapnum*, frá apríl sl., töflu 5, tekjur, verðlag og gengi.
9. Vísitala neysluverðs er fengin af heimasíðu Hagstofu Íslands og gert ráð fyrir að hún hækki að meðaltali um 3,5% frá árinu 2004 til ársins 2005 í samræmi við forsendur fjárlaga 2005.

A-liður. Tafla 1 sýnir heildartekjur ellilífeyrisþega sem býr einn og er einungis með greiðslur frá Tryggingastofnun. Tekjunum er skipt niður eftir bótaflokkum. Í síðari hluta töflunnar eru reiknaðar út vísitölur. Í þessu tilfelli heldur viðkomandi öllum bótaflokkagreiðslum frá Tryggingastofnun óskertum, þ.e. ellilífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót. Þá kemur í ljós að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar hefur hækkað 9 prósentustigum meira á þessu 11 ára tímabili en kaupmáttur launa.

B-liður. Tafla 2 sýnir heildartekjur ellilífeyrisþega sem býr ekki einn og er með lífeyrissjóðstekjur öll árin sem samsvara 47.600 kr. á mánuði árið 2005 að raungildi til viðbótar við lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar. Þær eru óskertur lífeyrir og skert tekjutrygging. Skerðingin nemur um 10% í ár, en nam um 13% árið 1995. Tekjutryggingarauki hærri hefur fallið niður, en frítekjumark hans er 37.922 kr. á mánuði frá 1. janúar sl. Viðkomandi á ekki rétt á heimilisuppbót. Frítekjumark tekjutryggingar er 48.182 kr. frá janúar sl., en það þýðir að þegar lífeyrissjóðstekjur á mánuði fara umfram þá fjárhæð byrjar tekjutryggingin að skerðast sem nemur 45%. Hjá þessum ellilífeyrisþega hefur kaupmáttur lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar haldið í við kaupmátt launagreiðslna síðustu þrjú árin, en var undir kaupmætti launa sem nemur 5–6 prósentustigum að jafnaði á ári árin á undan.

Tafla 3 sýnir heildartekjur ellilífeyrisþega sem býr ekki einn og er með lífeyrissjóðstekjur öll árin sem samsvara 95.200 kr. á mánuði árið 2005 að raungildi til viðbótar við lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar. Í þessu tilfelli eru greiðslurnar óskertur lífeyrir og skert tekjutrygging. Skerðingin nemur um 54% í ár, en nam u.þ.b. þremur fjórðu hlutum á árinu 1995. Hjá þessum ellilífeyrisþega hefur því kaupmáttur lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar aukist verulega umfram kaupmátt launa, eða sem nemur um 35 prósentustigum, enda dregið verulega úr áhrifum tekjuskerðingarinnar á tímabilinu.

Tafla 4 sýnir heildartekjur ellilífeyrisþega sem býr ekki einn og er með lífeyrissjóðstekjur öll árin sem samsvara 144.000 kr. á mánuði árið 2005 að raungildi, til viðbótar við lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar. Í þessu dæmi eru greiðslur Tryggingastofnunar eingöngu óskertur lífeyrir. Tekjutryggingin er alveg fallin niður, en það á sér stað þegar tekjur fara umfram 143.989 kr. á mánuði frá 1. janúar sl. Í þessu dæmi hefur kaupmáttur lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar ekki haldið í við kaupmátt launa og munar þar um 13,5 prósentustig árið 2005. Framan af tímabilinu bar ekki mikið í milli en eftir 2001 fer munurinn að verða meiri, sbr. eftirfarandi mynd. Hjá þessum ellilífeyrisþega nema greiðslur TR um 13% af heildartekjum viðkomandi og endurspeglar það markmið stjórnvalda að hækkandi lífeyrissjóðstekjur leysi greiðslur almannatrygginga af hólmi þegar til lengri tíma er litið.

Tafla 1. Ellilífeyrisþegi, býr einn og er eingöngu með lífeyrisgreiðslur frá Tyggingastofnun ríkisins.

Ár	Ellilífeyrir	Tekju-trygging	Sérstök heimilisuppbót/ tekjutrauki	Heimilis-uppbót	Samtals grreiðslur frá TR	Líf-eyris-sjóður	Heildar-tekjur	Vísitala heildar-tekna	Vísitala launa		Vísitala neysluverðs		Vísitala kaupmáttar Heildar-tekna	Launa
1995	153.868	307.347	71.868	104.474	637.557	0	637.557	100,0	119,6	100,0	173,2	100,0	100,0	100,0
1996	160.476	319.373	74.687	108.565	663.101	0	663.101	104,0	127,2	106,4	177,1	102,3	101,7	104,0
1997	170.915	327.715	76.641	138.932	714.203	0	714.203	112,0	134,2	112,2	180,3	104,1	107,6	107,8
1998	181.476	347.800	81.337	166.300	776.913	0	776.913	121,9	146,8	122,7	183,3	105,8	115,1	116,0
1999	198.645	361.712	84.587	172.950	817.894	0	817.894	128,3	156,8	131,1	189,6	109,5	117,2	119,8
2000	211.125	378.214	88.451	180.835	858.625	0	858.625	134,7	167,2	139,8	199,1	115,0	117,2	121,6
2001	221.088	395.988	135.857	189.337	942.270	0	942.270	147,8	181,9	152,1	212,4	122,6	120,5	124,0
2002	239.880	429.650	190.712	205.425	1.065.667	0	1.065.667	167,1	194,6	162,7	222,6	128,5	130,1	126,6
2003	247.560	481.250	225.000	212.000	1.165.810	0	1.165.810	182,9	205,5	171,8	227,3	131,2	139,3	130,9
2004	254.988	520.688	256.750	218.363	1.250.789	0	1.250.789	196,2	215,2	179,9	234,6	135,5	144,8	132,8
2005	263.916	538.913	265.738	226.000	1.294.567	0	1.294.567	203,1	227,7	190,4	242,8	140,2	144,8	135,8

Tafla 2. Ellilífeyrisþegi, býr ekki einn, lífeyrissjóðsgreiðslur 47.600 kr. á mánuði árið 2005, auk greiðslna frá Tyggingastofnun ríkisins.

								Vísitala			Vísitala		Vísitala		Vísitala kaupmáttar			
Ár	Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Sérstök heimilis-uppbót/ tekjutrauki	Heimilis-uppbót	Samtals gr. TR	Lífeyris-sjóður	Heildar tekjur	Heildar-tekna	TR gr.	Lífeyris-sjóðs	Launa		Neysluverðs		Heildar-tekna	Launa	TR gr.	Lífeyris-sjóðs
1995	153.868	266.191	0	0	420.059	408.809	828.868	100,0	100,0	100,0	119,6	100,0	173,2	100,0	100,0	100,0	100,0	100
1996	160.476	277.295	0	0	437.771	418.015	855.786	103,2	104,2	102,3	127,2	106,4	177,1	102,3	101,0	104,0	101,9	100
1997	170.915	286.880	0	0	457.795	425.568	883.363	106,6	109,0	104,1	134,2	112,2	180,3	104,1	102,4	107,8	104,7	100
1998	181.476	309.300	0	0	490.776	432.649	923.425	111,4	116,8	105,8	146,8	122,7	183,3	105,8	105,3	116,0	110,4	100
1999	198.645	327.693	0	0	526.338	447.519	973.857	117,5	125,3	109,5	156,8	131,1	189,6	109,5	107,3	119,8	114,5	100
2000	211.125	348.047	0	0	559.172	469.942	1.029.114	124,2	133,1	115,0	167,2	139,8	199,1	115,0	108,0	121,6	115,8	100
2001	221.088	369.632	0	0	590.720	501.334	1.092.054	131,8	140,6	122,6	181,9	152,1	212,4	122,6	107,4	124,0	114,7	100
2002	239.880	406.608	0	0	646.488	525.410	1.171.898	141,4	153,9	128,5	194,6	162,7	222,6	128,5	110,0	126,6	119,7	100
2003	247.560	470.163	0	0	717.723	536.503	1.254.226	151,3	170,9	131,2	205,5	171,8	227,3	131,2	115,3	130,9	130,2	100
2004	254.988	519.912	0	0	774.900	552.317	1.327.217	160,1	184,5	135,1	215,2	179,9	234,6	135,5	118,2	132,8	136,2	100
2005	263.916	538.913	0	0	802.829	571.200	1.374.029	165,8	191,1	139,7	227,7	190,4	242,8	140,2	118,2	135,8	136,3	100

Tafla 3. Ellilífeyrisþegi, býr ekki einn, lífeyrissjóðsgreiðslur 95.200 kr. á mánuði árið 2005, auk greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

								Vísitala			Vísitala		Vísitala		Vísitala kaupmáttar			
Ár	Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Sérstök heimilis-uppbót/ tekjutrauki	Heimilis-uppbót	Samtals gr. TR	Lífeyris-sjóður	Heildar tekjur	Heildar-tekna	TR gr.	Lífeyris-sjóðs	Launa		Neysluverðs		Heildar-tekna	Launa	TR gr.	Lífeyris-sjóðs
1995	153.868	71.805	0	0	225.673	817.619	1.043.292	100,0	100,0	100,0	119,6	100,0	173,2	100,0	100,0	100,0	100,0	100
1996	160.476	80.473	0	0	240.949	836.029	1.076.978	103,2	106,8	102,3	127,2	106,4	177,1	102,3	101,0	104,0	104,4	100
1997	170.915	93.766	0	0	264.681	851.135	1.115.816	107,0	117,3	104,1	134,2	112,2	180,3	104,1	102,7	107,8	112,7	100
1998	181.476	112.134	0	0	293.610	865.297	1.158.907	111,1	130,1	105,8	146,8	122,7	183,3	105,8	105,0	116,0	122,9	100
1999	198.645	127.065	0	0	325.710	895.037	1.220.747	117,0	144,3	109,5	156,8	131,1	189,6	109,5	106,9	119,8	131,8	100
2000	211.125	142.847	0	0	353.972	939.884	1.293.856	124,0	156,9	115,0	167,2	139,8	199,1	115,0	107,9	121,6	136,4	100
2001	221.088	156.241	0	0	377.329	1.002.668	1.379.997	132,3	167,2	122,6	181,9	152,1	212,4	122,6	107,9	124,0	136,3	100
2002	239.880	181.260	0	0	421.140	1.050.819	1.471.959	141,1	186,6	128,5	194,6	162,7	222,6	128,5	109,8	126,6	145,2	100
2003	247.560	242.402	0	0	489.962	1.073.006	1.562.968	149,8	217,1	131,2	205,5	171,8	227,3	131,2	114,2	130,9	165,4	100
2004	254.988	261.012	0	0	516.000	1.104.635	1.620.635	155,3	228,6	135,1	215,2	179,9	234,6	135,5	114,7	132,8	168,8	100
2005	263.916	274.438	0	0	538.354	1.142.400	1.680.754	161,1	238,6	139,7	227,7	190,4	242,8	140,2	114,9	135,8	170,2	100

Tafla 4. Ellilífeyrisþegi, býr ekki einn, lífeyrissjóðsgreiðslur 144.000 kr. á mánuði árið 2005, auk greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

								Vísitala			Vísitala		Vísitala		Vísitala kaupmáttar			
Ár	Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Sérstök heimilis-uppbót/ tekjutrauki	Heimilis-uppbót	Samtals gr. TR	Lífeyris-sjóður	Heildar tekjur	Heildar-tekna	TR gr.	Lífeyris-sjóðs	Launa		Neysluverðs		Heildar-tekna	Launa	TR gr.	Lífeyris-sjóðs
1995	153.868	0	0	0	153.868	1.236.734	1.390.602	100,0	100,0	100,0	119,6	100,0	173,2	100,0	100,0	100,0	100,0	100
1996	160.476	0	0	0	160.476	1.264.582	1.425.058	102,5	104,3	102,3	127,2	106,4	177,1	102,3	100,2	104,0	102,0	100
1997	170.915	0	0	0	170.915	1.287.431	1.458.346	104,9	111,1	104,1	134,2	112,2	180,3	104,1	100,7	107,8	106,7	100
1998	181.476	0	0	0	181.476	1.308.853	1.490.329	107,2	117,9	105,8	146,8	122,7	183,3	105,8	101,3	116,0	111,4	100
1999	198.645	0	0	0	198.645	1.353.838	1.552.483	111,6	129,1	109,5	156,8	131,1	189,6	109,5	102,0	119,8	117,9	100
2000	211.125	0	0	0	211.125	1.421.673	1.632.798	117,4	137,2	115,0	167,2	139,8	199,1	115,0	102,1	121,6	119,4	100
2001	221.088	0	0	0	221.088	1.516.641	1.737.729	125,0	143,7	122,6	181,9	152,1	212,4	122,6	101,9	124,0	117,2	100
2002	239.880	0	0	0	239.880	1.589.474	1.829.354	131,6	155,9	128,5	194,6	162,7	222,6	128,5	102,4	126,6	121,3	100
2003	247.560	13.777	0	0	261.337	1.623.035	1.884.372	135,5	169,8	131,2	205,5	171,8	227,3	131,2	103,3	130,9	129,4	100
2004	254.988	0	0	0	254.988	1.670.876	1.925.864	138,5	165,7	135,1	215,2	179,9	234,6	135,5	102,2	132,8	122,3	100
2005	263.916	0	0	0	263.916	1.728.000	1.991.916	143,2	171,5	139,7	227,7	190,4	242,8	140,2	102,2	135,8	122,3	100

Samanburður á kaupmætti greiðslna TR til fjögurra "tilbúinna" ellilífeyrisþega við laun árin 1995-2005.



1384. Svar [787. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um eignatengsl og hagsmunaárekstra hjá viðskiptabönkum.

Ráðuneytið leitaði liðsinnis Fjármálaeftirlitsins við öflun upplýsinga vegna fyrirspurnarinnar.

1. *Telur ráðherra rétt að takmarka þann tíma sem viðskiptabankar geta átt eignarhlut í óskyldum fyrirtækjarekstri og er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir lögum þar að lútandi?*

Í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er tilgreint til hvaða þátta starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða getur tekið til. Í 21. og 22. gr. laganna eru ákvæði um aðra þjónustustarfsemi, hliðarstarfsemi, tímabundna starfsemi og yfirtöku eigna viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánafyrirtækja. Í lögunum eru settar ákveðnar skorður við þátttöku lánastofnana í óskyldum atvinnurekstri, m.a. er aðeins gert ráð fyrir tímabundinni þátttöku þeirra í

óskyldum atvinnurekstri, í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.

Ekki er komin mjög löng reynsla á lög þessi né á leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2004 sem Fjármálaeftirlitið setti á síðasta ári um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfsemi og starfsheimildir þeirra samkvæmt fyrrnefndum greinum laga um fjármálafyrirtæki. Í tilmælunum eru settar fram kröfur um skýrsluskil til stjórnar viðkomandi fyrirtækis og Fjármálaeftirlitsins um starfsemi samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að ekki sé komin sú reynsla af skýrsluskilunum að unnt sé að fullyrða að upplýsingar samkvæmt þeim gefi fullnægjandi mynd af þessari starfsemi. Undir það mat tekur viðskiptaráðuneytið og telur rétt að fá heildstæðari mynd af starfseminni áður en mögulega verður gripið til frekari lagasetninga. Þá telur ráðuneytið mjög mikilvægt að íslensk löggjöf endurspegli alþjóðleg lög þannig að íslenskum fyrirtækjum séu búin sambærileg starfsskilyrði og gerist hjá þeim þjóðum sem við miðum okkur mest við, með öðrum orðum að Íslendingar búi ekki fyrirtækjum þrengri starfsramma en gerist hjá samkeppnisþjóðum okkar.

2. *Er hægt að fá fram upplýsingar um hver eignarhlutur viðskiptabanka í óskyldum rekstri er mikill skipt eftir atvinnugreinum eða vísbendingu um hversu stór þáttur óskyldur fyrirtækjarekstur er í umsvifum bankanna innlendum og erlendum?*

Eins og fram kemur hér að framan setti Fjármálaeftirlitið á síðasta ári leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2004 um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfsemi og starfsheimildir þeirra skv. 20.–22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í tilmælunum eru settar fram kröfur um skýrsluskil til stjórnar viðkomandi fyrirtækis og Fjármálaeftirlitsins um starfsemi skv. 2. mgr. 21. gr. og 22. gr. laga nr. 161/2002, en þar er kveðið á um hliðarstarfsemi og tímabundna starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja. Skýrslurnar taka til samstæðu.

Fjármálaeftirlitið hefur tvisvar innheimt skýrslur samkvæmt framangreindum leiðbeinandi tilmælum. Tekur Fjármálaeftirlitið fram að ekki sé komin sú reynsla af skýrsluskilunum að unnt sé að fullyrða að upplýsingar samkvæmt þeim gefi fullnægjandi mynd af þessari starfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur til athugunar hvort skýrslugjöf einstakra fyrirtækja sé fullnægjandi. Þá ber einnig að taka fram að framangreindar skýrslur gefa ekki heildarmynd af hlutabréfaeign viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja (lánastofnana) í fyrirtækjum í óskyldum rekstri þar sem viðskipti með smærri eignarhluti geta verið liður í reglulegri starfsemi lánastofnana sem ekki fellur undir ákvæði 21. og 22. gr. laganna.

Samkvæmt yfirlitum frá 31. desember 2004 nemur eignarhlutur eða þátttaka í atvinnurekstri lánastofnana, sem grundvölluð er á 2. mgr. 21. og 22. gr. laganna, samtals 24 ma.kr. Í 60% tilfella hefur tímabundin starfsemi staðið lengur en 18 mánuði en í 40% tilfella í skemmri tíma. Efnahagsreikningur lánastofnana var um síðustu áramót um það bil 3.400 ma. kr. Þátttaka í atvinnurekstri á grundvelli framangreindra ákvæða er því um 0,7% af heildarefnahag lánastofnana um síðustu áramót.

Ekki liggja fyrir upplýsingar í ráðuneytinu um sundurliðun fyrrgreindra talna eftir atvinnugreinum.

3. *Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við viðskiptabankana um að starfsemi þeirra skv. 21.–23. gr. laga um fjármálafyrirtæki feli í sér hagsmunaárekstra eða gangi gegn ákvæðum laga og reglna sem um slíka starfsemi gilda?*

4. *Hvernig hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki uppfyllt 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki um tímabundna heimild til að stunda starfsemi í óskyldum fyrirtækjarekstri, hve oft hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við slíka starfsemi og í hve mörgum tilvikum hefur hún staðið í meira en 18 mánuði og þá hve lengi?*

Fyrrnefnd leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2004 um þátttöku viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja í atvinnustarfssemi og starfsheimildir þeirra skv. 20.–22. gr. laga nr. 161/2002, voru sett með það að markmiði að skerpa á eftirfylgni við viðkomandi ákvæði, þ.e. stuðla að því að lánastofnanir haldi sig innan starfsheimilda sinna í þátttöku í óskyldum atvinnurekstri. Með tilmælunum var brugðist við auknu umfangi í umbreytingafjárfestingum og fjárfestingabankastarfsemi viðkomandi fyrirtækja.

Í tilmælunum er að finna skýringar og túlkun á 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002 og fyrirmæli um undirbúning ákvörðunar um þátttöku í atvinnustarfsemi. Lögð er áhersla á að lagt sé fyrir fram mat á hugsanlega hagsmunaárekstra af fjárfestingu. Enn fremur er kveðið á um verkferla, eftirlit og upplýsingagjöf. Þar sem einungis er liðið tæpt ár frá setningu tilmælanna hefur ekki fengist fullnægjandi reynsla af þeim.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins beinist að því að safna upplýsingum um starfsemina, taka afstöðu til álitaefna sem rísa við framkvæmd ákvæðanna, fylgjast með því að lánastofnanir fari ekki út fyrir starfsheimildir sínar og stuðla að því að fylgt sé lagafyrirmælum um að starfsemi skuli vera tímabundin. Fjármálaeftirlitið hefur í þessu efni gert athugasemdir við þátttöku lánastofnana í atvinnustarfsemi og krafist úrbóta í ýmsum tilfellum.

Í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar er vikið að tímalengd atvinnuþátttöku lánastofnana.

1385. Nefndarálit [695. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Guðmund Thorlacius frá fjármálaráðuneyti, Ásmund G. Vilhjálmsson hdl. og Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt í þeim tilgangi að skýra betur en nú er í lögunum svokallaða aðsetursreglu.

Í umsögnum komu fram athugasemdir um að gera þyrfti breytingu á frumvapinu til að koma í veg fyrir mismunun milli innlendra og erlendra aðila sem aðsetur hafa hér og eru skattskyldir hér á þeim grundvelli.

Nefndin leggur til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt og ákvæðið gert almennara. Krafa um skráningu félaga er breytt og fyrst og fremst byggt á heimilisfesti á grundvelli samþykkta félags eða að raunveruleg framkvæmdastjórn sitji hér. Með því að gera ákvæðið almennara má komast hjá því að þurfa gera breytingar á öðrum ákvæðum laganna.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til um skattskylda lögaðila verða lagakröfur hér í góðu samræmi við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar.

Nefndin bendir á að við næstu áramót verði að gæta þess að breyta ákvæðinu til samræmis við breytingu á lögunum, sbr. lög nr. 129/2004, þar sem ákvæði um eignarskatt voru felld brott og taka gildi um næstu áramót.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Gunnar Birgisson.	Ögmundur Jónasson.

Una María Óskarsdóttir.

1386. Breytingartillaga [695. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum.
c. Orðin „enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
d. 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. fellur brott.
e. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Lögaðili skv. 1. mgr. telst eiga hér heimili ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

1387. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Eirík Bogason frá Samorku, Ragnheiði Óladóttur og Þórð Bogason frá Landsvirkjun, Tryggva Felixson frá Landvernd, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur og Hólmfríði Sigurðardóttur frá Skipulagsstofnun, Hjalta Steinþórsson frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Davíð Egilson og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Árna Pál Árnason hdl., Aðalheiði Jóhannesdóttur, lektor við Háskóla Íslands, Ingibjörgu Björnsdóttur umhverfisfræðing og Ragnhildi Sigurðardóttur vistfræðing.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Siglingastofnun Íslands, Akraneskaupstað, Orkustofnun, Vegagerðinni, Reykjanesbæ, Landmælingum Íslands, Sveitarfélaginu Hornafirði, Suðurlandsskógum, Höfuðborgarsamtökunum, Landssamtökum skógareigenda, Hafnarfjarðarkaupstað, Norðurlandsskógum, Arkitektafélagi Íslands, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Bændasamtökum Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Jarðfræðifélagi Íslands, Norðurorku, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Samorku, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Áhugahópi um verndun Þjórsárvera, Héraðsskógum, Austurlandsskógum, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Samtökum atvinnulífsins o.fl., Akraneskaupstað, Fornleifavernd ríkisins, Hafnasambandi sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landvernd, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnuninni, Kópavogsbæ, Skipulagsstofnun, Verkfræðingafélagi Íslands og Tæknifræðingafélagi Íslands, Sveitarfélaginu Árborg, Reykjavíkurborg – borgarráði, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Orkuveitu Reykjavíkur, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, Þjóðminjasafni Íslands, Fuglavernd, Ragnhildi Sigurðardóttur og Ingibjörgu Björnsdóttur.

Frumvörp um sama efni voru lögð fram á 130. löggjafarþingi, annars vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum (301. mál) og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum (302. mál), en þau hlutu ekki afgreiðslu á því þingi. Með hliðsjón af umsögnum sem bárust umhverfisnefnd við umfjöllun um frumvörpin voru gerðar nokkrar breytingar á þeim og vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum við frumvarp þetta.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að í matsferlinu verði ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í öðru lagi að matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina. Í þriðja lagi að álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu. Í fjórða lagi að enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi taki í samræmi við viðeigandi lög ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér mats-

skýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Í fimmta lagi að málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfi, og takmarkist við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum.

Nefndinni barst mikill fjöldi athugasemda við frumvarpið og miklar umræður urðu um það.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að undirstrika tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum en hann er að setja reglur um það hvernig framkvæma eigi mat á umhverfisáhrifum þannig að leyfisveitandi sé upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda. Telur meiri hlutinn rétt að undirstrika það vegna þeirra vangaveltna sem fram komu við umfjöllun málsins um að hvergi í lögum um mat á umhverfisáhrifum væri að finna ákvæði sem hindrað gætu framkvæmd. Bendir meiri hlutinn á að þær tilskipanir sem lög um mat á umhverfisáhrifum byggjast á fela ekki í sér að þessar reglur eigi að segja til um hvort framkvæmd sé í lagi eða ekki heldur er áherslan lögð á að leyfisveitandi sé upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Meiri hlutinn telur að með frumvarpinu verði bætt úr ýmsum þeim hnökrum sem nú séu á matsferlinu. Það samræmist t.d. engan veginn tilgangi laga um mat á umhverfisáhrifum að sérstök stjórnsýslustofnun úrskurði um umhverfisþáttinn sjálfstætt eins og er samkvæmt gildandi lögum og að veitingarvald framkvæmdaleyfis sé bundið þeim úrskurði, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Í allmörgum umsögnum var lýst yfir áhyggjum af því að verið væri að þrengja rétt almennings til þátttöku í matsferlinu, annars vegar með því að réttur hans til að koma með athugasemdir væri bundinn við frummatsskýrslu og hins vegar að kæruréttur einstaklinga væri bundinn við lögvarða hagsmuni og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök þyrftu að uppfylla nánar tiltekin skilyrði um fjölda félagsmanna o.fl. Hvað fyrra atriðið varðar bendir meiri hlutinn á að ekki sé um breytingu að ræða frá gildandi löggjöf hvað varðar aðkomu almennings að matsskýrslu nema að nú heiti skýrsla sem almenningur getur gert athugasemdir við frummatsskýrsla en ekki matsskýrsla. Þá beri að líta til 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins og breytingartillögu meiri hlutans við hana sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir en hún felur í sér að telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skuli hún auglýst að nýju. Í tengslum við síðarnefnda atriðið fór fram nokkur umræða í nefndinni um hugtakið „lögvarðir hagsmunir“. Hugtakið hefur m.a. verið túlkað af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála enda slíkir hagsmunir skilyrði fyrir kæruheimild til nefndarinnar eins og almennt gildir um kæruheimildir í stjórnsýslunni. Nefndin telur rétt að benda á að sú þrenging á kærurétti sem lögð er til með frumvarpinu stangast ekki á við innleiddar tilskipanir ESB. Í þessu sambandi vísar nefndin einnig til athugasemda frumvarpsins um 12. gr. en þar kemur m.a. fram að þær breytingar sem lagðar er til um kæruheimild séu til samræmis við þær reglur sem gilda um kæruheimild samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, sbr. 26. gr. þeirra laga, að öðru leyti en því að umhverfisverndar- og hagsmunasamtök öðlast hér einnig málskotsrétt óháð lögvörðum hagsmunum.

Í 8. gr. frumvarpsins segir að frummatsskýrsla skuli unnin af framkvæmdaraðila. Í nokkrum umsögnum var lagt til að bætt yrði við orðunum „í samráði við Skipulagsstofnun“ eins

og í eldra frumvarpi frá 130. löggjafarþingi. Nefndin velti því fyrir sér hvort ástæða væri til að leggja til þessa viðbót. Fram kom í máli fulltrúa Skipulagsstofnunar að stofnunin hefði gert athugasemdir við fyrrnefnt atriði á sínum tíma. Hlutverk stofnunarinnar væri að gefa út almennar leiðbeiningar, sem og að fjalla um matsáætlun og síðar hina endanlegu matsskýrslu. Stofnunin hefði eftirlitshlutverki að gegna og því væri ekki viðeigandi að hún ætti beina aðild að samningu skýrslunnar. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið og telur því ekki ástæðu til að leggja til fyrrnefnda viðbót.

Meiri hlutinn gerir eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið:

1. Við 2. gr. Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting.
2. Við 3. gr. Lagt er til að orðið „frummatsskýrsla“ komi í stað orðsins „matsskýrsla“ enda er frummatsskýrslan næsta stig á eftir matsáætlun.
3. Við 8. gr. Þar sem láðist að taka tillit til þess að matsskýrsla samkvæmt gildandi lögum verður frummatsskýrsla samkvæmt frumvarpinu leggur meiri hlutinn eingöngu til breytingar á orðalagi en einnig að fyrirsögn greinarinnar verði „Frummatsskýsla“.
4. Við 9. gr. Lagt er til að fyrirsögn 10. gr. laganna verði „Athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrsla.“ Þá er lagt til að í stað þess að miða frestinn við það „þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun frummatsskýrslu“ sé miðað við móttöku Skipulagsstofnunar á frummatsskýrslu. Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á 2. og 3. málsl. fliðar, í fyrsta lagi að hnykkt verði á því að endanleg matsskýrsla skuli unnin á grundvelli frummatsskýrslu, þ.e. þau efnisatriði sem eiga að vera í frummatsskýrslu þurfa líka að vera í matsskýrslu, og í öðru lagi að fram komi að hana skuli síðan senda til Skipulagsstofnunar. Hvað síðarnefnda atriðið varðar telur meiri hlutinn rétt að taka afdráttarlaust fram að framkvæmdaraðili eigi að senda Skipulagsstofnun matsskýrsluna enda er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun gefi álit sitt á henni innan fjögurra vikna frá því að matsskýrslan liggur fyrir, sbr. 10. gr. frumvarpsins.
5. Við 10. gr. Meiri hlutinn leggur til sambærilega breytingu eins og í 3. tölul. hér að framan, þ.e. að miða skuli frest við móttöku Skipulagsstofnunar á matsskýrslu. Þá telur meiri hlutinn rétt að Skipulagsstofnun taki í forsendum álits síns afstöðu til helstu gagna sem liggja að baki matsskýrslu á grundvelli þeirra umsagna sem bárust stofnuninni í umsagnarferli við frummatsskýrslu. Einnig telur nefndin eðlilegra að miða við að matsskýrslu skuli auglýsa að nýju telji Skipulagsstofnun að hún víki „frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins“ í stað þess að miða við að hún víki „verulega frá frummatsskýrslu“ eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Loks leggur meiri hlutinn til að aðgangur almennings að gögnum verði aukinn þannig að hann eigi auk álits Skipulagsstofnunar einnig greiðan aðgang að matsskýrslu.
6. Við 11. gr. Í greininni er fjallað um endurskoðun matsskýrslu ef framkvæmdir hefjast ekki innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Meiri hlutinn leggur til að í stað sex ára viðmiðsins verði miðað við 10 ár eins og er í gildandi lögum. Þá leggur meiri hlutinn til að vikufrestinum í 3. mgr. verði breytt í tveggja vikna frest þar sem fram kom athugasemd um það að panta þyrfti birtingu í Lögbirtingablaði með viku fyrirvara. Telur meiri hlutinn rétt að hafa ákvæðið þannig úr garði gert að það sé tæknilega framkvæmanlegt.
7. Við a-lið 12. gr. (14. gr.). Meiri hlutinn leggur til að skilyrðið um fjölda félagsmanna í umhverfisverndar- og hagsmunasamtökum verði lækkað úr 50 í 30. Nokkur umræða fór fram í nefndinni um fjölda félagsmanna í fyrrgreindum samtökum. Meiri hlutinn bendir á að í smærri sveitarfélögum eru staðbundin félög algeng og telur hann rétt að fjöldi félagsmanna verði lækkaður í 30. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að félaga-

samtök sem geta orðið til vegna eins máls flokkist undir hagsmunasamtök uppfylli þau að öðru leyti þau skilyrði sem fram koma í greininni, þ.e. að þau eigi varnarþing hér á landi, að félagsmenn séu 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Þá leggur meiri hlutinn til smávægilegar breytingar á 3. mgr. sem fela í sér að tilgreina nánar greinar sem vísað er til, þ.e. 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr.

8. Við 13. gr. Meiri hlutinn leggur til samsvarandi breytingu og í 5. tölul. hér að framan, þ.e. að vikufresti verði breytt í tveggja vikna frest. Telur meiri hlutinn rétt að hafa sambærilegan frest þótt ekki sé hér gerð krafa um birtingu í Lögbirtingablaði.
9. Við 17. gr. Meiri hlutinn leggur til breytingar á greininni sem lúta að því að gera hana ítarlegri. Í 1. mgr. verði kveðið á um það að hafi matsskýrsla verið send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga þessara sé heimilt að ljúka mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum. Til að taka af allan vafa um hvað átt sé við með „mati á umhverfisáhrifum sem hafið er“ í frumvarpstextanum leggur meiri hlutinn til að mat teljist hafið þegar matsskýrsla hefur verið send Skipulagsstofnun. Ekki sé þörf á að tilgreina tímafresti í þessu sambandi eins og lagt er til í frumvarpinu enda gildi tímafrestir gildandi laga frá því að matsskýrsla er send Skipulagsstofnun þar til úrskurður stofnunarinnar hefur verið kveðinn upp. Sama eigi við um kærufresti til ráðherra og úrskurðarfrest ráðherra í þeim tilvikum þegar úrskurður er kærður. Því ætti ekki að vera hætta á að afgreiðsla mála hjá Skipulagsstofnun frestist enda gilda þá afgreiðslufrestir samkvæmt gildandi lögum.

   Í 2. mgr. verði fjallað um framkvæmdir þar sem matsferlinu sjálfu er lokið og fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar eða eftir atvikum ráðherra og eitt eða fleiri leyfi hafa verið veitt vegna framkvæmdarinnar eða jafnvel ekkert leyfi þegar lögin taka gildi. Hér undir geta því bæði fallið þau tilvik þegar framkvæmdir eru ekki hafnar og eins þegar framkvæmdir eru hafnar en þeim er ekki að fullu lokið. Meiri hlutinn telur eðlilegt að um slíkar framkvæmdir fari samkvæmt gildandi lögum enda liggi fyrir úrskurður Skipulagsstofnunar eða ráðherra um mat á umhverfisáhrifum og matsferlinu sé þannig lokið samkvæmt matsferli gildandi laga. Í 3. gr. frumvarpsins eru leyfi til framkvæmda skilgreind og er tilvísun til þessarar skilgreiningar í 13. gr. frumvarpsins.
10. Við 18. gr. Nefndin leggur til að undir 1. viðauka falli iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha og bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 m^2 og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnaðarframkvæmdum sem taka til stærra svæðis en 15 ha og bygging verslunarmiðstöðva stærri en 10.000 m^2 og byggingu bílastæðahúsa fyrir fleiri en 400 stæði verði bætt við 2. viðauka en nefndin telur rétt að flytja umræddar framkvæmdir í 1. viðauka með fyrrnefndum stærðarbreytingum.
11. Við 19. gr. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að breyta núgildandi ákvæði um tilkynningarskyldu varðandi nýræktun skóga og leggur því til að a-liður falli brott. Þá leggur meiri hlutinn til að orðin „ofan jarðar“ í c-lið 3. tölul. 2. viðauka falli brott eins og lagt er til í d-lið.
12. Við 21. gr. Lögð er til breyting á skipun nefndarmanna í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála þannig að ráðherra skipi einn nefndarmann í stað tveggja og Hæstiréttur fjóra í stað þriggja og skuli sá fjórði hafa háskólapróf á sviði byggingarmála. Með þessu er komið til móts við ábendingar um að sérfræðingur í byggingarmálum eigi sæti í nefndinni. Þá er lögð til sama breyting og nefnd var hér að framan undir 6. tölul., þ.e.

að skilyrðið um fjölda félagsmanna í umhverfisverndar- og hagsmunasamtökum verði lækkað úr 50 í 30.

13. Við 22. gr. Nefndin leggur til að miðað verði við að framkvæmdaleyfi falli úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tveggja ára í stað tólf mánaða frá útgáfu þess.
14. Við 26. gr. Nefndin leggur til að gildistöku laganna verði frestað til 1. október 2005. Fram kom í máli fulltrúa ráðuneytis að nauðsynlegt væri að leiðbeiningar sem um getur í d-lið 2. mgr. 15. gr. yrðu tilbúnar þegar lögin tækju gildi. Eins væri mikilvægt að víðtækt samráð hefði verið haft við gerð þessara leiðbeininga, m.a. við atvinnulífið og sérfræðistofnanir. Vinna við gerð þessara leiðbeininga væri langt komin hjá Skipulagsstofnun og gert væri ráð fyrir að þær yrðu tilbúnar í byrjun september. Þá væri mjög mikilvægt að fram færi kynning á lögunum, m.a. gagnvart sveitarfélögum, áður en þau tækju gildi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara sem m.a. tekur til tímafrests á endurskoðun matsskýrslu og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja öðrum.

Alþingi, 4. maí 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Mörður Árnason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Gunnar Birgisson.		Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

1388. Breytingartillögur [235. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (GÞÞ, KHG, RG, ArnbS, MÁ, KÓ, GunnB, ÞSveinb).

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „laga þessara“ komi: laganna.
2. Við 3. gr. Á eftir C-lið komi nýr liður, svohljóðandi: F-liður orðast svo: *Matsáætlun:* Áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Frummatsskýrsla.

Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan er nefnist frummatsskýrsla skal unnin af framkvæmdaraðila og skal gerð og efni hennar vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

Í skýrslunni skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um skýrsluna og niðurstöðu hennar. Í niðurstöðu skýrslunnar skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.

4. Við 9. gr.
   a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

      Innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti frummatsskýrslu skal stofnunin meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu frummatsskýrslu.

   b. 2. og 3. efnismálsl. f-liðar orðist svo: Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu. Í matsskýrslu skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar.
   c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrsla.*
5. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „frá því að matsskýrsla liggur fyrir“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti matsskýrslu.
   b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í áliti Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum matsins, þ.m.t. gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu, og niðurstöðum þess.
   c. 3. mgr. orðist svo:

      Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

   d. Síðari málsliður 4. mgr. orðist svo: Almenningur skal eiga greiðan aðgang að áliti Skipulagsstofnunar og matsskýrslu og skal stofnunin auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að álitið og matsskýrslan liggi fyrir.
6. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „sex ára“ í 1. efnismgr. komi: tíu ára.
   b. Í stað orðanna „innan viku“ í 3. efnismgr. komi: innan tveggja vikna.

7. Við a-lið 12. gr. (14. gr.).
   a. Í stað „50“ í 2. mgr. komi: 30.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.
8. Við 13. gr. Í stað orðanna „innan viku“ í 2. málsl. 2. efnismgr. komi: innan tveggja vikna.
9. 17. gr. orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:
   Þegar matsskýrsla hefur verið send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga þessara er heimilt að ljúka mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum.
   Í þeim tilvikum þegar matsferli framkvæmdar sem undir lög þessi fellur hefur verið lokið samkvæmt eldri lögum en ekki hafa verið veitt öll leyfi vegna hennar skal við leyfisveitingu fara samkvæmt þeim lögum.
10. 18. gr. orðist svo:
    Eftirfarandi breytingar verða á 1. viðauka við lögin:
    a. Á eftir orðinu „Efnistaka“ í 1. málsl. 21. tölul. kemur: á landi eða úr hafsbotni.
    b. 2. málsl. 21. tölul. fellur brott.
    c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Framkvæmdir á grunnvirkjum:
       i. Iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha.
       ii. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 m^2 og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði.
11. Við 19. gr.
    a. A-liður falli brott.
    b. Á eftir c-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Orðin „ofan jarðar“ í c-lið 3. tölul. falla brott.
    c. F-liður orðist svo: Við 10. tölul. bætist nýr liður, a-liður, sem orðast svo: Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.
12. Við 21. gr.
    a. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar.
    b. 5. málsl. 2. mgr. orðist svo: Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála.
    c. Í stað „50“ í 4. málsl. 5. mgr. komi: 30.
13. Við 22. gr. Í stað orðanna „innan viku“ í 7. efnismgr. og „innan tólf mánaða“ í 9. efnismgr. komi: innan tveggja vikna; og: innan tveggja ára.
14. Við 26. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. október 2005.

1389. Nefndarálit [723. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnir fái styrk til fráveituframkvæmda óháð því hvort sveitarfélögin fjármagna framkvæmdirnar beint eða farin er leið einkaframkvæmdar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að skuldbindingar sveitarfélaganna vegna slíkrar framkvæmdar komi fram í ársreikningum viðkomandi sveitarfélags. Þá leggur meiri hlutinn til að sett verði hámark á fjárhæð styrks.

Við umfjöllun málsins var bent á að skv. 3. gr. laganna væri miðað við framkvæmdir sem unnar yrðu á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005 og leitað svara við því hvers vegna verið væri að breyta lögunum þegar svo stutt væri eftir af fyrrnefndu tímabili. Fram kom að ráðherra hefði upplýst að nýtt frumvarp til breytinga á lögunum væri væntanlegt í haust þar sem tímabilið yrði lengt um fimm ár.

Fram kom í máli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að hér væri um átaksverkefni að ræða til að koma fráveitumálum sveitarfélaganna í gott lag en ekki viðvarandi styrki um alla framtíð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „Heimilt er með sama hætt að veita“ í 1. efnismálsl. komi: sveitarfélögum.
b. Við bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skuldbindingar sem sveitarfélögin taka á sig vegna rekstrarleigu skulu koma fram í ársreikningum þeirra. Styrkupphæð samkvæmt þessari grein getur aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.

Alþingi, 9. maí 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Mörður Árnason, með fyrirvara.	Guðjón Hjörleifsson.
	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.	

1390. Nefndarálit [723. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hlutinn er ósáttur við það meginmarkmið frumvarpsins að veita stjórnvöldum heimild til að styðja sveitarfélög, sem komið hafa fráveitukerfi sínu í hendur einkaaðila, fjárstuðning undir yfirskyni jafnræðisreglu. Það er alkunna að sveitarfélög hafa í auknum mæli farið inn á þær brautir að reka tiltekna þætti grunnþjónustu sinnar í formi einkaframkvæmdar. Þekkt dæmi eru byggingar skólahúsnæðis og íþróttahúsnæðis sem byggð eru og rekin af einkaaðilum en leigð sveitarfélögunum með langtímasamningi. Það er líka vitað að nú þegar stefnir í óefni hjá einhverjum sem farið hafa þessa leið. Skuldbindingarnar eru miklar og til langs tíma, allt upp í 30 ár. Ein af ástæðum þess að sveitarfélög hafa freistast til að fjármagna framkvæmdir á þennan hátt er sú staðreynd að það lítur betur út í reikningum sveitarfélagsins að tilgreina einungis leigu fyrir aðstöðu í húsi, en að þurfa að skuldfæra alla bygginguna. Það er því ekki nema von að skuldsett sveitarfélög freistist til að koma sér undan gjörgæslu félagsmálaráðuneytisins með þessum hætti. Í þessu er fólginn ákveðinn tvískinnungur sem stafar af tregðu stjórnvalda til að viðurkenna raunverulega fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Það er mat minni hlutans að skynsamlegra sé að bregðast við áður en sveitarfélögin sjá sig knúin til að leggja út á þá braut að fjármagna bráðnauðsynlegar framkvæmdir með einkaframkvæmd. Það er full þörf á að stjórnvöld bregðist við þessari stöðu en það þarf þá að gera með skynsamlegum aðgerðum, t.d. með því að endurskoða tekjustofna sveitarfélaganna.

Það kom fram við 1. umræðu um málið að hinn opinberi aðili greiddi oft og tíðum umtalsvert hærra verð fyrir þær framkvæmdir og þann rekstur sem fjármagnaður er gegnum einkaframkvæmd en eftir hinum hefðbundnu leiðum og þeir sem best til þekkja töldu sveitarfélögin vera komin út á hættulega braut í þessum efnum. Það er mat minni hlutans að full þörf sé á að rannsaka betur þá reynslu sem þegar er fyrir hendi af framkvæmdum af þessu tagi. Slíkt bæri vott um fyrirhyggju sem kæmi í veg fyrir að haldið yrði lengra út á þessa ótryggu braut. Með frumvarpinu er verið að byggja inn í kerfið hvata til að fara þessa leið og skuldbindingin er ávísun á hendur skattborgurum framtíðarinnar.

Minni hlutinn telur breytingartillögur meiri hlutans til bóta, en treystir sér engu síður ekki til að styðja málið.

Alþingi, 9. maí 2005.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1391. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Tilgreind ástæða breytinganna sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er sú að í ákvæði III til bráðabirgða í núgildandi lögum sé kveðið á um endurskoðun þeirra. Í því ákvæði segir orðrétt: „Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.“ Nefnd sú sem undirbjó frumvarpið hafði raunar líka frelsi til að gera tillögur um endurskoðun annarra ákvæða laganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra. En þegar grannt er skoðað felur hið nýja frumvarp ekki í sér neinar hugmyndir um samþættingu leyfisveitingaferlisins og matsferlisins eða í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á einstökum framkvæmdum, heldur eru grundvallarbreytingarnar fólgnar í því að taka úrskurðarvaldið af Skipulagsstofnun, færa ábyrgðina af kæruferli frá umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun yfir á leyfisveitendur, þrengja málskotsrétt almennings og slíta samhengið milli niðurstöðu Skipulagsstofnunar og leyfisveitandans. Þar með liggur ljóst fyrir að þessi endurskoðun á lítið skylt við ákvæði til bráðabirgða III í núgildandi lögum.

Flókið mál – ónóg umfjöllun.

Það er mat minni hlutans að málið hafi ekki fengið nægilega umfjöllun í nefndinni þar sem ekki gafst tóm til skoðanaskipta um viðamiklar umsagnir. Ekki var farið ofan í saumana á einstökum efnisatriðum veigamikilla umsagna. Má þar nefna umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarsamtaka Íslands og Umhverfisstofnunar. Þá er það mat minni hlutans að ekki hafi legið á að afgreiða málið í ljósi þess að endurskoðun stendur nú yfir á skipulags- og byggingarlögum sem gert er ráð fyrir að afgreiða í haust. Einnig er komið fram á Alþingi frumvarp frá umhverfisráðherra um upplýsingarétt í umhverfismálum (þskj. 1205, 791. mál) sem snertir óneitanlega þá þætti laga um mat á umhverfismálum er varða upplýsingarétt og aðkomu almennings og hagsmunasamtaka að matsferlinu, þætti sem einmitt hafa verið harkalega gagnrýndir í því frumvarpi sem hér um ræðir. Byggist það frumvarp á skyldu íslenskra stjórnvalda til að lögfesta Árósasamninginn frá 1998, en tilskipun þess efnis 2003/4/EB hefði átt að vera innleidd í landslög eigi síðar en 14. febrúar 2005. Ekki gafst ráðrúm til að skoða þetta nýja mál í tengslum við frumvarpið og er það miður að mati minni hlutans, sem fær ekki betur séð en gengið sé of skammt til móts við ákvæði Árósasamningsins í frumvarpinu. Í þessu sambandi má rifja upp ummæli Halldórs Ásgrímssonar í ræðu á Alþingi 5. nóvember 2003 þar sem hann sagði það skoðun starfshóps, sem skoðaði möguleg áhrif Árósasamningsins á íslenska löggjöf, að gera þyrfti breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum í tengslum við lögleiðingu Árósasamningsins. Það ætlar ekki að ganga eftir.

Það er mat minni hlutans að betur hefði mátt standa að afgreiðslu málsins með því að taka fyrr til við að vinna það, en það var ekki fyrr en á nefndardögum í lok aprílmánaðar sem eiginleg umfjöllun hófst í nefndinni og meginþunginn var á nokkrum aukafundum rétt fyrir

þinglok. Málið hafði þá legið óhreyft á borðum nefndarmanna síðan í nóvember (1. umræða fór fram 5. nóvember 2004).

Verndarsjónarmið og nýtingarsjónarmið takast á.

Einn af ágöllunum í íslenskri löggjöf, sem orðið hefur áþreifanlegur við framkvæmd laganna um mat á umhverfisáhrifum, er sá að verndarsjónarmið ýmissa laga virðast einatt lúta í lægra haldi þegar umdeildar framkvæmdir eiga í hlut. Það er a.m.k. augljóst að lögin um mat á umhverfisáhrifum eru þess ekki megnug að koma í veg fyrir framkvæmdir sem valda fyrirsjáanlega óafturkræfum spjöllum á náttúru landsins. Þá segja m.a. framkvæmdaraðilar og ýmsir lögspekingar að mati á umhverfisáhrifum sé ekki ætlað að koma í veg fyrir framkvæmdir, hlutverk þess sé einungis að leiða í ljós öll þau áhrif sem tilteknar framkvæmdir muni fyrirsjáanlega valda, áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdirnar. Með öðrum orðum, lögin eigi eingöngu að vera forskrift um málsmeðferð sem tryggi upplýsta ákvörðun þess stjórnvalds sem beri ábyrgð á leyfisveitingum fyrir tilteknum framkvæmdum, enda séu ekki í þeim nein efnisviðmið og eigi ekki að vera. Þetta sjónarmið telur minni hlutinn umdeilanlegt að ýmsu leyti og gerir í því sambandi grein fyrir eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi gerir b-liður markmiðsgreinar frumvarpsins ráð fyrir því að lögunum sé ætlað að draga svo sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar og í skýringum við liðinn segir í greinargerð: „Rétt þykir að þetta komi efnislega fram í markmiðsgrein laganna, sbr. forsendur tilskipunar 97/11/EB. Í þessu sambandi er vísað til þess sem segir í nefndaráliti umhverfisnefndar um frumvarp það sem varð að núgildandi lögum: „Nefndin vill minna á að í tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB er byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Þessar meginreglur koma ekki fram í sjálfu frumvarpinu þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og enn í mótun. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að fjallað er um meginreglurnar í 73. gr. EES- samningsins og ber því að hafa þær í huga við framkvæmd laganna."" Það er afar mikilvægt að hafa þessa samþykkt umhverfisnefndar Alþingis í huga þegar málið er gaumgæft frekar. Til frekari glöggvunar er birt hér 73. gr. EES-samningsins:

„1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:
   a) að varðveita, vernda og bæta umhverfið;
   b) að stuðla að því að vernda heilsu manna;
   c) að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.
2. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum."

Í þessu sambandi má rifja upp að komið hefur til álita að innleiða fyrrnefndar meginreglur umhverfisréttar í íslensk lög, en frumvörp þess efnis hafa verið flutt á Alþingi á tveimur löggjafarþingum, því 117. (þskj. 1182, 621. mál) og 122 (þskj. 1339, 704. mál). Í greinargerð með því síðara segir: „Með reglum umhverfisréttarins skal stefnt að því að vernda umhverfið til lengri tíma en ekki láta skammtímahagsmuni einstaklinga af því að nýta sér gæði náttúrunnar ráða ferðinni."

Í öðru lagi eru lögin um mat á umhverfisáhrifum nátengd skipulagslögum. Það er jafnvel svo í sumum nágrannalanda okkar (t.d. Danmörku) að málsmeðferðarreglur varðandi mat á

umhverfisáhrifum eru hluti af skipulagslögunum. Í okkar skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, er kveðið á um markmið laganna með þeim hætti að þeim er ætlað að standa vörð um verndarsjónarmið með því að tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í þriðja lagi takmarkast ákvarðanir um framkvæmdir af almennum og sértækum lögum um náttúruvernd. Í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er kveðið svo á að lögin tryggi eftir föngum verndun þess sem sérstætt er og sögulegt í náttúru landsins, auk þess sem þeim er ætlað að stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu og núgildandi lögum kveðið á um mótvægisaðgerðir sem ætlað er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna framkvæmda og ber að geta um þær í úrskurði/áliti (skv. frumvarpinu) Skipulagsstofnunar. Það stríðir í sjálfu sér gegn þeirri hugmynd að lögin séu einungis forskrift um málsmeðferð og inniberi engin efnisleg viðmið. Þegar þessi upptalning er skoðuð kemur í ljós hversu veigamikil rök eru fyrir því að matsferlið sé til þess gert að koma megi í veg fyrir framkvæmdir sem valda fyrirsjáanlega óafturkræfum spjöllum á náttúru landsins. En það skal jafnframt viðurkennt að lögin um matsferlið megna ekkert slíkt ein og sér, þeim er ætlað þetta hlutverk í samspili við önnur lög, sem hafa verið nefnd hér að framan. Í þessu sambandi er rétt að líta til þess hvernig Skipulagsstofnun hefur farið með það vald sitt samkvæmt núgildandi lögum að geta lagst gegn framkvæmdum vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa. Það verður ekki sagt annað en hún hafi farið afar sparlega með þá heimild sína, því eftir því sem næst verður komist þá er einungis að finna tvö dæmi um það að stofnunin hafi í úrskurðum sínum lagst gegn framkvæmdum, þ.e. Kárahnjúkavirkjun og borun rannsóknarholu í Grændal, Ölfusi. Í öllum öðrum úrskurðum hefur stofnunin leitast við að leggja til mótvægisaðgerðir, sem lágmarkað gætu áhrif framkvæmdanna. Að öllu þessu skoðuðu telur minni hlutinn nauðsynlegt að stjórnvöld endurskoði framkvæmd laganna og skerpi á þeim grundvallarþætti að þeim sé, í samspili við önnur lög (skipulags- og byggingarlög og náttúruverndarlög), ætlað að koma í veg fyrir framkvæmdir sem valdið geta óafturkræfum spjöllum á náttúru landsins. Í ljósi þessa telur minni hlutinn stórkostlega áhættu fólgna í því að breyta úrskurði Skipulagsstofnunar í álit og fellir sig ekki við það nema stjórnvöld lýsi því þá yfir að markmið skipulags- og byggingarlaga og náttúruverndarlaga verði virk að því leyti að þau nægi til að stöðva leyfisveitendur af þegar framkvæmdir stríða gegn efnisákvæðum þeirra. Einnig má líta svo á í ljósi reynslunnar að full þörf sé á að skerpa á öllum efnisviðmiðum náttúruverndarlaga, svo að verndarsjónarmið og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar fái einhverju ráðið um það hvar er framkvæmt og hvar ekki. Sérstaklega ber þá að líta til ákvæða er varða friðlýst svæði. Nánar verður vikið að því síðar í nefndaráliti þessu.

Umsagnir endurspegla ágreining.

Sú togstreita sem hér hefur verið lýst milli verndarsjónarmiða annars vegar og nýtingarsjónarmiða hins vegar kemur glöggt fram í umsögnum sem umhverfisnefnd Alþingis bárust vegna frumvarpsins, sem voru fjölmargar og flestar efnismiklar. Umsagnir framkvæmdaraðila á borð við orkufyrirtækin, sem flest lýstu stuðningi við umsögn Samorku þó að þau sendu inn sjálfstæðar umsagnir að auki, endurspegla það sjónarmið fyrirtækjanna að matsferlið verði jafnvel enn þunglamalegra og kostnaðarsamara við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, málsmeðferðarreglurnar verði með þeim hætti að líkja megi þeim við myllustein um háls framkvæmdaraðila sem muni hamla framkvæmdum í landinu. Orkufyrirtækin vilja þrengja kæruaðild enn frekar og gera Skipulagsstofnun samábyrga fyrir frum-

matsskýrslum fyrirtækjanna, auk þess sem þau telja það ekki í verkahring Skipulagsstofnunar að leggja til mótvægisaðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum.

Umsagnir náttúruverndarsamtaka eru hins vegar á þá lund að ekki megi skerða aðkomu almennings og hagsmunaaðila að matsferlinu, málsmeðferðarreglurnar verði að tryggja að meginreglur umhverfisréttar séu lagðar til grundvallar lokaniðurstöðu um framkvæmdir þannig að hætta megi við framkvæmdir sem hafa í för með sér óafturkræf náttúruspjöll, auk þess sem þau mótmæla því að leyfisveitendur verði ekki lengur bundnir af niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Fleira mætti telja sem skilur að þessa tvo póla og til glöggvunar birtast nokkrar valdar umsagnir sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Alvarlegar afleiðingar fyrir sveitarfélögin.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd, enda er með því aukið mjög við skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna, sem í flestum tilfellum eru leyfisveitendur framkvæmda sem sæta mati á umhverfisáhrifum. Í ljósi þeirra átaka sem orðið hafa um einstakar framkvæmdir er ljóst að álagið af slíkum deilum og mögulegum málaferlum mun færast frá Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra f.h. ríkisins yfir á sveitarfélögin. Slíkt getur mögulega gengið þegar fjölmenn og burðug sveitarfélög eiga í hlut, en eðli máls samkvæmt eru deilumálin sem rísa vegna framkvæmda ekki síður í fámennari sveitarfélögunum. Minni hlutinn tekur undir sjónarmið sveitarfélaganna og lítur það mjög alvarlegum augum hversu hratt málið var unnið í nefndinni. Ekki var veitt svigrúm til að fjalla sérstaklega um umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og ekki var kallaður til stjórnsýslusérfræðingur til að gefa álit á umsögn sambandsins. Í meginatriðum felst gagnrýni sambandsins í því að með breytingunum falli umtalsverður hluti kostnaðar af endanlegri afgreiðslu mála á sveitarfélögin. Þó hafi ekki verið lagt mat á þann kostnaðarauka í vinnslu málsins og stríði það gegn samkomulagi félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum, dags. 30. júní 2004.

Að öðru leyti vísar sambandið til ákvæða 12. og 13. gr. frumvarpsins og 21. og 22. gr. Þar eru gerðar athugasemdir við valdheimildir og hlutverk úrskurðarnefndarinnar gagnvart Skipulagsstofnun og óljósa stöðu hins svokallaða „álits“ stofnunarinnar. Því er haldið fram í umsögn sambandsins að jafnvel þótt tekin verði af öll tvímæli um ábyrgð í þessum efnum liggi samt sem áður fyrir að sú skylda sveitarfélaganna að draga álit um mat á umhverfisáhrifum inn í ákvarðanatöku sína um veitingu leyfis til framkvæmda muni hafa veruleg áhrif á kostnaðinn sem fylgi slíkum leyfisveitingum. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og vísar til reynslunnar af umdeildum framkvæmdum, þar sem ekki síst er tekist á um forsendur í niðurstöðum Skipulagsstofnunar. Loks gerir sambandið alvarlega athugasemd við það að hvergi í lagafrumvarpinu skuli vera tekið fram að sveitarfélagi sé heimilt að neita um leyfi til framkvæmdar, sem í sjálfu sér samræmist skipulagsáætlunum vegna óæskilegra umhverfisáhrifa hennar. Rökstuðningurinn byggist á áliti Páls Hreinssonar, sérfræðings í stjórnsýslurétti, en eins og áður er getið taldi formaður nefndarinnar ekki ástæðu til að kalla stjórnsýslufræðing fyrir nefndina af þessu tilefni.

Málskotsréttur þrengdur.

Það er mat minni hlutans að frumvarpið feli í sér mikla afturför varðandi aðkomu almennings og náttúruverndarsamtaka að matsferlinu. Þrengt er að málskotsrétti og hann takmarkaður. Með því að takmarka heimild til málskots skv. 12. gr. eingöngu við þá er eiga „lögvarða“ hagsmuni og við umhverfisverndarsamtök sem hafa 30 meðlimi, og með því að takmarka

kæru skv. 8. gr. við framkvæmdaraðila, er verið að ganga þvert á yfirlýstan vilja löggjafans við síðustu lagabreytingu árið 2000. Þá var það sett í lögin að allir gætu kært úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra og var það gert til að taka af öll tvímæli (sbr. athugasemdir við frumvarpið, 20. tölul.). Þann sama vilja má einnig lesa út úr umræðum um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem varð að lögum nr. 7/1998 og gerð er grein fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi á þingskjali 807 (533. mál). Þá stríðir þessi breyting einnig að mati minni hlutans gegn markmiðum Árósasamningsins sem byggist á því að tryggja öllum almenningi aðgang að upplýsingum, þátttöku í ákvörðunum og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, í því skyni að vernda réttindi hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans. Í ljósi þessa telur minni hlutinn þrengingu málskotsréttarins að öllum líkindum stríða gegn tilskipunum ESB, sem gera ráð fyrir lögleiðingu Árósasamningsins, og lítur svo á að ekki hafi komið fullnægjandi svör frá fulltrúum umhverfisráðuneytisins á fundum nefndarinnar varðandi þau atriði. Ekki verður heldur séð að núgildandi ákvæði 12. gr. laganna hafi verið til mikilla trafala í málsmeðferð hingað til og því engin haldbær rök fyrir breyttri afstöðu löggjafans. Minni hlutinn tekur undir þær áhyggjur sem Náttúruverndarsamtök Íslands láta í ljós í sinni umsögn, en þau telja að nái þessar breytingar fram að ganga séu íslensk stjórnvöld að kalla yfir sig kærumál hjá Evrópudómstólnum. Það er mat minni hlutans að þessar breytingar stríði gegn réttarþróun bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, en hún er í þá átt að auka rétt almennings bæði til upplýsinga og málskots í umhverfismálum.

Aðkoma frjálsra félagasamtaka að mati á umhverfisáhrifum mun með breytingunum takmarkast við samtök sem hafa 30 meðlimi eða fleiri, eiga varnarþing á Íslandi, hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði, eru opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur og hafa endurskoðað bókhald. Ef ekki er ætlast til að skilgreiningin í m-lið 3. gr. frumvarpsins eigi við um hagsmunasamtök þau sem nefnd eru í 12. gr. frumvarpsins. Þá vantar skýringar á því hvað átt er við með „hagsmunasamtök“. Minni hlutinn fær ekki séð að breytingartillögur meiri hlutans breyti nokkru um þetta atriði.

Minni hlutinn vill taka undir með þeim umhverfisverndarsamtökum sem sent hafa nefndinni athugasemdir og fundið að þeim aðstöðumun sem er milli þeirra og fjársterkra framkvæmdaraðila. Þannig má gera ráð fyrir því að sjónarmið framkvæmdaraðila nái frekar fram að ganga í krafti fjárhagslegs bolmagns. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að kostnaður við umfangsmikla umfjöllun Landverndar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar hafi verið metinn á 2,7 millj. kr., en allir sérfræðingar sem komu að því starfi gáfu vinnu sína, að öðrum kosti hefði Landvernd ekki getað staðið undir framtakinu. Í umsögn Landverndar er fjallað um mikilvægi þess að almenningur og félagasamtök geti leitað aðstoðar sérfræðinga þegar verið er að meta framlögð gögn og stungið upp á því að stofnaður verði sjóður sem hafi þann tilgang að auðvelda almenningi og félagasamtökum að afla sér slíkrar aðstoðar.

Andmælaréttur stjórnsýslulaga.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að matsskýrsla framkvæmdaraðila, sem inniheldur viðbrögð hans við athugasemdum þeim sem fram komu við frummatsskýrslu, verði opinber fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Þannig lítur út fyrir að matsskýrslan, ásamt þeim nýju gögnum sem aflað var við gerð hennar, verði fyrst aðgengileg þegar fjórar vikur eru liðnar frá eiginlegri útgáfu hennar. Þetta getur varla talist samrýmast andmælarétti 13. gr. stjórnsýslulaga þar sem segir:

„Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarfi.“

Í stjórnsýslulögum er orðið „ákvörðun“ lykilorð. Með því að láta Skipulagsstofnun gefa út „álit“ en ekki úrskurð er komist hjá því að um „ákvörðun“ sé að ræða. Hér lítur út fyrir að stjórnvöld stefni að því að skerða aðgengi almennings að matsferlinu og koma þannig í veg fyrir að þau gögn sem liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum fái þá rýni sem æskileg hlýtur að teljast. Þetta atriði hefði sannarlega þurft frekari skoðunar við í umhverfisnefnd og var ein ástæða þess að minni hlutinn óskaði álits sérfræðings í stjórnsýslu, sem ekki var orðið við.

Almannaréttur og friðlýst svæði.

Þegar metin eru umhverfisáhrif framkvæmda í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum þarf margt að athuga. Það er álit minni hlutans að margt megi betur fara í þeim efnum. T.d. þurfi að endurskoða viðaukana með lögum þessum svo að tryggja megi friðlýstum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá tilhlýðilega vernd. Í því sambandi skal tekið undir ábendingar Náttúruverndarsamtaka Íslands í viðamikilli umsögn sem send var nefndinni. Minni hlutinn telur afar mikilvægt að almenningur verði talinn eiga lögvarða hagsmuni á þeim svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða á grundvelli alþjóðlegra samninga (dæmi: Ramsar-samningurinn), einnig á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og/eða náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Slíkur réttur er ekki til staðar nú. Í umsögn Umhverfisstofnunar er tekið undir þessi sjónarmið og telur minni hlutinn einboðið að stjórnvöld taki þessi atriði til sérstakrar skoðunar.

Þjóðhagsleg áhrif og arðsemi framkvæmda.

Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að fjallað verði sérstaklega um e-lið 3. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að nýr málsliður bætist við k-lið 3. gr. laganna, svohljóðandi: „þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda“. Í því sambandi skal vísað til umsagnar Skipulagsstofnunar sem bendir á að tillagan veki spurningar um það hvernig meta skuli „efnisleg verðmæti“ í lögunum og að það geti orkað tvímælis hvort alfarið sé unnt að undanskilja þessi atriði í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Um þetta atriði var ekki fjallað sérstaklega í yfirferð nefndarinnar. Það er mat minni hlutans að í ljósi undangenginna dóma, t.d. dóms Hæstaréttar 280/2003, þurfi löggjafinn að taka af öll tvímæli um að þjóðhagsleg áhrif stórframkvæmda skuli metin. Og ef menn ætla ekki að gera það í beinum tengslum við mat á umhverfisáhrifum þurfi að taka það fram sérstaklega með hvaða hætti slíkt mat skuli fara fram.

Skipulagsstofnun fjalli um athugasemdir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því skv. f-lið 9. gr. að framkvæmdaraðili fái umsagnir eða athugasemdir sendar frá Skipulagsstofnun án þess að tekið sé fram að stofnunin hafi áður fjallað um þessar umsagnir og athugasemdir. Í tilefni af umsögn Skipulagsstofnunar um þetta atriði vill minni hlutinn taka fram að við umfjöllun í nefndinni var staðfestur sá skilningur að með þessari breytingu væri ekki verið að taka það hlutverk frá Skipulagsstofnun að hún fjalli um umsagnir og athugasemdir áður en þær eru sendar framkvæmdaraðila. Breytingunni á greininni er því á engan hátt ætlað að rýra gæðaeftirlit það sem viðurkennt er að Skipulagsstofnun framkvæmi með umfjöllun sinni um innsend erindi.

Leyfisveitingar.

Minni hlutinn leggst gegn þeirri breytingu sem fram kemur í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins og lýtur að því á hvern hátt leyfisveitanda beri að taka tillit til álits Skipulagsstofnunar. Þar er sagt að leyfisveitanda beri að „kynna sér" matsskýrslu framkvæmdaraðila og „taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar". Þetta orðalag kemur í stað orðalagsins „taka tillit til" í núgildandi lögum. Minni hlutinn telur engin gild rök liggja til grundvallar breytingu þessari og tekur undir með Skipulagsstofnun sem segir í umsögn sinni um þetta tiltekna atriði að það sé lykilatriði fyrir tilgang mats á umhverfisáhrifum hvernig niðurstaða matsferlis hafi áhrif á ákvarðanatöku/leyfisveitingu. Þannig telur Skipulagsstofnun að með þessari breytingu sé unnið gegn því markmiði laganna að dregið verði eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda, þar sem samtímis er dregið úr tengslum milli niðurstaðna matsins og leyfisveitinganna. Minni hlutinn telur rétt að fara að tillögu Skipulagsstofnunar hvað þetta varðar og flytur um það breytingartillögu í sérstöku þingskjali. Sjá einnig umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands varðandi þetta atriði.

Umhverfismat áætlana.

Engin efnisleg umræða fór fram í nefndinni um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana og er það ámælisvert þar sem ljóst er að vægi þeirra mun aukast í nánustu framtíð, jafnvel svo að dregið getur úr vægi umhverfisáhrifa einstakra framkvæmda. Það er einnig ámælisvert að í ljósi þess að skipulags- og byggingarlög sæta nú endurskoðun og í þeirri vinnu hlýtur mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana að vera eitt af meginatriðunum, að ekki skuli lögð áhersla á að endurskoðun þessara lagabálka fylgist að.

Ráðherra beygður.

Það vekur óneitanlega athygli þegar nefndarálit meiri hluta umhverfisnefndar er lesið og breytingartillögur að lögð er til breyting á frumvarpinu í a.m.k. tveimur atriðum sem náttúruverndarsinnar fögnuðu í umsögnum sínum og töldu til bóta frá núgildandi lögum. Þetta er í fyrsta lagi líftími álits Skipulagsstofnunar sem fjallað er um í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Þar gerir frumvarpið ráð fyrir að árafjöldinn verði styttur úr tíu í sex sem hefði orðið til mikilla bóta að mati minni hlutans. En meiri hlutinn bakkar með þessa breytingu, beygir vilja ráðherrans, og gerir tillögu um að líftími álitsins verði áfram 10 ár.

Í ljósi þess hversu hratt sjónarmið breytast og hversu líklegt er að hugmyndir um framkvæmdir úreldist eða breytist með tímanum er að mati minni hlutans nauðsynlegt að stytta þann tíma sem álit Skipulagsstofnunar hefur raunverulegt gildi. Raunar hefði að ósekju mátt halda niðurlagi málsgreinarinnar óbreyttu frá núgildandi lögum. Í heild sinni er málsgreinin svohljóðandi í núgildandi lögum: „Hefjist framkvæmdir ekki innan 10 ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum." Með frumvarpi ráðherra var gert ráð fyrir eftirfarandi breytingu: „Ef framkvæmdir hefjast ekki innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt." Minni hlutinn leggur til að niðurlag málsgreinarinnar verði eins og í gildandi lögum: „Hefjist framkvæmdir ekki innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska eftir athugun Skipulagsstofnunar og skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli að hluta eða í heild fara fram að nýju samkvæmt lögunum."

Annað atriði sem ráðherra er gerður afturreka með eru ákvæði í a-lið 19. gr. Þar var gert ráð fyrir að tiltekin nýrækt skóga á 50 ha svæði eða stærra yrði tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Meiri hlutinn sættir sig ekki við þessa tillögu ráðherra og leggur til að stærðarviðmið tilkynningarskyldrar skógræktar verði óbreytt frá núgildandi lögum, 200 ha.

Þá gerir meiri hlutinn tillögu um að ráðherra verði rekinn til baka með tillögu sína um líftíma framkvæmdaleyfis, en skv. 22. gr. frumvarpsins og núgildandi skipulags- og byggingarlögum gildir framkvæmdaleyfi einungis í 12 mánuði frá útgáfu þess. Meiri hlutinn sér ástæðu til að lengja líftíma leyfisins um helming eða í tvö ár. Þetta er að mati minni hlutans algerlega óásættanlegt, sérstaklega með tilliti til þess að líftími byggingaleyfis skv. 45. gr. skipulags- og byggingarlaga er einmitt 12 mánuðir. Alltaf hefur verið samræmi milli líftíma þessara tveggja leyfa og minni hlutinn telur enga ástæðu til að breyta því.

Það er mat minni hlutans að allar þessar tillögur meiri hlutans stríði gegn markmiðum laganna.

Niðurstaða.

Það er mat minni hlutans að íslensk stjórnvöld séu allt of höll undir vilja og þarfir framkvæmdaraðila og dragi þeirra taum á kostnað þeirra sem vilja viðhafa varúðarsjónarmið við ákvarðanir framkvæmda. Það endurspeglast í þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þannig sýnast tillögurnar í mörgum atriðum þess eðlis að þær stríða beinlínis gegn megintilgangi laganna og tilskipana sem þau styðjast við. Minni hlutinn ítrekar það álit sitt að löggjöfin þurfi að tryggja að leidd verði í ljós þau áhrif sem verða af fyrirhuguðum stórframkvæmdum í þeim tilgangi að hægt verið að forðast framkvæmdir sem vinna gegn meginreglum umhverfisréttar um að varðveita, vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilbrigði manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Það verður erfitt fyrir sveitarfélögin að standa gegn framkvæmdum þegar þau sem leyfisveitendur bera alla ábyrgðina sem áður hvíldi að mestu leyti á umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun. Til að auka líkurnar á að varúðarsjónarmið verði viðhöfð við ákvarðanir framkvæmda leggur minni hlutinn til nokkrar breytingar á viðaukum laganna.

Loks er rétt að rifja hér upp 1. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, í þeim tilgangi að minna á hlutverk þeirra og samspil við lög um mat á umhverfisáhrifum. Greinin hljóðar svo:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar."

Alþingi, 9. maí 2005.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Landvernd. (6. desember 2004.)
II. Umsögn frá Skipulagsstofnun. (7. desember 2004.)
III. Umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. (2. desember 2004.)

IV. Umsögn frá Umhverfisstofnun. (29. apríl 2005.)
V. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (6. desember 2004.)
VI. Umsögn frá Ragnhildi Sigurðardóttur og Ingibjörgu Elsu Björnsdóttur. (4. apríl 2005.)
VII. Umsögn frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. (1. desember 2004.)
VIII. „Framkvæmdaleyfi.“ Páll Hreinsson. (Tímarit lögfræðinga, 2. h., 54. árg. 2004, bls. 241–264.)

1392. Breytingartillögur [235. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar (KolH).

1. Við 3. gr. M-liður f-liðar falli brott.
2. Við 5. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo: 3. og 4. mgr. falla brott.
3. Við 10. gr. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: sex.
4. Við 11. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Ef framkvæmdir hefjast ekki innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska eftir athugun Skipulagsstofnunar og skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli að hluta eða í heild fara fram að nýju.
5. Við 12. gr.
   a. 2. mgr. a-liðar (14. gr.) falli brott.
   b. 3. mgr. a-liðar (14. gr.) orðist svo:
      Enn fremur má kæra til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 8. gr. um synjun eða samþykkt matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að drög að matsskýrslu uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða þær séu eða séu ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.
6. Við 13. gr. Í stað orðanna „taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: taka mið af áliti Skipulagsstofnunar.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. viðauka við lögin:
   a. 2. tölul. orðast svo: Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 25 MW uppsett varmaafl eða meira og vatnsaflsvirkjanir og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira.
   b. 9. tölul. orðast svo: Allir flugvellir.
   c. Ii. tölul. 10. tölul. orðist svo: Allir nýir vegir utan þéttbýlis. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning er alls a.m.k. 10 km að lengd.
   d. 13. tölul. orðast svo: Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 2,2 milljónir m^3 (70 l/s) eða meira.
   e. 14. tölul. orðast svo: Veita vatnsforða með vatnsaflsvirkjunum milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m^3 á ári.

f. 21. tölul. orðast svo: Efnistaka á 10.000 m^2 svæði eða stærra, eða sem er 30.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 10.000 m^2 svæði eða stærra, eða sem er 30.000 m^3 eða meiri.
g. 1. málsl. 22. tölul. orðast svo: Loftlínur og jarðstrengir utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 33 kV spennu eða hærri.

8. Við 19. gr.
a. Við bætist tveir nýir liðir er orðist svo:
a. Við bætist nýr töluliður er verður 1. tölul. og orðast svo: Allar framkvæmdir á verndarsvæðum samkvæmt skilgreiningum í iii. tölul. 2. tölul. 3. viðauka.
b. C-liður 1. tölul. orðast svo: Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra.
b. A-liður orðist svo: D-liður 1. tölul. orðast svo: Nýræktun skóga og uppgræðsla lands á 50 ha svæði eða stærra og ruðningur á náttúrulegum skógi.
c. B-liður orðist svo: A-liður 2. tölul. orðast svo: Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka er á 1.000 m^2 svæði eða stærra eða er 3.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 1.000 m^2 svæði eða stærra eða er 3.000 m^3 eða meiri.
d. Á eftir c-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Orðin „á verndarsvæðum“ í b–e-lið 3. tölul., c-lið 6. tölul., h-lið 7. tölul., b-, d- og f-lið 10. tölul., c–d-lið 11. tölul. og a- og c-lið 12. tölul. falla brott.

9. Á eftir 19. gr. komi ný grein er orðist svo:
A-liður iii. tölul. 2. tölul. 3. viðauka við lögin orðast svo: friðlýstra náttúruminja, svæða á náttúruminjaskrá, svæða samkvæmt náttúruverndaráætlunum og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

10. Við 21. gr. 3. og 4. málsl. 5. efnismgr. orðist svo: Allir sem gert hafa athugasemdir eða sent inn umsagnir fyrr í ferlinu geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt.

11. Við 22. gr.
a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
b. 5. efnismgr. falli brott.
c. Í stað orðanna „Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum“ í 1. málsl. 6. efnismgr. komi: Við útgáfu framkvæmdaleyfis ber sveitarstjórn að taka mið af skilyrðum.

1393. Breytingartillaga [700. mál]

við frv. til l. um Landbúnaðarstofnun.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Landbúnaðarstofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið og skulu þeir hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Þó skal landbúnaðarráðherra skipa sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fara skal með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Skal hann heyra undir forstjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin með lögum. Yfirdýralæknir skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

1394. Breytingartillögur [701. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna og orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna í 7.–10. gr. og 15., 16. og 19. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
2. Við 43. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:
   Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd. Í henni eiga sæti yfirdýralæknir sem er formaður nefndarinnar og auk hans einn fulltrúi Landbúnaðarstofnunar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.
3. Við 49. gr. Greinin falli brott.
4. Við 52. gr. Greinin falli brott.
5. Við 55. gr. Greinin orðist svo:
   12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Yfirdýralæknir.

1395. Svar [769. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um stuðning við landbúnað og matvöruverð.

1. *Hver er afstaða ráðherra til þess að teknar verði upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings landbúnaði í stað tolla á innfluttar búvörur í því skyni að lækka matvöruverð?*

Nú standa yfir viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (Doha-lotan) um umbætur í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Með viðræðunum er stefnt að því að draga verulega úr stuðningi við landbúnað í aðildarríkjunum í því augnamiði að skapa aðildarríkjunum sömu samkeppnisskilyrði á heimsmarkaði fyrir landbúnaðarvörur. Sérstaklega er gert ráð fyrir að framleiðslutengdum styrkjum til landbúnaðar verði veruleg takmörk sett. Ekki er ljóst hvernig lotan þróast þó að áherslur hafi verið lagðar í Doha-yfirlýsingunni í Katar árið 2001. Það er þess vegna mat ráðuneytisins að ekki sé tímabært á þessari stundu að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að taka upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til stuðnings við íslenskan landbúnað í stað tolla í því skyni að lækka matvöruverð.

2. *Telur ráðherra að ríkisstuðningur verði sýnilegri og fyrirsjáanlegri með beinum greiðslum í stað tolla?*

Ráðuneytið telur ekki forsendur til þess að leggja mat á hvort ríkisstuðningur verði sýnilegri og fyrirsjáanlegri með beinum greiðslum í stað tolla þar sem ekki er ljóst á þessari stundu hvernig reglum um styrki til landbúnaðar verði háttað að lokinni Doha-lotunni.

3. *Hafa þessi mál verið til skoðunar í ráðuneytinu?*

Ráðuneytið hefur fylgst með Doha-lotunni en tekur hins vegar ekki beinan þátt í viðræðum um landbúnaðarvörur. Viðræðurnar eru undir forustu utanríkisráðuneytisins með þátttöku landbúnaðarráðuneytisins.

1396. Svar [790. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns.

1. *Hvernig hefur bensíngjald þróast sem hlutfall af meðalútsöluverði bensíns frá árinu 1996?*

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
95 oktana bensín									
Bensíngjald sem hlutfall af meðalútsöluverði	48,8%	49,9%	49,2%	48,6%	41,5%	39,3%	41,1%	39,8%	38,9%
Almennt vörugjald	11,10	12,20	9,30	10,50	10,50	10,50	10,50	10,50	11,34
Sérstakt vörugjald	24,90	26,60	27,50	28,60	28,60	28,60	28,60	28,60	30,89
Meðalútsöluverð	73,70	77,70	74,79	80,48	94,25	99,61	95,21	98,21	108,58

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
98 oktana bensín									
Bensíngjald sem hlutfall af meðalútsöluverði	45,1%	47,1%	46,3%	45,9%	39,6%	37,5%	39,1%	38,0%	37,6%
Almennt vörugjald	11,10	12,20	9,30	10,50	10,50	10,50	10,50	10,50	11,34
Sérstakt vörugjald	24,90	26,60	27,50	28,60	28,60	28,60	28,60	28,60	30,89
Meðalútsöluverð	79,83	82,40	79,49	85,18	98,67	104,31	99,91	102,91	112,31
Bensíngjald sem hlutfall af meðalútsöluverði									
95 oktana bensín	48,8%	49,9%	49,2%	48,6%	41,5%	39,3%	41,1%	39,8%	38,9%
98 oktana bensín	45,1%	47,1%	46,3%	45,9%	39,6%	37,5%	39,1%	38,0%	37,6%



2. *Hvernig skiptist meðalútsöluverð bensíns nú í innkaupsverð, bensíngjald, álagningu og virðisaukaskatt í krónum talið og hlutfallslega?*

Ráðuneytið hefur ekki aðgang að upplýsingum um álagningu eða innkaupsverð olíufélaganna á bensíni. Hlutur skatta í útsöluverði eldsneytis er eftirfarandi miðað við nýjustu tölur um útsöluverð eldsneytis 6. maí 2005:

Almennt vörugjald af bensíni	11,34 kr.
Sérstakt vörugjald af bensíni	30,89 kr.
Virðisaukaskattur 24,5%	21,75 kr.
Meðalútsöluverð (95 oktana)	110,5 kr.
Skattar samtals	63,98 kr.
Hlutfall skatts í verði	57,90%

3. *Hvert væri meðalútsöluverð bensíns núna ef lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., hefði ekki verið breytt með lögum nr. 86/1999?*

Með lögum nr. 86/1999, um breytingu á lögum nr. 29/1993, var almennt vörugjald af bensíni breytt frá því að vera 97% af tollverði í að vera föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum bensínlítra. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 86/1999 kemur m.a. fram að í september 1999 samsvaraði 97% vörugjald um 12,80 kr. vörugjaldi á hvern bensínlítra.

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóranum í Reykjavík var tollverð á bensíni í mars 2005 um 20,20 kr. af hverjum bensínlítra. 97% af þeirri upphæð er 19,60 kr. Ef lögum nr. 29/1993 hefði því ekki verið breytt með lögum nr. 86/1999, að því leyti að fast gjald var tekið upp í stað hlutfallsgjalds, væri almenna bensíngjaldið í dag því 19,60 kr. í stað 11,34. Samtals væri þá almenna og sérstaka bensíngjaldið 50,49 kr. (19,60 kr. + 30,89 kr.), í stað 42,23 kr. Að teknu tilliti til aukins virðisaukaskatts væru skattar ríkissjóðs á hvern bensínlítra því samtals 10,28 kr. hærri en þeir eru í dag og útsöluverð bensíns því hærra sem því nemur.

4. Hvernig hefur bensíngjaldið þróast í samanburði við neysluverðsvísitölu frá 1996?

	1996	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	177,1	180,3	183,3	189,6	199,1	212,4	222,6	227,3	234,6
Almennt vörugjald	11,10	12,20	9,30	10,50	10,50	10,50	10,50	10,50	11,34
Sérstakt vörugjald	24,90	26,60	27,50	28,60	28,60	28,60	28,60	28,60	30,89
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	100	102	104	107	112	120	126	128	132
Almennt vörugjald	100	110	84	95	95	95	95	95	102
Sérstakt vörugjald	100	107	110	115	115	115	115	115	124



1397. Nefndarálit [807. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson skrifar undir álit þetta með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 10. maí 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1398. Svar [781. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um lögheimili í sumarbústaðabyggðum.

1. *Hvaða áhrif telur ráðherra að nýfallinn hæstaréttardómur um lögheimili í frístundabyggð hafi á þjónustuhlutverk sveitarfélaga?*

Það einkennir mál þetta að þar vegast annars vegar á réttur fólks til að nýta eign sína og stjórnarskrárvarinn réttur fólks til að ráða hvar það býr, sbr. 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar, og hins vegar tilgangur skipulags og nauðsyn sveitarfélags til þess að stýra landnotkun og þar með möguleikar þess á að veita íbúum og lögaðilum sem besta þjónustu.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 14. apríl sl. geta þeir sem hafa fasta búsetu í frístundabyggð skráð lögheimili sitt þar. Um fasta búsetu gildir ákvæði 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, en þar segir að maður teljist hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og er svefnstaður þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að í dómnum felst ekki að fólk geti valið sér að skrá lögheimili sitt í frístundabyggð og jafnframt átt annað heimili í íbúðarbyggð í öðru sveitarfélagi, heldur er föst búseta í skilningi lögheimilislaga skilyrði fyrir því að hægt sé að skrá sig í frístundabyggð. Eftir því sem Hagstofa Íslands upplýsir er sjaldgæft að fólk hafi fasta búsetu í frístundabyggð. Á hinn bóginn er ljóst að nokkuð er um að fólk líti á frístundahús sem heilsárshús, dvelji þar í öllum sínum frítíma allan ársins hring og stefni jafnvel á fasta búsetu þar í ellinni. Tíminn einn getur skorið úr um hvort dómur Hæstaréttar hafi þau áhrif að fólk sækist meir en áður eftir því að eiga lögheimili sitt í frístundahúsi.

Skyldur þær sem sveitarfélög bera gagnvart íbúum sínum, atvinnufyrirtækjum, opinberum stofnunum og fleiri aðilum eru margvíslegar og óþarft að rekja hér. Sveitarfélag skipuleggur landnotkun sveitarfélagsins. Um aðgreiningu byggða eftir notkun landsvæða fer eftir skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og skipulagsreglugerð, nr. 400/1998. Í ýmsum atriðum getur þjónusta sem sveitarfélagið veitir verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða íbúðarbyggð, frístundabyggð, svæði fyrir atvinnustarfsemi o.s.frv. Ljóst er því að forræði sveitarfélags í skipulagsmálum er algjör undirstaða þess að sveitarfélag geti veitt þá lögbundnu þjónustu sem við á hverju sinni á þann hátt að hagkvæmt sé.

Greina má þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína í einstaklingsbundna þjónustu annars vegar og almenna þjónustu hins vegar. Dæmi um einstaklingsbundna þjónustu sveitarfélaga við

íbúa sína, einstaklinga og fjölskyldur, er grunnskóli, leikskóli, félagsþjónusta sem felur í sér margháttaða þjónustu, svo sem daggæslu barna í heimahúsum, barnavernd, íþróttir og tómstundir, húsaleigubætur, ferðaþjónustu fatlaðra, þjónustu við aldraða o.fl. Almenn þjónusta sveitarfélagsins er fjölbreytt en dæmi eru vatnsveitur, gatnagerð, snjómokstur, sorphirða, brunavarnir, hitaveitur, skólaakstur o.fl.

Það er athugunarefni hvort íbúar með lögheimili í frístundabyggð eigi kröfu á allri sömu þjónustu og aðrir íbúar sveitarfélags. Telja verður líklegt að flest einstaklingsbundin þjónusta verði ávallt sú sama, en öðru máli kann að gegna um vissar tegundir af almennri þjónustu sveitarfélagsins, svo sem gatnagerð, snjómokstur, sorphirðu og fleira í þá veru sem ekki er venjan að veita í slíkum byggðum. Ekki er kveðið sérstaklega á um þetta í lögum.

2. Telur ráðherra að bregðast verði við dómnum með lagabreytingu?

Eins og áður hefur komið fram getur tíminn einn skorið úr um það hvort dómur Hæstaréttar hafi þau áhrif að fólk muni í auknum mæli sækjast eftir að hafa fasta búsetu í frístundabyggð. Rétt er að benda á í þessu sambandi að samkvæmt lögum um tilkynningu aðsetursskipta hefur sveitarfélag umsagnarrétt um þá sem vilja skrá lögheimili sitt í sveitarfélagi og getur sveitarfélag mótmælt breytingu á lögheimilisskráningu. Það verður því ekki séð að það sé nauðsynlegt að koma með lagabreytingu á vorþingi. Mikilvægt er að íhuga málefni þetta frá öllum hliðum og í samráði við viðkomandi aðila, þ.e. Hagstofu Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfisráðuneyti og Skipulagsstofnun ríkisins. Sú vinna stendur nú yfir í félagsmálaráðuneyti. Við athugun á öllum hliðum þessa málefnis má ekki missa sjónar á því að skipulag í sveitarfélagi er grundvöllur þess að það geti risið undir þeim kröfum um þjónustu sem gerðar eru til sveitarfélaga.

Ráðuneytið mun hafa samráð um málið við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og samtök sumarbústaðaeigenda. Verði niðurstaðan sú að lagabreytinga sé þörf er gert ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram á haustþingi.

1399. Skýrsla [813. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2004 (vegáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

4. VEGÁÆTLUN

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2004 er hluti af skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar og er hér fylgt tilvísanakerfi samgönguáætlunar.

4.1 Fjármál

I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2004 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að viðbættum 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða að gefa 11.454 m.kr. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir 10.883 m.kr. Til viðbótar þessari upphæð kom inn á árinu 135,7 m.kr. ríkisframlag, 1.600 m.kr. viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra og 1.530 m.kr. framlag til jarðganga. Samkvæmt fjárlögum voru tekjur og framlög 13.362 m.kr. Í fjáraukalögum komu inn 375 m.kr. til viðbótar vegna jarðgangagerðar sem greiðast úr ríkissjóði.

Þegar tekið hafði verið tillit til lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk umsýslugjalds sem greiðist í ríkissjóð, alls 54 m.kr., var samtala fjárlaga og fjáraukalaga 13.737 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi var innheimtan á mörkuðum tekjum, bensíngjaldi og þungaskatti auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum ríflega einum milljarði meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun en 461 m.kr. meiri en fjárlög ársins gáfu til kynna. Mismunurinn á áætluðum tekjum, í vegáætlun annars vegar og fjárlögum hins vegar, stafar af því að í millitíðinni, frá því að vegáætlun var gerð og þar til fjárlagafrumvarp var lagt fram var ákveðin u.þ.b. 8% hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti.

Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar síðustu ára hafa verið geymdar í vegasjóði. Inneign í vegasjóði hækkar því í árslok 2004 um 461 m.kr. frá stöðu hans í ársbyrjun.

4.1.1 Tekjur og framlög	Vegáætlun m.kr.	Fjárlög m.kr.	Fjáraukalög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Rauntekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur					
1. Bensíngjald	5.544	5.871		5.871	6.079
2. Þungaskattur, km-gjald	2.670	2.757		2.757	3.131
3. Þungaskattur, árgjald	2.659	2.816		2.816	2.693
4. Leyfisgjöld flutninga	4	4		4	4
5. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6		6	7
	10.883	11.454	0	11.454	11.915
1.2. Umsýslugjald 0,5%	-54	-54		-54	-54
	10.829	11.400	0	11.400	11.861
1.3. Ríkisframlag	1.544	686		686	686
1.4. Framlög til jarðganga	1.530	1.380		1.380	1.380
1.6. Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	1.600	1.200		1.200	1.200
Almannaskarð			375	375	375
Framlag úr ríkissjóði alls	4.674	3.266	375	3.641	3.641
Tekjur og framlög alls	15.503	14.666	375	15.041	15.501

Framhald töflu á næstu síðu

4.1.2 Viðskiptahreyfingar	Vegáætlun m.kr.	Fjár-lög m.kr.	Fjár-auka-lög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga .	-40	-40		-40	-40
2. Vegna ferja	-327	-327		-327	-327
3. Markaðar tekjur til ráðstöfunar síðar .		-937		-937	-937
Afborganir alls	-367	-1.304	0	-1.304	-1.304
Samtals	15.136	13.362	375	13.737	14.197

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2004 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 327 m.kr., afborganir og vextir af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. og umsýslugjald 54 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 13.929 á árinu 2004 á móti 10.837 árið áður sem samsvarar 28,5% fleiri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 129 hópferðabifreiðir á móti 108 árið áður sem samsvarar um 19,4% fleiri skráningum. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 2.443 á árinu 2004 en voru 1.674 árið áður og er það um 46% fjölgun skráninga.

Innflutningur og nýskráning bifreiða jókst töluvert á árinu 2004 og er bifreiðafjöldi landsmanna nú kominn yfir tvö hundruð þúsund bifreiðir. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár en nýskráningum bifreiða er að fjölga aftur eftir nokkra lægð á árunum 2001-2002. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 598 samkvæmt bráðabirgðatölum.

	Bifreiða-eign 31.12.02	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.03	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.04
Fólksbifreiðir	159.865	1,16	161.721	3,18	166.869
Hópferðabifreiðir	1.711	-0,70	1.699	0,59	1.709
Vöru- og sendibifreiðir	19.990	1,44	20.278	4,72	21.235
Samtals:	183.698	3,33	189.813	5,48	200.224

Bensíngjald

Bensínsalan á árinu 2004 nam um 196,8 milljónum lítra og er salan um 1,4% meiri en á árinu 2003. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 6.079 m.kr. árið 2004. Það er 535 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir og 208 m.kr. meira en fjárlög gerðu ráð fyrir. Mismunur á tekjuáætlun í vegáætlun annars vegar og fjárlögum hins vegar stafar eins og áður sagði af því að frá því

vegáætlun var samþykkt og þangað til fjárlög tóku gildi voru samþykkt lög um hækkun bensínsgjaldsins úr 28,60 kr. pr. líter í 30,89 kr. sem er 8% hækkun. Sé tekið mið af hækkun bensíngjaldsins urðu tekjur af bensíngjaldi 91 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í vegáætlun.

Á síðustu fimm árum hefur bensínsala aðeins aukist um 3,2% þó svo bensínbifreiðum hafi fjölgað um rúmlega 12% á sama tíma. Ástæður má líklega rekja til þess að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign og að nýjar bifreiðir eru með sparneytnari vélar en þær eldri.

Díselbifreiðum hefur fjölgað hlutfallslega mun meira á þessum tíma eða um 46,5%. Þær eru þó enn aðeins ríflega 18% af heildarbifreiðaeign landsmanna en fyrir tíu árum, í árslok 1994 var þetta hlutfall um 11%.

Bensíngjald hækkaði um 8% í ársbyrjun 2004, úr 28,60 kr./l í 30,89 kr./l eins og áður sagði en hafði þá ekki hækkað frá 1. júní 1999. Á sama tíma hækkaði byggingarvísitalan um 22%. Miðað við hækkanir á byggingarvísitölu undanfarin ár hefði gjaldið mátt vera 40,24 kr./l 1. janúar 2005.

Í ársbyrjun 2004 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 100,90 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verð á bensíni lækkaði síðan í febrúar í 97,70 kr. en hækkaði aftur seinnihluta febrúarmánaðar og fór síðan hækkandi næstu mánuði og náði hámarki í júní þegar verðið fór í 113,30 kr./l. Verðið var síðan á bilinu 111,50 kr./l til 113,50 kr./l fram í desember þegar það lækkaði loks í 107,60 kr./l. Um áramótin lækkaði verð svo aftur og var komið í 104,60 kr./l þann 1. janúar 2005. Verðhækkun frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2005 mælist því 3,67%.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12. 92 okt.	95 okt.	98 okt.	Bensíngjald Blýbensín	Blýlaust
1992	180,1	1.479	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,2	1.492	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,2	1.536	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,6	1.515	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	182,6	1.493		77,0	81,7[1])	27,11	25,51
1997	183,8	1.437		77,2	81,9		26,60
1998	188,7	1.408		72,6	77,3		27,53
1999	190,7	1.350		86,3	91,0		28,60
2000	189,2	1.275		96,0	100,7		28,60
2001	190,4	1.260		94,2	98,9		28,60
2002	192,4	1.269		96,3	100,1		28,60
2003	194,0	1.259		99,9	104,6		28,60
2004	196,8*)	1.233*)		104,6	105,4		30,89

1) Frá 1996 er 98 okt. bensín blýlaust

*) Bráðabirgðatölur

Eins og sjá má á töflunni hefur meðaleyðsla bensínbifreiða farið minnkandi.

Þungaskattur

Innheimtar tekjur af km-gjaldi námu alls 3.131 m.kr. á árinu 2004. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.670 m.kr. og var því innheimt 461 m.kr. meira en gert var ráð fyrir. Tekjuspá fjárlaga var upp á 2.757 m.kr. og innheimtar tekjur því 374 m.kr. hærri. Innheimt árgjald þungaskatts var um 2.693 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði gert ráð fyrir 2.659 m.kr., þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust 34 m.kr. meiri en áætlað var en sé miðað við áætlun fjárlaga voru tekjurnar 123 m.kr. lægri en áætlunin sem hljóðaði upp á 2.816 m.kr.

Gjaldskrár þungaskatts voru hækkaðar í ársbyrjun 2004. Fast árgjald þungaskatts var hækkað um 8% í tveimur léttustu flokkunum, þ.e. í bílum allt að 1.499 kg en um 5,9% í öllum öðrum flokkum. Gjaldskráin hafði þá ekki hækkað síðan 1. júní 1999. Gjaldskrá kmgjalds hækkaði um 8% og tók sú hækkun gildi 11. febrúar 2004.

Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 4,2 m.kr. á árinu 2004. Það er í samræmi við tekjuspá vegáætlunar sem gerði ráð fyrir 4 m.kr. Innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru 7,4 m.kr. sem er 1,4 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir.

Umsýslugjald

Umsýslugjald var 54 m.kr. árið 2004 eða 0,5% af mörkuðum tekjum og rennur það í ríkissjóð.

Ríkisframlag

Ekkert viðbótarfé kom á árinu til nýbygginga vega. Í vegáætlun var gert ráð fyrir 1.544 m.kr. ríkisframlagi en síðan var ákveðið að fresta framkvæmdum. Framlag ríkisins var því alls 685,7 m.kr.

Framlög til jarðganga

Í vegáætlun 2003-2006 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2003 var veitt umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til jarðgangagerðar. Fjár til jarðgangagerðar var ætlað að afla með sölu ríkiseigna. Á árinu 2004 var framlag til jarðganga alls 1.380 m.kr.

Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra

Ríkisstjórnin ákvað að veita viðbótarfjármagni til vegagerðar til eflingar atvinnutækifæra. Á árinu 2004 var viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra 1.200 m.kr.

Fjáraukalög

Á fjáraukalögum fékk Vegagerðin 375 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna jarðgangagerðar undir Almannaskarð.

4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR

Á árinu 2004 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Auk þess voru greiddar afborganir og vextir af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 327 m.kr.

Frestun framkvæmda

Á árinu 2004 ákvað ríkisstjórnin að fresta skyldi vegaframkvæmdum að upphæð 1.822 m.kr. Þar af voru nýframkvæmdir 1.551 m.kr., viðhald 50 m.kr., þjónusta 216 m.kr. og rannsóknir 5 m.kr.

II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2004. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 15.190 m.kr. að viðbættu umsýslugjaldi 54 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 13.361,9 m.kr. Frestun framkvæmda á árinu nemur því 1.828,1 m.kr. Á fjáraukalögum fékk Vegagerðin 375 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna jarðgangagerðar undir Almannaskarð. Fjárveitingar á árinu 2004 voru því alls 13.736,9 m.kr.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

		Vegáætlun 2004	Breyting 2004	Fjárveiting 2004
4.1.3	**Rekstur og þjónusta**			
	1. Yfirstjórn	309,0		309,0
	Umsýslugjald		54,0	54,0
	2. Upplýsingaþjónusta	79,0		79,0
	3. Umferðareftirlit	60,0		60,0
	4. Þjónusta	2.770,0	-216,0	2.554,0
	1. Þjónustusvæði 342,0		-3,0	
	2. Vegir og vegyfirborð 428,0			
	3. Brýr og veggöng 77,0		-5,0	
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður 459,0		-10,0	
	5. Þéttbýlisvegir 301,0			
	6. Vetrarþjónusta 1.163,0		-198,0	
	5. Almenningssamgöngur	1.007,0	-4,3	1.002,7
	1. Ferjur og flóabátar 710,0			
	þar af afborgun ferjulána til ríkissjóðs	-327,0		-327,0
	2. Áætlunarflug 134,0			
	3. Sérleyfi á landi 163,0			
	6. Rannsóknir	108,0	-4,8	103,2
	7. Minjar og saga	0,0		0,0
	Rekstur og þjónusta samtals	**4.006,0**	**-171,1**	**3.834,9**
4.1.4	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	959,0	-12,0	947,0
	2. Endurnýjun malarslitlaga	219,0		219,0
	3. Styrkingar og endurbætur	633,0	-13,0	620,0
	4. Brýr, varnargarðar og veggöng	214,0	-10,0	204,0
	5. Öryggisaðgerðir	153,0	-10,0	143,0
	6. Vatnaskemmdir	143,0	-3,0	140,0
	7. Viðhald girðinga	36,0	-2,0	34,0
	Viðhald samtals	**2.357,0**	**-50,0**	**2.307,0**
4.1.5	**Stofnkostnaður**			
	1. Grunnnet	7.152,0	-1.006,0	6.146,0
	1. Almenn verkefni 546,0			
	2. Verkefni á Höfuðborgarsvæði 1.421,0		-421,0	
	3. Verkefni á landsbyggð 1.895,0		-340,0	
	Þar af afborgun láns v/Hvalfj.tenginga til rsj.	-40,0		-40,0
	4. Orku- og iðjuvegir 119,0		-70,0	
	5. Jarðgangaáætlun 1.530,0		-150,0	
	6. Landsvegir í grunnneti 41,0			
	7. Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra 1.600,0		-400,0	
	Fjárveiting á fjáraukalögum: Almannaskarð		375,0	
	Samtals grunnnet:	**7.112,0**	**-1.006,0**	**6.106,0**
	2. Tengivegir	541,0	-60,0	481,0
	3. Til brúagerðar	296,0	-82,0	214,0
	1. Brýr, 10 m og lengri 269,0		-82,0	
	2. Smábrýr 27,0			
	4. Ferðamannaleiðir	255,0	-30,0	225,0
	5. Girðingar	63,0		63,0
	6. Landsvegir utan grunnnets	93,0		93,0
	7. Safnvegir	306,0		306,0
	8. Styrkvegir	61,0		61,0
	9. Reiðvegir	46,0		46,0
	Samtals utan grunnnets:	**1.661,0**	**-172,0**	**1.489,0**
	Stofnkostnaður samtals:	**8.773,0**	**-1.178,0**	**7.595,0**
	Samtals **15.136,0**		**-1.399,1**	**13.736,9**

Verðlagsforsendur og afkoma 2004 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Við gerð vegáætlunar 2003-2006 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 2004 áætluð 7.080 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir um 2% hækkun milli ára. Í reynd varð hún 7.513 stig eða um 6,1% hærri en áætlað hafði verið.

Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda var árið 2004 11.903 m.kr. eða 1.030 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar en 460 m.kr. hærri en fjárlög ársins 2004 gerðu ráð fyrir. Eins og áður sagði skýrist munurinn á tekjuáætlun fjárlaga og vegáætlunar af því að bæði bensíngjald og þungaskattur var hækkað um u.þ.b. 8% frá því vegáætlun var gerð og þar til fjárlagafrumvarp var lagt fram. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða voru samtals um 1,6 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir. Inneign í vegasjóði hækkar því um 461 m.kr.

Árið 2004 rann í ríkissjóð 54 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 135,7 m.kr. ríkisframlag, 1.905 m.kr. framlag til jarðganga og 1.600 m.kr. viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 367 m.kr. á árinu og engin lán voru tekin á árinu.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 13.737 m.kr. sem er mun lægri upphæð en árið 2003.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán voru tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1965 til 2004 á föstu verðlagi 2004.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1965 til 2004.

Framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



4.1.3. REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Fjárveiting í vegáætlun 2004, með síðari breytingum, til reksturs og þjónustu var 3.834,9 m.kr.

Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll þjónusta á vegakerfinu að sumri og vetri, almenningssamgöngur og rannsóknir.

4.1.3.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 327 um síðustu áramót í 321,5 stöðugildum en voru 328 árið 2003. Meðal starfsmannafjöldi á árinu 2004 var 350 en var 374 árið 2003. Heildar vinnuframlag á árinu 2004 reiknað í dagvinnustundum nam 432,6 mannárum og hafði lækkað úr 463,9 frá árinu 2003. Launagreiðslur voru 1.316 m.kr. á árinu 2004 og launatengd gjöld 239 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu.

	Reykja-vík	Suður-svæði	Suðvestur svæði	Norðvestur svæði	Norðaustur svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga	4	0	0	0	4	8
Kjarafélag tæknifræðinga	12	3	5	9	8	37
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	6	0	0	0	0	6
Kjaranefnd	1	0	0	0	0	1
Rafiðnaðarsamband Íslands	1	0	0	0	0	1
Samiðn	2	3	0	8	6	19
SFR stéttarfélag almannaþjónustu	42	9	4	26	17	98
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga	1	0	0	0	0	1
Stéttarfélag lögfræðinga	2	0	0	0	0	2
Stéttarfélag verkfræðinga	18	1	2	5	3	29
Útgarður – félag háskólamanna	5	0	0	0	0	5
Verkstjórasamband Íslands	2	5	4	14	11	36

Fastir starfsmenn 31. desember 2004	96	31	20	102	78	327
Fastir starfsmenn 31. desember 2003	92	32	19	107	78	328
Fastir starfsmenn 31. desember 2002	107	29	29	109	83	357
Fastir starfsmenn 31. desember 2001	103	27	29	108	85	352
Fastir starfsmenn 31. desember 2000	100	28	29	105	79	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1999	106	26	30	102	74	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1998	94	26	41	102	76	339
Fastir starfsmenn 31. desember 1997	92	31	39	107	81	350
Fastir starfsmenn 31. desember 1996	90	33	39	102	83	347
Fastir starfsmenn 31. desember 1995	86	34	39	106	81	346
Fastir starfsmenn 31. desember 1994	88	34	34	106	79	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1993	86	35	32	106	79	338

4.1.3.1. Yfirstjórn

Fjárveiting í vegáætlun 2004 var 309 m.kr.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið.

Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: árangurs- og eftirlitsdeild, brúadeild, framkvæmdadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild.

Stjórnsýslusvið skiptist í fimm deildir: fjárreiðudeild, hagdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.

Þróunarsvið skiptist í fjórar deildir: áætlana- og umhverfisdeild, rannsóknadeild, umferðadeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, útgáfustarfsemi, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 2004.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurkjördæmi	940	1.092	559	984	3.575
Suðvesturkjördæmi	121	93	31	12	257
Reykjavík	72	11	25	10	118
Norðvesturkjördæmi	1.765	1.749	946	647	5.107
Norðausturkjördæmi	1.373	999	655	888	3.915
Samtals	4.271	3.944	2.216	2.541	12.973

Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2004 voru vegir með bundnu slitlagi 4.463 km, þar af 3.429 km á stofnvegum, 814 á tengivegum og 220 km á safn- og landsvegum. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum í samræmi við vegalög nr. 45/1994.



Lengd bundinna slitlaga skiptist með eftirfarandi hætti milli svæða Vegagerðarinnar

Svæði	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safn- og landsvegir km	Alls km
Suðursvæði	513	321	84	918
Suðvestursvæði	329	114	27	470
Norðvestursvæði	1.374	175	13	1.562
Norðaustursvæði	1.213	204	96	1.513
Samtals	3.429	814	220	4.463

Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1980. Á árinu 2004 var umferð á stofn- og tengivegum 1.888 milljónir ekinna km og hafði aukist um 4% frá árinu áður. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Akstur á þessum vegum er meiri en annars staðar og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.



4.1.3.2. Upplýsingaþjónusta

Á þjónustudeild tæknisviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 79 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við umdæmin. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

4.1.3.3. Umferðareftirlit

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar heyrði fram til 1. mars 2004 undir þjónustudeild tæknisviðs. Við breytingar á skipuriti sem þá tóku gildi færðist umferðareftirlit til og er nú innan lögfræðideildar stjórnsýslusviðs. Fjárveiting til umferðareftirlits var 60 m.kr á árinu 2004. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla, þungaeftirlit og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks-, vöru og efnisflutninga og laga um leigubifreiðir. Frá árinu 2000 og til ársloka 2004 var í gildi samstarfssamningur milli Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjórans um sameiginlegt umferðareftirlit. Samningi þessum hefur nú verið slitið og tók sú breyting gildi um sl. áramót. Sameiginlegu umferðareftirliti var auk framangreindra verkefna ætlað að sinna eftirliti með stærð og þyngd ökutækja, skoðun á ástandi ökutækja, ökuréttindum, ökuhraða, ölvunarakstri og öðru hefðbundnu umferðareftirliti. Vegagerðin lagði til þessa verkefnis fjórar eftirlitsbifreiðir og greiddi allan rekstrarkostnað þeirra. Starfsmenn umferðareftirlits Vegagerðarinnar sem þátt tóku í sameiginlegu eftirliti voru í árslok 8 en frá Ríkislögreglustjóra tóku að jafnaði fjórir lögreglumenn þátt í eftirlitinu. Samkvæmt samningi um sameiginlegt eftirlit greiddi Vegagerðin Ríkislögreglustjóranum alls 27,6 m.kr. vegna starfa lögreglumanna við eftirlitið.

4.1.3.4. Þjónusta

Verkefni sem tilheyra þjónustu eru viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi, ásamt vetrarþjónustu.

Fjárveiting til þjónustu var 2.554 m.kr. og var skipt í 6 meginflokka þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til vegmerkinga og vegbúnaðar, til þéttbýlisvega og til vetrarþjónustu.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til þjónustu þjóðvega á árunum 1994-2004. Frá árinu 2000 eru fjárveitingar til þjónustu þjóðvega í þéttbýli taldar með fjárveitingum til þjónustu í samræmi við vegáætlun. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2004.




Ársumferð 2004
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

4.1.3.4.1. Þjónustusvæði

Fjárveiting til þessara verkefna var 339 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

4.1.3.4.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 428 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2004.

Rykbundnir km *)

Svæði	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals
Suðursvæði	0	190	0	0	0	190
Suðvestursvæði	0	0	94	38	0	132
Norðvestursvæði	27	632	668	0	25	1.352
Norðaustursvæði	20	275	801	100	37	1.233
Samtals	47	1.097	1.563	138	62	2.907

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

4.1.3.4.3. Brýr og veggöng

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 72 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, veggöngum og varnargörðum.

4.1.3.4.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 449 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

4.1.3.4.5. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 301 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

4.1.3.4.6. Vetrarþjónusta

Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun fyrir árið 2004 var 965 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 69 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 896 m.kr.

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum.

Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Frá áramótum og fram á vor var almennt snjólétt og lítið um lokanir á helstu leiðum. Ekki fór að snjóa að ráði fyrr en síðari hluta janúar. Takmarka þurfti öxulþunga flutningabíla á nokkrum leiðum eins og undanfarin ár. Hálendisvegir voru opnaðir í fyrra lagi miðað við síðustu ár. Um haustið var mikið um hálku og fyrri hluta vetrar urðu nokkrar tafir á umferð vegna snjókomu og ófærðar.

Á töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 2004. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	% af 365 d.	Snjóm. dagar
Fróðárheiði	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	3	1	61
Svínadalur	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	36
Klettsháls	8	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	3	37
Hálfdán	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	1	71
Dynjandisheiði	28	27	2	0	0	0	0	0	0	0	0	23	80	22	10
Hrafnseyrarheiði	21	14	3	2	0	0	0	0	0	0	0	18	58	16	36
Steingrímsfjarðarheiði	6	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	2	91
Holtavörðuheiði	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	95
Vatnsskarð-nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	60
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	47
Lágheiði	30	27	3	5	4	0	0	0	0	3	5	24	101	28	0
Öxnadalsheiði	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	108
Dalvík-Ólafsfjörður	4	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	6	2	101
Hólssandur	23	29	31	30	21	0	0	0	0	15	29	31	209	57	0
Öxarfjarðarheiði	23	29	31	30	21	0	0	0	0	15	29	31	209	57	0
Sandvíkurheiði	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	3	1	44
Vopnafjarðarheiði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	3	1	48
Möðrudalsöræfi	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	46
Hellisheiði-eystri	20	29	13	8	5	0	0	0	0	9	3	10	97	27	11
Vatnsskarð-eystra	2	3	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	8	2	31
Fjarðarheiði	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	3	1	106
Oddsskarð	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	1	103
Breiðdalsheiði	4	3	0	0	0	0	0	0	0	3	3	2	15	4	33

4.1.3.5. Almenningssamgöngur

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum var 1.002,7 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum og flóabátum, afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

4.1.3.5.1 Ferjur og flóabátar

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum til þessa liðar árið 2004 var 706 m.kr. Heildarútgjöld voru 736,8 m.kr. eða 32,8 m.kr. meiri en fjárveitingar og aukast því skuldir á þessum lið sem því nemur. Eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 137,6 m.kr. Stærsti hluti þessarar skuldar er til kominn vegna ákvörðunar samgönguráðherra um að fjölga ferðum

Herjólfs á árinu 2002 og frá árinu 2001 stóð eftir skuld sem var að stórum hluta vegna yfirtöku á ferjufélögum á árinu 2001.

Árið 2004 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út.

Ríkið greiðir einnig afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2004 var um að ræða afborganir vegna einnar ferju. Ekki er um eiginleg lán að ræða því um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Ferjuleið	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ...	327,1	195,6	27,6	550,3
Breiðafjarðarferja, Baldur	0,0	86,2	3,0	89,2
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki	0,0	6,0	0,1	6,1
Hríseyjarferja, Sævar	0,0	39,7	3,6	43,3
Grímseyjarferja, Sæfari	0,0	37,8	2,3	40,1
Mjóafjarðarferja, Anný	0,0	6,2	0,1	6,4
Norðurfjarðarflutningar	0,0	0,6	0,0	0,6
Sameiginlegt	0,0	0,0	0,8	0,8
Samtals	327,1	372,1	37,6	736,8

4.1.3.5.2. Áætlunarflug

Fjárveiting í vegáætlun 2004 með síðari breytingum var 135,7 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2004 voru rúmlega 120,5 m.kr. eða 15,2 m.kr. minni en fjárveitingar, sem verða geymdar til næsta árs auk 25,3 m.kr. frá árinu 2003.

Vegagerðinni var falin umsjón með styrktum leiðum í innanlandsflugi í maí árið 2001. Styrktar áætlunarleiðir voru 9 fram til 1. desember en þá bættist leiðin Reykjavík – Sauðárkrókur – Reykjavík í hópinn þannig að í árslok 2004 voru 10 leiðir styrktar.

Eftirfarandi leiðir eru styrktar:

1. Reykjavík-Bíldudalur-Reykjavík, lágmark 6 ferðir á viku allt árið
2. Ísafjörður-Bíldudalur-Ísafjörður, lágmark 3 ferðir á viku, 1. desember - 30. apríl
3. Reykjavík-Gjögur-Reykjavík, lágmark 2 ferðir á viku allt árið
4. Akureyri-Grímsey-Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku allt árið
5. Akureyri-Vopnafjörður-Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
6. Akureyri-Þórshöfn-Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
7. Akureyri-Egilsstaðir-Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku, 1. október - 30. apríl
8. Akureyri-Ísafjörður-Akureyri, lágmark 4 ferðir á viku allt árið
9. Reykjavík-Höfn-Reykjavík, lágmark 7 ferðir á viku allt árið
10. Reykjavík-Sauðárkrókur-Reykjavík, lágmark 5 ferðir á viku allt árið

4.1.3.5.3 Sérleyfi á landi

Fjárveiting í vegáætlun var 163 m.kr. Heildarútgjöld voru rúmlega 163,2 m.kr. eða 0,2 m.kr. meiri en fjárveitingar þannig að innistæða frá fyrra ári að upphæð 5,2 m.kr. lækkar sem því nemur. Eftir stendur innistæða til næsta árs að fjárhæð 5,0 m.kr.

Á árinu 2004 styrkti ríkið 15 sérleyfishafa til að halda uppi almenningssamgöngum á landi, sem tengja saman byggðarlög landsins og tengja þau við helstu flugvelli í landinu. Þjónustusamningar hafa verið gerðir við sérleyfishafana.

Gert er ráð fyrir að á árinu 2005 verði sérleyfisleiðir boðnar út, í samræmi við lög um fólksflutninga, nr. 73/2001.

4.1.3.6. Rannsóknir

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2004 nam fjárveitingin 103 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

Brýr og steinsteypa
- Ástand steypu í spenntum brúm
- Jarðskjálftasvörun brúarundirstöðu
- Rekstur jarðskjálfta- og hröðunarmæla í brúm
- Sjálfútleggjandi steypa í brúagerð
- Tæring - tæringarvarnir
- Vatnslekt steinsteypu
- Verkefni steinsteypunefndar

Jarðtækni
- Kortlagning á sigi á Siglufjarðavegi um Almenninga
- Mat á CPT eiginleikum í mýri
- Mat á þjöppun fyllinga og burðarlaga
- Vatn í vegum

Samgöngu- og umferðarrannsóknir, arðsemi og fjármál
- Búnaður til gjaldtöku
- Könnun á farþegum og ferðavenjum í Breiðarfjarðarferjunni Baldri
- Umferðarbanki Vegagerðarinnar

Steinefni, burðarlög og slitlög
- Arðsemi malbiks á þjóðvegum landsins
- Bikþeyta til klæðinga
- COST 347: Improvements in Pavement Research with Accelerated Load Testing
- Dynamisk þríásapróf (skriðpróf) á bikbundnum efnum
- Evrópskar samanburðarrannsóknir á frostþoli, Nordtest
- Evrópustöðlun á nýju frostþolsprófi með saltlausn
- Hönnun malbiks og flokkun bindiefnis skv. Superpave aðferð
- Prófanir á óbundnum efnum með gyratory þjöppun-samanburður við proctormælingu
- Samanburður á fínefnamælingum
- Samanburður slitlagsefna á Vestfjörðum
- Samanburður þríásaprófs, stórs stálhólks og CBR-prófs á jarðvegi
- Skoðun á hegðun slitlaga, lagfærðum með Repave-aðferð
- Steinefnabankinn
- Steinefni í vegagerð - Mat á efniskröfum
- Vatnsþol malbiks
- Viðloðunarpróf með vegolíu og klæðingarbiki
- Vinnsla malarslitlaga

Tæki og búnaður
Athugun á niðurstöðum umferðargreina
Mælitækni til stýringar á þungatakmörkunum
Notkun á lengdarflokkun umferðargreina til að áætla hlutfall þungra bifreiða af heildarumferð
Prófun á notkun lófatölva við umferðarrannsóknir
Ræsarör, könnun á endingu, samanburður mismunandi efnistegunda
Röravegrið á snjóastaði
Saltblöndun malarslitlags
Skráning þjónustuverkefna
Smáfalllóð við eftirlit, kaup og notkun
Tenging niðurstaðna hraðamælinga með radar við niðurstöður hraðamælinga umferðargreina
Umferðaröryggi
Áhrif aðvörunarljósa við einbreiðar brýr á óhappatíðni
Endurfylling í vegskurði á mýrarsvæðum
Hraði þungra bíla í brekkum
Styrking þyngdarpunktalíkans Vegagerðarinnar
Þróun umferðarhraða á þjóðvegum landsins
Hringtorg - hönnun og umferðaröryggi
Rannsóknarráð umferðaröryggismála – RANNUM
Öflun og hagnýting alþjóðlegra upplýsinga í umferðaröryggismálum
Umferðarfræðsla í alla grunnskóla - Fræðsla til framtíðar
Fækkun umferðarslysa á Norðurlandi
Sálfræðilegar afleiðingar dauðaslysa og áhrif á umferðaröryggi.
Áhrif mismunandi hraðaminnkandi aðgerða
Sjálfvirk mæling á sjónlengd
Aukið aðhald = Aukið umferðaröryggi
Áhrif vinds á umferðaröryggi. Greining slysagagna.
Aldur ökutækja og slys
Kannanir á bílbeltanotkun ökumanna eftir kyni inni í þéttbýliskjörnum landsins
Skyndihjálp í framhaldsskólum
Slysatíðni vöru- og hópbifreiða
Tegund drifbúnaðar og slysatíðni
Þekking flutningabílstjóra í skyndihjálp
Umferðarslys og vindafar
Áhættuþættir umferðarslysa erlendra ferðamanna á Íslandi
Skilgreining áhættumælikvarða (FAR og NFAR) fyrir umferðaröryggi á Íslandi.
Hverjir aka um þjóðveginn?
Umhverfismál
Aðferðir til þess að meta landslag
Beltanálgun í mati á umhverfisáhrifum
Endurheimt votlendis
Loftslagsverkefni Landverndar
Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum - uppfærsla
Skilvirkni mats á umhverfisáhrifum
Uppgræðsla raskaðra hraunsvæða og vegkanta með notkun garðaúrgangs úr þéttbýli
Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum, 2001-2007
Votlendi og vegagerð

Vöktunaráætlun Vegagerðarinnar - forsendur og undirbúningur
Þróun námukerfis - námufrágangur
Öryggismál í útboðsgögnum Vegagerðarinnar
Upplýsingatækni og hugbúnaðargerð
Hagnýting umferðargagna
Hviðuspár
Vatnafar, snjór, jöklar, jökulhlaup
Athugun á strandrofi og strandvörnum á Breiðamerkursandi
Breytingar á farvegi Skeiðarár í hlaupinu 1996
Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
Handbók um snjóhönnun vega
Íssjármælingar á Kötlujökli
Landris í nágrenni Vatnajökuls
Náttúruvá
Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
Rekstur vatnshæðarmæla
Snjóflóðahætta - skafrenningur, líkön til að spá snjóflóðahættu aðlöguð að íslenskum aðstæðum
Útreikningur á flóðum
Þróun jarðhita á Grímsvatnasvæðinu - breytingar í tengslum við eldvirkni
Þróun og varmaástand fjallsins í Gjálp eftir gosið 1996
Vegyfirborð
Prófanir á mismunandi tegundum salts til hálkuvarna og rykbindingar
Slitmælingar 2004
Yfirborðsmerkingar, innlend vatnsmálning
Yfirborðsmerkingar, skilgreining gæðakrafa
Annað
Erlent rannsóknarsamstarf
Háskólasetur á Hornafirði
Kynningarstarf
Orðanefnd byggingarverkfræðinga
Undirbygging rannsóknarstarfs og rannsóknartengdrar kennslu í jarðtækni og vegagerð við THÍ

Átaksverkefni þar sem lögð var áhersla á rannsóknir á slitlögum, burðarlögum og steinefnum í samstarfi við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, lauk að mestu í árslok 2000. Við tók umfangsmikið samstarf á sviði rannsókna umferðaröryggismála og leggur Vegagerðin um 1/5 hluta af tilraunafé sínu árin 2001-2005 í þann málaflokk. Rannsóknarráð umferðaröryggismála (RANNUM) var stofnað í desember 2000. Í ráðinu sitja fulltrúar þeirra aðila sem óska eftir að taka þátt í þessu samstarfi og leggja til þess fé eða faglega þekkingu. Gert er ráð fyrir að starfið standi í fimm ár og að þeim tíma liðnum verði staða mála endurmetin. Hlutverk og markmið RANNUM er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys hér á landi, að afla nýrrar þekkingar innanlands og utan og leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera rannsóknir þannig faglegri og markvissari. Meðal stofnfélaga er Vegagerðin, Rauði kross Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús, Umferðarráð og Ríkislögreglustjóri, ásamt fleiri aðilum.

Árið 2004 var hafin vinna við stefnumótun í rannsóknarmálum og er miðað við að ný stefna með nýjum áherslum verði innleidd árið 2005.

4.1.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 2004 var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 2.307 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Í vegáætlun frá og með árinu 2000 er fjárveiting til viðhalds þjóðvega innan þéttbýlis felld inn í aðrar fjárveitingar til viðhalds. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í sjö meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir, vatnaskemmdir og viðhald girðinga.

Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2004, var 8.216 km, og var umferð á þeim árið 2004 um 1.888 milljónir ekinna km.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega á árunum 1994-2004. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2004.



4.1.4.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 947 m.kr. Lagðir voru 3.737 þús. m² af bundnu slitlagi sem samsvarar 572 km af 6 m breiðu slitlagi eða um 13% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

	klæðing		malbik		alls	
Svæði	km	þús. m²	km	þús. m²	km	þús. m²
Suðursvæði	88,2	529	2,8	17	91,0	546
Suðvesturssvæði	14,8	89	31,3	188	46,1	277
Reykjavík	0,0	0	10,0	60	10,0	60
Norðvesturssvæði	226,7	1.360	5,7	34	232,4	1.394
Norðaustursvæði	242,3	1.454	1,0	6	243,3	1.460
Samtals	572,0	3.432	50,5	305	622,5	3.737

4.1.4.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 219 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 647 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

	óunnið efni		unnið efni		mölburður alls	
Svæði	km	m³	km	m³	km	m³
Suðursvæði	16	6.650	49	19.897	65	26.447
Suðvesturssvæði	0	0	11	2.693	11	2.693
Norðvesturssvæði	32	8.450	255	39.326	287	47.776
Norðaustursvæði	14	1.784	270	39.369	284	41.153
Samtals	62	16.784	585	101.285	647	118.069

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2004 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	Fyrir malarslitlög m³	Fyrir bundin slitlög m³	Fyrir burðarlög m³	Samtals m³
Suðursvæði	26.917	12.663	54.809	94.389
Suðvesturssvæði	0	0	4.000	4.000
Norðvesturssvæði	67.126	34.060	61.904	163.090
Norðaustursvæði	44.280	40.216	137.177	221.673
Samtals	138.323	86.939	257.890	483.152

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

4.1.4.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 620 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 2004.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Svæði	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðursvæði	4,8	22.942	12,6	5.183	20,3	22.939	37,7	51.064
Suðvesturssvæði	0,0	0	2,1	1.710	7,1	3.550	9,2	5.260
Norðvesturssvæði	0,0	0	9,6	1.956	27,2	25.434	36,8	27.390
Norðaustursvæði	0,0	0	25,2	10.247	15,1	19.440	40,3	29.687
Samtals	4,8	22.942	49,5	19.096	69,7	71.363	124,0	113.401

4.1.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng

Fjárveiting í vegáætlun var 204 m.kr. Stærstu verkefnin voru styrking á tveimur stöplum Borgarfjarðarbrúar, styrking á stöpli brúar á Súlu og endurbygging á brú á Skaftá undan Heiði á Holtsvegi og var kostnaður við þau verkefni um 43 m.kr. Um 10 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Um 25 m.kr. var varið til breikkunar á 8 einbreiðum brúm. Unnið var við ryðhreinsun og málun stálbita á 2 brúm og var varið til þess um 34 m.kr. Alls var unnið við um 60 smá og stór verkefni víðs vegar um landið.

4.1.4.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 143 m.kr. Af fjárveitingum til öryggisaðgerða var 28 m.kr. varið til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir umferðarslys í samstarfi Vegagerðarinnar, Ríkislögreglustjóra og Umferðarráðs. Gerður var sérstakur samningur milli þessara aðila um árangursstjórnun til að koma í veg fyrir umferðarslys. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi á allmörgum stöðum á landinu Sett voru viðvörunarljós við 3 einbreiðar brýr og sett upp eða endurbætt vegrið á um 7 stöðum. Auk þess var unnið við lagfæringar og veglýsingu við vegamót og þéttbýlisstaði.

4.1.4.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 140 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Á árinu voru mestar vatnaskemmdir á Norðurlandi bæði í Ólafsfirði og einnig vegna vatnavaxta í Skjálfandafljóti. Einnig var áfram unnið að lagfæringum við Kotá í Öræfum vegna mikils framburðar í ánni. Á öðrum stöðum var um minni háttar skemmdir að ræða.

4.1.4.7. Viðhald girðinga

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 34 m.kr. Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 39. gr vegalaga nr. 45 1994 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

4.1.5 STOFNKOSTNAÐUR

4.1.5.0 Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Bráðabirgðalán

Bráðabirgðalán standa undir hluta af útgjöldum til stofnkostnaðar hjá Vegagerðinni. Þáttur þeirra hefur þó minnkað mikið undanfarin ár. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var mjög góð allt árið þannig að engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu 2004. Tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Stór hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður, þar sem enn hefur ekki komið fjárveiting á vegáætlun til að greiða þau upp.

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta námu alls 71,6 m.kr. og eru það nú eingöngu sveitarfélög, sem eru lánveitendur. Öll upphæðin er vegna framkvæmda við tengivegi.

	Árslok 2002 m.kr.	Árslok 2003 m.kr.	Árslok 2004 m.kr.
Stofnvegir	0,0	0,0	0,0
Tengivegir	93,2	73,2	71,6
Safnvegir	4,1	0,0	0,0
Samtals	97,3	73,2	71,6

Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 8.773 m.kr. Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Innifalið í þessari tölu var m.a. 1.600 m.kr. viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra og framlag til jarðgangaáætlunar 1.530 m.kr.

Til að draga úr þenslu í efnahagslífinu ákvað ríkisstjórnin að fresta framkvæmdum á vegáætlun 2004 um 1.822 m.kr., þar af voru 1.551 m.kr. af nýframkvæmdum (stofnkostnaði). Fjárveiting til stofnkostnaðar samkvæmt fjárlögum 2004 var því 7.220 m.kr.

Á fjáraukalögum 2004 fékk Vegagerðin viðbótarfjárveitingu vegna jarðgangagerðar undir Almannaskarð 375 m.kr. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því alls 7.595 m.kr.

Til grunnnetsins fóru 6.106 m.kr. en 1.489 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets, þar af fóru 481 m.kr. til tengivega.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofn- og tengivega á árunum 1964-2004. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2004.



4.1.5.1 Grunnnet

Fjárveitingar til stofnkostnaðar í grunnneti vegakerfisins samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 6.146 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til framkvæmda voru því 6.106 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda sjö verkefnaflokka.

4.1.5.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 546 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 1.000 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.3. Verkefni á landsbyggð

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 1.555 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.4. Orku- og iðjuvegir

Fjárveitingar til orku- og iðjuvega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 49 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.5. Jarðgangaáætlun

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 1.380 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.6. Landsvegir í grunnneti

Fjárveitingar til landsvega í grunnneti voru 41 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.7. Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifærum

Fjárveitingar til eflingar atvinnutækifærum samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 1.200 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

Fjáraukalög

Í fjáraukalögum fyrir árið 2004 var ákveðið að veita 375 m.kr. framlag til jarðgangagerðar undir Almannaskarð.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 1.489 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda níu verkefnaflokka.

4.1.5.2. Tengivegir

Fjárveiting til tengivega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum var 481 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.3. Til brúagerðar

4.1.5.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 187 m.kr. samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

4.1.5.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 27 m.kr. Fjárveiting er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar brýr. Fjárveitingar voru til eftirfarandi verkefna á árinu 2004.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004 m.kr.
1	Hringvegur	
03	Hlíðará í Lóni	10
54	Snæfellsnesvegur	
21	Blankur	4
711	Vatnsnesvegur	
02	Hamarsá	12
85	Norðausturvegur	
02	Rangá	1
	Samtals	27

Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. 2.

4.1.5.4. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum var 225 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.5. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 63 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2004 og stöðu þessara mála í árslok.

	Óafgreitt 1.1.2004		Afgreitt 2004		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.2005	
	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar
Svæði	km	stk.	km	stk.	km	stk.	km	stk
Suðursvæði	234	0	20	0	39	0	253	0
Suðvesturssvæði	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðvesturssvæði	120	4	38	2	49	2	131	4
Norðaustursvæði	157	7	16	1	11	0	152	6
Samtals	511	11	74	3	99	2	536	10

Unnið var að uppgræðslu vegkanta fyrir hluta af nýbyggingarfé vega og sýnir taflan á næstu blaðsíðu framkvæmdir 2004 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Svæði	Framkvæmdir 2004 Sáning ha.	Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 2005 ha.
Suðursvæði	0	0	0	35
Suðvesturssvæði	12	12	24	0
Norðvesturssvæði	280	388	668	355
Norðaustursvæði	256	405	661	410
Samtals	548	805	1.353	800

4.1.5.6. Landsvegir utan grunnnets

Fjárveiting til landsvega utan grunnnets var 93 m.kr. og var henni skipt milli svæða Vegagerðarinnar eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Svæði	fjárveiting í m.kr.
Suðursvæði	32,0
Suðvesturssvæði	0,0
Norðvesturssvæði	24,2
Norðaustursvæði	37,0
Sameiginleg verkefni	1,2
Óskipt	4,4
Geymt frá fyrra ári	-5,8
Samtals	93,0

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðursvæði

Fjárveiting til landsvega á Suðursvæði var 32 m.kr. Fjárveitingar voru til endurbóta á Mýrdalsjökulsvegi (222) og Jökulvegi F985) og til endurbóta á varnargarði við Öldufellsleið (F232). Fjárveitingum var að öðru leyti varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

Suðvesturssvæði

Fjárveiting til landsvega á Suðvesturssvæði á árinu 2004 var engin.

Norðvesturssvæði

Fjárveiting til landsvega á Norðvesturssvæði var 24,2 m.kr. Lagt var bundið slitlag á Deildartunguveg (555) og Dritvíkurveg (572). Unnið var að endurbótum á Arnarvatnsvegi (F578) að sunnanverðu og á Mælifellsdalsvegi (756) upp úr Skagafirði. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðaustursvæði

Fjárveiting til landsvega á Norðaustursvæði var 37 m.kr. Fjárveitingar voru til endurbóta á Vaðlaheiðarvegi (832), Öskjuleið (F88) og Þórdalsheiðarvegi (F936). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

4.1.5.7. Safnvegir

Fjárveitingar til safnvega voru 306 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Fjárveiting 2004 í þús. kr.
1. Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga	13.116
2. Héraðsnefnd Rangæinga	25.353
3. Héraðsnefnd Árnesinga	32.840
4. Héraðsnefnd Suðurnesja	1.396
5. Reykjavík	5.031
6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu	4.406
7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	12.195
8. Héraðsnefnd Mýrasýslu	15.553
9. Vegasamlag Snæfellinga	13.242
10. Héraðsnefnd Dalasýslu	9.181
11. Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu	3.209
12. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu	5.595
13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	11.058
14. Héraðsnefnd Strandasýslu	7.690
15. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	11.118
16. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga	10.845
17. Héraðsnefnd Skagfirðinga	20.006
18. Akrahreppur	5.365
19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar	20.360
20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla	18.941
21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla	13.867
22. Héraðsnefnd Múlasýslna	34.834
23. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu	7.739
Sameiginleg verkefni	3.460
Óskipt frá fyrra ári	- 400
Samtals	306.000

4.1.5.8. Styrkvegir

Fjárveiting var 61 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	11.500
Vegir yfir fjöll og heiðar	28.800
Annað	28.100
Óskipt frá fyrra ári	-10.442
Til sameiginlegra verkefna	610
Óskipt	2.432
Samtals	61.000

4.1.5.9 Reiðvegir

Fjárveiting í vegáætlun var 46 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 18,2 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 27,8 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga.

			Fjárveiting 2004 m.kr.
1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvallasýslu	2.000
2.	"	Kópur, Vestur-Skaftafellssýslu	950
3.	"	Logi, Smári og Trausti, Biskupstungum	2.000
4.	"	Sleipnir, Selfoss og nágrenni	1.500
5.	Hestamannafélögin á Höfuðborgarsvæðinu (sameiginlega)		6.000
6.	Hestamannafélagið	Snæfellingur, Snæfellsnesi	800
7.	"	Dreyri, Akranesi	1.500
8.	"	Glaður, Dalasýslu	1.000
9.	"	Hending, Ísafirði	1.751
10.	"	Neisti, Austur-Húnavatnssýslu	1.000
11.	"	Stígandi og Léttfeti, Skagafirði	1.500
12.	"	Þytur, Vestur-Húnavatnssýslu	1.200
13.	"	Léttir og Funi, Akureyri/Eyjafirði	3.100
14.	"	Gnýfari, Ólafsfirði	500
15.	"	Snæfaxi, Norðurland eystra	730
16.	"	Freyfaxi, Suður-Múlasýslu	2.250
		Samtals	27.781
	Reiðvegir á Suðursvæði		3.500
	Hestamannafélagið Geysir v/landsmóts á Gaddstaðaflötum		2.000
	Reiðvegir á Suðvestursvæði		3.500
	Reiðvegir á Norðvestursvæði		3.500
	Hestamannafélagið Stígandi, Hringvegur Varmahlíð-Héraðsvatnabrú		500
	Reiðvegir á Norðaustursvæði		3.500
	Sameiginlegur kostnaður við reiðvegi		460
	Óráðstafað		1.259
		Samtals	18.219

Fylgiskjal 1

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða
4.2.1 Grunnnet
4.2.1.1. Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Suðursvæði	
1	Hringvegur	
a6	um Skaftá	6
c7	Landvegamót	26
e1	lagfæringar	41
30	Hrunamannavegur	
06-08	Flúðir - Biskupstungnabraut	37
35	Biskupstungnabraut	
07	um Brúará	7
37	Laugarvatnsvegur	
03	um Brúará	3
427	Suðurstrandarvegur	24
	Suðvestursvæði	
407	Bláfjallaleið	
01	Bláfjallavegur - bifreiðastæði	13
	Norðvestursvæði	
50	Borgarfjarðarbraut	
02-03	Vatnshamraleið	75
54	Snæfellsnesvegur	
10	Bjarnarfoss - Egilsskarð	3
61	Djúpvegur	
24	Lágidalur, breikkun	19
38-39	Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð	16
45	Hnífsdalur - Bolungarvík	22
62	Barðastrandarvegur	
03	Hlíð - Kleifaheiði, breikkun	13
67	Hólmavíkurvegur	
01	Djúpvegur - Hólmavík	7
76	Siglufjarðarvegur	
13	Gránugata	7
744	Þverárfjallsvegur	
01	Skagastrandarvegur - Skrapatunga	13
04	Strandvegur, Sauðárkróki	58

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Norðaustursvæði	
1	Hringvegur	
q6	um Hrúteyjarkvísl	6
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	um Hörgá	26
85	Norðausturvegur	
34-35	Hölkná - Miðheiðarhryggur	68
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	um Borgarbraut	7
845	Aðaldalsvegur	
01	Hringvegur - Lindahlíð	39
	Þéttbýlisstaðir á Austurlandi	
	Lagfæringar á þjóðvegum	10
	Samtals:	546

4.2.1.2 Verkefni á Höfuðborgarsvæðinu
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
1	Hringvegur	
	gatnamót við Nesbraut	65
	breikkun, Víkurvegur - Skarhólabraut	285
41	Reykjanesbraut	
	gatnamót við Stekkjarbakka	128
	Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, breikkun	124
	Kaplakriki - Lækjargata	77
	Lækjargata - Kaldárselsvegur	51
49	Nesbraut	
	Kringlumýrarbraut - Bjarkargata	66
450	Sundabraut	
	Sæbraut - Geldinganes	51
	Göngubrýr og undirgöng	61
	Umferðarstýring	31
	Smærri verk og ófyrirséð	61
	Samtals:	1.000

4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð (stórverkefni)
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Reykjanesbraut, Hafnarfjörður - Keflavík	
41	Reykjanesbraut	
15-18	Krísuvíkurvegur - Víknavegur	306
	Hvalfjarðartengingar	
1	Hringvegur	
	Hvalfjarðartengingar	61
	Hringvegur um Stafholtstungur	
1	Hringvegur	
h0-h1	Borgarfjarðarbraut - Hrauná	11
	Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð	
54	Snæfellsnesvegur	
15	Kolgrafafjörður	255
	Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur	
60	Vestfjarðavegur	
01-02	um Bröttubrekku	48
	Hálsasveitarvegur að Húsafelli	
518	Hálsasveitarvegur	
03	Hvítársíðuvegur - Kaldadalsvegur	61
	Gilsfjörður	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	15
	Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur - Flókalundur	
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Múli - Vattarnes	3
	Ísafjarðardjúp	
61	Djúpvegur	
32-33	Kleifar - Bolaskógur	112
	Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	
1	Hringvegur	
n0-n1	Norðurárdalur	52
	Þverárfjallsvegur	
744	Þverárfjallsvegur	
01	Skagastrandarvegur - Skúfur	51

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Hringvegur á Mývatnsheiði	
1	Hringvegur	
q9	Mývatnsheiði	31
	Lágheiði	
82	Ólafsfjarðarvegur	
09	Lágheiði	37
	Norðausturvegur, Húsavík - Þórshöfn	
85	Norðausturvegur	
09-10	Bangastaðir - Víkingavatn	51
14-22	Katastaðir - Krossavík	2
	Tenging Norðurland - Austurland	
1	Hringvegur	
s1-s7	Biskupsháls - Vegaskarð	86
s2	um Vegaskarð	67
	Hringvegur á Austurlandi	
1	Hringvegur	
u9	Melrakkanes - Blábjörg	20
v1-v5	Almannaskarð, Þvottár- og Hvalnesskriður	122
	Jökulsá á Breiðamerkursandi	
1	Hringvegur	
x3	um Jökulsá	31
	Breikkun brúa á Suðurlandi	
1	Hringvegur	
b5	um Klifanda	123
	Samgöngurannsóknir	10
	Samtals:	1.555
	Afborgun lána vegna Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs	-40

4.2.1.4 Orku- og iðjuvegir
(fjárhæðirð í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
506	Grundartangavegur	
01	Hringvegur - hafnarsvæði	21
92	Norðfjarðarvegur	
07	Reyðarfjörður - Eskifjörður	28
	Samtals:	49

4.2.1.5 Jarðgangaáætlun
(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Reyðarfjörður - Fáskrúðsfjörður	1.380
	Samtals:	1.380

4.2.1.6 Landsvegir í grunnneti
(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Landsvegir í grunnneti	41
	Samtals:	41

4.2.1.7 Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra.
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	a) Verkefni á höfuðborgarsvæðinu	
41	Reykjanesbraut	
12-13	Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, breikkun	200
49	Nesbraut	
04	Kringlumýrarbraut - Bjarkargata	100
	Alls:	300
	b) Verkefni á Norðaustursvæði	
85	Norðausturvegur	
07-09	Breiðavík - Bangastaðir	100
13-14	um Núpasveit	50
1	Hringvegur	
s1-s7	Biskupsháls - Skjöldólfsstaðir	0
85	Norðausturvegur	
31	sýslumörk - Finnafjarðará	50
	Alls:	200
	c) Suðurstrandarvegur, Hellisheiði og Gjábakkaleið	
427	Suðurstrandarvegur	
02-13	Grindavík - Þorlákshafnarvegur	0
1	Hringvegur	
d8-d9	Hellisheiði	50
365	Gjábakkavegur	
01	Laugarvatnsvegur - Þingvallavegur	50
	Alls:	100
	d) Vegagerð á Vestfjörðum og á Þverárfjallsvegi	
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Bjarkarlundur - Flókalundur	150
61	Djúpvegur	
09-10	Steinadalsvegur - Tröllatunguvegur	50
31-34	Gilseyri - Eiði	150
744	Þverárfjallsvegur	
01	Skagastrandarvegur - Skúfur	50
	Alls:	400

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 2004
	e) Göng undir Almannaskarð		
1	Hringvegur		
v5	um Almannaskarð		575
		Alls:	575
		Samtals:	1.575
		Samtals grunnnet:	6.106

Utan grunnnets
4.1.5.2 Tengivegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Suðursvæði	
26	Landvegur	
02	Holtsmúli - Fellsmúli	33
204	Meðallandsvegur	
01	Ásgarður - Fossar	22
215	Reynishverfisvegur	
01	Hringvegur - Presthús	9
242	Raufarfellsvegur	
01	Hringvegur - Hringvegur	11
252	Landeyjavegur	
01-02	Gunnarshólmavegur - Hólmavegur	22
271	Árbæjarvegur	
01	Hringvegur - Bjallavegur	13
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Önundarholtsvegur - Skipar	14
305	Villingaholtsvegur	
01	Kolsholt - Urriðafossvegur	11
340	Auðsholtsvegur	
01	um Syðra-Langholt	11
374	Hvammsvegur	
01	Hringvegur - Hringvegur	4
375	Arnarbælisvegur	
01	Hringvegur - Auðsholt	3
	Suðvestursvæði	
48	Kjósarskarðsvegur	
01	Reynivellir - Vindáshlíð	27
45	Garðskagavegur	
05	um Ósabotna	15
	Norðvestursvæði	
54	Snæfellsnesvegur	
09	um Vatnsholtsá	7
10	Bjarnarfoss - Egilsskarð	9
503	Innnesvegur	
02	Esjubraut/Garðagrund, hringtorg	1
574	Útnesvegur	
04	Hella - Hellissandur	32
585	Hlíðarvegur	
01	við Svarfhól	6
606	Karlseyjarvegur	
01	Reykhólasveitarvegur - Karlsey	5

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
645	Drangsnesvegur	
01	Reykjarnes - Drangsnes	41
722	Vatnsdalsvegur	
04	Hvammur - Steinkot	8
751	Efribyggðavegur	
01	Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur	12
764	Hegranesvegur	
01	Sauðárkróksbraut - Helluland	15
5710	Arnarstapavegur	11
5714	Lýsuhólsvegur	7
	Norðaustursvæði	
94	Borgarfjarðarvegur	
07	á Vatnsskarði	27
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
02	Litlihamar - Rútsstaðir	62
849	Baldursheimsvegur	
01	lagfæring	4
925	Hróarstunguvegur	
02	Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	13
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur - Berufjörður	22
8984	Hvammsvegur	4
	Samtals:	481

4.2.2.2 Brýr 10 m og lengri
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Brú	Fjárveiting 2004
1	Hrúteyjarkvísl	29
F910	Hrafnkela og Reykjará	10
35	Brúará	8
54	Vatnsholtsá	19
82	Hörgá	107
	Óráðstafað	14
	Samtals:	187

Smábrýr
(Fjárhæðir í m.kr.)

		Fjárveiting 2004
	Fjárveiting í vegáætlun	27
	Samtals:	27

4.2.2.3 Ferðamannaleiðir
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2004
	Suðursvæði	
52	Uxahryggjavegur	36
208	Skaftártunguvegur	7
215	Reynishverfisvegur	11
	Gaddstaðaflatir	7
	Suðvestursvæði	
426	Bláalónsvegur	10
408	Heiðmerkurvegur	10
	Norðvestursvæði	
574	Útnesvegur	
01	Gröf - Arnarstapi	26
643	Strandavegur	
03-08	Drangsnesvegur - Norðurfjörður	26
711	Vatnsnesvegur	
02	um Hamarsá	12
722	Vatnsdalsvegur	
04	Hvammur - Steinkot	13
	Norðaustursvæði	
93	Seyðisfjarðarvegur	
06	ferjuhöfn Seyðisfirði	9
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	Hlíðarbraut - skíðasvæði	6
862	Hólmatungnavegur	
05	Dettifoss - Hringvegur	17
	Brekkuselsvegur	
	Skíðasvæði Dalvíkur	12
	Langanesvegur	6
953	Mjóafjarðarvegur	17
	Samtals:	225

Girðingar
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2004
Fjárveiting í vegáætlun	63
Samtals:	63

Landsvegir utan grunnnets
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2004
Fjárveiting í vegáætlun	93
Samtals:	93

Safnvegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2004
Fjárveiting í vegáætlun	306
Samtals:	306

Styrkvegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2004
Fjárveiting í vegáætlun	61
Samtals:	61

Reiðvegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2004
Fjárveiting í vegáætlun	46
Samtals:	46
Samtals utan grunnnets:	1.489
Stofnkostnaður alls:	7.595

Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2003

Suðurland

1 Hringvegur

1a6 Skaftá

Umfang verks: Um er að ræða gerð hringtorgs á Kirkjubæjarklaustri norðan við Skaftárskála, tengingu að Kirkjubæjarklaustri norðan skálans, aðlögun Geirlandsvegar og Suðurlandsvegar að torgi, tengingu að Skaftárskála og götu í iðnaðarhverfi. Einnig endurbyggingu brúa á Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri. Byggðar voru tvær brýr 20 m og 26 m langar í stað einbreiðra brúa.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi brúagerð	100
2. áfangi vegagerð	42
Samtals	142

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	50
Vegáætlun 2003	71
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	6
Flutt af Brúará 37-03	10
Óráðstafað til brúagerðar 2004	9
Samtals	146

Verkframvinda: Vinna við smíði brúa hófst í ágúst 2003 og lauk smíði eystri brúar í desember 2003. Framkvæmdum við vestari brú lauk í febrúar 2004 og var umferð hleypt á hana í mars. Framkvæmdir við hringtorg og vegtengingar hófust í ágúst 2004 og lauk að mestu í október 2004. Nokkur frágangsvinna er eftir sem lokið verður við vorið 2005.

Verktaki: Brúagerð, Mikael ehf., Höfn. Vegagerð, Rósaberg ehf., Höfn.

Kostnaður:	m.kr.
2003	54
2004	92
Samtals	146

b5 um Klifanda

Umfang verks: Nýbygging vegar á 0,9 km löngum kafla og bygging 65 m langrar brúar í stað einbreiðrar brúar. Byggður var 1.200 m langur varnargarður.

Framkvæmdaform: Vegagerð og varnargarðar, útboð. Brúargerð, samningur.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Brúargerð	81
Vegagerð og varnargarðar	34
Samtals:	115

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	10
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	123
Flutt á 1-c8 Þjórsá	-23
Flutt á ýmsar brýr	-6
Samtals	104

Verkframvinda: Vinna við smíði brúarinnar og vegagerð, ásamt varnargörðum hófst í maí 2003 og lauk í september 2003.

Verktakar: Vegagerð varnargarðar, Framrás ehf.,Vík. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	103
2004	1
Samtals	104

c7 Landvegamót

Umfang verks: Gamall söluskáli sem var þétt við veginn var keyptur til niðurrifs. Sjónlínur við gatnamótin voru lagaðar og settar miðeyjar í hliðarvegi við gatnamótin, auk þess sem sett voru niður undirgöng fyrir hestaumferð og aðra stórgripi.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 26 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	26

Verkframvinda: Lagfæring vegarins var unnin í ágúst 2004 en húsið rifið í ársbyrjun 2005.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	20

c8 um Þjórsá
Umfang verks: Bygging 170 m langrar brúar á Þjórsá í stað einbreiðrar brúar og bygging á 4,0 km löngum nýjum kafla Hringvegar ásamt tengingum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 587 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	23
Vegáætlun 2002	409
Vegáætlun 2003	86
Flutt af Klifanda 1-b5	23
Bráðabirgðalán 2004	26
Samtals	567

Verkframvinda: Vinna við vegagerð hófst fyrri hluta september árið 2002 og lauk að mestu í október 2003. Frágangi sem ekki var hægt að ljúka á árinu 2003 var lokið sumarið 2004. Vinna við brúarsmíðina hófst í ársbyrjun 2003 og var umferð hleypt á brúna 22. des. 2003. Fullnaðarfrágangi við brú var lokið sumarið 2004.

Kostnaður:	m.kr.
2002	133
2003	359
2004	75
Samtals	567

Verktaki: Brúarsmíði, Normi ehf., Kópavogi. Vegagerð, Háfell ehf., Reykjavík
Skýringar: Kostnaður vegna landbóta er óuppgerður.

d8-d9 Hellisheiði
Umfang verks: Nýbygging á 3 km löngum kafla frá Hveradalabrekku og um Svínahraun, breikkun vegar frá nýja kaflanum að Litlu-Kaffistofunni ásamt mislægum vegamótum við Þrengslaveg og stefnugreindum vegamótum við Hamragilsveg.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 400 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-1
Vegáætlun 2003	150
Vegáætlun 2004	
Viðbótarfé	50
Almenn verkefni	41
Umferðaröryggisaðgerðir 2004	20
Fært af Suðurstrandarvegi	140
Samtals	400

Verkframvinda: Unnið var að hönnun verksins en framkvæmdum frestað til ársins 2005.
Skýringar: Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar var lagt til að breyta ráðstöfun á fjármagni til vegagerðar í samgönguáætlun 2003–2006 á þann veg að nýta allt að 140 m.kr. af ónotuðum fjárveitingum Suðurstrandarvegar til framkvæmda við þjóðveg nr. 1 um Svínahraun.

v5 Almannaskarð
Umfang verks: Gerð 1.146 m langra jarðganga undir Almannaskarð, ásamt 162 m löngum steyptum vegskálum og 4,1 km löngum vegi utan ganga.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.115 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	300
Vegáætlun 2004	
Viðbótarfé	200
Verkefni á landsbyggð	122
Fjáraukalög 2004	375
Samtals	997

Verkframvinda: Verkið boðið út desember 2003 og hófst vinna í lok mars 2004. Jarðgangagröftur hófst formlega 16. júní og lokasprenging var 8. október. Eftir það var unnið að lokasyrkingum og vatnsvörnum í göngum. Samhliða gangagreftri var unnið að gerð vegskála norðan ganga og lauk honum í lok nóvember. Einnig var unnið við undirstöður vegskála sunnan gangamunna. Unnið var að vegagerð norðan og sunnan ganga og

var að mestu komið neðra burðarlag í veginn um áramót.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum og Leonhard Nilsen og Sönner AS., Noregi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	35
2004	615
Samtals	650

Skýringar: Kostnaður á árinu 2003 er vegna rannsókna, hönnunar og útboðs verksins. Fjárveitingar eru í vegáætlun árin 2005 og 2006.

26 Landvegur
02 Holtsmúli - Fellsmúli
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,7 km löngum kafla milli Holtsmúla og Fellsmúla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 122 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna fyrri áfanga	-55
Vegáætlun 1999	21
Vegáætlun 2000	21
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2001	23
Framlag Landsvirkjunar 2001	14
Vegáætlun 2002	36
Vegáætlun 2003	35
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	33
Bráðabirgðalán 2004	5
Samtals	135

Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1999 en framkvæmdir hófust ekki fyrr en á árinu 2000 og lauk á árinu 2001. Fjárveitingar á árunum 2002, 2003 og 2004 voru notaðar til greiðslu skuldar.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Fylkir, Rangárvallasýslu.

Kostnaður:	m.kr.
1999	4
2000	100
2001	30
2002	1
Samtals	135

Skýringar: Skuld er vegna framkvæmda sem unnar voru á árunum 1995-1997. Kostnaður 1999 er vegna lagfæringar á vegamótum Landvegar og Þjórsárdalsvegar. Á árunum 2000 og 2001, er talin með kostnaði endurgreiðsla lána frá Holta- og Landssveit.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur
06-08 Flúðir - Biskupstungnabraut
Umfang verks: Fyrri áfangi var endurbygging á 7,3 km löngum kafla milli Flúða og Skipholts og lauk þeim framkvæmdum á árinu 2000. Síðari áfangi verksins var nýbygging á 6,1 km löngum kafla um Brúarhlöð á árinu 2003.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Fyrri áfangi	88
Síðari áfangi	39

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	31
Vegáætlun 2000	21
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2002	18
Vegáætlun 2003	45
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	37
Samtals	154

Verkframvinda: Fyrri áfangi var boðinn út í september 1999 og lauk verktaki verkinu 2000. Árið 2001 var greitt fyrir vinnu við frágang á köntum og malar- og landbætur. Á árinu 2002 voru greiddar landbætur og sáð í vegsvæði. Síðari áfangi var boðinn út vorið 2003 og lauk því verki í júlí sama ár. Fjárveiting á árinu 2004 var notuð til greiðslu skuldar.
Verktaki: Fyrri áfangi, Suðurverk hf., Reykjavík. Síðari áfangi, Gröfutækni ehf., Flúðum.

Kostnaður:	m.kr.
1999	22
2000	76
2001	9
2002	1
2003	42
Samtals	150

33 Gaulverjabæjarvegur
01 Hringvegur - Hamarsvegur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 6,8 km löngum kafla milli Súlholtsvegar og Hamarsvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 80 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	33
Vegáætlun 2002	36
Vegáætlun 2003	17
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	14
Samtals	100

Verkframvinda: Verk hófst í nóvember 2001 og lauk í september 2002. Jöfnun fláa og sáning var gerð á árinu 2003. Á árinu 2004 var lokið vinnu við reiðveg.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	17
2002	79
2003	2
2004	3
Samtals	101

35 Biskupstungnabraut
04 um Brúará
Umfang verks: Bygging á nýrri tvíbreiðri brú í stað einbreiðrar brúar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	7
Til brúargerðar	8
Samtals	15

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

35 Kjalvegur
11 Þjónustumiðstöð - Háalda.
Umfang verks: Efra burðarlagi keyrt í 10,6 km (Þjónustumiðstöð - Sandá) og fyrra klæðingar lag á hann.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 40 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	3
Vegáætlun 2004	
Landsvegir í grunnneti	38
Bráðabirgðalán 2004	11
Samtals	52

Verkframvinda: Verktaki hóf framkvæmdir í júlí 2004 og lauk þeim í september það ár.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2004	52

Skýringar: Í útboðinu var áætlað að leggja tvöfalda klæðingu á 6,5 km en hagkvæmara þótti að leggja á allan kaflann einfalt lag. Einnig var sprengd niður skering við Sandá og vegur aðlagaður að brú. Áætlað að setja seinna klæðingarlag á sumarið 2005

37 Laugarvatnsvegur
03 Laugarvatn - Reykjavegur.
Umfang verks: Byggð var 40 m löng tvíbreið brú yfir Brúará í staðinn fyrir einbreiða brú.
Framkvæmdaform: Brúargerð, útboð. Framhjáhlaup og niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 79 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	75
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	3
Flutt á Skaftá 1-a6	-10
Samtals	68

Verkframvinda: Framkvæmdir við brúarsmíðina sjálfa hófust í apríl 2004 og lauk í júlí.
Verktaki: Brúargerð, Mikael ehf., Höfn. Framhjáhlaup og niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2004	64

52 Uxahryggjavegur
12 um Sandkluftarvatn
Umfang verks: Endurbygging á 4,5 km löngum kafla Uxahryggjavegar um Sandkluftarvatn.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 69 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	40
Vegáætlun 2003	40
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	36
Samtals	116

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2003 og hófust framkvæmdir í september. Í ársbyrjun 2004 var ákveðið að hækka alla veglínuna og grjótverja fláa þar sem í ljós kom um veturinn að hæðarlínan reyndist of lág þar sem flætt hafði yfir veginn um veturinn og skemmt hann að stórum hluta. Voru verklok framlengd til 1. júní 2005. Framkvæmdum er lokið að öðru leyti en því að eftir er að ganga frá fláum.
Verktaki: Þórarinn Kristinsson, Fellskoti Bláskógabyggð.

Kostnaður:	m.kr.
2003	28
2004	52
Samtals	80

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006 til frekari uppbyggingar á Uxahryggjavegi.

204 Meðallandsvegur
01 Ásgarður - Fossar
Umfang verks: Nýbygging á 3,6 km löngum kafla milli Þykkvabæjar og Grenlækjar.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	22

Verkframvinda: Endurbygging vegar hófst í nóvember 2004 og verkinu á að ljúka í júlí 2005.
Verktaki: Framrás ehf., Vík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	6

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

215 Reynishverfisvegur
01 Hringvegur - Presthús.
Umfang verks: Nýbygging á 4,1 km löngum kafla Reynishverfisvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 41 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	5
Vegáætlun 2003	16
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	9
Ferðamannaleiðir	11
Bráðabirgðalán 2004	6
Samtals	47

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í október 2003 og verkinu lauk í ágúst 2004.
Verktaki: Sandvirki ehf., Þorlákshöfn.

Kostnaður:	m.kr.
2003	12
2004	35
Samtals	47

Skýringar: Við útboðskaflann var bætt við 0,8 km löngum kafla frá Presthúsum að bílastæði og hann lagður einbreiðri klæðingu.

218 Dyrhólavegur
01 Hringvegur - Vatnsskarðshólar.
Umfang verks: Nýbygging á 1 km löngum kafla frá Hringvegi að Vatnsskarðshólavegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	5

Verkframvinda: Verkið var boðið út með Reynishverfisvegi. Framkvæmdir fóru fram sumarið 2004.
Verktaki: Sandvirki ehf., Þorlákshöfn.

Kostnaður:	m.kr.
2004	5

242 Raufarfellsvegur
01 Hringvegur - Hringvegur.
Umfang verks: Nýbygging á 1,24 km löngum kafla frá Hringvegi að ristarhliði við Lambafell.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	11

Verkframvinda: Vegalagning hófst í mars 2004 og lauk í júlí.
Verktaki: Undirbygging, Framrás ehf., Vík. Efra burðarlag og klæðing, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2004	11

252 Landeyjavegur
01-02 Gunnarshólmavegur - Hólmavegur.
Umfang verks: Nýbygging á 5 km löngum kafla frá Gunnarshólma að Bakkavegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	22

Verkframvinda: Framkvæmdum frestað að öðru leyti en því að lokið var við hluta vegskurða, girðinga og efnisvinnslu.

Kostnaður:	m.kr.
2004	9

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

271 Árbæjarvegur
01 Hringvegur - Bjallavegur
Umfang verks: Nýbygging á 2 km löngum vegi frá Hringvegi að Heiðarbrún.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 19 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	13
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	13
Samtals	26

Verkframvinda: Endurbygging vegar hófst í nóvember 2003 og lauk í ágúst 2004. Eftir er að ljúka framkvæmdum við reiðveg og girðingu. Verður því lokið á árinu 2005.
Verktaki: Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli

Kostnaður:	m.kr.
2003	5
2004	20
Samtals	25

Skýringar: Nýbygging var lengd um 900 m frá útboði.

305 Villingaholtsvegur
01 Kolsholt - Urriðafossvegur
Umfang verks: Bygging á 4,2 km löngum kafla frá Vatnsenda að Urriðafossvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	22
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	11
Bráðabirgðalán 2004	6
Samtals	39

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í október 2003 og lauk verkinu í ágúst 2004.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	23
2004	16
Samtals	39

329 Mástunguvegur
01 Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2.
Umfang verks: Byggður var nýr 2,2 km langur kafli Mástunguvegar og sett niður tvö stálræsi í stað einbreiðra brúa á Kálfá og Tunguá. Einnig var lagt malarslitlag á 8,1 km.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 24 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 5
Viðhald brúa 2004 7
Viðhald vega 2004 8
Samtals 20
Verkframvinda: Verkið hófst í ágúst og lauk í október 2004.
Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2004 19
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

340 Auðsholtsvegur
01 um Syðra-Langholt
Umfang verks: Nýbygging vegar frá Skeiða og Hrunamannavegi að Syðra-Langholti og færsla á veginum um Syðra-Langholt.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 11
Verkframvinda: Framkvæmdum frestað til ársins 2005.

365 Gjábakkavegur
01 Laugarvatn - Þingvellir
Umfang verks: Nýbygging vegar milli Laugarvatns og Þingvalla.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 100
Vegáætlun 2004
Viðbótarfé 50
Samtals 150
Verkframvinda: Unnið var að hönnun vegarins og mati á umhverfisáhrifum, en framkvæmdum var frestað.

374 Hvammsvegur
01 Hringvegur - Hringvegur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 2,1 km kafla frá Sogni að Hringvegi.
Framkvæmdarform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 19
Vegáætlun 2004
Tengivegir 4
Samtals 23
Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2002. Framkvæmdir hófust í lok apríl og lauk í ágúst 2002.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi
Kostnaður: m.kr.
2002 23
Skýringar: Fjárveiting ársins 2004 var notuð til greiðslu skuldar.

375 Arnarbælisvegur
01 Hringvegur - Auðsholt
Umfang verks: Endurbygging á veginum frá Hringvegi í átt að Auðsholti.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 3
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað til ársins 2005. Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

427 Suðurstrandarvegur
02-13 Grindavík - Þorlákshafnarvegur
Umfang verks: Nýbygging vegar á milli Grindavíkur og Þorlákshafnar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 13
Vegáætlun 2001 91
Vegáætlun 2003 291
Vegáætlun 2004
Almenn verkefni 24
Flutt yfir á 1-d9 2004 ..... -140
Samtals 279
Verkframvinda: Á árunum 2002, 2003 og 2004 var unnið við landgræðslu á söndunum vestan við Þorlákshöfn og endurbótum og ræsagerð um Festarfjall. Unnið var við girðingarhólf í Selvogi og Krísuvík sem koma í stað girðinga meðfram veginum. Einnig hefur verið unnið að hönnun vegarins og mati á umhverfisáhrifum. Í desember 2004 voru framkvæmdir við 6 km kafla frá Hrauni að Ísólfsskála við Grindavík boðnar út og er gert ráð

fyrir að framkvæmdir hefjist í ársbyrjun 2005.

Kostnaður:	m.kr.
2001	1
2002	6
2003	5
2004	31
Samtals	43

Skýringar: Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar var lagt til að breyta ráðstöfun á fjármagni til vegagerðar í samgönguáætlun 2003–2006 á þann veg að nýta allt að 140 m.kr. af ónotuðum fjárveitingum Suðurstrandarvegar til framkvæmda við þjóðveg nr. 1 um Svínahraun.

Gaddstaðaflatir

Umfang verks: Nýbygging um 1 km langs vegar frá Hringvegi að athafnasvæði hestamanna að Gaddstaðaflötum við Hellu.
Framkvæmdaáform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	7

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í nóvember 2003 og lauk vorið 2004.
Verktaki: Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli.

Kostnaður:	m.kr.
2002	1
2003	6
Samtals	7

Suðvestursvæði

36 Þingvallavegur

12 veglýsing um Helgafellsmela
Umfang verks: Uppsetning veglýsingar með Þingvallavegi frá Hringvegi um Helgafellsmela og framlenging núverandi lýsingar með Hringvegi fram yfir vegamót Þingvallavegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	15
Flutt af 1-f3, 2004	5
Samtals:	20

Verkframvinda: Verkið hófst í september 2003 og lauk í desember 2003.
Verktaki: Jöfnun ehf, Hellu. Kostnaður á árinu 2004 er vegna lokauppgjörs við verktaka.

Kostnaður:	m.kr.
2003	18
2004	2
Samtals	20

41 Reykjanesbraut

15-18 Krýsuvíkurvegur - Víknavegur, breikkun
Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar úr tveimur akreinum í fjórar akreinar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Fyrsti áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar á 8,5 km löngum kafla frá Hvassahrauni að Strandarheiði og bygging mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg, ásamt færslu Vatnsleysustrandarvegar á um 1,8 km löngum kafla. Á verktímanum var samið um lengingu áfangans um 3,5 km á grundvelli einingarverða tilboðs.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun:
1. áfangi 1.100 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri áfanga 105
Vegáætlun 2002 134
Vegáætlun 2003 300
Vegáætlun 2004
Verkefni á landsbyggð 306
Bráðabirgðalán 2004 306
Samtals: 1.151
Verkframvinda: 1. áfangi var boðinn út í október 2002 og framkvæmdir hófust í janúar 2003. Í árslok 2003 var lokið u.þ.b. 65% af verkinu. Verki lokið 1. okt.2004.
Verktaki: 1. áfangi Háfell ehf., Reykjavík, Jarðverk ehf., Reykjavík og Eykt ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2002 7
2003 602
2004 542
Samtals 1.151
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

45 Garðskagavegur
05 um Ósabotna
Umfang verks: Lagning nýs vegar með bundnu slitlagi um Ósabotna. Í fyrri áfanga er um að ræða 2,4 km kafla frá Hafnavegi að eldri vegi innan flugvallarsvæðis.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 15
Verkframvinda: Unnið við hönnun en framkvæmdum frestað til 2005.
Skýringar: Fjárveiting er vegáætlun 2005

48 Kjósarskarðsvegur
01-11 Hvalfjarðarvegur - Þingvallavegur
Umfang verks: Fyrri áfangi er endurbætur á 5,7 km löngum kafla milli Hvalfjarðarvegar og Reynivalla. Seinni áfangi er endurnýjun frá Reynivöllum að Meðalfellsvegi um 5,1 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: m.kr.
Fyrri áfangi 85
Seinni áfangi 95
Samtals 180
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá öðrum verkum ... -21
Vegáætlun 2000 29
Vegáætlun 2001 23
Vegáætlun 2002 36
Vegáætlun 2003 40
Vegáætlun 2004
Tengivegir 27
Bráðabirgðalán 2004 7
Samtals 141
Verkframvinda: Fyrri áfangi, kaflinn frá Hvalfjarðarvegi að Reynivöllum, var boðinn út í ágúst 2001 og því verki lauk í ágúst 2002. Kostnaður 2003 er vegna uppgjörs á efni sem Vegagerðin lagði til í verkið. Á árinu 2003 var unnið að hönnun seinni áfanga en framkvæmdum frestað til 2004. Seinni áfangi var boðinn út sumarið 2004 en verkið stytt um 2 km.
Verktaki: Fyrri áfangi, Berglín ehf., Stykkishólmi. Seinni áfangi, KNH ehf, Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2001 34
2002 56
2003 8
2004 43
Samtals 141
Skýringar: Fjárveiting er á vegáætlun 2005.

407 Bláfjallaleið

01 Bláfjallavegur - bifreiðastæði

Umfang verks: Afrétting og styrking vegar og hann lagður bundnu slitlagi.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 50 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	33
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	13
Bráðabirgðalán 2003	4
Samtals	50

Verkframvinda: Verkið var unnið í júlí og ágúst 2003. Fjárveiting árið 2004 var notuð til greiðslu skuldar.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar og Arnardalur sf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	50

Skýringar: Fjárveiting er á vegáætlun 2005

408 Heiðmerkurvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	24
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	10
Samtals	34

Skýringar: Framkvæmdum var frestað. Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

426 Bláalónsvegur

Umfang verks: Nýbygging Bláalónsvegar á 5 km kafla frá heimkeyrslu að Bláalóni og að Nesvegi við Grindavík.

Framkvæmdaform: Útboð, samningur.

Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-12
Vegáætlun 1999	22
Vegáætlun 2000	10
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	20
Vegáætlun 2002	11
Vegáætlun 2003	12
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	10
Samtals	74

Verkframvinda: Verkinu er skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanga lauk í október 2000 en í honum fólst að ganga frá fyllingum og neðra burðarlagi ásamt ræsum. Seinni áfanga var áætlað að lyki árið 2001, en áður en til þess kom lýsti verktaki sig gjaldþrota. Verkið var boðið út aftur, en einungis bárust tvö tilboð og reyndust þau óhagstæð og var framkvæmdum við síðari áfangann því frestað. Árið 2002 lauk vinnuflokkur Vegagerðarinnar við frágang vegarins undir bundið slitlag. Klæðing á veginn var síðan með í útboði fyrir klæðingarviðhald ársins og lauk gerð vegarins í júlí 2002.

Verktaki: Vegagerð 2001, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Vegagerð 2002, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Lögn slitlags 2002, Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	40
2001	4
2003	28
Samtals	72

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

e3 gatnamót við Nesbraut

Umfang verks: 1. áfangi mislægra gatnamóta Hringvegar og Nesbrautar ásamt römpum og brúm. Einnig lagfæringar í gjá á Hringvegi við Bæjarháls.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2002	10
Vegáætlun 2003	140
Vegáætlun 2004 Höfuðborgarsvæðið	65
Samtals	225

Verkframvinda: Unnið var að hönnun en framkvæmdum frestað.

f2-f3 breikkun Víkurvegur - Skarhólabraut

Umfang verks: Tvöföldun Hringvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ, lengd 3,5 km, ásamt tveim hringtorgum og tveim brúm á Korpu.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 934 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	124
Vegáætlun 2004 Höfuðborgarsvæðið	285
Flutt á 36-12	-5
Flutt á 1-f7	-3
Samtals	401

Verkframvinda: Tilboð voru opnuð í júlí 2004 og verkið hófst í ágúst. Áætluð verklok eru í október 2005.

Verktaki: Jarðvélar ehf., Reykjavík

Kostnaður:	m.kr.
2004	285

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Orkuveitu Reykjavíkur, Landssíma Íslands og Landsvirkjun. Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

41 Reykjanesbraut

11 gatnamót við Stekkjarbakka

Umfang verks: Um er að ræða gerð mislægra gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka. Til framkvæmdanna telst gerð tveggja brúa á Stekkjarbakka yfir Reykjanesbraut, gerð göngubrúar yfir Reykjanesbraut, gerð undirganga undir Stekkjarbakka auk allrar vega- og stígagerðar og landmótunar sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu endanlega.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 873 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	30
Vegáætlun 2003	575
Vegáætlun 2004 Höfuðborgarsvæðið	128
Bráðabirgðalán 2004	89
Samtals	822

Verkframvinda: Verkið var boðið út í febrúar 2003 og voru gatnamótin opnuð formlega 11. október 2003. Verkinu lauk sumarið 2004.

Verktaki: Jarðvélar ehf, Reykjavík

Kostnaður:	m.kr.
2003	730
2004	92
Samtals	822

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Orkuveitu Reykjavíkur. Á árinu 2004 eru greiddar eftirstöðvar af gatnamótum Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar að upphæð 6 m.kr.

12-13 Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, breikkun

Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika og gerð ljósastýrðra gatnamóta við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 450
Flutt á 41-11 2003 ..... -54
Vegáætlun 2004
Höfuðborgarsvæðið 124
Viðbótarfé 200
Samtals 720
Verkframvinda: Á árinu 2003 var unnið að hönnun, en framkvæmdum frestað til 2004. Vegna ágreinings um hljóðvarnir frestuðust framkvæmdir enn frekar.
Skýringar: Fjárveitingar til verksins eru í vegáætlun 2005 og 2006.

14 Kaplakriki - Lækjargata
Umfang verks: Til framkvæmdanna telst breyting Reykjanesbrautar í 4 akreinar frá Álftanesvegi að Lækjargötu, gerð hringtorga við Flatahraun og Lækjargötu, gerð tveggja nýrra undirganga, endurbygging efsta hluta Lækjargötu með nýju hringtorgi við Hringbraut auk stígagerðar og landmótunar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 483 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 100
Vegáætlun 2004
Höfuðborgarsvæði 77
Bráðbirgðalán 2004 181
Samtals 358
Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2004 og framkvæmdir hófust í júní. Í lok árs 2004 var ólokið gerð göngustíga, hljóðgirðinga og yfirborðsfrágangi.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2004 358
Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir. Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

14 Lækjargata - Kaldárselsvegur
Umfang verks: Um er að ræða færslu Reykjanesbrautar frá Lækjargötu að Ásbraut, gerð mislægra gatnamóta við Kaldárselsveg ásamt vega- og stígagerð um gatnamótin. Einnig bygging göngubrúar yfir Reykjanesbraut og undirganga undir hana.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.050 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 359
Vegáætlun 2002 330
Vegáætlun 2003 150
Vegáætlun 2004
Höfuðborgarsvæðið 51
Samtals 890
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2003 og verklok voru sumarið 2004.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2001 38
2003 426
2004 343
Samtals 807
Skýringar: Kostnaður á árinu 2001 er vegna kaupa á fasteignum á vegsvæði. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir. Uppgjöri er ekki lokið.

49 Nesbraut
04 Kringlumýrarbraut - Bjarkargata
Umfang verks: Færsla Hringbrautar frá Rauðarárstíg að Tjörninni (Þorfinnstjörn) og aðlögun við aðliggjandi götur. Einnig breytingar á núverandi Hringbraut og tengingar við hana og gerð göngubrúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.162 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af 49-03	3
Vegáætlun 2001	54
Vegáætlun 2002	130
Vegáætlun 2003	250
Vegáætlun 2004	
Höfuðborgarsvæði	66
Viðbótarfé	100
Samtals	603

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2004. Á árinu 2004 var unnið við skeringar og fyllingar í nýju Hringbrautina frá Miklubraut við Rauðarárstíg að gömlu Hringbrautinni við Þorfinnstjörn. Lokið var við gerð nýrra gatnamóta á Bústaðavegi og undirganga fyrir gangandi vegfarendur undir suðvestur slaufu og rampa. Áætluð verklok eru í október 2005.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík

Kostnaður:	m.kr.
2004	504

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg

411 Arnarnesvegur

05 Reykjanesbraut - Elliðavatnsvegur
Umfang verks: Lögn tveggja akreina Arnarnesvegar um Leirdal frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi og bygging þrennra undirgangna. Einnig mótun og frágangur hljóðmana og göngu- og reiðstíga á svæðinu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 216 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	100

Verkframvinda: Verkið var boðið út í janúar 2004 og lauk í október sama ár.
Verktaki: ÍAV hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	161

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ. Uppgjöri er ekki lokið. Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

413 Breiðholtsbraut

01 Hringvegur - Jaðarsel
Umfang verks: Gerð nýrra, stefnugreindra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Vatnsendahvarfs í Kópavogi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 27 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Óráðstafað	33

Verkframvinda: Verk hófst í apríl 2003 og lauk í september 2003. Uppgjöri ekki lokið.
Verktaki: Jarðvélar ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2003	26
2004	7
Samtals	33

450 Sundabraut

Sundabraut, undirbúningur
Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík og undirbúningi mats á umhverfisáhrifum í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	41
Vegáætlun 2001	54
Vegáætlun 2002	50
Vegáætlun 2003	50
Vegáætlun 2004	
Höfuðborgarsvæði	51
Samtals	307

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
2000	46
2001	6
2002	9
2003	40
2004	16
Samtals	173

Göngubrýr og undirgöng

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Höfuðborgarsvæði	61

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Umferðarstýring

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	20
Vegáætlun 2004	
Höfuðborgarsvæði	31
Samtals	51

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Smærri verk og ófyrirséð

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrra ári	33
Vegáætlun 2004	
Höfuðborgarsvæði	61
Samtals	94

Skýringar: Á árinu 2004 var ráðstafað 33 m.kr. til greiðslu kostnaðar við stefnugreind gatnamót Breiðholtsbrautar og Vatnsendahvarfs. Eftirstöðvar eru því 61 m.kr.

Norðvesturskjördæmi

1 Hringvegur

g0 göng - Akrafjallsvegur

Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innesvegi.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	160
Vegáætlun 1999	82
Vegáætlun 2000	75
Vegáætlun 2001	63
Vegáætlun 2002	63
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	60
Vegáætlun 2004	
Stórverkefni	61
Samtals	985

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árunum 1999-2000 var unnið að lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árunum 2001-2002 var unnið að gerð reiðvegar frá Grafargili og að Fellsendavegi og árunum 2002-2004 var gert við missig á vegfyllingu á Hringvegi og Akrafjallsvegi.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
2000	17
2001	19
2002	26
2003	21
2004	24
Samtals	985

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga voru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veg-

gjaldi og með láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2004 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs og 16 m.kr. voru arðgreiðslur til hluthafa Spalar. Á árinu 2004 var greiddur kostnaður vegna klifurreinar sunnan ganga að upphæð 4 m.kr.

g7 Borgarnes
Umfang verks: Bygging hringtorgs á vegamótum Hringvegar og Snæfellsnesvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 59 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	16
Vegáætlun 2003	34
Bráðabirgðalán 2004	13
Samtals	63

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2002 og hófust framkvæmdir í nóvember. Verkinu lauk í júlí 2003.
Verktaki: Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	13
2003	46
2004	4
Samtals	63

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

h0-h1 Borgarfjarðarbraut - Hrauná
Umfang verks: Endurbygging vegar á 6,2 km löngum kafla frá Gljúfurá og að Ólafarflóa norðan Grafarkots.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 390 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	11
Bráðabirgðalán 2004	60
Samtals	71

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2004 og hófust framkvæmdir í október það ár. Verklok eru áætluð í ágúst 2006.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	71

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2005 og 2006

n0 Kjálkavegur - Fremrikot
Umfang verks: Endurbygging á 14 km löngum kafla um Norðurárdal í Skagafirði.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	10
Vegaáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	52
Samtals	62

Kostnaður:	m.kr.
2003	10

Skýringar: Í tengslum við verkið Strandvegur á Sauðárkróki voru unnir 14.300 m^3 af rofvarnargrjóti á lager. Framkvæmdum var frestað þar sem framkvæmdaleyfi fékkst ekki.

50 Borgarfjarðarbraut

01 um Andakílsá
Umfang verks: Ný brú byggð í stað einbreiðrar brúar á Andakílsá ásamt 0,5 km vegtengingu að brúnni.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 97 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2004	12

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í desember við gerð fyllinga að brúarstæðinu og var þeim lokið. Steyptur var upp nyrðri stöpull brúarinnar.
Verktakar: Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Tenging brúar, Þróttur ehf.

Kostnaður:	m.kr.
2004	12

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005. Ákveðið var að flýta framkvæmdum til að hægt væri að ljúka byggingu brúarinnar fyrir upphaf veiðitíma í ánni.

02-03 Andakílsá - Kleppjárnsreykir
Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnar-

læk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt byggingu á 88 m langri brú á Grímsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.
Kostnaðaráætlun: 485 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	39
Vegáætlun 1997	30
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	69
Vegáætlun 2000	86
Fjáraukalög 2000	3
Vegáætlun 2001	70
Vegáætlun 2002	42
Vegáætlun 2003	8
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	75
Bráðabirgðalán 2004	13
Samtals	535

Verkframvinda: Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Lokið var við lögn efra lags klæðingar á þann kafla á árinu 2000. Haustið 1999 hófust framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlækjar og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Haustið 2000 var lokið við byggingu brúar á Grímsá og lögn klæðingar á kaflann frá Hesti og að Hnakkatjarnarlæk. Á árinu 2001 var lokið við byggingu vegar frá Hesti og að Andakílsá ásamt 3,2 km kafla á Skorradalsvegi. Á árinu 2002 var unnið að lokafrágangi og lögn slitlags.
Verktaki: Vegagerð Hnakkatjarnarlækur - Kleppjárnsreykir, LG véruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð Andakílsá - Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	3
1997	3
1998	9
1999	167
2000	205
2001	130
2002	16
2003	1
2004	1
Samtals	535

Skýringar: Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið. Kostnaður á árinu 2004 var vegna lagfæringu á reiðvegi. Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

54 Snæfellsnesvegur
09 um Vatnsholtsá
Umfang verks: Ný brú byggð í stað einbreiðrar brúar á Vatnsholtsá og hún tengd.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Til brúagerðar	19
Tengivegir	7
Samtals	26

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september og var brúin opnuð fyrir umferð í nóvember. Lagningu bundins slitlags og lokafrágangs var frestað til vors.
Verktakar: Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Tenging brúar, Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður:	m.kr.
2004	25

10 Bjarnarfoss - Egilsskarð
Umfang verks: Endurbygging á Snæfellsnesvegi á 3,4 km kafla frá Bjarnarfossi að Egilsskarði ásamt endurbyggingu 8,1 km kafla á Útnesvegi frá nýjum vegamótum Snæfellsnesvegar við Fróðárheiði að Kambsgili.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 203 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-6
Vegáætlun 1999	10
Vegáætlun 2000	98
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2001	82
Flutt af 574-01	27
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	3
Tengivegir	9
Bráðabirgðalán 2004	7
Samtals	232

Verkframvinda: Verkið hófst í desember 1999 og var því lokið að mestu haustið 2001. Kostnaður ársins 2002 er að mestu vegna fokskemmda á klæðingu.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	15
2000	86
2001	125
2002	6
Samtals	232

Skýringar: Endurbygging Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar við Fróðárheiði var boðin út sameiginlega þar sem nokkur tilfærsla verður á vegunum þar sem þeir koma saman og nauðsynlegt var að verkin væru unnin samtímis. Því er fjárveiting í vegáætlun til Útnesvegar talin með þessu verkefni. Hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun eru fluttar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

10 Fróðárheiði
Umfang verks: Endurbygging vegar á 2,5 km löngum kafla á Fróðárheiði frá Miðfellsgili að Valavatni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	16
Vegáætlun 2003	29
Samtals	45

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2003 og hófust framkvæmdir í október það ár. Verklok voru í september 2004.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður:	m.kr.
2003	7
2004	36
Samtals	43

15 Kolgrafafjörður
Umfang verks: Bygging 7,3 km langs vegar um Kolgrafafjörð ásamt 230 m langri brú á fjörðinn.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 860 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	21
Flutt á Vatnaleið 2003	-12
Vegáætlun 2003	180
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	255
Bráðabirgðalán 2004	367
Samtals	811

Verkframvinda: Á árunum 2001-2002 var unnið að rannsóknum og undirbúningi. Verkið var boðið út í febrúar 2003 og hófust framkvæmdir í maí það ár. Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að ljúka verkinu haustið 2005 en samið var um að flýta opnun vegarinns fyrir almenna umferð til haustsins 2004. Eftir er að ljúka seinna lagi klæðingar og frágangi.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður: m.kr.
2001 8
2002 7
2003 438
2004 358
Samtals 811
Skýringar: Kostnaður 2001 og 2002 er vegna undirbúningsrannsókna í Kolgrafafirði. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2005-2006.

18 Hnappá
Umfang verks: Setja niður stálræsi í stað einbreiðrar brúar á Hnappá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 3
Verkframvinda: Verkinu var frestað árið 2003, en ræsið sett niður á árinu 2004.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2004 2

21 Blankur
Umfang verks: Setja niður stálræsi í stað einbreiðrar brúar á Blank.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Smábrýr 4
Verkframvinda: Verkið var unnið sumarið 2004.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2004 6

60 Vestfjarðavegur
01-02 um Bröttubrekku
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins var endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað og var hann boðinn út 1999. Í lok árs 2000 var boðinn út 11,3 km langur kafli frá Hringvegi og yfir Bröttubrekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 90 m.kr. 2. áfangi: 436 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 56
Vegáætlun 2000 56
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 78
Vegáætlun 2002 250
Vegáætlun 2003 83
Vegáætlun 2004
Verkefni á landsbyggð 48
Bráðabirgðalán 2004 83
Samtals 656
Verkframvinda: Framkvæmdir við 1. áfanga hófust haustið 1999 og lauk í september 2000. Framkvæmdir við 2. áfanga hófust snemma árs 2001 og þeim lauk í september 2003.
Verktaki: 1. áfangi, Tak ehf., Borgarnesi. 2. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
1999 13
2000 78
2001 58
2002 193
2003 311
2004 3
Samtals 656
Skýringar: Kostnaður árið 2004 er vegna viðgerða á missigi og greiðslu landbóta.

10 og 21 Gilsfjörður
Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1993	16
Vegáætlun 1994	27
Vegáætlun 1995	65
Vegáætlun 1996	124
Vegáætlun 1997	181
Vegáætlun 1998	394
Vegáætlun 1999	76
Vegáætlun 2000	30
Vegáætlun 2001	26
Vegáætlun 2002	26
Vegáætlun 2003	21
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	15
Samtals	1001

Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október 1998. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.

Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1993	10
1994	2
1995	32
1996	248
1997	280
1998	361
1999	38
2000	4
2001	1
2002	5
2003	4
2004	5
Samtals	990

Skýringar: Kostnaður árin 2000-2003 er vegna umhverfisrannsókna. Að öðru leyti eru fjárveitingar notaðar til greiðslu skulda. Síðasta lota rannsókna á staðnum var á árinu 2003 en úrvinnslu lauk á árinu 2004.

60 Vestfjarðavegur

Stórverkefninu, Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur - Flókalundur, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2006, þar á meðal viðbótarfé 2003 og 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

29 Eyrará - Múli

Umfang verks: Um er að ræða nýjan kafla 3,16 km langan ásamt nýrri 16 m langri brú á Múlaá og stálræsi í Eyrará.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 125 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	50
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	3
Viðbótarfé	49
Samtals	102

Verkframvinda: Í júní 2003 var verkið boðið út í tveimur útboðum. Bygging brúarinnar hófst í ágúst og lauk að mestu á árinu. Lítið eitt var byrjað á vegagerð á árinu 2003. Verklok voru haust 2004. Eftir er að leggja efra lag slitlags.

Verktakar: Brúargerð, Íslenskir verktakar ehf., Mosfellsbæ. Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík.

Kostnaður:	m.kr.
2003	33
2004	69
Samtals	102

29-31 Múli - Vattarnes

Umfang verks: Um er að ræða 19,2 km langan kafla af nýjum vegi frá Múla í Kollafirði, um Kollafjörð, Klettsháls, Skálmarfjörð og á Vattarnes.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 547 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 38
Vegáætlun 2002 129
Vegáætlun 2003 350
Flutt til Kleifaheiðar 2003 ... -14
Vegáætlun 2004
Viðbótarfé 101
Samtals 604
Verkframvinda: Kaflinn var boðinn út í nóvember 2001. Verkið hófst í apríl 2002 og unnið var fram að jólum að verkinu. Árið 2002 lauk að miklu leyti gerð fyllinga og lögn neðra burðarlags frá Múla um Kollafjörð og yfir Klettsháls að brún að vestan, nema hvað 1 km langur kafli var eftir í botni Kollafjarðar. Samtals voru lagðir rúmir 12 km 2002 og kaflinn yfir hálsinn tekinn í notkun. Árið 2003 var haldið áfram af krafti og fékkst aukið framlag af viðbótarfé, þannig að hægt var að semja um flýtingu á verkinu. Á árinu 2003 var lagt fyrra lag slitlags á allan kaflann nema 2 km austan til í Skálmardal. Á árinu 2004 var lokið við slitlag og frágang. Verklok voru haustið 2004.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaður: m.kr.
2002 212
2003 266
2004 49
Samtals 527
Skýringar: Á árinu 2003 voru 14 m.kr. færðar á Barðastrandarveg 62-04 um Kleifaheiði.

31 Vattarfjörður
Umfang verks: Lagt var slitlag á 5,6 km langan kafla frá Vattarnesi út undir Eiðið. Um helmingur kaflans var nýr og þurfti ekki endurbóta við en helmingurinn var um 20 ára gamall kafli sem þurfti allmiklar endurbætur.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 50
Verkframvinda: Samið var við verktaka kaflans Múli-Vattarnes um þetta verk, sem lengingu þess kafla. Lögn fyrra lags slitlags lauk í október 2003. Frágangur og síðara lag slitlags lauk sumarið 2004.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaðaráætlun: 50 m.kr.
Kostnaður: m.kr.
2003 41
2004 7
Samtals 48

61 Djúpvegur
10 Forvaði - Þorpar
Umfang verks: Endurleggja á 6,4 km langan kafla með bundnu slitlagi. Meðal annars liggur kaflinn um Hvalsárhöfða og Grindarkrók þar sem óhöpp hafa verið tíð. Á þessum kafla þarf að fara út í sjó og koma fyrir nokkuð mikilli rofvörn.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 123 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri áfanga 16
Flutt á kafla 09 ..... -3
Vegáætlun 2003 58
Vegáætlun 2004
Viðbótarfé 50
Samtals 121
Verkframvinda: Verkið hófst í nóvember 2003, unnið var allan veturinn og slitlag lagt um sumarið 2004. Endanleg verklok voru haustið 2004.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2003 10
2004 86
Samtals 96

11 Leiðaval til suðurs frá Hólmavík
Umfang verks: Vinna að athugun og skýrslugerð um hvort fara eigi um Tröllatunguheiði eða suður Strandasýslu.
Framkvæmdaform: Samningar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 5
Verkframvinda: Á árinu 2003 var gerð

mikil umferðarkönnun og skýrsla um hugsanlega áhrif vegar um Tröllatunguheiði á samstarf byggðanna sitt hvoru megin heiðar. Á árinu 2004 var unnið að forhönnun vegar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	2
2004	2
Samtals	4

24 Lágidalur, breikkun

Umfang verks: Breikkað slitlag á 7,4 km löngum kafla samfara styrkingu vegar og lagfæringu á snjóastað.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 49 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Frá viðhaldi 2003	26
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	19
Samtals	45

Verkframvinda: Verkið var unnið um mitt sumar 2003.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2003	45

61 Djúpvegur

Stórverkefninu, Ísafjarðardjúp, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2006, þar á meðal viðbótarfé 2003 til 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Mörk svæðisins að utanverðu eru í Álftafirði.

32-34 Kleifar - Hestur

Umfang verks: Lagfæra á 31,5 km langan kafla og leggja á hann bundið slitlag. Endurgera þarf grjótvörn á mjög löngum köflum.
Framkvæmdaform: útboð.
Kostnaðaráætlun: 550 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt til Þorskafjarðarheiðar	-11
Vegáætlun 2003	270
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	112
Viðbótarfé	110
Samtals	481

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2003 og hófst í ágúst. Unnið var að breikkun og grjótvörn í Hestfirði á árinu 2003 og voru þeir verkþættir langt komnir á 10 km kafla. Á árinu 2004 var haldið áfram í Hestfirði og Skötufirði og um áramótin voru 4 km eftir í fyllingum og rofvörn og um 8 km af fyrra lagi klæðingar. Talsverður frágangur er eftir sem og efra lag slitlags á allan kaflann. Verklok eru áætluð sumarið 2005.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	114
2004	292
Samtals	406

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

35 Kambsnes - Álftafjarðabotn

Umfang verks: Um er að ræða breikkun og styrkingu á tveimur köflum. Þetta er gamall vegur sem styrktur var lítilega og lagt á hann einbreitt slitlag laust fyrir 1990. Annar kaflinn, 7,7 km, er um Sjötúnahlíð en hinn, 1 km að lengd, um Vatnshlíð
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 110 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	50
Vegáætlun 2004	
Viðbótarfé	40
Samtals	90

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2003 og hófst í desember það ár. Unnið var nær allan veturinn í undirbyggingu og voru verklok í september 2004. Að auki var slitlag á milli kaflanna breikkað.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður: m.kr.
2003 2
2004 88
Samtals 90

61 Djúpvegur
38 - 39 Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð
Umfang verks: Breikkun rása í Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð.
Framkvæmdaform: Framkvæmdir 2003-2004, samningar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Almenn verkefni 16
Verkframvinda: Sumarið 2003 var unnið að breikkun rása í Súðavíkurhlíð á heppilegum tíma. Sumarið 2004 var haldið áfram með breikkun rása á Súðavíkurhlíð, hreinsað að klöpp á snjóflóðasvæði milli gilja nr. 7-12, verki ekki lokið. Einnig var sprengdur stór skápur í gili nr. 7. Efni úr því m.a. notað í breikkun vegar fyrir Arnarnes (þar var síðan sett vegrið) og á Kirkjubólshlíð, þar sem áform eru um að setja vegrið.
Verktaki: Framkvæmdir 2003-2004, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 2
2004 13
Samtals 15

45 Óshlíð
Umfang verks: Varnir gegn hruni á Eyrarhlíð og Óshlíð. Gröftur snjóflóðaskápa og uppsetning stálþils.
Framkvæmdaform: Útboð þar sem öllum tilboðum var hafnað, síðar samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -2
Vegáætlun 2004
Almenn verkefni 22
Bráðabirgðalán 2004 4
Samtals 24
Verkframvinda: Verkið boðið út í júlí 2004. Eftir að öllum tilboðum hafði verið hafnað, var samið um framkvæmd verksins. Verk hófst í september og er búið að grafa alla skápa og setja upp 4 þil á Óshlíð. Vegna slæmrar tíðar náðist ekki að setja upp 2 þil á Óshlíð og 2 þil á Eyrarhlíð.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 2
2004 22
Samtals 24

62 Barðastrandarvegur
03 Hlíð - Kleifaheiði
Umfang verks: Breikkað bundið slitlag á 6 km löngum kafla. Einnig var 1 km kafli hækkaður. Með þessum áfanga er komið samfellt tvíbreitt bundið slitlag frá Flókalundi til Patreksfjarðar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Frá viðhaldi 2003 9
Vegáætlun 2004
Almenn verkefni 13
Samtals 22
Verkframvinda: Verkið hófst sumarið 2003 og lauk í september.
Verktaki: vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 22
Skýring: Fjárveiting árið 2004 var notuð til greiðslu skulda.

67 Hólmavíkurvegur
01 Skeiði - Höfðatún
Umfang verks: Endurlagður 400 m langur kafli, sett há fylling og stórt ræsi í Kálfaneslæk. Sett upp götulýsing á 500 m kafla á Hólmavíkurvegi og 450 m kafla á Djúpvegi við vegamótin.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags og veglýsing, samningur.
Kostnaðaráætlun: 28 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 21
Vegáætlun 2004
Almenn verkefni 7
Samtals 28
Verkframvinda: Verkið hófst í júní 2003 og lauk í september 2003.
Verktaki: Vegagerð, Tígur ehf., Súðavík. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Veglýsing, Orkubú Vestfjarða hf., Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 28
Skýring: Fjárveiting 2004 var notuð til greiðslu skulda.

76 Siglufjarðarvegur
13 Gránugata
Umfang verks: Endurbygging þjóðvegar innan þéttbýlis á Siglufirði á 450 m löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 30
Vegaáætlun 2004
Almenn verkefni 7
Bráðabirgðalán 2004 13
Samtals 50
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Bás ehf., Siglufirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 50

503 Innnesvegur
02 Esjubraut/Garðabraut, hringtorg.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 1
Skýringar: Verkinu var frestað.

506 Grundartangavegur
01 Hringvegur - Hafnarsvæði
Umfang verks: Bygging á nýjum 2,1 km löngum vegi að verksmiðjusvæði á Grundartanga.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 30
Vegáætlun 2004
Orku- og iðjuvegir 21
Bráðabirgðalán 2004 3
Samtals 54
Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2003. Vegna tafa á afgreiðslu skipulags hófust framkvæmdir ekki fyrr en í lok mars 2004. Verklok, sem áætluð voru í september 2004, drógust því fram á vetur og þurfti því að fresta frágangi og lögn efra lagi klæðingar fram á vorið 2005.
Verktaki: Þróttur ehf., Skilmannahreppi.
Kostnaður: m.kr.
2003 1
2004 53
Samtals 54

508 Skorradalsvegur
02 Dragavegur - Hvammur
Umfang verks: Endurbygging á 1,3 km kafla Skorradalsvegar frá Dragavegi að Vatnsenda.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -19
Vegáætlun 2003 35
Bráðabirgðalán 2004 16
Samtals 20
Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2003. Verklok voru í september 2003.
Verktaki: Þróttur ehf., Skilmannahreppi.
Kostnaður: m.kr.
2003 20
Skýringar: Hluti fjárveitingar 2003 var notuð til greiðslu skulda frá fyrri áfanga Skorradalsvegar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2005 og 2006.

513 Bæjarsveitarvegur

01 Borgarfjarðarbraut - Laugarholt
Umfang verks: Vegurinn sem er 2,4 km að lengd var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	25
Bráðbirgðalán 2004	5
Samtals	30

Verkframvinda: Framkvæmdin var boðin út í apríl 2003 og hófust framkvæmdir í mars. Verkinu lauk í september það ár, nema að seinna lag klæðingar sem var lagt 2004.
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.

Kostnaður:	m.kr.
2003	25
2004	5
Samtals	30

518 Hálsasveitarvegur

03 Stóri Ás - Húsafell.
Umfang verks: Endurbygging vegar á 8,0 km löngum kafla frá Stóra Ási og að Húsafelli.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 145 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	61

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2004. Framkvæmdir hófust í október sama ár.
Verktaki: Jörvi ehf., Hvanneyri.

Kostnaður:	m.kr.
2004	27

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005

574 Útnesvegur

01 um Kamb
Umfang verks: Lagt var bundið slitlag á 2,0 km kafla frá Stóra Kambi að Gröf sem endurbyggður var að hluta 1996.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	4
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	26
Flutt á 574-04, 2004	-11
Samtals	19

Verkframvinda:
Verk hafið 1996
Verki lokið 1998
Verktaki: Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.

Kostnaður:	m.kr.
1996	4
1997	4
1998	10
2004	1
Samtals	19

Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem var til Útnesvegar um Klifhraun lánaður til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum. Kostnaður á árinu 2004 er vegna greiðslu landbóta.

04 Hella - Hellissandur
Umfang verks: Verkið er unnið í tveimur áföngum. Endurbygging á 3,7 km löngum kafla á Útnesvegi frá Móðulæk að Gufuskálum og endurbygging á 6,8 km löngum kafla á Útnesvegi frá Saxhóli að Móðulæk.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 92 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	5
Vegáætlun 2003	46
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	32
Flutt af 574-01, 2004	11
Samtals	94

Verkframvinda: Fyrri áfangi var boðinn út í júní 2002 og lauk um haustið. Síðari áfangi var boðinn út í apríl 2003 og lauk um haustið.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður: m.kr.
2002 26
2003 68
Samtals 94

585 Hlíðarvegur
01 um Svarfhól
Umfang verks: Bygging á nýjum 1,5 km löngum vegarkafla um Svarfhól.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 6
Bráðabirgðalán 2004 4
Samtals 10
Verkframvinda: Verkið var unnið í júlí og ágúst. Verkinu er lokið.
Verktaki: Vinnuflokkar Vegagerðarinnar í Búðardal.
Kostnaður: m.kr.
2004 10

606 Karlseyjarvegur
01 Reykhólasveitarvegur - Karlsey
Umfang verks: Um er að ræða uppsetningu og tengingu á ljósastaurum innan þéttbýlis á Reykhólum, í allt 17 staurar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 5
Verkframvinda: Verkið var unnið í október og nóvember 2004.
Verktakar: Kolur ehf., Reykhólasveit og Orkubú Vestfjarða hf., Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2004 4

617 Tálknafjarðarvegur
03 um Sveinseyri
Umfang verks: Hækkaður og endurbyggður 1 km langur kafli um Sveinseyri og lagt á hann bundið slitlag.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 13
Verkframvinda: Verkið hófst sumarið 2003 og lauk í september sama ár. Á árinu 2004 var gengið frá námu og sáð í vegsvæði.
Verktaki: Stakkafell ehf., Patreksfirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 12
2004 1
Samtals 13

643 Strandavegur
04-05 Ásmundarnes - Eyjar
Umfang verks: Nýlögn og styrking á 11,2 km kafla frá Ásmundarnesi yst í Bjarnarfirði að Eyjum. Sá hluti sem boðinn var út nú frá Ásmundarnesi að Illholti er 5,1 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 57 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrra verki 6
Vegáætlun 2003 23
Vegáætlun 2004
Ferðamannaleiðir 26
Bráðabirgðalán 2004 4
Samtals 59
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2003 og hófst vinna í ágúst. Lokið var fyrir áramót að leggja burðarlag á kaflann. Á árinu 2004 var lokið við frágang og mölburð, eins og efni dugði. Efni unnið 2004 og stefnt að því að mölbera allan kaflann á árinu 2005.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Efnisvinnsla: Sigurþór P. Þórisson, Hvalskeri, Patreksfirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 45
2004 14
Samtals 59
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

645 Drangsnesvegur
01 Reykjarnes - Drangsnes
Umfang verks: Nýlögn og að hluta endurlögn á samtals 3,2 km kafla um Selströnd milli Skáruklettaness og Fiskiness. Ennfremur lögn bundins slitlags milli Kleifa og Akraness, um 2,1 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 96 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	6
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	41
Samtals	47

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2004 og eru verklok fyrirhuguð í september 2005. Verk er ekki hafið en á árinu 2004 voru greiddar landbætur.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	1

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

711 Vatnsnesvegur
02 um Hamarsá
Umfang verks: Nýbygging á 1,0 km löngum kafla á Vatnsnesvegi og endurbygging á brú á Hamarsá í steyptan stokk.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, samningur. Vegagerð, útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	12
Smábrýr	12
Viðhald brúa	6
Samtals	30

Verkframvinda: Byggingu brúarstokks lauk í júní 2004. Lagningu vegar lauk í október 2004.
Verktaki: Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	28

714 Fitjavegur
02 Finnmörk - Miðfjarðarvegur
Umfang verks: Endurbygging vegar á 6,5 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 31 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	28
Bráðabirgðalán 2004	6
Samtals	34

Verkframvinda: Verki lauk að mestu á árinu 2003 en lokafrágangur vegsvæða var unninn á árinu 2004. Verki er lokið.
Verktaki: Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	33
2004	1
Samtals	34

722 Vatnsdalsvegur
04 Hvammur - Steinkot
Umfang verks: Endurbygging og lögn malarslitlags á 3,5 km langan kafla frá Hjallalandi að Steinkoti.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 44 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	8
Frðamannaleiðir	13
Bráðabirgðalán 2004	19
Samtals	40

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2004.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	40

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

744 Þverárfjallsvegur
01-02 Skagastrandarvegur - Skagavegur
Umfang verks: 1. áfangi. Nýbygging á 12 km löngum kafla frá Þverá að Skagavegi. Umsamin verklok voru í september 2002.

2. áfangi. Nýbygging á 2,5 km löngum kafla frá Þverá að eyðibýlinu Skúfi. Umsamin verklok voru í september 2003.
3. áfangi. Nýbygging á 7 km löngum kafla frá Skagastrandarvegi að Skúfi og bygging 40 m langrar brúar á Laxá við Skrapatungu. Umsamin verklok voru í september 2004.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	309
2. áfangi	74
3. áfangi	251
Samtals	634

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	45
Vegáætlun 2000	45
Vegáætlun 2001	119
Vegáætlun 2002	177
Vegáætlun 2003	150
Vegaáætlun 2004	
Almenn verkefni	13
Verkefni á landsbyggð	51
Viðbótarfé	50
Samtals	650

Verkframvinda: 1. áfangi. Verkið hófst í ágúst 2000 og var þá að mestu lokið við undirbyggingu á 7,5 km löngum kafla frá Þverá að Illugastöðum. Einnig var unnið við gerð stálplöturæsis í Laxá. Á árinu 2001 var lokið við undirbyggingu alls kaflans og gerð neðra burðarlags á 5 km löngum kafla frá Skagavegi og vestur fyrir Illugastaði. Á árinu 2002 var verkinu að mestu lokið en eftir var lokafrágangur vegsvæðis og seinna lag klæðingar.
2. áfangi. Verkið hófst í október 2002 og lokið var við 80% af fyllingum það árið. Verki lauk á árinu 2003.
3. áfangi. Verkið hófst í júlí 2003 og lokið var að byggja brúna á Laxá í desember 2003. Vegaframkvæmdir stóðu fram á árið 2004 og var lagt bundið slitlag á veginn í lok júnímánaðar, en verklok voru í ágúst 2004.
Verktaki: 1. áfangi, Suðurverk hf., Reykjavík. 2. áfangi, Norðurtak ehf., Sauðárkróki. 3. áfangi, Fjörður sf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	97
2001	90
2002	116
2003	197
2004	107
Samtals	607

04 Strandvegur á Sauðárkróki
Umfang verks: Gerð rofvarnar á 1,1 km löngum kafla í þéttbýlinu innan Sauðarkróks og mótun framtíðarvegarstæðis.
Kostnaðaráætlun: 80 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	23
Vegaáætlun 2004	
Almenn verkefni	58
Bráðabirgðalán 2004	7
Samtals	88

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2003	88

751 Efribyggðarvegur
01 Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur
Umfang verks: Styrking á 7,0 km löngum kafla á Efribyggðarvegi með tilheyrandi lengingum á ræsum og lögn malarslitlags.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 23 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	12
Viðhald vega	9
Viðhald brúa	2
Samtals	23

Verkframvinda: Lokið er um 2,0 km löngum kafla nyrst á útboðskaflanum. Verklokum var frestað til ársins 2005 vegna samninga um efnistöku til verksins.
Verktaki: SE Verktakar ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður: m.kr.
2004 7

764 Hegranesvegur
01 Sauðárkróksbraut - Helluland
Umfang verks: Endurbygging á 2,8 km vegi að Hellulandi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 16 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 15
Verkframvinda: Verki er lokið.
Verktaki: Fjörður ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2004 14

5710 Arnarstapavegur
01 Útnesvegur - Arnarstapahöfn
Umfang verks: Vegur var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi á 1,2 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 11
Verkframvinda: Verkið var að mestu unnið á árinu 1997 en því lokið á árinu1998
Verktaki: Undirbygging vegar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Bundið slitlag, Borgarverk ehf., Borgarnesi.
Kostnaður: m.kr.
1997 8
1998 2
Samtals 10
Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem var til Útnesvegar um Klifhraun lánaður til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum. Fjárveiting ársins 2004 er til endurgreiðslu lánsins.

5714 Lýsuhólsvegur
01 Ólafsvíkurvegur - Lýsuhóll
Umfang verks: Vegur var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi, alls 2,0 km.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Tengivegir 7
Verkframvinda: Verkið var að mestu unnið á árinu1997 en því lokið á árinu1998.
Verktaki: Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.
Kostnaður: m.kr.
1997 6
1998 1
Samtals 7
Skýringar: Samkvæmt ákvörðun þingmanna Vesturlands var hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem var til Útnesvegar um Klifhraun lánaður til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum. Fjárveiting ársins 2004 er til endurgreiðslu lánsins.

Norðaustursvæði

1 Hringvegur

q6 um Hrúteyjarkvísl

Umfang verks: Breikkun á 40 m langri einbreiðri brú á Hrúteyjarkvísl ásamt nýrri tengingu við hana.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 67 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	32
Vegáætlun 2004	
Til brúagerðar	29
Almenn verkefni	6
Flutt á kafla 1-q9 2004	-8
Samtals	59

Verkframvinda: Samningur var undirritaður í september 2003, brúargerð og tengingu við hana lauk í júní 2004.

Verktaki: Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Jarðverk ehf., Nesi Fnjóskadal.

Kostnaður:	m.kr.
2003	42
2004	17
Samtals	59

q9 Mývatnsheiði

Umfang verks: Nýbygging og klæðing á 12,96 km langan kafla frá Reykjadalsá að Helluvaði ásamt stálplöturæsi í Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 288 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	100
Flutt á 1-r5 2003	-8
Vegáætlun 2003	170
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	31
Flutt af 1-q6	8
Bráðabirgðalán 2004	7
Samtals	308

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2002. Framkvæmdir hófust í júní sama ár. Verkinu lauk í október 2003. Lokauppgjör við verktaka og lögn klæðingar lauk á árinu 2004. Eftir er að greiða kostnað við girðingar og námufrágang.

Verktaki: Vegagerð, Ístak hf. Lögn klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2001	9
2002	169
2003	76
2004	54
Samtals	308

s1 Biskupsháls - Vegaskarð

Umfang verks: Endur- og nýbygging á 9,6 km löngum kafla í Víðidal frá Biskupshálsi upp í Vegaskarð. Kaflinn er þrískiptur: Fyrsti hlutinn næst Biskupshálsi er 7,5 km, síðan 3,4 km og þriðji hlutinn næst Vegaskarði 2,1 km, alls 13 km. Boðnir voru út fyrsti og þriðji hluti. Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 2003-2006 var veitt auknu fjármagni til þessa kafla og var því samið við verktakann um að taka þann hluta sem sleppt var í útboðinu.

Framkvæmdaform: Útboð og samningur.

Kostnaðaráætlun: 244 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	45
Vegáætlun 2003	123
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	67
Samtals	235

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2002. Verki lauk með klæðingu á 12,9 km langan kafla á árinu 2004.

Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2002	32
2003	136
2004	67
Samtals	235

s3 Vegaskarð - Langidalur

Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Vegaskarði að klæðingarenda í Langadal.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 383 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	170
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	84
Bráðabirgðalán 2004	17
Samtals	271

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2003. Verki er lokið með klæðingu.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2003	12
2004	259
Samtals	271

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

s8-s9 Hofteigur - Hrólfsstaðir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,5 km löngum kafla frá Svelgsá utan við Hofteig og 1,2 km út fyrir Hrólfsstaði á Jökuldal og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Hvanná.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 265 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-13
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	61
Vegáætlun 2002	94
Flutt af kafla u4	3
Vegáætlun 2003	120
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	2
Samtals	277

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í desember 2001, og lauk á árinu 2003.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	10
2002	207
2003	58
2004	2
Samtals	277

Skýringar: Kostnaður á árinu 2004 er vegna greiðslu land og efnisbóta.

t9-u0 Ásunnarstaðir - Heydalir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Ásunnarstöðum að Heydölum í Breiðdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 180 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	85
Vegáætlun 2003	60
Flutt af kafla u4	3
Samtals	148

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í apríl 2002 og lauk á árinu 2003.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.
Kostnaður á árinu 2004 er vegna girðinga.

Kostnaður:	m.kr.
2002	90
2003	57
2004	1
Samtals	148

u9 Melrakkanes - Blábjörg
Umfang verks: Endurbygging á 5 km löngum kafla Hringvegar frá Melrakkanesi og inn fyrir Blábjörg í Álftafirði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 136 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	15
Vegáætlun 2002	55
Flutt af kafla v1	14
Flutt af kafla u4	3
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	20
Bráðabirgðalán 2004	3
Samtals	110

Verkframvinda: Verk hófst um mitt sumar 2002. Lokið var við klæðingu á allan kaflann árið 2004 og er verki lokið.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2002	53
2003	56
2004	1
Samtals	110

v2 og v3 Össurá og Hlíðará í Lóni
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðra brúa á Össurá og Hlíðará í Lóni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	9
Vegáætlun 2004	
Smábrýr	10
Bráðabirgðalán 2004	9
Samtals	28

Verkframvinda: Verki er lokið.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	7
2004	21
Samtals	28

x3 Jökulsá á Breiðamerkursandi
Umfang verks: Um er að ræða gerð og styrkingu rofvarnar að samtals 1.000 m löngum árbakka, gerð tveggja grjótþröskulda þvert yfir farveg árinnar og gerð 240 m langs varnargarðs austan árinnar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 134 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	20
Óráðstafað til brúargerðar	20
Lagt til af viðhaldi 2003	12
Vegáætlun 2004	
Vegir á landsbyggð	31
Samtals	83

Verkframvinda: Verkið var boðið út í janúar 2003 með verklokum í júní 2004, en því lauk á árinu 2003.
Verktaki: Suðurverk hf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2003	83
2004	1
Samtals	84

Skýringar: Kostnaður árið 2004 er vegna jarðfræðiskýrslu og greiðslu landbóta.

x7 Kotá í Öræfum
Umfang verks: Vegna framburðar Kotár í Öræfum reyndist nauðsynlegt að hækka brúna, veginn og varnargarða ofan brúarinnar.
Framkvæmdaform: Vegur og varnargarðar, útboð. Hækkun brúar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	17
Viðhaldsfé 2004	27
Bráðabirgðalán 2004	6
Samtals	50

Verkframvinda: Brúin var hækkuð haustið 2003. Á árinu 2004 var Hringvegurinn um Kotá hækkaður og einnig varnargarðar ofan brúarinnar.
Verktaki: Vegur og varnargarðar, Suðurverk hf., Hafnarfirði. Hækkun brúar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	14
2004	36
Samtals	50

82 Ólafsfjarðarvegur
01 um Hörgá
Umfang verks: Nýbygging á 0,68 km löngum kafla, sem byrjar skammt sunnan Djúpárbakkavegar og að vegamótum við Hörgárdalsveg ásamt nýbyggingu á 0,36 km löngum kafla af Dagverðareyrarvegi (816) og tenging við Djúpárbakkaveg (8254). Einnig bygging 36 m langrar brúar á Hörgá í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 133 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Til brúargerðar 107
Almenn verkefni 26
Samtals 133
Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2004 og hófust framkvæmdir í byrjun ágúst. Verktaki lauk ekki verkinu, eftir að fullgera Ólafsfjarðarveg og bikfesta hann ásamt því að ljúka Dagverðareyrarvegi og Djúpárbakkavegi Lokið er smíði brúarinnar og klæða Ólafsfjarðarveg til bráðabirgða og umferð er komin á veginn.
Verktaki: Mikael ehf., Höfn.
Kostnaður: m.kr.
2004 77

12 Lágheiði
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Verkefni á landsbyggð 37
Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Héðinsfjarðargöng
Umfang verks: Undirbúningur og útboð vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006. Sem fyrsta áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum. Annar áfangi verksins var bygging á nýrri 12 m langri brú á Fjarðará í Siglufirði í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum og tengja hana til bráðabirgða.
Framkvæmdaform: 1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós. Brúargerð og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura og vegagerð, samningur. 2. áfangi, brú á Fjarðará. Brúargerð, útboð. Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, samningur.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós 68 m.kr.
2. áfangi, brú á Fjarðará 29 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 68
Vegáætlun 2004
Jarðgangaáætlun 33
Samtals 101
Verkframvinda: 1. áfangi. Brúar- og vegagerð á Ólafsfjarðarós lauk á árinu 2003, en eftir er að ljúka við rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna.
2. áfangi. Brúargerð á Fjarðará lauk á árinu 2004.
Verktaki: 1. áfangi. Bygging brúar, Mikael ehf. Höfn. Vegagerð, rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Loftorka ehf., Borgarnesi. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
2. áfangi. Bygging brúar, Mikael ehf., Höfn. Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 68
2004 33
Samtals 101
Skýringar: Hluti kostnaðar árið 2003 er vegna undirbúnings og útboðs á jarðgöngum.

83 Grenivíkurvegur, snjóastaður
03 Fnjóskadalsvegur-Grenivík
Umfang verks: Hækkun vegarins og útvíkkun skeringa, auk ræsagerðar, á 0,6 km kafla á milli Hvamms og Jarlsstaða í Höfðahverfi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 9 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2004 9
Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2004 en seinna lag klæðingar verður lagt árið 2005.
Verktaki: Vegagerð, Ásgeir Kristinsson, Akureyri. Lögn klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður: m.kr.
2004 9
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

85 Norðausturvegur
02 um Rangá
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004
Smábrýr 1
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

06-09 Tjörnes
Umfang verks: Nýbygging á 36,6 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og bygging 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í fjórum áföngum á árunum 1999-2004.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: m.kr.
1. áfangi,
Héðinshöfði - Hringver 109
2. áfangi,
Hringver - Breiðavík 256
3. áfangi, Bangastaðir - Víkingavatn og brú á Lónsós 613
4. áfangi,
Breiðavík - Bangastaðir 382
Samtals: 1.360
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 104
Vegáætlun 2000 119
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 269
Vegáætlun 2002 265
Vegáætlun 2003 432
Vegáætlun 2004
Verkefni á landsbyggð 51
Viðbótarfé 100
Bráðbirgðalán 2004 74
Samtals 1.416
Verkframvinda: Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001 var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var 3. áfangi boðinn út, 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember og lauk framkvæmdum við þann áfanga í október 2003, að undanskyldu efra lagi klæðingar. Í maí 2003 var 4. áfangi boðinn út og hófust framkvæmdir í júlí sama ár. Lauk síðan í september 2004 og er þá lokið endurbyggingu vegar um Tjörnes. Ekki er lokið uppgjöri við verktaka á kaflanum Breiðavík-Bangastaðir.
Verktaki: Vegagerð Héðinshöfði - Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ. Vegagerð Hringver - Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum. Vegagerð Bangastaðir - Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík. Brúargerð, Vík ehf., trésmiðja, Húsavík. Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Vegagerð Breiðavík - Bangastaðir, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 99
2000 188
2001 116
2002 392
2003 236
2004 385
Samtals 1.416

13 Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir
Umfang verks: Endurbygging og klæðing á 12,5 km löngum kafla frá núverandi slitlagsenda við Austursandsveg að Sveltingi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 158 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Flutt á kafla 23 ..... -1
Flutt á kafla 24 ..... -2
Vegáætlun 2003 150
Vegáætlun 2004
Viðbótarfé 50
Samtals 197
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2003 og hófust framkvæmdir í júní það ár. Verktaki lauk verkinu í júní 2004. Eftir er námufrágangur og annað smálegt.
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.
Kostnaður: m.kr.
2003 109
2004 34
Samtals 142

31 sýslumörk - Saurbæjará
Umfang verks: Endurbygging á fjórum köflum með malarslitlagi á samtals 7 km og mölburður á allan Bakkafjörð um 22 km. Einnig á að setja stór stálræsi í Geysirófu, Finnafjarðará, Saurbæjará og Djúpalæk í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 126 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 80
Vegáætlun 2004
Viðbótarfé 50
Bráðabirgðalán 2004 28
Samtals 130
Verkframvinda: Verki er lokið með klæðingu og malarslitalagi
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2003 20
2004 138
Samtals 158
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2006.

34 Hölkná - Miðheiðarhryggur
Umfang verks: Endurbygging á 9,6 km löngum kafla frá Hölkná hjá Dalhúsum að Miðheiðarhrygg og setja stálplöturæsi í Hölkná og Skálafjallalæk í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 158 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 14
Vegáætlun 2003 66
Vegáætlun 2004
Almenn verkefni 68
Flutt á 91-01, 2004 ..... -9
Samtals 139
Verkframvinda: Verki er lokið með klæðingu.
Verktaki: Nóntindur ehf., Búðardal.
Kostnaður: m.kr.
2003 66
2004 57
Samtals 123

87 Kísilvegur
03 Geitafellsá - Hvammavegur
Umfang verks: Nýbygging og einföld klæðing á 2,94 km löngum kafla frá slitlagsenda norðan Geitafells að Geitafellsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 52 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga 10
Bráðabirgðalán 2004 34
Samtals 44
Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2003, framkvæmdir hófust í júní og lauk verktaki verkinu að mestu í september 2003. Á árinu 2004 var lagt seinna lag klæðingar.
Verktaki: Alverk ehf., Aðaldal.
Kostnaður: m.kr.
2003 42
2004 2
Samtals 44
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

91 Hafnarvegur
01 um Hafnará
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 0,4 km löngum kafla. Setja á stórt stálplöturæsi í Hafnará í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 16 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	3
Viðhald brúa 2002	3
Flutt af 85-34, 2004	9
Samtals	15

Verkframvinda: Verki er lokið.
Verktaki: Nóntindur ehf., Búðardal.

Kostnaður:	m.kr.
2003	14
2004	1
Samtals	15

Skýringar: Verkið var boðið út með kaflanum Hölkná - Miðheiðarhryggur.

92 Norðfjarðarvegur
07 Reyðarfjörður - Eskifjörður
Umfang verks: Verkið er fólgið í ný- og endurbyggingu Norðfjarðarvegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.
1. áfangi verksins: Nýbygging á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum.
2. áfangi: Nýbygging á 0,6 km löngum kafla frá Hjallanesi að hafnarvog á Reyðarfirði.
3. áfangi: Bygging hringtorgs innan við Reyðarfjörð og 600 m langrar tengingar við það.
4. áfangi: Endurbygging á 0,3 km og nýbygging á um 0,8 km frá höfninni á Reyðarfirði ásamt 16 m langri eftirspenntri bitabrú yfir Búðará.
5. áfangi: Nýbygging á um 1,92 km löngum kafla frá Sómastöðum að Hólmum.
Framkvæmdaform: 1. 4. og 5. áfangi, útboð. 2. og 3. áfangi, samningur. (Ekkert tilboð barst í 3. áfanga var því samið um hann).

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	185
2. áfangi	8
3. áfangi	28
4. áfangi	101
5. áfangi	105
Samtals	427

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	170
Vegáætlun 2003	170
Vegáætlun 2004	
Orku- og iðjuvegir	28
Samtals	368

Verkframvinda: 1. áfangi var boðinn út í desember 2001 og lauk á árinu 2003.
2. áfangi var unninn á árinu 2003 og lögð á hann einföld klæðing.
3. áfangi var unninn á árinu 2004 og lokið með malbiki og klæðingu. Einnig var seinna lag klæðingar lagt á 2. áfanga.
4. áfangi Unnið var að undirbúningsframkvæmdum vegna vegar og brúar.
5. áfanga var lokið með klæðingu á árinu. Bætt var við þremur stórum ræsum en frágangi er ólokið.
Verktaki: 1. áfangi, Myllan ehf., Egilsstöðum.
2. áfangi, Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. og 4 áfangi, Vegagerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
5. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2002	89
2003	78
2004	108
Samtals	275

Skýringar: Kostnaður við fyrsta áfanga varð allmiklu lægri vegna þess að á verktímanum var ákveðið að nota klæðingu á veginn í stað malbiks. Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

12 Neskaupstaður
Umfang verks: Lagfæring á beygju við frystihús á Neskaupstað á um 0,4 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	8
Bráðbirgðalán 2003	15
Samtals	23

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust vorið 2002 og lauk á árinu 2003. Á árinu 2004 var lagt út efra burðarlag og klæðing á tengingu við Norðfjarðarveg.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2
2002	7
2003	13
2004	1
Samtals	23

93 Seyðisfjarðarvegur
06 við ferjuhöfn
Umfang verks: Byggð 28 m löng steypt eftirspennt bitabrú á Seyðisfjarðarvegi um nýja ferjuhöfn á Seyðisfirði og tengingar Seyðisfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	50
Vegáætlun 2003	31
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	9
Samtals	90

Verkframvinda: Framkvæmdum við brú lauk á árinu 2002. Vegagerð var boðin út með útboði á ferjuhöfninni á vegum Siglingastofnunar og Seyðisfjarðarbæjar. Framkvæmdum við vegagerð er lokið.
Verktaki: Vegagerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Mikael ehf., Hornafirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2002	58
2003	21
Samtals	79

94 Borgarfjarðarvegur
06 Lagarfossvegur - Unaós
Umfang verks: Endurbætur og klæðing á 6,8 km löngum kafla Borgarfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 18 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldi 2003	7
Flutt af 94-07, 2004	7
Samtals	14

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	14

07 á Vatnsskarði
Umfang verks: Fyrri áfangi felst í endurbyggingu á 4 km löngum kafla frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu Vatnsskarði. Síðari áfangi fellst í nýbyggingu og endurbyggingu á 4,7 km löngum kafla úr austanverðu Vatnsskarði niður í neðstu brekkur í Njarðvík (Ytri Hríshöfði).
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 154 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri framkvæmda -11
Vegáætlun 1997 18
Vegáætlun 1998 36
Vegáætlun 1999 40
Vegáætlun 2000 35
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2003 6
Vegáætlun 2004 27
Flutt á 94-06, 2004 ..... -7
Bráðabirgðalán 2004 5
Samtals 151
Verkframvinda: Byrjað var á fyrri áfanga verksins 1998 og var honum lokið með malarslitlagi sumarið 1999. Síðari áfangi hófst haustið 1999 og var að mestu lokið haustið 2000. Malarslitlagi og frágangi lokið vorið 2001. Fjárveiting árið 2003 var notuð til greiðslu skulda.
Verktaki: Fyrri áfangi, Njörður sf., Borgarfirði eystra. Síðari áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 34
1999 54
2000 54
2001 9
Samtals 151
Skýringar: Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveiting er til Borgarfjarðarvegar í vegáætlun 2005.

96 Suðurfjarðavegur
02 Fáskrúðsfjarðargöng
Umfang verks: Gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, ásamt gerð 200 m langra steinsteyptra vegskála. Lagður verður 1,9 km langur vegur í Reyðarfirði og 6,6 km langur vegur í Fáskrúðsfirði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 3.935 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 ..... 1.132
Vegáætlun 2004
Jarðgangaáætlun 1.347
Bráðabirgðalán 2004 483
Samtals 2.962
Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2002 og hófust framkvæmdir í apríl 2003. Samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í göngunum 8. október 2004. Göngin eru 5.766 m löng í bergi auk vegskála. Eftir að gangagreftri lauk var unnið að lokastyrkingum og vatnsþéttingum í göngunum. Auk þess var steyptur vegskáli Fáskrúðsfjarðarmegin og undirstöður vegskála Reyðarfjarðarmegin. Á árinu 2004 var einnig unnið að vegagerð beggja megin ganga. Áætluð verklok eru haustið 2005.
Verktaki: Ístak hf. og E. Pihl & Søn A.S.
Kostnaður: m.kr.
2003 ..... 1.051
2004 ..... 1.911
Samtals 2.962
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2005-2006.

805 Svarfaðardalsvegur
01 Húsabakkaskóli - Tunguvegur

807 Skíðadalsvegur
01 um Skíðadals- og Svarfaðardalsá
Umfang verks: Endurbygging brúa á Hofsá og Skíðadalsá á Skíðadalsvegi (807) og á Svarfaðardalsá á Tunguvegi (806) ásamt 8,28 km vegagerð á Skíðadals- og Svarfaðardalsvegi.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð ásamt efra lagi klæðingar, útboð. Niðurrekstur staura og stálræsi í Hofsá, samningur.
Kostnaðaráætlun: 294 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 92
Vegáætlun 2002 125
Vegáætlun 2003 42
Samtals 259

Verkframvinda: Lokið var við byggingu brúa yfir Svarfaðardalsá og Skíðadalsá árið 2002. Á árinu 2003 var lokið 2,1 km löngum kafla á Svarfaðardalsvegi, 1,4 km löngum kafla á Tunguvegi og 0,9 km löngum kafla á Skíðadalsvegi. Á alla þessa kafla var lagt neðra lag klæðingar. Á árinu 2004 var seinna lag klæðingar lagt á ofangreinda kafla og sett niður stálræsi í Hofsá.
Verktaki: Vegagerð og efra lag klæðingar Árni Helgason ehf., Ólafsfirði. Brú á Svarfaðardalsá, Norðurvík ehf., Húsavík. Brú á Skíðadalsá, Lárus Einarsson sf., Mosfellsbæ. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk hf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	5
2002	175
2003	38
2004	12
Samtals	230

813 Möðruvallavegur
01 Möðruvellir - Hörgárdalsvegur
Umfang verks: Nýbygging á 0,8 km löngum kafla frá Ólafsfjarðarvegi og norður fyrir Möðruvelli, ásamt tengivegi að prestsetri og kirkju á Möðruvöllum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 27 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	27

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 2003, framkvæmdir hófust í október sama ár. Í byrjun sumars 2004 var ákveðið fergja veginn þar sem hann hafði sigið mikið og ljúka framkvæmdum haustið 2004. Gert var framhjáhlaup við vegamót við Ólafsfjarðarveg. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2003	11
2004	9
Samtals	20

829 Eyjafjarðarbraut eystri
02 Litlihamar - Rútsstaðir
02 um Möðruvelli
Umfang verks: 1. áfangi. Nýbygging á 3,1 km löngum kafla frá enda bundins slitlags við Litlahamar að Rútsstöðum. 2. áfangi. Nýbygging á 1,2 km löngum kafla, með tengivegum, frá Kálfagerði að stöð u.þ.b. 0,4 km austan brúar á Eyjafjarðará. Verkið innifelur lagningu neðra burðarlags með malarslitlagi.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	76
2. áfangi	16
Samtals	92

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	62
Bráðabirgðalán 2004	12
Samtals	74

Verkframvinda: 1. áfangi. Vegagerð lauk á árinu 2003 en efra lag klæðingar var lagt árið 2004. 2. áfangi. Verkið var boðið út í september 2004 og hófust framkvæmdir í október. Verktaki lauk ekki verkinu eins og ráðgert var. Eftir er að fullgera veginn og setja malarslitlag á hann, ásamt að snyrta og ganga frá fláafleygum. Vegurinn er kominn í notkun.
Verktaki: 1. áfangi. Vegagerð, G. Hjálmarsson hf., Akureyri. Efra lag klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði. 2. áfangi. Icefox ehf., Svalbarðsströnd.

Kostnaður:	m.kr.
2003	62
2004	12
Samtals	74

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005. Með samþykki þingmanna voru eftirstöðvar af 1. áfanga, Litli-Hamar - Rútsstaðir notaður til framkvæmda um

Möðruvelli og að í endurskoðaðri vegáætlun fyrir árið 2005 verði veitt fé til verksins.

830 Svalbarðseyrarvegur

01 lýsing
Umfang verks: Endurbygging á 120 m löngum kafla á Svalbarðseyrarvegi og breikkun Hringvegar við vegamótin ásamt lýsingu þeirra og niður Svalbarðseyrarveg.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	5
Viðhald vega 2004	8
Samtals	13

Verkframvinda: Allt verkið var unnið á árinu 2004.
Verktaki: Icefox ehf., Svalbarðsströnd.

Kostnaður:	m.kr.
2004	13

Skýringar: Verkið er að hluta til fjármagnað af viðhaldsfé.

837 Hlíðarfjallsvegur

02 um Hlíðarbraut - hringtorg
01 um Borgarbraut
Umfang verks: Nýbygging hringtorga á tveimur gatnamótum Hlíðarbrautar á Akureyri.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	7
Flutt af kafla 03 2004	2
Bráðabirgðalán 2004	29
Samtals	38

Verkframvinda: Allt verkið var unnið á árinu 2004.
Verktaki: G. Hjálmarsson hf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2004	38

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

03 Rangárvellir - skíðasvæði
Umfang verks: Nýbygging og klæðing á 4,26 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Rangárvöllum að Skíðastöðum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	35
Vegáætlun 2003	31
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	6
Flutt á kafla 02, 2004	-2
Samtals	70

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2002 og hófust framkvæmdir í júní sama ár. Verktaki lauk verkinu í júlí 2003. Á árinu 2004 var lagt seinna lag klæðingar.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	1
2002	51
2003	13
2004	5
Samtals	70

845 Aðaldalsvegur

01 Hringvegur - Lind
Umfang verks: Nýbygging á 5,8 km löngum kafla frá Helgastöðum að Lindahlíð.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Seinna lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 73 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-11
Vegáætlun 2003	38
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	39
Samtals	66

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2003. Fjárveiting 2004 var notuð til greiðslu skulda.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	61

849 Baldursheimsvegur
01 lagfæring
Umfang verks: Lagfærðir snjóastaðir á nokkrum stöðum, vegurinn styrktur og ekið malarslitlagi á Baldursheimsveg og að Gautlöndum.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	4

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2004.
Verktaki: Sigurður Kristjánsson, Stöng Mývatnssveit.

Kostnaður:	m.kr.
2004	4

859 Hafnarvegur Húsavík
01 Norðausturvegur - Norðurgarður
Umfang verks: Nýbygging á Hafnarvegi, lengd 540 m, ásamt bundnu slitlagi og lýsingu. Ennfremur var innifalið í verkinu gangstígar og lagnir sem Húsavíkurbær greiddi sérstaklega.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	34

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2003. Kostnaður á árinu 2004 er vegna uppgjörs á malarefni.
Verktaki: Reynir B. Ingvason, Brekku.

Kostnaður:	m.kr.
2003	29
2004	2
Samtals	31

869 Langanesvegur
Umfang verks: Lagfæringar á veginum út Langanes.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	6

Verkframvinda: Á árinu 2003 var endurbyggður um 4 km vegur frá Skoruvík í Skála.
Verktaki: Þórshafnarhreppur

Kostnaður:	m.kr.
2003	6

Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar.

F862 Hólmatungnavegur
05 Dettifoss - Hringvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga	2
Flutt á 864	-2
Vegáætlun 2003	35
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	17
Samtals	52

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

F910 Austurleið
brýr á Hrafnkelu og Reykjará

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	25
Vegáætlun 2004	
Til brúagerðar	10
Samtals	35

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

923 Jökuldalsvegur
01-03 Hringvegur - Þverá
Umfang verks: 1. áfangi. Styrking og lagfæring á 26 km löngum kafla á Jökuldalsvegi milli Hringvegar og Brúar á Jökuldal.
2. áfangi. Um Mjósund og Þverá. Nýbygging á 2 km og sett stórt stálplöturæsi í Þverá.
Framkvæmdaform: 1. áfangi. Samningur. 2. áfangi. Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	70
2. áfangi	43
Samtals	113

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2004	79

Verkframvinda: 1. áfanga lauk á árinu 2003. 2. áfangi var boðinn út haustið 2004 og var unnið að undirbyggingu vegarins fram á vetur.
Verktaki: 1. áfangi, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

2. áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum

Kostnaður:	m.kr.
2002	1
2003	67
2004	11
Samtals	79

Skýringar: Fjárveitingar eru ekki til verksins í vegáætlun, en Landsvirkjun hefur gefið lánsloforð fyrir allt að 100 m.kr. til endurbóta á Jökuldalsvegi. Þingmenn kjördæmis og samgöngu- og fjármálaráðuneyti hafa heimilað Vegagerðinni að taka slíkt lán. Fyrstu fjárveitingar til endurgreiðslu eru í vegáætlun 2005 og 2006.

925 Hróarstunguvegur

02 Hallfreðarstaðir - Þórisvatn

Umfang verks: Endur- og nýbygging á 6,1 km löngum kafla milli Kirkjubæjar og Hallfreðarstaða.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	18
Skuld frá kafla 03	-11
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	13
Bráðabirgðalán 2004	7
Samtals	27

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust sumarið 2003. Unnið við skeringar, fyllingar, ræsagerð og burðarlag. Verkinu lauk með lögn malarslitlags á árinu 2004.

Verktaki: Sigurður H. Jónsson, Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2003	21
2004	6
Samtals	27

939 Axarvegur

01-02 Skriðdalur - Berufjörður

Umfang verks: Styrking og lagfæring á 20 km löngum vegaslóða á Öxi, frá Hringvegi í Skriðdal og að Hringvegi í Berufirði.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 1998	7
Vegáætlun 1999	15
Vegáætlun 2000	10
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	11
Vegáætlun 2002	33
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	22
Bráðabirgðalán 2004	5
Samtals	104

Verkframvinda: 1. áfangi 1998: Endurbygging á 5 km löngum kafla á Öxi frá Stóralæk að Innri Víná.

2. áfangi 1999-2000: Endurbygging á 7 km löngum kafla frá Hringvegi í Skriðdal að Stóralæk annars vegar og hins vegar á 4 km löngum kafla frá Hemru að Hringvegi í Berufirði. Árið 1999 var byggð brú á Selá og á árinu 2000 brýr á Hemru og Innri-Víná. Brýrnar voru byggðar úr notuðu efni úr öðrum brúm.

3. áfangi 2001: Endurbygging á 4 km löngum kafla milli Innri Vínár og Hemru.

Verktaki: 1. áfangi, Ólafur Hjaltason, Skála í Berufirði. 2. og 3. áfangi, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	18
2000	30
2001	49
Samtals	104

953 Mjóafjarðarvegur

01 Norðfjarðarvegur - Háheiði

02 Háheiði - Fjörður

Umfang verks: 1. áfangi. Endurbygging og mölburður á 9 km löngum kafla.

2. áfangi. Nýbygging á 1,24 km ofan

Klifbrekku ásamt endurbótum á 2,1 km og mölburði á 7,1 km.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	8
2. áfangi	42
Samtals	50

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	17
Bráðabirgðalán 2004	22
Samtals	39

Verkframvinda: 1. áfanga lauk á árinu 2003. 2. áfangi. Nýbyggingu á Klifbrekku er lokið og stærstum hluta endurbóta. Mölburður verður fyrri hluta sumars 2005.
Verktaki: Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík.

Kostnaður:	m.kr.
2003	12
2004	27
Samtals	39

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005.

8009 Brekkuselsvegur
skíðasvæði Dalvíkur
Umfang verks: Nýbygging á 0,8 km löngum kafla frá Böggvisbraut á Dalvík að skíðaskálanum Brekkusel.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Ferðamannaleiðir	12

Verkframvinda: Lokið var við byggingu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Icefox ehf., Svalbarðsströnd.

Kostnaður:	m.kr.
2004	9

8984 Hvammsvegur
01 Norðausturvegur - Hvammur
Umfang verks: Endurbygging vegarins á um 1.6 km löngum kafla frá Norðausturvegi að Hvammi og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	
Tengivegir	4
Viðhald vega 2004	2
Bráðabirgðalán 2004	7
Samtals	13

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2004 en seinna lag klæðingar verður lagt árið 2005.
Verktaki: vegagerð, Vökvaþjónusta Eyþórs ehf., Kópaskeri, Lögn klæðingar Árni Helgason ehf., Ólafsfirði

Kostnaður:	m.kr.
2004	13

9572 Mjóeyrarvegur
01 Norðfjarðarvegur - álvershöfn
Umfang verks: Nýbygging á 0,74 km löngum vegi frá Norðfjarðarvegi að álvershöfn í Reyðarfirði
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2004	12

Verkframvinda: Verki er lokið með klæðingu en eftir er að ganga frá gatnamótum við Norðfjarðarveg með malbiki og umferðareyju.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri

Kostnaður:	m.kr.
2004	12

Skýringar: Engar fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi
lagfæringar á þjóðvegum
Umfang verks: Lagfæringar og endurbætur á þjóðvegum í þéttbýli á Austurlandi. Árið 2004 var lagt slitlag innan þéttbýlis á Neskaupstað.
Framkvæmdaform: Samningur/útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-7
Vegáætlun 2002	10
Vegáætlun 2003	10
Vegáætlun 2004	
Almenn verkefni	10
Samtals	23

Verkframvinda: Verkhlutanum lauk á árinu 2004.
Verktaki: Fjarðabyggð og Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2002	5
2003	10
2004	5
Samtals	20

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2005 og 2006.

Göngubrú á Jökulsá í Lóni

Umfang verks: Bygging 90 m langrar göngubrúar á Jökulsá í Lóni.
Framkvæmdaform: Stálsmíði, útboð. Undirstöður og uppsetning brúar, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	10
Vegáætlun 2004	
Til brúagerðar	15
Viðhaldsfé 2004	7
Samtals	32

Verkframvinda: Búið er að steypa undirstöður og er stálsmíði lokið.
Verktaki: Stálsmíði, Eldafl ehf., Reykjanesbæ. Undirstöður brúar og uppsetning brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	15
2004	18
Samtals	33

Annað

Jarðgangaáætlun

Umfang verks: Á árunum 2001 og 2002 var unnið að rannsóknum, mati á umhverfisáhrifum og undirbúningi útboða vegna jarðgangagerðar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hins vegar. Einnig var unnið að ýmsum jarðgangarannsóknum annars staðar á landinu.
Framkvæmdaform: Samningar.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri árum	308

Verkframvinda: Jarðfræðirannsóknir héldu áfram á þeim jarðgangaleiðum sem tilteknar eru í Jarðgangaáætlun, einkum á milli Vopnafjarðar og Héraðs og Eskifjarðar og Norðfjarðar. Skýrslum verður skilað á árinu 2005. Ýmsar almennar rannsóknir sem tengjast jarðgangagerð fóru fram, svo sem varðandi sprautusteypu og spennur í íslensku bergi.
Verktakar: Ýmsar ráðgjafastofur á Norðurlandi, Austurlandi og í Reykjavík við rannsóknir, hönnun og gerð útboðsgagna. Tetra Ísland við Tetrakerfi í Vestfjarðagöngum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	102
2002	91
2003	26
2004	12
Samtals	231

Skýringar: Gerð er grein fyrir framkvæmdum við jarðgangagerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í sérstökum greinum.

Samgöngurannsóknir

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri árum	25
Vegáætlun 2004	
Verkefni á landsbyggð	10
Samtals	35

Verkframvinda: Unnið var við þróun búnaðar til sjálfvirkrar innheimtu veggjalda af umferð og áfram var unnið við gerð vegstaðla.Vinna hófst við athuganir á gerð og legu landsvega. Úttekt var gerð á innleiðingu og áhrifum mats á umhverfisáhrifum áætlana á samgönguáætlun. Hagfræðistofnun vann að sameiginlegum verkefnum fyrir samgöngustofnanir, þ.e. Vegagerðina, Siglingastofnun og Flugmálastjórn.

Kostnaður:	m.kr.
2004	13

Brýr 10 m og lengri

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá 2003	15
Vegáætlun 2004	
Óráðstafað til brúargerðar ..	14
Samtals	29

Á árinu 2004 var ráðstafað 15 m.kr. til byggingar göngubrúar á Jökulsá í Lóni og 9 m.kr. til Skaftár hjá Kirkjubæjarklaustri. Eftirstöðvar eru því 11 m.kr.

Fylgiskjal 3 Umhverfisstærðir

Landmótun við vegagerð

Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um landmótun í vegagerð árið 2004. Þær eru teknar saman á svæðisskrifstofum Vegagerðarinnar og byggja að mestu á útboðsgögnum en sá hluti telst nokkuð ábyggilegur. Nokkur ónákvæmni gæti í sumum tilfellum stafað frá skiptingu milli ára í stærri verkum.

Þar sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar, er frágangur á námum ekki skráður. Þetta á einkum við í Reykjanesumdæmi.

Landmótun 2004

Svæði	Færsla jarðefna			Mótun yfirborðs			
				Óraskað land		Raskað land	
	Fyllingar þús. m^3	Burðarlög þús. m^3	Slitlög þús. m^3	Vegir þús. m^2	Námur þús. m^2	Vegir þús. m^2	Námur þús. m^2
Suðurland	265	194	75	0	65	500	52
Suðursvæði	179	182	45	0	0	288	4
Suðvesturssvæði	900 [1]	112	21	0	0	473	5
Norðvesturssvæði	1001	374	81	412	191	609	221
Norðaustursvæði	1.397	500	129	537	285	924	226
Alls:	3.477	1.168	276	948	476	2.294	456

1) Að meðtöldum fláafleygum og hljóðmönum



Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á white spirit og aminum í slitlög og styrkingar. Þunnbik er bik (asfalt) með um 10% white-spirit eða mineralskri terpentínu. Þunnbik er notað í klæðingar á þjóðvegum. Heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall white spirit í þunnbiki má sjá á meðfylgjandi grafi. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára. Á árinu 2004 voru notuð 120 tonn af amínum og 35 tonn af Wetfix viðloðunarefni.



Spilliefni í vegmálningu

Á árinu 2004 voru 1.861 km merktir með vatnsmálningu, 1.964 km með plastspray, samtals 3.825 km en voru alls 3.306 km á árinu 2003. Aukning á milli ára var þannig um 15%. Merktir voru 2.881 km í miðlínu og 943 km í kantlínu. Vatnsmálningin inniheldur engin leysiefni og voru notaðir um 100.000 lítrar af henni á árinu. Hlutfall vegkafla merktra með málningu er það sama og árið 2003, 49%. Gerðar voru prófanir með íslenska vatnsmálningu sumarið 2004 og er von á áfangaskýrslu með vorinu. Skipt var um málningarefni 2004, en undanfarin ár hefur verið notuð leysiefnamálning frá Málningu og Slippfélaginu. Nú var farið í vatnsmálningu, Merkalin AQ6010 frá Geveko. Reyndist hún mjög vel, þurrktíminn er stuttur og hún þekur vel yfirborðið. Þessi málning verður notuð á næsta ári. Nú er svo komið að vatnsmálningin er orðin ódýrari og að fullu samkeppnisfær við leysiefnamálningu og á Vegagerðin ekki von á að notuð verði leysiefnamálning á íslenska vegi í framtíðinni þar sem gerð verður krafa um að notuð verði vatnsmálning í næsta útboði.

Losun á CO_2 frá umferð á vegum

Losun á CO_2 frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni er skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á díselolíu hefur verið áætluð m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 2004 er metin miðað við bráðabirgðatölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á díselolíu.

Þróun í losun CO_2 frá bifreiðum frá árinu 1990 má lesa af línuritunum. Aukning frá 2004 er um 11 þús. tonn, þar af 7 þúsund tonn frá bensínbílum og 4 þúsund tonn frá díselbílum.





Lögn nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 2004 var lagt bundið slitlag á tæplega 132 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegaköflum er um 8,0 millj. km.

Akstur á bundnu slitlagi leiðir til minnkunar á eldsneytisnotkun og er lagning bundins slitlags því ein af þeim aðgerðum sem dregur úr losun CO_2 frá umferð. Eldsneytissparnaður vegna þeirra slitlaga sem lögð voru á árinu er um 155 þús. lítrar á ári og má þá reikna með minnkun á losun CO_2 um 360 tonn á ári.

Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegarköflum.

Mældur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85% hraði", sem er sá hraði sem 85% ökumanna halda sig innan.

Árið 1999 var þessum köflum fjölgað nokkuð og frá árinu 2000 hefur verið tekin saman skýrsla um hraðamælingar.

Meðfylgjandi línurit sýnir þróun ökuhraða á þjóðvegum á tímabilinu 1990-2004. Engar mælingar fóru fram árin 1994 og 1995 og mjög fáar árið 1997 og er þeim árum því sleppt. Sjá má að ökuhraði hefur aukist talsvert á tímabilinu.



Fyrir tæpum fjórum árum hófst uppsetning á umferðargreinum við vegi. Á þeim tíma hafa verið settir upp 29 greinar af þremur gerðum. Einfaldasti greinirinn telur fjölda- og stefnu bíla, mælir hraða og bil milli bíla og flokkar bíla í fjóra stærðarflokka. Þessi greinir er aðallega notaður í þéttbýli og á þeim stöðum þar sem minni kröfur eru gerðar til stærðarflokkunar á bílum. Milligerðin telur að auki fjölda öxla, bil á milli öxla og stærðarflokkar bíla í 13 flokka. Greinar af þessari gerð eru á þeim stöðum þar sem mikilvægt er að stærðarflokka umferðina og telja fjölda öxla undir stærri bílum. Í flóknustu gerðinni bætist vigtun á hverjum öxli við (WIM). Einn greinir af þessari gerð er við Esjumela á Kjalarnesi.

Umferðargreinarnir skila miklu magni af tölfræðilegum gögnum um umferðina, hver á sínum stað. Þeir eru mjög góðir til að fylgjast með umferðinni, hraða og bili milli bíla. Það er fyrst og fremst gert vegna öryggissjónarmiða. Auk þess er unnið að því að greina þyngd farartækja og með samanburði á stærðarflokkun bifreiða að greina þungaálag á vegakerfinu. Þetta er mikilvægt vegna aukins umferðarþunga og hraðara niðurbrots á vegum.

Á árinu 2004 voru settir upp þrír nýir umferðargreinar. Við Ólafsfjarðarveg, í Lóni við Jökulsá og við Suðurlandsveg við Árborg.

Orka

Upplýsingar um orkunotkun árið 2004 eru fengnar frá orkuveitum landsins og koma fram í töflunni hér á eftir. Upplýsingarnar eru tengdar við staði og verða ekki auðveldlega losaðar úr þeim tengslum þar sem raforka er mæld í kWst. samkvæmt mismunandi samningum milli staða og heitt vatn er mælt í tonnum með mismunandi hitastigi milli staða. Til samanburðar milli ára á einstökum stöðum eru tölurnar þó í fullu gildi.

Staður	Rafmagn Alm.notkun kWh	Rafmagn Hitun kWh	Heitt vatn tonn
Borgartún 5	294.968		
Borgartún 7, 2/4 hæð	72.764		
Borgartún 5, skrifst.			1.708
Borgartún 5, austur			12.362
Borgartún 5, verkst.			3.899
Hringhella Hafnarfirði	35.540		vantar
Viktarskúr Kjalarnesi	7.600		
Skemma Hveradölum	6.638		
Áhh. Vík, Mýrdal	17.420	94.512	
Áhh. Hvolsvelli	5.155		810
Áhh. Selfossi	65.013		9.871
Áhh. Borgarnesi	125.878		7.621
Áhh. Ólafsvík	20.826	47.349	
Áhh. Búðardal	15.259	49.242	
Áhh. Patreksfirði	16.082	99.702	5.259
Áhh. Ísafirði	106.967	266.480	
Áhh. Hólmavík	49.370	70.508	
Áhh. Hvammstanga	51.117		4.733
Áhh. Sauðárkróki	89.851		7.919
Áhh. Akureyri	96.720		6.706
Áhh. Húsavík	35.058		4.720
Áhh. Þórshöfn	20.212	109.915	
Áhh. Vopnafirði	10.650	87.033	
Áhh. Fellabæ	31.912		2.718
Áhh. Reyðarfirði	88.195	262.522	
Áhh. Höfn, Hornaf.	45.351	99.197	
Samtals	1.308.546	1.186.460	68.326

Á súluritinu hér á eftir sést þróun í almennri raforkunotkun á síðustu árum.



Notkun pappírs á skrifstofum

Fylgst er með notkun á ljósritunar- og tölvupappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Á allra síðustu árum hefur notkunin staðið í stað, en innkaup síðustu ára hafa verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Innkaup ársins 2004 voru áætluð óbreytt frá árinu 2003.

Ár	Þúsundir A4 blaða
1992	741
1993	786
1994	1.205
1995	740
1996	1.020
1997	968
1998	1.043
1999	1.055
2000	1.188
2001	1.179
2002	1.200
2003	1.232
2004	1.232

Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum eftirtalinna framkvæmda:

Framkvæmd 2004	Úrskurður Skipulagsst. dags.-niðurstaða	Úrskurður kærður?	Athuga-semdir
Sundabraut, 1. áfangi, þverun Kleppsvíkur í Reykjavík	19.11.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrðum	Já	Reykjavíkurborg er framkvæmdaraðili ásamt Vegagerðinni
Gjábakkavegur (365) milli Þingvalla og Laugarvatns, Bláskógabyggð	11.11.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrðum	Já	
Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar	26.05.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrðum. Lagst gegn framkvæmdakosti að hluta	Nei	
Útnesvegur nr. 574 um Klifhaun, Gröf - Arnarstapi, Snæfellsbæ.	05.05.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrði	Nei	
Tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ	09.01.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrði	Nei	

Fylgiskjal 4 Rekstrar- og efnahgasreikningur

(tölur í þús.kr.)

Rekstrarreikningur árið 2003

Rekstrartekjur	2003	2002
Bensíngjald	5.549.828	5.493.383
Þungaskattur	4.967.483	4.639.781
Leyfisgjöld	16.672	17.290
Aðrar tekjur	513.316	475.639
Rekstrartekjur samtals	**11.047.299**	**10.626.093**
Rekstrargjöld		
Yfirstjórn	435.624	449.600
Styrkir	631.706	603.890
Þjónusta	2.239.973	2.229.819
Viðhald	2.010.171	2.171.183
Nýframkvæmdir	8.250.804	5.415.547
Landsvegir	116.736	131.055
Tilraunir	118.379	115.539
Safnvegir	266.832	257.198
Styrkvegir	50.277	46.984
Reiðvegir	34.338	47.969
Rekstrargjöld samtals	**14.154.840**	**11.468.784**
Rekstrartap fyrir fjármagnsgjöld	**(3.107.541)**	**(842.691)**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	**(35.660)**	**(30.214)**
Tap án ríkisframlags	(3.143.201)	(872.905)
Framlag ríkisins	4.732.400	1.079.300
Tekjuafgangur	**1.589.199**	**206.395**

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	2003	2002
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Eignarhlutir í félögum	13.000	13.000
Langtímakröfur	3.454	3.454
Fastafjármunir samtals	**16.454**	**16.454**
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	260.343	227.900
Viðskiptamenn	92.355	179.418
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	1.524.710	920.313
Kröfur á gjaldendur	296.634	285.897
Aðrar skammtímakröfur	81.191	68.178
Handbært fé	1.755.386	936.093
Veltufjármunir samtals	**4.010.619**	**2.617.799**
Eignir alls	**4.027.073**	**2.634.253**

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Skuldir og eigið fé	2003	2002
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(408.099)	(642.169)
Leiðrétt eigið fé 1/1	-	27.675
Tekjuafgangur	1.589.199	206.395
	1.181.100	(408.099)
Annað eigið fé	219.314	219.314
Eigið fé samtals	**1.400.414**	**(188.785)**
Langtímaskuldir		
Sveitarfélög	73.233	97.284
Ríkissjóður	1.987.100	2.283.000
Langtímaskuldir samtals	**2.060.333**	**2.380.284**
Skammtímaskuldir		
Virðisaukaskattur	70.525	109.798
Aðrar skammtímaskuldir	495.801	332.956
Skammtímaskuldir samtals	**566.326**	**442.754**
Skuldir og eigið fé alls	**4.027.073**	**2.634.253**

1400. Skýrsla [814. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2004 (flugmálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Fjármál.

Þar sem endurskoðað bókhald Flugmálastjórnar fyrir árið 2004, ásamt reikningsuppgjöri ársins, liggur ekki fyrir, ber að skoða allar fjármunahreyfingar sem fram koma í skýrslunni í því ljósi.

Tekjur og framlög

Markaðar tekjur

Flugvallagjald. Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna af flugvallagjaldi árin 1997–2004:

Tafla 1 Þróun tekna af flugvallagjaldi árin 1997-2004 (millj. kr.)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Flugvallagjald, utanlandsflug	436	495	547	647	618	587	698	776
Flugvallagjald, innanlandsflug	62	69	72	68	53	51	52	76
Samtals:	**498**	**564**	**619**	**715**	**671**	**638**	**750**	**852**

Mynd 1 Tekjur af flugvallagjaldi



Eins og taflan og myndin sýna hafa tekjur af flugvallagjaldi ársins 2004 ekki verið jafnháar frá árinu 1997 vegna fjölgunar farþega í utanlandsflugi. Gjaldskránni var breytt frá og með 1. október 2004 þar sem um er að ræða flugvallaskatt annars vegar og varaflugvallagjald hins vegar sem farþegar í millilandaflugi greiða einungis.

Afgreiðslugjald. Tekjur af afgreiðslugjöldum vegna skráninga loftfara, útgáfu skírteina og endurnýjun lofthæfisskírteina voru á árinu 2004, 17,7 millj. kr.

Framlög úr ríkissjóði

Á árinu 2004 var framlag ríkissjóðs til Flugmálastjórnar 802,6 millj. kr. Í fjárlögum og fjáraukalögum er framlag af flugmálaáætlun 264,7 millj. kr. til reksturs.

Ríkistekjur

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun ríkistekna:

Tafla 2 Sundurliðun ríkistekna árið 2004 (þús. kr.)

Lendingargjöld	73.827
Prófgjöld vegna þjónustu flugöryggissviðs	8.606
Skoðunar- og eftirlitsgjöld	126.034
Vopnaleitargjald	4.383
Samtals:	**212.850**

Sértekjur

Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu. Þessar tekjur eru vegna reksturs á B-hluta Flugmálastjórnar, en uppgjör liggur ekki fyrir. Tekjurnar eru áætlaðar í samgönguáætlun árið 2004 1.474 millj. kr.

Aðrar sértekjur. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun annarra sértekna:

Tafla 3 Sundurliðun annarra sértekna árið 2004 (þús. kr.)

Önnur verksala	411.132
Aðrar þjónustutekjur	182.730
Námskeiðsgjöld	101.732
Flugvélaleiga	45.706
Húsaleiga	20.658
Önnur leigusala	7.834
Vaxta og fjármunatekjur	19.214
Ýmis vörusala	8.489
Sala eigna	1.263
Annað	1.247
Samtals:	**800.005**

Gjöld

Rekstur og þjónusta

Yfirstjórn. Rekstrarútgjöld yfirstjórnar hækka um 12,3% milli áranna 2003 og 2004. Launagjöld hækka um 4,1%, en önnur rekstrarútgjöld hækka um 23%.

Tafla 4 Rekstur yfirstjórnar 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld	**2003**	**2004**	**Breyting**
Laun og launatengd gjöld	164.337	171.119	4,1%
Önnur rekstrargjöld	125.056	153.856	23,0%
Samtals	**289.393**	**324.975**	**12,3%**
Tekjur	219.523	248.593	13,2%
Gjöld umfram tekjur	69.870	76.382	9,3%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur hækkað um 13,2% milli ára, en gjöld umfram tekjur hafa hækkað frá fyrra ári, eða um 9,3%.

Flugumferðarþjónusta innan lands. Útgjöld flugumferðarsviðs hækkuðu um 3,4% á milli ára. Laun hækkuðu um 7,5%, en önnur rekstrargjöld lækkuðu um 8,2% vegna þjónustu flugumferðarþjónustunnar í Kosovo frá fyrra ári og aukins reksturs ATS-skólans, en á móti hækkuðu tekjur þjónustunnar um 6,6% frá fyrra ári.

Tafla 5 Rekstur flugumferðarsviðs 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld	2003	2004	Breyting
Laun og launatengd gjöld	348.512	374.770	7,5%
Önnur rekstrargjöld	124.575	114.318	-8,2%
Samtals	**473.087**	**489.088**	**3,4%**
Tekjur	356.489	379.903	6,6%
Gjöld umfram tekjur	116.598	109.185	-6,4%

Eins og taflan sýnir hafa gjöld umfram tekjur lækkað um 6,4% milli áranna 2003 og 2004.

Eftirlit og öryggismál. Á undanförnum árum hafa umsvif flugöryggissviðsins aukist jafnt og þétt vegna krafna um aukið eftirlit ásamt meiri gæðakröfum. Laun og launatengd gjöld hækka verulega á milli ára, eða um 22,6% og önnur rekstrargjöld um 25,2%.

Tafla 6 Rekstur flugöryggissviðs 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld	2003	2004	Breyting
Laun og launatengd gjöld	93.047	114.075	22,6%
Önnur rekstrargjöld	76.301	95.519	25,2%
Samtals	**169.348**	**209.594**	**23,8%**
Tekjur	138.411	169.290	22,3%
Gjöld umfram tekjur	30.937	40.304	30,3%

Eins og taflan sýnir hafa rekstrarútgjöld hækkað á milli áranna 2003 og 2004 um 23,8% en tekjur hafa hækkað verulega, eða um 22,3%.

Alþjóðaflugþjónusta. Eins og áður er getið liggur ekki fyrir uppgjör ársins 2004 vegna alþjóðaflugþjónustunnar, en 5% framlag Íslands til þjónustunnar nam á árinu 2004 86,5 millj. kr. Útgjöldin eru áætluð í fjárlögum ársins og samgönguáætlun 1.474 millj. kr.

Flugvalla- og flugleiðsöguþjónusta. Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Engu að síður er nauðsynlegt að viðhalda mannvirkjum á þeim flugvöllum þar sem áætlunarflug hefur lagst af. Þannig hafa önnur rekstrargjöld ekki lækkað í takt við þróunina. Á árinu 2004 lækkuðu þó önnur rekstrargjöld um 2,5% frá árinu áður, en laun og launatengd gjöld hækkuðu um 5,1%.

Tafla 7 Rekstur flugvalla-og flugleiðsögusviðs 2003 og 2004 (þús. kr.)

Gjöld	2003	2004	Breyting
Laun og launatengd gjöld	340.643	358.144	5,1%
Önnur rekstrargjöld	617.789	602.522	-2,5%
Samtals	**958.432**	**960.666**	**0,2%**
Tekjur	216.484	239.661	10,7%
Gjöld umfram tekjur	741.948	721.005	-2,8%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur hækkað á milli ára um 10,7%. Gjöld umfram tekjur hafa því lækkað um 2,8% milli áranna 2003 og 2004.

Önnur rekstrarútgjöld. Á árinu 2004 var varið 12,3 millj. kr. til rannsóknarverkefna og 1,5 millj. kr. í muni og minjar. Vegna viðhalds og breytinga í turnbyggingu var varið 90,8 millj. kr.

Í eftirfarandi töflum er gerð grein fyrir rekstrarafkomu fimm stærstu áætlunarflugvallanna, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvalla. Aðrir minni áætlunar- og þjónustuflugvellir verða teknir saman í einni niðurstöðutölu í töflum 18 og 19.

Reykjavíkurflugvöllur. Rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar lækkaði um 3,8% milli áranna 2003 og 2004, eða um 10,7 millj. kr. Heildarútgjöldin urðu 5,4 millj. kr. yfir áætlun, eða sem nemur 1,9%. Tekjur flugvallarins hækkuðu um 16,3% frá árinu áður.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins 2004:

Tafla 8 Rekstrarútgjöld Reykjavíkurflugvallar árið 2004 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	164.634	159.254	5.380	3,4%
Flugumferðarsvið	125.660	125.660	0	0,0%
Samtals	**290.294**	**284.914**	**5.380**	**1,9%**

Rekstur flugvalla- og flugleiðsögusviðs varð 3,4% hærri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Rekstur aðflugsþjónustu flugumferðarsviðs var samkvæmt áætlun.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum og tekjum hinna ýmsu verkefna í starfsemi flugvallarins árin 2003 og 2004. Taflan sýnir að gjöld umfram tekjur urðu 214,2 millj. kr. sem er sama upphæð og á fyrra ári. Hlutfall tekna af gjöldum er 26,2%, sem er nokkur hækkun frá árinu áður. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2004 er 565 kr. á móti 617 kr. árið á undan og er það 8,4% lækkun, en farþegum sem fóru um flugvöllinn fjölgaði um 9,4% milli ára, sem skýrir þessa lækkun að hluta.

Þegar á heildina er litið verður að telja að rekstur Reykjavíkurflugvallar á árinu 2004 hafi gengið fjárhagslega mjög vel.

Tafla 9 Útgjöld og tekjur Reykjavíkurflugvallar árin 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2004**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	45.864	52.837	6.973	15,2%
Snjómokstur	11.553	12.041	488	4,2%
Slökkviþjónusta	71.473	73.322	1.849	2,6%
Vélaverkstæði	18.144	19.030	886	4,9%
Trésmíðaverkstæði	10.539	7.404	-3.135	-29,7%
Flugturn	122.000	125.660	3.660	3,0%
Samtals	**279.573**	**290.294**	**10.721**	**3,8%**
Tekjur				
Lendingargjöld	39.593	48.290	8.697	22,0%
Leigutekjur	9.194	9.949	755	8,2%
Verksala og þjónusta	16.583	17.813	1.230	7,4%
Samtals	**65.370**	**76.052**	**10.682**	**16,3%**
Gjöld umfram tekjur	214.203	214.242	39	0,0%
Hlutfall tekna af gjöldum	23,4%	26,2%		
Framlag á hvern farþega kr.	617	565	-52	-8,4%

Akureyrarflugvöllur. Rekstrarniðurstaða Akureyrarflugvallar fyrir árið 2004 er sú að flugvöllurinn fór 1,7 millj. kr. fram úr rekstraráætlun ársins, eða 1,1%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin árið 2004 eftir stjórnunarsviðum og samanburð við rekstraráætlun ársins:

Tafla 10 Rekstrarútgjöld Akureyrarflugvallar árið 2004 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	105.323	103.646	1.677	1,6%
Flugumferðarsvið	43.153	43.153	0	0,0%
Samtals	**148.476**	**146.799**	**1.677**	**1,1%**

Eins og taflan sýnir kostaði rekstur Akureyrarflugvallar tæpar 148,5 millj. kr. á árinu 2004 án fjármagns- og stofnkostnaðar. Heildarútgjöld flugvallarins á árinu 2004 var tæpum 0,9 millj. kr. lægri en árið á undan, eða 0,6% sem er mjög góður árangur.

Næsta tafla sýnir samanburð á rekstrarútgjöldum og tekjum milli áranna 2003 og 2004, ásamt hlutfalli tekna af gjöldum og framlag á hvern farþega sem um flugvöllinn fór árið 2004:

Tafla 11 Útgjöld og tekjur Akureyrarflugvallar árin 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2004**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	107.238	105.323	-1.915	-1,8%
Rekstur flugturns	42.100	43.153	1.053	2,5%
Samtals	**149.338**	**148.476**	**-862**	**-0,6%**
Tekjur				
Lendingargjöld	16.195	13.255	-2.940	-18,2%
Leigutekjur	2.303	2.479	176	7,6%
Verksala og þjónusta	2.375	3.232	857	36,1%
Samtals	**20.873**	**18.966**	**-1.907**	**-9,1%**
Gjöld umfram tekjur	128.465	129.510	1.045	0,8%
Hlutfall tekna af gjöldum	14,0%	12,8%		
Framlag á hvern farþega kr.	747	740	-7	-0,9%

Í töflunni kemur fram að gjöld umfram tekjur urðu 129,5 millj. kr. á árinu 2004, samanborið við 128,5 millj. kr. árið 2003 og er hækkunin aðeins 0,8% og skýrist af því að tekjur lækkuðu um 9,1% milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum var á árinu 2004 12,8%, samanborið við 14% á árinu 2003. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 740 kr. sem er lækkun frá árinu áður, eða 0,9% lækkun.

Egilsstaðaflugvöllur. Heildarrekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar á árinu 2004 urðu 1,7 millj. kr. lægri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir, eða 2,2%. Rekstur flugvallarins kostaði á árinu rúmar 76,6 millj. kr. og hefur því hækkað um 2,2 millj. kr. frá árinu áður, eða um 2,9%. Tekjur flugvallarins hækkuðu nokkuð, eða um 15,8% vegna fjölgunar farþega.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar fyrir árið 2004 og samanburð við rekstraráætlanir ársins:

Tafla 12 Rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar árið 2004 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	57.524	59.334	-1.810	-3,1%
Flugumferðarsvið	19.150	19.066	84	0,4%
Samtals	**76.674**	**78.400**	**-1.726**	**-2,2%**

Eins og fram kemur í töflunni lækkaði kostnaður flugvalla- og flugleiðsögusviðs um 3,1% miðað við rekstraráætlun, en kostnaður flugumferðarsviðs vegna aðflugsþjónustu er sá sami og áætlunin gerði ráð fyrir.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2003 og 2004, ásamt framlagi á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu.

Tafla 13 Útgjöld og tekjur Egilsstaðaflugvallar árin 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2004**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	55.995	57.524	1.529	2,7%
Rekstur flugturns	18.515	19.150	635	3,4%
Samtals	**74.510**	**76.674**	**2.164**	**2,9%**
Tekjur				
Lendingargjöld	6.896	8.509	1.613	23,4%
Leigutekjur	1.212	1.190	-22	-1,8%
Verksala og þjónusta	688	484	-204	-29,7%
Samtals	**8.796**	**10.183**	**1.387**	**15,8%**
Gjöld umfram tekjur	65.714	66.491	777	1,2%
Hlutfall tekna af gjöldum	11,8%	13,3%		
Framlag á hvern farþega kr.	773	610	-163	-21,1%

Í töflunni kemur fram að rekstrarútgjöld hækkuðu milli ára um tæpar 2,2 millj. kr., eða 2,9%. Einnig sýnir taflan að gjöld umfram tekjur hafa hækkað um 1,2% frá árinu 2003, en hlutfall tekna af gjöldum er 13,3% árið 2004 á móti 11,8% á árinu 2003. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu lækkar verulega eða úr 773 kr. á fyrra ári í 610 kr. árið 2004, eða um 21,1%. Þetta skýrist af verulegri fjölgun farþega á árinu 2004 frá fyrra ári, eða um 28%. Rekstrarafkoma flugvallarins verður því að teljast mjög góð á árinu 2004.

Vestmannaeyjaflugvöllur. Rekstrarafkoma Vestmannaeyjaflugvallar var nokkuð góð á árinu 2004. Rekstrarútgjöldin hækkuðu um 2,1% milli ára, eða rúmar 1,2 millj. kr. Bæði stjórnunarsviðin voru undir rekstraráætlun, sem nemur 4,4%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin á árinu 2004 ásamt samanburði við áætlanir:

Tafla 14 Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar árið 2004 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	34.396	37.130	-2.734	-7,4%
Flugumferðarsvið	24.720	24.720	0	0,0%
Samtals	**59.116**	**61.850**	**-2.734**	**-4,4%**

Eins og taflan sýnir urðu heildarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar 59,1 millj. kr.

Tekjur flugvallarins á árinu 2004 lækkuðu hins vegar um 3% frá árinu áður, eða um 1 millj. kr. Þó fjölgaði farþegum sem fóru um flugvöllinn frá árinu áður um 4,4%.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2003 og 2004 ásamt ýmsum öðrum upplýsingum:

Tafla 15 Útgjöld og tekjur Vestm.eyjaflugvallar árin 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2004**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	33.887	34.396	509	1,5%
Rekstur flugturns	24.000	24.720	720	3,0%
Samtals	**57.887**	**59.116**	**1.229**	**2,1%**
Tekjur				
Lendingargjöld	1.671	1.603	-68	-4,1%
Leigutekjur	1.430	1.476	46	3,2%
Verksala og þjónusta	590	500	-90	-15,3%
Samtals	**3.691**	**3.579**	**-112**	**-3,0%**
Gjöld umfram tekjur	54.196	55.537	1.341	2,5%
Hlutfall tekna af gjöldum	6,4%	6,1%		
Framlag á hvern farþega kr.	1.204	1.182	-23	-1,9%

Eins og taflan sýnir hafa heildarrekstrarútgjöld á árinu 2004 hækkað frá fyrra ári um 2,1%. Taflan sýnir einnig að hlutfall tekna af gjöldum hefur lækkað úr 6,4% árið áður í 6,1% á árinu 2004 og að framlag á hvern farþega er 1.182 kr. á móti 1.204 kr. árið 2003, sem er 1,9% lækkun.

Ísafjarðarflugvöllur. Töluverður viðsnúningur varð á rekstri Ísafjarðarflugvallar á árinu 2004 miðað við fyrri ár. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan fóru heildarútgjöld flugvallarins 14,7% umfram rekstraráætlun.

Tafla 16 Rekstrarútgjöld Ísafjarðarflugvallar árið 2004 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	38.337	34.079	4.258	12,5%
Flugumferðarsvið	10.960	8.887	2.073	23,3%
Samtals	**49.297**	**42.966**	**6.331**	**14,7%**

Heildarrekstrarkostnaður flugvallarins á árinu 2004 varð 49,3 millj. kr. á móti 43,4 millj. kr. árið 2003 og hefur því hækkað um tæpar 5,9 millj. kr., eða 13,5%. Tekjur flugvallarins hækkuðu þó verulega, eða um 50,5% á milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum hækkaði um 7,9% frá árinu áður. Framlag á hvern farþega lækkaði hins vegar um 4,1% á milli ára, eða úr 941 kr. árið 2003 í 903 kr. árið 2004.

Tafla 17 Útgjöld og tekjur Ísafjarðarflugvallar árin 2003 og 2004 (þús kr.)

Gjöld Verkefni	2003	2004	Mismunur	%
Rekstur flugvallar	34.787	38.337	3.550	10,2%
Rekstur flugturns	8.629	10.960	2.331	27,0%
Samtals	**43.416**	**49.297**	**5.881**	**13,5%**
Tekjur				
Lendingargjöld	3.252	3.451	199	6,1%
Leigutekjur	1.706	2.344	638	37,4%
Verksala og þjónusta	806	2.882	2.076	257,6%
Samtals	**5.764**	**8.677**	**2.913**	**50,5%**
Gjöld umfram tekjur	37.652	40.620	2.968	7,9%
Hlutfall tekna af gjöldum	13,3%	17,6%		
Framlag á hvern farþega kr.	941	903	-39	-4,1%

Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti. Rekstrarútgjöld annarra áætlunarflugvalla í grunnneti urðu 1,5% lægri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2004. Um er að ræða 7 flugvelli og urðu heildarrekstrarútgjöld þeirra 70,8 millj. kr., en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir útgjöldum að upphæð 71,8 millj. kr.

Tekjur þessara flugvalla eru mjög litlar og urðu 4,8 millj. kr. á árinu 2004. Því var hlutfall tekna af gjöldum ekki nema 6,8% og framlag á hvern farþega sem um flugvellina fór, var að jafnaði 1.235 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á heildarútgjöldum flugvallanna og áætlun ásamt tekjum og öðrum upplýsingum á árinu 2004:

Tafla 18 Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2004

(Þús.kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2004	Áætlun árið 2004	Tekjur árið 2004	Gjöld um- fram tekjur	Hlutf.tekna af gjöldum	Framlag á farþega
Hornafjörður	17.978	18.294	1.410	16.568	7,8%	1.846
Sauðárkrókur	12.277	11.268	648	11.629	5,3%	1.919
Bíldudalur	9.653	9.061	552	9.101	5,7%	2.104
Grímsey	7.425	6.714	1.138	6.287	15,3%	1.427
Þórshöfn	7.270	7.591	439	6.831	6,0%	4.357
Þingeyri	4.564	6.030	415	4.149	9,1%	6.267
Bakki	11.610	12.870	213	11.397	0,0%	416
Samtals	**70.777**	**71.828**	**4.815**	**65.962**	**6,8%**	**1.235**

Aðrir áætlunarflugvellir utan grunnnets. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarafkomu þeirra tveggja áætlunarflugvalla sem eru utan grunnnets:

Tafla 19 Aðrir áætlunarflugv. utan grunnnets, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2004

(Þús.kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2004	Áætlun árið 2004	Tekjur árið 2004	Gjöld umfram tekjur	Hlutf.tekna af gjöldum	Framlag á farþega
Vopnafjörður	7.714	6.888	333	7.381	4,3%	4.399
Gjögur	4.472	5.300	186	4.286	4,2%	7.026
Samtals	**82.963**	**84.016**	**5.334**	**77.629**	**6,4%**	**5.099**

Eins og taflan sýnir er framlag með hverjum farþega mjög hátt, en flugvellirnir hafa mjög litla flutninga, og eru í fullum rekstri.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld ársins 2004, borin saman við rekstraráætlanir sama árs:

Tafla 20 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, rekstur 2004 (þús kr.)

Gjöld	2004	Áætlun	Mismunur
Aðrir flugvellir	26.416	25.232	4,7%
Lendingarstaðir	8.764	7.695	13,9%
Samtals	**35.180**	**32.927**	**6,8%**

Eins og taflan sýnir fóru rekstrarútgjöldin 6,8% fram úr áætlun.

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

2.2.1 Viðhald.

Yfirborð brauta og hlaða. Undir þennan lið fellur allt yfirborðsviðhald flugbrauta og flughlaða sem hefur bundið slitlag, þ.e. malbik, klæðingu og yfirborðsmerkingar.

Helstu verkefni vegna malbiks var viðgerð á flughlaði við flugstöðina á Reykjavíkurflugvelli. Annað verkefni var yfirborðsbinding með „Ralumac" á flugbrautina við Stóra-Kropp. Þá fóru starfsmenn af Akureyrarflugvelli á ýmsa flugvelli vegna yfirborðsmálunar flugbrauta, en tækið sem notað er vegna málningarframkvæmda á flugbrautum er í umsjá Akureyrarflugvallar.

Alls voru fjárveitingar samkvæmt samgönguáætlun árins 2004 59,2 millj. kr., en bókfærður kostnaður á árinu nam 17,9 millj. kr.

Tafla 21 Sundurliðun viðhalds borin saman við bókfærðan kostnað 2004

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2004	Bókfærður kostn. 2004
Yfirborð brauta og hlaða	59,2	17,9
Byggingar og búnaður	9,2	5,2
Ýmis verk v/flugleiðsögu og tæknibúnaða	7,1	16,0
Tækjasjóður	79,6	85,5
Samtals:	**155,1**	**124,6**

Byggingar og búnaður. Undir þennan lið fellur allt meiri háttar viðhald bygginga sem gert er sjaldnar en árlega. Fjárveitingar ársins voru 9,2 millj. kr., en framkvæmt var fyrir 5,2 millj. kr.

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar. Í þennan lið var varið á árinu 2004 16 millj. kr. Þar af fóru 8,6 millj. kr. í veðurupplýsingakerfi, 2 millj. kr. vegna varahluta í fjarskiptabúnað og 5,4 millj. kr. vegna ýmissa verkefna vegna flugleiðsöguþjónustu.

Tækjasjóður. Fjárveitingar til tækjasjóðs á árinu 2004 voru 79,6 millj. kr., en keypt voru ýmis tæki og búnaður fyrir 85,5 millj. kr. á árinu 2004, eins og sést á eftirfarandi töflu:

Tafla 22 Sundurliðun tækjasjóðs (þús.kr.)

Reykjavík, flugbrautarsópur	21.614
Reykjavík, bremsumælir	4.037
Reykjavík, vörubifreið með breytingum	9.539
Reykjavík, þjónustubifreið	4.557
Reykjavík, snjótönn	3.353
Reykjavík, sláttutæki	730
Reykjavík, ýmis tæki	2.028
Bíldudalur, bátur og skýli	1.696
Akureyri, hjólaskófla	12.373
Akureyri, mýrartæki	3.137
Grímsey, snjóhreinsitæki	7.236
Sauðárkrókur, vörubifreið	3.770
Þórshöfn, hluti FMS í björgunarbát	1.000
Vopnafjörður, hluti FMS í björgunarbát	1.000
Vopnafjörður, vörubifreið	4.209
Egilstaðir, björgunarbátur	842
Björgunarbúnaður	4.343
Samtals:	**85.464**

2.2.2 Stofnkostnaður.
2.2.2.1 Grunnnet.

Reykjavíkurflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Unnið var á árinu 2004 að ýmsum frágangi sem aðallega beindist að fegrun og snyrtingu á flugvallarsvæðinu fyrir um 3,2 millj. kr.

Byggingar. Framkvæmt var á árinu fyrir 9,4 millj. kr. Af þeirri upphæð var varið 6,8 millj. kr. vegna athugana og undirbúnings að byggingu nýrrar flugstöðvar. Þá hófst vinna við hönnun nýrrar tækjageymslu og gerðar voru nokkrar endurbætur á skólaflugstöðinni.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Í þennan lið var varið á árinu 5 millj. kr. Þar af fóru 3,5 millj. kr. í hönnun og undirbúning vegna uppsetningar nýrra aðflugsljósa við flugbraut 19 ásamt öðrum ljósabúnaði og endurbótum á aðflugsstefnusendi.

Akureyrarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Unnið var áfram að girðingarframkvæmdum við flugvöllinn á árinu 2004 og til þess varið 1,3 millj. kr. sem fóru að mestu í efniskaup.

Byggingar. Unnið var að ýmsum endurbótum í flugstöðinni vegna Schengen-krafna fyrir 0,8 millj. kr. á árinu 2004. Þá var unnið að breytingum og endurbótum á flugskýlinu sem keypt var á síðasta ári og nota á, sem viðbótar tækjageymslu, fyrir um 4,8 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2004 var áfram unnið að endurnýjun flugbrautarljósa á Akureyrarflugvelli og til þess varið 10,2 millj. kr. Þá var einnig unnið að ýmsum endurbótum í flugturninum fyrir um 4,4 millj. kr.

Egilsstaðaflugvöllur.

Byggingar. Á Egilsstaðaflugvelli voru á árinu 2004 nánast engin framkvæmdaverkefni að öðru leyti en því að framkvæmt var fyrir 0,7 millj. kr. vegna lagfæringa á starfsmannaaðstöðu í tækjageymslunni.

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.

Byggingar. Á Bakkaflugvelli var unnið áfram að undirbúningi byggingar nýrrar flugstöðvar og til þess varið 1,9 millj. kr. á árinu 2004.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2004 var hafin vinna við kaup og uppsetningu á nýjum aðflugshallaljósum á Vestmannaeyjaflugvelli. Þeirri framkvæmd er ekki lokið en kostnaður á árinu varð 5,1 millj. kr.

Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2004 var áfram unnið að undirbúningi og hönnun öryggissvæða flugvallarins og til þess varið 8,1 millj. kr. Á Þingeyrarflugvelli var á árinu hafin vinna við hönnun lengingar flugbrautarinnar og var verkfræðistofan Hönnun hf. fengin til þess verks. Kostnaður á árinu varð 3,5 millj. kr.

Byggingar. Haldið var áfram vinnu við byggingu nýs flugturns á Ísafjarðarflugvelli og til þess varið 6,9 millj. kr. á árinu 2004.

Hornafjarðarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Unnið var að uppgræðslu öryggissvæða flugvallarins á árinu fyrir 1,2 millj. kr.

Bíldudalsflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Nánast engin framkvæmdaverkefni voru á flugvellinum á árinu 2004, en kostnaður að upphæð 0,2 millj. kr. varð til vegna athugana á öryggissvæðum.

Grímseyjarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2003 var hafin endurbygging flugbrautarinnar í Grímsey og lauk 1. áfanga verksins það ár. Á árinu 2004 lauk verkinu og er þá Grímseyjarflugvöllur kominn í hóp þeirra flugvalla sem eru með bundið slitlag. Kostnaður á árinu varð 27,5 millj. kr.

Byggingar. Á árinu hófst vinna við byggingu nýrrar vélageymslu á Grímseyjarflugvelli. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Kostnaður á árinu 2004 varð 16,2 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Sett voru upp svokölluð „eltiljós“ við flugvöllinn á árinu 2004 og varð kostnaður við þá framkvæmd 2,4 millj. kr.

Tafla 23 Sundurliðun stofnkostnaðar borinn saman við bókfærðan kostnað 2004

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2004	Bókfærður kostn. 2004
1	**Reykjavíkurflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	3,2
	2. Byggingar	0,0	9,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	36,7	5,0
	Samtals	**36,7**	**17,6**
1	**Akureyrarflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	1,3
	2. Byggingar	25,5	5,7
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8,2	14,6
	Samtals	**33,7**	**21,6**
1	**Egilsstaðaflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0
	2. Byggingar	2,6	0,7
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**2,6**	**0,7**
11	**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,1
	2. Byggingar	20,9	1,9
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	5,1
	Samtals	**20,9**	**7,1**
11	**Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri**		
	1. Flugbrautir og hlöð	64,3	11,5
	2. Byggingar	0,0	6,9
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**64,3**	**18,4**
11	**Hornafjarðarflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	1,2
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,3
	Samtals	**0,0**	**1,5**
11	**Bíldudalsflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,2
	2. Byggingar	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**0,0**	**0,2**
111	**Grímseyjarflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	41,8	27,5
	2. Byggingar	0,0	16,2
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	2,4
	Samtals	**41,8**	**46,1**
	Samtals áætlunarflugvellir í grunnneti	**200,0**	**113,2**

2.2.2.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Áætlunarflugvellir utan grunnnets eru tveir, þ.e. Gjögur- og Vopnafjarðarflugvellir. Engar fjárveitingar og framkvæmdir voru á þessum flugvöllum á árinu 2004.

2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Framlag til annarra flugvalla og lendingarstaða á árinu 2004 var 3,1 millj. kr., en kostnaður á árinu varð 0,5 millj. kr.

Æfingaflugvöllur. Unnið var að rannsóknum, frumhönnun og kostnaðaráætlun vegna endurbóta á gömlu malarflugbrautinni á Sandskeiði með það í huga að hún verði nothæf allt árið og verði með bundnu slitlagi. Áætlaður kostnaður við 800 metra flugbraut er 17 millj. kr. Kostnaður á árinu 2004 varð 2,3 millj. kr.

Tafla 24 Sundurliðun annarra flugvalla borin saman við bókfærðan kostnað 2004

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2004	Bókfærður kostn. 2004
1V, V og V1	Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	3,1	0,5
	Æfingaflugvöllur	6,1	2,3
	Samtals:	**9,2**	**2,8**

2.2.2.4 Ýmis stofnkostnaður, búnaður og verkefni.

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2004 var þessi kostnaður 5,0 millj. kr.

Tafla 25 Sundurliðun búnaðar og verkefna borin saman við bókfærðan kostnað 2004

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2004	Bókfærður kostn. 2004
Flugstjórnarmiðstöð	5,1	5,0
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	15,3	10,0
Flugprófunarbúnaður	0,0	1,2
Flugvernd og öryggismál	11,2	6,4
EGNOS	0,0	-5,6
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	20,4	0,0
Stjórnunarkostnaður og afskrifaðar kröfur	18,4	28,8
Samtals:	**70,4**	**45,8**

GPS/AIS/upplýsingaþjónusta. Unnið var á árinu 2004 við uppbyggingu á gæðakerfi fyrir upplýsingaþjónustuna. Aðflugshönnuðir hafa sótt námskeið í RNAV/GNSS vegna GPS-aðfluga. Einnig er verið að kaupa stafræn kort frá Landmælingum Íslands vegna aðflugskortagerðar. Kostnaður á árinu 2004 varð 10 millj. kr., en fjárveiting 15,3 millj. kr.

Flugprófunarbúnaður. Á árinu 2003 var varið 1,2 millj. kr. til kaupa á nýjum flugprófunarbúnaði.

Flugvernd og öryggismál. Á árinu 2004 var áfram unnið að ýmsum flugverndar- og öryggismálum á flugvöllunum og til þess varið 6,4 millj. kr.

2.3 Flokkun flugvalla.

Með þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 breyttist flokkun flugvalla frá fyrri þingsályktunum um flugmálaáætlun. Flugvellir eru nú flokkaðir á eftirfarandi hátt: 1. Flugvellir í grunnneti. 2. Áætlunarflugvellir utan grunnnets. 3. Aðrir flugvellir utan grunnnets.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir í grunnneti: Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir utan grunnnets:

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs-, Siglufjarðar-, Blönduóss-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Grundarfjörður, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

2.3.4 Flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli.

Flugvellir eru einnig flokkaðir eftir staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt viðauka 14. Þar er miðað við brautarlengdir og flugvélagerðir eins og sést í eftirfarandi töflu:

Tafla 26 Flokkun flugvalla samkvæmt viðmiðun ICAO, viðauka 14.

Viðmiðun 1		Viðmiðun 2		
Flokkur	**Flugbrautarlengd**	**Flokkur**	**Vænghaf**	**Breidd milli aðalhjóla**
1	Styttri en 800 m	A	Styttra en 15 m.	Styttri en 4,5 m
2	800 m að 1200 m	B	15 m að 24 m	4,5 m að 6 m
3	1200 m að 1800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m
4	1800 m og lengri	D	36 m að 52 m	9 m að 14 m
		E	52 m að 65 m	9 m að 14 m

2.4 Þróun flutninga

Á undanförnum árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt og náði hámarki árið 1999, en hefur síðan farið fækkandi. Á árunum 1982–2004 var aukningin um 41,7%. Á árinu 2004 fjölgaði farþegunum frá árinu áður um 9%. Þróunin hefur orðið sú, að farþegum sem fara um stærri flugvellina hefur fjölgað verulega, enda ferðatíðni meiri, að undanskildum Ísafjarðarflugvelli, en þar hefur farþegum sem fara um flugvöllinn fækkað um 8% frá árinu 1982. Á móti hefur farþegum fækkað sem notuðu minni flugvellina, en það hefur leitt til þess að áætlunarflugi hefur verið hætt til margra áfangastaða undanfarin ár.

Myndin hér að neðan sýnir þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi 1982–2004:

Mynd 2 Farþegaflutningar í innanlandsflugi 1982-2004



	1982	1987	1992	1997	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Series1	574.577	684.287	735.268	850.745	957.848	917.129	731.662	698.613	747.456	814.356

Betri vegir út frá Reykjavík um Vesturland og norður í land hefur fyrst og fremst gert það að verkum að áætlunarflugi til flugvallanna á Snæfellsnesi, Hólmavík og Blönduósi var hætt, þar sem flugið gat ekki keppt við einkabílinn. Þá hefur einnig bætt vegakerfi milli byggða í einstökum landshlutum stuðlað að þessari þróun, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi. Aðallega hefur arðsemiskrafa flugrekenda nú á allrasíðustu árum leitt til þessarar þróunar, sbr. að hætt hefur verið áætlunarflugi til Húsavíkur og Siglufjarðar.

Eins og fram kemur í töflu 27 halda fjórir stærstu áætlunarflugvellirnir ríflega hlutfalli sínu í farþegaflutningunum, ásamt Grímseyjarflugvelli, þegar árin 1982 og 2004 eru borin saman. Aðrir flugvellir halda í horfinu, eða farþegum hefur fækkað mjög mikið.

Eftirfarandi töflur sýna fjölda farþega sem fóru um áætlunarflugvelli í grunnneti og utan grunnnets árin 1982 annars vegar og 2004 hins vegar:

Tafla 27 Áætlunarflugvellir í grunnneti, farþegaflutningar 1982 og 2004

Flugvellir	1982	Hlutfall	2004	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	258.595	50,7%	379.372	46,9%	46,7%
Akureyri	105.932	20,8%	175.224	21,6%	65,4%
Vestmannaeyjar	29.218	5,7%	47.157	5,8%	61,4%
Egilsstaðir	39.000	7,6%	109.159	13,5%	179,9%
Ísafjörður	44.013	8,6%	45.395	5,6%	3,1%
Hornafjörður	13.212	2,6%	8.973	1,1%	-32,1%
Sauðárkrókur	11.375	2,2%	6.060	0,7%	-46,7%
Bíldudalur	2.672	0,5%	4.326	0,5%	61,9%
Grímsey	1.783	0,3%	4.405	0,5%	147,1%
Þórshöfn	2.053	0,4%	1.568	0,2%	-23,6%
Þingeyri	2.449	0,5%	662	0,1%	-73,0%
Bakki	0	0,0%	27.416	3,4%	0,0%
Samtals	**510.302**	**100,0%**	**809.717**	**100,0%**	**58,7%**

Tafla 28 Áætlunarflugvellir utan grunnnets, farþegaflutn. 1982 og 2004

Flugvellir	1982	Hlutfall	2004	Hlutfall	Breyting
Vopnafjörður	3.721	81,2%	1.678	73,3%	-54,9%
Gjögur	863	18,8%	610	26,7%	-29,3%
Samtals	**4.584**	**100,0%**	**2.288**	**100,0%**	**-50,1%**

Á árinu 1998 hófust skráningar á farþegum sem fóru um Bakkaflugvöll í Austur-Landeyjum, en verulegt leiguflug fer um flugvöllinn frá Vestmannaeyjum, eða um og yfir 27.000 farþegar á ári.

Þegar þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi frá árinu 1982 er skoðuð eftir landshlutum kemur eftifarandi í ljós:

Tafla 29 Farþegaflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2004	Hlutfall	Breyting
Vesturland	7.328	1,3%	0	0,0%	-100,0%
Vestfirðir	66.077	11,5%	50.993	6,3%	-22,8%
Norðurland v.	20.897	3,7%	6.161	0,8%	-70,5%
Norðurland e.	130.431	22,8%	183.406	22,5%	40,6%
Austurland	59.925	10,5%	119.850	14,7%	100,0%
Suðurland	29.218	5,1%	74.573	9,2%	155,2%
Reykjavík	258.595	45,2%	379.372	46,6%	46,7%
Samtals	**572.471**	**100,0%**	**814.355**	**100,0%**	**42,3%**

Eins og taflan sýnir er hlutfallslega mest aukning farþega sem fóru um flugvellina á Suðurlandi, þ.e. Vestmannaeyja- og Bakkaflugvöll. Norðurland eystra og Austurland halda ríflega sínu hlutfalli, en farþegaflutningar um flugvelli á Vestfjörðum eru á undanhaldi, enda hefur verið nokkur fólksfækkun í landshlutanum á undanförnum árum.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa verið á stöðugu undanhaldi á undanförnum árum, eins og sést á myndinni hér að neðan. Lítil breyting varð milli áranna 2003 og 2004.

Mynd 3 Vöru- og póstflutningar með innanlandsflugi 1982-2004



Á töflunni hér að neðan sést hvernig þróunin hefur verið frá árinu 1982 eftir landshlutum:

Tafla 30 Vöru- og póstflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2004	Hlutfall	Breyting
Vestfirðir	1.066	12,6%	366	12,6%	-65,7%
Norðurland	2.325	27,5%	605	20,9%	-74,0%
Austurland	1.219	14,4%	460	15,9%	-62,3%
Suðurland	229	2,7%	141	4,9%	-38,4%
Reykjavík	3.604	42,7%	1.329	45,8%	-63,1%
Samtals	**8.443**	**100,0%**	**2.901**	**100,0%**	**-65,6%**

Fylgiskjal I.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988:

Fjárveitingar til flugmálaframkv., stofnkostnaður og viðhald 1988-2004 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkv. byggingarvísitölu. (mars 2005, sem er 313 stig)

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	726.377
1989	272.000	589.993
1990	325.000	592.113
1991	349.000	587.612
1992	374.000	620.689
1993	393.000	647.075
1994	395.000	626.635
1995	355.000	543.882
1996	332.000	495.074
1997	400.000	559.928
1998	415.000	562.560
1999	485.000	644.607
2000	691.000	883.509
2001	837.000	1.010.339
2002	932.100	1.051.342
2003	688.000	754.006
2004	441.800	461.252
Samtals	**7.966.400**	**11.356.992**



Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostnað einstakra flugvalla árin 1988-2004:

Stofnkostnaður flugvalla 1988-2004 (þús. kr.)
Flugvellir í grunnneti og utan grunnnets eru áætlunarflugvellir.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (313 í mars 2005)

Staður	1988-2002	2003	2004	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	2.790.817	92.278	18.359	2.901.454	31,8%
Akureyri	913.121	43.070	22.555	978.747	10,7%
Egilsstaðir	1.806.264	5.918	750	1.812.932	19,8%
Vestmannaeyjar	540.935	877	5.293	547.105	6,0%
Bakki	108.071	0	2.081	110.152	1,2%
Ísafjörður	433.443	23.563	15.599	472.605	5,2%
Þingeyri	59.205	0	3.652	62.857	0,7%
Hornafjörður	257.293	110	1.579	258.981	2,8%
Sauðárkrókur	243.593	0	0	243.593	2,7%
Grímsey	107.231	98.086	48.105	253.422	2,8%
Bíldudalur	179.031	2.082	184	181.297	2,0%
Þórshöfn	276.988	0	0	276.988	3,0%
Flugvellir í grunnneti	**7.715.992**	**265.984**	**118.156**	**8.100.132**	**88,7%**
Vopnafjörður	76.755	0	0	76.755	0,8%
Gjögur	70.854	0	0	70.854	0,8%
Flugv. utan grunnnets	**147.609**	**0**	**0**	**147.609**	**1,6%**
Aðrir flugvellir	833.118	0	0	833.118	9,1%
Lendingarstaðir	49.341	5.699	515	55.555	0,6%
Aðrir flugv. lendingarst.	**882.459**	**5.699**	**515**	**888.673**	**9,7%**
Samtals	**8.746.060**	**271.683**	**118.671**	**9.136.414**	**100,0%**



Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárfestingar til einstakra flugvalla 1988-2004, ásamt fjölda farþega sem fóru um flugvellina á sama tíma:

Fjárfestingar á flugvöllum 1988-2004.
Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988-2004.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (313 í mars 2005).

Staður	Fjárhæð í þús. kr.	Fjöldi farþega	Framlag á hvern farþega
Reykjavík	2.901.454	6.015.885	482
Akureyri	978.747	2.521.670	388
Vestmannaeyjar	547.105	1.203.698	455
Egilsstaðir	1.812.932	1.063.792	1.704
Ísafjörður	472.605	828.536	570
Hornafjörður	258.981	262.729	986
Húsavík	234.760	182.185	1.288
Sauðárkrókur	243.593	199.173	1.223
Patreksfjörður	87.534	59.549	1.470
Bíldudalur	181.297	98.604	1.839
Grímsey	253.422	61.417	4.127
Norðfjörður	73.771	31.407	2.349
Vopnafjörður	76.755	50.859	1.509
Siglufjörður	67.392	44.336	1.520
Þórshöfn	276.988	32.244	8.591
Hólmavík	86.723	10.062	8.621
Gjögur	70.854	10.876	6.518
Þingeyri	62.857	33.959	1.851
Raufarhöfn	19.965	9.176	2.177
Kópasker	35.379	4.507	7.845
Flateyri	21.307	30.741	693
Mývatn	76.314	35.625	2.142
Bakki	110.152	148.912	740
Borgarfjörður eystri	26.037	1.491	17.474
Ólafsfjörður	439	6.012	73
Breiðdalsvík	8.056	3.068	2.624
Blönduós	22.192	11.247	1.973
Stykkishólmur	698	6.885	102
Rif	60.281	14.024	4.300
Samtals	**9.068.588**	**12.982.669**	**699**

Fylgiskjal IV.

Þróun flutninga 1995–2004.

Eftirfarandi myndir sýna þróun farþega,- vöru- og póstflutninga milli áranna 1995 og 2004. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað í farþegaflutningum í innanlandsflugi á fyrr greindu tímabili. Flug til margra áfangastaða hefur lagst af, en stóraukist frá Reykjavík til stærri áfangastaða eins og Akureyrar, Vestmannaeyja og Egilsstaða.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa minnkað verulega frá árinu 1982. Póstflutningar milli landshluta eru nú að mestu leyti með bílum og vöruflutningar einnig, nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar.

Áætlunarflugvellir í grunnneti:

Reykjavíkurflugvöllur





Akureyrarflugvöllur





Egilsstaðaflugvöllur





Vestmannaeyjaflugvöllur





Bakkaflugvöllur



Engir skráðir vöru- og póstflutningar

Ísafjarðarflugvöllur





Þingeyrarflugvöllur





Hornafjarðarflugvöllur





Sauðárkróksflugvöllur





Grímseyjarflugvöllur





Bíldudalsflugvöllur





Þórshafnarflugvöllur





Vopnafjarðarflugvöllur





Gjögursflugvöllur





1401. Skýrsla [815. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2004 (siglingamálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Með lögum nr. 71 8. maí 2002 er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. talið hafnamála og sjóvarna, og reksturs stofnana, ásamt með því að skilgreina grunnkerfið og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti.

Hins vegar kveða lögin á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðað eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Árið 2004 var í gildi fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006.

Lögin gera enn fremur ráð fyrir því að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár.

Stefnumótun.

Í samgönguáætlun áranna 2003–2014 eru sett fram og sérstaklega sundurliðuð tiltekin meginmarkmið. Í gildandi fjögurra ára áætlun er mælt fyrir um að unnið skuli að ákveðnum rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir meginmarkmiðin, sem eru:

- Um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).
- Um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
- Um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
- Um öryggi í samgöngum.

Þá liggur fyrir verkefnaáætlun samgönguráðuneytisins áranna 2003–2007 en þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem samgönguráðherra vill að unnið sé að á næstu missirum.

Markmið og framtíðarsýn Siglingastofnunar.

Hlutverk Siglingastofnunar Íslands er að vera framsækin þjónustustofnun, sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

Siglingastofnun Íslands hefur sett sér þau markmið að veita viðskiptavinum öfluga fyrsta flokks þjónustu og hafa á að skipa ánægðu og vel menntuðu starfsliði. Stofnunin hefur sett sér markmið í anda stefnumótunar í samgönguáætlun til 2014 um að stuðla m.a. að aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri hafna, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu fyrir skip og stuðla að því að lög og reglur um siglingamál tryggi sem best öryggi sjófarenda og séu jafnan í samræmi við samfélagsþarfir. Enn fremur að byggja reksturinn á góðri nýtingu fjárheimilda, öflugri áætlanagerð og eftirfylgni.

Markmiðssetning stofnunarinnar byggist auk þess á því að innra starf hennar sé skilvirkt, að eftirlitshlutverki sé sinnt af kostgæfni, jafnframt því sem unnið verði að rannsóknum og gagnaöflun á sérsviðum og að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum hagsmunum.

Framtíðarsýn Siglingastofnunar Íslands er skýr og tekur mið af þeim framtíðarmarkmiðum sem stofnunin vill ná á næstu fimm árum. Til viðbótar hinum almennu markmiðum um meiri hagkvæmni í siglingum og sjávarútvegi, aukið öryggi og bætta velferð sjófarenda stefnir stofnunin að því að styrkja enn frekar þjónustu og ráðgjöf á sérsviðum stofnunarinnar. Stofnunin hefur m.a. sett sér framtíðarmarkmið um að reka öflugustu upplýsinga- og leiðsöguþjónustu í N-Atlantshafi, starfa sem viðurkennd þekkingar- og rannsóknarmiðstöð á sviði siglinga- og hafnamála og vera virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar.

Fjármál.

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2003–2006, tölum úr fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2004 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2004. Fjárhæðir eru í milljónum króna. Tölur í fyrsta dálki eru ekki framreiknaðar til raunverðlags 2004, en verðlagshækkanir urðu heldur meiri en áætlað var við gerð samgönguáætlunar.

	Samgönguáætlun 2004	Fjárlög og fjáraukalög 2004	Rauntölur 2004
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Skipagjald[1]	65,2		
Vitagjald	107,2	103,5	121,9
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs[2]	220,7		

	Samgönguáætlun 2004	Fjárlög og fjáraukalög 2004	Rauntölur 2004
Markaðar tekjur alls	393,1	103,5	121,9
Framlag úr ríkissjóði	1.679,1	1.665,6	1.589,2
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	1,3	1,3	1,5
Skoðunargjöld skipa[3]		12,0	9,2
Aðrar ríkistekjur alls	1,3	13,3	10,7
Sértekjur[5]	127,0	127,6	195,0
Tekjur og framlög alls	2.200,5	1.910,0	1.916,8
Viðskiptahreyfingar	–67,2	–56,9	–56,9
Til ráðstöfunar alls	**2.133,3**	**1.853,1**	**1.859,9**
Rekstrargjöld:			
Yfirstjórn[4]	199,1	209,6	267,2
Vitar og leiðsögukerfi	108,7	105,0	104,9
Skipaskoðun	117,3	98,0	129,1
Vaktstöð siglinga	185,8	172,6	174,6
Áætlun um öryggi sjófarenda	20,4	15,0	11,0
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	20,4	20,0	6,5
Rannsóknir og þróun	51,0	40,0	47,6
Minjavernd og saga	15,3	5,0	5,3
Siglingavernd[5]		11,0	9,2
Rekstrargjöld alls	**718,0**	**676,2**	**755,4**
Stofnkostnaður:			
Tæki og búnaður	21,1	19,0	5,3
Vitar og leiðsögukerfi	11,7	11,7	17,8
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	1.306,8	1.087,4	1.016,3
Áður framkvæmt/afborganir	–67,2	–67,2	–67,2
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	40,8	40,8	48,5
Lendingabætur	3,9	3,9	3,9
Ferjubryggjur	6,6	6,6	0,4
Sjóvarnargarðar	74,7	74,7	79,5
Hafnabótasjóður, framlag	16,9	0,0	0,0
Stofnkostnaður alls	1.415,3	1.176,9	1.104,5
Gjöld alls	**2.133,3**	**1.853,1**	**1.859,9**

[1] Með nýjum lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, féll skipagjaldið út sem markaður tekjustofn.
[2] Með nýjum hafnalögum, nr. 61/2003, féll sérstakt vörugjald út sem markaðar tekjur.
[3] Gjaldtaka fyrir skip sem Siglingastofnun skoðar. Stofnunin sá um skoðun allra skipa tvo fyrstu mánuði ársins 2004 og allt árið um skoðun nokkurra skipa sem skoðunarstofum er ekki heimilt að skoða.
[4] Tekjur af útseldri þjónustu til hafna urðu nokkru meiri en áætlað var. Gjöld vegna þessa eru bókuð undir liðnum yfirstjórn og hækkaði sá liður að sama skapi.
[5] Siglingaverndin er nýtt verkefni sem Siglingastofnun var falið með lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

Rekstur og þjónusta.

Siglingamálaáætlun nær til allra verkefna sem löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun Íslands að annast. Þá er bæði átt við verklegar framkvæmdir og rekstur. Siglingamálaáætlun kemur í stað þriggja þingsályktana sem Siglingastofnun hefur verið falin framkvæmd á og tekur að auki til allra annarra rekstrarverkefna sem eru á forræði stofnunarinnar. Þingsályktanir þær sem hér er átt við voru samþykktar 19. maí 2001 og eru um hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Siglingamálaáætlun sú, sem hér er fjallað um og nær til áranna 2003–2006, tekur mið af fyrri áætlunum og ákvörðunum sem þær fólu í sér. Hún er síðan hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum nr. 71 8. maí 2002.

Yfirstjórn.

Skipulag.

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að öryggi sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um hlutverk, skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð.

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Í hafnaráði sitja:

Nafn	*Tilnefning*
Sigríður Finsen, formaður	samgönguráðherra
Brynjar Pálsson	samgönguráðherra
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	samgönguráðherra
Björn Magnússon	Hafnasamband sveitarfélaga
Ólafur M. Kristinsson	Hafnasamband sveitarfélaga
Friðrik J. Arngrímsson	Samtök atvinnulífsins

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Árið 2004 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

Nafn	*Tilnefning*
Daði Jóhannesson, formaður	samgönguráðherra
Guðmundur Hallvarðsson	samgönguráðherra
Ásbjörn Óttarsson	samgönguráðherra
Guðjón Ármann Einarsson	Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Ingólfur Sverrisson	Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði
Friðrik J. Arngrímsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna

Örn Pálsson	Landssamband smábátaeigenda
Ólafur J. Briem	Samband íslenskra kaupskipaútgerða
Sævar Gunnarsson	Sjómannasamband Íslands
Hilmar Snorrason	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Helgi Laxdal Magnússon	Vélstjórafélag Íslands

Innra skipulag og starfshættir.

Samgönguráðuneytið og Siglingastofnun Íslands rituðu hinn 29. desember árið 2000 undir árangursstjórnunarsamning. Hann tók gildi 1. janúar 2001 og er ætlað að gilda í fimm ár eða til ársloka 2005. Í ljósi þess að senn verða liðin 10 ár frá því að Siglingastofnun Íslands tók til starfa og brátt þarf að huga að endurnýjun framangreinds samnings var ákveðið í maí 2003 að nauðsyn bæri til að endurskoða stefnu og starfshætti stofunarinnar með tilliti til markmiðssetningar í anda árangursstjórnunar. Þetta var ekki síður talið tímabært í ljósi nýrrar lagasetningar um ýmsa þætti í starfseminni, merkra þingsályktana, m.a. um samgönguáætlun, og ekki síst flutnings nýrra verkefna til stofnunarinnar.

Á árinu 2004 var unnið úr stöðumati og þeim gögnum sem aflað hafði verið og lagður grunnur að nýrri stefnumótun og markmiðssetningu fyrir stofnunina. Unnið var að því að skilgreina hlutverk stofnunarinnar, staðfest voru þau gildi sem stofnunin og starfsmenn vilja standa fyrir, jafnframt sem framtíðarsýn, meginmarkmið og undirmarkmið voru mótuð. Stuðningsstefnur hafa enn fremur verið endurskoðaðar með tilliti til nútímans þar sem sett er fram starfsmannastefna, jafnréttisáætlun, siðareglur og gæðastefna svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt hafa verið sett fram skýr meginmarkmið og deilimarkmið fyrir stofnunina og einstök svið hennar og leitast þannig við að finna heppilega mælikvarða til að mæla árangur stofnunarinnar til lengri og skemmri tíma.

Í tengslum við þessa vinnu hefur enn fremur verið ráðist í endurskoðun á verkbókhaldi stofnunarinnar og sú aðferðafræði sem beitt er, er sett fram sem stuðningsstefna. Lögð er áhersla á það að verkbókhaldið endurspegli verkefnaáætlun stofnunarinnar sem gerð skal fyrir hvert ár. Í verkefnaáætlun skal gerð grein fyrir útfærslu á verkefnum og kostnaður áætlaður fyrir hvert verkefni í samræmi við fjárheimildir ársins. Í verkbókhaldinu er haldið utan um kostnað við einstök verkefni sem síðan er borinn saman við verkefnaáætlunina. Með þessu móti munu verkefnaáætlunin og verkbókhaldið áfram nýtast sem eitt helsta stjórntæki stofnunarinnar.

Byggt var á þeirri vinnu sem unnin hefur verið af hálfu stofnunarinnar undanfarin missiri og má þar nefna starfsánægjukönnun sem gerð var meðal starfsmanna og þjónustukönnun sem gerð var meðal viðskiptavina. Þessir tveir mikilvægu þættir hafa reynst dýrmætir við undirbúning að stefnumótuninni. Enn fremur hefur verið reynt að fanga flest það sem komið hefur fram á sameiginlegum fundum með starfsmönnum, sérfræðingum og í þeirri hópavinnu sem sett var upp. Loks var lagt upp með það að þessi stefnumótun gengi ekki í berhögg við hefðina og söguna heldur bætist ofan á þann grunn sem lagður hefur verið í Siglingastofnun á undanförnum árum.

Stefnumótunin endurspeglar enn fremur þær kvaðir og þá lagaskyldu sem á stofnuninni hvílir og má þar sérstaklega nefna samgönguáætlun sem líta má á sem verkefnavegvísi til framtíðar. Þannig er endurskoðuð stefna byggð að nokkru á þeim góðu gildum, menningu og starfsháttum sem á stofnuninni hafa þróast en einnig er reynt að leitast við að breyta núverandi veikleikum í styrkleika. Gert er ráð fyrir því að þessi grunnur að stefnumótun geti staðið næstu 5–10 árin miðað við nokkuð óbreytta starfsemi.

Með framangreindum hætti var lagður vandaður grunnur að endurbótum á innra skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar á árinu 2004.

Hinn 1. mars 2004 var tæknilegur hluti skipaskoðunar færður frá Siglingastofnun til einkarekinna faggiltra skoðunarstofa. Eftir breytingar má segja að fjórir aðilar hafi stærstu hlutverki að gegna þegar kemur að skoðun og eftirliti með skipum og búnaði þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða A-faggildingarstofur, í öðru lagi B-faggildingarstofur, í þriðja lagi flokkunarfélög og loks lögbundið hlutverk Siglingastofnunar að tryggja öryggi til sjós, annast útgáfu skírteina og hafa eftirlit og eiga samvinnu við þessa aðila.

Í tengslum við þessa áherslubreytingu fækkaði starfsstöðvum stofnunarinnar um fimm og störf voru ýmist lögð niður eða flutt til. Starfsmannafjöldi Siglingastofnunar í lok ársins 2004 er 73 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Siglingastofnun tók þátt í undirbúningi ýmissa lagafrumvarpa sem samgönguráðuneytið lagði fram á Alþingi 2003–2004. Frumvörpin fjölluðu m.a. um siglingavernd og Siglingastofnun Íslands.

Innan Siglingastofnunar var á árinu 2004 unnið að undirbúningi og gerð ýmissa reglna og reglugerða, t.d. um vinnutíma sjómanna, öryggi farþegaskipa, lögskráningu sjómanna, öryggisfræðslu sjómanna, hafnarríkiseftirlit, hleðslumerki skipa, björgunar- og öryggisbúnað skipa, skipsbúnað, siglingavernd, hafnamál, lestun og losun búlkaskipa, flokkunarfélög, öryggi fiskiskipa 15 metra og lengri og starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar.

Hér á eftir er listi yfir lög, reglugerðir, reglur og gjaldskrár sem sett hafa verið á árinu 2004 á sviði siglinga.

Lög:

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004.

Lög um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, nr. 39/2004.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

Reglugerðir og reglur:

Reglur um brottfellingu starfsreglna um öryggisfræðslu sjómanna, nr. 323/1988, með síðari breytingum, nr. 1014/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, með síðari breytingum, nr. 991/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, nr. 983/2004.

Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum, nr. 975/2004.

Reglugerð um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 869/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit með sjóflutningum, nr. 589/2003, nr. 815/2004.

Reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum, nr. 801/2004.

Reglugerð um umskipun olíu á rúmsjó, nr. 800/2004.

Reglugerð um móttöku á úrgangi frá skipum, nr. 792/2004.

Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB), nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaskipum, nr. 775/2004.

Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, nr. 739/2004.

Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum, nr. 680/2004.

Reglugerð um hleðslumerki skipa, nr. 677/2004.

Reglur um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum, nr. 603/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum, nr. 659/2000, nr. 597/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001, nr. 595/2004.

Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, nr. 594/2004.

Reglugerð um skipsbúnað, nr. 589/2004.

Reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda vegna siglingaverndar, nr. 550/2004

Reglur um farmvernd, nr. 529/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996, sbr. breytingu með reglugerð nr. 207/1998, nr. 416/2004.

Reglugerð um hafnamál, nr. 326/2004.

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, með áorðnum breytingum, nr. 266/2004.

Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum, nr. 208/2004.

Reglugerð um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa, nr. 204/2004.

Auglýsing um útgáfu á Skoðunarhandbók skipa og báta, nr. 200/2004.

Reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga og um reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun, nr. 142/2004.

Reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004.

Reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, nr. 94/2004.

Gjaldskrár:

Gjaldskrá fyrir Húsavíkurhöfn, nr. 1080/2004.

Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 1052/2004.

Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps, nr. 965/2004.

Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Grundartangahafnar vegna hafnaverndar, nr. 749/2004, nr. 796/2004.

Gjaldskrá fyrir Skagafjarðarhafnir, nr. 779/2004.

Gjaldskrá fyrir Borgarfjarðarhöfn, nr. 770/2004.

Gjaldskrá fyrir Þórshafnarhöfn, nr. 768/2004.

Gjaldskrá fyrir Þorlákshöfn, nr. 754/2004.

Gjaldskrá Grundartangahafnar vegna hafnaverndar, nr. 749/2004.

Gjaldskrá Hornafjarðarhafnar, nr. 683/2004.

Gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn, nr. 654/2004.

Gjaldskrá hafna í Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn, nr. 631/2004.

Gjaldskrá hafnarsjóðs Fjarðabyggðar, nr. 626/2004.

Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 625/2004.

Gjaldskrá fyrir Húsavíkurhöfn, nr. 613/2004.

Gjaldskrá fyrir Grundartangahöfn, nr. 552/2004.

Gjaldskrá fyrir Akraneshöfn, nr. 551/2004.
Gjaldskrá Reykjavíkurhafnar, nr. 541/2004.

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar.

Siglingastofnun Íslands tók þátt í vinnuhópi á vegum IMO og fleiri alþjóðastofnana um öryggi fiskiskipa og annaðist samræmingu gagna fyrir hópinn. Hópurinn skilaði af sér til IMO í september 2004.

Siglingastofnun tók þátt í vinnuhópi á vegum PIANC sem hefur það að markmiði að bera saman kostnað við mismunandi gerðir brimvarnargarða.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu ásamt með verklagsreglum þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréf hennar, *Til sjávar,* mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Fréttabréfið kom út fjórum sinnum árið 2004. Því er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um það helsta sem gerist á vettvangi stofnunarinnar. Haldið er úti öflugri vefsíðu sem birtist með nýju og breyttu fyrirkomulagi árið 2003. Þar eru, auk stöðugs fréttaflutnings, settar fram ítarlegar upplýsingar um starfsemina á skipulegan og greinargóðan hátt. Þar má nefna laga- og reglugerðaskrá, útgáfuskrár, gjaldskrár, eyðublöð, upplýsingar um veður og sjólag og flest það annað sem auðvelda má almenningi og viðskiptavinum samband við stofnunina.

Hér að framan var minnst á upplýsingar um veður og sjólag, sem byggjast á afar víðfeðmu og merkilegu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Sértæk söfnun upplýsinga með ölduduflum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands, sem og áralöng athugun á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til rauntímafræðslu um veður til fiskimanna og annarra sæfarenda við strendur landsins. Nytsemi upplýsinganna birtist ekki síður í nýtingu þeirra við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Þá heldur stofnunin rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd eða stærra mælt stafna á milli. Hún hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi, vegna eftirlits með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrá þessi var í fyrsta sinni opnuð almenningi á vefsíðu stofnunarinnar árið 2004.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna, svo sem leiðir af eðli máls, afar ítarlegt og margþætt safn teikninga og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnum, skipseigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað saman ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð og tengt Landskerfi bókasafna og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið þaðan lánaðar bækur.

Vitar og leiðsögukerfi.

Siglingastofnun annast rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Einnig rekur stofnunin leiðsögu- og eftirlitskerfi fyrir siglingar sem eru DGPS kerfið og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa er komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um vaktstöð siglinga byggjast á.

Til að reka vita og leiðsögukerfi við Ísland fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem er sérstakur skattur sem samkvæmt íslenskum vitalögum er lagður á íslensk skip og erlend skip sem taka íslenska höfn. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Á árinu hófst tilraunarekstur AIS-stöðvar í Bláfjöllum og hefur sá rekstur gengið vel. Áformað er að setja upp a.m.k fimm stöðvar á næsta ári.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með búnaði og viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2003 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Unnið var að almennu viðhaldi á 12 vitabyggingum. Farið var í 66 vita til eftirlits og endurnýjunar ljós- og rafbúnaðar. Þrír ljósvitar voru rafvæddir með sólarorku. Ein veðurstöð bættist við upplýsingakerfið um veður og sjólag og er sú stöð á Ingólfshöfða.

Rekstur upplýsingakerfis Siglingastofnunar um veður og sjólag gekk vel á árinu. Kerfið gefur sjófarendum kost á nýjum upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara og á árinu hófst birting ölduhæðamælinga á textavarpi ríkissjónvarpsins.

Skipaskoðun.

Framkvæmd og fyrirkomulag skipaeftirlits.

Þann 1. mars 2004 var mikill meiri hluti skoðana á íslenskum skipum, sem Siglingastofnun hafði séð um, færður út til faggiltra skoðunarstofa skipa. Með breytingunum voru stjórnvaldslegar aðgerðir aðskildar frá tæknilegu eftirliti sem er nú í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa, en stjórnvaldsleg ábyrgð á framkvæmd eftirlitsins er eftir sem áður í höndum Siglingastofnunar. Auk þess verða búnaðarskoðanir í flokkuðum skipum formlega færðar til flokkunarfélaga við endurskoðun á samningi við þau. Í árslok 2004 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga.

Á árinu 2004 var unnið að undirbúningi B-faggildingar fyrir skoðunarstofur einstakra hluta búnaðar skipa sem væntanlega mun taka gildi á árinu 2005. Siglingastofnun mun sjá um útgáfu starfsleyfa til þeirra.

Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa, framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað og útbýr og viðheldur nauðsynlegum skoðunarhandbókum vegna þess.

Skoðunaraðilar.

Skoðunaraðili	2003	2004	2005
Skoðunarstofur			2.165
Siglingastofnun Íslands	2.246	2.211	31
Bureau Veritas (BV)	9	9	8
Germanischer Loyd (GL)	7	7	6
Loyd's Register of Shipping (LR)	59	56	53
Det Norske Veritas (NV)	87	82	81
Samtals	**2.408**	**2.365**	**2.344**

Fjöldi skipa og báta.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir skip og báta samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Árlega gefur stofnunin út rafræna skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Fyrsta janúar 2005 voru samtals 2.344 skip á skrá og brúttótonnatala þeirra var 238.081 brúttótonn. Skipum á íslenskri skipaskrá hefur þannig enn fækkað og að þessu sinni um samtals 21 skip. Heildarbrúttótonnatala skipastólsins hækkaði hins vegar um tæplega 5.000 brúttótonn frá árinu áður.

Á aðalskipaskrá 1. janúar 2005 voru 1.135 þilfarsskip og brúttótonnatala þeirra var 230.881. Opnir bátar voru samtals 1.209 og brúttótonnatala þeirra var 7.199.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, Keilir, samtals 4.341,99 brúttótonn.

Tölurnar í töflunni hér á eftir eru miðaðar við 1. janúar ár hvert.

Fjöldi og stærð í brúttótonnum.

Fjöldi og stærð	2003	2004	2005
Þilfarsskip	1.135	1.128	1.135
Brúttótonn	235.775	226.081	230.881
Opnir bátar	1.273	1.237	1.209
Brúttótonn	7.473	7.322	7.199
Heildarfjöldi	**2.408**	**2.365**	**2.344**
Heildarbrúttótonnatala	**243.249**	**233.403**	**238.081**

Áhafnamál og skírteini.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2004 voru gefin út 60 alþjóðleg atvinnuskírteini (STCW), 10 atvinnukafaraskírteini, 8 skírteini hafnsögumanns og 3 leiðsögumannsskírteini. Stjórnsýslusvið gaf einnig út starfsleyfi til farþegaflutninga og voru 40 slík leyfi gefin út árið 2004, 5 starfsleyfi fyrir bátaleigur og 4 leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Hafnarríkiseftirlit.

Á vegum Siglingastofnunar Íslands var eins og undanfarin ár haft eftirlit með erlendum farmskipum í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU) og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum sem Ísland á aðild að.

Tilkynnt var um komu 313 skipa til Íslands og voru 79 þeirra skoðuð eða um fjórðungur erlendra farmskipa sem komu til landsins.

Skipin 79 sem voru skoðuð voru frá 24 fánaríkjum. Fimm skip voru sett í farbann: tvö frá Bahamas, eitt frá St. Vincent, eitt frá Noregi og eitt frá Litháen. Gerðar voru 90 athugasemdir og teknar út 219 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum.

Skoðuð voru 15 af þeim 70 skemmtiferðaskipum sem komu til Reykjavíkur sumarið 2004.

Á árinu 2004 voru tvær skoðunarherferðir á vegum Parísarsamkomulagsins. Sú fyrri varðaði framkvæmd alþjóðakóðans um skipa- og hafnavernd, ISPS-kóðans, og stóð hún yfir frá 1. júlí til 30. september.

Í síðari herferðinni, sem stóð frá 1. til 31. október, var sérstaklega kannað hvort skip uppfylltu ákvæði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, um aðbúnað skipverja um borð.

Marktækt er að á árinu hefur undirmálsskipum fækkað til muna eftir að var farið að banna skipum að koma til hafnar aðildarríkja Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Vaktstöð siglinga.

Með lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, var samgönguráðherra falið að fara með yfirstjórn mála er varða vaktstöð siglinga en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra.

Í mars 2004 tókst samkomulag á milli samgönguráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins um verkaskiptingu milli ráðuneytanna. Samkvæmt samkomulaginu hefur Siglingastofnun með höndum fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstri vaktstöðvar siglinga, auk þess sem Siglingastofnun er falið að sinna samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvar siglinga og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) og Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA). Jafnframt því að bera ábyrgð á starfseminni er Siglingastofnun eftirlitsaðili með vaktstöð siglinga. Aðilar á vegum dómsmálaráðuneytis hafa hins vegar með höndum daglegan rekstur vaktstöðvar siglinga.

Í umræddu samkomulagi samgönguráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis er kveðið á um að verkefni vaktstöðvar siglinga skuli útfærð í sérstökum þjónustusamningi milli Siglingastofnunar Íslands annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínunnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar hins vegar og var samningur þar að lútandi undirritaður í byrjun júní 2004. Markmið samningsins er að tryggja öryggi sjófarenda eins og kostur er og að allir hlutaðeigandi aðilar, sem mesta reynslu og þekkingu hafa á vöktun og leit og björgun, sameinist um rekstur vaktstöðvar sjófarendum til hagsbóta. Gert er ráð fyrir því að fagleg yfirstjórn vaktstöðvar verði í höndum Landhelgisgæslu Íslands en fjármál, húsnæðismál og rekstur fjarskiptakerfa í höndum Neyðarlínunnar. Slysavarnafélagið Landsbjörg mun leggja stöðinni til sína sérþekkingu og aðgang að tækjakosti og búnaði og þjónustu sem það hefur rekið vegna sjálfvirku tilkynningarskyldunnar.

Verkefni vaktstöðvar eru margþætt en gert er ráð fyrir að vaktstöð siglinga verði miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslenskri efnahagslögsögu og haldi utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Komið verður á rafrænu tilkynningarkerfi skipa sem sigla til íslenskra hafna eða sigla inn í lögsöguna með olíu eða hættuleg efni. Hún mun einnig fylgjast með og vakta ferðir skipa sem tilkynna sig í gegnum

sjálfvirka tilkynningarkerfið og sinna samtala- og skeytaþjónustu fyrir sjófarendur. Einnig mun vaktstöðin sinna ýmsum verkefnum fyrir Siglingastofnun Íslands, t.d. móttöku bilanatilkynninga í vitakerfinu, taka saman upplýsingar um skip sem falla undir hafnarríkiseftirlit og vakta upplýsingakerfi um veður og sjólag. Þá mun vaktstöðin hlusta eftir og taka við neyðartilkynningum frá skipum og koma á framfæri við stjórnstöð leitar og björgunar. Vaktstöðin mun enn fremur bera ábyrgð á samskiptum við neyðarhafnir og koma að framkvæmd siglingaverndar. Siglingastofnun Íslands hefur það að markmiði að vaktstöð siglinga verði fullkomnasta vaktstöð sinnar tegundar þar sem meginmarkmiðið er að tryggja enn betur öryggi sjófarenda.

Í ágúst 2004 lauk flutningi á fjarskiptaþjónustu skipa frá Gufunesi í vaktstöð siglinga í Skógarhlíð og hófst þar með eiginlegur rekstur vaktstöðvarinnar.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Áætlun um öryggi sjófarenda er framkvæmd af Siglingastofnun í samstarfi við verkefnisstjórn sem hefur eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðlar að samstarfi þeirra aðila sem að málinu koma. Í verkefnisstjórninni eiga sæti fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis. Helstu verkefni áætlunarinnar eru menntun og þjálfun sjómanna og gerð fræðsluefnis og leiðbeininga. Innan ramma áætlunarinnar er sinnt átaksverkefnum sem lúta að stöðugleika skipa, öryggi farþegaskipa, söfnun og miðlun upplýsinga og rannsóknum um öryggismál almennt. Áætlunin er endurmetin, a.m.k. árlega, og eru verkefni uppfærð eftir þörfum hverju sinni.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Á fyrri hluta ársins var haldið áfram tilraunum í hafnarlíkani af Þorlákshöfn sem miðuðu að því að ákveða lengd og legu á þvergarði innan á Svartaskersgarð, en garður þessi kemur til með að skýla innri hluta hafnarinnar.

Unnið var að rannsóknum sem tengjast framkvæmdum í höfnunum á Akranesi, Vopnafirði, Hornafirði og Þorlákshöfn.

Siglingastofnun tók þátt í samstarfi ýmissa stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja undir forustu Landmælinga Íslands um endurmælingu á grunnneti landsins, ÍSNET 2004.

Stofnað var til samstarfs við Neyðarlínuna og lögregluna í tengslum við siglingavernd og slysavarnaáætlun og veita þessir aðilar Siglingastofnun aðgang að stafrænum kortum af hafnarsvæðum.

Rannsóknir og þróun.

Á vegum Siglingastofnunar Íslands er ár hvert unnið að ýmsum rannsóknum sem einkum eru á sviði hafnamála og öryggismála sjófarenda. Í rannsóknunum felst jafnan öflun og úrvinnsla ýmissa grunnupplýsinga og mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Heildarkostnaður vegna starfsemi rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar var 47,6 millj. kr. árið 2004.

Lögð var sérstök áhersla á verkefni sem tengjast suðurströnd Íslands. Áfram var haldið öldufarsrannsóknum við suðurströndina sem fram hafa farið undanfarin ár og tengjast athugunum á siglingaleiðum frá Vestmannaeyjum upp að Bakkafjöru og einnig var haldið áfram athugunum og þróunarvinnu vegna hugsanlegs ferjulægis á Bakkafjöru. Gert var frumkostnaðarmat vegna ferjulægisins og tillögur að frekari rannsóknum vegna þess. Einnig var

hafinn undirbúningur að öldufarsreikningum fyrir Hornafjarðarós og Breiðamerkursand, en síðarnefnda verkefnið er unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Mælingum á hreyfingum skipa var haldið áfram og gerðar mælingar á flutningaskipum, varðskipum og fiskiskipum í tengslum við sérstakt verkefni um öryggi skipa á siglingaleiðum.

Haldið var áfram að fylgjast með og kanna botnbreytingar á Grynnslunum framan við Hornafjarðarós. Unnið var að stafrænum gagnagrunni fyrir sjávardýpi í Breiðafirði og fyrir Austurlandi. Haldið var áfram uppsetningu sjávarfallalíkans og unnið að þróun líkans fyrir rek olíu og hluta á haffleti. Jafnframt var unnið áfram að tilraunum með hreyfistöðugleika skipa og framsetningu stöðugleikagagna og smíði og þróun andveltugeyma skipa. Unnið var að verkefnum tengdum siglingum flutningaskipa um norðausturleið frá Rússlandi og Asíu um Íshaf inn í Norður-Atlantshaf og verkefnum vegna skipaafdrepa og neyðarhafna.

Gerður var samstarfssamningur milli Veðurstofu Íslands, Siglingastofnunar, Flugmálastjórnar og Vegagerðarinnar um rannsóknarverkefni á veðurspám byggðum á reiknilíkani með þéttum möskvum. Samningurinn, sem gerður var haustið 2003, hefur leitt til þess að tölvugerð veðurspá með 9 km upplausn er nú birt á netinu.

Alþjóðleg ráðstefna um hafið, náttúruöflin og glímu mannanna við þessi öfl hefur verið í undirbúningi og verður haldin á Höfn í Hornafirði dagana 5.–8. júní 2005 með fjölda innlendra og erlendra þátttakenda.

Dýptarmælingar vegna hafnarframkvæmda og hafnarrannsókna voru gerðar á þessum stöðum: Akureyri, Bakkafjöru, Bíldudal, Bolungarvík, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Grundartanga, Haganesvík, Húsavík, Kópavogi, Neskaupstað, Ólafsvík, Raufarhöfn, Reyðarfirði, Rifshöfn, Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Vopnafirði, Þorlákshöfn. Enn fremur voru gerðar dýptarmælingar og botnrannsóknir á Bíldudal vegna undirbúnings verksmiðjubryggju þar.

Rannsóknarverkefni 2004	
Rannsóknir og þróun (fjárhæðir í millj. kr.).	
Rannsóknir, óskipt	5,2
Hátíð hafsins	0,7
Stjórnvaldsverkefni	1,2
Erlend samskipti	0,7
Háskólasetrið á Höfn	0,3
Alþjóðleg ráðstefna á Höfn – undirbúningur	3,2
Brimvarnagarðar	1,2
Veðurlíkan	0,8
Rannsóknir og skipatækni	2,9
Hreyfistöðugleiki fiskiskipa	0,5
Vatnsþéttleiki skipa	3,6
Hávaðarannsóknir um borð í skipum	2,5
Loftgæði og loftflæði í skipum	0,6
Andveltugeymir	0,7
Norðausturleið	0,9
Skipaafdrep	0,7
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	4,8
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	0,6
Reiknilíkan fyrir sjávarflóð	1,5
Olíudreifing	0,6
	33,2

Rannsóknir við suðurströndina	
Siglingaleiðir	5,3
Höfn í Hornafirði – Hornafjarðarós	1,0
Breiðamerkurlón	0,4
Rof við Vík í Mýrdal	0,9
Ferjulægi við Bakkafjöru	6,8
	14,4
Samtals	**47,6**

Rannsókn sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi eru formlegar afgreiðslur Siglingastofnunar til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2004:

Nr. 042/03 (Þór HF-4, skipverji slasast við að festast í færibandi).
Nr. 051/03 (Björg Jónsdóttir ÞH-321, eldur í dælurými).
Nr. 015/03 (Hælsvík GK-350, fær á sig sjó og leki í flotkassa).
Nr. 061/03 (Bryndís SU-288, gasleki og sprenging, skipverji slasast).
Nr. 112/02 (Köfunarslys í Kleifarvatni. Þrír kafarar hætt komnir).
Nr. 014/03 (Draupnir GK-039. Bátnum hvolfir á veiðum).
Nr. 102/03 (Harðbakur EA-003. Skipverji klemmist við trolltöku).
Nr. 105/03 (Sturla GK-012. Tekur niðri í innsiglingunni í Grindavík).
Nr. 107/03 (Þorsteinn EA-810. Mikill leki kemur að vélarúmi).
Nr. 125/03 (Hólmarinn SH-114. Farmur kastast til, báturinn sökk).
Nr. 126/03 (Sjöfn VE-037. Skipverji slasast við trolltöku).
Nr. 010/04 (Sigurvin GK-061. Báturinn fer á hliðina í innsiglingunni til Grindavíkur).
Nr. 051/04 (Vilhelm Þorsteinsson EA-011. Skipið tekur niðri og strandar í Grindavík).

Allar afgreiðslur til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Siglingastofnunar www.sigling.is undir öryggi sjófarenda.

Dauðaslys á fiskiskipum 1997–2004.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Skip<12 m	2	1	2	1				1
Skip 12–24 m					3	2		
Skip>24 m					4			1
Samtals	**2**	**1**	**2**	**1**	**7**	**2**	**1**	**2***

Fiskiskip sem fórust 1997–2004.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Skip<12 m	6	3	3	8			4	3
Skip 12–24 m	1			1	1	3		4
Skip>24 m	2			1	2	1	3	1
Samtals	**9**	**3**	**3**	**10**	**3**	**4**	**7**	**8**

* Auk þess drukknaði sjómaður er hann féll milli skips og bryggju á Ísafirði.

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1996–2004.

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
434	**460**	**378**	**381**	**361**	**348**	**413**	**379**	**309**

Minjavernd og saga.

Siglingastofnun Íslands er meðvituð um áratuga og um sumt aldagamla sögu sína. Þar hefur um margt verið lagður grunnur að byggðasögu og verktæknilegri framþróun í landinu. Merkileg mannvirki reist, oft við erfiðar aðstæður, og aðstæður skapaðar til almennrar hagsældar með leiðsögu og öruggri landtöku.

Stofnunin hefur látið rita sögu íslenskra vitabygginga sem gefin var út 2002 og árin 2003 og 2004 hefur verið safnað efni til undirbúnings ritunar sögu hafnagerðar á Íslandi. Verkið er afar viðamikið, en stefnt er að útgáfu árið 2006. Hugað hefur verið að skrásetningu annarra verkefna svo sem skipaeftirlits og almennra öryggismála til sjávar.

Þörf er á skráningu gamalla muna, ljósmynda og fleira þess háttar, sem er í vörslu stofnunarinnar. Eins er brýnt að móta og framkvæma varðveislustefnu gagnvart slíkum munum og minjum.

Siglingavernd (skipa- og hafnavernd).

Siglingaverndin tók gildi 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Í dag eru 27 vottaðar hafnir með 75 hafnaraðstöðum á Íslandi. Siglingastofnun hefur staðfest 75 áhættumöt og 75 verndaráætlanir og framkvæmt a.m.k. eina úttekt í hverri hafnaraðstöðu. Árið 2004 hélt Siglingastofnun námskeið í gerð áhættumats og verndaráætlana fyrir verndarfulltrúa hafna, eitt verndarfulltrúanámskeið og fjölda námskeiða fyrir starfsmenn með sérstakt hlutverk. Þá hefur stofnunin staðfest 17 verndarfulltrúa skips og 12 verndarfulltrúa fyrirtækis, auk þess að flytja fræðsluerindi fyrir stofnanir og hagsmunafélög. Búið er að setja lög um siglingavernd, nr. 50/2004, og unnar hafa verið reglur og leiðbeiningar til hafna og skipa vegna siglingaverndar. Siglingastofnun tekur þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni og Evrópusambandinu þar sem haldnir eru reglulegir fundir vegna siglingaverndar.

Innleiðing og framkvæmd siglingaverndar hefur gengið vel og hafa íslenskar hafnir og samfélagið á stuttum tíma aðlagast og tekið þessum stóru breytingum á umhverfi hafnanna með almennt jákvæðu hugarfari. Það má meðal annars þakka góðu samstarfi hafnaryfirvalda, verndarfulltrúa hafna, allra stofnana, skipafélaga og hagsmunasamtaka. Fyrirséð er að kröfur og vinna vegna siglingaverndar muni aukast á næstu árum.

Stofnkostnaður.

Tæki og búnaður.

Árið 2004 var fjárfest í tækjum og búnaði fyrir samtals 5,3 millj. kr. Hér er aðallega um að ræða skrifstofutæki, svo sem tölvur og ljósritunarvélar.

Vitar og leiðsögukerfi.

Á árinu var unnið að undirbúningi á uppsetningu sjálfvirks auðkenniskerfis skipa, AIS. Keyptur var stjórn- og viðtökubúnaður til uppsetningar í Siglingastofnun ásamt þremur grunnstöðvum. Ein grunnstöð var sett upp í Bláfjöllum og er hún tengd Siglingastofnun í Kópavogi og hefur verið í tilraunarekstri.

Hafnir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttorðar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2004 á hverjum stað fyrir sig og tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VII. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Árið 2004 var eftirgreindum fjárhæðum varið til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

	2004 millj. kr.	**2003 millj. kr.**
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.874,2	1.266,4
Ferjubryggjur	0,4	0,4
Lendingarbætur	4,1	7,0
Samtals	**1.878,7**	**1.273,8**

Umfangsmestu og fjárfrekustu hafnarframkvæmdir ársins 2004 voru gerð stálþilsbakka á Reyðarfirði þar sem framkvæmt var fyrir 257,6 millj. kr., bygging Austurgarðs í Þorlákshöfn þar sem framkvæmdakostnaður nam 202,2 millj. kr., og gerð stálþilsbakka við Bökugarð á Húsavík þar sem framkvæmt var fyrir 115,9 millj. kr.

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla um framkvæmdir í höfnum sem ekki nutu ríkisstyrkja.

Akranes.

Unnið var að gerð þekju og frágangi lagna á Aðalhafnargarði. Steyptir voru 3.160 m² af þekju, raflögnum komið fyrir og lögnum fyrir heitt og kalt vatn. Malbikaðir voru 1.500 m² vegna tengingar við gatnakerfi bæjarins. Verkið hófst í byrjun febrúar 2004 og gekk að óskum. Lokaúttekt fór fram þann 30. júní 2004.

Raflagnir í Aðalhafnargarð voru hannaðar af Tera sf., en Straumnes ehf. sá um verkið. Gengið var frá lögnum í rafmagnsbrunna og tengt í töflur sem voru fyrir.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 31,0 millj. kr.

Borgarnes.

Á hafnaáætlun 2003 voru ætlaðar 6,0 millj. kr. til að fylla utan með gömlu bryggjunni þar sem hún var talin hættuleg orðin vegna þess að stálþilið hafði ryðgað í sundur og þekjan var sums staðar á lofti. Þessu verkefni var þó frestað til ársins 2004. Um miðjan marsmánuð var það boðið út og tilboð opnuð 2. apríl. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. Verkið fólst í því að setja um 4.000 m³ af kjarna og grjóti utan með gömlu bryggjunni og brjóta upp þekjuna þar sem hún var á lofti. Verkið hófst um miðjan maí og lauk um 20. júní.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 6,9 millj. kr.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Þar hefur undanfarin ár verið unnið að viðgerð á grjótgarði og lengingu hans. Árið 2004 var unnið að því að loka enda á lengingu trébryggju, festa hringi í grjótgarð og ýmsum öðrum frágangi.

Vegurinn í brekkunni niður að bryggjunni var endurbættur. Stafnafell vann verkið og er því lokið.

Steypt var nýtt lag yfir gömlu upptökubrautina sem orðin var mjög léleg. Þorgeir Árnason ehf. var lægstbjóðandi og var samið við hann um verkið.

Bygging ljósamasturs- og vatnshúss var boðin út og var tilboð Þorgeirs Árnasonar ehf. lægst og var samið við hann um verkið sem fólst í því að steypa upp ljósamasturs- og vatnshús og leggja raf- og vatnslagnir að og frá húsinu. Verkinu er að mestu lokið en eftir er minni háttar frágangur og uppgjör við verktaka.

Rifshöfn: Þekja og lagnir á Norðurþil í Rifshöfn, ásamt uppsátri og ljósamasturshúsi á Arnarstapa, voru boðin út í einu lagi og voru tilboð opnuð hinn 3. júní. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Þorgeir Árnason ehf. Verkið fólst í því að steypa upp ljósamastursshús og um 1.600 m² þekju. Að frátöldum minni háttar verkum við frágang er þessari framkvæmd lokið.

Ólafsvík: Endurbygging harðviðarbryggju var boðin út um miðjan ágúst og tilboð opnuð 2. september. Þrjú tilboð bárust. Tilboð frá Elinn hf. á Sauðárkróki reyndist lægst. Það nam 95,2% af kostnaðaráætlun hönnuða og var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli þess. Verkið fólst í því að skipta um dekk, kanttré, bita og þybbuklæðningu, auk þess að koma fyrir vatnslögn og rafmagni í stiga. Þegar farið var að rífa dekkið ofan af bryggjunni komu í ljós meiri skemmdir og fúi en gert hafði verið ráð fyrir. T.d. reyndist efsti hluti stauranna ónýtur af fúa og varð að laska þá við tangirnar. Einnig þarf að skipta um eitthvað af þybbulangböndum, staurum og töngum. Af þessum ástæðum hefur þurft að panta efni til viðbótar, bæði timbur og bolta, og má við því búast að endurbygging bryggjunnar verði að lokum mun kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi.

Keyptir voru stigar á flotbryggjur á Ólafsvík og Rifi og settir upp.

Lokið var uppgjöri vegna dýpkana í Ólafsvík og á Rifi sem gerðar voru á síðasta ári.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 76,3 millj. kr.

Grundarfjörður.

Unnið var við öldudempandi fláa. Í því fólst að sprengja eða fleyga um 2,5 m stall sem var á milli Litlu- og Stórubryggju. Stallur þessi var í kótahæð frá +1,0 til –1,5 og olli mikilli ókyrrð milli bryggjanna. Er gert ráð fyrir því að brottnám hans muni dempa hana. Einnig var grjótvörnin síkkuð og nær nú niður á –1,5 m dýpi. Verktakinn Tígur ehf. vann verkið, hóf það í janúar og lauk því í maí.

Ætlaðar voru 5,6 millj. kr. árið 2003 og 9,2 millj. kr. árið 2004 til að steypa upptökubraut, dýpka og setja upp flotbryggju ásamt ýmsum öðrum endurbótum á smábátaaðstöðu, en ákveðið var að fresta því verki til ársins 2005.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 6,2 millj. kr.

Stykkishólmur.

Áformað var að steypa þekju við nýjan stálþilsbakka við Súgandisey og leggja vatnslagnir og ídráttarlagnir fyrir rafmagn. Ætlað var fé til verksins á fjárlögum ársins 2003, en þá var því slegið á frest og hefur enn verið frestað til 2005.

Á hafnaáætlun var gert ráð fyrir 7,0 millj. kr. til hönnunar og undirbúnings lagfæringa á dráttarbrautinni í Skipavík. Ákveðið var að hafnarsjóður Stykkishólms seldi dráttarbrautina til einkaaðila og samþykkti samgönguráðuneytið þá ráðstöfun. Farið var fram á að kostnaður við söluna yrði metinn styrkhæfur og var fallist á það.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 0,6 millj. kr.

Dalabyggð.

Búðardalur: Viðgerð á Gömlu bryggju í Búðardal var á hafnaáætlun en verkinu var slegið á frest til ársins 2005.

Reykhólar.

Samþykkt var að kostnaður við innsiglingarljós á bryggju yrði metinn styrkhæfur.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 0,1 millj. kr.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Áformuðum framkvæmdum við flotbryggju var slegið á frest.

Bíldudalur: Unnið var að gerð landfyllingar og fyrirstöðugarðs en þessar framkvæmdir eru vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju. Verkið var boðið út í júlí og alls bárust 5 tilboð, þar af eitt frávikstilboð. Samið var við lægstbjóðanda, KNH ehf., sem bauð 81,9% af kostnaðaráætlun hönnuða. Efni í 80 m stálþilsbryggju var boðið út og keypt frá G. Arasyni hf. Framkvæmdir hófust í ágúst og var að mestu lokið um áramót. Verklok eru fyrirhuguð í janúar 2005. Framkvæmdum við flotbryggju var slegið á frest.

Patreksfjörður: Á fjárlögum 2002 var veitt fé til að lagfæra innsiglingu, dýpka og breikka innsiglingaropið og grjótverja innan við Oddann. Þeim framkvæmdum hefur verið slegið á frest fram að þessu og svo var einnig árið 2004. Einnig var frestað endurbyggingu stálþils, en á hafnaáætlun voru ætlaðar í það verk 80 millj. kr. árin 2003 og 2004. Fjárveitingar sem ætlaðar voru í þetta voru nýttar í hafnaraðstöðu fyrir kalkþörungaverksmiðjuna.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 48,3 millj. kr.

Bolungarvík.

Dýpkað var í –8,7 m innan við væntanlegt stálþil við Grundargarð og innsigling var dýpkuð í –9,5 m með snúningsplássi ofarlega við brjótinn. Gert var ráð fyrir að fjarlægja 76.345 m³ af efni sem flutt var út í Ísafjarðardjúp. Verkið var boðið út í ágúst og samið við lægstbjóðanda, Ístak hf., sem bauð 63,1% af kostnaðaráætlun. Verkið hófst í síðari hluta septembermánaðar og var ekki lokið um áramót. Aukning á magni er fyrirsjáanleg og stefnir í að fjarlægðir verði um 87.000 m³ efnis. Verktaki hefur sett fram kröfu um aukagreiðslu sem byggist á því mati hans að erfiðara hafi verið að dýpka en gera hafi mátt ráð fyrir. Frestað var framkvæmdum við grjótvörn Grundargarðs og öldudempandi fláa við Brjót var frestað. Fjárveitingar sem ætlaðar voru til þessara verka voru nýttar í dýpkun.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 52,7 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Samkvæmt hafnaáætlun var veitt fé til að rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð en því var slegið á frest.

Flateyri: Lokið var uppgjöri vegna raflagna við hafnarkantinn sem samið var um í lok árs 2003 við fyrirtækið Pólinn ehf. á Ísafirði.

Suðureyri: Árið 2003 var veitt fé til að stækka smábátaaðstöðuna. Því verkefni var frestað þá og einnig árið 2004.

Ísafjörður: Frestað var frágangi á lögnum og þekju við stálþilsbakkann í Sundahöfn, en það verk átti upphaflega að vinnast árið 2002 samkvæmt hafnaáætlun. Enn fremur var endurbyggingu dráttarbrautarinnar frestað og einnig að mestu framkvæmdum við endurbyggingu flotbryggju í Sundahöfn.

Í stað þeirra verkefna sem frestað var fékkst heimild til að bjóða út smíði á nýjum hafnsögubáti. Tilboð voru opnuð í maí og að tillögu Ríkiskaupa var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Ósey ehf. í Hafnarfirði. Samningsupphæð var 694.000 USD. Í lok árs var Ósey ehf. úrskurðuð gjaldþrota og í framhaldi af því var fyrrgreindum samningi við fyrirtækið rift. Unnið er að samningum um að ljúka smíði hafnsögubátsins við undirverktaka Óseyjar.

Unnið var að þekju og lögnum á Ásgeirsbryggju. Verkið fólst í því að leggja ídráttarlagnir fyrir rafmagn, steypa tvo rafmagnsbrunna, leggja og tengja vatn í fjóra úttaksbrunna, byggja rafmagnshús, steypa 1.900 m² þekju og aðra 325 m² þekju. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Ásel ehf., sem bauð 89,6% af kostnaðaráætlun. Vinna hófst um miðjan júlí og verklok voru um miðjan október. Viðbótarverk voru nokkur.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 55,9 millj. kr.

Norðurfjörður.

Sett var upp flotbryggja, 10 × 2,4 m, í smábátahöfninni í Norðurfirði. Þetta verkefni var á samgönguáætlun ársins 2006 en heimilað var að flýta því og fengin til þess ónotuð fjárveiting frá Stykkishólmi með samþykki heimamanna þar, að upphæð 2 millj. kr. Samið var við Króla ehf. um að útvega bryggjuna og setja hana upp ásamt tilheyrandi landgangi og landstöpli. Verkið var unnið í júlí.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 4,2 millj. kr.

Drangsnes.

Heimild fékkst til að vinna að endurbótum á innsiglingarljósum við Kokkálsvíkurhöfn og var varið til þess hluta af ónotaðri fjárveitingu sem til var frá fyrri árum.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 0,2 millj. kr.

Hólmavík.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir umbótum á smábátaaðstöðunni en heimamenn frestuðu framkvæmdinni.

Hvammstangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Blönduós.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Skagaströnd.

Lokið var uppgjöri vegna upptökubrautar sem byrjað var á í lok árs 2003.

Fjárveiting fékkst af óskiptum lið til að vinna að úrbótum í slysavörnum. Gerðar voru lagfæringar á öryggisbúnaði á bryggjum.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 2,2 millj. kr.

Skagafjörður.

Hofsós: Grjótvörn við Norðurgarðinn á Hofsósi var styrkt með því að grjót var sett utan á garðinn á rúmlega 40 m kafla næst landi, alls um 1.250 m³. Grjót var unnið úr opinni námu í landi Ásgarðs við Sleitustaði nema lítils háttar af stærsta grjótinu sem sótt var í Kóngsnef við Siglufjarðarveg. Verkið var boðið út með öðru grjótverki sem vinna átti á Siglufirði. Lægstbjóðandi reyndist KNH ehf. á Ísafirði og var gengið til samninga við fyrirtækið. Vinna við grjótvörnina hófst í lok október 2004 og verkinu lauk í byrjun desember.

Haganesvík: Þar var gerð viðhaldsdýpkun. Grafið var upp á land efni sem berst að bryggjunni, um 200 m³. Heimamenn önnuðust framkvæmdina. Að lokinni dýpkun var dýptarmælt við bryggjuna.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 4,2 millj. kr.

Siglufjörður.

Lokið var við harðviðarbryggju við vesturkant smábátahafnar en um það verk hafði verið samið við Guðlaug Einarsson árið 2003. Ónýt furubryggja meðfram suðurkanti var rifin og byggð ný 40 m löng léttbyggð staurabryggja úr asobe-harðviði en staurar eru úr basraloc. Eftir er lítils háttar frágangur við bryggjuna sem ekki tókst að ljúka þar sem efni vantaði.

Dýpkað var í smábátahöfninni meðfram nýju bryggjunni. Til verksins var fenginn krani í eigu Báss ehf. og voru um 500 m³ efnis grabbaðir á land.

Unnið var að frágangi við Roaldsbryggju, sem er göngubryggja framan við Síldarminjasafnið.

Lokið var uppgjöri vegna raflagnar við Óskarsbryggju en um það verk var samið við Rafbæ í lok árs 2002.

Styrking á grjótvörn neðan á Brjót var boðin út ásamt grjótverki á Hofsósi og samið um það við KNH ehf. á Ísafirði en ákveðið að fresta framkvæmdum til vors 2005.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 9,1 millj kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Stálþil togarabryggju var lengt með því að reka 30 plötur í framhlið og sjö plötur í gafl, alls um 9,0 m. Kantur er 48,0 m og fylling í þilið um 2.600 m³. Stálþilsefni, AZ18 og 16,5 tonn af festingaefni, voru keypt frá Guðmundi Arasyni ehf. Fyllingarefni var fengið í malarnámu Ólafsfjarðar og steypuefni frá Akureyri. Samið var við Ísar ehf. um verkið fyrir 11,4 millj. kr., sem nam 67,1% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst þann 9. október með steypu á ankerssteinum á Akureyri. Þilvinna stóð til áramóta en þá var eftir að ganga frá fríholtum. Var fullnaðarfrágangi frestað til vors 2005 vegna vetrarríkis og lokauppgjöri einnig.

Loðnubryggjan á Ólafsfirði var endurnýjuð að nokkru leyti þar sem skipt var um 22 staura og tilheyrandi burðarviði. Samið var við Trésmíði ehf. á Ólafsfirði um verkið sem fór fram í febrúar og mars.

Dalvík: Smábátabryggjan var lengd um 25 m, en breidd hennar er 1,7 m. Þetta verk var ekki á hafnaáætlun en heimild fékkst til að vinna það þar sem á móti var frestað endurbyggingu trébryggju á Suðurgarði og styrkingu grjótvarnar þar. Vegna smæðar verksins var það ekki boðið út heldur leitað til tveggja fyrirtækja á staðum um kostnaðarmat. Var síðan samið við Guðmund Guðlaugsson trésmið á Dalvík sem vann verkið í júlímánuði.

Dýpkað var við smábátabryggjuna þar sem grabbaðir voru upp um 2.000 m³ efnis. Fyrirtækið Dalverk ehf. sá um verkið sem unnið var í júlí.

Árskógssandur: Þar var steypt upptökubraut fyrir smábáta, 5 × 18 m. Verk þetta var unnið af heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 22,3 millj. kr.

Grímsey.

Haldið var áfram endurbyggingu á kervegg og fleiri endurbótum sem hófust árið 2003. Brjóta þurfti upp tvöfalda þekju á enda kersins, moka upp grjótfyllingu, slá upp mótum neðansjávar og steypa í gat eftir perustefni, um 15,0 m³. Einnig var steypt 1.030 m² þekja við nýrri harðviðarbryggjuna í innri höfninni. Ráðgert er að endurbyggja harðviðarþybbuna og fríholtin á löndunarbryggjunni en það bíður vors 2005.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 11,0 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Hjalteyri: Þar var gerð viðhaldsdýpkun við bryggjuna og sandfangari lengdur. Fyrirtækið Dalverk annaðist verkið.

Akureyri: Unnið var að gerð stálþils í Krossanesi sem hófst árið 2003 og samið var um við Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf. á Reyðarfirði, sbr. framkvæmdaskýrslu ársins 2003. Verkið hófst í janúarbyrjun 2004 og lauk hinn 19. ágúst. Tjón varð þegar stormur skekkti þilið verulega í byrjun maí þannig að draga þurfti upp og endurreka 33 plötur auk þess sem vetrarveður töfðu verkið í upphafi. Engu að síður lauk verktakinn verkinu farsællega og er frágangur þess til fyrirmyndar.

Sverrisbryggja á Akureyri var endurnýjuð. Olíubryggja Esso var rifin, en það var gömul járnbitabryggja á stálstaurum sem hafði verið notuð til viðlegu og uppskipunar fyrir olíuskip,

og efnið úr henni notað í endurbygginguna. Í hafnaáætlun var áformað að framkvæmdin yrði árið 2005 en ákveðið var að flýta henni. Í staðinn var framkvæmdum við Ísbryggju frestað. Verkið var unnið af Guðlaugi Einarssyni ehf. frá Hafnarfirði að undangengu útboði og var samningsverð kr. 14.284.285, sem nam 83,9% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið fólst í því að rífa gömlu Sverrisbryggjuna, taka olíubryggjuna á land og flytja hana að fóðurvinnslunni og endurbyggja hana þar. Burðarvirki bryggjunnar var endurnýjað að hluta og veggur steyptur undir landganginn. Sett var upp lýsing og gengið frá raflögn við bryggjuna. Rafeyri ehf. annaðist það verk. Verkið tókst vel í alla staði.

Dýpkað var framan við Sverrisbryggjuna þar sem fjarlægðir voru um 4.000 m^3 efnis. Verkið var unnið af sanddæluskipinu Scandia, sem er í eigu Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf.

Fjárveiting fékkst af óskiptum lið til að vinna að úrbótum í slysavörnum. Gerðar voru lagfæringar á öryggisbúnaði á bryggjum.

Lokið var uppgjöri vegna raflagna við vesturbakka fiskihafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 75,4 millj. kr.

Húsavík.

Sæþór ehf. lauk við að dýpka og grafa skurð fyrir stálþili við Bökugarð, en þetta verkefni var boðið út í júlí 2003 ásamt dýpkun í Grímsey og Flatey á Skjálfanda. Við Bökugarð var dýpkað í 12 m á 465 m^2 svæði og í 10 m á 3.560 m^2 svæði. Grafið var upp úr og fyllt í 140 m þilskurð. Viðbótarverk fólst í að dýpka í smábátahöfninni á Húsavík í 2–3 m og grafa þar upp um 2.700 m^3. Auk þess voru grafnar prufuholur á fimm stöðum í höfninni og í innsiglingu. Verkinu lauk í byrjun maí.

Unnið var að stálþili og steyptum kanti á Bökugarði. Í verkinu felst að taka upp grjót á Bökugarði, alls um 260 m^3, keyra fram kjarnafyllingu og reka 150 stálþilsplötur, þar af 25 m í landgafl, 130 m í viðlegukant og 37 m í útgafl. Fylla á í þilið með kjarnaefni, alls 41.000 m^3, og steypa kant með pollum, alls 190 m að lengd. Um 548 tonn af stálþili, AZ 26, og 100 tonn af festingaefni var keypt af Guðmundi Arasyni ehf. Kjarnaefni í þilið var tekið úr Katlanámu á Húsavík. Ankerssteinar, 68 stykki, voru steyptir á Húsavík. Samið var við Árna Helgason ehf. á Ólafsfirði og Ísar ehf. í Hafnarfirði um verkið að undangengu útboði. Framkvæmdir hófust í lok september 2004 og var stefnt að verklokum hinn 31. des. en sökum óhagstæðs tíðarfars varð það ekki.

Reynt var til þrautar að komast að samkomulagi við verktakafyrirtækið Ístak hf., sem hafði uppi kröfur vegna starfa að gerð brimvarnargarðs við Böku, en því verkefni lauk í ársbyrjun 2003. Samkomulag náðist um þann þátt kröfugerðarinnar sem sneri að magntöku og í ársbyrjun var gengið frá viðbótargreiðslu fyrir þann þátt. Ístak hf. hélt eftir sem áður til streitu kröfu um verðbótagreiðslu á verktíma en sá málatilbúnaður snertir fjölda verka sem unnin voru á vegum ríkis og sveitarfélaga á árunum 2001–2002 því á þessum tíma var fylgt þeirri meginreglu að væri verktími undir tveimur árum voru ekki greiddar verðbætur. Krafan um verðbætur á verktíma fór því til dómstóla og verði dómsniðurstaða verktaka í hag munu áhrifin af þeim dómi verða víðtæk.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 186,0 millj. kr.

Raufarhöfn.

Sæþór ehf. lauk dýpkun á innsiglingarrennunni en það verkefni var boðið út í mars 2002 ásamt dýpkun á Þórshöfn. Upphaflega var gert ráð fyrir að verkinu lyki árið 2003 en vegna óhagstæðrar veðráttu tókst það ekki og lauk verkinu í maí 2004. Verktaki leysti verkið vel af hendi. Nú er 10 m dýpi í innsiglingu inn fyrir beygju og 9,0–8,5 m dýpi er á innri hluta allt að bryggju.

Frestað var frágangi vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðslu við hótel Norðurljós og slitlagi á smábátagarð. Bæði þessi verkefni áttu að koma til framkvæmda árið 2003 samkvæmt samgönguáætlun, en var þá frestað, og svo var einnig nú.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 16,6 millj. kr.

Þórshöfn.

Lokið var uppgjöri vegna dýpkunar í innsiglingu og höfn.

Í mars lauk Gáma- og tækjaleiga Austurlands verkþætti sínum við nýja stálþilið, sem fólst í niðurrekstri, fyllingu og 209 m löngum steyptum kanti.

Unnið var að þekju og lögnum við stálþilið, sem samið var um við Almenna byggingarfélagið ehf. í Hafnarfirði að undangengnu útboði. Í verkinu fólst bygging ljósamastursskúss, gerð undirstaða bryggjupolla, löndunarkrana og ljósamastra. Einnig voru lagðar ídráttarlagnir fyrir rafmagn og settir upp fimm rafmagnsbrunnar, sex vatnshanar voru settir upp og lagðar að þeim lagnir og steypt 4.200 m² þekja. Aukaverk fólust m.a. í lagningu snjóbræðslukerfis, smíði rafmagnsskápa, köfunarvinnu vegna þils o.fl. Verkið hófst þann 20. júní og því lauk að mestu í október en lokaúttekt hafði ekki farið fram um áramót.

Raflögnum var komið fyrir í nýsteyptu þekjunni. Verksamningur var gerður við Raftó ehf. á Akureyri og nam samningsupphæð 80,2% af kostnaðaráætlun verkhönnuða. Verkið hófst í lok október 2004 og lauk ekki fyrir áramót. Þá var m.a. eftir að ljúka lýsingu við smábátaaðstöðuna.

Unnið var að endurbótum á smábátaaðstöðu. Núverandi flotbryggja var færð og lengd um eina 10 m langa einingu. Byggð var upptökubraut fyrir smábáta. Samið var við heimamenn um smíði hennar og var samningsverð rúmar 3,0 millj. kr. Gengið var frá grjóthleðslu í köntum meðfram smábátaaðstöðunni og sléttað svæði umhverfis.

Boðið var út og keypt efni í endurbyggingu löndunarbryggju. Stálþil, um 171 tonn, var keypt frá Þór hf. og asobe og basraloc harðviður, um 57 m³, var keyptur af Superbyg. Útboði á bryggjusmíðinni var frestað til ársins 2005.

Fjárveiting fékkst af óskiptum lið til að vinna að úrbótum í slysavörnum. Gerðar voru lagfæringar á öryggisbúnaði á bryggjum.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 126 millj. kr.

Bakkafjörður.

Lokið var uppgjöri vegna löndunarbryggju.

Vopnafjörður.

Haldið var áfram með byggingu brimvarnargarðs á milli Miðhólma og Skiphólma sem hófst árið 2004 og verkinu lokið í mars 2004. Sjá framkvæmdaskýrslu ársins 2003 um helstu magn- og kennistærðir. Í verkbyrjun var ákveðið að frumkvæði heimamanna að breyta legu brimvarnargarðsins lítillega þannig að bogar hans urðu krappari og garðurinn meira S-laga.

Dýpkað var við löndunarbryggju á Vopnafirði og sá Sæþór ehf. um verkið sem var unnið á tímabilinu júní til október 2004. Í verkinu fólst dýpkun í –8,5 m á svæði við suðurenda löndunarbryggjunnar og hreinsaðir voru hólar af eldra dýpkunarsvæði auk þess sem efnishaugar framan við löndunarbryggju voru fjarlægðir og lýsisbryggja var fjarlægð.

Sett var olíumalarslitlag á tengibraut milli miðbryggju og lýsisbryggju. Heimamenn unnu verkið en tæki til malbikunar komu frá Egilsstöðum.

Lokið var frágangi á raflögnum við löndunarbryggjuna, en það verk hafði dregist frá því þekjan var steypt árið 2002.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 56,3 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var að ýmsum frágangi við nýju ferjuhöfnina og uppgjör vegna hennar. Verk-

takafyrirtækið Malarvinnslan ehf. lauk við að setja slitlag á bílaplan við Fjarðargötu og aðrar lagfæringar sem ákveðið var sl. haust að skyldu geymdar fram til vorsins.

Í nýja þjónustuhúsinu eru vandamál vegna leka og óskir eru um að endurbætur verði gerðar á hliðum tollgirðingar ásamt fleiru. Samstarfsnefnd um byggingu ferjulægis á eftir að koma saman og ákveða hvað gert verður. Framkvæmdum við ferjuhöfnina er því ekki að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 1,5 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Mjóifjörður: Lokið var uppgjöri vegna flotbryggju.

Neskaupstaður: Sæþór ehf. vann að dýpkun innan hafnar á því svæði þar sem Gáma- og tækjaleigunni tókst ekki að dýpka árið áður með sanddæluskipinu Skandia. Grafnir voru upp um 28.000 m³. Einnig var dýpkað við Bæjarbryggju, Bræðslubryggju og við Krókinn. Verkið stóð yfir frá júní fram í ágúst.

Unnið var að því að fylla undir skjólgarð norðan hafnar á Neskaupstað. Þessi garður er ríflega 157.000 m³. Gera má ráð fyrir að töluvert umframefni fari í garðinn þar sem botninn er veikur og hætta er á jarðvegsskriði. Á árinu 2004 var fyrst og fremst unnið að því að losa efni undir garð úr dýpkun en einnig var Sæþór látinn grafa annars staðar og greitt fyrir það sérstaklega.

Eskifjörður: Í lok ársins voru boðnar út framkvæmdir við þekju og lagnir á löndunarbryggju við bræðslu Eskju. Lægstbjóðandi var Tré og steypa ehf sem bauð 36,9 millj. kr. sem nam 93,4% af kostnaðaráætlun hönnuða. Dráttur varð á framkvæmdum vegna þess að sig í fyllingu tók lengri tíma en reiknað hafði verið með. Á næsta ári verða kantur og þekja steypt og lagnir lagðar.

Reyðarfjörður: Sumarið 2004 hófust framkvæmdir við stóriðjuhöfn við Mjóeyri í Reyðarfirði. Verkið fólst í því að reka niður 450 m langt þil, fylla að þili um 260.000 m³, fylla fyrir framan þil um 20 m breiðan púða upp í kóta –14,3 m, alls um 28.000 m³, fylla fyrir framan þil niður í –14,3 m, alls um 87.000 m³. Stálþil og festingar, alls 2.578 tonn, voru keypt frá Guðmundi Arasyni ehf. Samið var við Arnarfell hf. um verkið að undangengnu útboði. Samningsverð er 260,7 millj. kr., sem er um 73,3% af kostnaðaráætlun hönnuða, en gert er ráð fyrir að verkið verði dýrara sem nemur um 30 millj. kr. vegna þess að erfiðlega hefur gengið að grunda verkið í austurenda. Það varð brot á fyllingarpúða og fóru þar um 23.000 m³ efnis og 11 stálþilsplötur niður í fjarðarbotn. Ekki urðu slys á mönnum. Vegna þessa var ákveðið að færa þil um 30 metra vestar en við þá ráðstöfun hækkar framkvæmdakostnaður um 33 millj. kr. Í lok árs 2004 voru um 40% verksins að baki.

Unnið var að dýpkun fyrir framan þil stóriðjuhafnar við Mjóeyri. Verktaki er Arnarfell hf. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 313,5 millj. kr.

Austurbyggð.

Fáskrúðsfjörður: Endurnýjun Bæjarbryggju lauk á árinu. Verktaki var Elinn hf. á Sauðárkróki. Bæjarbryggja er 30 m löng harðviðarbryggja, 8 m breið, hönnuð fyrir 7,0 m dýpi. Nótaveiðiskip eiga að geta legið við bryggjuna. Komið var fyrir tveimur einbúum milli Bæjarbryggju og Hafskipabryggju. Byggður var pallur utan á Hafskipabryggju fyrir skip til að liggja við þegar tekin eru net og flottroll. Gerð var grjótvörn milli Bæjarbryggju og Hafskipabryggju, svæðið lýst og lagt vatn út að bryggju. Malbikað var meðfram bryggju.

Unnið var að dýpkun við Bæjarbryggju, Hafskipabryggju og Fiskeyrarbryggju. Enginn kostnaður var gjaldfærður á árinu 2004 vegna þessara framkvæmda.

Fjárveiting fékkst af óskiptum lið til að vinna að úrbótum í slysavörnum. Gerðar voru lagfæringar á öryggisbúnaði á bryggjum.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 19,7 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Lokið var við að leggja síðari áfanga þekju á bryggjuna og ganga frá lögnum. Verkið, sem unnið var samkvæmt hafnaáætlun, fólst í því að leggja út 715 m² af þekjusteypu og leggja vatns- og raflagnir. Brjóta þurfti úr eldra keri á bryggjunni til að tengja saman þekju í eðlilegum hæðarlínum.

Verkið var boðið út í maí 2004 og tilboð opnuð þann 19. maí. Fimm tilboð bárust í verkið, hið lægsta frá Austurfelli ehf. á Breiðdalsvík, og var upphæð þess nánast hin sama og kostnaðaráætlun hönnuða. Framkvæmdir hófust í maí 2004 og lauk í september.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.:12,1 millj. kr.

Djúpivogur.

Þar átti samkvæmt hafnaáætlun að vinna að endurbótum á smábátaaðstöðu og lengja viðlegukant við frystihúsið með stálþili. Stálþilsefni var boðið út og keypt af Guðmundi Arasyni hf., en heimamenn ákváðu síðan að fresta öllum frekari framkvæmdum.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 5,6 millj. kr.

Hornafjörður.

Unnið var að því að endurnýja Krosseyjarbryggju með því að reka niður 185 m langt stálþil 2 m framan við það sem fyrir var. Eldri bryggjukantur var fjarlægður, nýr steyptur á nýja þilið og fyllt upp í bilið milli þilanna. Verkið var boðið út í maí 2004 og tilboð opnuð hinn 13. maí. Fimm tilboð bárust í verkið, hið lægsta þeirra frá Ísar ehf. sem bauð 64,0% af kostnaðaráætlun hönnuða og var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli þess.

Verkið hófst í lok júní og stóð þar til í októberbyrjun. Nokkrar tafir urðu á því vegna ófyrirsjáanlegra orsaka.

Í nóvember 2004 var boðinn út síðari áfangi þekju og lagna á Krosseyjarbryggju. Í verkinu fólst að fjarlægja eldri þekju að mestu og steypa um 3.000 m² þekju á bryggjuna. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Svein Sighvatsson, en tilboð hans nam 86,1% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst í desember 2004 og er gert ráð fyrir lokum þess í ágúst 2005.

Í júní var boðin út öðru sinni dýpkun á Grynnslunum en ekkert tilboð barst. Leitað var eftir því við Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf. að dæluskip fyrirtækisins, Scandia, gerði tilraun með að dýpka en af því varð ekki því skipið var upptekið í verkefnum við stóriðjuhöfnina á Mjóeyri.

Dæluskip Hornafjarðarhafnar, Soffía, vann að venjubundinni viðhaldsdýpkun innan hafnar og var dælt upp um 25.000 m³. Álíka magn var samþykkt fyrir árið 2003, en uppgjör á þeirri dýpkun lenti einnig á árinu 2004.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 95,5 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var að raflögnum í Ískant og Suðurkant. Eftir verðkönnun var samið við raftækjavinnustofuna Geisla í Vestmannaeyjum um að leggja raflagnirnar og ganga frá þeim að öllu leyti, bæði í mastursh úsi og tengiskápum úti við kant og í stigum og ljósamastri. Verkinu er að fullu lokið.

Gerð þekju og frágangur lagna við Norður- og Austurkant í Friðarhöfn var boðin út í apríl og tilboð opnuð þann 29. Almenna byggingarfélagið ehf. var með lægsta tilboðið en ekki þótti fært að ganga að því. Samið var þess í stað við verktakafyrirtækið 2-Þ ehf. á grundvelli tilboðs þess fyrirtækis sem nam 84,4% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið fólst í lagningu

vatnslagna, ídráttarlagna fyrir rafmagn og steypu á 4.460 m² þekju. Einnig var ljósamasturshús steypt upp. Verkinu lauk fyrir áramót en endanlegt fjárhagsuppgjör er eftir.

Dýpkað var í Vestmannaeyjahöfn, við Nausthamarsbryggju, Löngu og Friðarhafnarbryggju. Var verkið boðið út í desemberbyrjun 2003 og tilboð opnuð þann 17. desember. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Sæþór ehf., sem bauð 76,26 millj. kr. Verkið fólst í því að dýpka um 70.000 m² svæði. Inni í höfninni var víðast hvar dýpkað í –8,0 m, en í innsiglingu í –9,0 m og –10,0 m. Í útboðsskilmálum var gert ráð fyrir að verkinu lyki á árinu 2004. Verktaki kom með dýpkunartæki til Vestmannaeyja þann 19. júní og hófst verkið þann 22. Því lauk í desemberbyrjun. Nokkur hækkun varð á kostnaði sem skýrist af því að samið var við verktaka um meiri dýpkun í innsiglingu en ráðgerð var þegar útboð fór fram. Í byrjun desember var því gerður samningur um viðbótardýpkun.

Auk dýpkunar Sæþórs ehf. fjarlægði dýpkunarskip Vestmannaeyjahafnar tæplega 10.700 m³ efnis. Dýpkunarverkið var unnið samkvæmt hafnaáætlun.

Í samræmi við hafnaáætlun fór fram ýmiss konar frágangur við smábátaaðstöðu sem einkum fólst í kaupum á stigum á flotbryggjurnar og fjárhagsuppgjöri við Króla ehf.

Unnið var að rekstri stálþils við vesturkant Friðarhafnar. Framkvæmdin var boðin út í apríl og tilboð opnuð þann 11. maí. Verkið fólst í því að reka niður stálþil innan við gamla stálþilið á vesturkanti Friðarhafnar, samtals um 191 m að lengd. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf., sem bauð 82,5% af kostnaðaráætlun hönnuða. Efsti hluti gamla þilsins, ásamt kanti og pollum, var fjarlægður og skipt var um fyllingu á efsta hluta alls svæðisins. Komið var fyrir festingum á nýja þilið, steyptur á það kantur og pollar og lögð vatnslögn. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 254,7 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Lokið var viðgerð á tunnu við enda Suðurvarargarðs. Sjóverk ehf. annaðist framkvæmdina samkvæmt samningi sem gerður var haustið 2002.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. vann áfram að byggingu Austurgarðs samkvæmt verksamningi sem gerður var sl. sumar. Verkið var langt komið um áramót 2003-2004.

Í júní var dýpkað í Þorlákshöfn utan og innan við hafnarmynnið í –7,0 m. Einnig var dýpkað við Suðurvararbryggju og á þröskuldi norðan við innra dýpkunarsvæðið. Alls voru fjarlægðir um 36.240 m³ efnis á um 22.000 m² svæði. Verkið var ekki á hafnaáætlun en var til komið vegna efnisburðar í innsiglingu og ytri hluta hafnarinnar í Þorlákshöfn. Verkið var ekki boðið út, heldur var gerð verðkönnun hjá tveimur fyrirtækjum, Gáma- og tækjaleigu Austurlands og Björgun hf. Verðtilboð Björgunar hf. var lægra og var gerður verksamningur við fyrirtækið á grundvelli þess.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að dýpka hafnarkvína milli nýja Austurgarðsins og Svartaskersgarðs, en þar sem Austurgarðurinn varð kostnaðarsamari en hafnaáætlun gerði ráð fyrir var ákveðið að fresta dýpkuninni og nota alla fjárveitinguna í Austurgarðinn.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 215 millj. kr.

Grindavík.

Dýpkað var í Grindavíkurhöfn. Verkið var boðið út síðari hluta febrúar og tilboð opnuð þann 9. mars. Þrjú tilboð bárust. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Hagtak hf., sem bauð 121,8 millj. kr., sem nam 75,6% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í því að dýpka í kóta –9,0 m við Svíragarð og í kóta –8,0 m á svæði suður af Miðgarði. Í heild var flatarmál dýpkunarsvæðisins um 14.400 m². Verkinu er lokið en ekki hefur verið unnt að gera dýptarmælingu vegna óhagstæðs veðurfars. Þar af leiðandi hefur endanlegt uppgjör dregist. Í byrjun desember var samið við Hagtak hf. um viðbótardýpkun í smábátahöfn á svæði þar

sem áformað er að ný flotbryggja komi. Dýpkað verður á 2.300 m² svæði í kóta –2,5 m. Verkið er unnið samkvæmt hafnaáætlun.

Samkvæmt hafnaáætlun var gert ráð fyrir að hefja á árinu 2004 endurbyggingu Svíragarðsbryggju. Þar sem ákveðið var að ráðast í meiri dýpkunarframkvæmdir en reiknað var með í hafnaáætluninni var því frestað að hefja endurbygginguna en unnið að hönnun hennar og undirbúningi.

Fjárveiting fékkst af óskiptum lið til að vinna að úrbótum í slysavörnum. Gerðar voru lagfæringar á öryggisbúnaði á bryggjum og sett upp siglingamerki við innsiglingarrennu.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 115,7 millj. kr.

Sandgerði.

Þar var þekjusteypu og frágangi lagna við nýja stálþilið áfram slegið á frest. Heimilað var að nýta fjárveitinguna til að flýta styrkingu grjótvarnar á Suðurgarði um eitt ár.

Í maí var boðin út styrking grjótvarnar á Suðurgarði ásamt öðrum sjóvörnum í Sandgerði og Garði. Samið var við lægstbjóðanda, ÍAV hf., um verkið. Í því felst að endurraða og styrkja grjótvörnina á um 250 m kafla með því að bæta í hana um 12.000 m³ af grjóti. Verkið var langt komið um áramót. Grjót var tekið úr námu í Helguvík.

Framkvæmdakostnaður alls með vsk.: 26,6 millj. kr.

Reykjanesbær.

Gerður var sjóvarnargarður í Njarðvík. Verkið „Losun á klöpp í Helguvík og gerð sjóvarnargarða" var boðið út og tilboð opnuð þann 10. febrúar 2003. Útboðið var lokað og takmarkaðist við þátttöku 6 verktakafyrirtækja. Um er að ræða tvo aðskilda verkáfanga sem boðnir voru út í einu lagi. Annars vegar er styrking og lenging öldubrjóts við Njarðvíkurhöfn ásamt efnisvinnslu til þeirrar framkvæmdar á grjótnámi á lóð fyrirhugaðrar pípuverksmiðju í Helguvík. Hins vegar er síðari áfangi verksins sem felst í lækkun á lóð pípuverksmiðjunnar í Helguvík niður í uppgefinn kóta, efnisvinnslu og gerð sjóvarnargarðs í Reykjanesbæ ásamt landfyllingum. Lægsta tilboð í verkið var frávikstilboð ÍAV að upphæð kr. 321.697.959 sem nam 58,7% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli þess. Fyrri hluti verksins hófst í mars 2003. Brimvarnargarðurinn var lengdur um 60 m og berma sett utan á eldri hluta hans. Í garðinn fóru um 56.500 m³ af efni, þar af um 37.400 m³ af grjóti og um 19.100 m³ af kjarna. Lengingu garðsins var lokið í nóvember 2003 en nokkur frágangsverk voru þá eftir. Lokaúttekt fór fram í október 2004.

Framkvæmdakostnaður með vsk.: 17,0 millj. kr.

Hafnarframkvæmdir sem ekki voru ríkisstyrktar.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem ekki voru ríkisstyrktar. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á þeirra vegum á framfæri við Siglingastofnun Íslands.

Grundartangi.

Framkvæmdir stóðu yfir á árinu við lengingu viðlegukants Grundartangahafnar um 250 metra. Um er að ræða fyllingar, stálþil og þekju með viðeigandi lögnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við þennan verkþátt ljúki í lok árs 2005. Kostnaður vegna þessara framkvæmda á árinu 2004 nam kr. 223,9 millj. kr.

Komið var upp aðstöðu og búnaði vegna siglingaverndar fyrir um 20 millj. kr. Um er að ræða girðingar, hlið, gæsluhús, lýsingu, tölvur og annan búnað.

Nauðsynlegt reyndist að gera við stálþil í eldri hluta hafnarinnar eftir að skip olli tjóni á því með ásiglingu. Kostnaður við viðgerðina nam um 17 millj. kr. og var hann greiddur af tryggingafélagi skipsins.

Hafnarfjarðarhöfn.

Settur var upp ýmiss konar búnaður og komið fyrir tálmum vegna siglingaverndar. Kostnaður vegna þessa nam um 85 millj. kr.

Unnið var að gatnagerð á hafnarsvæðinu fyrir um 80 millj. kr.

Kópavogur.

Norðurgarður var lengdur um 40 m og byrjað á fremsta áfanga á Vesturbakka. Keypt var stálþil og stálþilsfestingar fyrir 16,8 millj. kr. af G. Arasyni ehf. Þilrekstur var boðinn út og samið við ÍSAR ehf. um verkið. Erfiðleikar komu upp við þilrekstur við enda grjótgarðs þar sem grjót hafði sokkið ofan í þillínu. Var Ístak fengið til að hreins þillínuna. Dýpkað var fyrir framan lengingu. Efni var ekið út á tipp á Kársnestá.

Heildarframkvæmdakostnaður var 56,3 millj. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Á undanförnum árum hafa helstu framkvæmdir Reykjavíkurhafnar verið uppbygging hafnarmannvirkja og lands við farmstöðvar skipafélaganna í Sundahöfn og þessi verk hafa tekið til sín meginhluta framkvæmdafjár hafnarsjóðs. Þessum verkum er nú flestum lokið og við taka önnur og ný verkefni í þróun og uppbyggingu Reykjavíkurhafnar. Í framkvæmdaáætlun áranna 2004–2008 var gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé yrði að stórum hluta varið til þróunar og byggingar hafnarmannvirkja og lands á tveimur nýjum svæðum. Annars vegar uppbyggingu lands og hafnaraðstöðu á Klettasvæði í Sundahöfn og hins vegar er uppbygging lands og hafnaraðstöðu við Norðurgarð í Gömlu höfninni. Vegna áforma um byggingu tónlistarhúss, ráðstefnumiðstöðvar og hótels í Austurhöfn er reiknað með að löndunarþjónusta sjávarútvegs muni færast burt úr Austurhöfn og því komið að aðstöðubótum fyrir sjávarútveg í Vesturhöfninni, en miðað er við að sjávarútvegsstarfsemi muni í framtíðinni færast þangað í auknum mæli. Fyrir liggja í dag tímasetningar þessara byggingaráforma og þá miðað við að færslu sjávarútvegsstarfsemi úr Faxaskála verði lokið fyrir 1. september 2006. Fyrsti áfangi þessa verks er bygging nýrrar hafnaraðstöðu við Norðurgarð, Norðurbakka fyrir útgerðarstarfsemi HB Granda.

Árið 2004 var unnið að byggingu Norðurbakka, stálþil og stagefni til bakkagerðar keypt og bygging bakka boðin út. Þessum framkvæmdum lauk síðan að mestu í árslok og þá var hafinn undirbúningur að frágangi yfirborðs bakka og veitukerfum og stefnt er að því að bakkinn verði fullbúinn um mitt ár 2005. Samhliða frágangi bakka var hafin landgerð utan Norðurgarðs, en þar er miðað við að aðkoma að bakkanum verði í framtíðinni um leið og allt athafnarými HB Granda á þessum stað vex og batnar til muna. Samhliða þessu var lokið við dýpkun innsiglingar og snúningssvæðis Gömlu hafnarinnar og er dýpi nú orðið yfir –8,5, en þetta dýpi þurfa stærri frystitogarar í dag og með þessari dýpkun var tryggt að stór og djúprist fiskiskip geta á öllum siglt óhindrað til hafnar sama hver sjávarstaða er. Keyptur var nýr öldubrjótur fyrir starfsemi siglingaklúbbsins Brokeyjar í Austurbugt.

Meginframkvæmdir Reykjavíkurhafnar í hafnargerð eru tengdar byggingu Skarfabakka í Sundahöfn. Ný hafnarmannvirki í Sundahöfn, sem byggð hafa verið á undanförnum áratug, hafa fyrst og fremst verið gerð til aðstöðubóta fyrir þau tvö skipafélög sem þar starfa og eru hluti af farmstöðvum þeirra. Mikil nýting er þegar orðin á þessum bökkum og baksvæði þeirra nær fullbyggt. Því er þörf á nýjum fjölnotabakka í Sundahöfn, utan farmstöðva skipafélaganna, sem þá um leið getur tekið við stærstu skemmtiferðaskipum og djúpristari skipum að bryggju í Sundahöfn en áður hefur verið hægt. Skarfabakki sem er 500 metra hafnarbakki verður með –12 m dýpi sem er mesta dýpi við bakka sem hægt er að ná í Sundahöfninni. Keypt var stálþil og stagefni til bakkagerðar og bygging bakkans boðin út. Miðað er við að bakkagerðinni ljúki í tveimur áföngum. Fyrri áfangi bakka verði tilbúinn til móttöku

skemmtiferðaskipa í júní 2006, en verklok við byggingu bakkans verði síðan vorið 2007 og þá miðað við að þessi nýja hafnaraðstaða verði komin í full not.

Samhliða byggingu Skarfabakka var unnið að lengingu Skarfagarðs, en garðurinn er forsenda þess að skjól fáist fyrir Skarfabakka og reyndar fyrir fullum notum Kleppsbakka. Garðurinn afmarkar Sundahöfnina að utanverðu og skýlir öllum ytri hluta hennar. Skjólgarðurinn er nú kominn í þá lengd sem hægt er þar til dýpkun á Viðeyjarsundi og færslu siglingalínu Sundahafnar er lokið. Miðað er við að þeim framkvæmdum ljúki sumarið 2007 og þá verður skjólgarðurinn lengdur um 100 metra í endanlega lengd.

Unnið var að verulegri landgerð við Skarfabakka. Því verki lauk að mestu á árinu og í dag er land við bakkann orðið um 10 hektarar. Unnið verður síðan að því að fergja þetta land og láta landið síga áður en lóðir koma til úthlutunar á næstu árum.

Vorið 2004 samþykkti Alþingi lög um siglingavernd þar sem höfnum landsins var gert að koma á vissum öryggisráðstöfunum til þessa að tryggja öryggi skipa, farþega og farms frá og með 1. júlí 2004. Þessi lög voru sett að frumkvæði alþjóðasamþykktar IMO um siglingavernd og vernd hafnaraðstöðu sem undirrituð var í London í desember 2002. Á hafnarsvæðum Reykjavíkurhafnar eru níu svæði, sem falla beint undir þessi ákvæði laga og á höfnina féll því verulegur kostnaður vegna lokunar svæða, girðinga, hliðstýringa og uppsetningar öryggisbúnaðar í samræmi við þessar reglur. Sérstaklega varð að gera miklar ráðstafanir í farmstöðvum skipafélaganna í Sundahöfn og eins við móttöku skemmtiferðaskipa. Þó að knappur tími væri til stefnu tókst þetta á tilsettum tíma og orð hafa fallið hjá þeim sem til þekkja að vel hafi verið að verki staðið hjá höfn og skipafélögunum við þessar aðgerðir.

Aðrar helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og aðstöðu, land- og gatnagerð í Gömlu höfninni og Sundahöfn.

Framkvæmdakostnaður Reykjavíkurhafnar á árinu 2004 flokkaður í meginflokka varð þessi:

Hafnarmannvirki:	518,3 millj. kr.
Hafnavernd:	197,5 millj. kr.
Landgerð og lóðir:	207,6 millj. kr.
Gatnagerð:	32,4 millj. kr.
Tæki og búnaður:	7,1 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður ársins 2004 varð því alls kr 962,9 millj. kr.

Sjóvarnargarðar.

Akranes: Þar var unnið að sjóvörnum á Breið, í Krókalóni og í Presthúsavör. Þessi verk voru boðin út í einu lagi. Um var að ræða um 5.500 m³ af grjóti og kjarna. Alls bárust 5 tilboð í verkið. Samið var við lægstbjóðanda, Borgarvirki ehf., sem bauð 88,0% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst í desember og verður því væntanlega lokið í apríl 2005. Allur verktakakostnaður mun falla á árið 2005.

Snæfellsbær/Hellissandur: Unnið var að sjóvörn við Bátahöllina á Hellissandi sem boðin var út ásamt sjóvörn við verbúða á Snoppuvegi. Verkið við Bátahöllina fólst í því að byggja 75 m langan sjóvarnargarð sem í fóru um 1.900 m³ af kjarna og grjóti. Stafnafell ehf. vann þetta verk samkvæmt samningi. Verkið hófst síðast í mars og lauk um miðjan júní. Samhliða þessari framkvæmd varð að laga til í grjótnámunni þar sem hún var full af vatni. Gerð sjóvarnar við verbúðir á Snoppuvegi var ekki lokið um áramót því óhjákvæmilegt reyndist aðfresta því vegna frárennslismála við verbúðirnar.

Grundarfjarðarbær: Samið var við Tígur ehf. um gerð sjóvarnar við Framnes og Torfabót. Byggður var 190 m langur garður í framhaldi af sjóvörninni sem komin var á Framnesi. Einnig átti að byggja sjóvörn við Grundargötu 94 en húseigendur þar höfnuðu framkvæmdinni. Sveitarstjórn óskaði þá eftir því að nýta fjárveitinguna í sjóvörn við Nýjubúð. Ekki var byrjað á því verki fyrir áramót.

Búðardalur: Vestan við frystihúsið var sjóvarnarargarður lagfærður og endurbættur á 150 m kafla með því að endurraða grjóti og bæta við það. Gilbert Elísson verktaki sá um framkvæmdir sem fram fóru í mars og apríl.

Vesturbyggð/Patreksfjörður: Sjóvarnir voru gerðar á Oddanum, við gömlu vélsmiðjuna og að Björgum. Um var að ræða þrjú aðskilin verk, samtals um 3.600 m³ af grjóti og kjarna, sem boðin voru út í einu lagi í júní 2004. Þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda, KNH ehf., sem bauð 72,5% af kostnaðaráætlun hönnuða. Á árinu áféll kostnaður vegna vinnslu grjóts og flutnings þess en sjóvarnirnar verða gerðar í febrúar og mars 2005.

Vesturbyggð/Bíldudalur: Þar var sjóvörn færð utan á fyrirstöðugarð sem gerður var í tengslum við framkvæmdir vegna hafnar fyrir kalkþörungaverksmiðju. Samið var við KNH ehf. um að tengja saman fyrirstöðugarð og sjóvörn. Verkið var unnið í lok ársins. Það tókst vel og er frágangur verktaka góður.

Ísafjarðarbær/Flateyri: Áfram var haldið gerð sjóvarnar við Ytribót á Flateyri og einnig var grjót sett innan á Eyrina í kverk við gömlu sjóvörnina. Samið var við Græði ehf. á Flateyri á grundvelli útboðs og verklýsingar frá 2003. Grjót var unnið í námu Ísafjarðarbæjar á Dagverðardal. Alls voru 1.590 m³ af grjóti og kjarna unnir og raðað í sjóvarnir á Flateyri, 320 m³ af grjóti voru settir á lager og um 300 m³ af kjarna voru settir í fjöruna að innanverðu.

Kaldrananeshreppur, Hólmavík og Broddaneshreppur: Boðin var út sameiginlega gerð sjóvarna á Drangsnesi, Hólmavík og við Óspakseyri í Broddaneshreppi. Tilboð voru opnuð í október og samið við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf.

Vinna hófst á Drangsnesi í byrjun nóvember og lauk í sama mánuði. Efni í sjóvörn var tekið í Kleifarnámu innan við Drangsnes, alls um 530 m³. Gerð var 117 m löng sjóvörn við Grundargötur frá enda á sjóvörn sem komin var og austur fyrir iðnaðarhús sem standa ofan götunnar.

Á Hólmavík var gerð 85 m löng sjóvörn norðan á eyrinni frá enda sjóvarnar sem áður hafði verið gerð austan sláturhúss og að Rifshausnum. Efni í sjóvörnina, um 690 m³, var tekið úr námu við Víðidalsá rétt innan við Hólmavík. Vinnu á Hólmavík lauk í byrjun desember.

Til stóð að flytja tæki til Óspakseyrar og ljúka verki þar fyrir jól, en vegna hálku á vegum reyndist það ekki hægt og var verkinu frestað fram yfir áramót.

Húnaþing vestra: Gerð var sjóvörn við Reykjatanga á 110 m kafla frá smíðahúsi suður fyrir íþróttahúsið og sundlaugina og sunnan á tanganum við byggðasafnið var sett 30 m löng bakkavörn. Samið var við Víðimelsbræður ehf. um verkið og var það framkvæmt í júlí. Grjót, um 450 m³, var sótt í námu við Hólabak í Sveinsstaðahreppi.

Blönduósbær: Lokið var sjóvörn á um 100 m kafla norðan Blöndu til móts við Ægisbraut. Víðimelsbræður ehf. unnu verkið samkvæmt verksamningi sem gerður var í framhaldi af útboði haustið 2003. Er nú komin samfelld sjóvörn norðan Blöndu frá ósnum að hafnarvoginni. Vegagerðin hefur annast grjótvörn meðfram þjóðveginum frá hafnarvog að bryggju. Að auki var samið við Víðimelsbræður ehf. um að setja sjóvörn, um 2,5 m³, á 210 m kafla meðfram Blöndu að sunnanverðu upp á móts við lóð nr. 11 við Blöndubyggð. Grjót í sjóvörnina, samtals um 2.200 m³, var sótt í námu við Hólabak. Verkinu lauk í mars.

Hafnasamlag Eyjafjarðar/Dalvík: Við Árhól norðan Dalvíkur var gerð 42 m löng sjóvörn og fóru í hana um 540 m³ af grjóti. Sunnan hafnar var haldið áfram með sjóvörnina og var alls lokið við um 4.500 m³. Grjót var tekið úr grjótnámu í Ólafsfjarðarmúla og einnig var nýtt grjót sem féll til við aðrar framkvæmdir verktakans. Áformað er að sjóvörn við Brimnes verði gerð 2005. Dalverk ehf. á Dalvík vann verkið.

Vopnafjörður: Suðurverk hf. sá um gerð 140 m langrar sjóvarnar í Framtíðarvík. Verkið var unnið í mars og apríl. Alls fóru um 3.700 m³ af grjóti í verkið.

Vestmannaeyjar: Fjárveiting var til sjóvarna við Eiðið á árinu 2003 en var þá slegið á frest og svo var einnig nú.

Sandgerðisbær: Þar var unnið að sjóvörnum í Norðurkoti, við Þóroddsstaði og við Kirkjuból. Um þrjú aðskilin verk var að ræða sem boðin voru út sameiginlega í júní ásamt sjóvörn í Garðinum og styrkingu suðurgarðs í Sandgerðisbæ. Alls fóru um 3.550 m³ af grjóti og kjarna í verkið og útvegaði verkkaupi grjótið úr Helguvík. Samið var við lægstbjóðanda, ÍAV ehf., sem bauð 80% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið var unnið á tímabilinu ágúst til október. Það heppnaðist vel og er allur frágangur til fyrirmyndar.

Unnið var að sjóvörnum í Sandgerðisbæ sem voru hluti af verkefninu „Sjóvarnir á Reykjanesskaga".

Sveitarfélagið Garður: Þar var unnið að sjóvörn á Útskálarifi. Um var að ræða styrkingu og endurbætur á eldri sjóvörn. Alls fóru um 1.650 m³ af grjóti og kjarna í verkið og útvegaði verkkaupi grjót úr Helguvík. Útboð fór fram ásamt útboði á gerð sjóvarna í Sandgerðisbæ og fimm tilboð bárust. Gerður var samningur við lægstbjóðanda, ÍAV hf., sem bauð 78,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið var unnið í ágúst. Það tókst vel og er frágangur til fyrirmyndar.

Unnið var að sjóvörnum innan verkefnisins „Sjóvarnir á Reykjanesskaga" sem var að hluta til í Garði og að hluta til í Sandgerðisbæ. Lengd sjóvarnar er um 500 m og grjótmagn um 3.520 m³.

Reykjanesbær: Gerð var sjóvörn í Njarðvík í fjórum hlutum; í Ytri-Njarðvík við Bakkastíg – 330 m, 6.600 m³ – við Skipaafgreiðslu Suðurnesja – 60 m, 1.500 m³ – í Innri-Njarðvík við Seylubakka – 200 m, 3.000 m³ – við Stapakot – 140 m, 4.000 m³ og í Keflavík var gerð sjóvörn við Ægisgötu – 530 m, 19.000 m³. Grjót og kjarni í mannvirkin voru unnin í grjótnámu í Helguvík. Verkið var boðið út sem hluti af stærra verki sem var „Losun á klöpp í Helguvík og gerð sjóvarnargarða". Samið var við Reykjaneshöfn um verkið og greitt fyrir það eftir framvindu þess.

Vatnsleysustrandarhreppur: Gerð var sjóvörn við Efri-Brunnastaði, um 230 m löng, grjótmagn 2.680 m³ og Auðna á Vatnsleysuströnd, um 140 m löng, grjótmagn 3.520 m³. Verkin voru unnin sem hluti af verkefninu „Sjóvarnir á Reykjanesskaga". Þetta verk var boðið út og tilboð opnuð þann 30. september 2003. Samið var við lægstbjóðanda, ABL tak ehf., sem bauð kr. 8.519.660 sem nam 67% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst í síðari hluta nóvember og fór lokaúttekt fram í mars 2004.

Bessastaðahreppur: Þar var fram haldið gerð sjóvarnar sem hófst árið 2003. Samið var við Borgarvirki hf. um verkið. Í sjóvörnina fóru alls um 2.300 m³ af grjóti og kjarna. Verkið var unnið í janúar og febrúar 2004 og var vel af hendi leyst.

Töflur.

Tafla I. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2004 (fjárhæðir í millj. kr.)*

Staður	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostn.	Kostn. án vsk.	Ríkis-hluti
I. Innan grunnnets					
Af óskiptu fé til öryggismála	Undirbúningur og úttektir	100%	2,2	2,2	2,2
	Grindavík, öryggisbúnaður	60%	1,9	1,5	0,9
	Grindavík, siglingamerki	75%	1,2	0,9	0,7
	Hafnasamlag Norðurlands, öryggisbúnaður	60%	2,4	1,9	1,2
	Skagaströnd, öryggisbúnaður	60%	0,6	0,5	0,3
	Austurbyggð, öryggisbúnaður	60%	1,7	1,4	0,8
	Þórshöfn, öryggisbúnaður	60%	0,2	0,2	0,1
Akranes	Stálþil á Aðalhafnargarði	60%	30,1	24,2	14,4
Snæfellsbær	Rif, Norðurþil, staurakista rifin, stálþilsbryggja við Norðurgarð	60%	30,7	24,7	15,0
	Rif, dýpkun við stálþilsbryggju Norðurgarði (4.800 m^3) og styrkt grjótvörn	75%	0,7	0,6	0,4
	Ólafsvík, dýpkun í 5 m milli Norðurtanga og trébryggju (7.300 m^3)	75%	0,4	0,3	0,2
	Ólafsvík, endurbygging trébryggju	60%	37,1	29,8	17,9
	Stigar á flotbryggjur (Ólafsvík 19 stk., Rif 3 stk.)	60%	1,0	0,8	0,5
Grundarfjörður	Öldudempandi flái milli Stórubryggju og Litlubryggju	75%	6,2	5,0	3,7
Stykkishólmur	Dráttarbraut í Skipavík, uppgjör	60%	0,6	0,5	0,2
Vesturbyggð	Patreksfjörður, innsigling lagfærð, grjótvörn á enda Oddans	75%	0,1	0,1	0,1
Bolungarvík	Dýpkun hafnar og innsiglingar (55.000 m^3)	75%	52,7	42,3	31,8
Ísafjörður	Ísafjörður, endurbygging flotbryggju í Sundahöfn	60%	0,8	0,6	0,4
	Ísafjörður, endurbygging Ásgeirsbakka	60%	50,7	40,8	24,5
	Hafnsögubátur	75%	3,4	2,7	2,0
	Ísafjarðarhöfn, innsiglingarenna, endurnýjun á innsiglingarbaujum (4 stk.)	75%	0,2	0,1	0,1
Skagaströnd	Upplýsingakerfi	75%	0,1	0,1	0,0
	Upptökubraut fyrir smábáta	60%	1,6	1,3	0,8
Siglufjörður	Óskarsbryggja, lenging	60%	0,6	0,5	0,3
	Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)	60%	4,1	3,3	2,0
	Dýpkun í smábátahöfn, gröbbun frá landi (um 800 m^3)	75%	1,1	0,9	0,7
	Róaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75 × 3 m)	60%	2,5	2,0	1,2
	Styrking á grjótvörn norðan við Brjót (um 120 m kafli)	75%	0,8	0,7	0,5
Hafnasamlag Eyjafjarðar	Ólafsfjörður, togarabryggja, 40 m stálþil, rif á trébryggju	60%	12,1	9,7	5,8
	Dalvík, timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m bryggju)	60%	0,1	0,1	0,0
	Dalvík, lenging smábátabryggju	60%	3,4	2,7	1,7
	Ólafsfjörður, loðnulöndunarkantur, endurbygging	60%	4,3	3,5	2,1
	Dalvík, lenging smábátabryggju, dýpkun	75%	1,7	1,3	1,0

* Styrkur ríkissjóðs reiknast af kostnaði án vsk.

Staður	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostn.	Kostn. án vsk.	Ríkis-hluti
Hafnasamlag Norðurlands	Akureyri, Fiskihöfn, Vesturbakki – stálþil þekja og lagnir	60%	0,5	0,4	0,2
	Akureyri, stálþil við Krossanes, II. áfangi (80 m)	60%	47,9	38,5	23,1
	Akureyri, Sverrisbryggja rifin og endurbyggð	60%	19,1	15,4	9,2
	Akureyri, dýpkun v. Sverrisbryggju	75%	4,3	3,5	2,6
Húsavík	Brimvarnargarður við Böku	75%	20,8	16,7	12,6
	Bökugarður stálþil	60%	115,9	93,1	55,9
	Dýpkun við Bökugarð og í bátahöfn	75%	49,1	39,5	29,6
Raufarhöfn	Dýpkun innsiglingar og siglingarmerki	75%	16,6	13,4	10,0
Þórshöfn	Hafskipabryggja, lenging lagnir og þekja	60%	0,1	0,1	0,0
	Dýpkuð innsigling og höfn	75%	3,8	3,0	2,3
	Stálþil (100 m dýpi 9 m, 40 m dýpi 6 m, 74 m dýpi 4 m)	60%	91,7	73,7	44,3
	Smábátaaðstaða, færa núverandi flotbryggju og ný eining (20 m)	60%	9,3	7,5	4,5
	Endurbygging löndunarbryggju, stálþil (70 m, dýpi 8 m, 6 m) og trébryggja	60%	20,9	16,8	10,1
Vopnafjörður	Stálþil, löndunarbryggja og lagnir	60%	1,4	1,2	0,7
	Brimvarnargarður, milli Miðhólma og Skiphólma (130.000 m^3)	75%	31,2	25,1	18,8
	Dýpkun við vesturenda Löndunarbryggju, sprengt og grafið (2.000 m^3)	75%	16,7	13,4	10,1
	Bryggjurif, rífa Lýsisbryggju	60%	0,9	0,7	0,4
	Tengibraut, Miðbryggja – Lýsisbryggja (u.þ.b. 1.800 m^2 klæðning, lýsing)	60%	6,1	4,9	2,9
Seyðisfjörður	Ferjulægi, stálþil (170 m, dýpi 10 m, lagnir og þekja 6.600 m^2)	60%	0,8	0,6	0,3
	Sérbúnaður við ferjulægi, þjónustuhús, landgangur, bílabrú o.fl.	75%	1,7	1,4	1,1
Fjarðabyggð	Neskaupstaður. Dýpkun vegna stækkunar hafnar	75%	23,8	19,1	14,3
	Reyðarfjörður, Mjóeyrarhöfn (380 m, dýpi 14,3 m)	60%	257,0	206,4	123,8
	Eskifjörður, stálþil við bræðslu 80 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.400 m^2)	60%	5,0	4,0	2,4
	Neskaupstaður, skjólgarður norðan hafnar, byggður í áföngum (alls um 157.000 m^3)	75%	2,2	1,8	1,3
	Reyðarfjörður, Mjóeyrarhöfn dýpkun	75%	25,4	20,4	15,3
Austurbyggð	Endurbygging Bæjarbryggju, trébryggja (30 m, dýpi 7 m)	60%	19,7	15,8	9,5
Djúpivogur	Lengja viðlegukant stálþil, inn voginn	60%	5,6	4,5	2,7
Hornafjörður	Viðhaldsdýpkun	75%	25,7	20,7	15,5
	Grynnslin, stofndýpkun/viðhaldsdýpkun	75%	1,2	0,9	0,7
	Endurbygging Krosseyjarbakka	60%	68,6	55,1	33,1
Vestmannaeyjar	Friðarhöfn, norður- og austurkantur, endurbyggja stálþil	60%	49,5	39,8	23,9
	Dýpkun pytts, snúningssvæðis og innsiglingar	75%	95,1	76,4	57,4
	Smábátaaðstaða, landstöplar, flotbryggja, lýsing og frágangur	60%	0,5	0,4	0,3
	Friðarhöfn, stálþil vesturkanti	60%	101,7	81,7	49,0
	Friðarhöfn, stálþil Ískantur/Suðurkantur	60%	7,9	6,4	2,9
Þorlákshöfn	Tunna á garðsenda Suðurvarargarðs	60%	1,0	0,8	0,5
	Austurgarður	75%	202,6	162,8	122,1
	Dýpkun innsiglingar	75%	11,4	9,2	6,9
Grindavík	Sviragarður, endurbygging	75%	0,8	0,7	0,5

Staður	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostn.	Kostn. án vsk.	Ríkis-hluti
	Dýpkun hafnar við Svíragarð	75%	114,9	92,3	69,2
Sandgerði	Suðurgarður, styrking	75%	26,6	21,4	16,0
Reykjanesbær	Njarðvík, grjótgarður styrktur og lengdur um 60 m	75%	17,0	13,6	10,1
	Jöfnun				–0,2
Alls innan grunnnets			**1.779,4**	**1.429,9**	**949,1**
			1.777,5	1.427,7	949,3
II. Utan grunnnets					
Borgarnes	Bryggjurif, fylling (u.þ.b. 3.200 m^3) við gömlu bryggjuna	60%	6,9	6,9	4,1
Snæfellsbær	Arnarstapi, breikkun þekju, skjólveggur og frágangur	60%	0,2	0,1	0,1
	Arnarstapi, lenging grjótgarðs	75%	1,0	0,8	0,6
	Arnarstapi, uppsátur fyrir smábáta endurbyggt	60%	0,8	0,6	0,4
	Arnarstapi, ljósamasturs- og vatnshús (2,5 × 5 m)	60%	4,4	3,5	2,1
Reykhólar	Innsiglingarljós á bryggju	60%	0,1	0,1	0,1
Vesturbyggð	Bíldudalur, kalkþörungahöfn	60%	48,3	38,8	23,3
Ísafjörður	Flateyri, endurbygging stálþils, þekja og lagnir	60%	0,8	0,7	0,4
Norðurfjörður	Flotbryggja	60%	4,2	3,4	2,0
Drangsnes	Endurnýjun innsiglingarljósa	75%	0,2	0,2	0,1
Skagafjörður	Haganesvík, viðhaldsdýpkun	75%	0,9	0,7	0,6
	Hofsós, Norðurgarður styrking	75%	3,3	2,7	2,0
Hafnasamlag Eyjafjarðar	Árskógssandur, upptökubraut (5 × 20 m)	60%	0,7	0,6	0,4
Grímsey	Endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)	60%	11,0	8,8	5,3
Hafnasamlag Norðurlands	Hjalteyri, viðhaldsdýpkun	75%	1,0	0,8	0,6
Húsavík	Flatey, viðhaldsdýpkun	75%	0,2	0,2	0,2
Bakkafjörður	Lenging löndunarbryggju, harðviðarbryggja	60%	0,9	0,7	0,4
Fjarðabyggð	Mjóifjörður, flotbryggja og frágangur	60%	0,1	0,1	0,1
Breiðdalsvík	Stálþil, þekja lagnir	60%	12,1	9,7	5,8
Alls utan grunnnets			**97,2**	**79,4**	**48,5**
III. Ferjubryggjur	Vigur, ferjubryggja	100%	0,3	0,3	0,3
	Ögur, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1
Alls ferjubryggjur			**0,4**	**0,4**	**0,4**
IV. Lendingarbætur	Lendingarbætur, óskipt	100%	0,4	0,4	0,2
	Hesteyri í Jökulfjörðum	100%	0,3	0,3	0,3
	Grunnavík, lendingarbætur	100%	0,2	0,2	0,2
	Ingólfsfjörður við Ós	100%	1,0	1,0	1,0
	Gjögur, Karlshöfn	100%	0,4	0,4	0,4
	Gjögur, krani.	100%	0,3	0,3	0,3
	Villinganes, lendingarbætur	100%	0,5	0,5	0,5
	Lagarfljót, lendingarbætur	100%	1,0	1,0	1,0
Alls lendingarbætur			**4,1**	**4,1**	**3,9**
Allar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir samtals			**1.881,1**	**1.513,8**	**1.001,9**

Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2004 (fjárhæðir í millj. kr.).

	Heildarkostnaður	Ríkishluti
Akranes	1,1	0,9
Snæfellsbær	9,3	8,1
Grundarfjörður	4,3	3,8
Dalabyggð	1,8	1,6
Vesturbyggð	7,3	6,4
Ísafjarðarbær	6,0	5,3
Drangsnes	2,1	1,9
Hólmavíkurhreppur	2,1	1,8
Broddaneshreppur	0,4	0,3
Húnaþing vestra	2,2	1,9
Blönduós	7,0	6,1
Höfðahreppur	0,1	0,1
Dalvíkurbyggð	7,8	6,8
Grýtubakkahreppur	0,1	0,1
Vopnafjarðarhreppur	5,3	4,7
Mýrdalshreppur	0,3	0,3
Ölfus	0,2	0,2
Reykjanesbær	6,0	6,0
Sandgerði	9,9	8,7
Gerðahreppur	6,9	6,0
Vatnsleysustrandarhreppur	5,4	4,7
Bessastaðahreppur	4,4	3,8
Samtals millj. kr.	**90,0**	**79,5**

Tafla III. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 2004 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 2003		Ríkishluti framkvæmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 20034	
	Vantar	Ónotað	2004	2004	Vantar	Ónotað
Akranes		14,4	14,5	30,4		30,3
Borgarnes		3,5	4,1		0,6	
Snæfellsbær		15,2	37,2	34,2		12,2
Grundarfjörður		9,3	3,7	5,0		10,6
Stykkishólmur		8,1	0,2	8,8		16,7
Búðardalur		1,5	0,0			1,5
Reykhólahöfn		0,5	0,1			0,4
Vesturbyggð		18,2	23,4	37,9		32,7
Tálknafjörður		0,2	0,0			0,2
Bolungarvík		43,6	31,8	22,9		34,8
Ísafjarðarbær		54,6	27,3	28,3		55,6
Súðavík	2,0		0,0		2,0	
Norðurfjörður	0,3	2,0	2,1	0,0	0,4	
Drangsnes		1,0	0,2			0,8
Hólmavík		2,6	0,0	0,7		3,3
Húnaþing vestra		0,1	0,0			0,1
Blönduós		0,9	0,0			0,9
Skagaströnd		0,2	0,8		0,6	
Skagafjörður	2,3		2,6	5,7		0,9
Siglufjörður		10,7	4,6	4,2		10,3
Hafnasamlag Eyjafjarðar		53,2	10,9	8,7		51,0
Grímsey	2,2		5,3	16,2		8,7
Hafnasamlag Norðurlands		18,5	35,8	41,2		23,9

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 2003	Ríkishluti framkvæmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 20034
Húsavík	87,8	98,2	41,1	30,8
Kópasker	2,1	0,0	0,3	2,4
Raufarhöfn	31,7	10,0		21,7
Þórshöfn	48,7	61,1	58,3	45,9
Bakkafjörður		0,4	0,4	
Vopnafjörður	35,7	32,9	26,2	29,0
Borgarfjörður eystri		0,0		0,0
Seyðisfjörður	22,4	1,4		21,0
Fjarðarbyggð	12,3	157,2	249,1	104,2
Austurbyggð	8,0	9,5	1,5	
Breiðdalsvík	6,6	5,8		0,8
Djúpivogur	0,8	2,7	24,3	20,8
Hornafjarðarbær	19,0	49,3	86,4	56,1
Vestmannaeyjar	117,0	133,3	124,7	108,4
Eyrarbakki	1,0	0,0		1,0
Þorlákshöfn	83,4	129,4	47,8	1,8
Grindavík	67,5	69,4	189,1	52,2
Sandgerði	1,5	16,1	12,7	1,9
Garður		0,0		0,0
Reykjaneshöfn	0,8	10,1	12,6	1,7
Óskipt	16,6	6,2	11,4	21,8
Lendingarbætur	3,9	3,9	3,9	3,9
Ferjubryggjur	5,2	0,4	6,6	11,4
Samtals	**75,9**	**761,2**	**1.001,9**	**1.138,7**	**7,4**	**829,6**

Tafla IV. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2004 (fjárhæðir í millj. kr.).

Hafnir í grunnneti samgangna	949,1
Hafnir utan grunnnets samgangna	48,5
Lendingarbætur	3,9
Ferjubryggjur	6,6
Samtals	**1.008,1**

Tafla V. Fjárveitingar til sjóvarna 2004.

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-335)	
Óskipt	5.000.000
Akraneskaupstaður	11.000.000
Snæfellsbær	7.100.000
Grundarfjörður	6.900.000
Vesturbyggð	10.600.000
Ísafjarðarbær	5.500.000
Kaldrananeshreppur	1.600.000
Hólmavíkurhreppur	1.700.000
Broddaneshreppur	2.600.000
Húnaþing vestra	2.000.000
Dalvíkurbyggð	7.400.000
Grýtubakkahreppur	900.000
Sandgerði	6.300.000
Gerðahreppur	3.200.000
Bessastaðahreppur	2.900.000
Samtals	**74.700.000**

Tafla VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2004.

Styrkir	
Styrkir til nýframkvæmda	
Snæfellsbær v/Arnarstapa	1.770.000
Vesturbyggð	9.475.500
Ísafjarðarbær v/Þingeyrar	750.000
Bolungarvík	4.575.000
Norðurfjörður	585.000
Hólmavík	180.000
Skagafjörður v/Hofsóss og Haganesv.	1.140.000
Hafnasamlag Eyjafjarðar v/Árskógssands	435.000
Grímsey	3.585.000
Húsavík	2.925.000
Kópasker	75.000
Þórshöfn	14.565.000
Vopnafjörður	5.445.000
Djúpivogur	5.460.000
Styrkir alls	**50.965.500**
Lán	
Engin lán veitt á árinu	

1402. Tillaga til þingsályktunar [816. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 11. maí 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1403. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um rekstur skólaskips.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið skriflegar umsagnir um það frá Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Félagi kvótabátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva og Skólastjórafélagi Íslands.

Með tillögunni er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði falið að stuðla að því að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar, vinnulag til sjós, fiskifræði og líffræði sjávarins, með sama eða svipuðu sniði og gert var um borð í rannsóknaskipinu Dröfn RE í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur nú fengið frá sjávarútvegsráðuneytinu gerði ráðuneytið hinn 25. febrúar sl. samning við einkaaðila um að taka að sér siglingar með nem-

endur 9. og 10. bekkjar grunnskólanna og verður rannsóknaskipið Dröfn RE notað í verkefnið. Fyrirkomulag verkefnisins verður með svipuðu sniði og áður og mun Hafrannsóknastofnunin annast fræðslu um borð um lífríki sjávar og Fiskifélag Íslands sjá um skipulagningu, skráningu og kynningu á verkefninu. Verkefnið hófst í apríl sl. og hafa þegar verið farnar nokkrar ferðir og verður haldið áfram í haust. Umræddur samningur tekur til allt að 30 siglingadaga á þessu ári og er ætlunin að endurskoða hann að haustsiglingum loknum.

Um leið og nefndin fagnar því að rekstur skólaskips sé hafinn á ný leggur hún áherslu á að áfram verði haldið á sömu braut og verkefninu tryggt nægilegt fjármagn til að svo megi verða. Með hliðsjón af því og í samræmi við framangreint telur nefndin rétt að leggja til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. Einar K. Guðfinnsson. Jóhann Ársælsson.

Guðlaugur Þór Þórðarson. Jón Gunnarsson.

1404. Svar [716. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um uppbyggingu öldrunarþjónustu.

1. *Uppfyllir núverandi aðbúnaður á stofnunum fyrir aldraða þau ákvæði laga um málefni aldraðra að við hönnun skuli þess sérstaklega gætt að þær séu heimilislegar og að flestir hafi eigið herbergi?*

Þau lög sem hér er vitnað til eru lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Á þeim hjúkrunarheimilum sem byggð voru fyrir gildistöku þessara laga er um helmingur vistrýma í einbýlisherbergjum. Eftir gildistöku laganna hafa verið byggð og tekin í notkun 23 hjúkrunarheimili, stór og smá, með 710 vistrýmum. Tæp 70% þessara rýma eru einbýli. Nú eru að hefjast framkvæmdir við þrjú hjúkrunarheimili og framkvæmdir við það fjórða eru vel á veg komnar. Samtals eru 108 vistrými í þessum heimilum og hlutfall einbýla rúm 75%. Þá er verið að hanna þrjú ný hjúkrunarheimili og er ætlunin að bjóða út byggingu þeirra á þessu ári. Í þessum húsum verða um 160 vistrými, öll í einbýlum og er stefnt að því að svo verði í því húsnæði sem hér eftir verður byggt í þessu skyni. Jafnframt er stefnt að því að u.þ.b. 10% vistrýma verði frátekin fyrir hjón eða sambýlisfólk, t.d. með því að opna milli tveggja herbergja. Því má segja að markmiðinu um að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi sé að fullu náð í nýjustu húsunum. Eins og gefur að skilja er ekki unnt að tilgreina með tölum hvernig til hefur tekist um að gera stofnanirnar heimilislegar, en það er og hefur verið sameiginlegt markmið fulltrúa eigenda, hönnuða og ekki hvað síst starfsmanna viðkomandi stofnana að tryggja íbúum heimilislegar aðstæður.

2. *Er í undirbúningi áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu þar sem tryggt verði að aldraðir á hjúkrunar- og dvalarheimilum þurfi ekki gegn vilja sínum að deila herbergi með öðrum?*

Eins og sjá má af framangreindum tölum eru enn mörg sambýlisherbergi á hjúkrunarheimilum. Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurbótum á nokkrum hjúkrunarheimilum, m.a. með fækkun fjölbýla. Þetta er hins vegar kostnaðarsamt verk og má ætla að það kosti á bilinu 7.000–9.000 millj. kr. (7–9 milljarða kr.) að breyta í einbýli öllum þeim 950 (954) vistrýmum sem nú eru í fjölbýlum og byggja ný, til að heildarfjöldi vistrýma haldist óbreyttur. Auk þess væri æskilegt að endurbyggja sum eldri hjúkrunarheimilin, m.a. vegna þess að herbergi eru of lítil til að unnt sé með góðu móti að veita heimilismönnum þá þjónustu sem þeir þurfa.

Undanfarin ár hefur tiltækt árlegt framkvæmdafé til framangreindra endurbóta, og allra annarra endurbóta og nýbygginga á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, annarra en tveggja stærstu sjúkrahúsanna, verið tæpar 900 millj. kr. Því er ljóst að mjög langan tíma tekur að ljúka þessum verkefnum fáist ekki verulega auknar fjárveitingar. Hins vegar skal tekið fram að bæði stjórnendur og starfsmenn á þessu sviði gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma til móts við óskir vistmanna í því skyni að gera dvölina eins heimilislega og unnt er. Fyrir það bera að þakka.

1405. Breytingartillaga [708. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

4. efnismgr. 1. gr. orðist svo:

Ákvæði VIII.–XI. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, gilda um viðskipti með verðbréf á markaðstorgi.

1406. Frumvarp til laga [817. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Í stað „28. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 24. gr.

2. gr.

Í stað „20. gr.“ í 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: 21. gr.

3. gr.

Í stað „28. gr.“ í 2. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: 29. gr.

4. gr.

Í stað „27. gr.“ tvívegis í 30. gr. og í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: 28. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „sem útgefandi skal setja sér samkvæmt ákvæði 51. gr.“ í 1. mgr. 63. gr. laganna kemur: sem útgefnar eru skv. 67. gr.

6. gr.

Í stað „49. gr.“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: 65. gr.

7. gr.

Í stað „32. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 28. gr.

8. gr.

Í 76. gr. laganna breytast tilvísanir á svofelldan hátt:

a. Í stað „20. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 21. gr.
b. Í stað „21. gr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 22. gr.
c. Í stað „25. gr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 26. gr.
d. Í stað „46. gr.“ í 2. mgr. kemur: 62. gr.

9. gr.

Í 77. gr. laganna breytast tilvísanir á svofelldan hátt:

a. Í stað „41. gr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 55. gr.
b. Í stað „44. gr.“ í 2. tölul. kemur: 60. gr.
c. Í stað „45. gr.“ í 3. tölul. kemur: 61. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af breytingum sem nýlega voru samþykktar á lögum um verðbréfaviðskipti. Þann 1. júlí og aftur 1. janúar nk. breytast greinanúmer laganna. Hér eru lagðar til leiðréttingar á tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem verða á lögunum 1. júlí nk.

1407. Svar [655. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Steinunnar K. Pétursdóttur um skoðun tölvuleikja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra í hyggju að nýta sér heimild í 11. gr. laga nr. 47/1995 og setja reglur um skoðun tölvuleikja? Ef svo er, hvers konar reglur? Ef svo er ekki, hvers vegna?

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, er ráðherra heimilað að setja reglur um skoðun tölvuforrita sem hafa að geyma

gagnvirka leiki til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laganna. Fram til þessa hefur framangreind heimild ekki verið nýtt en í menntamálaráðuneytinu hefur verið unnið að gerð frumvarps um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum, sem ætlað er að leysa af hólmi lög nr. 47/1995. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að núverandi fyrirkomulagi á skoðun kvikmynda verði breytt í veigamiklum atriðum. Eitt nýmælanna sem frumvarpið byggist á er að lögfest verði skylda til að meta eða láta meta tölvuleiki sem framleiddir eru eða dreift er hér á land með sambærilegum hætti og kvikmyndir. Stefnt er að framlagningu frumvarpsins þegar Alþingi kemur saman í haust.

Framleiðendur tölvuleikja hafa víða komið upp stofnunum sem annast leiðbeinandi mat á því fyrir hvaða aldursflokka einstakir leikir henta. Nær mat þetta alveg niður í þriggja ára aldur og eru leikirnir merktir með merki matsstofnananna. Má af slíkum matsstofnunum nefna ESRB, „Entertainment Software Rating Board“ í Bandaríkjunum, ELSPA, „European Leisure Software Publishers Association“, sem starfar í Bretlandi, og USK – Unterhaltungs software Selbstkontrolle, sem starfar í Þýskalandi. Mjög margir framleiðendur og dreifingaraðilar tölvuleikja eru aðilar að framangreindum samtökum og verður merking frá þessum samtökum að teljast þýðingarmikil leiðbeining fyrir foreldra og aðra kaupendur tölvuleikja.

Nýverið var tekið upp samevrópskt flokkunarkerfi fyrir tölvuleiki sem ber nafnið PEGI (Pan European Games Information) og eru SMÁÍS, Samtök myndrétthafa á Íslandi, aðilar að því kerfi. PEGI-kerfinu er ætlað að tryggja að ólögráða börn fari ekki í leiki sem eru ekki við hæfi þeirra aldurshóps. Kerfið nýtur stuðnings framleiðenda á leikjatölvum, þar á meðal PlayStation, Xbox og Nintendo, sem og útgefenda og þróunaraðila gagnvirkra leikja um alla Evrópu. Evrópusamtökin um gagnvirkan hugbúnað (Interactive Software Federation of Europe, eða ISFE) þróuðu flokkunarkerfið og reka það í samstarfi við rekstraraðila hollenska skoðunarkerfisins sem heita NICAM. Kerfið nýtur dyggs stuðnings framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem telur það vera fyrirmynd að samhæfingu á sviði barnaverndar í Evrópu.

Menntamálaráðuneytið hefur átt viðræður við fulltrúa SMÁÍS um hið nýja flokkunarkerfi fyrir tölvuleiki og telur rétt að reynsla komi á notkun þess. Varðandi frekari upplýsingar um flokkunarkerfið vísast til heimasíðu SMÁÍS, www.smais.is, og á heimasíðu PEGI, www.pegi.info. Tekið skal fram að 85–90% af öllum tölvuleikjum sem seldir eru hér á landi er dreift af fyrirtækjum sem eiga aðild að SMÁÍS. Þá hefur SMÁÍS leitað til fyrirtækja utan samtakanna hér á landi um þátttöku í PEGI-flokkunarkerfinu, en framleiðendur þeirra leikja sem dreift er af slíkum fyrirtækjum eru oftar en ekki aðilar að kerfinu.

1408. Breytingartillögur [72. mál]

við brtt. á þskj. 1363 [Almenn hegningarlög].

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Við 1. tölul. Liðurinn orðist svo: Efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri.
2. Við 2. tölul. Liðurinn orðist svo: 2. gr. orðist svo:

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 195.–199. gr. og 2. og 3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 2.–4. mgr. 202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 18 ára aldri.

1409. Framhaldsnefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og áður skilað áliti um það og breytingartillögum, sbr. þingskjöl 1188 og 1189.

Frá því að meiri hlutinn lagði fram framangreindar breytingartillögur hefur hann skoðað málið og fengið ábendingar varðandi breytingartillögurnar sem hann telur rétt að taka tillit til.

Í frumvarpinu er að því stefnt að þeir sem skila inn réttum skýrslum og sýna vilja til að greiða skuldir við ríkið njóti þess að því leyti að vikið verði frá sektarlágmarki og mat dómara ráði þess í stað. Er þar byggt á því að þegar þannig háttar til sé ekki um eiginleg skattsvik að ræða. Þessu markmiði verður ekki náð nema að mjög takmörkuðu leyti samkvæmt fyrri breytingartillögum meiri hlutans. Eftir að hafa skoðað málið nánar telur meiri hlutinn rétt að leggja til breytingar á frumvarpinu sem ekki gera eins miklar kröfur til þess að vikið verði frá sektarlágmarki, m.a. varðandi það hvort skýrslu er skilað á réttum tíma eða ekki.

Meiri hlutinn telur rétt að girða ekki fyrir að þeir sem hafi greiðslugetu og greiðsluvilja sjái sér hag í því að lækka skattfjárhæð áður en til sektarákvörðunar kemur. Megináherslan hlýtur að liggja á því að gjaldandi, eða sá sem ábyrgð ber á greiðslum, sjái hag í því að skila inn réttum skýrslum og greiða eins mikið og unnt er áður en niðurstaða dómstóla eða yfirskattanefndar liggur fyrir.

Lögin taka sérstaklega á síðbúnum skilum með ákvörðun álags og dráttarvaxta og fellur meiri hlutinn frá þeirri tillögu að kveða á um greiðslu þessa hluta kröfunnar í þeim ákvæðum sem lagt er til að breytt verði og fjalla um sakarmat. Af framkvæmd verður ráðið að við ákvörðun refsingar sé tekið tillit til þeirra greiðslna sem inntar hafa verið af hendi og miða tillögur nú að því að ekki verði breyting þar á.

Meiri hlutinn afturkallar breytingartillögur á þingskjali nr. 1189 og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Efnismálsliður 1. gr. orðist svo: Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreindrar staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.

2. Efnismálsliður 2. gr. orðist svo: Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreinds virðisaukaskatts samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.

Alþingi, 10. maí 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Siv Friðleifsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1410. Fyrirspurn [818. mál]

til utanríkisráðherra um innleiðingu tilskipana ESB.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hversu margar tilskipanir ESB hefur Ísland innleitt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, Schengen-samstarfið og Dyflinnarsamninginn frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

1411. Frumvarp til laga [720. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. maí.)

1. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (IX.)

Í stað þess að öðru gjaldtímabili þungaskatts skv. B-lið 7. gr. ljúki 10. júní 2005 skal því ljúka 30. júní 2005. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki sitt til álestraraðila á tímabilinu frá 15. júní til 30. júní 2005 og láta lesa af ökumæli og skrá stöðu hans.

Gjalddagi þungaskatts skv. 1. mgr. er 1. júlí 2005 og eindagi er 15. ágúst 2005.

Sé lesið af ökumæli ökutækis sem er undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, eða ökumæli bifreiðar sem ætluð er til fólksflutninga, á tímabilinu 15. til og með 29. júní skal akstur ökutækisins áætlaður frá álestrardegi til loka álestrartímabils. Aksturinn skal áætlaður þannig

að reiknað er út meðaltal ekinna kílómetra á dag á milli álestra og það margfaldað með fjölda þeirra daga er eftir eru af álestrartímabilinu.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabilinu gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr.

b. (X.)

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu senda tollstjóra upplýsingar um birgðir af olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005. Í þeim upplýsingum skal koma fram hve mikið af birgðum er á innlendum birgða- og sölustöðum. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skulu berast tollstjóra eigi síðar en 1. ágúst 2005.

Aðilar sem ekki eru gjaldskyldir skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu senda tollstjóra upplýsingar um birgðir af olíu sem fellur undir gildissvið þeirra laga og er í þeirra eigu eða vörslu 1. júlí 2005 ef þær eru yfir 5.000 lítrum. Þeim aðilum ber að greiða olíugjald af heildarbirgðum sínum í samræmi við ákvæði þeirra laga. Eiganda eða umráðamanni birgða skal skylt að aðstoða við birgðakönnun óski tollstjóri slíkrar aðstoðar. Tollstjóri getur krafist upplýsinga frá innflytjendum og seljendum gas- og dísilolíu um sölu til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 2005. Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari málsgrein skulu skila olíugjaldi til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en 15. ágúst 2005.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., gildir ákvæði þetta þar til staðin hafa verið skil á olíugjaldi af þeim gjaldskyldu birgðum sem eru í landinu 1. júlí 2005, í samræmi við 2. mgr.

c. (XI.)

Þrátt fyrir 24. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skal ákvæði til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 59/1994, gilda til 1. janúar 2006.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1412. Frumvarp til laga [697. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2005“ í ákvæði X til bráðabirgða í lögunum kemur: 31. desember 2006.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af vetnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimild þessi nær eingöngu til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun og gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað upphæðarinnar „120.000“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögunum kemur: 240.000.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Undanþága þessi gildir til 31. desember 2008.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

IV. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða toll af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

V. KAFLI

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

1413. Þingsályktun [614. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 og samnings EFTA-ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 918.

1414. Þingsályktun [617. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 921.

1415. Þingsályktun [704. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1062.

1416. Þingsályktun [705. mál]

um fullgildingu viðbótarsamnings nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1063.

1417. Þingsályktun [722. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1080.

1418. Þingsályktun [296. mál]

um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 323.

1419. Frumvarp til laga [698. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „vöruflutninga og efnisflutninga“ í 1. málsl. 1. gr. og 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: farmflutninga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vöruflutninga og/eða efnisflutninga“ í a-lið kemur: og farmflutninga.
b. I-liður orðast svo: *Farmflutningar í atvinnuskyni:* Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi.
c. J-liður orðast svo: *Farmflutningar í eigin þágu:* Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem stundar fólksflutninga og/eða farmflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum skal hafa til þess almennt rekstrarleyfi.

Leyfi má veita einstaklingum eða lögaðilum, hvort sem eru fyrirtæki, félög eða stofnanir. Leyfishafi skal uppfylla skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafinn er einstaklingur skal hann jafnframt uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafi er lögaðili skal starfa hjá honum forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Forsvarsmaður skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Leyfisbréf og leyfismerki skulu gefin út af Vegagerðinni. Leyfishafi skal hafa leyfisbréfið sýnilegt í bifreið sinni og leyfismerki fest í vinstri kant framrúðu eða á númeraplötu bifreiðarinnar. Leyfi skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

Óheimilt er að stunda leyfisskyldan fólks- eða farmflutning án tilskilins leyfis og er slíkt brot gegn ákvæðum laganna og refsivert, sbr. 16. gr.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Til að öðlast leyfi skv. 4. gr. þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda, svo sem stundað leyfisskyldan akstur án tilskilins leyfis. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi, skilyrði fyrir leyfum og framkvæmd leyfisveitinga.

5. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vöru- og efnisflutninga“ í 1. málsl. kemur: og farmflutninga.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fólks- og farmflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „vöru- og efnisflutninga“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: og farmflutninga.
b. Í stað orðanna „eftirliti og leyfisveitingum“ í 4. mgr. kemur: framkvæmd leyfisveitinga.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Leyfisgjöld.*

8. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Brottfall leyfis.

Leyfi skv. 4. gr. fellur niður ef leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.

Hafi Vegagerðinni borist tilkynning um að leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa uppfylli ekki lengur skilyrði 5. gr. getur hún fellt leyfi skv. 4. gr. úr gildi. Um tilkynningar gilda ákvæði 1. mgr. 15. gr. eftir því sem við á. Áður en leyfi er fellt úr gildi skal Vegagerðin senda viðvörun um fyrirhugaða niðurfellingu leyfis þar sem koma skal fram tilefni niðurfellingar og leyfishafa gefinn kostur á að bæta úr annmörkum. Vegagerðin leggur mat á hvort skilyrði 5. gr. eru uppfyllt.

Komi til brottfalls leyfis skv. 2. mgr. skal Vegagerðin senda leyfishafa skriflega tilkynningu þess efnis og frá hvaða tíma leyfi telst niður fallið.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 15. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tilkynningar um brot og eftirfarandi eftirlit.

Tilkynna má til Vegagerðarinnar ef leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er stunduð án tilskilins leyfis. Tilkynningar geta verið hvort sem er munnlegar eða skriflegar og skulu innihalda, eftir því sem við á, greinargóðar lýsingar og skýringar á meintu broti, upplýsingar um þá starfsemi sem stunduð er, ökutæki sem notuð eru við starfsemina og aðila sem hana stunda. Berist Vegagerðinni slík tilkynning skal hún þegar senda skriflega fyrirspurn um starfsemina og gefa viðkomandi færi til skýringa. Vegagerðin leggur mat á hvort starfsemi er leyfisskyld og skal veita viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta.

Hafi Vegagerðinni borist tilkynning um leyfisskylda starfsemi sem stunduð er án tilskilins leyfis og ljóst þykir af skýringum frá viðkomandi að starfsemin er leyfisskyld, en ekki er orðið við áskorunum um að sækja um leyfi skv. 4. gr., er sérstökum eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki hans og kyrrsetja það uns sótt hefur verið um leyfi. Ef ekki er orðið við ítrekuðum áskorunum Vegagerðarinnar um skýringar á starfsemi er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki viðkomandi til að kanna um hvernig flutning er að ræða og hvort starfsemi er leyfisskyld. Vegagerðin getur leitað aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutæki í þessum tilvikum.

Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki þegar lögreglan eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki og verða við fyrirmælum um að hætta akstri. Ökumaður ber ábyrgð á farmi sem hann flytur þegar ökutæki er stöðvað samkvæmt þessari grein og ber ábyrgð á að útvega áframhaldandi flutning farmsins til viðtakanda.

10. gr.

15. gr. laganna, er verður 16. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

Refsingar.

Brot gegn ákvæðum 4., 6., 7., 10. og 12. gr. laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Sektir allt að 100.000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara.

11. gr.

Á undan 16. gr. laganna kemur ný grein er verður 17. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Málskot.

Stjórnsýsluákvörðunum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

12. gr.

Í stað orðanna „vöruflutningum og efnisflutningum“ í 2. mgr. 16. gr. laganna, er verður 18. gr., kemur: og farmflutningum.

13. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi.**

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfishafar sem hafa gild leyfi til vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni við gildistöku laga þessara skulu skila inn leyfum og sækja að nýju um leyfi til Vegagerðarinnar innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Öll leyfi til vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara falla úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

1420. Lög [583. mál]

um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 874.

1421. Frumvarp til laga [649. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 4. tölul. 1. mgr. bætist: og hafa eftirlit með framkvæmd slíkra rannsókna.
b. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka hvað varðar m.a. meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða. Um eftirlit landlæknis með starfsemi blóðbanka fer skv. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi blóðbanka, skráningu aukaverkana, framkvæmd eftirlits o.fl. í reglugerð.
c. Við 10. tölul. 1. mgr. bætist: svo sem Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA).

d. Á eftir 5. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Lyfjafyrirtæki skulu greiða Lyfjastofnun gjald fyrir útgáfu vottorða um markaðsleyfi lyfs vegna lyfja sem þau hyggjast sækja um markaðsleyfi fyrir í öðrum löndum (Certificate of a Pharmaceutical Product), auk vottorða um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Certificate of Authorisation for Manufacturers of Medicinal Product) og vottorða um að lyf sé hér á markaði (Statement of Licensing Status of Pharmaceutical Products). Gjöldin skulu taka mið af vinnu sérfræðings við útgáfu þeirra.

Lyfjastofnun er heimilt að innheimta sérstök gjöld vegna sérfræðiráðgjafar um markaðsleyfi lyfs (Scientific Advice) sem lyfjafyrirtæki æskja.

e. Í stað „3.–6. mgr.“ í 7. mgr. kemur: 3.–8. mgr.
f. Við 4. tölul. 8. mgr. bætist: þ.m.t. starfsemi blóðbanka.
g. Á eftir orðinu „lyfjagerða“ í 2. tölul. 9. mgr. kemur: þ.m.t. starfsemi blóðbanka.
h. Á eftir orðunum „heildarsölu lyfja“ í 2. tölul. 9. mgr. kemur: hér á landi.
i. Í stað „9. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 11. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Lyf:* Hvers konar efni eða efnasamsetningar sem sögð eru búa yfir eiginleikum sem koma að gagni við meðferð sjúkdóma hjá mönnum eða dýrum eða við forvarnir gegn sjúkdómum eða hvers konar efni eða efnasamsetningar sem nota má fyrir menn eða dýr eða gefa þeim, annaðhvort í því skyni að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli líflyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdómsgreiningu.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef vafi leikur á því hvort vara geti, að teknu tilliti til allra eiginleika hennar, fallið undir skilgreiningu á lyfi og skilgreiningu á vöru sem heyrir undir aðra löggjöf gilda ákvæði þessara laga.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Skilgreiningar.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast sjö nýir málsliðir sem orðast svo: Gildistími markaðsleyfa er fimm ár með þeim undantekningum sem fram koma í þessari málsgrein. Heimilt er að endurnýja markaðsleyfi lyfs að þeim tíma liðnum á grundvelli endurmats Lyfjastofnunar á sambandi áhættu og ávinnings (risk-benefit balance). Áður en að endurmati kemur skal markaðsleyfishafi, í það minnsta sex mánuðum áður en markaðsleyfi fellur úr gildi, hafa lagt fyrir Lyfjastofnun fullnægjandi og uppfærð gögn um gæði, öryggi og verkun lyfja. Þegar markaðsleyfi lyfs hefur verið endurnýjað í eitt skipti skal það gilda ótímabundið nema Lyfjastofnun ákveði með gildum rökum vegna lyfjagátar að það skuli einungis endurnýjað til fimm ára. Markaðsleyfi fellur úr gildi ef lyf sem markaðsleyfi hefur verið veitt fyrir hefur í reynd ekki verið sett á markað innan þriggja ára frá veitingu leyfisins eða lyf sem leyfi hefur verið veitt fyrir og sett á markað hefur í reynd ekki verið á markaði samfleytt í þrjú ár. Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður og af ástæðum er varða lýðheilsu. Slíkar undanþágur skulu studdar viðeigandi rökum.

b. Á eftir orðunum „heimilt að afturkalla“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: ógilda, fella niður tímabundið eða breyta.
c. Á eftir orðinu „markaðsleyfi“ í 8. mgr. kemur: eða markaðssetningu.
d. Á eftir orðinu „umsókna“ í 2. málsl. 9. mgr. kemur: viðurkenningu miðlægra markaðsleyfa Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA), verndartíma gagna um forklíniskar og klínískar prófanir.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. og 4. mgr. verða 2. og 3. málsl. 2. mgr.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Lyfjastofnun getur heimilað tímabundna dreifingu lyfs, sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi, enda sé það ætlað til varna vegna sýkla, eiturefna, efnafræðilegra áhrifavalda eða kjarnageislunar sem grunur leikur á eða staðfest hefur verið að hafi eða gæti breiðst út.

Lyfjastofnun getur veitt dýralækni, að fenginni rökstuddri umsókn og á hans ábyrgð, heimild til notkunar lyfs, með eða án markaðsleyfis hér á landi, utan skráðra ábendinga eða fyrir aðra dýrategund en lyfið er ætlað. Nánar skal kveðið á um slík tilvik í reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að fengnu leyfi Lyfjastofnunar.
b. Á eftir 1. málsl. 7. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Allan fyrirhugaðan samhliða innflutning lyfs skal tilkynna markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnun. Nánar skal kveðið á um skilyrði samhliða innflutnings og málsmeðferð Lyfjastofnunar í reglugerð um samhliða innflutt lyf, sbr. 9. mgr. 7. gr.

7. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Með framleiðslu er átt við allar aðgerðir við innkaup á efnum og vöru, svo og vinnsluferli, svo sem vigtun, blöndun, áfyllingu, pökkun, merkingu, gæðaeftirlit, samþykki og geymslu, ásamt viðeigandi eftirliti. Ráðherra er heimilt að gefa út tímabundið framleiðsluleyfi og takmarkað framleiðsluleyfi til tiltekinnar tegundar framleiðslu, t.d. vélskömmtunar lyfja. Nánar skal kveðið á um skilyrði slíks leyfis í reglugerð um framleiðslu lyfja.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Til að knýja á um úrbætur og framkvæmd ráðstöfunar eða vegna brota á lögum þessum getur Lyfjastofnun beitt eftirfarandi aðgerðum.

9. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Markaðsleyfi lyfja sem gefin hafa verið út eða endurnýjuð fyrir 30. október 2005 skal endurnýja einu sinni til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laganna.

II. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 37. gr. c, sem orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús skal starfrækja blóðbanka sem hefur með höndum blóðbankaþjónustu á landsvísu. Ráðherra veitir leyfi til starfrækslu blóðbanka að fenginni umsögn landlæknis og Lyfjastofnunar.

Eftirlit með starfsemi blóðbanka er í höndum landlæknis skv. 3. gr. laga þessara og Lyfjastofnunar skv. 3. gr. lyfjalaga auk þess sem Persónuvernd hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Um meðferð upplýsinganna fer eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um réttindi sjúklinga.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að mæla nánar fyrir um starfsemi blóðbanka, skilyrði leyfis, afturköllun leyfis, skráningu aukaverkana, framkvæmd eftirlits o.fl.

11. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum, tilskipun 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 sem breytir tilskipun 2001/83/EB um lyf sem ætluð eru mönnum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/28/EB frá 31. mars 2004 sem breytir tilskipun 2001/82/EB um lyf sem ætluð eru dýrum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2., 4. og 5. gr. og b-liðar 6. gr. koma til framkvæmda 30. október 2005.

1422. Lög [670. mál]

um gæðamat á æðardúni.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1022.

1423. Lög [725. mál]

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1083.

1424. Lög [727. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1355.

1425. Lög [786. mál]

um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1356.

1426. Lög [295. mál]

um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

(Afgreidd frá Alþingi 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1212.

1427. Frumvarp til laga [309. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (sektarinnheimta).

(Eftir 2. umr., 10. maí.)

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

1. Ákærur, fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða öðrum starfsmanni lögreglustjóra, fangaverði eða öðrum starfsmanni Fangelsismálastofnunar eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting á ákæru og fyrirkalli skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðrum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess sem þeim er beint að ef hann hittist ekki sjálfur fyrir. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

3. Þegar birta þarf dóm skv. 3. mgr. 133. gr. skal hann birtur á dómþingi. Ef svo stendur á sem í 2. mgr. segir má þó birta dóm í Lögbirtingablaði.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 115. gr. a laganna kemur: 100.000 kr.

3. gr.

Á eftir 115. gr. a laganna kemur ný grein, 115. gr. b, sem orðast svo:

1. Nú stendur lögregla mann að broti sem hann gengst skýlaust við, skilyrði eru til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 115. gr. og lögregla telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 60.000 kr. Getur þá lögregla ákveðið viðurlög við broti samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 115. gr. Lögregla gerir sakborningi ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd með því að afhenda honum skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það er framið, þau refsiákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki eða honum kunni að vera gert að afplána vararefsingu. Ef því er að skipta skal jafnframt kynna sakborningi og tiltaka í skýrslunni hversu mörgum punktum brotið varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Sakborningur undirritar skýrsluna og fær afhent afrit hennar. Lögregla getur boðið sakborningi að ljúka þegar máli með greiðslu sektar á vettvangi. Geri sakborningur það ekki skal honum settur tiltekinn frestur í skýrslunni til að greiða hana.

2. Sekt sem ákveðin er skv. 1. mgr. má fullnægja með aðför eftir því sem segir í 2. mgr. 115. gr.

4. gr.

3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki ákærði þing telst dómur birtur fyrir honum. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar og skal þá ákærandi birta honum dóm skv. 20. gr. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 151. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þegar annars er þörf á að birta dóm skal sá sem birtir annast þetta.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun dóms í bréflegri tilkynningu til ríkissaksóknara innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, þegar birtingar hefur verið þörf skv. 3. mgr. 133. gr., en ella innan þess tíma frá uppkvaðningu hans.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal ef það á við kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað sem tiltekinn er með ákveðinni heildarfjárhæð í dómi. Þar af skal sérstaklega greina þóknun verjanda og réttargæslumanns með tiltekinni fjárhæð.

2. Ákærandi skal taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu og teljast til sakarkostnaðar. Skal það yfirlit lagt fram á dómþingi áður en mál er tekið til dóms.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara breytist 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 82/1998, þannig að á eftir orðinu „lögreglustjóra“ kemur: eða lögreglumanni.

1428. Svar [784. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um réttindi starfsfólks á einkaheimilum.

1. *Telur ráðherra að lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eigi við um starfsfólk sem sinnir umönnunarstörfum á einkaheimilum?*

Ákvæði um að lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, tækju ekki til algengra heimilisstarfa í einkaíbúðum var fellt brott með lögum nr. 68/2003. Í athugasemdum við ákvæði 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/2003 segir að telja verði „eðlilegt að um afmörkun þess hvort störf í heimahúsum falli undir gildissvið laganna fari eftir hugtakanotkun og markmiðum þeirra að öðru leyti, svo sem um það hverjir teljast starfsmenn og hvað teljist starfsemi í skilningi þeirra“. Kveðið er á um gildissvið laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í 2. gr. laganna þar sem tekið er fram að lögin gildi um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn. Samkvæmt ákvæði 41. gr. laganna merkir vinnustaður í lögunum umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna. Ekki er að finna nánari skýringar í frumvarpi því er varð að lögunum um hvað átt er við með orðalagi ákvæðisins annað en að um nýmæli var að ræða. Þá merkir hugtakið starfsmaður í skilningi laganna hvern þann sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu, sbr. 24. gr. laganna. Þegar um er að ræða starfsfólk fyrirtækja eða stofnana sem bjóða umönnun einstaklinga á einkaheimilum verður ekki annað ráðið í ljósi framangreinds en að lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, eigi við um vinnuaðstæður starfsfólks er það sinnir störfum sínum á einkaheimilum.

2. *Ef svo er, hvernig telur ráðherra unnt að tryggja að lögunum sé framfylgt í tengslum við umönnun sjúklinga í heimahúsum?*

Atvinnurekandi skal tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað skv. 13. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar er sérstaklega vísað til V. kafla laganna um framkvæmd vinnu, VI. kafla um vinnustaði, VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira, VIII. kafla um hættuleg efni og vörur og XI. kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir. Enn fremur er lögð sú skylda á atvinnurekendur að gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómahættu sem kann að vera bundin við störf þeirra. Skal atvinnurekandi auk þess sjá um að starfsmenn fái nauð-

synlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hætta af. Leggja því lögin ríkar skyldur á herðar atvinnurekanda um að gæta að aðbúnaði starfsmanna sinna á vinnustöðum.

Vinnueftirliti ríkisins er falið að hafa eftirlit með að atvinnurekendur er lögin taka til stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi. Er starfsmönnum stofnunarinnar gert að fara í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtækin til þess að sinna hlutverki sínu og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Í tilvikum er vinnustöðvar eru inni á einkaheimilum fólks þarf að taka tillit til fleiri sjónarmiða við eftirlitið, svo sem friðhelgi einkalífsins. Yrði því að koma eftirlitinu við í samvinnu atvinnurekanda, starfsmanns og þess er umönnunar nýtur. Enn fremur er atvinnurekanda skylt að hafa skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað aðgengilega fyrir starfsmenn Vinnueftirlitsins en stofnunin hefur eftirlit með að gerð sé slík áætlun, sbr. 2. mgr. 65. gr. laganna.

Starfsmönnum er jafnan heimilt að gera Vinnueftirliti ríkisins viðvart telji þeir aðstæður á vinnustað ekki fullnægjandi. Er starfsmönnum Vinnueftirlitsins óheimilt að láta uppi við atvinnurekanda eða fulltrúa hans þegar eftirlitsferð er gerð vegna umkvörtunar, sbr. 2. mgr. 83. gr. laganna. Verði atvinnurekandi ekki við athugasemdum stofnunarinnar um að bæta úr vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögunum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum skv. 84.–85. gr. og 87. gr. laganna.

3. *Telur ráðherra koma til greina að gera sérstakt áhættumat vegna einstakra verkefna í heimahjúkrun?*

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sbr. 65. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu en skv. 65. gr. a laganna ber atvinnurekandi ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat. Þar skal meta áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum. Tilgangur áhættumatsins er einkum sá að gera atvinnurekendum og starfsmönnum grein fyrir þeirri áhættu sem kann að felast í viðkomandi störfum. Þannig er þeim gert kleift að koma í veg fyrir hana eða ef þess er ekki kostur að draga úr henni eins og frekast er unnt. Atvinnurekendum er bjóða heimahjúkrun ber því að sjá til þess að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem og að gert sé sérstakt áhættumat á sama hátt og öðrum atvinnurekendum er lögin taka til.

Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt, sbr. 2. gr. 65. gr. a laganna.

4. *Hver eru réttindi starfsfólks varðandi álag og slæman aðbúnað við umönnunarstörf ef:*
   a. *sjúklingur hafnar notkun viðeigandi hjálpartækis,*
   b. *ef ekki er hægt að koma hjálpartæki við?*

Atvinnurekanda ber að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar á meðal er honum gert að gera áætlun um forvarnir þar sem koma skal fram

lýsing á hvernig hættum og þeirri áhættu sem þeim fylgir samkvæmt áhættumati skuli mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, þjálfun, vali á tækjum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar eða öðrum forvörnum enda er markmiðið ætíð að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

Það getur verið þýðingarmikið að sá er nýtur umönnunar njóti jafnframt fræðslu um mikilvægi notkunar hjálpartækja fyrir heilsu og líðan þess er veitir umönnunina. Hlýtur það að teljast eðlilegt að atvinnurekendur er koma að þessum málum leiti eftir samkomulagi við þann er nýtur þjónustunnar um notkun viðeigandi hjálpartækja og jafnvel geri notkun slíkra tækja að skilyrði fyrir þjónustunni. Við val á tækjum þarf meðal annars þá að taka tillit til aðstæðna þess er nýtur þjónustunnar og jafnvel annarra heimilismanna. Er eðlilegt að þar sé gætt meðalhófs en sem dæmi má nefna að skoða þyrfti sérstaklega hvort talið gæti réttlætanlegt að gera kröfur um búnað sem er til þess fallinn að rýra verðgildi fasteignar þegar öðrum ráðstöfunum verður við komið. Engu síður verður ávallt að tryggja aðbúnað starfsmannsins eins og best verður á kosið miðað við aðstæður. Í tilvikum þegar ekki er unnt að koma í veg fyrir áhættu sem kann að felast í viðkomandi störfum, t.d. ekki unnt að koma viðeigandi hjálpartækjum við, ber að draga úr henni eins og frekast er kostur með öðrum ráðstöfunum. Getur atvinnurekandi þá til dæmis gripið til þeirrar ráðstöfunar að fleiri starfsmenn komi að aðhlynningu inni á einkaheimili sem létti starfsmönnum starfið þannig að öryggi þeirra sé tryggt.

5. *Kemur ef til vill til álita að setja sérreglur um heimahjúkrun, líkt og gert var í Svíþjóð 1990?*

Ekki hefur verið sérstaklega skoðað hvort ástæða sé til að setja sérreglur um vinnuaðstæður þeirra er starfa við heimahjúkrun. Félagsmálaráðherra telur eðlilegt að mál þetta verði tekið upp á vettvangi stjórnar Vinnueftirlits ríkisins þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga meðal annars sæti en stjórninni er ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Mun ráðherra því senda erindi til stjórnar stofnunarinnar þar sem óskað verður eftir áliti hennar um hvernig best verði staðið að þessum málum hér á landi.

1429. Breytingartillaga [440. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2002 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1430. Breytingartillaga [441. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2003 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1431. Svar [501. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur um Ábyrgðasjóð launa.

1. *Hver er afstaða ráðherra til þeirrar ákvörðunar stjórnar Ábyrgðasjóðs launa að ábyrgjast ekki desember- og orlofsuppbætur nema fyrir síðustu þrjá mánuði fyrir gjaldþrot fyrirtækis?*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launafólks fyrir síðustu þrjá starfsmánuði í þjónustu vinnuveitanda, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa. Í athugasemdum við a-lið 5. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 88/2003 er tekið fram að desember- og orlofsuppbætur eru hluti af þessum vinnulaunakröfum. Þar kemur meðal annars fram að „við úrskurð um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda falla kröfur um desemberuppbót sem kveðið er á um í kjarasamningi í gjalddaga eins og aðrar launakröfur og njóta hlutfallslegrar ábyrgðar sem hluti af heildarlaunakröfu starfsmanns skv. a-lið 5. gr. frumvarpsins. Sama á við um kröfur launamanna vegna orlofsuppbótar. Njóta slíkar kröfur ábyrgðar sjóðsins sem hluti af launakröfu starfsmanns skv. a- og b-lið 5. gr. frumvarpsins.“ Desember- og orlofsuppbætur ákvarðast á grundvelli ákvæða kjarasamninga og miðast almennt við vinnuframlag launafólks hjá sama vinnuveitanda á einu almanaksári. Launafólk ávinnur sér rétt til þessara uppbóta allt árið. Verður því ekki annað ráðið en að það samræmist ákvæðum laganna að ábyrgð sjóðsins takmarkist við þær launagreiðslur sem hlutaðeigandi launamaður ávann sér rétt til þá mánuði sem tímabil ábyrgðar sjóðsins tekur til.

Ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa takmarkast þannig við launagreiðslur er féllu til á síðustu þremur starfsmánuðum launamanns í þjónustu hins gjaldþrota vinnuveitanda lögum samkvæmt. Enn fremur miðast ábyrgð sjóðsins við tímabil sem tilgreint er í b-lið 5. gr. laganna og bætur fyrir launamissi eru greiddar vegna slita á ráðningarsamningi. Ábyrgist því sjóðurinn desember- og orlofsuppbætur á sama hátt og hann ábyrgist aðrar vinnulaunakröfur samkvæmt a- og b-liðum 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

2. *Telur ráðherra eðlilegt að sjóðurinn ábyrgist ekki iðgjöld í félags-, sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóði stéttarfélaga líkt og önnur launatengd gjöld? Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á því fyrirkomulagi?*

Markmið laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, er að tryggja launamönnum og lífeyrissjóðum greiðslur vegna vangoldinna krafna þeirra við gjaldþrot vinnuveitenda, sbr. 1. gr. laganna. Kröfum sem njóta ábyrgðar sjóðsins er síðan lýst nánar í 5. gr. laganna. Þar eru taldar upp vinnulaunakröfur launamanns fyrir tiltekið tímabil, kröfur um bætur vegna launa-

missis vegna slita á ráðningarsamningi, kröfur um orlofslaun sem réttur hefur áunnist til á tilteknu tímabili, kröfur lífeyrissjóðs um lífeyrisiðgjöld, kröfur launamanns um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss og kröfur þeirra sem tilkall eiga til bóta vegna dauðsfalls launamanns. Er ábyrgð sjóðsins þannig að meginstefnu takmörkuð við þær greiðslur úr hendi vinnuveitenda sem eru beint endurgjald fyrir vinnuframlag launamanna eða ætlaðar launamönnum eða þeim nákomnum til framfærslu á einhverjum tímapunkti í lífi þeirra. Þær greiðslur er reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að standa skil á til þriðja manns samkvæmt lögum eða kjarasamningi án þess að þeim sé beint ætlað að tryggja framfærslu launamannsins hafa ekki verið taldar hluti af hugtakinu „vinnulaun“ í skilningi laganna. Hefur svo ætíð verið frá því að ábyrgð á launakröfum í bú gjaldþrota vinnuveitanda var ákveðin með lögum. Yrði það því að teljast veruleg stefnubreyting frá því sem tíðkast hefur yrðu lagðar til breytingar á gildandi fyrirkomulagi þannig að ábyrgð sjóðsins næði til annars konar greiðslna. Verður ekki séð að skynsemisrök hnígi til slíkra breytinga heldur er þýðingarmikið að stefnt sé áfram að því að viðhalda því meginmarkmiði sjóðsins að tryggja eins og frekast er unnt að launafólk fái endurgjald fyrir vinnuframlag sitt bætt, sem og þær greiðslur sem ætlaðar eru því til framfærslu síðar á ævinni.

1432. Svar [761. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi.

1. *Hyggst ráðherra veita frekari leyfi til tilraunaræktunar á erfðabreyttu byggi utan húss samkvæmt reglugerð nr. 493/1997, um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera? Ef svo er, telur ráðherra þörf á að skilyrða ræktunina við takmarkað magn eða svæði?*

Samkvæmt reglugerð um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera, nr. 493 frá 1997, er það Umhverfisstofnun sem fer með leyfisveitingar vegna tilraunaræktunar erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisstofnun þarf að leggja mat á allar slíkar umsóknir sem berast og ef stofnunin telur að umsókn uppfylli ákvæði laga og reglna þar að lútandi, og að fenginni jákvæðri umsögn ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur og Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitir hún leyfi til slíkrar ræktunar. Leyfi er ávallt bundið við skilgreint ræktunarsvæði og getur verið takmarkað við ákveðinn tíma. Komi fram nýjar upplýsingar um viðkomandi ræktun, eftir að leyfið hefur verið veitt, hefur stofnunin heimild til þess að afturkalla leyfið.

2. *Hve lengi má ætla að tilraunaræktun þurfi að standa til að niðurstöður fáist um öryggi ræktunar gagnvart erfðamengun í íslenskri náttúru?*

Nú þegar liggja fyrir niðurstöður í skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands sem benda eindregið til þess að bygg sé mjög afmarkað við þær aðstæður sem ríkja hér á landi. Í skýrslunni segir að dreifing á erfðaefni byggs yfir í villtar tegundir sé óhugsandi hér á landi.

3. *Til hve langs tíma gilda núverandi leyfi til tilraunaræktunar?*

Leyfi sem veitt var 23. febrúar 2003 gildir fyrir árin 2003–2008. Leyfi sem afgreitt verður í maí 2005 mun væntanlega gilda fyrir árin 2005–2009.

4. *Mun ráðherra veita leyfi til almennrar ræktunar á erfðabreyttu byggi utan húss eftir að tilraunaræktun lýkur?*

Ákveðinn laga- og reglugerðarrammi gildir fyrir veitingu slíkra leyfa og fer Umhverfisstofnun með framkvæmdina eins og áður hefur komið fram. Ef umsókn uppfyllir ákvæði sem þar eru og áhættumat leiðir í ljós að ekki stafar hætta af erfðabreyttu byggi fyrir menn, aðrar lífverur eða umhverfi má gera ráð fyrir að Umhverfisstofnun veiti slíkt leyfi.

5. *Telur ráðherra að beita eigi mengunarbótareglunni ef bændur eða landeigendur verða fyrir tjóni af erfðaefnum frá ökrum með erfðabreyttum plöntum?*

Samkvæmt 24. gr. í lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, er skýrt kveðið á um að sá sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt þeim lögum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við mengunarbótaregluna.

1433. Svar [778. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um skráningu og eignarhald léna.

1. *Stendur til að setja lög um skráningu og eignarhald léna?*

Samkvæmt 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, PFS, nr. 69/2003, er eitt af verkefnum stofnunarinnar að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða. Í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, er í 7., 10., 11., 12. og 15. gr. fjallað um skyldur PFS og meðhöndlun umsókna um númer. Í síðasttöldu greininni segir að PFS skuli setja reglur um númer, númeraraðir og vistföng. Í sömu grein segir að samgönguráðherra geti sett reglugerð um hlutverk PFS við útgáfu vistfanga.

Um númer, nöfn og vistföng er einnig fjallað í rammatilskipun ESB, 2002/21/EB. Í 20. inngangslið er tekið fram að ákvæði tilskipunarinnar feli eftirlitsstofnunum engin ný verkefni á sviði úthlutunar nafna og vistfanga í internetinu. Það hefur þó verið bent á að 8. gr. tilskipunarinnar kunni í einhverjum tilfellum að réttlæta afskipti eftirlitsstofnana af þessum málum af samkeppnisástæðum.

Stjórnvöld hafa þegar heimild til að setja reglur um úthlutun léna þó að sú heimild hafi ekki verið nýtt og eins og er. Þó svo að lagasetning sé ekki á dagskrá er ekki útilokað að þörf gæti orðið fyrir hana í framtíðinni.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagasetningu um það hvernig skuli bregðast við þegar nöfn léna valda misskilningi eða vandræðum?*

Ef um er að ræða „misskilning" eða „vandræði" sem leiðir af reglum um höfundarrétt eða vörumerkjarétt eða brotum á samkeppnislöggjöfinni, þá er þegar í gildi löggjöf á þessum sviðum sem taka á slíkum vandkvæðum. Þegar hefur reynt á ágreining af þessu tagi, t.d. fyrir samkeppnisyfirvöldum.

Hér á landi er úthlutun léna í höndum Internet á Íslandi hf. (ISNIC), en fyrirtækið sér um skráningu og úthlutun nafna undir landsléninu „.is". Fyrirtækið er í eigu um 20 fyrirtækja og einstaklinga. Lengst af hefur verið sátt um starfsemi fyrirtækisins þó að það hafi verið gagnrýnt á undanförnum vikum vegna upptöku léna með sérislenskum stöfunum.

Ákveðið var að taka upp íslenska stafi í lénanöfnum 1. júlí 2004 með sex mánaða aðlögun eða forgangstíma fyrir rétthafa eldri léna, þ.e. léna sem eru skráð með ensku stafasetti (án íslenskra sérstafa). Eftir þau tímamót var stuðst við meginregluna fyrstur kemur fyrstur fær.

Gagnrýnin hefur aðallega beinst að tveimur atriðum, þ.e. að rétthafar eldri léna, þ.e. án íslenskra stafa, þurfi að tryggja sér lénanöfnin að nýju, rétt skrifuð á íslensku. Hins vegar að „eldri" rétthafar þurfi að greiða fyrir þessi lén (að nýju). ISNIC veitir nú 50% afslátt af skráningu léna með íslensku stöfunum. Hafa verður í huga að ekki er hægt að nýta „íslensku" lénin enn sem komið er þar sem vafrar lesa þau ekki og fyrirsjáanlegt er að nokkur ár geti liðið áður en póstþjónar geta þjónað aðila með „íslenskum" stöfum (sama gildir reyndar um alla sérþjóðlega stafi).

Þessi mál hafa verið í sérstakri skoðum hjá samgönguráðuneytinu og hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Fundað hefur verið með ISNIC um þessi mál og leitað er leiða til að sætta ólík sjónarmið og koma til móts við gagnrýnina vegna úthlutana á lénum með íslensku stöfunum. Ef ekki takast sættir um þessi mál munu stjórnvöld huga að reglugerðarsetningu.

1434. Nefndarálit [807. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn styður að olíugjald verði lækkað við núverandi aðstæður en telur að olíuverð verði áfram of hátt þrátt fyrir þá 4 kr. lækkun gjaldsins sem lögð er til í frumvarpinu.

Nefndin hefur fjallað um málið á einum fundi en ekki fengið tíma til að fara yfir það með öðrum gestum en fulltrúa fjármálaráðuneytis né heldur til að láta sérfræðinga vinna nánari útreikninga á áhrifum frumvarpsins.

Ein meginrök stjórnarinnar við framlagningu frumvarps um olíugjald og kílómetragjald á 130. þingi voru þau að með upptöku olíugjalds mætti gera ráð fyrir að dísilknúnar fólksbifreiðar yrðu álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til. Minni hlutinn telur hæpið að þetta markmið náist ef verðmunur á olíu og bensíni verður ekki meiri en lagt er til í frumvarpinu. Þróun heimsmarkaðsverðs á olíu er óvissuþáttur í þessu máli og ekki er heldur enn vitað um endanlegan aukakostnað olíufélaganna vegna upptöku olíugjaldsins en sá kostnaður kemur fram í útsöluverði til neytenda. Ef reiknað er með að sá kostnaður verði 3 kr. á lítra, eins og nefnt hefur verið, og heimsmarkaðsverð olíu svipað og nú verður niðurstaðan þessi:

- Olíuverð með fullri þjónustu 112.18 kr.
- 95 okt. bensín með fullri þjónustu 110.30 kr.
- Olíuverð í sjálfsafgreiðslu 107.20 kr.
1. 95 okt. bensín í sjálfsafgreiðslu 105.50 kr.

Af þessu sést að miðað við þessar forsendur verður olíuverð hærra en verð á bensíni.

Þegar lögin um olíugjald voru samþykkt á síðasta þingi kom fram í athugasemdum að fjárhæð olíugjalds skyldi vera 45 kr. á hvern lítra og að ef miðað væri við verð á dísilolíu eins og það var 1. mars 2004 yrði verð dísilolíu um 94 kr. á lítra, með virðisaukaskatti. Til samanburðar var tekið fram að algengt verð á 95 okt. bensíni væri þá um 100 kr. á hvern lítra, en mismunandi eftir þjónustustigi. Þegar lögin voru samþykkt var því gert ráð fyrir að mis-

munur á verði þessa vöruflokka væri um 5 kr. og að það rétt dygði til að gera dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegri kost sem einkabifreiðar. Nú er ljóst að þrátt fyrir þá lækkun sem lögð er til í frumvarpinu verður verðmunurinn mun minni sem þýðir að hvati einstaklinga til að kaupa dísilknúnar bifreiðar er að engu orðinn og að markmiðum í umhverfisvernd verður ekki náð.

Þá er einnig ljóst að tekjur ríkisins af dísilolíu munu aukast frá því sem er í gildandi þungaskattskerfi. Ríkissjóður er með nýja olíugjaldskerfinu í raun að seilast í vasa bifreiðaeigenda, m.a. með álagningu virðisaukaskatts á olíugjald. Virðisaukaskatturinn rennur ekki til Vegagerðarinnar í formi markaðra tekjustofna og því er enn hlaðið á bifreiðaeigendur gjöldum sem ekki tengjast vegabótum eða gerð annarra umferðarmannvirkja á neinn hátt.

Minni hlutinn telur þá lækkunin sem lögð er til í frumvarpinu jákvæða í sjálfu sér en að rúm sé fyrir frekari lækkun sem er nauðsynleg eigi markmið kerfisbreytinganna að nást.

Alþingi, 10. maí 2005.

Kristján L. Möller, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Helgi Hjörvar.

1435. Frumvarp til samkeppnislaga. [590. mál]

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði VII. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkeppniseftirlitið skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnurekstur* er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.
2. *Fyrirtæki* er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.
3. *Fyrirtækjasamstæða* er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.
4. *Markaðsráðandi staða* er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
5. *Markaður* er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.
6. *Neytandi* er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.
7. *Samruni* samkvæmt lögum þessum telst hafa átt sér stað þegar:
   a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
   b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
   c. eigendur með yfirráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfirráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða
   d. fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.
8. *Sölustig* framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heildsölu annað sölustig, smásölu hið þriðja o.s.frv.
9. *Vara* er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þ.m.t. skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.
10. *Verð* er andvirði vöru og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.
11. *Yfirráð* samkvæmt lögum þessum eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:
    1. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir fyrirtækisins eða
    2. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.
12. *Þjónusta* er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker Samkeppniseftirlitið úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast sérstök stofnun, Samkeppniseftirlitið, eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. Meiri háttar efnislegar ákvarðanir skal bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um hvað teljist til meiri háttar ákvarðana. Reglurnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins skal ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra og setur honum starfslýsingu.

Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og menntun sem nýtist á þessu sviði.

Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot eða samkeppnislögum.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

8. gr.

Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er sem hér segir:

a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,
b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja,
c. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,
d. að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja; skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni; stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Samkeppniseftirlitið setur sér reglur um málsmeðferð.

Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst stofnuninni gefi nægar ástæður til rannsóknar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er Samkeppniseftirlitinu heimilt að raða málum í forgangsröð.

9. gr.

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og viðskiptamála.

Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

IV. KAFLI
Bann við samkeppnishömlum.

10. gr.

Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykkta og samstilltra aðgerða sem:

a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,
d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,
e. setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

11. gr.

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,
c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

12. gr.

Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 16.–18. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

13. gr.

Samningar milli fyrirtækja falla ekki undir bann skv. 10. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild allra samstarfsfyrirtækja fer ekki á neinum markaði sem skiptir máli yfir:

a. 5% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er milli fyrirtækja sem starfa á sama framleiðslu- eða sölustigi (láréttur samningur),
b. 10% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er á milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi framleiðslu- eða sölustigi (lóðréttur samningur).

Ef um sambland af láréttum og lóðréttum samningum er að ræða eða ef erfitt er að flokka samning annaðhvort sem láréttan eða lóðréttan gilda 5% viðmiðunarmörkin.

Samningar skv. 1. mgr. falla ekki undir bann skv. 10. gr. þrátt fyrir að markaðshlutdeild fari upp fyrir viðmiðunarmörk skv. 1. mgr. ef hlutdeildin fer ekki upp fyrir 5,5% í láréttum samningum eða 11% í lóðréttum samningum tvö fjárhagsár í röð.

Samstarfsfyrirtæki skv. 1. mgr. eru fyrirtæki sem eiga aðild að samningnum, fyrirtæki sem aðilar samningsins hafa bein eða óbein yfirráð yfir eða fyrirtæki sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir aðilum samningsins.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um samstilltar aðgerðir skv. 10. gr. og ákvarðanir samtaka fyrirtækja skv. 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef samkeppni á viðkomandi markaði er takmörkuð af uppsöfnuðum áhrifum sambærilegra samninga á markaðnum.

14. gr.

Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.

15. gr.

Samkeppniseftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu. Samkeppniseftirlitið getur krafist þess að umsóknir um undanþágu skv. 1. mgr. verði settar fram á sérstöku eyðublaði.

Samkeppniseftirlitið getur dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar ef:
a. forsendur sem lágu til grundvallar undanþágunni hafa breyst,
b. undanþágan hefur verið veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga eða
c. fyrirtæki brýtur þau skilyrði sem sett voru fyrir undanþágunni.

Samkeppniseftirlitið setur reglur þar sem tilteknum tegundum samninga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. (hópundanþága).

V. KAFLI
Eftirlit með samkeppnishömlum.

16. gr.

Samkeppniseftirlitið getur gripið til aðgerða gegn:
a. samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr.,
b. athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna.

Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Þó er einungis heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál ef:
a. sennilegt þykir að sú háttsemi eða þær aðstæður sem til athugunar eru fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða ef athafnir opinberra aðila hafa skaðleg áhrif á samkeppni og
b. líklegt er að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins leiði til röskunar á samkeppni sem verði afstýrt með endanlegri ákvörðun eða málið að öðru leyti þolir ekki bið.

Bráðabirgðaákvörðun skal gilda í tiltekinn tíma og má endurnýja hana ef það er talið nauðsynlegt.

17. gr.

Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur stofnunin ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppniseftirlitið getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal Samkeppniseftirlitið taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður.

Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira. Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Þá skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að 1. mgr. taki til hans.

Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst. Í tilkynningunni skal veita upplýsingar um samrunann og um þau fyrirtæki sem honum tengjast. Samkeppniseftirlitið setur reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu, þar á meðal um markaði sem samruninn hefur áhrif á og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum hans.

Samkeppniseftirlitið skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum innan þrjátíu daga ef það telur ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Frestur þessi byrjar að líða þegar Samkeppniseftirlitinu berst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu. Berist tilkynning frá Samkeppniseftirlitinu skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur Samkeppniseftirlitið ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send viðkomandi fyrirtækjum.

Til þess að tryggja að hugsanleg ákvörðun skv. 1. mgr. nái að fullu fram að ganga getur Samkeppniseftirlitið gripið til íhlutunar í samruna til bráðabirgða. Íhlutun getur falist í banni til bráðabirgða gegn því að láta samruna koma til framkvæmda þar til endanleg niðurstaða samkeppnisyfirvalda á athugun á samrunanum liggur fyrir eða öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif.

Ákveði Samkeppniseftirlitið að ógilda samruna getur stofnunin, samhliða ákvörðun á grundvelli 1. mgr. eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

18. gr.

Ef Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

VI. KAFLI
Upplýsingaskylda.

19. gr.

Samkeppniseftirlitið getur krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppniseftirlitið getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppniseftirlitið getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Samkeppniseftirlitið getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Samkeppniseftirlitið getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

20. gr.

Samkeppniseftirlitið getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.

Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

VII. KAFLI
Framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

21. gr.

Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og íslenskir dómstólar skulu beita 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, eftir því sem kveðið er á um í lögum, m.a. 25.–28. gr. í lögum þessum. Við beitingu Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins á samkeppnisreglum EES-samningsins skal m.a. farið að ákvæðum þessa kafla.

Skylt er þeim sem um er beðinn að veita Eftirlitsstofnun EFTA og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þessum stofnunum er nauðsynlegt að afla sér til að unnt sé að framkvæma samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar samkeppnismál. Sama gildir um framkvæmd fyrirmæla sem gefin eru með heimild í 32. gr.

Samkeppniseftirlitið getur krafist sömu upplýsinga og um getur í 2. mgr. og getur það sett skilafrest í því sambandi.

22. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hér á landi enda sé fylgt þeim reglum sem settar eru í bókun 3 og bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar og samkeppni.

Fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, er heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem Samkeppniseftirlitið framkvæmir innan þeirra marka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningar hans setja. Sama gildir um rétt fulltrúa Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar EB þegar Eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir vettvangsrannsóknir hér á landi.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA og Samkeppniseftirlitsins þess efnis að vettvangsrannsókn skuli fara fram má fullnægja með aðfarargerð.

23. gr.

Lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda skal ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi Eftirlitsstofnun EFTA eða fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

24. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á 53., 54. eða 57. gr.

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, svo og á ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eða á reglum sem settar eru með heimild í 32. gr. þessara laga.

Sama gildir um framkvæmdastjórn EB og dómstól EB í þeim tilvikum sem þessir aðilar fara með lögsögu máls samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Sömu aðilar geta einnig lagt á févíti til að tryggja að farið verði eftir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samkeppnisreglnanna, sbr. ákvæði 1. mgr.

Ákvarðanir um sektir og févíti samkvæmt framanskráðu eru aðfararhæfar.

25. gr.

Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála skulu, með þeim takmörkunum sem leiðir af EES-samningnum, tryggja að ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins séu virt. Gilda þá einnig ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

Þegar Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála taka ákvörðun um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í sama máli, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin hefur samþykkt.

Samkeppniseftirlitið getur tekið ákvörðun um að hópundanþága á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi ekki við gagnvart tilteknu fyrirtæki með þeim skilyrðum sem fram koma í EES-samningnum, samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og reglugerðum skv. 32. gr. laga þessara.

Telji Samkeppniseftirlitið að Eftirlitsstofnun EFTA skuli fjalla um mál skal það framsent Eftirlitsstofnuninni.

26. gr.

Ef Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna samninga fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, skulu þau einnig beita 53. gr. EES-samningsins að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir.

Ef Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sem bönnuð er skv. 54. gr. EES-samningsins skulu þau einnig beita 54. gr. EES-samningsins.

Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála skulu ekki banna samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, en hamla ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, uppfylla skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða falla undir hópundanþágu um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Ákvæði þessarar málsgreinar koma ekki í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála geti beitt strangari löggjöf þar sem einhliða ákvarðanir fyrirtækja eru bannaðar eða heimilað er að leggja sektir á fyrirtæki fyrir slíkar ákvarðanir.

Með fyrirvara um almennar meginreglur og önnur ákvæði EES-samningsins gildir grein þessi hvorki þegar Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólar beita 17. gr. laga þessara né heldur kemur það í veg fyrir beitingu ákvæða þar sem í meginatriðum eru ríkjandi önnur markmið en þau sem er að finna í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

27. gr.

Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar. Dómstóllinn getur í þessu skyni frestað meðferð málsins.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á heimild dómstóls til að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins skv. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

28. gr.

Samkeppniseftirlitið getur að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum í dómsmáli vegna beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins. Með samþykki dómstólsins getur Samkeppniseftirlitið þá einnig komið að munnlegum athugasemdum.

Þegar samræmd beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins krefst þess getur Eftirlitsstofnun EFTA einnig að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum. Með leyfi dómstólsins getur Eftirlitsstofnunin þá jafnframt komið að munnlegum athugasemdum.

Samkeppniseftirlitinu og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, þó aðeins til undirbúnings athugasemdum sínum, að óska eftir að viðeigandi dómstóll sendi þeim eða tryggi sendingu skjala sem teljast nauðsynleg til að meta málið.

29. gr.

Ákvæðum 17. gr. laga þessara verður beitt með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum EES-samningsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, sbr. 57. gr. meginmáls samningsins, bókun 21 og 24 með honum og viðauka XIV við hann, svo og XIII. og XIV. kafla III. hluta bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

30. gr.

Hafi ríkisaðstoð, sem 61. gr. EES-samningsins tekur til, verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA geta íslensk stjórnvöld ekki úrskurðað um það hvort aðstoðin sé í samræmi við leyfilegan opinberan fjárhagsstuðning fyrr en Eftirlitsstofnunin hefur tilkynnt um álit sitt á málinu. Sama gildir um fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði sem fallið getur undir 61. gr. samningsins.

31. gr.

Sveitarfélag, sem hyggst veita fyrirtæki aðstoð af því tagi sem um getur í 61. gr. EES-samningsins, skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um hina fyrirhuguðu aðstoð.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð, sem sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að veita, brjóti gegn 61. gr. EES-samningsins skal Samkeppniseftirlitið tilkynna það sveitarstjórn. Samkeppniseftirlitið getur fylgt eftir framkvæmd slíks úrskurðar með álagningu févítis, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skulu stjórnvöld, að undangenginni ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, gera ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá þiggjanda hennar. Þiggjanda aðstoðar ber að greiða vexti, sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður, af fjárhæð þeirri sem hann er endurkrafinn um. Vextir skulu reiknaðir frá þeim degi er þiggjanda var fengin aðstoðin til umráða og fram til þess dags að

hún er endurgreidd. Afturköllun samkvæmt málsgrein þessari skapar sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

32. gr.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Samkeppniseftirlitsins að setja reglugerð um nánari framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

33. gr.

Samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, eru ógildir.

Samningsákvæði, sem teljast hafa efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá þeim ákvæðum sem brutu í bága við bannákvæði laga þessara, teljast þó gild. Ágreiningi varðandi þetta atriði má skjóta til Samkeppniseftirlitsins innan mánaðar frá því að samningur var ógiltur skv. 1. mgr.

34. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

35. gr.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að afhenda samkeppnisyfirvöldum annarra ríkja upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd á íslenskum eða erlendum samkeppnislögum í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt milliríkjasamningum.

Við afhendingu upplýsinga og gagna til yfirvalda sem nefnd eru í 1. mgr. skal Samkeppniseftirlitið setja sem skilyrði að:

a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
b. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins nota í því skyni sem kveðið er á um í viðkomandi milliríkjasamningi og
c. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins afhenda öðrum með samþykki Samkeppniseftirlitsins og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

Viðskiptaráðherra getur sett nánari reglur um afhendingu Samkeppniseftirlitsins á gögnum og upplýsingum til yfirvalda og stofnana skv. 1. mgr.

36. gr.

Við framkvæmd þessara laga getur Samkeppniseftirlitið birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Tillit skal þó tekið til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum.

IX. KAFLI
Viðurlög.

37. gr.

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta

gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins eða bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Sektirnar renna til ríkissjóðs.

Sektir geta numið frá 50 þús. kr. til 40 millj. kr. eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun fjárhæðar sektar getur Samkeppniseftirlitið m.a. haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

38. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Samkeppniseftirlitið ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

39. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

40. gr.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

41. gr.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum. Þó skal málshöfðun fyrir dómstólum fresta réttaráhrifum úrskurðar áfrýjunarnefndar um breytingar á skipulagi, sbr. 2. mgr. 16. gr.

42. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar

sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er ris vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

43. gr.

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja, sbr. 17. gr., eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins eða áfrýjunarnefndar skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

X. KAFLI

Gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá sama tíma falla úr gildi samkeppnislög, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Við gildistöku laganna skulu Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lögð niður. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skal boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar 1. júlí 2005, þ.e. Samkeppniseftirliti og Neytendastofu. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Viðskiptaráðherra er heimilt að skipa þegar stjórn Samkeppniseftirlitsins og skal stjórnin hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Samkeppnisstofnunar annað starf hjá Samkeppniseftirlitinu, sbr. 1. mgr., eftir 1. júlí 2005.

1436. Frumvarp til laga [591. mál]

um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lög þessi taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

2. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lög þessi taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnurekstur* er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.
2. *Fyrirtæki* er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.
3. *Neytandi* er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.
4. *Vara* er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þ.m.t. skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.
5. *Verð* er andvirði vöru og þjónustu með virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum þar sem við á, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.
6. *Þjónusta* er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

4. gr.

Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum í umboði viðskiptaráðherra sem fer með framkvæmd laganna.

Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum þessum er að:

a. framfylgja boðum og bönnum laganna,
b. ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum,
c. stuðla að auknu gagnsæi markaðarins.

Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er Neytendastofu heimilt að raða málum í forgangsröð.

Ákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála, sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

II. KAFLI
Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

5. gr.

Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

6. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

7. gr.

Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum, að:

a. þær séu ekki villandi,
b. samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,
c. gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,
d. á markaðnum verði ekki villst á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,
e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing,
f. ef um er að ræða vöru með upprunatáknum skuli í öllum tilvikum bera saman vörur með sömu táknum,
g. ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,
h. vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

Sé getið um sértilboð í samanburði skal tiltaka skýrt og ótvírætt á hvaða degi sértilboðinu ljúki eða, þar sem við á, að sértilboðið sé háð framboði á vörunni eða þjónustunni og, hafi sértilboðið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.

8. gr.

Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu.

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

9. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu.

Leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, og miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

10. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

11. gr.

Ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt skal seljandi vöru eða þjónustu upplýsa neytanda á skýran og greinargóðan hátt um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett til þess að neytandi geti borið fyrir sig ábyrgðina. Jafnframt skal seljandi upplýsa neytanda á skýran hátt um þau ófrávíkjanlegu réttindi sem hann nýtur samkvæmt ákvæðum laga og ábyrgðaryfirlýsingin hefur engin áhrif á. Ef neytandi óskar þess ber seljanda að afhenda honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er neytandanum aðgengilegur. Skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar skulu vera á íslensku.

12. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

13. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

14. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

15. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

16. gr.

Neytendastofa getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum, svo og almennar reglur um beitingu 5.–9. gr. Neytendastofa skal eftir því sem kostur er ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.

III. KAFLI
Eftirlit með gagnsæi markaðarins.

17. gr.

Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

18. gr.

Neytendastofa getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Neytendastofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

19. gr.

Í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra aflar Neytendastofa upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Neytendastofa skal setja verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.

IV. KAFLI
Upplýsingaskylda.

20. gr.

Neytendastofa getur krafið þá sem lög þessi taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Neytendastofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Neytendastofa getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Neytendastofa getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Neytendastofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

21. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Viðurlög.

22. gr.

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn;

a. ákvæðum laga þessara um efni upplýsinga, sem veittar eru í auglýsingum eða í tengslum við aðrar viðskiptaaðferðir, sbr. 6. og 7. gr.,
b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu sem stemma eiga stigu við ólögmætum viðskiptaháttum, sbr. 16. gr.,
c. ákvæðum laga þessara um verðmerkingar eða stjórnvaldsreglum settum á grundvelli þeirra, sbr. 17. gr.,
d. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.

Sektir skv. 1. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr.

23. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

24. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

25. gr.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

27. gr.

Ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Neytendastofu skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

1437. Frumvarp til laga [592. mál]

um Neytendastofu og talsmann neytenda.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Neytendastofa er ríkisstofnun sem starfa skal að stjórnsýsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði og rafmagnsöryggismála svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Neytendastofa heyrir undir viðskiptaráðherra.

2. gr.

Neytendastofa skal annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Stofnunin annast einnig dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Þá skal Neytendastofa fara með rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Einnig skal stofnunin hafa yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði og sjá um framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu. Þá skal Neytendastofa leysa af hendi þau verk sem henni eru falin í öðrum lögum.

Neytendastofa skal vinna að stefnumótun á sviði neytendamála auk þess sem stofnunin skal beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á sviðinu. Þá skal Neytendastofa annast

söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði neytendamála sem og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Neytendastofu til fimm ára í senn.

Forstjóri skal búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi Neytendastofu.

4. gr.

Ráðherra skipar áfrýjunarnefnd neytendamála, sem í sitja þrír menn og jafnmargir til vara, til fjögurra ára í senn. Skulu formaður nefndarinnar og varamaður hans fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

Til áfrýjunarnefndar neytendamála má skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru samkvæmt eftirtöldum lögum:

a. lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins,
b. lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og
c. öðrum lögum á málefnasviði Neytendastofu sé heimild til slíks að finna í þeim lögum.

Skrifleg kæra skal berast áfrýjunarnefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun skv. 2. mgr. Úrskurður áfrýjunarnefndarinnar skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar og eru aðfararhæfir.

5. gr.

Viðskiptaráðherra skipar talsmann neytenda til fimm ára í senn. Skal hann hafa þekkingu og reynslu af málefnum neytenda.

Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör talsmanns neytenda. Talsmanni neytenda er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

Neytendastofa annast dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Talsmanni neytenda er heimilt að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið.

6. gr.

Talsmanni neytenda ber að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd.

Hlutverk talsmanns neytenda felst m.a. í því að:

a. taka við erindum neytenda,
b. bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda,
c. gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur,
d. setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega og
e. kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varða neytendamál.

7. gr.

Talsmaður neytenda getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Öllum neytendum er heimilt að leita til talsmanns neytenda með erindi sín, en hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Talsmaður neytenda tekur ekki til meðferðar ágreining milli neytenda og seljenda, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um hvaða leiðir eru færar, m.a. innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum.

8. gr.

Talsmaður neytenda getur, óháð þagnarskyldu, krafið stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita talsmanni neytenda allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. b-lið 2. mgr. 6. gr.

Talsmaður neytenda getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæðis 1. mgr. er talsmanni neytenda heimilt að leita úrlausnar dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir lögum um meðferð einkamála.

9. gr.

Talsmanni neytenda er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem hann verður áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Sama gildir um þá sem sinna störfum fyrir talsmann neytenda. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Talsmaður neytenda er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum. Álitum talsmanns neytenda sem unnin eru á grundvelli laga þessara verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

11. gr.

Talsmaður neytenda skal gefa viðskiptaráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um starfsemi talsmanns neytenda.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá sama tíma falla úr gildi lög um Löggildingarstofu, nr. 155/1996. Við gildistöku laganna skal Löggildingarstofa lögð niður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast ákvæði til bráðabirgða gildi nú þegar.

Breytingar á öðrum lögum.

13. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Löggildingarstofunnar“ í 2. mgr. 5. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofu.
2. *Lög um alferðir, nr. 80/1994:* Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í 17. gr. laganna kemur: Neytendastofu.

3. *Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, nr. 103/1994:*
   a. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
   b. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnunar“ í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: Neytendastofu.
   c. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 7. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
   d. Orðin „nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum“ í 10. gr. laganna falla brott.
4. *Lög um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
      i. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. málsl. kemur: Neytendastofa.
      ii. 2. málsl. orðast svo: Um meðferð mála hjá Neytendastofu fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins að öðru leyti en því að ákvörðunum Neytendastofu um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:
      i. Í stað orðsins „Samkeppnisráð“ í 1. mgr. kemur: Neytendastofa.
      ii. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 2. mgr. kemur: Neytendastofa.
5. *Lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Löggildingarstofan“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
6. *Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum:*
   a. Í stað orðsins „Löggildingarstofan“ í 7. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofa.
   b. Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, svohljóðandi:
      Ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.
7. *Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996:* Í stað orðsins „Löggildingarstofu“ í 3. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofu.
8. *Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000:* Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 17. gr. laganna kemur: Neytendastofa.
9. *Lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum:* Í stað orðsins „Löggildingarstofa“ í 18. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofa.
10. *Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002:* Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
    a. Í stað orðsins „Samkeppnisstofnun“ í 1. málsl. kemur: Neytendastofa.
    b. Í stað orðsins „samkeppnislaga“ í 2. málsl. kemur: laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.
    c. Í stað orðins „samkeppnisyfirvalda“ í 2. málsl. kemur: Neytendastofu.
11. Lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002: Í stað orðsins „Löggildingarstofu“ í 2. tölul. 2. gr. laganna, og hvarvetna annars staðar í lögunum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Neytendastofu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Löggildingarstofu boðið annað starf hjá Neytendastofu. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Við samþykkt laga þessara skipar viðskiptaráðherra tveggja manna undirbúningsnefnd sem hafa skal heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar, eftir því sem við á, annað starf hjá Neytendastofu.

1438. Nefndarálit [643. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið sf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Magnússon, Val Árnason og Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Jón Sveinsson hrl., Finn Magnússon hdl., Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Björgu Evu Erlendsdóttur og Önnu Kristínu Jónsdóttur frá Félagi fréttamanna, Markús Örn Antonsson og Þorstein Þorsteinsson frá Ríkisútvarpinu, Margréti Sverrisdóttur og Þorgrím Gestsson frá Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, Friðbjörn Orra Ketilsson og Gunnlaug Jónsson frá Frjálshyggjufélaginu, Kristínu Atladóttur og Hjálmtý Heiðdal frá Framleiðendafélaginu – SÍK, Ernu Guðmundsdóttur og Gest Jónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Arnþrúði Karlsdóttur og Pétur Gunnlaugsson frá Útvarpi Sögu, Magnús Ragnarsson frá Íslenska sjónvarpsfélaginu – Skjá einum, Jóhönnu Margréti Einarsdóttur og Sigríði Margréti Guðmundsdóttur frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Stefán Jón Hafstein frá Reykjavíkurborg, Jón Yngva Jóhannsson og Sverri Jakobsson frá Hagþenki, Gunnar Smára Egilsson og Pál Magnússon frá 365 – ljósvakamiðlum, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Þorbjörn Broddason, Herdísi Þorgeirsdóttur og Pál Þórhallsson.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Bandalagi íslenskra leikfélaga, Íslenskri málstöð, Höfundaréttarfélagi Íslands, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, stjórn Félags fréttamanna, Hollvinum Ríkisútvarpsins, Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Frjálshyggjufélaginu, útvarpsréttarnefnd, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Félagi kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélaginu – SÍK, Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. – Skjá einum, Samtökum atvinnulífsins, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Útvarpi Sögu, 365 – ljósvakamiðlum ehf., Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, borgarráði Reykjavíkurborgar, Blaðamannafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Þá bárust nefndinni meiri- og minnihlutaálit frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um Ríkisútvarpið. Helstu nýmæli frumvarpsins eru í fyrsta lagi að leggja á niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis sameignarfélag um reksturinn. Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur sameignarfélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, nefskatti, sem lagt verði á einstaklinga og lögaðila, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann að ákveða sérstaklega. Í þriðja lagi er lagt til að stjórn félagsins verði breytt þannig að útvarpsráð verði lagt niður í núverandi mynd og við taki sérstök rekstrarstjórn sem ræður útvarpsstjóra sem síðan ræður allt annað starfslið félagsins. Auk framangreinds er lagt til að útvarpið taki ekki þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. 644. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er útvarpsþjónusta í almannaþágu sundurliðuð í 18 liðum. Meiri hlutinn telur 10. og 18. tölul. vera helst til of víðtæka og 16. tölul. óþarfan og leggur því til að þeir verði felldir brott. Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á tveimur öðrum töluliðum, annars vegar á 14. tölul. sem lýtur að því að gera ákvæðið markvissara og hins vegar á 15. tölul. sem lýtur að því að breyta skyldu í heimild enda telur meiri hlutinn ekki rétt að félaginu sé gert skylt að hafa til útláns eða sölu valið dagskrárefni sem flutt hefur verið.

Í 6. gr. er fjallað um þátttöku félagsins í nýrri starfsemi. Meiri hlutinn telur að svo stöddu ekki ástæðu til að veita heimild til starfsemi sem ekki telst beinlínis til útvarpsþjónustu í almannaþágu og leggur því til að greinin verði felld brott, sbr. einnig 2. mgr. 3. gr.

Þá leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á 9. gr. Samkvæmt 1. málsl. b-liðar 1. mgr. á starfssvið stjórnar að ná til þess að taka ákvarðanir um lán til þarfa félagsins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Meiri hlutinn telur orðalagið „að taka ábyrgð á greiðslum“ óheppilegt og leggur því til breytingar til að taka af allan vafa um að ekki sé um að ræða persónulega ábyrgð stjórnarinnar. Samkvæmt c-lið greinarinnar er það á starfssviði stjórnarinnar að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur. Í síðari málslið c-liðar eru nefnd dæmi um slíkar ákvarðanir og leggur meiri hlutinn til að málsliðurinn verði felldur brott, einkum í ljósi breytingartillögu meiri hlutans um að fella 6. gr. brott. Samkvæmt e-lið heyrir það undir starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins sf. að gefa út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt. Í nokkrum umsögnum var ákvæðið gagnrýnt mjög og talið að slíkt fyrirkomulag mundi vega að sjálfstæði fréttastofa Ríkisútvarpsins. Meiri hlutinn telur ástæðu til að koma til móts við fyrrgreint sjónarmið og leggur til að liðurinn verði felldur brott.

Í 12. gr. er fjallað um verkefni samkvæmt óskum stjórnvalda. Þar kemur fram að óski stjórnvöld eftir því að Ríkisútvarpið sf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða, sem ljóst er að ekki skilar arði, skuli gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Ríkisútvarpsins sf. Við umfjöllun málsins var gerð athugasemd við orðalagið „sem ljóst er að ekki skilar arði“. Þeirri spurningu var velt upp hvort ástæða væri til að gagnálykta frá ákvæðinu þannig að útvarpsþjónusta í almannaþágu ætti að skila arði. Það er skilningur meiri hlutans að svo sé ekki og til að það sé engum vafa undirorpið er lagt til að fyrrnefnd orð verði felld brott enda telur meiri hlutinn þau óþörf að öðru leyti.

Í nefndinni fóru fram töluverðar umræður um réttindamál starfsmanna Ríkisútvarpsins. Bent var á að ákvæðin um réttindi starfsmanna væru nokkuð óljóst orðuð og því ekki nægilega skýrt hvernig réttindamálum starfsmanna yrði háttað hvað varðar biðlaunarétt og lífeyrisréttindi, þ.m.t. lífeyrisréttindi sjóðfélaga í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Að teknu tilliti til helstu gagnrýnisradda varðandi réttindamál starfsmanna leggur meiri hlutinn til breytingar á ákvæði til bráðabirgða II. Í fyrsta lagi verði ekki gerður greinarmunur á fastráðnum og lausráðnum starfsmönnum. Í öðru lagi verði hnýtt við 5. mgr., sem er samhljóða 6. mgr. frumvarpsins, að réttur til aðildar að A-deild LSR haldist „á meðan þeir gegna starfi hjá Ríkisútvarpinu sf.“. Í þriðja lagi verði losað um takmarkanir á biðlaunarétti þannig að hafi félagið boðið starfsmanni stofnunarinnar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari kjörum en hann áður naut, og hann samþykkt það boð félagsins, skuli hann halda biðlaunarétti sínum verði starf hans lagt niður síðar. Þá er tekið fram að hafni hann boðinu skuli hann hefja töku biðlauna í samræmi við almenn ákvæði laga nr. 70/1996. Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til að sett verði sérstakt ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga í B-deild þannig að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eiga aðild að B-deild

LSR skuli halda þeim rétti sínum í samræmi við ákvæði laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og reglur settar samkvæmt þeim.

Í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar kemur fram varðandi 11. gr. frumvarpsins að ef til vill þurfi að gera nánari grein fyrir þeirri undanþágu sem þar er gerð frá ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um undanþágu fyrirtækja og stofnana sem ríkissjóður rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á, sbr. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003. Meiri hlutinn leggur til að þetta verði skoðað gaumgæfilega áður en nefskattur verður lagður á.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 2005.

Gunnar Birgisson, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Sigurður Kári Kristjánsson.

Hjálmar Árnason. | Birkir J. Jónsson.

1439. Breytingartillögur [643. mál]

við frv. til l. um Ríkisútvarpið sf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (GunnB, KÓ, SKK, HjÁ, BJJ).

1. Við 3. gr.
   a. 2. mgr. falli brott.
   b. 10., 16. og 18. tölul. 3. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „tilgangi félagsins verði náð“ í 14. tölul. 3. mgr. komi: miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins.
   d. Í stað orðanna „Skal félagið hafa til útláns eða sölu“ í 15. tölul. 3. mgr. komi: Er félaginu heimilt að hafa til útláns, dreifingar eða sölu.
2. 6. gr. falli brott.
3. Við 9. gr.
   a. 1. málsl. b-liðar 1. mgr. orðist svo: Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir til þarfa félagsins.
   b. Síðari málsliður c-liðar 1. mgr. falli brott.
   c. E-liður 1. mgr. falli brott.
4. Við 12. gr. Orðin „sem ljóst er að ekki skilar arði“ falli brott.
5. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

   Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 70/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

   Við stofnun sameignarfélagsins verða störf starfsmanna Ríkisútvarpsins lögð niður en starfsmenn stofnunarinnar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim

boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt eftir lögum nr. 70/1996.

Nú hefur félagið boðið starfsmanni stofnunarinnar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari kjörum en hann áður naut og hann samþykkir það boð félagsins og skal hann þá halda biðlaunarétti sínum verði starf hans lagt niður síðar. Hafni hann boðinu skal hann hefja töku biðlauna í samræmi við almenn ákvæði laga nr. 70/1996.

Þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laga þessara eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skulu halda rétti til aðildar að henni á meðan þeir gegna starfi hjá Ríkisútvarpinu sf.

Þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laga þessara eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og reglur settar samkvæmt þeim.

1440. Nefndarálit [643. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið sf.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Meiri hluti menntamálanefndar hefur kosið að skila nefndaráliti um téð frumvarp á síðasta degi þingsins eftir að ljóst varð að það hlyti ekki afgreiðslu. Þau vinnubrögð eru mjög í stíl við undirbúning málsins af hálfu menntamálaráðherra og gang þess í menntamálanefnd, og hefði málið þurft miklu meiri umfjöllun í nefndinni til þess að vera tækt til 2. umræðu. Sést það raunar mætavel á tilbúnaði meiri hlutans í nefndaráliti hans og breytingartillögum. Minni hlutinn mótmælir þessari aðferð meiri hlutans. Málið er vanreifað og er meðal annars eftir að taka afstöðu til álita efnahags- og viðskiptanefndar um fyrirhugaðan nefskatt og álitamál varðandi réttindi starfsmanna hafa ekki verið skoðuð með fullnægjandi hætti. Þá hefur enn ekki farið fram umræða innan nefndarinnar um ágreiningsmál sem varða hlutverk, rekstrarform, stjórnarhætti o.fl.

Minni hlutinn hefur frá upphafi lagst gegn veigamiklum þáttum þessa máls. Upplýsingar við meðferð þess í nefndinni og við umfjöllun utan hennar hafa styrkt minni hlutann í þessari afstöðu sinni og aukið efasemdir um aðra þætti. Því er minni hlutanum ekki harmsefni að þetta frumvarp skuli nú lagt til hliðar og skorar á menntamálaráðherra að láta endurskoða frumvarpið frá rótum í nýrri nefnd þar sem m.a. ættu aðild starfsmenn Ríkisútvarpsins, stéttar- og fagfélög sem hér koma einkum við sögu og fræðimenn auk fulltrúa allra þingflokka. Minni hlutinn bendir sérstaklega á þrjú mál á yfirstandandi þingi sem auk skýrslu fjölmiðlanefndar síðari væri hægt að leggja til grundvallar í starfi nefndarinnar, nefnilega þingsályktunartillögu Guðjóns A. Kristjánssonar og fleiri þingmanna Frjálslynda flokksins um rekstur Ríkisútvarpsins (49. mál á þskj. 49), þingsályktunartillögu Marðar Árnasonar og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp (400. mál á þskj. 507) og frumvarp Ögmundar Jónassonar og fleiri þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið (657. mál á þskj. 1001). Með slíkri endurskoðun og öflugri almennri umræðu um fjölmiðla og hlutverk þeirra kynni að nást sátt um heildstæða fjölmiðlalöggjöf fyrir Ísland 21. aldar.

Áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins í nefndinni, Sigurjón Þórðarson, er sammála áliti þessu.

Alþingi, 11. maí 2005.

Mörður Árnason, frsm. Katrín Júlíusdóttir. Kolbrún Halldórsdóttir.

Björgvin G. Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um fjármögnun Ríkisútvarpsins.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur að beiðni menntamálanefndar fjallað um þann þátt í frumvarpi menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið sf. sem lýtur að fjármögnun RÚV.

Umfjöllun nefndarinnar var öll í skötulíki enda gafst aðeins lítill tími til að ræða málið og aðeins á einum fundi. M.a. var ekkert farið yfir umsagnir sem fyrir lágu. Meiri hlutinn þröngvaði málinu úr nefndinni gegn vilja minni hlutans, sem taldi nauðsynlegt að fá rýmri tíma til umfjöllunarinnar. Mikið er í húfi að Ríkisútvarpinu verði tryggðir öruggir tekjustofnar. Mikilvægt er við mat á fjármögnunarleiðum að tryggja eins og kostur er sjálfstæði RÚV, þannig að um sé að ræða tryggan tekjustofn sem haldi a.m.k. raungildi sínu og fari ekki eftir geðþóttaákvörðun stjórnvalda við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni. Ekki er síður mikilvægt að sanngirni sé gætt gagnvart almenningi ef sérstaklega á að skattleggja fyrir þeim tekjum.

Minni hlutinn átelur harðlega hvernig meiri hluti nefndarinnar kastaði til höndunum við afgreiðslu þessa máls. Ekki var orðið við ósk minni hlutans um að kalla þá fyrir nefndina sem fjölluðu um fjármögnun Ríkisútvarpsins og lögðu til þá leið að tekinn yrði upp nefskattur. Upplýst var í nefndinni að það hefðu verið ráðuneytisstjórar í menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og forsætisráðuneyti sem fengu það verkefni að gera tillögu um fjármögnunina. Engar upplýsingar lágu fyrir um forsendur fyrir vali á nefskatti eða hvort aðrar leiðir hefðu verið kannaðar. Af umfjöllun þeirra gesta sem komu til fundar við nefndina um málið, m.a. frá fjármála- og menntamálaráðuneyti, má þó ráða að sú leið sem valin var er lítið undirbyggð. Einnig var mjög óljóst hvort og í hvaða mæli aðrar leiðir voru skoðaðar.

Í skýrslu um fjármögnun RÚV kemur fram að samkvæmt viðhorfskönnun IMG/Gallup frá árinu 2002 er nefskatturinn greinilega hvað óvinsælastur meðal almennings, 41% aðspurðra vildi að RÚV yrði fjármagnað með beinum framlögum úr ríkissjóði, 33% með afnotagjöldum einstaklinga 18 ára og eldri og 26% með nefskatti. Í því sambandi má nefna að ASÍ telur afnotagjöld réttari leið en nefskatt.

Í frumvarpi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir 13.500 kr. nefskatti. Ekki er þar gert ráð fyrir að skatturinn taki verðbreytingum og er það m.a. gagnrýnt í umsögn RÚV. Það undirstrikar að RÚV verður háð geðþótta stjórnvalda við fjárlagagerð hverju sinni. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraða. Þar er um að ræða börn innan 16 ára aldurs og þá sem eru 70 ára og eldri, auk þeirra

sem hafa skattstofn sem nemur 855.231 kr. eða rúmlega 71 þús. kr. á mánuði. Nefskatturinn kæmi því illa við lágtekjufólk, auk þess sem í mörgum tilvikum getur þessi skattur komið verr út en afnotagjald fyrir aldraða þar sem tveir eru í heimili á aldrinum 67–70 ára. Sama gildir um öryrkja, en í núgildandi kerfi fá 67 ára og eldri og öryrkjar 20% afslátt af afnotagjaldinu.

4. *Telur ráðherra að núverandi skipulag og deilur um greiðslur fyrir veiðar hafi áhrif á stofnstærð refa og minka? Ef svo er, með hvaða hætti?*

Það er ljóst miðað við fjölda veiddra dýra síðustu árin að skipulag og deilur um greiðslur fyrir veiðar á ref og mink hafa ekki áhrif á stofna þessara dýra. Stofnstærð þeirra miðast við þætti eins og aðgengileg búsvæði, fæðu og stofnstærð og þar með sveiflur í viðkomandi stofni og veiðiálag. Hugsanlega má skipuleggja veiðar á ref betur til þess að meiri árangur náist miðað við þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til aðgerðanna árlega. Mikilvægt er einnig að skipulagi veiða á mink verði breytt í samræmi við tillögur nefndarinnar þannig að hægt verði að samræma aðgerðir og með þeim hætti ná fram betri árangri. Einnig er æskilegt að

þeir hagsmunaaðilar sem verða fyrir hvað mestu tjóni af völdum refa og minka komi meira að framkvæmd þessara mála en verið hefur.

5. *Hve lengi telur ráðherra að núverandi ástand geti varað án þess að endurskoða verði þær forsendur sem tillögur nefndanna eru byggðar á?*

Mat ráðuneytisins er að þær forsendur sem nefndirnar tvær byggja tillögur sínar á muni ekki breytast þannig að þær hafi áhrif á tillögur nefndanna þótt dragist að hrinda þeim í framkvæmd í einhvern tíma.

Upplýsingar um stofnstærð minksins eru að miklu leyti ágiskun og bundnar mikilli óvissu. Tillögur nefndarinnar um refinn eru ekki þess eðlis að þær þurfi að endurskoða á næstunni vegna hugsanlegra breytinga, en nefndin lagði til að staðan verði endurmetin eftir fimm ár á grundvelli stofnstærðarlíkans. Það er því mikilvægt að gert verði stofnlíkan fyrir refastofninn áður en tillögurnar verða endurmetnar.

1454. Svar [785. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um greiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði sjómanna?*
2. *Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?*
3. *Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar: 0–10 þús. kr., 11–20 þús. kr., 21–30 þús. kr., 31–40 þús. kr., 41–50 þús. kr., meira en 50 þús. kr.?*
4. *Hve margir sjóðfélagar fá nú greiddar örorkubætur, sundurliðað eftir kyni, mánaðarlega á bilinu: 0–10 þús. kr., 11–20 þús. kr., 21–30 þús. kr., 31–40 þús., kr. 41–50 þús. kr., meira en 50 þús. kr.?*
5. *Hversu margir sjóðfélagar fá nú greitt samkvæmt 60 ára reglu?*
6. *Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?*

Svar óskast miðað við lögin eins og þau voru áður en þeim var breytt nú nýverið, þ.e. meðan sérlög giltu um Lífeyrissjóð sjómanna.

Í árslok 2004 fengu 3.468 sjóðfélagar greitt úr sjóðnum, þar af fengu 1.522 sjóðfélagar ellilífeyri, 907 örorkulífeyri, 567 makalífeyri og 472 barnalífeyri.

Alls greiddu 5.284 sjóðfélagar í sjóðinn á árinu 2004.

Ekki liggja fyrir upplýsingar til þess að hægt sé að svara 3. og 4. lið fyrirspurnarinnar. Til þess að svara þeim þarf sérstaka gagnavinnslu hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

Alls fá 99 sjóðfélagar á aldrinum 60–65 ára greiddan ellilífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna.

Réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóð sjómanna eru sambærileg réttindum hjá hliðstæðum sjóðum þótt einhver munur sé á réttindum eftir sjóðum. Lífeyrissjóður sjómanna veitir þó að einhverju leyti betri réttindi en sambærilegir sjóðir, sérstaklega maka- og ellilífeyrisréttindi.

1455. Svar [803. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um leyfi til að starfrækja sumardvalarheimili fyrir fatlaða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Þurfa þeir sem starfrækja sumardvalarheimili fyrir fatlaða að sækja um leyfi fyrir rekstrinum? Ef svo er, hvert? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því?

Sumardvalarheimili ætluð jafnt fötluðum og ófötluðum börnum.

Vilji er til að fötluð börn fái að njóta sömu tækifæra varðandi sumardvalarheimili og ófötluð börn þannig að um blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna geti verið að ræða sé þess kostur.

Um leyfisveitingar og eftirlit með sumardvöl barna þar sem fötluð og ófötluð börn dvelja samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, gildir reglugerð um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.), nr. 366/2005. Reglugerð þessi var endurskoðuð fyrr á þessu ári. Í reglugerðinni er að finna skilgreiningar og ýmsar almennar kröfur til rekstraraðila. Þá er gerð grein fyrir framkvæmd leyfisveitinga.

Barnaverndarnefndir viðkomandi sveitarfélaga veita starfsleyfi til sumardvalar á einkaheimilum en með sumardvöl er átt við dvöl á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma. Í f-lið 14. gr. er óskað eftir upplýsingum umsækjanda um hvort hugmyndin sé að sinna einnig börnum með sérþarfir, svo sem fötluðum börnum.

Barnaverndarstofa veitir starfsleyfi til annarra heimila en með því er átt við önnur heimili sem félagasamtök eða aðrir aðilar fá leyfi til að setja á laggirnar til að taka á móti börnum til sólarhringsdvalar til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda. Hér undir falla staðir þar sem fram fer saman eða hvort í sínu lagi meðferð, tómstundastarf, námskeiðahald eða önnur óskilgreind umönnun, svo sem sumarbúðir, reiðskólar og neyðarathvörf. Í g-lið 21. gr. er óskað eftir upplýsingum umsækjanda um hvort hugmyndin sé að sinna einnig börnum með sérþarfir, svo sem fötluðum börnum, og í 3. mgr. 23. gr. kemur fram að við ákvörðun um fjölda starfsmanna skal einkum tekið mið af aldri barna og þörfum þeirra (þ.m.t. sérþörfum barna eða þarfa fatlaðra barna).

Sumardvalarheimili sem eru eingöngu ætluð fötluðum einstaklingum.

Um sumardvöl fatlaðra barna er fjallað í 23. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og 20. gr. reglugerðar um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, með síðari breytingum.

Í 23. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er kveðið á um sumardvöl fatlaðra barna. Greinin er svohljóðandi:

„Stuðla skal að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf er á. Sumardvöl er ætlað að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimilis síns sér til ánægju og tilbreytingar.“

Efni 20. gr. reglugerðar um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, er svohljóðandi:

„Fötluð börn skulu eiga aðgang að sumardvöl, sem rekin er af sveitarfélögum, félagasamtökum eða einstaklingum, með sama hætti og önnur börn.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag vegna þess umframkostnaðar sem þjónusta við fötluð börn hefur í för með sér enda hafi verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum í áætlunum svæðisskrifstofa.

Kostnaður vegna ferða til og frá sumardvöl greiðist af þeim sem þjónustunnar nýtur.“

Ekki er veitt sérstakt starfsleyfi til starfrækslu sumardvalarheimilis fyrir fatlaða. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort um fötluð börn eða fullorðna er að ræða. Um starfsemi sumardvalarheimilis fyrir fatlaða gilda þó almennar kröfur til slíkrar starfsemi, svo sem:

- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar sveitarfélags í samræmi við reglugerð um hollustuhætti.
- Skoðun eldvarnaeftirlits á brunavörnum á sumardvalarheimilinu og vottun um að brunavarnir séu fullnægjandi.
- Leyfi byggingarnefndar ef um nýtt húsnæði eða breytta notkun húsnæðisins er að ræða.

Æskilegt er að komið verði upp virku eftirliti með starfsemi einkaaðila og félagasamtaka þar sem fötluðum einstaklingum er boðið upp á dvöl yfir sumartímann. Ráðherra telur rétt að taka starfsleyfi fyrir sumardvöl fatlaðra til sérstakrar athugunar við fyrirhugaða endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra. Undirbúningur að heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðra í ráðuneytinu er þegar hafinn.

1456. Þingsályktun [816. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1402.

1457. Samkeppnislög. [590. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1435.

1458. Lög [591. mál]

um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1436.

1459. Lög [592. mál]

um Neytendastofu og talsmann neytenda.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1437.

1460. Frumvarp til laga [699. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. C-liður orðast svo: Það hafi leyfi frá samgönguráðherra eða þeim sem hann felur leyfisveitinguna til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Leyfi skv. c-lið 1. mgr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru slík leyfi afturkallanleg án fyrirvara. Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd leyfisveitinga.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Loftfar skal eigi skrásetja nema það hafi tegundarskírteini sem Flugmálastjórn Íslands eða Flugöryggisstofnun Evrópu hefur gefið út eða metið gilt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Orðin „smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og“ og „eða framleiðendum“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „framleiðendur og“ í 2. mgr., „framleiðenda og“ í 4. mgr., „framleiðendum og“ í 5. mgr. og „framleiðandi eða“ í 6. mgr. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um lofthæfi, þ.m.t. um vottun loftfara, íhluta og búnaðar, um viðurkenningu á viðhaldsstöðvum og skilyrði hennar og um hæfniskröfur til starfsfólks á þessu sviði.

4. gr.

Í stað orðsins „flugliða“ í 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: flugmanna.

5. gr.

47. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tilkynningarskylda.

Öll flugslys, flug- eða flugumferðaratvik önnur en þau sem tilkynna ber til rannsóknarnefndar flugslysa, sbr. lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, skulu tilkynnt til Flugmálastjórnar Íslands. Á þetta m.a. við um flug- eða flugumferðaratvik eða önnur þau atvik sem, ef ekki leiðrétt, hefðu valdið hættu fyrir loftfar, farþega þess og farm eða aðra utan þess eða ef hætta hefur vofað yfir flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. hvílir á flugstjóra eða öðrum starfsmönnum flugrekanda eða skráðum umráðanda loftfars í loftfaraskrá ef fyrrnefndum aðilum er eigi unnt að sinna þeirri skyldu. Jafnframt hvílir hún á starfsmönnum á flugvelli, flugumferðarstjórum, viðhaldsaðilum eða öðrum starfsmönnum í öryggistengdum störfum og ber þeim tafarlaust að sjá um að tilkynnt sé og að gefa síðan skýrslu svo fljótt sem verða má.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um tilkynningarskylduna, m.a. um til hvaða atvika tilkynningar skuli ná, að skyldan taki til fleiri aðila, um form úrvinnslu, tímamörk og birtingu skýrslna á grundvelli tilkynninga og annað er máli kann að skipta til að rekja megi orsakir atvika.

Samgönguráðherra er einnig heimilt að setja reglur um að þeir aðilar sem tilkynningarskyldir eru skv. 2. mgr. geti tilkynnt hvers kyns truflanir á starfsemi, rekstri, stjórn eða viðhaldi loftfars eða flugleiðsöguþjónustu sem áhrif gætu haft á flugöryggi án þess að það hafi leitt til tilkynningarskylds atviks.

6. gr.

Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 47. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Gagnagrunnur um tilkynnt atvik.

Upplýsingar um atvik sem tilkynningarskyld eru skv. 47. gr. skulu varðveittar í sérstökum gagnagrunni til að auðvelda úrvinnslu upplýsinga til eflingar flugöryggi. Óheimilt er að setja í gagnagrunninn upplýsingar um nafn tilkynnanda.

Óheimilt er að veita þriðja aðila aðgang að upplýsingum eða tilkynningum sem berast skv. 47. gr. Þetta á ekki við um upplýsingar sem veittar eru til erlendra ríkja, stofnana eða samtaka á grundvelli alþjóðasamninga eða skuldbindinga ef tilgangurinn er að vinna að auknu flugöryggi. Heimilt er að veita rekstraraðila aðgang að upplýsingum er varða starfsemi hans.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gagnagrunninn, m.a. um aðgang og úrvinnslu á grundvelli gagna í honum.

7. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, ásamt fyrirsögnum:

a. (57. gr. a.)

Flugleiðsöguþjónusta o.fl.

Með flugleiðsöguþjónustu er átt við flugumferðar-, fjarskipta- og ratsjárþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og flugupplýsingaþjónustu. Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu er hver sá opinber aðili, stofnun eða fyrirtæki sem veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir flugumferð. Flugleiðsöguþjónusta og búnaður hennar skal fullnægja kröfum og stöðlum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir upphaf þjónustunnar.

Að fullnægðum þeim kröfum og stöðlum sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi skal gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal m.a. koma fram nafn leyfishafa og gildistími ásamt takmörkunum og skilyrðum sem í leyfinu felast. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar.

Flugmálastjórn Íslands, eða aðili sem hún samþykkir, skal hafa eftirlit með því að rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu uppfylli gerðar kröfur og sinni þeim skyldum sem hann tekur að sér. Stofnunin getur m.a. í því skyni beitt úrræðum 84. gr.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

Ákvæði greinarinnar gilda einnig um skólastarfsemi á sviði flugleiðsöguþjónustunnar eftir því sem við á.

b. (57. gr. b.)

Flugafgreiðsla.

Á flugvöllum sem eru opnir fyrir flugumferð í atvinnuskyni og þar sem fjöldi farþega og magn farms er yfir nánar tilgreindum mörkum skal heimilt að gera hlutaðeigandi leyfishafa að tryggja jafnt aðgengi að flugafgreiðslu í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur. Þar skal m.a. tiltaka lágmarksviðmið varðandi fjölda farþega og magn farmflutnings, takmörkun á fjölda þjónustuaðila og val á þeim, fyrirmæli um eigin afgreiðslu, um útboð þjónustu, bann við tiltekinni þjónustu eða takmarkanir á henni og aðskilnað í bókhaldi.

c. (57. gr. c.)

Afgreiðslugeta flugvalla.

Flugmálayfirvöld skulu taka til athugunar skipulag afgreiðslugetu flugvallar og bæta úr ef þess er kostur í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur:

a. ef hún er ófullnægjandi fyrir núverandi eða áætlaða flugumferð á tilteknum tímabilum,
b. þegar nýir flugrekstraraðilar eiga í erfiðleikum með að fá þar afgreiðslutíma,
c. ef tilmæli þess efnis hafa borist frá flugrekstraraðilum sem sjá um meira en helming af flugumferð um flugvöllinn eða
d. vegna tilmæla frá flugvallarstjórn.

Í reglunum skal m.a. koma fram hvernig standa skuli að mati á afkastagetu, úthlutun afgreiðslutíma og breytingum þar á.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Óheimilt er að flytja hvers kyns hluti, tæki eða tól inn á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar ef af getur stafað ógn eða hætta fyrir öryggi flugs og/eða farþega nema þeir teljist nauðsynlegir fyrir starfrækslu loftfarsins eða vegna skyldustarfa um borð. Samgönguráðherra skal setja reglugerð um bannaða hluti, um í hvaða tilvikum heimilt er að víkja frá banninu, um meðferð, geymslu og eyðingu þeirra og um miðlun upplýsinga til flugfarþega og eigenda farms.
b. Á eftir orðunum „í farmi og farangri“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: pósti og rekstrarvörum; og orðið „hans“ í sömu málsliðum fellur brott.
c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálayfirvöldum er heimilt að setja reglur um takmarkaðan aðgang starfsmanna að flugvöllum og flugvallarsvæðum, vegna flugverndar, sem leiðir m.a. af athugun á viðkomandi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um sakarferil. Athugunin skal framkvæmd af lögregluyfirvöldum samkvæmt beiðni frá viðkomandi flugvallaryfirvaldi.

Samgönguráðherra setur reglur um flugvernd, hvaða aðilar séu eftirlitsskyldir, um flugverndaráætlun og um framkvæmd slíkrar áætlunar.

9. gr.

78. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hergögn og vopnaðir verðir.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra eða þess sem hann felur leyfisveitinguna samkvæmt reglum þar um. Bann þetta á ekki við um loftför Landhelgisgæslu Íslands eða íslenskra lögregluyfirvalda. Samgönguráðherra setur fyrirmæli um hvað telst hergögn og veitir almenna undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við dómsmálaráðherra.

Skotvopn og skotfæri eru hergögn samkvæmt þessari grein. Ríkislögreglustjóri setur í samráði við samgöngu- og dómsmálaráðherra reglur um meðferð þeirra um borð í íslenskum loftförum og loftförum innan íslenskrar lofthelgi, m.a. um hverjir megi bera þau og í hvaða tilvikum og hvernig að því skuli staðið.

Samgönguráðherra getur ákveðið að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi enda séu til þess brýnar ástæður, beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis og dómsmála- og utanríkisráðherra mæli með því.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.

10. gr.

Við 80. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samgönguráðherra er heimilt að ákvarða með reglugerð að nánar tiltekin flugstarfsemi skuli vegna almannaöryggis leyfisskyld þótt hún sé ekki rekin í atvinnuskyni.

11. gr.

Á eftir 85. gr. laganna kemur ný grein, 85. gr. a, svohljóðandi:

Samgönguráðherra er heimilt að setja frekari reglur til fyllingar ákvæðum þessa kafla þar sem fram komi skilyrði flugrekstrar, þ.m.t. þær fjárhagskröfur sem gerðar eru til flugrekenda. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að hvaða marki kröfum til flugrekenda í flutningaflugi skuli beitt um aðra þætti flugstarfsemi í atvinnuskyni.

12. gr.

Orðin „og lögum þessum“ í 2. mgr. 101. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Við 141. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðila sem tilkynnir, í samræmi við ákvæði 47. gr., innan 72 klst. um atvik sem ekki hafa leitt til flugslyss eða alvarlegs flug- eða flugumferðaratviks, verður ekki refsað eða hann beittur viðurlögum þótt um sé að ræða brot á ákvæðum laga þessara eða á reglum settum á grundvelli heimilda í lögum þessum, nema ásetningi, stórfelldu gáleysi, neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja sé til að dreifa.

Tilkynningu um atvik sem ekki verður refsað fyrir, sbr. 2. mgr., skal ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

14. gr.

Á eftir 146. gr. laganna kemur ný grein, 146. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Styrkveitingar til áætlunarflugs.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um styrkveitingar til áætlunarflugs til jaðarsvæða eða á flugleiðum til flugvalla með litla flugumferð. Kveða skal nánar á um mat þarfar, fargjöld, útboð þjónustunnar og önnur kjör. Um fjárframlög fer samkvæmt samgönguáætlun og fjárlögum.

15. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsleyfis á grundvelli a-liðar 7. gr. laga þessara (57. gr. a laganna) skal aflað eigi síðar en 1. júlí árið 2006.

1461. Frumvarp til laga [735. mál]

um skipan ferðamála.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og mannlífi. Þjóðhagsleg hagkvæmni, menning þjóðarinnar, umhverfisvernd, fagmennska og neytendavernd verði höfð að leiðarljósi.

2. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Ferðamálastofa fer með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum þessum og eins og henni er falið með öðrum lögum.

Samgönguráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

4. gr.

Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:

1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt.
2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamála-

stefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf.
3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Ferðamálastofu og einstök verkefni hennar.

Ferðamálastofu er heimilt með samþykki ráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni og vera aðili að samstarfsverkefnum, þar á meðal eiga eignarhluta í fyrirtækjum sem starfa á ákveðnum sviðum.

5. gr.

Ráðherra skipar ferðamálaráð. Í ferðamálaráði skulu eiga sæti tíu fulltrúar. Skulu formaður og varaformaður skipaðir af ráðherra án tilnefningar en aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna: Samtaka ferðaþjónustunnar sem tilnefna þrjá fulltrúa, Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tilnefnir tvo fulltrúa, Ferðamálasamtaka Íslands sem tilnefna tvo fulltrúa og Útflutningsráðs Íslands sem tilnefnir einn. Skipunartími ferðamálaráðs skal vera fjögur ár en skipunartími formanns og varaformanns skal þó takmarkaður við embættistíma ráðherra.

Ferðamálastjóri og fulltrúi ráðuneytisins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Ferðamálaráð gerir, árlega eða oftar, tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustunnar. Jafnframt skal ferðamálaráð vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum. Ferðamálaráð skal veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað sem ráðherra felur því eða ráðið telur ástæðu til að taka upp í þágu ferðaþjónustunnar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi ferðamálaráðs.

II. KAFLI
Orðskýringar.

7. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
1. *Ferðaskipuleggjandi* merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili sem, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, setur saman, býður fram og selur í atvinnuskyni eftirfarandi ferðatengda þjónustu fyrir almenning:
   a. Skipulagningu og sölu ferða til hópa og einstaklinga og skipulagningu á ferðum, dvöl, afþreyingu og frístundaiðju, innan lands og erlendis.
   b. Skipulagningu funda, sýninga og ráðstefna og hvers kyns þjónustu því tengda, innan lands sem utan.
   c. Hvers konar umboðs- og endursölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
   d. Afþreyingu, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.
   e. Ferðir og veitingar sem hluta af veittri þjónustu.
2. *Ferðaskrifstofa* merkir í lögum þessum aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, sem setur saman, býður fram og selur alferðir í atvinnuskyni, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, innan lands eða erlendis.

Ferðaskrifstofa getur jafnframt haft með höndum og veitt alla þá ferðatengdu þjónustu sem ferðaskipuleggjandi gerir, hvort sem hún er veitt í formi alferða eða ekki.

Hugtakið ferðaskrifstofa nær bæði til ferðaheildsala og ferðasmásala samkvæmt lögum nr. 80/1994, um alferðir.

3. *Bókunarþjónusta* merkir í lögum þessum starfræksla hvers kyns bókunarþjónustu til almennings, fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, hvort sem er innan lands eða erlendis, þar með talin rafræn bókunarþjónusta.
4. *Upplýsingamiðstöð* merkir í lögum þessum aðili sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðstöð hvorki setur saman, býður til sölu né auglýsir ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi.
5. *Alferð* merkir í lögum þessum fyrirframákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirtalinna atriða: flutnings, gistingar og/eða annarrar þjónustu við viðskiptavin sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tengd ferðinni tekur til a.m.k. 24 klst. eða í henni er falin gisting. Það telst alferð þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir hvern hluta ferðar og greitt sé fyrir ferð í hlutum.
6. *Leyfisskyld starfsemi* er öll starfsemi og þjónusta ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu sem fellur undir skilgreiningu laganna, hvort sem hún er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.
7. *Skráningarskyld starfsemi* samkvæmt lögum þessum er öll starfsemi bókunarþjónustu og upplýsingamiðstöðva, hvort sem starfsemin er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.
8. *Viðskiptavinur* samkvæmt lögum þessum getur verið hvort sem er einstaklingur, fyrirtæki, félag eða stofnun.

III. KAFLI
Ferðaskipuleggjanda- og ferðaskrifstofuleyfi.

8. gr.

Hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa skal hafa til þess leyfi Ferðamálastofu. Leyfisbréf skal gefið út af Ferðamálastofu og skal leyfishafi hafa það sýnilegt fyrir viðskiptavini á starfsstöð sinni.

Ferðamálastofa skal eiga myndrænt auðkenni sem leyfishafi fær heimild til að nota við útgáfu leyfis. Auðkenni þetta skal leyfishafi nota í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á heimasíðu sinni.

Leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu er ótímabundið.

Þeim einum er heimilt að hafa orðið ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa í nafni starfsemi sinnar sem hlotið hefur leyfi samkvæmt lögum þessum.

Starfsemi ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði ef þjónusta er einungis rekin á rafrænan hátt og skal leyfishafi uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um það sem koma skal fram á heimasíðu.

Heimilt er að reka útibú frá ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu á grundvelli leyfisins og skal forsvarsmaður útibús einnig fullnægja skilyrðum 9. gr.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni. Jafnframt skal auglýsa á heimasíðu brottfall leyfa.

Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.

9. gr.

Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu til Ferðamálastofu að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast.

Til að öðlast leyfi þarf umsækjandi eða forsvarsmaður umsækjanda, ef hann er lögaðili, að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. hafa búsetu á Íslandi,
b. hafa náð 20 ára aldri,
c. vera lögráða og hafa ekki á síðustu fjórum árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld né lögum þessum,
d. hafa forræði á búi sínu,
e. hafa ekki verið sviptur ferðaskipuleggjanda- eða ferðaskrifstofuleyfi á síðustu þremur árum frá umsókn.

Staðfestingu á tryggingu skv. V. kafla skal leggja fram áður en starfsleyfi til reksturs ferðaskrifstofu er veitt.

Í umsókn um leyfi skal koma fram heiti ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu og skal geta um öll hjáheiti sem aðili hyggst nota í starfsemi sinni. Óheimilt er að reka starfsemina undir öðrum heitum en þeim sem leyfi hljóðar um.

Heimilt er að bæta hjáheitum við þegar fengið leyfi með sérstakri umsókn frá leyfishafa til Ferðamálastofu sem þá skal gefa út nýtt leyfisbréf, án gjalds.

Erlendur ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa sem hyggst opna starfsstöð á Íslandi skal sækja um leyfi og leggja fram skírteini um tryggingu eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Leyfishafa er heimilt að leggja leyfið inn til Ferðamálastofu en ferðaskrifstofu er óheimilt að segja upp tryggingu sinni samkvæmt lögum þessum fyrr en að fenginni staðfestingu Ferðamálastofu á innlögn leyfisins.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um umsóknir um leyfi og framkvæmd leyfisveitinga.

IV. KAFLI
Skráningarskyld starfsemi.

11. gr.

Hver sá sem hyggst stunda starfsemi sem er skráningarskyld samkvæmt lögum þessum skal senda skriflega tilkynningu þess efnis til Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa gefur út skírteini til staðfestingar á að starfsemi hafi verið tilkynnt og uppfylli ákvæði laga þessara um tilkynningarskyldu.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir skráningarskylda aðila sem tilkynnt hafa um starfsemi og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á heimasíðu sinni.

12. gr.

Þeim einum er heimilt að nota heitin bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöð í nafni starfsemi er undir þessi lög fellur sem hefur fengið útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum.

Skráðir aðilar hafa heimild til að nota myndrænt auðkenni Ferðamálastofu.

Upplýsingamiðstöðvar sem njóta opinbers fjárstuðnings skulu halda þeim þætti starfseminnar fjárhagslega aðskildum frá öðrum þáttum starfseminnar, svo sem bókunarþjónustu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um bókhald og fjárhagslegan aðskilnað þjónustu sem nýtur opinbers fjárstuðnings og annars reksturs.

13. gr.

Í tilkynningu til Ferðamálastofu um skráningarskylda starfsemi skal koma fram eftirfarandi eftir því sem við á:

a. Nafn starfseminnar, kennitala, heimili, símanúmer og netfang.
b. Nafn og kennitala forráðamanns.
c. Rekstrarfyrirkomulag.
d. Ítarleg lýsing á starfsemi.
e. Hvort og þá hvaða opinberra styrkja starfsemin nýtur.
f. Opnunartími starfsstöðvar.

Ferðamálastofu er heimilt að fella skráðan aðila af skrá ef hinni skráðu starfsemi hefur verið hætt eða starfsemi er útvíkkuð þannig að hún falli undir skilgreiningu á ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu. Ferðamálastofa úrskurðar ef ágreiningur rís um til hvaða flokks starfsemi heyrir.

V. KAFLI
Tryggingarskylda vegna alferða.

14. gr.

Tryggingarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er sala alferða.

Ferðaskrifstofa skal hafa tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavinar úr alferð, hvort sem hann er innan lands eða erlendis, komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu. Trygging skal einnig ná til þess að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflega áætlun hennar.

Trygging skv. 2. mgr. getur verið:

a. Fé sem lagt er inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu, sbr. 17. gr.
b. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða vátrygging hjá vátryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeir skulu jafnframt leggja fram yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar sé í samræmi við lög þessi.
c. Önnur trygging sem Ferðamálastofa metur sambærilega. Leggja skal fram yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð slíkrar tryggingar sé í samræmi við lög þessi.

15. gr.

Trygging skv. 14. gr. skal gilda á meðan leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er í gildi. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánuði eftir brottfall leyfis skv. 21. gr. eða eftir að starfsemi er hætt.

16. gr.

Þeim viðskiptavinum ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrirframákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé kleift að ljúka ferð sinni. Ekki er hins vegar skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrirframákveðinnar alferðar.

Viðskiptavinur sem hefur greitt inn á alferð hjá ferðaskrifstofu skal fá endurgreitt það fé sem hann hefur greitt, hvort sem endanlegur samningur um alferðina hefur komist á eða ekki, enda leggi hann fram fullnægjandi sönnunargögn um innáborgunina.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa þegar greitt.

Hafi tryggingarfé verið notað til að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar um heimflutning farþega er að ræða fyrir milligöngu Ferðamálastofu vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu, áður en alferð er lokið, skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofu en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.

17. gr.

Fjárhæð tryggingar skv. 14. gr. skal ákvörðuð samkvæmt einum eftirfarandi liða og skal sú niðurstaða gilda sem gefur hæsta tryggingu:

a. 60% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð,
b. 35% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða
c. 15% af heildarveltu á ári.

Trygging skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 1 millj. kr.

Samgönguráðherra skal setja reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að aðskilja sölu alferða frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýsingar við mat á tryggingarfjárhæð liggi fyrir.

Ferðamálastofu er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

18. gr.

Til að unnt sé að meta upphæð tryggingar skal umsækjandi um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu leggja fram með umsókn ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætluninni skal vera skipt á mánuði og áætluð tryggingarskyld velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að hún sé rétt miðað við gefnar forsendur.

Ferðamálastofa leggur mat á forsendur áætlunarinnar og er heimilt að óska eftir samningum og öðrum frekari gögnum sem stofnunin telur nauðsynleg til mats á áætluninni. Ferðamálastofa leggur mat á fjárhæð tryggingar á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en áður skal leita umsagnar löggilts endurskoðanda.

Ferðaskrifstofur skulu fyrir 30. apríl ár hvert senda Ferðamálastofu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 17. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfsárinu. Ferðamálastofa tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga

um hvort þörf sé á breytingu á tryggingarfjárhæð að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda.

Ferðamálastofu er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum sem renna til Ferðamálastofu til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem samgönguráðherra setur skv. 2. mgr. 17. gr. að fengnum tillögum Ferðamálastofu. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknum og öðru því sem nauðsynlegt er til að sannreyna fjárhæð tryggingar á hverjum tíma.

19. gr.

Komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu skal Ferðamálastofa láta birta áskorun um kröfulýsingu í Lögbirtingablaði. Í áskorun skal skora á viðskiptavini að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarfé innan 60 daga frá birtingu áskorunar. Með kröfulýsingum skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ferðamálastofa ákveður hvaða gögn eru fullnægjandi sem sönnun um kröfu. Ákvörðunum Ferðamálastofu má skjóta til ráðuneytisins.

20. gr.

Ferðamálastofu er heimilt að tilnefna umsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Umsjónarmaður skal hafa með höndum umsýslu vegna heimflutnings farþega og endurgreiðslu af tryggingarfé ferðaskrifstofu. Kostnaður við störf umsjónarmanns skal greiddur af tryggingarfé.

VI. KAFLI
Brottfall leyfis.

21. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu fellur niður ef leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði. Einnig fellur leyfið niður ef trygging sú sem ferðaskrifstofu er skylt að setja skv. V. kafla fellur niður eða fullnægir ekki ákvæðum laga þessara.

Ferðamálastofa getur fellt úr gildi leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda eða ferðaskrifstofu ef leyfishafi eða forsvarsmaður uppfyllir ekki lengur skilyrði 9. gr. og jafnframt ef leyfishafi eða forsvarsmaður verður uppvís að misnotkun á leyfi eða myndrænu auðkenni Ferðamálastofu eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum laganna.

Einnig er Ferðamálastofu heimilt að fella leyfi niður ef ferðaskrifstofa uppfyllir ekki skilyrði 18. gr. um skil á ársreikningum og öðrum gögnum sem eru nauðsynleg til mats á fjárhæð tryggingar skv. 14. gr. eða ef ferðaskrifstofa sinnir ekki ákvörðun Ferðamálastofu um hækkun tryggingarfjárhæðar innan mánaðar frá því að ákvörðun um hækkun er tilkynnt.

22. gr.

Áður en leyfi er fellt úr gildi skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. skal Ferðamálastofa senda viðvörun um fyrirhugaða niðurfellingu leyfis þar sem koma skal fram tilefni niðurfellingar og skal leyfishafa gefinn frestur í a.m.k. 14 daga til að bæta úr annmörkum.

Ef til niðurfellingar skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. kemur skal Ferðamálastofa senda leyfishafa skriflega tilkynningu þess efnis og um frá hvaða tíma leyfi telst niður fallið.

Ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa sem svipt er leyfi skal skila leyfisbréfi til Ferðamálastofu án tafar frá því að tilkynning skv. 2. mgr. berst.

Ferðamálastofa skal auglýsa með tryggilegum hætti þegar um brottfall leyfis er að ræða bæði í Lögbirtingablaði og á heimasíðu sinni. Jafnframt getur Ferðamálastofa auglýst brottfall leyfis á annan hátt eins og heppilegt þykir hverju sinni.

Niðurfelling leyfis ferðaskrifstofu skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. jafngildir því að um rekstrarstöðvun sé að ræða og gilda ákvæði V. kafla er varðar tryggingarskylda starfsemi ferðaskrifstofunnar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um skipulag ferðamála samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Öll þjónusta ferðaskrifstofu sem veitt er á rafrænan hátt skal fara eftir lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

25. gr.

Stjórnsýsluákvörðunum Ferðamálastofu, svo sem um synjun á útgáfu ferðaskipuleggjanda- eða ferðaskrifstofuleyfis, ákvörðun um brottfall leyfis eða ákvörðun um til hvaða flokks þjónusta heyrir samkvæmt lögum þessum, má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

26. gr.

Leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum sem stunduð er án tilskilins leyfis eða skráningar varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Ef leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án tilskilins leyfis eða skráningar er unnt að leita dómsúrskurðar um stöðvun starfseminnar, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu.

27. gr.

Ferðamálastofa innheimtir gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi samkvæmt gjaldskrá, staðfestri af ráðherra. Við gjaldtöku skal taka mið af kostnaði við veitingu þjónustunnar.

28. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálastofu, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðum enda sé fé það sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Umhverfisstofnunar nema samþykki hennar komi til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
29. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2006.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofa við öllum einkaréttarlegum réttindum og skuldbindingum skrifstofu Ferðamálaráðs, svo sem aðild að leigusamningum og samstarfssamningum innan lands og utan. Eignir Ferðamálaráðs renna til Ferðamálastofu. Þá gilda ráðningarsamningar sem skrifstofa Ferðamálaráðs hefur gert við starfsfólk sitt áfram gagnvart Ferðamálastofu. Skipun ferðamálastjóra skal jafnframt halda gildi sínu út skipunartíma.

Leyfishafar, sem hafa útgefin og gild leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þegar lög þessi taka gildi, skulu skila leyfum og sækja um á ný til Ferðamálastofu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Öll leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sem gefin hafi verið út fyrir gildistöku laga þessara falla úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laganna.

1462. Frumvarp til laga [738. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Samgönguráðherra leggur á þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun sem leggur grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Í fjarskiptaáætlun skal skilgreina markmið stjórnvalda sem stefna skuli að og gera grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir næstu sex ár. Þá skal í fjarskiptaáætlun meta og taka tillit til þarfa annarra þátta samfélagsins fyrir bætt fjarskipti.

Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

a. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og samgönguráðuneytisins um stefnumótun í fjarskiptamálum,
b. auka samkeppnishæfni Íslands og samkeppni á fjarskiptamarkaði,
c. stuðla að framþróun atvinnulífs á sviðum sem tengjast fjarskiptum,
d. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,
e. ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
f. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn.

Við gerð fjarskiptaáætlunar skal taka mið af því að fjármunir nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf á úrbótum í landinu í heild og í einstökum landshlutum.

Áætlun um fjáröflun og útgjöld fjarskiptaáætlunar skal skipt á tvö þriggja ára tímabil og hana skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Samgönguráðherra skipar fjarskiptaráð til þriggja ára í senn og er hlutverk þess m.a.:

a. að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti,
b. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um fjarskiptamál,
c. að veita ráðuneytinu umsagnir um fjarskiptamál, breytingar á löggjöf, stefnumarkandi ákvarðanir stjórnvalda og fjarskiptaáætlun,
d. að beita sér fyrir samvinnu við þá aðila, félög og samtök er um fjarskiptamál og öryggi fjalla,
e. annað sem ráðherra felur því.

Samgönguráðherra skipar tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar. Skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki skulu án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum ber að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu skv. 6. mgr. Gjöld fyrir aðgang skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Við útreikninga á kostnaði við alþjónustu skal m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Nánar skal kveðið á um útreikninga á kostnaði við alþjónustu í reglugerð um alþjónustu, sbr. 20. gr.

4. gr.

5. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

5. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvörðun um reikisamning skv. 3. mgr. verður ekki beitt til aðgangs að GSM-farsímastöð sem sett er upp til viðbótar útbreiðslu farsímanets fyrr en tveimur árum eftir að hún er tekin í notkun.

6. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki sem býður internetþjónustu er skylt að gera áskrifendum sínum, þeim að kostnaðarlausu og ef þeir þess óska, sýnilegt hvenær þeir eru að greiða fyrir gagnaflutning erlendis frá.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákæruvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. Eyða ber umferðargögnunum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja.

8. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun setur að öðru leyti reglur um skráningu notenda sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum. Að því er varðar farsímakort, sem ekki eru skráð á nafn, er stofnuninni heimilt að setja reglur um skráningu þeirra í samstarfi við Neyðarlínu, lögreglu og farsímafyrirtæki í því skyni að stuðla að auknu öryggi við notkun farsíma.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 47. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fjarskiptafyrirtæki er þó rétt og skylt að veita lögreglu, í þágu rannsóknar opinbers máls, upplýsingar um hver sé skráður eigandi ákveðins símanúmers og/eða eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu).

b. Á eftir orðunum „um fjarskipti skal“ í lokamálslið kemur: að öðru leyti.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „skal leyfisbréfið“ í 3. málsl. kemur: að jafnaði.

b. Lokamálsliður orðast svo: Ekki þarf leyfisbréf fyrir lágaflsbúnaði sem vinnur á samræmdum tíðnisviðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt að nota megi fyrir slíkan búnað.

c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Seljendum leyfisskylds þráðlauss búnaðar ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hver sé kaupandi búnaðarins á því formi og með þeim hætti sem stofnunin samþykkir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungs belti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum.
b. Í stað orðsins „sæstreng“ í 7. mgr. kemur: fjarskiptastreng.
c. Í stað orðsins „sæstrengi“ í 8. mgr. kemur: fjarskiptastrengi.
d. Í stað orðsins „sæstrengsins“ í 9. mgr. kemur: fjarskiptastrengsins.

12. gr.

Í stað orðanna „umtalsverða markaðshlutdeild“ í 11. tölul. 3. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: umtalsverðan markaðsstyrk.

Í stað orðanna „umtalsverða hlutdeild“ tvívegis í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umtalsverðan markaðsstyrk.

Í stað orðsins „markaðshlutdeildar“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: markaðsstyrks.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 5. gr. laga þessara gilda aðeins um GSM-farsímastöðvar sem settar eru upp eftir gildistöku laganna.

1463. Þingsályktun [746. mál]

um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1111.

1464. Frumvarp til laga [677. mál]

um uppboðsmarkaði sjávarafla.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

Svipta má aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða, sbr. 5. gr.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Leyfishafi:* Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
2. *Reiknistofa uppboðsmarkaða*: Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða skv. 5. tölul. og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. Reiknistofa skal uppfylla þau skilyrði sem ráðherra setur með reglugerð skv. 5. gr.
3. *Uppboðsmarkaður:* Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni.
4. *Uppboðsstaður:* Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.
5. *Uppboðsstjóri:* Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til þeirra starfa. Leyfishafi hefur heimild til að fela reiknistofu uppboðsmarkaða að sjá um framkvæmd uppboðs.

3. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. gr.

Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og reglur settar á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

Um vigtun afla gilda ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra eftir því sem við á.

5. gr.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um útgáfu rekstrarleyfa og starfsemi uppboðsmarkaða, þar á meðal um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra setur jafnframt reglur um starfsemi reiknistofu uppboðsmarkaða.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

Leyfishafa er heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans.

Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

9. gr.

Með brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og fangelsi allt að tveimur árum sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

1465. Frumvarp til laga [235. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,
d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga

þessara og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laganna, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. A-liður fellur brott.
b. Á eftir c-lið kemur nýr liður sem orðast svo: *Frummatsskýrsla:* Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar.
c. D-liður orðast svo: *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
d. F-liður orðast svo: *Matsáætlun:* Áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu.
e. 1. efnismálsl. h-liðar orðast svo: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir eftir því sem við á.
f. Við k-lið bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.
g. Á eftir k-lið koma tveir nýir liðir sem orðast svo:
    m. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
    n. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.

5. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

6. gr.

4. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir skulu þær verða hluti af matsáætlun.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Frummatsskýrsla.

Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan er nefnist frummatsskýrsla skal unnin af framkvæmdaraðila og skal gerð og efni hennar vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

Í skýrslunni skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um skýrsluna og niðurstöðu hennar. Í niðurstöðu skýrslunnar skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti frummatsskýrslu skal stofnunin meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu frummatsskýrslu.

b. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: frummatsskýrslu.

c. Í stað orðanna „matsskýrslu“ og „matsskýrsla“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: frummatsskýrslu; og: frummatsskýrsla.

d. Í stað orðanna „Matsskýrslan“ og „matsskýrslu“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: Frummatsskýrslan; og: frummatsskýrslu.

e. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: frummatsskýrslu.

f. 6. mgr. orðast svo:

   Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu. Í matsskýrslu skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar.

g. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrsla.*

10. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Innan fjögurra vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti matsskýrslu skal stofnunin gefa rökstutt álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Í áliti Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum matsins, þ.m.t. gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu, og niðurstöðum þess. Jafnframt skal í álitinu fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust við kynningu á frummatsskýrslu.

Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisaðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal það kynnt umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum, svo og þeim sem gert hafa athugasemdir við frummatsskýrslu á kynningartíma. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að áliti Skipulagsstofnunar og matsskýrslu og skal stofnunin auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að álitið og matsskýrslan liggi fyrir.

11. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 12. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurskoðun matsskýrslu.

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá því að ákvörðun liggur fyrir. Í auglýsingu skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

12. gr.

12. og 13. gr. laganna verða 14. og 15. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn, en 14. og 15. gr. verða 16. og 17. gr. laganna:

a. (14. gr.)

Málskot til ráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til umhverfisráðherra; sömuleiðis

ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Þeir einir geta skotið máli til ráðherra sem eiga lögvarða hagsmuni tengda fyrrgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar í þeim tilgangi að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

b. (15. gr.)

Málskot til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

Um kæru samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir skipulags- og byggingarlögum.

13. gr.

16. gr. laganna verður 13. gr. þeirra og orðast svo:

Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.

Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimild og kærufrest þegar það á við.

14. gr.

17. gr. laganna verður 18. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eftirlit framkvæmda.

Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna sem verður 20. gr. þeirra en 18. gr. verður 19. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „úrskurðum“ í f-lið komi: álitum.
b. H-liður fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. um:
a. undirbúning og málsmeðferð vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda,
b. undirbúning og málsmeðferð vegna matsáætlana,
c. undirbúning og málsmeðferð vegna matsskýrslna,
d. flokkun og viðmið umhverfisáhrifa,
e. nauðsynleg leyfi vegna matsskyldra framkvæmda.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Reglugerð og leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum.*

16. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 21. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Undanþága frá frestum.

Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Þegar matsskýrsla hefur verið send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga þessara er heimilt að ljúka mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum.

Í þeim tilvikum þegar matsferli framkvæmdar sem undir lög þessi fellur hefur verið lokið samkvæmt eldri lögum en ekki hafa verið veitt öll leyfi vegna hennar skal við leyfisveitingu fara samkvæmt þeim lögum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. viðauka við lögin:
a. Á eftir orðinu „Efnistaka“ í 1. málsl. 21. tölul. kemur: á landi eða úr hafsbotni.
b. 2. málsl. 21. tölul. fellur brott.
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Framkvæmdir á grunnvirkjum:
i. Iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha.
ii. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 m^2 og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. viðauka við lögin:
a. A-liður 2. tölul. orðast svo: Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er 50.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m^2.
b. Í stað orðanna „100 kW“ í a-lið 3. tölul. kemur: 200 kW.
c. Orðin „ofan jarðar“ í c-lið 3. tölul. falla brott.
d. Orðin „ofan jarðar“ í e-lið 3. tölul. falla brott.
e. Við a-, b-, c-, d-, e-, f-, g- og i-lið 7. tölul. bætist: á verndarsvæðum.
f. Við 10. tölul. bætist nýr liður, a-liður, sem orðast svo: Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.

g. A-liður 10. tölul., sem verður b-liður, orðast svo: Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflugbraut.
h. Í stað orðanna „á verndarsvæðum“ í g-lið 10. tölul., sem verður h-liður, kemur: 10 km eða lengri og grafnar niður.
i. Á eftir orðunum „á strandlengjum“ í 1. málsl. h-liðar 10. tölul., sem verður i-liður, kemur: á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.
j. Orðin „á verndarsvæðum“ í i-lið 10. tölul., sem verður j-liður, falla brott.
k. Orðin „á verndarsvæðum“ í j-lið 10. tölul., sem verður k-liður, falla brott.
l. Á eftir orðunum „á verndarsvæðum“ í c-lið 11. tölul. kemur: og svæðum á náttúruminjaskrá.

II. KAFLI
Breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

20. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sveitarstjórnum er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

21. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns en nefndin skal tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna sem stýrir fundum nefndarinnar í forföllum formanns. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í

hendur. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga og samvinnunefndar miðhálendisins, þegar það á við, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin er sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tveggja ára frá útgáfu þess.

Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

23. gr.

4. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sé um að ræða framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

25. gr.

Á eftir orðunum „sem nemur kostnaði við“ í 3. málsl. 53. gr. laganna kemur: undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2005.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög nr. 106 25. maí 2000, ásamt breytingum á viðaukum við þau, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

27. gr.

Í stað orðanna „úrskurður“ og „úrskurð“ í 6. og 7. málsl. 4. mgr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, kemur: álit.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum:

a. Í stað orðsins „úrskurði“ í 33. gr. laganna kemur: álit.
b. Orðin „og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við“ í 34. gr. laganna falla brott.

1466. Frumvarp til laga [723. mál]

um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast fjórir nýir málsliðir er orðast svo: Heimilt er með sama hætti að veita sveitarfélögum styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli framkvæmdirnar undir ákvæði 1. málsl. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur, að fengnum tillögum fráveitunefndar, nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð. Skuldbindingar sem sveitarfélögin taka á sig vegna rekstrarleigu skulu koma fram í ársreikningum þeirra. Styrkupphæð samkvæmt þessari grein getur aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1467. Lög [700. mál]

um Landbúnaðarstofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1357 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Skal forstjóri hafa háskólamenntun. Hann skal jafnframt hafa öðlast stjórnunarreynslu. Forstjóri fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

4. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarstofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið og skulu þeir hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Þó skal landbúnaðarráðherra skipa sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fara skal með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Skal hann heyra undir forstjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin með lögum. Yfirdýralæknir skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

1468. Lög [701. mál]

um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1358 með þessum breytingum:

27. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. og orðsins „yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, og sama orðs hvarvetna í 7.–10. gr. og 15., 16. og 19. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

43. gr. hljóðar svo:
1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:
Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd. Í henni eiga sæti yfirdýralæknir sem er formaður nefndarinnar og auk hans einn fulltrúi Landbúnaðarstofnunar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

49. gr. hljóðar svo:
Í stað orðsins „Yfirdýralæknir“ í 6. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

50. gr. hljóðar svo:
Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

51. gr. hljóðar svo:
Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 11. gr. laganna og orðanna „embættis yfirdýralæknis“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

52. gr. hljóðar svo:
Í stað orðsins „yfirdýralækni“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landbúnaðarstofnun.

53. gr. hljóðar svo:
12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Yfirdýralæknir.

54. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „embætti yfirdýralæknis“ og „yfirdýralæknis“ í 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

55. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

1469. Frumvarp til laga [441. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 663 með þessum breytingum:

Breyttar fjárheimildir í A-hluta vegna endurmatsreikninga o.fl.

3. gr. hljóðar svo:
Fjárheimildir ráðuneyta breytast sem hér segir árið 2003 vegna færslu endurmatsreikninga á höfuðstól, flutninga á stöðu höfðustóls milli A-, B- og C-hluta fjárlaga og samræmingar á stöðu fjárheimilda milli lokafjárlaga og ríkisreiknings, sbr. sundurliðun 3.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	3,7	4,0
Forsætisráðuneyti	0,3	0,0
Menntamálaráðuneyti	-71,0	-21,8
Utanríkisráðuneyti	-13,5	3,0
Landbúnaðarráðuneyti	-59,3	-5,1
Sjávarútvegsráðuneyti	232,3	96,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	102,4	26,0
Félagsmálaráðuneyti	96,3	-3,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	244,0	294,5
Fjármálaráðuneyti	153,2	57,5
Samgönguráðuneyti	854,0	8,5
Iðnaðarráðuneyti	7,0	0,0
Viðskiptaráðuneyti	2,8	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	0,7	0,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**1.552,9**	**459,0**

Sundurliðun 3

Breyttar fjárheimildir í A-hluta vegna endurmatsreikninga o.fl.

Eftirfarandi liðir í sundurliðun 3, **breyttar fjárheimildir í A-hluta vegna endurmatsreikninga o.fl.**, breytast eða bætast við og verða svohljóðandi:

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	-14,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-14,6

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.37 Endurmenntun	14,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,6

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	-62,6
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing	-62,6

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	11,0
1.02 Varnarmálaskrifstofa	1,2
Almennur rekstur samtals	12,2
Gjöld samtals	**12,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,2

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	4,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,3

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi
Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna ..... -3,4
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna ..... -2,6
Almennur rekstur samtals ..... -6,0

Gjöld samtals ..... **-6,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,0

03-401 Alþjóðastofnanir
Almennur rekstur:
1.85 Alþjóðleg friðargæsla ..... -7,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -7,5

04-311 Landgræðsla ríkisins
Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 1,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5
Viðskiptahreyfing ..... -0,3

04-321 Skógrækt ríkisins
Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins ..... -2,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir, óskipt 1,3

Gjöld samtals ..... **-0,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,3
Viðskiptahreyfing ..... -2,2

04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt

Almennur rekstur:

1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt	-1,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-1,5

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	3,3
1.90 Ýmislegt	1,7
Almennur rekstur samtals	5,0
Gjöld samtals	**5,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	5,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir	3,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	3,1

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Fjölskylduráð	-1,6
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	-0,3
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	-1,8
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	-1,5
Almennur rekstur samtals	-5,2
Gjöld samtals	**-5,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-5,2

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	-0,6
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	-0,2
1.86 Samingur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,9
Almennur rekstur samtals	0,1
Gjöld samtals	**0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	24,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,8

09-201 Ríkisskattstjóri

Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	-6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,0

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	4,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,5

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	-3,3
1.15 Kjararannsóknir	2,2
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	-0,6
1.45 Ýmsar nefndir	14,6
1.65 Kjaranefnd	34,4
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	5,7
Almennur rekstur samtals	53,0
Gjöld samtals	**53,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	320,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	205,3
Almennur rekstur samtals	525,3
Gjöld samtals	**525,3**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfing	525,3

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	8,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,5

1470. Frumvarp til laga [67. mál]

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í þeim tilvikum sem greinir í 2. tölul. 1. mgr. skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot manns, sem var íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi á verknaðarstundu, er fellur undir 218. gr. a og framið er erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn teljist ekki refsiverður eftir lögum þess ríkis.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. og 218. gr. a telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.

3. gr.

Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, svohljóðandi:

Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með því að fjarlægja kynfæri hennar að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Nú hefur árás í för með sér stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlýst af, eða hún telst sérstaklega vítaverð vegna þeirrar aðferðar sem notuð er, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

4. gr.

Í stað orðanna „217. eða 218. gr.“ í 218. gr. a laganna, er verður 218. gr. b, kemur: 217., 218. eða 218. gr. a.

5. gr.

219. gr. laganna orðast svo:

Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. eða 218. gr. a getur, hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1471. Lög [699. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1460.

1472. Lög [735. mál]

um skipan ferðamála.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1461.

1473. Lög [738. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1462.

1474. Lög [677. mál]

um uppboðsmarkaði sjávarafla.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1464.

1475. Lög [732. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1094.

1476. Lög [235. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1465.

1477. Lög [723. mál]

um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1466.

1478. Frumvarp til laga [695. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum.
c. Orðin „enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
d. 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. fellur brott.
e. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
   Lögaðili skv. 1. mgr. telst eiga hér heimili ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1479. Lög [807. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1365.

1480. Lög [396. mál]

um breyting á ýmsum lögum á orkusviði.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 503.

1481. Lokafjárlög [440. mál]

fyrir árið 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 660 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2002 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1482. Lokafjárlög [441. mál]

fyrir árið 2003.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1469 (sbr. 663) með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2003 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1483. Lög [67. mál]

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1470.

1484. Lög [817. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1406.

1485. Þingsályktun [806. mál]

um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1354.

1486. Lög [695. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1478.